ALÞINGI 1964

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1964, laugardaginn 10. október, var áttugasta og fimmta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og sjöunda aðalþing í röðinni, en hundraðasta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Séra Jón Þorvarðsson sté í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
4. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
5. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
6. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
9. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
10. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
11. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
12. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
13. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
14. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
15. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
16. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. e.
17. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
18. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
19. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
20. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
21. Gils Guðmundson, 5. þm. Reykn.
22. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
23. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
24. Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm.
25. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
26. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
27. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
28. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
29. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
30. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
31. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
32. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
33. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
34. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
35. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
36. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
37. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
38. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
39. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
40. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
41. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
42. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
43. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
44. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
45. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
46. Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.
47. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
48. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
49. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
50. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
51. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
52. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
53. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
54. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
55. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
56. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
57. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
58. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
59. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
3. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
4. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
5. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.

Á fundinum voru auk aðalmanna Arnór Sigurjónsson, 4. (vara)þm. Norðurl. e., og Óskar Jónsson, 4. (vara)þm. Sunnl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 25. september 1964 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964.
Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 25. september 1964.
Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, til gæfu og gengis.

Ég veit, að það misvirðir enginn, að ég nota þetta tækifæri til þess að þakka innilega alla þá samúð og margvíslegu hjálp, sem okkur hefur verið sýnd og veitt á þessum örðugu tímamótum í lífi mínu. Ég þakka ríkisstj., ég þakka Alþingi, og ég þakka alþjóð. Ég þakka kveðjur og minningargjafir, bréf og blóm, ræður og minningargreinar, allt þetta sýnir, að konan mín, Dóra Þórhallsdóttir, var metin að verðleikum. Þetta verður okkur því meiri styrkur sem lengra líður frá.

Að svo mæltu bið ég þm. um að rísa úr sætum og minnast á þann veg ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum, og **forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram. Aldursforseti er nú Ólafur Thors, 1. þm. Reykn., og bið ég hann um að ganga til forsetastóls.

Minning Dóru Þórhallsdóttur.

Aldursforseti (Ólafur Thors): Herra forseti Íslands. Hæstv. ríkisstj. Hv. alþm. Fimmtudaginn 10. f. m. andaðist hér í bæ forsetafrú Dóra Þórhallsdóttir eftir skamma sjúkdómslegu. Frú Dóra var fædd í Reykjavík hinn 23. febr. 1893, yngst fjögurra barna hjónanna Þórhalls biskups Bjarnarsonar og frú Valgerðar Jónsdóttur. Frú Dóra óx upp í föðurgarði og var snemma meginstoð móður sinnar í langvarandi veikindum hennar og tók við öllum búsforráðum á biskupsheimilinu við andlát hennar árið 1913 og veitti því forstöðu, þar til biskupinn, faðir hennar, lézt árið 1916.

Laufásheimilið lifir enn í minningu margra. Frú Valgerður var gáfuð og góð kona, sem bar langvinnt dauðastríð að hætti mikilla kvenna. Biskupinn, séra Þórhallur, var einn umsvifamestur atkvæðamaður sinnar samtíðar hér á landi, mikill gáfu- og gæðamaður, sem lét sig margt varða, jafnt í andlegum sem veraldlegum efnum, og þá ekki sízt allt, sem snerti landbúnað. Var biskupinn einkar fróður um sögu landsins og bókmenntir og flestum sýnna um að fræða aðra.

Saga frú Dóru hefði orðið bæði falleg og fróðleg og skemmtileg, þótt hún hefði aðeins fjallað um unglingsárin á hinu rammíslenzka menningarheimili foreldra hennar. En þeirri sögu var ætlað að verða lengri.

Hinn 3. okt. 1917 giftist Dóra Þórhallsdóttir Ásgeiri Ásgeirssyni cand. theol., og nú tekur lífið að greikka sporið. Ásgeir Ásgeirsson verður kennari, fræðslumálastjóri og alþm. Yngstur þm. er hann 1930 kosinn til að gegna mestu virðingarstöðu Alþingis, þegar meira þótti undir komið en nokkru sinni áður, að vel væri þar til öndvegis skipað. Skömmu síðar varð hann fjmrh. og enn ári síðar forsrh. í tvö ár. Hér er ekki ætlunin að rekja feril Ásgeirs Ásgeirssonar og þaðan af síður að kveða upp dóm um athafnir hans á stjórnmálasviðinu. Má án efa um þær deila, eins og allra annarra, en þó minna en margra annarra. Hitt er óumdeilanlegt, að alltaf, þegar mest reið á, stóð frú Dóra örugg við hlið manns síns og varpaði ljóma á hann, stöðu hans og starf, og þau raunar hvort á annað.

Þegar hér er komið sögu, hafði frú Dóra þjónað með prýði æðstu virðingarstöðu, sem konu var ætlað að gegna hér á landi. En enn hafði forsjónin ætlað henni það starfið, sem þyngstu skyldurnar lagði á hennar herðar og á mestu reið, að hún fengi undir risið.

Árið 1952 var Ásgeir Ásgeirsson kosinn forseti Íslands. Frá þeim degi og allt fram í andlátið gegndi frú Dóra mestu virðingarstöðu þjóðar sinnar með þeim ágætum, að ekki verður á betra kosið. Þjóðin hefur fyrir löngu kveðið upp þann dóm, honum verður aldrei haggað, við hann er engu að bæta.

Við andlát hennar erum við öll harmi lostin. Með öllu er öfgalaust að segja, að aldrei fyrr hefur íslenzk kona verið jafnmörgum harmdauði sem frú Dóra Þórhallsdóttir. Til þess ber margt og nokkuð sitt hjá hverjum. En ætli samt ekki að flestum kæmi fyrst í hug, hversu oft frú Dóra gladdi okkur með tígulegri og virðulegri framkomu sinni og jafnframt með elskulegu látleysi og góðvilja, sem aldrei yfirgáfu þessa tignustu konu landsins og tryggðu henni sjálfri öruggan sess í hjörtum þeirra, sem henni kynntust?

Vér alþm. tökum undir með þjóðinni. Vér hörmum brottkvaðningu frú Dóru Þórhalls-

dóttur og söknum hennar. Vér lýsum samúð með forseta Íslands, herra Ásgeiri Ásgeirssyni, og biðjum honum allrar blessunar.

Ég vil biðja hv. þingheim að minnast forsetafrúarinnar Dóru Þórhallsdóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Fundi frestað.

Mánudaginn 12. okt. var fundinum fram haldið.

Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv., og Birgir Finnsson, 2. landsk. þm., voru nú til þings komnir.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (Ólafur Thors): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur tilkynnt mér, að vegna dvalar erlendis geti hann ekki sótt fundi Alþingis fyrst um sinn. Samkv. beiðni hans er þess hér með óskað, að hv. 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskar Jónsson, Selfossi, verði kvaddur til að taka sæti á þinginu í forföllum hans.

Virðingarfyllst,
Eysteinn Jónsson."

Enn fremur hefur mér borizt eftirfarandi bréf:

„Samkv. beiðni Björns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., sem vegna anna heima fyrir getur ekki sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. e., Arnór Sigurjónsson, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Lúðvík Jósefsson."

Óskar Jónsson fulltrúi hefur tekið sæti hér á Alþingi áður og kjörbréf hans og kosning hefur þegar verið samþykkt. Tekur hann því sæti á þingi, ef enginn mælir því í gegn.

Síðara bréfinu fylgir kjörbréf Arnórs Sigurjónssonar ritstjóra, sem ekki hefur áður setið á þingi. Ber því að skipa þm. í kjördeildir, og ef enginn mælir því í gegn, mun ég hafa þann hátt á að lesa upp nöfn þm. í stafrófsröð og biðja skrifstofustjóra Alþingis að draga miða fyrir hönd þm., um leið og nöfn þeirra eru nefnd.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ólaf Björnsson, 10. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁÞ, BF, ÓskJ, DÓ, EÁ, EmJ, GilsG, GÍG, GÞG, HV, IngJ, JÁ, JP, LJós, MB, PÞ, RA, SI, SÓÓ, ÞÞ.

2. kjördeild:

AuA, BGr, BGuðm, BP, EggÞ, EOl, GeirG, GuðlG, GTh, HS, HermJ, JóhH, JÞ, KK, MÁM, ÓlJ, PS, SB, SE, SvJ.

3. kjördeild:

AG, ÁB, BBen, AS, EðS, EI, EystJ, GíslG, GunnG, HÁ, HB, IG, JSk, JR, MJ, ÓB, ÓTh, SÁ, SkG, ÞK.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Arnórs Sigurjónssonar, 4. (vara)þm. Norðurl. e., og fékk 1. kjördeild það til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Var fundi frestað, meðan kjördeildin rannsakaði kjörbréfið, en að rannsókn þess lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. 1. kjördeild hefur komið saman til fundar til þess að athuga kjörbréf Arnórs Sigurjónssonar, og hefur hún ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og samþykkt það og leggur til, að kosningin verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 43 shlj. atkv.

Þessu næst undirritaði hinn nýi þm., Arnór Sigurjónsson, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.,

með 32 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 18 atkv. og Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., 8 atkv.

Hinn kjörni forseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.,

með 32 atkv. — 27 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.,

með 31 atkv. — Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., fékk 1 atkv., en 26 seðlar voru auðir.

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 13. okt. var fundinum enn fram haldið.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, Á A-lista var SkG, en á B-lista ÓB.

Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., og **Ólafur Björnsson,** 10. þm. Reykv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru EI, MÁM, EggÞ; á B-lista ÓlJ, BFB; á C-lista AG. — A-listi hlaut 32

atkv., B-listi 13 atkv., C-listi 9 atkv. Hlutkesti fór fram milli Alfreðs Gíslasonar og Björns Fr. Björnssonar, og upp kom hlutur hins fyrrnefnda. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Einar Ingimundarson,
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,
Eggert G. Þorsteinsson,
Alfreð Gíslason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum samtals og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Jón Árnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Jónas Pétursson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Geir Gunnarsson (C),
Matthías Bjarnason (A),
Birgir Finnsson (A),
Ingvar Gíslason (B).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Ólafur Thors (A),
Hermann Jónasson (B),
Sigurður Bjarnason (A),
Davíð Ólafsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Emil Jónsson (A).
Varamenn:
Magnús Jónsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Sverrir Júlíusson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Jón Þorsteinsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning í þingfararkaupsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru EI, JP, EggÞ; á B-lista HÁ, HS; á C-lista var BJ. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv., en 1 seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Einar Ingimundarson,
Halldór Ásgrímsson,
Jónas Pétursson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Halldór E. Sigurðsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 13. okt., var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Arnóri Sigurjónssyni, 4. (vara)-þm. Norðurl. e. Deildina skipuðu þessir menn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
7. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykv.
8. Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
10. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
11. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
12. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
13. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
14. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
19. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
20. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Allir þm. deildarinnar voru á fundi nema Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., en í hans stað sat fundinn Arnór Sigurjónsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosninga. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.,
með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., fékk 6 atkv. og Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv., 3 atkv.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.,
með 11 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Þorvaldur G. Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
með 11 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, á B-lista KK. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og
Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Þorvaldur G. Kristjánsson.
7. — — Ólafur Jóhannesson.
8. — — Björn Jónsson.
9. — — Helgi Bergs.
10. — — Auður Auðuns.
11. — — Gils Guðmundsson.
12. — — Ólafur Björnsson.
13. — — Eggert G. Þorsteinsson.
14. — — Magnús Jónsson.
15. — — Alfreð Gíslason.
16. — — Ásgeir Bjarnason.
17. — — Hermann Jónasson.
18. — — Jón Árnason.
19. — — Páll Þorsteinsson.
20. — — Jón Þorsteinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin á dagskrá kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (SÓÓ): Samkv. þingsköpum mega ekki vera fleiri en 5 þm. í hverri fastanefnd í deildum. Fram er komið stjórnarfrumvarp um að hækka þessa tölu í 7. Því hefur verið hreyft, að hagkvæmt væri, að þessi breyting á skipun nefnda kæmi til framkvæmda þegar í þingbyrjun. Ég legg því til, að samþykkt verði þau afbrigði frá þingsköpum, að hver fastanefnd deildarinnar verði skipuð 7 þm.

ATKVGR.

Afbrigði um að kjósa 7 menn í hverja fastanefnd leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 15. okt. var fundinum fram haldið.

Við kosningu nefndanna komu jafnan fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Magnús Jónsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Helgi Bergs (B),
Björn Jónsson (C),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Árnason (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Björn Jónsson (C),
Magnús Jónsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Árnason (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Helgi Bergs (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Sigurður Ó. Ólafsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Auður Auðuns (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Karl Kristjánsson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Alfreð Gíslason (C),
Bjartmar Guðmundsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Bjartmar Guðmundsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Alfreð Gíslason (C),
Sigurður Ó. Ólafsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Ólafi Thors, 1. þm. Reykn., að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi, 13. okt. Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
3. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
4. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
5. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
6. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
7. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
8. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
9. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
10. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
15. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
16. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
17. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
18. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
19. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
20. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
21. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
22. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
23. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
24. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
25. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
26. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
27. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
28. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
29. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
30. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
31. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
32. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
33. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
34. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
35. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
36. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
37. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
38. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
39. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
40. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Allir þdm. voru komnir til þings og sátu fundinn nema Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., og Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., en í stað hins fyrrnefnda var á fundinum Óskar Jónsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., og Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, 1. þm. Vestf.,

með 22 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., fékk 11 atkv., Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 5 atkv., Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., 1 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 21 atkv. — Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.,

með 21 atkv. — 17 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var MB, á B-lista SE. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., og
Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

9. sæti hlaut Hannibal Valdimarsson.
10. — — Ólafur Thors.
11. — — Birgir Finnsson.
12. — — Ragnar Arnalds.
13. — — Sverrir Júlíusson.
14. — — Þórarinn Þórarinsson.
15. — — Skúli Guðmundsson.
16. — — Einar Ágústsson.
17. — — Halldór E. Sigurðsson.
18. — — Sigurður Ágústsson.
19. — — Sigurður Ingimundarson.
20. — — Geir Gunnarsson.

21. sæti hlaut Benedikt Gröndal.
22. — — Ingvar Gíslason.
23. — — Einar Ingimundarson.
24. — — Gísli Guðmundsson.
25. — — Eysteinn Jónsson.
26. — — Einar Olgeirsson.
27. — — Halldór Ásgrímsson.
28. — — Ágúst Þorvaldsson.
29. — — Lúðvík Jósefsson.
30. — — Gunnar Gíslason.
31. — — Jónas Pétursson.
32. — — Pétur Sigurðsson.
33. — — Björn Pálsson.
34. — — Jónas G. Rafnar.
35. — — Matthías Á. Mathiesen.
36. — — Guðlaugur Gíslason.
37. — — Björn Fr. Björnsson.
38. — — Jón Skaftason.
39. — — Davíð Ólafsson.
40. — — Eðvarð Sigurðsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin á dagskrá kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (SB): Samkv. þingsköpum mega ekki vera fleiri en 5 þm. í hverri fastanefnd í deildum. Fram er hins vegar komið stjórnarfrv. um að hækka þessa tölu í 7. Þess hefur nú verið óskað, að þessi breyting á skipun nefnda kæmi til framkvæmda þegar í þingbyrjun. Ég legg því til, að samþ. verði þau afbrigði frá þingsköpum, að hver fastanefnd deildarinnar verði skipuð 7 þm. Verður leitað atkv. um þessi afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um að kjósa 7 menn í hverja fastanefnd leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 15. okt. var fundinum fram haldið.

Við kosningu nefndanna komu jafnan fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:
Davíð Ólafsson (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Jónas G. Rafnar (A),
Einar Ágústsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Björn Pálsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Sigurður Ágústsson (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Sverrir Júlíusson (A),
Björn Pálsson (B),
Hannibal Valdimarsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sverrir Júlíusson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Skaftason (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Birgir Finnsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Sigurður Ágústsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Jónas G. Rafnar (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Hannibal Valdimarsson (C),
Birgir Finnsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Davíð Ólafsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

8. Allsherjarnefnd.
Einar Ingimundarson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Innheimta gjalda með viðauka.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér heimild til þess að innheimta tiltekin gjöld á næsta ári með sömu viðaukum og verið hefur mörg undanfarin ár. Þetta eru stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og gjald af innlendum tollvörutegundum. Að þessu leyti er þetta frv. framhald og endurnýjun laga nr. 73 1963, um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga, en hins vegar eru úr 3. gr. þeirra laga felld niður ákvæði um álag á bifreiðaskatt og á innflutningsgjald af hjólbörðum, vegna þess að þau atriði eru komin inn í vegalögin nýju.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 25).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Í frv. þessu felst, ef samþ. verður, heimild til handa hæstv. ríkisstj. til þess að innheimta með viðauka ýmis gjöld, sem nánar eru ákveðin í frv. En löggjöf samsvarandi þeirri, sem um er að ræða, hefur, eins og flestum hv. þdm. er kunnugt, verið sett frá ári til árs um allangt skeið að undanförnu. Frv., sem hliðstætt var þessu, var fyrir nokkrum árum allmikið ágreiningsmál hér á hv. Alþingi, en síðan hefur sú breyt. orðið á, að ýmis þau ákvæði tilsvarandi löggjafar, sem mestur ágreiningur var um, hafa verið tekin upp í önnur lög, og á síðasta þingi var, að mig minnir, enginn ágreiningur um afgreiðslu þessa frv. Eins og frv. ber með sér, er það nú orðið minna að vöxtum en þá var, þar sem ákvæði um bifreiðaskatt, skatt af hjólbörðum o. fl. hafa nú verið tekin inn í vegalögin.

Eins og nál. á þskj. 25 ber með sér, eru allir þeir nm., sem viðstaddir voru, er frv. var afgreitt, sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt, en einn hv. nm. hefur þó, eins og fram kemur í nál., óbundnar hendur um afstöðu til málsins, en það er hv. 5. þm. Norðurl. e. En við hinir leggjum til, eins og nál. ber með sér, að það verði samþ. óbreytt.

Arnór Sigurjónsson: Herra forseti. Ég er mjög þakklátur formanni n., fyrst fyrir það, að hann leyfði mér að vera laus við það að skrifa undir nál. um þetta, en svo sá ég á eftir, að í raun og veru hafði hann bundið mig við annað, og það er að gera grein fyrir þessari sérstöðu minni, og það skal ég gera í fáum orðum.

Það, sem veldur því, að ég vildi ekki skrifa undir þetta nál. og ekki greiða atkv. í n., var einfaldlega það, að ég hef litið á þennan gjaldaviðauka, sem venjulega er kallaður bandormurinn, sem eins konar minnismerki um sleifarlag og ómyndarskap í okkar fjármálum, bæði ríkisins og öllum saman, og ég vildi alls ekki sýna honum neina virðingu með því að samþ. hann hér. Reyndar hugsaði ég mér að gera mér þetta sem allra auðveldast, þannig að skipta mér ekkert af málinu, en þegar ég sé það í þessu nál., að ég hafi óbundnar hendur um afstöðu til málsins, þá er það eiginlega hálfgerð brýning um það, að ég geri grein fyrir því. Það er í raun og veru ekkert annað en þetta, sem veldur því, að ég vildi ekki skrifa undir nál., ekki það, að ég hygðist gera þarna nokkra breyt. á eða hafa nokkur afskipti af þessu máli. Það er hvort tveggja, að ég treysti mér ekki til lækningar og ég kæri mig heldur ekkert um það að rugla þá afstöðu, sem þingið tekur í fjármálum í þetta skipti. Ég vildi bara fá að láta vera að greiða atkv. um þetta.

Um lækninguna er það að segja, að bandormur verður varla læknaður nema á einn hátt, þ. e. með hreinsunum, og ég hef að vísu ekkert góða reynslu af mínum lækningatilraunum í þeim efnum. Ég bauð mig einu sinni fram

til þess og vann að því að vera hundahreinsunarmaður minnar sveitar, en þegar til átti að taka í næsta skipti, þá hafði sýslumaðurinn sett mig af embættinu. Júlíus Havsteen var frumlegur maður í sér, og þetta hafði hann gert, ekki held ég mér til ósæmdar, en þetta varð þess vegna dálítið minnisstætt, og ég bjóst við að hér mundi fara eins.

En það er með þennan bandorm, að mér finnst hann vera tákn þeirrar óreiðu, sem er í okkar fjármálum öllum, og þetta hefur valdið því, að ég lít þannig á, að þau séu verri en þjóðin á skilið og verri en hún er, og þess vegna vil ég ekki taka jákvæða afstöðu til þessa, sem mér finnst vera slæmt. Þetta hefur valdið því m. a., að ég hef verið á móti öllum ríkisstj. hér á Íslandi í nærri 30 ár og enga þeirra stutt til lengdar. Ég hafði að vísu samúð með stjórn Hermanns Jónassonar síðast, en ég var honum eiginlega aldrei þakklátur nema fyrir eitt, og það var, þegar hann sagði af sér. Það var ekki vegna þess, að mér hefði reynzt hann svo sérstaklega illa, heldur vegna þess, að hann braut eina reglu, sem allar stjórnir hafa haft hér, reglu Fróðárhirðarinnar, að lafa meðan menn gátu lafað, svo lengi sem biti fannst ætur. Hann sagði af sér, þegar honum fannst tími til kominn. Og ég segi alveg eins og er, að ég hef aldrei ámælt honum fyrir það. Það eina, sem ástæða var til að ámæla honum fyrir, var, að hann hafi borið einhverja óbeina sök á því, að næsta stjórn tók við og sú næstnæsta, en því getur engin fráfarandi stjórn raunverulega borið ábyrgð á.

Ég held, að þetta geti nú orðið nokkurn veginn skýrt, hvers vegna ég greiði ekki atkv. með frv., og einnig, að ég mun ekki greiða atkv. á móti því. Ég veit þetta kemst í gegn án mín, og þá verður þetta til þess að gera saklaus afstaða. Þetta eru í raun og veru bara mótmæli gegn bandorminum. Þótt hann sé styttri núna en hann hefur verið stundum áður, þá er þetta blátt áfram eðli bandormsins, að bæta við sig, og svo dettur af honum liður og liður alltaf öðru hverju. Þess vegna er það hvorki til að mæla með honum né móti, sem frsm. sagði, að hann væri styttri núna en hann var seinast.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Ed., 27. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 61).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, á þskj. 2, sem er stjórnarfrv. og kveður svo á, að innheimta skuli ýmis gjöld með þar til greindum viðaukum á árinu 1965. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi l., sem gilda fyrir árið 1964, með þeirri breytingu þó, að burt eru felld ákvæði um bifreiðaskatt og innflutningsgjald af hjólbörðum, en það var fellt niður með vegal., sem samþ. voru á Alþingi á árinu 1963.

Á þskj. 61 er álit n., þar sem hún eða þeir 6 nm., sem þar eru tilgreindir, mæla með frv. óbreyttu, en einn nm., hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson hefur óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Ég legg því til, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 92).

---

2. Innlent lán.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán** [58. mál] (stjfrv., A. 65).

Á 12. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fjáröflun vegna framkvæmda ríkisins er og hefur verið einkum með tvennum hætti. Í fyrsta lagi eru það venjulegar tekjur ríkissjóðs, skattar eða aðrar álögur, sem undir slíkum fram-

kvæmdum standa. Í öðru lagi erlend fjáröflun, og hafa öðru hverju og alloft verið tekin lán til ríkisframkvæmda. Er síðast að minnast enska framkvæmdalánsins, sem tekið var í des. 1962, að upphæð 2 millj. sterlingspunda. Í þriðja lagi eru svo innlendar lántökur, og hefur sú fjáröflun hin síðari ár einkum verið með þeim hætti, að tekin hafa verið lán í bönkum. Síðustu tvö árin hefur ríkisstj. í sambandi við framkvæmdaáætlunina gert samninga við bankana og stærstu sparisjóðina um, að þeir lánuðu vissan hluta af sparifjáraukningu til hinna opinberu framkvæmda. En hin innlenda fjáröflun hefur stundum verið ekki eingöngu í því fólgin, að leitað hefur verið til banka og sparisjóða, heldur verið fólgin einnig í skuldabréfaútgáfu ríkisins. Þetta hefur þó ekki átt sér stað nú um langan aldur, eða um hálfan annan áratug. Ég ætla, að síðasta útboð ríkislánsins hafi verið á árunum 1947—48, þegar svokallað happdrættislán ríkissjóðs var gefið út. Síðan hefur ekki verið farið út á þessa braut, í rauninni af eðlilegum ástæðum, efnahagsástand, jafnvægisskortur og verðbólga löng tímabil hefur gert það að verkum, að ekki hefur verið grundvöllur fyrir sölu ríkisskuldabréfa.

Ég held hins vegar, að flestir hljóti að vera sammála um, að það sé æskilegt og í rauninni nauðsynlegt, þegar til langframa er litið, að fjáröflun til opinberra framkvæmda fari að einhverju og helzt að verulegu leyti fram með skuldabréfasölu ríkisins innanlands.

Það frv., sem hér liggur fyrir, felur það í sér, að gerð skuli tilraun í þessa átt, og er veitt heimild með frv. til þess, að ríkissjóður bjóði út allt að 75 millj. kr. lán, ýmist í formi skuldabréfa eða spariskírteina.

Eins og ég gat um, hefur þessi leið ekki verið reynd í hálfan annan áratug, og er nokkur vandi á höndum, hvernig með skuli fara, þegar á ný er lagt út á þessa braut. Eins og ég gat um, er miklu minni sala opinberra skuldabréfa hér á landi en í öðrum löndum, þar sem sala slíkra bréfa fer fram að staðaldri og ríkissjóðirnir víðs vegar afla sér fjár til framkvæmda oft og tíðum með slíkum útboðum.

Til þess að einhverjar vonir geti staðið til þess, að slík bréf eða skírteini seljist, þarf að skapa trú hjá fólki á því, að þessi skuldabréf eða spariskírteini verði ekki æ verðminni, eftir því sem árin líða, og verulegur hluti þeirra hverfi í hít verðbólgu. Þess vegna er ákveðið svo í þessu frv., að heimilt sé að binda þessi bréf vísitölu. Visitölubréf hafa að vísu verið reynd áður hér, einkum í sambandi við skuldabréf húsnæðismálastjórnar og eitt sinn í sambandi við lántöku Sogsvirkjunar, fyrir 4 árum. Það er látið óákveðið í þessu frv., við hvaða vísitölu yrði miðað. En það er rétt að skýra frá því þegar á þessu stigi málsins, að sú vísitala, sem helzt er höfð í huga, er vísitala byggingarkostnaðar. Það er gert ráð fyrir því, að þessi bréf verði tryggð þannig, að þau hækki með hækkuðum byggingarkostnaði, verði þannig bundin þeirri vísitölu.

Það má gera ráð fyrir því, að þessi tilhögun mæti skilningi og trausti hjá almenningi og geti haft sín áhrif til þess að vinna gegn verðbólguhugsunarhætti og of mikilli fjárfestingu á hverjum tíma. Það eru auðvitað margir borgarar þessa þjóðfélags, sem hafa bæði áhuga á og þörf fyrir að eignast íbúð, en þörfin er mismunandi. Mjög margir leggja það fé, sem þeir kunna að hafa aflögu, til þess að hraða sem mest byggingu eða kaupum íbúðar af ótta við það, að verðlag og kaupgjald fari hækkandi og byggingarkostnaður þar með, þess vegna sé öruggara að leggja fé sitt strax eða sem allra fyrst í íbúðarbyggingu.

Ef nú væru á markaðinum ríkisskuldabréf eða spariskírteini, þar sem menn gætu lagt sitt fé í þau og staðið þá jafnt að vígi með byggingu íbúðar sinnar eftir nokkur ár, vegna þess að nafnverð bréfanna hefði hækkað sem svarar hækkun byggingarkostnaðar, þá er hvötin minni hjá þeim, sem hafa ekki brýna þörf fyrir að byggja nú þegar eða á næstu árum, — hvötin hjá þeim til þess að hraða sér yrði þannig minni. Ég nefni þetta dæmi um íbúðabyggingar vegna þess, hversu það er stórt atriði og mikilvægt í hugum flestra landsmanna, en eins er það á mörgum öðrum sviðum, að hvenær sem menn óttast verðfall peninga eða aukna dýrtíð, hækkað kaupgjald og verðlag, þá freistast menn til þess að festa fé sitt í ýmsum hlutum, ýmist nauðsynlegum og aðkallandi eða miður nauðsynlegum. Ef menn hins vegar hafa spariskírteini eða skuldabréf ríkisins, sem tryggð eru með vísitölu byggingarkostnaðar, þá ættu menn ótrauðir að geta sett fé sitt í það engu síður og stæðu þá jafnvel að vígi eftir nokkur ár, þegar skírteinin yrðu innleyst.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi skuldabréf yrðu gefin út til um það bil 10 ára, eða í kringum 10 ár yrði lánstíminn. En hins vegar er gert ráð fyrir því, að kaupendur þessara bréfa gætu, ef þeir óska eftir því, fengið þau innleyst, fengið þau endurgreidd, t. d. eftir 3 eða 4 ár. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að vextir yrðu stighækkandi á þessum bréfum, þannig að þeir, sem létu fé sitt standa áfram lengur en 3—4 ár eða allt að 10 ára tímabilinu, fengju tiltölulega hærri vexti fyrir seinni hluta lánstímabilsins en þann fyrri, til þess meðfram að hvetja menn til að láta fé sitt standa í þessum skírteinum eða bréfum, en hins vegar að þeir, sem þess óskuðu eða þyrftu á fénu að halda eftir t. d. 3 eða 4 ár eða á síðara tímabili upp að þessum tíu ára tíma, gætu hvenær sem er fengið þau endurgreidd.

Þetta er í stórum dráttum fyrirkomulagið á þessum bréfum, sem hugsað er. Eins og menn sjá, er hér að sumu leyti um nokkra nýjung að ræða. Hún er í því skyni gerð að skapa mönnum ný tækifæri, sem þeir hafa ekki nú, því að þeir, sem leggja fé sitt í banka og sparisjóði, fá að vísu af því góða vexti, 7—9%.

eftir því hvað þeir binda fé lengi, allt að einu ári. En hins vegar er þessi vísitölutrygging ákaflega mikils virði.

Nú kunna menn að varpa fram þeirri spurningu, hvort slík skuldabréfaútgáfa ríkisins mundi ekki verða til þess fyrst og fremst að draga fé, kannske samsvarandi háa upphæð, út úr bönkum og sparisjóðum og þannig lama möguleika þeirra til útlána. Að vísu má vera, að einhver brögð verði að slíku. En það er von okkar, sem að þessu frv. stöndum, að þessi nýja tilhögun gæti orðið til þess fyrst og fremst að auka sparnað eða sparifjármyndun í landinu, þannig að sumir þeir, sem eitthvert fé hafa milli handa, sem þeir þurfa ekki að nota jafnharðan, en hafa ekki trú á því að leggja það í banka og sparisjóði vegna reynslunnar undanfarna áratugi af rýrnun sparifjár, mundu heldur vilja leggja það í kaup á slíkum bréfum og skírteinum, vegna þess að þessi umrædda vísitölutrygging væri þar til staðar.

Um það er auðvitað ómögulegt að fullyrða á þessu stigi, hver verður reynslan, en þetta er tilraun, sem er gerð m. a. í þessu skyni, að auka sparifjármyndun almennings. Það fé, sem fengist inn fyrir þessa skuldabréfasölu, mundi ríkissjóður fyrst og fremst nota til opinberra framkvæmda, en varðandi framkvæmdaáætlunina fyrir árið í ár, 1964, sem aflað hefur verið til fjár til með margvíslegum hætti, vantar nokkurt fé enn til þess að ljúka þar öllu að fullu. Nefni ég þar sérstaklega raforkuframkvæmdir, sjúkrahúsbyggingar, og nefna má nokkra fleiri liði hinna opinberu framkvæmda, sem enn þarf að afla nokkurs fjár til.

Að því leyti sem skuldabréfasalan skilaði meira fé en þyrfti á að halda til þessara hluta, er gert ráð fyrir því í frv., að það mætti nota til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs eða ríkisábyrgðasjóðs.

Í sambandi við það fyrirhugaða ákvæði, að þó að bréfin yrðu til um það bil 10 ára, þá gætu kaupendur þeirra fengið þau innleyst eftir 3—4 ár og síðar, er svo sett heimild í frv. fyrir ríkissjóð til þess að gefa út að nýju slík bréf vegna þessarar innlausnar.

Ég ætla, að fleiri orð þurfi ekki að hafa um þetta mál að sinni, en vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vil um leið beina því til hv. n. og hv. dm., að þess er óskað, að frv. verði hraðað svo sem kostur er á, því að ætlunin er að reyna að hafa þessi fyrirhuguðu skuldabréf eða spariskírteini komin á markað um 20. þ. m. Þess vegna eru það vinsamleg tilmæli til hv. n. og dm. að greiða sem bezt fyrir framgangi málsins.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er því meðmæltur, að þessi tilraun, sem hér er um að ræða, verði gerð, þ. e. a. s. að það verði gerð tilraun með útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa. Það er mjög eðlilegt, að það sé reynt að bæta úr lánsfjárþörf hins opinbera og reynt sé að afla fjár til opinberra framkvæmda með lántökum hér innanlands, og í því sambandi er verðbréfasala eðlileg leið. En eins og kunnugt er og vikið er að í grg. fyrir þessu frv. og kom fram áðan hjá hæstv. fjmrh., þá hefur ástandið í fjármálum og peningamálum hér innanlands verið með þeim hætti undanfarin ár, að venjuleg verðbréf mega heita óseljanleg á frjálsum markaði nema þá með mjög miklum afföllum, og stafar þetta af þeirri alkunnu verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað og verið í algleymingi að undanförnu og síður en svo er nokkur bilbugur á að því er virðist nú.

Hér er farið inn á þá braut, eins og frv. ber með sér, að verðtryggja það sparifé, sem menn verja til kaupa á þessum ríkisskuldabréfum. Það er að mínu áliti rétt braut og að mínum dómi spor í rétta átt. Og það er ef til vill sú leið, sem fara verður inn á, ef það á að verða unnt að stöðva verðbólguþróunina, ef það á að verða unnt að kippa fótunum undan þeirri óheillaþróun.

En í sambandi við þessa leið og þessa spurningu um verðtryggingu sparifjár vildi ég leyfa mér að minna á, að við framsóknarmenn höfum flutt till. oftar en einu sinni um það, að athugað yrði, hvort ekki væri unnt að koma við verðtryggingu sparifjár, og þá einnig, í hve ríkum mæli það væri unnt. Slík till. liggur fyrir þessu þingi. Slík till. lá fyrir þinginu í fyrra, en fékkst þá ekki afgreidd. Þvílíka till. bar ég fram á sumarþinginu 1959, fékkst þá ekki afgreidd. Enn var sú till. borin fram á þinginu 1960 og fékkst enn ekki afgreidd. Áður höfðu framsóknarmenn, ef ég man rétt, á þinginu 1953 borið fram till. í svipaða átt. Og enn má geta þess, að á Alþingi 1962 var samþ. þál. á Alþingi frá hv. 10. þm. Reykv., þess efnis, að skorað var á ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því, með hverjum hætti unnt væri að framkvæma verðtryggingu á lífeyrissjóðum. Og raunar var það líka ákveðið í þeirri þál., að niðurstöður þeirrar rannsóknar skyldu, jafnskjótt og þær lægju fyrir, lagðar fyrir hv. Alþingi.

Ég verð að segja það, að ég hefði talið æskilegra, að þessar till. okkar framsóknarmanna að undanförnu hefðu verið samþ., þær hefðu verið afgreiddar og það hefði þegar farið fram sú athugun, sem gert var ráð fyrir í þessum þáltill. Ég held, að það hefði verið gagnlegt fyrir þetta mál, að slík athugun hefði legið fyrir, því að sannleikurinn er sá, að þegar maður fer að athuga þetta frv., þá er býsna margt í því nokkuð óákveðið, enda viðurkenndi hæstv. fjmrh. það hér áðan, en bætti að nokkru leyti úr því með skýringum frá eigin brjósti, hvað ráðgert væri í þessum efnum. Það má t. d. benda á það, að í þessu frv. er ekkert kveðið á um lánstímann, ekkert kveðið á um lánskjörin, eins og t. d. vextina, ekkert kveðið á um það, hvaða vísitölu eigi að nota, en auðvitað koma hér margar vísitölur til greina eða geta komið til greina. Og eins og hæstv. fjmrh. nefndi dæmi um, þá hefur í þeim tilfellum, sem farið hefur verið inn á verðtryggingu, verið miðað við mismunandi vísitölu

Sogsvirkjunarlánin voru t. d., ef ég man rétt, miðuð við eins konar rafmagnsverðsvísitölu. Og þannig mætti í raun og veru fleiri dæmi nefna um vöntun á nánari fyrirmælum í þessu frv. En það er aðeins hér um að ræða í raun og veru heimildina til útgáfu þessara bréfa, en gert ráð fyrir því, að öll nánari ákvæði varðandi þessi höfuðatriði verði sett í reglugerð.

Að sjálfsögðu er það til bóta, að hæstv. fjmrh. gerði, eins og ég áðan sagði, nokkru skýrari grein fyrir því, hvað ráðgert er í þessu efni, í sinni framsöguræðu áðan, þar sem hann m. a. gat þess, að hugsað hefði verið til þess að miða þetta helzt við vísitölu byggingarkostnaðar. En vitaskuld er sú vísitala ekki nema ein af þeim vísitölum, sem hér geta komið til greina, og það þarf auðvitað að athuga, hvað réttast er í því efni. Að sjálfsögðu væri eðlilegast að taka það fram í sjálfum l., við hvaða vísitölu ætti að miða, því að það er slíkt höfuðatriði í þessu sambandi, að allt annað er óeðlilegt að mínum dómi.

Þá er það líka um lánstímann, að hann er óákveðinn í þessu frv. Hæstv. ráðh. gat þess, að hámarkslánstími hefði verið hugsaður 10 ár, en þó með nokkuð sérstökum hætti, þannig að það hefði verið hugsað um það, að menn gætu átt þess kost eftir svo sem 3 ár eða lengri tíma að fá innleyst bréfin, ef þeir óskuðu þess eða stæði eitthvað sérstaklega á fyrir þeim, að mér skildist. Nú kann það vel að vera, að það eigi við og sé heppileg leið, um það skal ég ekkert segja. En ég verð að telja það tryggara að taka fram lánstímann — hámarkslánstímann — í þessu frv. og l., enda hygg ég, að það sé venjan að gera það, þegar um hefur verið að ræða heimild til lánsútboða eða heimild til útgáfu skuldabréfa fyrir ríkissjóð. Sama máli gegnir auðvitað um vextina.

Ég held sem sagt, að þessi dæmi, sem ég hef aðeins nefnt hér, sýni það, að þetta mál þarf nokkurrar athugunar við og það hefði verið æskilegra, að það hefði verið kveðið á um þessi atriði að nokkru leyti í l. sjálfum, og ég vænti þess, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, taki þessi atriði, sem ég hef hér lítillega vikið að, til athugunar. En að sjálfsögðu eru því aðeins líkur fyrir því, að þessi leið heppnist og menn verði fúsir til þess að leggja sparifé sitt í kaup á þessum bréfum, að þeir viti fyrir fram nokkurn veginn, að hverju þeir ganga í þessu efni, en allt verði ekki í lausu lofti og háð reglugerðum, sem breyta má með auðveldari hætti en l., og því er að mínum dómi eðlilegt að binda höfuðatriði málsins í sjálfum lögunum.

Viðvíkjandi þeirri heimild, sem er í 5. gr., þá verð ég að segja það, að mér þykir sú heimild nokkuð víðtæk, a. m. k. eftir orðanna hljóðan, því að þar virðist vera um nokkuð óákveðna heimild, áframhaldandi heimild til handa ráðh. til útgáfu þessara bréfa að ræða. Það má vera, að það sé ekki meiningin, heldur sé ætlunin að takmarka þetta með þeim hætti, sem hæstv. ráðh. vék að, en þá finnst mér, að það væri æskilegt að orða þá hugsun í sjálfum l., svo að það væri nokkuð ákveðið, því að ég held, að það muni vera mjög fátítt, að ráðh. eða ríkisstj. hafi fengið jafnvíðtæka lántökuheimild og þetta í raun og veru er, vegna þess að þarna er um tefla heimild til lántöku, þar sem upphæðin getur orðið algerlega óákveðin, og ekki heldur kveðið á um það, til hve langs tíma þessi heimild eigi að standa. Og loks er svo það, sem ég vildi víkja að, og það er um ráðstöfun á því fé, sem safnast kann eða saman kann að nást með þessum hætti, en um það eru fyrirmæli í 4. gr.

En áður en ég vík að því, er þó kannske aðeins rétt fyrst að benda á 3. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að þessi skuldabréf og vextir af þeim og verðbætur skuli undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé. Nú býst ég við, að það megi kannske til sanns vegar færa, að þetta sé eðlilegt, að láta þessa fjársöfnun njóta þessa hagræðis. En hins vegar verð ég að segja, að mér finnst athugandi, hvort það sé rétt, eins og þarna er ráð fyrir gert, að þessi eign, sem þarna er um að tefla, sé undanþegin erfðafjárskatti. Það er fyrir hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að athuga. Ég hef litið svo á, að undanþága á skattskyldu sparifjár hafi byggzt á því, að menn hafi talið, að vextirnir, sem menn hafi fengið eftir sparifé, hafi verið það lágir, að þeir hafi á engan hátt samsvarað réttmætu endurgjaldi fyrir og vegið á móti verðfalli því, sem orðið hefur á peningunum, enda er það kunnara en frá þurfi að segja, að stöðugt verðfall hefur átt sér stað á peningum og þeir vextir, sem hafa verið greiddir á hverjum tíma, hafa ekki verið nema brot og eru ekki nema brot af því verðfalli, sem samtímis hefur átt sér stað á peningunum, og það gefur að skilja, að þegar ástandið er þannig, hvetur það menn ekki til sparnaðar, og þá hlýtur líka af því að leiða, að það verður lánsfjárskortur og menn fara að keppast aftur á móti við að leggja í framkvæmdir, og þetta verður með þeim hætti til þess að ýta undir þá spennu, sem er gróðrarstía fyrir verðbólguna í landinu. Ég hef litið svo á, að með skattfrelsi sparifjár hafi menn, þótt í litlum stíl væri, viljað vega upp á móti þessum óheillafylgjum. En mér finnst það a. m. k. athugandi, hvort annað viðhorf kemur ekki til greina, þegar á að fara að greiða verðuppbætur á sparifé og halda því þar með í sínu raunverulega gildi og koma í veg fyrir verðfall peninganna. En eins og ég sagði áðan, þá minni ég aðeins á þetta til athugunar fyrir þá n., sem frv. fær til meðferðar.

Þá er að lokum það ákvæði í 4. gr., þar sem fjallað er um ráðstöfun á því fé, sem fæst fyrir þessi verðbréf. En það er ekki í frv. að finna nein fyrirmæli um það, til hvers þessu skuli varið, að því fráskildu, að það er kveðið á um, að það skuli notað til framkvæmda á vegum ríkisins eða til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs. En það eru

engin fyrirmæli um það þarna, til hverra framkvæmda fyrst og fremst það skuli notað né til greiðslu á hvers konar skuldum ríkissjóðs eða ríkisábyrgðasjóðs þessu fé skuli varið. Það vantar öll nánari ákvæði um þetta. Og ríkisstj. fær með þessu frv., ef að lögum verður, óbundnar hendur um ráðstöfun á þessu fé.

Hæstv. fjmrh. gaf að vísu nokkra skýringu á þessu áðan í sinni framsöguræðu, þar sem hann sagði, að það væri helzt til þess hugsað að verja fé þessu til sjúkrahúsbygginga og rafveituframkvæmda. Þær framkvæmdir eru auðvitað góðra gjalda verðar. En þó að hæstv. fjmrh. segði, að þetta væri það, sem aðallega hefði verið haft í huga, þá er það vitaskuld á engan hátt bindandi né tæmandi, til hvers fénu megi verja. Ég býst við því, að það geti enginn ætlazt til þess með sanngirni, að stjórnarandstaða beri það traust til hæstv. ríkisstj., að hún vilji fela henni svona alveg fullt og óskorað sjálfdæmi um ráðstöfun þessa fjár. Þó að það sé ekki um óskaplega miklar fjárfúlgur að ræða þarna, þá er náttúrlega eftirleikurinn auðveldari, og ef á annað borð er farið inn á þessa leið, þá er hægt að fara þannig með stærri fjárfúlgur síðar. Ég held þess vegna, að þarna sé um að tefla allt of víðtækan ráðstöfunarrétt og hömlulausan fyrir ríkisstj., því að þótt hún eigi að gera þetta í samráði við fjvn., þá felst náttúrlega ekki nægileg trygging í því og ekki nægilegt öryggi fyrir því, að fjvn. hafi í raun og veru áhrif á það, hvernig þessu fé er varið. Auðvitað er til bóta, að fjvn. fái að fylgjast með þessu og fái að láta uppi álit sitt um það, en eftir sem áður er fullkomið og óskorað ákvörðunarvald um þessi efni í höndum ríkisstj. Ég held þess vegna, að það þurfi að setja inn í þetta frv. fyllri og nákvæmari og skýrari ákvæði um lánveitingarnar, um útlánin á þessu fé. Ríkisstj. er ekki ætlað að fást við lánveitingastarfsemi, það veit hver maður, og allra sízt lánveitingastarfsemi, þar sem henni er það að miklu leyti í sjálfsvald sett, hverjum hún veitir lánin. Það væri a. m. k. lágmark, að það væru settar í frv. einhverjar almennar reglur um þetta efni.

Ég skal svo ekki, herra forseti, orðlengja meir um þetta frv. Eins og ég hef þegar sagt, er ég að stefnu til eða að „prinsipinu" meðmæltur því, að þessi tilraun sé gerð, en tel hins vegar, að einstök ákvæði þessa frv. þurfi við athugunar og nokkurra breytinga til bóta.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál og skilning hans á meginstefnu þess. Ræða hans gefur mér tilefni til þess að gera örfáar viðbótarathugasemdir.

Það er í fyrsta lagi út af verðtryggingu sparifjár almennt og lífeyris. Varðandi verðtryggingu lífeyris mun hafa verið samþ. hér þáltill. fyrir nokkrum árum um athugun á því máli, og var Ólafi Björnssyni prófessor, hv. 10. þm. Reykv. og formanni fjhn. þessarar d., falið að semja grg. um það mál. Hann samdi um það mjög ýtarlega álitsgerð, sem fyrir nokkru var afhent þeim hæstv. ráðh., sem það mál heyrir undir, og tel ég, að í þeirri grg. hafi verið mjög gagnlegar upplýsingar og athuganir um það mál.

Varðandi verðtryggingu sparifjár almennt er það náttúrlega ákaflega stórt mál og veigamikið, og ég tek undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., að hér er um ákaflega stórt mál og þýðingarmikið að ræða. Það eru margar þjóðir aðrar, sem hafa kannað það gerla, hvernig hægt væri að koma fyrir verðtryggingu sparifjár. Á einstaka stað hefur verið farið út í slíkar ráðstafanir, þó að takmörkuðu leyti og tímabundið, og þetta er mál, sem vissulega þarfnast gaumgæfilegrar athugunar við. Við verðum þó að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því, að ef við eigum að verðtryggja í einu eða öðru formi sparifé í bönkum og sparisjóðum landsins almennt, þá er trúlegt, að þar á móti verði að koma sams konar ákvæði varðandi útlánin, þ. e. a. s. þeir, sem fá lán í bönkum og sparisjóðum, m. ö. o. þeir, sem taka þetta sparifé að láni, verði þá um leið að taka á sig einhvers konar verðbindingu eða vísitölutryggingu, þannig að skuld þeirra hækki þá í svipuðu hlutfalli við það, sem sparifjárinnlögin hækka af völdum verðbólgu. Trúlegt er, að ef að stefnu til ætti að fara inn á þessa braut, tæki það nokkurn tíma að koma því í kring, því að ég geri ekki ráð fyrir, að lánsstofnanir gætu tekið á sig verðtryggingu sparifjár, þótt með einhverjum atbeina ríkisins væri, án þess að útlán kæmu þá annaðhvort samtímis eða á undan. En ég geri ráð fyrir því, að um mörg útlánin sé þannig farið, að það taki nokkurn tíma að koma þessu í kring, a. m. k. varðandi þau útlán, sem þegar hafa verið veitt, og miklir erfiðleikar á því eftir á að koma slíkum ákvæðum að, ef það er þá mögulegt. En um leið og ég geri þessa aths., vil ég undirstrika, að ég held, að ég sé alveg sammála hv. 3. þm. Norðurl. v. um nauðsyn þess að reyna að finna einhverjar leiðir til að verðtryggja sparifé almennt.

Varðandi einstök atriði frv. gerði hv. þm. fyrst aths. út af því, að í frv. er ekki ákveðið um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, heldur lagt á vald ráðh. Til þessa liggja sérstakar ástæður, ekki aðeins þær, að mjög oft hefur það verið í slíkum frv., að ekki hefur verið í sjálfum l. ákveðið um þessi atriði. En vegna þess að hér er um nýjung að ræða og tilraun, hefur ekki verið gert ráð fyrir að bjóða út 75 millj. kr. lánið í einu lagi, heldur þreifa fyrir sér um undirtektir með hluta af þessu láni, og á undirtektunum hinum fyrstu getur það oltið, hvort þætti rétt að hafa sömu kjör á seinni hlutanum eða ekki, bæði um lánstíma, vexti og jafnvel um þá tegund vísitölu, sem lánið yrði miðað við. Ég vil segja, að þetta er ein af meginástæðunum til þess, að ekki hefur verið talið rétt að festa þetta í l., sem

þyrfti þá kannske að gera breytingu á fljótlega, þegar séð er um undirtektir manna undir hina fyrstu tilraun.

Í 4. gr. er ríkisstj. heimilað í samráði við fjvn. að verja þessu fé til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs. Hv. þm. telur, að æskilegra væri að hafa það ákveðnara í l. og meir bundið, til hverra framkvæmda fénu skuli varið. Að vísu má geta þess, að um allmargra ára skeið hefur ríkisstj. tekið lán og jafnvel stórlán, án þess að ákveðið væri í l., til hvers þeim skyldi varið, og á ég þar sérstaklega við vörukaupalánin eða PL-480 eða ICA-lánin, sem hafa verið tekin um 6—7 ára skeið árlega og frá upphafi hefur verið svo farið, að ríkisstj. hefur án atbeina Alþingis úthlutað þeim lánum. Það er aðeins í eitt skipti, það var á árinu 1959, sem ákveðið var um hluta þessara lána í fjárl., til hvers þeim skyldi varið, og stóð það í sambandi við það, að þá var hér *minnihlutastjórn* í landinu, en annars hefur það verið í hendi stjórnanna öll þessi ár.

Ég segi ekki, að þannig eigi að vera um allar lántökur, síður en svo. En eins og ég gat um hér áðan, eru það vissar framkvæmdir samkv. framkvæmdaáætluninni, sem enn hefur ekki verið aflað fjár til að fullu, og það eru þær, sem á að verja þessu fé til, og ég skal telja þær hér upp. Ég nefndi tvær þeirra áðan, en það eru raforkusjóður, það eru vegamál, það eru hafnir, það eru sjúkrahús, það er atvinnubótasjóður og það er kisilgúrverksmiðja. Það eru þessi atriði, sem gert er ráð fyrir að fé fari til.

Þá minntist hv. þm. á það ákvæði í 5. gr., að ríkisstj. væri síðar heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini vegna innlausnar á þeim, er upphaflega verða út gefin. Eins og kemur fram og hv. þm. taldi, að upphæðin væri hér óákveðin, þá er það að vissu leyti svo. En ég held, að tilgangurinn skýrist í grg. á bls. 2, næstsíðustu mgr., þar sem segir: „Í 5. gr. frv. eru ákvæði, er heimila ráðh. að gefa út ný bréf í stað þeirra, sem út verða dregin eða endurgreidd.“ Þannig er vitanlega ætlunin með þessu nýmæli sú, að aðeins sé heimilt að gefa út ný bréf í stað þeirra, sem ríkissjóður þarf að innleysa, og þá aldrei hærri upphæð en sem því nemur. Hins vegar má vel vera við athugun, að rétt væri að víkja til orðalagi á 5. gr., til þess að þetta yrði alveg skýlaust.

Ég ætla, að það séu ekki fleiri atriði, sem ég þarf að gera að umtalsefni, en ég sem sagt þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir undir frv. og vona, að það fái góðar undirtektir hjá öllum hv. þdm.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að rengja, að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. segir, að sá háttur hafi jafnan verið á hafður eða með einni undantekningu, að ríkisstj. úthlutaði lánum ein, þessum svokölluðu vörukaupalánum, án atbeina Alþingis. En ég verð að telja þetta fordæmi, sem ekki sé gott að fara eftir. Ég held, að við ættum að sameinast um það að hverfa frá því fyrirkomulagi, af því að áreiðanlega er það ekki í samræmi við anda okkar stjórnarskrár, sem einmitt leggur mjög ríkt á um það, að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis. Og ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. sé mér sammála um það, að þetta séu í raun og veru ekki æskilegir stjórnarhættir, að ríkisstj. hafi þannig óbundnar hendur um lánveitingar, og ég man eftir því einmitt í sambandi við brezka lánið svokallaða, að þá var einmitt af hálfu stjórnarandstöðunnar gerð aths. við það fyrirkomulag, að ríkisstj. ætti að hafa á hendi úthlutun þess. Og það gefur auga leið, að af stjórnarandstöðu hálfu hlýtur það alltaf og ævinlega að verða tortryggilegt, að ríkisstj. hafi slíkt vald í hendi sér, jafnvel þó að í samráði við **fjvn. sé.**

Þessa aths. vil ég aðeins gera og í annan stað þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá nánari grg., sem hann gaf hér í sinni síðari ræðu um það, til hverra framkvæmda láni þessu ætti að verja, og þegar það er nú svona ákveðið eins og hann gat um, þá sé ég ekki, að það væri neinn skaði skeður, þótt það væri berlega tekið fram í sjálfri lagagreininni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 82 og 84, 80, 85).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki náð fullri samstöðu um málið, þannig að við 6, sem stöndum að nál. á þskj. 80, leggjum til, að það verði samþ., 2 okkar þó með nokkrum fyrirvara, eins og nál. ber með sér, en hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur skilað um málið séráliti og lagt fram brtt.

Tilgangur þessa frv. er sá að afla fjár til verklegra framkvæmda og greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs, sbr. 4. gr. frv.

Þær verklegu framkvæmdir, sem ætlunin er að afla fjár til, voru nánar tilgreindar í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins og einnig á fundi hæstv. ráðh. með n., svo sem greint er í nál. með leyfi hans. Hér er þannig um skuldbindingar að ræða, sem ríkissjóður hefur tekið á sig samkv. ákvörðunum Alþingis, og ríkissjóður verður því að afla þess fjár, sem hér er um að ræða, með einhverju móti. Ef hæstv. Alþingi hafnar þeirri leið, sem í frv. er lagt til að farin verði, yrði auðvitað að afla þessa fjár með einhverjum öðrum hætti, svo sem erlendum lántökum, sköttum eða bankalánum. Erlendar lántökur kæmu þó varla til greina í þessu sambandi. En á því að fara hinar leiðirnar, hvora þeirra sem væri, eru vand-

kvæði, sem ljós eru öllum hv. þdm., og sé ég ekki ástæðu til að ræða þá hlið málsins nánar út af fyrir sig.

Það eru tvö nýmæli í þessu frv. með tilliti til þess, að hér er um lánsútboð af hálfu ríkisins að ræða. Hvorugt er þó algert nýmæli, eins og ég mun koma að á eftir. Þessi nýmæli eru þau, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að heimilt skuli að binda vísitölu vexti og afborganir af skuldabréfum þeim og spariskírteinum, sem gefin verða út samkv. 1. gr. frv. Þetta eru nýmæli, þegar um útboð ríkisskuldabréfa er að ræða, þó að það sé auðvitað ekki nýmæli á lánamarkaðinum almennt. Hitt nýmælið er það, að samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skuldabréfin og spariskírteinin séu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé. Það er auðvitað líka nýtt hvað snertir ríkisskuldabréf, og tel ég rétt að fara nokkrum orðum um þessi atriði hvort um sig.

Í sambandi við fyrra atriðið, vísitölutrygginguna, þá skiptir það eðlilega meginmáli, hvort menn telja þá hugmynd, að taka beri upp verðtryggingu sparifjár og eftir atvikum annarra peningakrafna, skynsamlega. Frá sjónarmiði þeirra, sem slíku eru hlynntir, ætti sú tilhögun, sem í þessu efni yrði gerð, ef frv. næði samþykki, að vera spor í rétta átt. En frá sjónarmiði þeirra, sem telja verðtryggingu óæskilega, væri eðlilegra, að aðrar fjáröflunarleiðir væru farnar. Ég hygg, að við allir, sem að áliti meiri hl. stöndum, séum þrátt fyrir ólíkar skoðanir um margt, ekki sízt hvað verðlagsmálin varðar, samt sammála um það, að verðtryggingarhugmyndin sé athyglisverð og kanna beri til hlítar þá möguleika, sem í henni kunna að vera fólgnir til lausnar verðbólguvandamálunum. Og ef til vill á þetta við ekki eingöngu um okkur, sem stöndum að meirihlutaálitinu, heldur jafnvel alla n., því að í nál. hv. 4. þm. Norðurl. e. kemur það út af fyrir sig ekki fram, að hann sé andvígur verðtryggingarhugmyndinni. Eins og á góma bar við 1. umr. málsins, hafa á þessu þingi og nokkrum undanförnum þingum verið fluttar till. um athugun á þessu efni. Nokkrir hv. þm. Framsfl. hafa öðru hverju síðan á þinginu 1959—60, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um við 1. umr., flutt till. um athugun á því að taka upp almenna verðtryggingu sparifjár, og liggur frá þeim einnig till. fyrir þessu þingi um þetta mál. Þá má einnig geta þess, að Arnór Sigurjónsson, sem undanfarið hefur átt sæti í hv. d. sem varamaður Alþb., hefur lagt fram þáltill. um verðstuðulsuppbót, en þeirri till. liggur til grundvallar sama hugsun og til grundvallar verðtryggingunni almennt. En einmitt það, að till. í þessa átt skuli þannig liggja fyrir frá einstökum þingmönnum beggja stjórnarandstöðuflokkanna, gefur að mínu áliti nokkra vísbendingu um það, að um þessa leið sé hægt að ná víðtækari samstöðu innan þjóðfélagsins en aðrar leiðir, sem út af fyrir sig mundu liggja beinna að því marki að stöðva verðbólguna. Og þó að ekki væri annað en það, mundi það að mínu áliti gera það þess vert, að þessar hugmyndir séu athugaðar. Auðvitað ber ekki að vanmeta þá framkvæmdarörðugleika, sem á slíkri ráðstöfun eru. Þeir eru miklir. En svo mikið er líka í aðra hönd, að ég álít, að horfast beri í augu við framkvæmdarörðugleikana, enda hefur meira eða minna víðtæk sparifjártrygging verið tekin upp víða í löndum.

Ég flutti, eins og þeir minntust á við 1. umr. þessa máls, hv. 3. þm. Norðurl. v. og hæstv. fjmrh., á þinginu 1961—62 till. um verðtryggingu lífeyris og líftrygginga, og var sú till. samþ. Mér var síðan falið af hæstv. ríkisstj. að semja álitsgerð um þetta, og skilaði ég henni vorið 1963, og þó að hún eðlilega fjallaði aðeins um hluta þess viðfangsefnis, sem hér var um að ræða, tryggingu lífeyris og lífsábyrgða, þá var það talsvert rætt þar, hvað mælti með því að taka upp almenna sparifjártryggingu, og ýmsar upplýsingar um það, hvernig fyrirkomulag þeirra mála væri í þeim löndum, þar sem slíku hefur verið komið á. Ástæðan til þess, að ég taldi sérstaka ástæðu til þess að verðtryggja lífsábyrgðir og lífeyri, var sú, að hér er um fjármuni að ræða, sem yfirleitt eru bundnir til langs tíma. Og líftryggingafélög hafa tjáð mér, sem vel er hægt að skilja, að yfirleitt sé það algerlega úr sögunni, að menn kaupi líftryggingar, það er vegna verðbólgunnar, þannig að ég taldi þetta það svið, þar sem mest nauðsyn væri að hefjast handa.

Annars ætla ég ekki að fara lengra út í þessa sálma, að öðru leyti en því, sem þeir snerta beint efni þess frv., sem hér liggur fyrir. En sú spurning, sem eðlilega verður efst á baugi í sambandi við þá fjáröflunarleið, sem hér er lagt til að farin verði, er sú, hvaðan líklegt megi telja að þeir fjármunir komi, sem ráðstafað verður til kaupa á þeim skuldabréfum, sem samkv. þessu frv. á að bjóða út. Er hægt að gera sér vonir um aukinn sparnað, þannig að þetta fjármagn verði ekki dregið annars staðar frá, eða verða þessir peningar teknir út úr bönkunum, eða gæti það komið einhvers staðar annars staðar frá?

Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að gera megi sér vonir um það, að það, að sköpuð eru þannig skilyrði fyrir hagkvæmari leið til að ávaxta sparifé, geti leitt til nokkurs aukins sparnaðar. En með tilliti til þess, að neyzluvenjur fólks eru sem kunnugt er tiltölulega fastar, þá má að mínu áliti ekki vera of bjartsýnn um þetta atriði. En þótt ekki verði nema að litlu leyti um aukinn sparnað að ræða, þá er að mínu áliti jafnframt hægt að gera sér vonir um það, að fjármunir, sem ráðstafað hefur verið á annan hátt, áður en þessi skuldabréf voru boðin út, geti orðið losaðir og varið til þess að kaupa þau skuldabréf, sem hér er um að ræða. Þegar ekki er hægt að fá sparifé verðtryggt með skaplegum kjörum, þá er hætt við, að eigendur þess fari sínar eigin

leiðir til þess að fá einhverja verðtryggingu, og það er ekki vafi á því, að algengasta leiðin, sem farin er í þeim efnum, er að ráðstafa þessum fjármunum til kaupa á fasteignum eða öðrum raunverulegum verðmætum. Þetta hefur auðvitað sín óheppilegu áhrif. Það verður til þess að sprengja upp fasteignaverð og byggingarkostnað og þannig til þess að auka verðbólguna í landinu. Þá er til önnur leið, sem sízt er hugnæmari en þessi, en það er að ráðstafa þessum peningum annaðhvort beint eða gegnum milliliði til okurlánastarfsemi, þannig að hinum háu vöxtum, sem af slíkum lánum eru greidd, er þá ætlað að vera eins konar verðtrygging. Ég tel, að gera megi sér vonir um það, ef sparifjáreigendur telja, að sköpuð sé með ráðstöfunum svipuðum og þessari örugg leið til þess að verðtryggja sparifé, þá sé hægt að vænta þess, að talsverðu af þeim fjármunum, sem ella yrðu festir í fasteignum eða jafnvel leituðu á okurlánamarkaðinn, yrði varið til kaupa á þessum bréfum, og er varla álitamál, að slík þróun væri æskileg. Annars er auðvitað ekki hægt að segja neitt fyrir fram um það, hvaðan þeir fjármunir koma, sem ráðstafað kynni að vera til kaupa á þessum skuldabréfum. Úr því getur reynslan ein skorið. Og rétt er auðvitað að taka það fram, að ég geng ekki í þeirri dul, að með þessari ráðstöfun einni saman sé hægt að létta spennuna á fasteignamarkaðinum eða uppræta okurlánastarfsemina. Hér gæti auðvitað aldrei verið nema um lítið spor að ræða í þá átt með tilliti til þess, að það lánsútboð, sem hér er um að ræða, eða 75 millj. kr., nemur 1—1½% af öllu sparifé landsmanna, þannig að ef eftir þessari leið eða svipaðri ætti að gera sér vonir um það, að hægt væri að létta spennunni á fasteignamarkaðinum og uppræta okurlánastarfsemina, þá þyrfti auðvitað miklu stærra átak. En eftir sem áður ætti þetta að vera spor í rétta átt, hvað þetta atriði snertir.

Þá ætla ég að víkja að ákvæðum 3. gr. um skattfríðindin. Eins og meiri hl. n. hefur gengið frá þessu frv., þá er gert ráð fyrir því, að skuldabréfin njóti svipaðra skattfríðinda og sparifé nýtur nú. Þar er að mínu áliti ekki um neina róttæka breytingu á skattalögum að ræða. Það fé, sem varið er til kaupa á þessum skuldabréfum, er auðvitað sparifé, og hlýtur að vera mikið álitamál, hvort ástæða er til þess, þó að það sé bundið í þessu formi, að gera mun á því og öðru sparifé. Í hinu upphaflega frv. var hins vegar gert ráð fyrir að ganga hér feti lengra og láta þetta fé einnig vera undanþegið erfðafjárskatti, en það mundi verða algert nýmæli í þessum efnum. Það hefur n. ekki getað fallizt á og leggur fram um það brtt. á þskj. 80, að þetta ákvæði falli niður. Það má um það deila, hvort vissar eignir eigi að vera undanþegnar framtalsskyldu og skattskyldu, en hvað erfðafjárskattinn varðar, þá hefur þeirri reglu yfirleitt verið fylgt, að allir greiddu jafnt af öllum eignum, einnig þeim, sem undanþegnar eru skattskyldu, og okkur fannst því í fyrsta lagi varhugavert í sambandi við þetta frv. að gera grundvallarbreytingu á þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki erfðafjárskatti, og í öðru lagi má á það benda, að hætta er á, að þetta ákvæði mundi sérstaklega leiða til þess, að eldra fólk tæki peninga sína út úr bönkum, af því að aðrar peningakröfur eru ekki undanþegnar erfðafjárskatti, þannig að verði till. n. um þetta samþ., þá mundu skuldabréfin njóta sömu aðstöðu og annað sparifé hvað skattana snertir. Auðvitað má deila um réttmæti þeirra skattfríðinda, sem hér er um að ræða. En hvað sem því atriði líður, þá má að mínu áliti telja útilokað, að von sé til þess, að þessi skuldabréf seljist, nema þau njóti í þessu efni sömu aðstöðu og þegar um annað sparifé er að ræða. Þá spurningu, hvaða eignir eigi að vera skattfrjálsar, er eðlilegt að taka upp í sambandi við endurskoðun skattalaganna, sem vafalaust kemur til umr. síðar á þessu þingi, en við samþykkt þessa frv. hljótum við að ganga út frá óbreyttum skattalögum, og meðan ákvæði þeirra um sparifé eru svo sem þau eru, þá finnst mér það liggja í augum uppi, að ef von á að gera sér um sölu þessara skuldabréfa, þá verði þau í þessu efni að njóta sömu aðstöðu og sparifé almennt.

Ég sé, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur á þskj. 85 borið fram brtt. þess efnis, að farin verði hér að vissu leyti millileið, þannig að þessi skuldabréf verði framtalsskyld, en ekki skattskyld. Hér er um algert nýmæli að ræða í skattamálum, ef aðgreina á framtalsskyldu og skattskyldu. Ég álít, að hvað sem öðru líður, þá sé frá tæknilegu sjónarmiði ekki hægt í sambandi við samþykkt þessa frv. fyrir hv. Alþingi að fara inn á þessa braut. Ég hef vegna kennslu minnar við háskólann orðið að kynna mér talsvert skattamálalöggjöf í öðrum löndum, og geri ég mér þó ljóst, að því fer auðvitað mjög fjarri, að ég viti alla hluti í þeim efnum, en ég veit þess ekki nokkur dæmi, að skattskylda og framtalsskylda hvað snertir tekjur og eignir sé nokkurs staðar skilin að. Það er þó hugsanlegt, að þess séu dæmi. Og þegar samþykkt var vorið 1962 ágreiningslaust hér á hv. Alþingi að undanþiggja innbú skattskyldu, þá er að vísu ekki tekið fram sérstaklega í l., að innbúin væru undanþegin framtalsskyldu. Hins vegar hafa skattayfirvöld túlkað þetta þannig, að þar sem innbúið væri undanskilið skattskyldu, hlyti það líka að vera undanþegið framtalsskyldu, því að ekki hefur verið gengið eftir því síðan, að innbú væri talið fram. Og að mínu áliti var ekki hægt fyrir skattayfirvöld að leggja með öðru móti skynsamlega merkingu í þetta ákvæði, því að ef hugsunin hefði verið hin, að það væri eingöngu skattskyldan, sem hefði verið afnumin, en ekki framtalsskyldan, þá hefði orðið að taka það skýrt fram, og það, sem meira máli skiptir, er það, að ef á að aðgreina þetta, þá kemur upp spurningin um það, hvaða viðurlög á að leggja við því, að menn telja ekki fram eignir, sem ekki eru skattskyldar. Mér finnst, að það

gefi auga leið, að hin almennu viðurlög skattalaga við því að svíkja skattskyldar tekjur eða eignir undan framtali, geta ekki átt þarna við, því að sektir eru ákveðnar með hliðsjón af því, hvað það er mikill skattur, sem skattþegn kemur sér undan með því að telja ekki fram skattskyldar tekjur eða eignir. Ef hins vegar er um það að ræða, að eign er framtalsskyld, en ekki skattskyld, þá yrði að setja alveg sérstök viðurlög við því, að slíkar eignir eru ekki taldar fram. Það hefði engin áhrif á skattgreiðslu viðkomandi, hvort hann gerir það eða ekki, svo að það er ekki hægt að miða við það. Það verður að ákveða þarna sérstök viðurlög, og um það getur ekki verið neinn ágreiningur, að þegar Alþingi setur lög, sem segja borgurunum fyrir um það, hvernig þeir eigi að hegða sér, þá felast ekki í því frómar óskir eða ábendingar, heldur verður að jafnaði að setja einhver viðurlög við því, ef þessum lögum sé ekki hlýtt, og ég hugsa, að nauðsyn þess að hafa einhver viðurlög við því, ef lög séu brotin, séu ekki minni hvað skattalög snertir heldur en aðra löggjöf.

Nú er ég ekki að segja, að það geti út af fyrir sig ekki komið til greina að aðgreina framtalsskyldu og skattskyldu, þó að ég þekki engin dæmi, að slíkt sé gert. En ef það á að gera, þarf að hugsa það, hvaða viðurlög á að setja, ef framtalsskyldunni er ekki fylgt, og að brjóta þá hnot er ekki unnt í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það þyrfti miklu meiri athugun, svo að þegar af þeirri ástæðu fyndist mér, hvaða skoðanir sem menn hafa á þessu, að þau vinnubrögð væru ekki samboðin hv. d. að samþykkja þessa brtt., eins og hún liggur fyrir. Annars er það sjónarmið, sem liggur að baki því, að eðlilegt sé að aðgreina framtalsskyldu og skattskyldu, þetta, að eftirlit með því, að tekjur séu taldar rétt fram, verði auðveldara, ef vissar eignir eru framtalsskyldar, eins og t. d. verðbréf, sparifé o. s. frv. Að mínu áliti snertir þetta í rauninni ekki kjarna þess máls, sem hér liggur fyrir. Það er eðlilegt umræðuefni í sambandi við breytingu á skattalögum.

En ég get þó ekki stillt mig um að benda hv. þdm. á það, að ákaflega litlar líkur eru á því að mínu áliti, að það væri hægt að ná neinum verulegum árangri í þá átt að hafa betra eftirlit með skattaframtölum, þó að t. d. sparifé væri gert framtalsskylt. Það má í þessu sambandi nefna það, að þó að eignarskattur og eignarframtöl séu að vísu liður í skattakerfi okkar, og það sama á við um Norðurlönd og Þýzkaland, þá fer því mjög fjarri, að það sé alls staðar. T. d. í Bretlandi, Bandaríkjunum og Frakklandi eru engir eignarskattar til og eignir þess vegna ekki heldur framtalsskyldar. Nú eru í þessum löndum mjög háir tekjuskattar og strangt eftirlit með framtali tekna, svo að ef framtal eigna mundi auðvelda mjög eftirlit með tekjunum, þá er mjög ólíklegt annað en í þessum löndum væri eignarskattur. En þannig er ekki litið á.

Hugsunin á bak við það, að með því að hafa eftirlit með eignunum, þá sé líka hægt að hafa eftirlit með tekjunum, virðist byggjast á tvennu. Í fyrsta lagi því, að tekjur, sem sviknar eru undan skatti, hljóti alltaf að vera sparaðar, og ef þær séu sparaðar, þá séu þær sparaðar í einhverju ákveðnu formi, t. d. að leggja þær inn í banka. Nú má á það benda, að það er örlítill hluti af tekjum fólks, sem er sparaður. Það liggja að vísu ekki fyrir upplýsingar um það hér á landi, hve mikill hluti af tekjum einstaklinga er sparaður, en þar sem upplýsingar liggja fyrir um þetta, eins og t. d. í Bretlandi, má upplýsa það, að fyrir nokkrum árum var gert ráð fyrir því, að í Bretlandi spöruðu einstaklingar um 4% af tekjum sínum. Nú býst ég við, að Íslendingar séu sízt taldir sparsamari en Bretar, og hér er miklu örari verðbólguþróun en þar, svo að með ólíkindum má telja, að þessi prósenta sé hærri hér, þannig að ef við gerum ráð fyrir því, að fólk eyði um 95% af tekjum sínum, þá verður það þannig, að jafnvel þótt hægt væri að hafa eftirlit með allri eignaaukningu, þá væri það ekki nema örlítið brot af tekjunum, sem þannig væri hægt að hafa eftirlit með. En ekki er ástæða til að ætla, að stærri hluti af skattsviknum tekjum sé sparnaður heldur en af öðrum tekjum. Í öðru lagi má á það benda, að mjög auðvelt er auðvitað að koma eignaauka undan skömmtum, ef þeir, sem tekjur svíkja undan skatti, telja nauðsynlegt að spara þessar tekjur. Það má gera á óteljandi vegu, og einkum þegar verðbólguþróun er, þá er hægt að fela eignaauka nærri því hvernig sem er. Niðurstaðan hlýtur að vera sú, að með því að undanþiggja vissar eignir framtalsskyldu og gera aðrar framtalsskyldar, þá er að vísu hægt að hafa áhrif á það, hvernig þeim tekjum, sem sviknar eru undan skatti, er ráðstafað, hvort þeim er eytt eða þær eru sparaðar, en á því eru að mínu áliti engar líkur, að neinum teljandi árangri sé hægt að ná í þá átt að hafa betra eftirlit með framtöldum tekjum.

2. brtt., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flytur, er sú, að ákveðnir séu 4—5% vextir af bréfunum. Nú verður það auðvitað mikið álitamál, hver vaxtakjör og önnur lánskjör þurfi að vera, til þess að von sé um, að þessi bréf seljist. En ég tel þó öruggt með tilliti til fenginnar reynslu, að ef lánskjörin væru rýrð svo mjög sem felst í brtt. frá hv. þm., þá væri lítil sem engin von til þess, að þessi bréf seldust. Í því sambandi má minna á það, að eins og nú er, væri möguleiki á því að fá sparifé vísitölutryggt með því að leggja það inn á reikninga á vegum húsnæðismálastofnunarinnar. Með skyldusparnaðinn er það þannig, að hann er undanþeginn skattskyldu, hann er vísitölutryggður og þar eru vextir 5½%. En nú er unglingum, sem skyldusparnað inna af hendi, heimilað að leggja inn á þessa reikninga eftir vild, en þarna hefur fólk aðgang að því að verðtryggja sparifé sitt, því að ég vænti þess ekki, að húsnæðismálastjórnin kæfi ofan í það, ef unglingur leggur peninga inn

á þessa reikninga, hvort þeir komi frá honum sjálfum eða pabba hans, enda mun húsnæðismálastjórn það ekki skylt. Að því er ég bezt veit, mun þó vera mjög lítið um það, að fólk noti sér þann möguleika, sem hér er fyrir hendi, og með tilliti til þess, að þarna er í rauninni boðið upp á miklu hagstæðari kjör en vera mundi, ef þessar brtt. væru samþykktar, þá má telja það nokkurn veginn vonlaust, að skuldabréfin gengju út, ef þessar brtt. væru samþykktar. Sé hins vegar miðað við þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf á fundi nefndarinnar um vaxtakjör, þ. e. að vextir yrðu 6—7%, þá álít ég mikið álitamál, hvort kjörin eru hagstæðari en nú þegar eru í boði á vegum húsnæðismálastjórnarinnar. Vextirnir eru að vísu nokkru hærri, en á móti því kemur, að þetta fé er bundið til lengri tíma en yfirleitt gerist með skyldusparnaðarlánin. Þar er hámarkstíminn, sem þau verða bundin, 10 ár, svo að mitt mat er það, að varla megi skemmra ganga hvað vaxtakjörin snertir heldur en frv. gerir ráð fyrir. Og ég vil aðeins benda á það, að þegar farið er inn á verðtryggingarleiðina, þá má í byrjun ekki vera allt of smátækur og ekki ganga of langt í því efni að taka aftur með annarri hendinni það, sem veitt er með hinni, með því að lækka vextina allt of mikið. Hitt er annað mál, að þegar frá liði, ætti verðtrygging að skapa möguleika á því að lækka vexti talsvert frá því, sem nú er. En vara ber að mínu áliti við því að vera of fljótur á sér í því efni, því að það hefur aldrei þótt viturlegt að selja skinnið af refnum, áður en búið er að skjóta hann, og ég álít, að fyrst eigi að stöðva verðbólguna, síðan að afnema hömlur, sem hún hefur gert nauðsynlegar, en ekki byrja á því að afnema hömlurnar og ætla sér svo að stöðva verðbólguna síðar.

Að lokum tel ég rétt aðeins að minnast á seinni brtt., sem meiri hl. n. flytur. Það er orðalagsbreyting við 5. gr. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vísa til orðaskipta, sem þeir áttu við 1. umr. málsins, hv. 3. þm. Norðurl. v. og hæstv. fjmrh. Sá fyrrnefndi taldi, að orðalag frv., eins og það upphaflega lá þá fyrir, væri ekki nægilega skýrt, en það var til þess að koma til móts við þetta, sem þessi brtt. var flutt.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef kosið að skila séráliti um það frv., sem hér er til umr., og það er vegna þess, að ég vil ekki standa að samþykkt þessa frv., eins og það er nú úr garði gert, og vil ég reyna að skýra þá afstöðu mína í örfáum orðum.

Ég vil strax taka það fram, að ég dreg út af fyrir sig ekki í efa, að um gagnlegar og nauðsynlegar framkvæmdir sé að ræða, sem þetta lánsfé á að renna til, né heldur, að nauðsynlegt sé að afla fjár til þess, annað tveggja með lántöku í einhverju formi eða með sköttum. Og a. m. k. er það víst, að af hálfu ríkisstj. jafngildir þetta frv. yfirlýsingu um það, að þrátt fyrir þá geysilegu skattheimtu, sem hún hefur staðið fyrir á undanförnum árum, sem m. a. lýsir sér í því, að upphæð fjárl. hefur nær fjórfaldazt á valdatíma hennar, þá skortir hana nú fé til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem hún hefur gert áætlanir um að ljúka á þessu ári, þ. e. a. s. til hinnar svokölluðu framkvæmdaáætlunar, sem hún hefur gert sér, en hefur ekki látið svo lítið að kynna hv. Alþingi. Og það liggur svo mikið á að fá þetta fé inn, að það er það harðasta, að hér á hv. Alþingi sé afskammtaður hæfilegur tími til þess að afgreiða þetta mál, og búið, áður en frv. kemur til umr., að ákveða það, að sala skuldabréfanna skuli hefjast á ákveðnum mánaðardegi nú í þessum mánuði.

Enda þótt ég ætli út af fyrir sig ekki að vefengja það, að eitthvað þurfi að gera til fjáröflunar, þá vil ég þó taka það fram, að það er skoðun mín, að það sé a. m. k. mjög miklum takmörkunum háð, að hve miklu leyti eigi að eyða fyrir fram skatttekjum ríkissjóðs, þ. e. a. s. þeim sköttum, sem eiga eftir að koma inn á ókomnum árum og hljóta því að íþyngja skattþegnunum í framtíðinni. En það eru auðvitað mýmörg dæmi fyrir því og kunna að vera til þess talsvert ríkar ástæður, að það sé rétt að dreifa greiðslubyrði til einstakra framkvæmda á fleiri ár með því að taka lán. Og það kann sem sagt vel að vera, að slíkar ástæður séu fyrir hendi nú. Þó vil ég segja í þessu sambandi, að það væri vissulega viðkunnanlegra, þegar hæstv. ríkisstj. kemur fram fyrir Alþingi og biður um leyfi til þess að fá að taka slíkt lán sem þetta, að hún gerði þá jafnframt fulla grein fyrir framkvæmdaáætluninni, eins og hún var á þessu ári, þó að árið sé nú senn liðið, hve mikið hefur verið framkvæmt af henni, hve mikils fjár hefur verið aflað og hve mikið raunverulega skorti. En þessar upplýsingar hafa ekki enn þá legið fyrir Alþingi, og ég vildi nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvernig þessi mál standa, hversu mikið fé vanti enn á, að hægt sé að framkvæma það, sem framkvæmdaáætlunin mun hafa gert ráð fyrir og maður hefur heyrt samkv. lausafréttum að hefði átt að nema 900—1000 millj. kr.

En sem sagt, þessi framkvæmdaáætlun hefur ekki verið lögð fram á Alþingi og hefur ekki verið samþ. hér. Ég geri að vísu ráð fyrir, að það sé alveg rétt, sem kom hér fram í framsöguræðu hæstv. ráðh., að út af fyrir sig séu heimildir í l. til allra þessara framkvæmda. En það ætti auðvitað að vera mál þingsins, a. m. k. að einhverju leyti, hvaða framkvæmdir þarna ættu að sitja fyrir af þeim, sem lagaheimildir eru til fyrir, og hverjar ættu frekar að sitja á hakanum, ef um fjárskort er að ræða.

Það er auðvitað líka rétt, sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., að ýmsar aðrar

leiðir en sú, sem hér er um að ræða, gætu einnig komið til greina. Og ég vil segja, að þar gæti verið um fleiri leiðir að ræða en hann nefndi, þ. e. a. s. að skattar kæmu til greina og erlent lán kæmi til greina, sagði hann, en mér sýnist, að það gæti líka komið til greina að skylda Seðlabankann til þess að láta eitthvað af hendi af frysta innstæðufénu, sem nú er talið nema 1000 millj. kr., og mér fyndist líka, að þegar slíkt hallærisástand ríkir sem raun ber vitni hjá hæstv. ríkisstj., þá kæmi til greina að taka einnig af því fé, sem hún hefur lagt í svokallaðan jöfnunarsjóð. Mér sýnist ekki nein veruleg hagfræði vera í því, að ríkissjóður leggi inn á sparisjóðsbók 100 millj. kr., eins og gert hefur verið, sem rýrna ár frá ári, en gefi á sama tíma út skuldabréfalán, þar sem lántakendur eiga að vera fullkomlega tryggir gegn gildisrýrnun peninganna. Ég hygg, að einstaklingur mundi ekki haga sínum búskap á þennan veg, og ég tel það ekki heldur hyggilegt, að ríkissjóður geri það. Og enn fremur í þriðja lagi, til viðbótar við þær leiðir, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. ræddi hér, þá mætti svo nefna það, að á undanförnum árum hefur verið mjög mikill tekjuafgangur hjá ríkissjóði, tekjuafgangur upp á hundruð millj., og honum mun ekki nándar nærri vera fullráðstafað, þannig að ef fé skortir núna til óhjákvæmilegra framkvæmda og jafnvel framkvæmda, sem búið er að gera, þá sýnist mér geta vel komið til greina að taka það, sem á vantar, að einhverju eða öllu leyti af þeim tekjuafgangi, sem verið hefur á undanförnum árum, og af þeirri umframskattheimtu, sem hefur verið framkvæmd umfram þarfir af landsmönnum. Það er svo greinilega ókostur við þessa fjáröflunarleið, sem hér er farin, að hún er þannig úr garði gerð, að það er greinilega stefnt að því að hefja kapphlaup við viðskiptabankana um það innstæðufé, sem þeir hafa yfir að ráða og þeir verja til lána til almennra framkvæmda og til rekstrar atvinnuveganna. Og það mun flestum, sem þekkja til starfsemi þeirra og lánaskortsins í landinu, vera ljóst, að viðskiptabankarnir eru ekki of vel haldnir til þess að geta gegnt þessu hlutverki sínu, þó að ríkissjóður hlaupi ekki í stórum stíl í kapp um það að ná til sín innstæðufé og auka þannig raunverulega sparifjárfrystingu í landinu, enda mun það vera svo, að viðskiptabankarnir munu vera ákaflega lítið hrifnir af þessari lántöku, sem ég verð að telja fullkomlega eðlilegt. En það má að sjálfsögðu segja, að þar sem ekki er hér um neitt stórlán að ræða, þá skipti það ekki ákaflega miklu, þó að þessi leið sé farin um ekki stærri lántöku, ef að öðru leyti væri sómasamlega frá málinu gengið af hálfu hæstv. ríkisstj., en ég tel, að nokkuð skorti á, að svo sé.

Kem ég þá að því, sem ég hef sérstaklega að athuga við frv. og hef flutt brtt. um. Það er þá í fyrsta lagi, að ég tel það út af fyrir sig fullkomlega óeðlilegt og óþingræðislegt, að lánskjör og lánstími séu ekki ákveðin í aðalatriðum í frv., ákveðin af Alþingi, sem lántökuna á að leyfa, og allt slíkt lagt í hendur hæstv. fjmrh. Það kunna að vísu að vera fordæmi fyrir því, að svona hlutir séu gerðir, en þá tel ég það vera slæm fordæmi, sem ekki afsaka það, að þessi háttur sé nú á hafður. Í öðru lagi er með þeim hætti, sem hér er að staðið, tekið fjárveitingavald af Alþingi á því fé, sem er fengið að láni hjá kaupendum skuldabréfanna. Það eru að vísu einnig í því efni fordæmi og þau jafnvel stór. En ég tel það ekki góðan hátt, sem hafður hefur verið á í stórum stíl á undanförnum árum og í stöðugt vaxandi mæli, að taka raunverulega fjárveitingavaldið af Alþingi, taka milljónalán árlega erlendis og úthluta þeim eftir geðþótta ríkisstj., en þetta hefur verið gert í þeim tilvikum, sem m. a. hæstv. fjmrh. benti hér á sem fordæmi í framsöguræðu sinni fyrir málinu við 1. umr.

Það er skoðun mín, að bæði lántökur og lánveitingar á vegum ríkisins ættu að bindast í fjárlögum, og framkvæmdaáætlun um þær framkvæmdir, sem Alþingi hefur gefið heimild til, ef til vill á mörgum árum, hún á líka að vera mál Alþingis, en ekkert einkamál ríkisstj., sem hún heldur leyndu fyrir löggjafarsamkomunni. Í þriðja lagi tel ég svo, að vextir eins og þeir eru fyrirhugaðir, þó að það sé ekki bundið með lagaákvæðum, séu of háir, þ. e. a. s. 7.2% auk fullkominnar verðtryggingar, og af því leiði, að lánið sé óhagstæðara fyrir ríkissjóð sem lántaka en ástæða er til, og einnig sé hægt að skoða þessa háu vexti, miðað við þau hlunnindakjör að öðru leyti, sem bréfunum fylgja, að það sé raunveruleg vísbending, ef þetta verður samþ., um vilja Alþingis um að viðhalda þeim háu vöxtum, sem nú ríkja í lánakerfinu og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og komið á.

Það má vel vera, að núverandi vaxtahæð sé aðeins umdeilanleg á verðbólgu- og verðhækkunartímum, eins og hafa verið hér á undanförnum árum, þar sem árleg verðgildisrýrnun hefur raunverulega étið upp vextina og ef til vill stundum talsvert meira, þar sem raunvextir af fénu hafa verið litlir eða jafnvel engir. En hitt er að mínu viti ekki umdeilanlegt, að á tímum verðstöðvunar eru slíkir vextir sem hér hafa verið undanfarin ár hrein fásinna, sem hlýtur að hefna sín á margvíslegan hátt, ef henni er haldið áfram, eftir að verðstöðvunartímabil er hafið, og m. a. mundi hefna sín á þann hátt að torvelda framhald verðstöðvunar, því að hinir háu vextir eiga auðvitað sinn gífurlega mikla þátt í því, hve erfitt er að halda dýrtíð og verðbólgu í skefjum, auk þess sem þeir hljóta að rýra lífskjör almennings, kalla á meiri launahækkanir en eru kannske æskilegar fyrir efnahagskerfið, og ýta þannig hjólinu af stað aftur. Og ég tel það hreinustu furðu, hvað sem um fyrri tíma má segja, að í kjölfar júnísamkomulagsins, sem gert var milli verkalýðsfélaganna

og atvinnurekenda og ríkisstj., þá skyldu vextir ekki strax vera lækkaðir eitthvað, því að viðhorfin voru að mínu viti alveg gerbreytt og þau rök, sem áður voru kannske fyrir hendi um háa vexti, voru að meira eða minna leyti fallin úr sögunni og verður ekki til að dreifa nema í stöðugt minnkandi mæli, eftir því sem raunverulegt verðstöðvunartímabil stendur lengur. Og ég hygg, að það fari varla milli mála, að hæstv. ríkisstj. hljóti að verða óstætt til lengdar á þessum vöxtum, a. m. k. ef framhald verður á því verðstöðvunartímabili, sem hefur ríkt í landinu undanfarna mánuði.

En varðandi þetta lán gildir auðvitað verðtryggingin sama sem trygging fyrir verðstöðvun, og verður þess vegna að meta vextina með hliðsjón af því. Og ég verð að segja það, að með 4—5% vöxtum, eins og ég legg til að verði hafðir af þessu láni, að viðbættri fullkominni tryggingu gegn verðgildisrýrnun, þ. e. a. s. verðbótum, og þar til viðbótar fullkomnu skattfrelsi, sem áður hafi ekki þekkzt á neinum verðbréfum, sem á markaðinum hafa verið, og er um algert nýmæli að ræða, þá tel ég þetta höfðingleg kjör fyrir lánveitendur, þ. e. a. s. kaupendur skuldabréfanna.

Það er auðvitað erfitt um það að deila, hvernig sölumöguleikarnir kunna að vera. En það er skoðun mín, að þetta séu það góð kjör, að ekki stærra lán en þetta mundi auðveldlega ganga út á stuttum tíma, þó að kjörin væru ekki hærri en ég legg til. Mér finnst, að sá samanburður, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. var hér með varðandi skyldusparnaðinn, sé algerlega rangur. Það er að vísu rétt, að vextir eru þar örlítið hærri en ég legg til, hins vegar er lánstíminn, bindingin á lánsfénu, undir flestum kringumstæðum miklu lengri, þar sem hann getur verið allt að 10 ár þar, en hér eru menn lausir allra mála um festingu á þessu fé að 3 árum liðnum og geta tekið út hvaða dag sem þeir vilja. Og auk þess held ég, að a. m. k. á tiltölulega rólegum tímum í verðlagsmálum, verðstöðvunartímum, þá sé miklu meiri trygging í byggingarvísitölu en í framfærsluvísitölunni, því að þótt henni sé haldið niðri, m. a. með niðurgreiðslu úr ríkissjóði og öðrum stjórnaraðgerðum, þá er það nærri víst og fullkomlega víst, að byggingarvísitala mundi fara hækkandi, m. a. vegna þess, að það eru engar líkur á því, að stjórnarvöld færu nokkru sinni í niðurgreiðslur á byggingarvísitölunni. Það er líka nokkurn veginn víst, að þrátt fyrir verðstöðvun mundi verða um árlega eða svo til árlega kauphækkun að ræða, sem hlyti að hækka byggingarvísitöluna, jafnvel þótt framfærsluvísitalan stæði í stað, og ég tel þess vegna engu saman að jafna, a. m. k. miðað við verðstöðvunartíma, um það, hversu miklu byggingarvísitalan er hagstæðari.

Þá er það í fjórða lagi, sem ég hef þá aths. að gera við frv., að ég tel, að það komi ekki til nokkurra mála, að það sé rétt, að þessi bréf eigi að vera undanþegin framtalsskyldu, og ég bendi fyrst á það, að hér er um algert nýmæli að ræða í skattamálum, þar sem framtalsskylda hefur verið á öllum verðbréfum, sem gefin hafa verið út í landinu fram að þessu. Og það er mín skoðun, að það sé mikil spurning a. m. k., hvort framtalsskylda ætti ekki einnig að vera á öllu sparifé, þrátt fyrir það að það sé undanþegið skattlagningu. Og ástæðurnar fyrir þessu eru fyrst og fremst þær, að ég tel, að skattaeftirlit án framtalsskyldu á svo mikilsverðum hlutum sem verðbréfum og innstæðufé geri allt skattaeftirlit mjög torvelt eða jafnvel í ýmsum tilvikum algerlega ómögulegt. Ef skattaeftirlit á að vera virkt, er það auðvitað alveg bráðnauðsynlegt, að hægt sé að gera samanburð á framtölum manna frá ári til árs, jafnvel mörg ár aftur í tímann. Ef menn geta stöðugt skýlt sér á bak við það, jafnvel þótt grunsamlegir hlutir komi fram, t. d. í sambandi við skyndilegar eignaraukningar, að þeir hafi átt svo og svo mikið af verðbréfum, sem þeir hafa ekki verið skyldir að telja fram, svo og svo mikið af sparifé, sem þeir hafa ekki verið skyldir að telja fram, þá hygg ég, að slík rannsókn mundi aldrei geta svarað þeim tilgangi, sem hún þarf að svara. Ég bendi líka á í þessu sambandi, að hér er í raun og veru gengið skrefi lengra varðandi þessi bréf að þessu leyti en gert er varðandi venjulegt sparifé, því að þau ákvæði eru í núgildandi skattalögum, að innlánsstofnanir eru skyldar til þess að gefa skattayfirvöldunum upplýsingar á hverjum tíma um innstæðu manna, ef rannsaka þarf feril þeirra í skattamálum. Og það er þannig hægt a. m. k. að verulegu leyti að hafa eftirlit með því, hvernig eignir manna hafa orðið til á löngu tímabili, gegnum slíka heimild. En í þessu tilviki er ekki um neitt slíkt að ræða. Ef bréfin eru ekki framtalsskyld, er þar enginn annar aðili en sjálfir eigendurnir, sem gæti gefið einhverjar upplýsingar, engar stofnanir, sem þær gætu gefið, þannig að frelsið yrði að þessu leyti miklu meira en það hefði nokkurn tíma verið varðandi sjálft sparifé. Og ég hefði a. m. k. haft mjög gaman af því í sambandi við þetta, að fyrir hefði legið álit skattayfirvalda og þeirra, sem eiga að annast skattaeftirlit, á þessu atriði, og það er skoðun mín a. m. k., að vísu að óreyndu, að þeir mundu eindregið mæla á móti því, að farið væri að leyfa sölu verðbréfa með þessum skilmálum, sem hér er um að ræða, af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt. Hv. frsm. meiri hl. vildi álíta, að till. mín um það að fella niður framtalsskylduna væri ekki samboðin hv. Alþingi. Það voru ekki stærri orð, sem hann hafði um það, heldur en þau. En ég vil þá spyrja hv. frsm. meiri hl.: Telur hann þá samboðið Alþingi í sambandi við útboð á skuldabréfaláni að binda raunverulega hendur löggjafans um skattalagaákvæðið í sambandi við slíkt mál sem þetta um 10 ára skeið, því að ef það verður samþykkt hér í sambandi við þetta frv., að þessi bréf skuli

ekki vera framtalsskyld, þá tel ég líka útilokað, að hv. Alþingi geti komið rétt á eftir og sagt: Þau skulu vera framtalsskyld, — jafnvel þó að það yrði þá ofan á hér á hv. Alþingi að hafa bæði verðbréf og sparifé framtalsskyld.

Það má svo vel vera, að það sé rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að það skorti þarna á hegningarákvæði í sambandi við framtalsskylduna. Ég skal ekki deila um það við hann, og ég geri ráð fyrir því, að hann hafi þar kannske lög að mæla, og eftir stæði þá það sem sagt, að þetta ákvæði væri án þess að ljóst væri, hvort við því væru stór viðurlög. En sé svo, sem ég ætla ekki að svo stöddu að vefengja, þá yrði það auðvitað opið mál strax eftir samþykkt till. minnar að koma slíku viðurlagaákvæði inn í skattalög. En ég tel þau alls ekki eiga heima í sambandi við þetta lagafrv., heldur ættu þá heima í skattalögum, og það sé ákaflega óeðlilegt, einmitt eins og hér er gert, að koma þannig með skattalagaleg nýmæli í sambandi við útgáfu á sérstökum skuldabréfalánum, sem er þó ekki stórvægilegri en hér er um að ræða. Ég held þess vegna, að ásakanir hans til mín út af þessari till. hitti þá frekar fyrir, sem að þessu frv. hafa staðið.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 82 ber með sér, mælum við framsóknarmennirnir í hv. fjhn. með samþykkt þessa frv., en áskiljum okkur þó rétt til að fylgja brtt., er fram kynnu að koma og við teldum æskilegar. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að rétt sé að gera tilraun til að taka innlent lán, eins og frv. gerir ráð fyrir, og er nauðsyn á því vegna þess, hve mikilsvert er að hraða framkvæmdum ýmsum, sem eru á vegum ríkisins. Ekki er það að vísu að mínu áliti ánægjulegt að þurfa að taka lán með svo háum vöxtum og óaðgengilegum lánakjörum að öðru leyti sem hér er gert ráð fyrir, samhliða þeirri ofsalegu tekjuöflun, sem á sér stað af hálfu ríkisins, tekjuöflun, sem er með miklum árangri vegna hins sérstaklega mikla aflagóðæris og þeirrar afkastamiklu tækni nýja tímans, sem komin er nú til sögunnar á seinustu árum. En það er staðreynd, að þessar tekjur og þessi aðstaða nýtist ekki í höndum núv. hæstv. ríkisstj. betur en svo, að full þörf virðist vera fyrir umræddá lántöku. Þetta er ekki góð staðreynd, en staðreynd eigi að síður, og taka verður hvern hlut eins og hann er, aka seglum eftir vindi, þótt óhagstæður sé. Þó að ég mæli þess vegna með því, að þessi fjáröflunarleið verði reynd, tel ég þetta ekkert ánægjuefni, tel hana ekkert æskilega leið til að fara hana, sé hins vegar ekki, að hjá því verði komizt. Ef sala á umræddum skuldabréfum á að takast, tel ég fyrir mitt leyti, að veita verði kaupendum þau fríðindi, sem frv. gerir ráð fyrir, önnur en að skuldabréfin verði undanskilin erfðafjárskatti. Ég álít, að skuldabréfin verði að vera skattfrjáls eins og sparifé og ekki framtalsskyld frekar en sparifé. Þessum réttindum vilja þeir, sem eiga sparifé, ekki sleppa, og til þess að með útboðinu á bréfunum verði hægt að keppa við innlánsstofnanir um sparifé, þá þarf að verðtryggja bréfin, og um það er raunar enginn ágreiningur. Hins vegar teldi ég of langt gengið í samkeppninni við bankana að undanþiggja bréfin erfðafjárskatti, og um það var gott samkomulag í n. og einnig við hæstv. fjmrh. að leggja til að fella það ákvæði úr frv., og brtt. um það er flutt af fjhn. í heild.

Um vextina, sem fyrirhugaðir eru og mér skilst að ætlað sé að verði um 7.2% til jafnaðar í 10 ár, vil ég segja, að þeir eru að vísu háir á slíku láni, en ég er þeirrar skoðunar, að ekki sé til neins að tala um lægri vexti, úr því að þessa tilraun á að gera.

Í samræmi við það, sem ég hef nú sagt, mun ég ekki nota fyrirvara minn í nál. til að greiða atkv. með 1. og 2. brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. Vexti og lánstíma hefði getað verið æskilegt að taka fram í frv., hverjir yrðu, en gerð hefur nú verið grein fyrir því, hver lánstíminn muni verða og hverjir vextirnir muni verða, og eftir atvikum get ég sætt mig við það, að þeir séu ekki fram teknir í frv., af því að hér er verið að gera tilraun og ætlunin er að þreifa sig áfram með söluverð bréfanna, a. m. k. í tveimur áföngum, og kann að vera, að þurfi að leita lags með breytingu á kjörum, ef reynslan sýnir í fyrsta áfanga, að árangur verður ekki sem skyldi.

Um 3. brtt., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flytur, gegnir öðru máli. Hún er við 4. gr. frv. Sú grein gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. ráðstafi andvirði bréfanna í samráði við fjvn. Ég tel heppilegra og þingræðislegra, að Alþingi skipti sjálft þessu fé. Um þetta var rætt í n., og setti ég þar fram þessa skoðun mína, en lét þó við vera í þessu tilfelli, af því að hæstv. ráðh. gerði allýtarlega grein fyrir, til hvaða framkvæmda fénu yrði varið, eins og meiri hl. n. líka sagði frá í nál. En að sjálfsögðu tel ég þó réttara, að Alþingi ráðstafi fénu sérstaklega, tel það ekki spilla fyrir málinu á nokkurn hátt eða framkvæmd þess og ætla mér þess vegna að greiða atkv. með 3. till. hv. 4. þm. Norðurl. e. Annars styð ég frv., eins og ég hef áður sagt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka meiri hl. fjhn., sem er skipaður 6 nm. af 7, fyrir góða afgreiðslu á þessu frv. Ég vil að mestu vísa til þess, sem hv. frsm. meiri hl. sagði í sinni ýtarlegu ræðu, og til þess, sem ég sagði um málið við 1. umr. En ástæðan til þess, að ég stend upp, að öðru leyti en því að þakka meiri hl. n., er, að tvö eða þrjú atriði tel ég þurfa að ræða, sem fram komu í ræðu hv. frsm. minni hl.

Hann komst svo að orði, að þessu fé ætti að verulegu leyti að verja til framkvæmdaáætlunarinnar, en ríkisstj. héldi framkvæmdaáætluninni leyndri fyrir Alþingi. Þetta er ekki

rétt. Ég vil í fyrsta lagi minna á það, að í aprílmánuði 1963 lagði ríkisstj. fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966. Hæstv. þáv. forsrh. fylgdi framkvæmdaáætluninni úr hlaði með ýtarlegri ræðu, og þessari grg., sem var prentuð, var útbýtt meðal þm. Um leið var einnig gerð grein sérstaklega fyrir áætlun um árið 1963, nokkru meira sundurliðað en hin árin. En sem sagt, framkvæmdaáætlunin fyrir þessi 4 ár hefur legið fyrir Alþingi, og er engu leyndu haldið. Ef hv. þm. á við það, að því sé haldið leyndu, til hvaða framkvæmda eigi að verja þessu fé, sem ætlað er að afla með lánsútboðinu, þá er það ekki heldur rétt, því að bæði við 1. umr. málsins og á fundi fjhn., þar sem hv. þm. á sæti og var viðstaddur, skýrði ég það ýtarlega, til hvaða framkvæmda þetta fé ætti að ganga.

Hv. þm. komst svo að orði, að hér hlyti að vera um hreint hallærisástand að ræða hjá ríkisstj., fyrst þyrfti að fara á fjörurnar um heimild til slíks lánsútboðs. Þetta hljómar nokkuð undarlega í sölum Alþingis, að heyra einn alþm. kalla það hallærisástand, þótt framkvæmdir hins opinbera séu að einhverju leyti unnar fyrir lánsfé. Þetta væntanlega lán á m. a. að ganga til raforkuframkvæmda, til hafnarframkvæmda, og ég held, að um langan aldur, vafalaust áratugi eða kannske alla stund, hafi t. d. þessar framkvæmdir verið unnar sumpart fyrir framlög af opinberri hálfu og sumpart fyrir lánsfé, svo að það er einhver undarlegur misskilningur að tala um hallærisástand, ef nú þurfi eitthvert lánsfé til slíkra framkvæmda, þar sem það hefur alltaf tíðkazt. Í framkvæmdaáætluninni fyrir þessi 4 ár var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, og það hlýtur hv. þm. að hafa verið ljóst, að þær framkvæmdir, sem þar var um að ræða, áttu ekki allar að vinnast fyrir bein framlög úr ríkissjóði eða opinberum sjóðum eða með skattaálögum, heldur að töluvert miklu leyti fyrir lánsfé.

Annað atriði var það í ræðu hv. þm., sem byggt er á mjög miklum misskilningi líka. Hann segir í nál. á þskj. 84: „Engu að síður verður að telja harla óviðfelldið og óeðlilegt, að Alþingi afsali sér ákvörðunarrétti um lánskjör.“ Og í ræðu sinni komst hann svo að orði, að það væri óþingræðislegt, að lánskjör væru ekki ákveðin af Alþingi sjálfu. Ég vil upplýsa ekki aðeins hv. þm. um það, heldur hv. þdm., að þessi háttur hefur alls ekki verið á hafður. Ég hef athugað lög, sem Alþingi hefur samþykkt um heimildir til ríkisstj. til að taka lán núna síðustu þrjá áratugi, og ég hef hvergi orðið þess var, að lánskjör, þ. e. a. s. lánstími og vextir, væru ákveðin í lögunum. Ég held, að hér sé því um ákaflega mikinn misskilning að ræða hjá hv. þm. og harla hæpinn grundvöllur að kalla það óþingræðislegt, að þetta frv. er að þessu leyti alveg eins og er föst venja hjá Alþingi.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera þetta mál frekar að umræðuefni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 85,1 felld með 10:2 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 80,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 85,2 felld með 10:4 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 85,3 felld með 10:7 atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 80,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 88).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., 16. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 88 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með frv. þessu fer ríkisstj. fram á að fá heimild Alþingis til þess að bjóða út innlent ríkislán með ríkisskuldabréfum eða spariskírteinum, að upphæð 75 millj. kr. Það er langt orðið síðan ríkissjóður hefur boðið út innlent skuldabréfalán, og ætla ég, að það sé um það bil hálfur annar áratugur, síðan það var gert seinast, á árunum 1947—1949, og þá var það gert í því formi, að boðið var út happdrættislán. Skuldabréfamarkaður hefur undanfarin ár og áratugi verið lítill hér á landi, og hefur fjár því að mjög litlu leyti verið aflað til opinberra framkvæmda með slíkum hætti. En erlendis er það mjög tíðkað, að ríkissjóðir afla sér fjár til verklegra framkvæmda með skuldabréfaútboði. Ástæðan til þess, að verðbréf hafa ekki verið hér á markaði eða lítt seljanleg mörg ár, er auðvitað öllum kunn. Það er fyrst og fremst sú mikla óvissa og jafnvægisleysi í efnahagsmálum, sem hér hefur ríkt í áratugi, með örfáum undantekningum. Og vegna hinnar miklu kaupgjalds- og verðlagshækkunar, sem lengst af hefur legið hér í landi ár frá ári, hefur mönnum ekki þótt árennilegt að festa fé sitt til nokkurra ára í skuldabréfum.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að tilraun sé gerð með útgáfu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina. En með hliðsjón af þeirri reynslu, sem hér hefur fengizt undanfarið, er það ljóst, að nokkur vandi er á höndum um ákvörðun

lánsskilmála, lánskjara, ef nokkur von á að vera til þess, að slík bréf seljist. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því í þessu frv., að þessi bréf eða spariskírteini verði bundin vísitölu, þ. e. a. s. verði verðtryggð. Nú hefur það raunar verið reynt hér áður og með tvennum hætti aðallega. Annars vegar eru skuldabréf húsnæðismálastjórnar, sem tryggð eru með vísitölu framfærslukostnaðar, og hins vegar eru skuldabréf, sem Sogsvirkjunin gaf út fyrir 4—5 árum, en þau voru bundin vísitölu rafmagnsverðs í Reykjavík. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að fara inn á nýja braut, og þó að það sé ekki tekið fram í frv. sjálfu, þá er ætlunin sú að prófa vísitölu byggingarkostnaðar. Með því móti vinnst margt. Í fyrsta lagi geta kaupendur þessara bréfa þá treyst því, að þau ár, sem þeir hafa fé sitt bundið í þessum bréfum, rýrni þau ekki í verði miðað við byggingarkostnað í landinu. Það er vitanlegt, að á tímum jafnvægisleysis og verðhækkana freistast margir til þess að festa fé sitt, ekki í bönkum eða sparisjóðum, heldur fyrst og fremst í fasteignum eða kaupum á ýmsum slíkum hlutum, sem talið er að skapi meiri tryggingu fyrir verðmætinu heldur en sparifjárinnlögin. Með því að menn eigi kost á því að leggja það fé, sem þeir kunna að hafa aflögu, í slík bréf eins og hér ræðir um, sem tryggð eru með vísitölu byggingarkostnaðar, þá geta menn óruggir varið því til kaupa á þessum bréfum og frestað þá þeim fasteignakaupum eða öðrum slíkum ráðstöfunum, sem ekki eru bráðaðkallandi og mættu bíða. Það þykir rétt að gera þessa tilraun nú með útgáfu spariskírteina á þessum grundvelli.

Varðandi lánstímann er gert ráð fyrir, að þessi bréf yrðu til 10 ára, en þó þannig, að eftir 3 ár gæti kaupandi eða eigandi bréfanna fengið þau innleyst og síðan á hverju ári eftir þann tíma. Hins vegar er gert ráð fyrir að haga vaxtagreiðslum þannig, að nokkur örvun verði fyrir eigendur bréfanna að láta þau standa og fá þau ekki innleyst strax að liðnum þessum 3 árum. Það er gert með því að gera ráð fyrir nokkru lægri vöxtum fyrstu 3—4 árin, en síðan hækkandi ár frá ári, eftir því sem menn láta féð standa lengur óinnleyst. Það er gert ráð fyrir, að meðalvextir þetta 10 ára tímabil verði 7.2%, en það þýðir, að ef eigandi lætur bréfið standa óhreyft í 10 ár, þá er bréfið með upphaflegum höfuðstól ásamt vöxtum og vaxtavöxtum tvöfaldað á þessum 10 árum, 1000 kr. bréf orðið að 2000 kr., miðað við óbreytt verðlag, en við þessa upphæð bætist svo að sjálfsögðu hækkun byggingarkostnaðar. Það er gert ráð fyrir því, að ársvextirnir fyrstu 3 árin verði hins vegar 6%, en fari síðan hækkandi, eins og ég gat um, þannig að meðalársvextirnir verði 7.2%. Þessi fyrirætlun, að gefa mönnum kost á að leysa bréfin inn eftir 3 ár og síðan á tímabilinu 3—10 ár, er gerð til þess, að þeir, sem vilja ekki eða eru tregir til þess að binda fé sitt algerlega til 10 ára, eigi þess kost, ef þeir þurfa á að halda, að leysa þau inn fyrr.

Ástæðan til þess að lánskjörin eru ekki ákveðin í sjálfu frv., heldur segir í 2. gr. frv.: „Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðh.“ — er kannske fyrst og fremst sú, að ætlunin er að bjóða þetta lán ekki allt út í einu lagi, heldur í áföngum, og vegna þess að ríkisskuldabréf hafa ekki verið á boðstólum í hálfan annan áratug, þarf að þreifa nokkuð fyrir sér, hvernig kjörin þurfa að vera, til þess að eftirspurn verði nægileg eftir þeim. Þess vegna er hugsanlegt, að eftir fyrstu tilraunina þyki ástæða til að breyta einhverju um lánskjörin miðað við reynsluna, sem fæst þá, og þess vegna ekki ástæða til að rígbinda þetta í lögum. En ég vil taka það skýrt fram, að þetta er engin undantekning frá reglum, sem fylgt hefur verið, því að um þrjá síðustu áratugi hafa lög um heimildir til lántöku fyrir ríkissjóð yfirleitt verið með þeim hætti, að lánskjörin, vextir og lánstími, hafa ekki verið ákveðin í l. sjálfum, heldur lagt á vald ríkisstj., eftir því sem um semdist og viðhorf væri á hverjum tíma. Að þessu leyti eru þessi ákvæði 2. mgr. 2. gr. í samræmi við venju.

Það er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv., að þessi skuldabréf eða spariskírteini, svo og vextir af þeim og verðbætur skuli eins og sparifé undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu.

Varðandi notkun þess fjár, sem inn kemur, segir í 4. gr., að ríkisstj. skuli heimilt í samráði við fjvn. að verja því til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs. Í sambandi við framkvæmdir og framkvæmdaáætlun ríkisins vantar nokkurt lánsfé á þessu ári vegna raforkuframkvæmda, hafna, vega, sjúkrahúsa- og skólabygginga, atvinnubótasjóðs og kísilgúrverksmiðju, og ætlunin er að verja því fé, sem inn kemur, til þessara framkvæmda. Ef fengist meira en til þess þarf, er heimild til þess að nota það fé til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs.

Í 5. gr. er nýmæli á þá lund, að heimilt er að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini í stað þeirra, sem upphaflega verða út gefin, m. ö. o. að því leyti sem til innlausnar kemur, t. d. eftir 3—4 ár, á þessum bréfum, er heimilt að gefa þá út ný bréf í stað hinna og nota þau vegna innlausnarinnar eða til greiðslu á því, sem innleysa ber, og þessi heimild standi einnig áfram í lögunum.

Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og varð í n. og d. samstaða hjá meginþorra dm. og nm. um frv. Meiri hl. fjhn. þeirrar d., þ. e. a. s. 6 nm. af 7, mælti með frv. með tveim breytingum, sem samþykktar voru á því, en einn nm. þar skilaði séráliti og vildi gera ýmsar aðrar og meiri háttar breytingar.

Ég ætla, að ég hafi rakið hér meginatriði þessa máls, bæði um fyrirætlanir varðandi sjálft lánsútboðið, lánsskjöl og til hvers á að nota þetta fé, og tel ekki nauðsyn í þessari framsöguræðu að bæta þar fleiru við, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. í tilefni af frv. um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð, sem ég ætla að leyfa mér að koma hér á framfæri nú við 1. umr., en málið fer til fjhn., og þar mun ég eiga kost á að fjalla um það, svo að ég tel ekki þörf á því að tala hér langt mál að þessu sinni.

Ég vil þá í fyrsta lagi segja það, að ég tel, að ástæðulaust sé að vera á móti þeirri tilraun, sem hér á að gera með að bjóða út vísitölutryggt lán fyrir ríkissjóð. Það er alkunna, að sparifjáreigendur hafa borið mjög skarðan hlut frá borði í þeirri verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað hér að undanförnu, og því meira en tímabært, að eitthvað sé gert til þess að rétta þeirra hlut. En þessi heimild vekur til umhugsunar um það, hvort ekki sé nauðsynlegt að taka upp verðtryggingu á sparifé allt, eins og till. hafa legið fyrir hv. Alþingi um.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, hafa þm. Framsfl. borið fram margsinnis till. um, að upp yrði tekin ýtarleg athugun á verðtryggingu sparifjár, hvort ekki sé hægt að koma henni við, og ég tel, að svo mikil nauðsyn sem er á, að ríkissjóður geti tekið lán með þessum kjörum og sparifé sé þannig tryggt, þá sé ekki síður nauðsyn að taka upp verðtryggingu sparifjár almennt, því að augljóst er, að þessi bréf, sem í fyrsta lagi fást endurgreidd eftir 3 ár og sum eftir lengri tíma, koma ekki að notum fyrir nálægt alla sparifjáreigendur í landinu, þótt þeir vildu njóta góðs af þeim ákvæðum. Hér verður aðeins um að ræða þá menn, sem geta bundið sparifé sitt til þetta langs tíma, en sparifé t. d. eldra fólks og ungs fólks, sem er að búa sig undir nám, er hætt við að falli ekki þarna undir, þ. e. a. s. að fólk geti ekki séð af sparifénu eða þori ekki að binda það, þótt ekki sé nema í þetta langan tíma, og eins og er a. m. k. er hér engin trygging fyrir því, að hægt sé að framselja bréfin, þegar fólk þarf á því að halda.

Þá vil ég leyfa mér að inna hæstv. ráðh. eftir því, annaðhvort bankamálaráðh. eða hæstv. fjmrh., hvernig verði með notkun á þeirri heimild, sem Seðlabankanum var veitt með l. frá Alþingi í maí s. l. um útgáfu gengistryggðra skuldabréfa, en eins og hv. þm. muna, voru samþ. hér í þinglokin í vor lög um það, að Seðlabankinn fengi heimild til þess að gefa út gengistryggð bréf, ótiltekið að upphæð. Það gefur að skilja, að svar við þessari spurningu hefur geysimikil áhrif á rekstur viðskiptabankanna, því að ef haldið verður langt áfram á þeirri braut að veita aðeins einum eða nokkrum aðilum heimild til þess að gefa út vísitölutryggð bréf, þá er augljóst, að sparifé leitar þangað, og að sama skapi rýrnar þá hlutur viðskiptabankanna og þeir verða enn þá ófærari um að gegna hlutverki sínu heldur en þeir þó eru nú, og má þó sannarlega ekki á það bæta.

Hæstv. fjmrh. lét hér áðan í ljós þá von, að nokkuð mundi koma af sparifé inn til kaupa á þessum bréfum, því sem ekki væri í bönkum nú, eða því, sem að öðrum kosti mundi verða varið til byggingarframkvæmda, sem mundu þá bíða. Það kann vel að vera, að einhverjir vilji alveg eins kaupa sér þessi bréf eins og byrja á byggingarframkvæmdum, — ég er ekki frá því, að það geti orðið, — en þá er bara hitt: Megum við við því að draga úr byggingarframkvæmdum, vantar ekki alltaf húsnæði, og verður ekki að halda áfram að byggja, hvernig sem þessu er varið?

Ég hefði talið æskilegt, að í sambandi við afgreiðslu þessa máls, það er ekki nauðsynlegt á þessum fundi, en við skulum segja í meðferð fjhn. á málinu, þá lægju fyrir upplýsingar um það, hvað fyrirhugað sé um not á þeirri heimild, sem ég áðan nefndi, um útgáfu gengistryggðra verðbréfa af hendi Seðlabankans. Og ég verð að segja það, að þegar það var til umr. hér í vor, var ég ákaflega mikið á móti því ákvæði, að einum aðila væri veitt sú heimild og alveg ótiltekið. Og ég get miklu betur fellt mig við þetta form, sem þó er hér, þ. e. a. s. að hér er þó ekki nema tiltekin fjárhæð, sem safna á, svo að menn vita þá, hvar þeir standa, hvað þeir eru að samþykkja, en í hinu tilfellinu liggja engar upplýsingar fyrir um það.

Þá finnst mér í þriðja lagi nokkuð athugavert við það, hvernig fjármagnið verði notað. Ég hefði talið eðlilegra, að fyrir lægi ákveðin grg. um það, sem Alþingi féllist á, hvað ætti að gera við það fjármagn, sem ríkissjóði er aflað með þessum hætti, alveg á sama hátt og allar greiðslur ríkissjóðs aðrar eru ákveðnar með fjárlögum. Nú stendur svo vel á, að fjárlög eru ekki fullgerð fyrir árið 1965, þannig að vandalaust er að bæta þar inn í þeim gjaldaliðum, sem rúm verður fyrir vegna þessara peninga.

Svo segir í grg. með frv., og það sagði hæstv. fjmrh. einnig í framsöguræðu, a. m. k. í Ed., ég tók ekki eftir því hér, að það, sem yrði afgangs, þegar búið væri að greiða þær framkvæmdir, sem hann tiltók, hafnarframkvæmdir, raforkuframkvæmdir, og eitthvað var það meira, þá mundi það, sem afgangs yrði, ef eitthvað yrði, geta gengið til þess að greiða skuldir ríkissjóðs. Nú hefði mig langað til þess að fá upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh., hvaða skuldir ríkissjóðs það eru, sem áætlað er að greiða með þeim afgangi, sem þarna verður, ef einhver verður. Eru það fastar, umsamdar skuldir ríkissjóðs, sem stendur til að greiða niður, og er það rétt að gera það, ef svo er, eða eru það kannske lausaskuldir ríkissjóðs, sem stendur til að borga með þessu fjármagni, og ef svo er, þá hvaða lausaskuldir eru það? Ég spyr að þessu vegna þess, að mér hefur skilizt, að við undanfarin reikningsskil hjá hæstv. fjmrh. hafi það verið svo, að lausaskuldir ríkissjóðs væru engar, og ég minnist þess, að í fjárlagaræðu, sem hæstv. fjmrh. hélt hér á Alþingi 22. okt. í fyrra, sagði hann: Lausaskuldir eru engar í árslok 1962 annað árið í röð. — Ég hefði sem sagt talið æskilegt, að það lægi fyrir við afgreiðslu málsins, hvort

hér hafa orðið til lausaskuldir síðan 22. okt. 1963, sem nú sé nauðsynlegt að afla lánsfjár til þess að greiða með þessum hætti, eða hvort hér stendur til að greiða umsamdar skuldir ríkissjóðs.

Ég hefði talið æskilegra, að lánskjör, vaxtakjör og lánstími væru ákveðin með l., en ekki haft eins og hér er gert ráð fyrir, að það sé á valdi hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. að ákveða það. Ég heyrði raunar, hvað hæstv. ráðh. sagði, að ástæðan væri til þess, að þetta væri ákveðið með þessum hætti, þ. e. a. s. að ekki væri í ráði að bjóða lánið allt út í einu og það þyrfti að leita að þeim kjörum, sem aðgengilegust þættu, og svo enn fremur hitt, sem hæstv. ráðh. benti á, að þegar Alþingi hefði veitt ríkisstj. heimild til lántöku, þá væri það venjan að hafa þessi ákvæði óbundin. En ég verð að segja það, að þar finnst mér vera um töluverðan eðlismun að ræða, því að venjulega, þegar ríkisstj. hefur verið veitt lántökuheimild, þá hefur verið um það að ræða að sjálfsögðu að taka lán hjá lánveitendum, lánastofnunum, hvort sem það er innanlands eða utan, og þá er að sjálfsögðu eðlilegt, að ríkisstj. séu gefnar frjálsar hendur um að sæta þeim beztu kjörum, sem hægt er að fá á lánamarkaði, og er því eigi gott að slá því föstu með lögunum, hver kjörin eigi að vera. En hér víkur allt öðruvísi við að mínum dómi, vegna þess að hér er farið á innanlandsmarkað í samkeppni við þær innlánsstofnanir, sem fyrir hendi eru, og ég hefði talið mjög æskilegt og hefði viljað mælast til þess, að nefnd athugaði það sérstaklega, hvort hægt væri að slá því föstu, með hvaða kjörum þessi bréf verða boðin út. Ég tel það skipta miklu máli.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skuldabréfin og spariskírteinin, vextir og verðbætur skuli undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu, og nú er búið að fella niður, að þau skuli einnig vera undanþegin erfðafjárskatti, og tel ég það til bóta. En ég tel, að það orki tvímælis að hafa þessi bréf undanþegin framtalsskyldu. Ég tel, að það orki tvímælis, og ég vil mælast til þess, að hv. fjhn. taki það mjög rækilega til athugunar, hvort það sé nauðsynlegt. Ég býst við því, að þessi bréf verði með þeim kjörum, að fólk fýsi að kaupa þau, þ. e. a. s. það fólk, sem getur séð af sparifé sínu til lengri tíma, þannig að þess vegna þurfi ekki að gera þau fýsilegri. Ég tel sjálfsagt, að þau séu undanþegin skattlagningu á sama hátt og sparifé hefur verið. En ég tel, að það orki nokkuð tvímælis að hafa þau undanþegin framtalsskyldu. Ég skal ekki fara lengra út í það hér að þessu sinni, hvaða ástæður eru fyrir því, en það eru vissulega allgildar ástæður fyrir því, að ég tel það orka tvímælis.

Þá vildi ég að síðustu í þessum örfáu aths., sem ég geri hér við 1. umr., beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. kannske sérstaklega í fjarveru bankamálaráðh., sem það heyrir undir, hvort fyrirhugað sé, að áframhald verði á svokölluðum frjálsum samningum viðskiptabankanna um kaup á ríkistryggðum bréfum eða ríkisskuldabréfum, sem nemi 10% af sparifjáraukningu þeirra. Þegar frv. um Seðlabankann var til umr. hér í vor, margspurðist ég fyrir um það hjá hæstv. bankamálaráðh., hvort áætlað væri að halda áfram þessum samningum, sem í raun hefur verið nauðungarkvöð á bönkunum, þótt það heiti samningar. Þá fékkst ekkert svar við þeirri spurningu. Hæstv. bankamálaráðh. leiddi hana alveg hjá sér. En blekið var tæplega þornað á undirskriftunum að l. um Seðlabankann, þegar tilmæli komu til viðskiptabankanna á ný að halda þessu framlagi áfram. Ég tel, að með öllum þeim ráðstöfunum, sem hér hafa verið gerðar á undanförnum árum, með innstæðubindingu í Seðlabankanum, með heimild fyrir Seðlabankann til þess að gefa út gengistryggð bréf og með heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka vísitölutryggð lán, hafi verið svo þrengt að hag viðskiptabankanna í landinu, að það sé ekki hægt að ganga lengra, og ég vildi mælast til þess, að skýlaust svar fengist, áður en þetta frv. verður endanlega afgreitt, hvort það sé tilætlunin að halda til viðbótar öllu þessu áfram að gera viðskiptabönkunum það skylt að leggja 10% af sparifjáraukningunni til ríkissjóðs með þeim hætti, sem ég hér nefndi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. að þessu sinni.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir undir meginefni þessa máls, þar sem hann lýsti stuðningi sínum við það, að ríkissjóður fengi þessa heimild til útgáfu ríkisskuldabréfa. En það voru fsp., sem hann lagði fram, og nokkrar aths., sem ég vildi gera hér að umtalsefni.

Hv. þm. ræddi fyrst um till., sem legið hafi fyrir um verðtryggingu sparifjár, og vissulega er hér um mjög merkilegt og mikilvægt málefni að ræða. Það var fyrir fáum árum, sem samþ. var á Alþingi till. til þál. um athugun á verðtryggingu lífeyris og lífeyristrygginga. Prófessor Ólafi Björnssyni var falið það mál til athugunar, og samdi hann á s. l. ári mjög ýtarlega og glögga grg. um það mál, þar sem að sjálfsögðu var komið einnig nokkuð inn á verðtryggingu sparifjár almennt. Þessari grg. skilaði hann á s. l. ári í hendur viðkomandi ráðh., sem falið hafði honum starfið. En í sambandi við athugun á verðtryggingu sparifjár vil ég taka undir það með hv. 11. þm. Reykv., að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Þetta hefur verið undanfarin ár og áratugi til athugunar í mörgum Evrópulöndum og sums staðar gerðar tilraunir í þessa átt. Þetta mál er hins vegar margþætt og margslungið, og spurningin verður fyrst, ef bankar og sparisjóðir eiga að veita sparifjáreigendum verðtryggingu, hvernig þá á að standa undir kostnaði við það og hvernig á að afla fjár til þess. Það má búast við því, að til þess að verðtrygging sparifjár geti komizt í framkvæmd,

þurfi ekki aðeins um leið, heldur jafnvel að einhverju leyti áður að hafa verðtryggt útlán. Ég geri ráð fyrir því, að bankarnir muni ekki treysta sér til að taka að sér verðtryggingu innlána, nema þeir hafi þá heimild til þess einnig að setja tilsvarandi vísitöluákvæði í öll sín eigin skuldabréf eða varðandi öll sín útlán eða a. m. k. meginþorra þeirra.

Nú er það þannig, að mörg lán, sem þegar hafa verið veitt, eru bundin samningum og vafi, hvort hægt er með l. að breyta slíkum lánssamningum þannig að binda þau vísitölu. Þess vegna kemur sú spurning strax upp, hvort verðtrygging sparifjár hljóti ekki að eiga sér alllangan aðdraganda, jafnvel eftir að ákveðið er að fara inn á þá braut, vegna þess að það krefjist töluverðs tíma að koma í kring vísitölubindingu útlánanna. Ég varpa þessu aðeins fram hér til athugunar, vegna þess að gera verður ráð fyrir, að hvort tveggja verði að fara saman, verðtrygging eða vísitölubinding innlánanna og útlánanna, og að alllangan tíma hljóti það að taka að koma slíku í framkvæmd. Í nokkrum löndum hafa verið gerðar tilraunir með þetta, eins og ég gat um, svo sem í Finnlandi og kannske einkum þó í Ísrael, og hafa menn þegar fengið reynslu af þessum ráðstöfunum. Ég vil sem sagt undirstrika, að ég er því alveg sammála, að þetta mál þarf mjög gaumgæfilegrar athugunar við og hefur þegar verið athugað að töluverðu leyti, þó að engar ákveðnar till. liggi enn fyrir um framkvæmd þess.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort Seðlabankinn mundi nota þá heimild, sem lögfest var á síðasta þingi um útgáfu verðtryggðra bréfa. Sú heimild gerði ráð fyrir því, að Seðlabankinn mætti gefa út bréf, sem væru með gengistryggingu. Ég hef ekki heyrt neitt um fyrirætlanir Seðlabankans í þessu efni, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að útgáfa slíkra bréfa mundi ekki koma til greina, meðan þau bréf eru til sölu, sem þetta frv. fjallar um.

Þá minntist hv. þm. á samninga ríkisstj. og bankanna um, að bankarnir lánuðu, eins og gert hefur verið bæði í ár og í fyrra, vissa upphæð vegna opinberra framkvæmda eða í sambandi við framkvæmdaáætlunina. Og hann spurðist fyrir um það, hvort áframhald mundi verða á því, að ríkisstj. færi fram á slíkt við bankana. Út af því vil ég taka það fram, að framkvæmdaáætlunin fyrir árið 1965 er nú í endurskoðun. En eins og kunnugt er var í aprílmánuði 1963 lögð fram þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir árin 1963—1966, og fylgdi þáv. hæstv. forsrh. henni úr hlaði með ýtarlegri grg. Miklar breytingar hafa orðið í okkar efnahags-, verðlags- og kaupgjaldsmálum síðan, og af eðlilegum ástæðum hefur því þótt rétt að hefja nú endurskoðun á áætluninni fyrir næsta ár og í framhaldi af því fyrir árið 1966. Þegar hin endurskoðaða framkvæmdaáætlun fyrir árið 1965 liggur fyrir, verður það væntanlega ljóst, hvort á því þarf að halda að leita til bankanna eins í ár og í fyrra um lán til þessara framkvæmda. Um það get ég ekki fullyrt að þessu sinni. En ég vil taka það fram, að vitanlega stendur þetta lánsútboð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, í nokkru sambandi við það, hvort og að hve miklu leyti þurfi að leita til bankanna. Ég geri ráð fyrir því, að við hv. þm. séum sammála um, að það væri að mörgu leyti æskilegt, að ríkissjóður þyrfti vegna sinna framkvæmda ekki að leita eftir fé frá bönkunum, heldur gæti aflað síns fjár með lánsútboði á hinum almenna markaði, þannig að viðskiptabankar og sparisjóðir gætu sinnt öðrum verkefnum, fyrst og fremst atvinnuveganna. En um þetta er ekkert hægt að fullyrða fyrr en annars vegar hin endurskoðaða framkvæmdaáætlun liggur fyrir og í annan stað séð er, hverjar undirtektir þetta lánsútboð, sem hér liggur fyrir, fær. Hv. þm. taldi æskilegra, að lánskjörin, þ. e. a. s. lánstími og vextir, væru ákveðin í frv. sjálfu. Ég rakti hér nokkuð áðan, hverjar ástæður lægju til þess, að erfiðara væri að ákveða slíkt eða binda í l., því að ef menn teldu, að breyta þyrfti lánskjörunum eftir fyrsta áfangann, þyrfti lagabreytingu til, ef þetta væri bundið nú þegar, og m. a. af þeirri ástæðu væri þessi aðferð hentugri. En ég vil enn undirstrika það, að þessi aðferð, sem hér er höfð, að ríkisstj. ákveði lánskjörin, er í samræmi við þingvenju. Hv. þm. taldi, að það væri nokkuð öðru máli að gegna, þegar ríkið tæki lán beint frá öðrum lánastofnunum, heldur en þegar um almennt útboð væri að ræða eins og hér. En ég vil benda á það, að síðast þegar reynt var almennt lánsútboð ríkissjóðs, fyrir 15—16 árum, þá var sami háttur hafður á og nú. Í þeim l. er ekkert ákveðið um lánskjör, hvorki lánsvexti né lánstíma, heldur aðeins um lánsupphæð.

Varðandi svo loks það atriði, til hvers eigi að verja þessu láni, taldi ég hér upp áðan þá málaflokka eða framkvæmdaflokka, sem lánið á að ganga til. Ég hef ekki talið ástæðu til að ákveða hins vegar nákvæma sundurliðun í upphæðum fyrir hvern einstakan málaflokk í l., en að sjálfsögðu getur fjhn. fengið upplýsingar um það, ef óskað er. En í rauninni er það þannig, að um þessa framkvæmdaflokka flesta, ef ekki alla, liggja þegar fyrir heimildir í l. Það má nefna raforkuframkvæmdirnar, sem 10 undanfarin ár hafa verið unnar að meira eða minna leyti fyrir lánsfé. Það liggja fyrir heimildir um að taka lán til þeirra hluta. Eins er það t. d. um annað atriðið, sem ég nefndi, sem er kísilgúrverksmiðjan. Samkv. l. frá síðasta þingi er beinlínis gert ráð fyrir því, að ríkið leggi fram visst fé og hafi heimild til þess að taka það að láni.

Hv. þm. spurði svo um það, ef eitthvað yrði afgangs af lánsupphæðinni frá þessum framkvæmdum, hvort ríkissjóður mundi þá nota það til þess að greiða umsamdar skuldir, þar sem honum hafði skilizt á mér í fjárlagaræðum,

að lausaskuldir væru engar hjá ríkissjóði. Ég vil þá taka það fram í fyrsta lagi, að ef meira fé kemur inn heldur en þarf til umræddra framkvæmda, geri ég ráð fyrir, að það verði fyrst og fremst notað vegna ríkisábyrgðasjóðs, en ríkisábyrgðasjóður hefur þurft að taka bráðabirgðalán til þess að geta staðið undir þeim skyldum, sem á honum hvíla, þar sem framlög í fjárl. hafa ekki nægt til þess nú að undanförnu. Ég segi: hér hefur verið um bráðabirgðalán að ræða, og horfurnar hafa verið þannig um þróun ríkisábyrgðanna, að eftir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið undanfarin 3 ár í þeim efnum, lítur út fyrir, að byrði ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs fari heldur minnkandi af þessum ástæðum. En til þess að komast yfir vissa örðugleika hefur hann þurft að taka bráðabirgðalán, og geri ég ráð fyrir, að þessu láni eða því, sem umfram er framkvæmdafé, yrði fyrst og fremst varið í þessu skyni.

Varðandi hins vegar ríkissjóðinn sjálfan er það rétt, að um þrenn síðustu áramót hafa lausaskuldir engar verið hjá ríkissjóði. Á þessu ári hefur hins vegar orðið breyting á af ástæðum, sem ég greindi við 1. umr. fjárlaga í októbermánuði, sem stafar af því, að tekjur umfram fjárlög verða á þessu ári ekki neitt í námunda við það, sem verið hefur undanfarin tvö ár, en hins vegar hafa hlaðizt á ríkissjóð á þessu ári mjög stórfelld útgjöld, sem ekki var reiknað með, þegar fjárlög voru afgreidd, og á ég þá fyrst við hinar stórauknu niðurgreiðslur. Af þessari ástæðu hefur viðskiptaskuld ríkissjóðs við Seðlabankann undanfarnar vikur og mánuði verið miklu hærri en tvö undanfarin ár. Hvort tekst að greiða þá viðskiptaskuld á viðskiptareikningi við Seðlabankann upp að fullu um áramót, er ómögulegt að segja á þessu stigi og engan veginn víst, að það takist.

Ég ætla, að ég hafi þá svarað aths. og fsp. hv. þm., og er að sjálfsögðu reiðubúinn til að gefa fjhn. þær upplýsingar, sem þar kynni að verða um beðið. En ég vil að lokum taka það fram út af ummælum hv. þm. um framtalsskyldu og skattskyldu sparifjár, að hv. þm. telur vafasamt að undanþiggja þessi skuldabréf framtalsskyldu. Þegar l. voru sett eða tekjuskattslögum breytt á sínum tíma, fyrir að ég ætla 10 árum, í þá átt að undanþiggja sparifé skattskyldu og framtalsskyldu í því skyni að örva sparifjármyndun i landinu, þá var það náttúrlega mjög umdeilt og umrætt mál, hvort ætti að undanþiggja spariféð eingöngu skattskyldu eða einnig framtalsskyldu. Ýmsir hafa bent á það, að eftirlit með skattaframtölum sé gert erfiðara með því að veita undanþágu frá framtalsskyldunni. Þetta varð samt sem áður ofan á, og hefur ekki þótt fært að breyta því síðan, þótt skattalagabreytingar hafi verið gerðar, þannig að í dag standa enn þessi 10 ára gömlu ákvæði í skattalögum um spariféð. Þegar nú gerð er tilraun með útgáfu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina í fyrsta skipti í 15 ár, þá telja menn óhjákvæmilegt að hafa að þessu leyti sams konar ákvæði um þau bréf og eru um spariféð. Í fjhn. Ed., þar sem ég kom á fund og svaraði ýmsum fsp., var m. a. rætt um þetta atriði. En niðurstaðan þar varð sú, að aðeins 1 nm. af 7 gerði um það till. til d. að fella niður ákvæðið um undanþágu frá framtalsskyldunni. Hverjum augum sem maður lítur á þetta ákvæði í skattal., þá held ég, að við verðum að hafa sama hátt að þessu leyti á um þessa skuldabréfaútgáfu eins og er í skattal. Ef hér væri þingvilji fyrir því að breyta skattal. þannig, að sparifé yrði aðeins undanþegið skattskyldu, en ekki framtalsskyldu, þá væri eðlilegt, að sama gilti um þau skuldabréf, sem þetta frv. fjallar um.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að með þessu frv. væri að verulegu leyti farið inn á nýjar brautir um fjáröflun handa ríkissjóði. Að vísu eru dæmi til þess, að ríkið hafi áður boðið út skuldabréfalán á innlendum markaði, en þar hefur verið um svo litla fjáröflun að ræða, að hún hefur ekki skipt neinu verulegu máli. Það má e. t. v. segja einnig um það lán, sem hér er ráðgert að bjóða út, að það hafi ekki úrslitaþýðingu. En mér sýnist þó alveg augljóst, að hér sé verið að fitja upp á því að fara inn á nýjar brautir í þessum efnum og hér sé því verið að marka nokkuð nýjar leiðir og það megi búast við áframhaldi. Ég álít því, að það sé nokkur ástæða til þess að huga nokkuð nánar að því, hvað í rauninni er verið að gera með slíku lánsútboði, eins og hér er gert ráð fyrir að framkvæmt verði.

Hér hefur sá háttur verið hafður á um langan tíma, að það hafa eingöngu verið sparisjóðir og bankar landsins svo að segja, sem safnað hafa saman því sparifé, sem til fellur á hverjum tíma í landinu. Ríkisstj. hefur hins vegar nú í seinni tíð reynt að búa þannig um hnútana í löggjöf, að hún hefði talsvert mikið íhlutunarvald, aðallega í gegnum Seðlabankann, á þessari sparifjársöfnun, og það hefur greinilega komið fram á Alþingi, að bönkum og sparisjóðum hefur þótt ríkið skipta sér allmikið af því, hvernig með þetta sparifé væri farið á hverjum tíma. En nú á sem sagt að bæta því einnig við, að ríkissjóður fer að verulegu leyti í kapphlaup við banka og sparisjóði landsins um það að draga til sín spariféð, auk þessara almennu ákvæða, sem ríkið hefur nú í sínum höndum varðandi framkvæmdavald Seðlabankans um ráðstöfun á þessu fé. Ég held, að það geti enginn vafi leikið á því, að þessi ráðstöfun verður til þess að draga úr sparifjármyndun í sparisjóðum og bönkum landsins. Og alveg sérstaklega sýnist mér augljóst, að það verði til þess, þegar þannig á að halda á málinu eins og gert er nú ráð fyrir í grg., sem fylgir með þessu frv. Hér er gert ráð fyrir því, að vaxtakjör í sambandi við þetta lánsútboð verði þannig, að meðaltalsvextir verði í kringum 7.2%, en auk þess eigi svo að verðtryggja það fé, sem þarna fæst. Það er því alveg augljóst, að hér

er verið að bjóða allmiklu betri kjör en bankar og sparisjóðir bjóða nú og þeim er ætlað að starfa eftir. Ég mundi telja, að það, sem eðlilegast væri að gerðist í þessum efnum, væri hreinlega það, að talsvert af fé, sem nú er bundið í sparisjóðum og bönkum landsins, yrði dregið þaðan út og færi til kaupa á þessum skuldabréfum. En það er auðvitað þáttur fyrir sig, hvort ríkið á að leggja inn á þessa braut og draga til sín sparifé og ráðstafa því, láta það sem sagt ekki fara eftir þeim gömlu leiðum, sem það hefur farið nú um langan tíma hér hjá okkur. En þá vil ég lýsa því yfir, að ég tel, að þau lánskjör, sem hér er gengið út frá, séu þess eðlis, að þau séu óeðlileg.

Það er mikið talað um það út af fyrir sig, að það hafi verið farið illa með sparifjáreigendur á undanförnum árum í sívaxandi dýrtíð, og það er auðvitað enginn vafi á því, að þeir hafa út af fyrir sig farið halloka. En leiðin til þess að bæta þeirra hag er ekki sú að mínum dómi að halda uppi mjög háum vöxtum í landinu. Sú framkvæmd, sem fyrirhuguð er í sambandi við þetta frv., er raunverulega að slá því föstu að mínum dómi, að hér skuli vera mjög háir vextir á komandi árum, því að ég tel, að þeir vextir séu mjög háir, þar sem greiða á meðaltalsvexti 7.2% og auk þess á að verðtryggja höfuðstólinn. Ég álít, að þessir háu vextir, sem hér hafa verið um skeið, hafi verið mjög óheillavænlegir í okkar efnahagslífi almennt séð og það beri að stefna að því að lækka vextina og því eigi í slíku lánsútboði sem þessu alls ekki að ganga út frá svona háum vöxtum, ef á að verðtryggja lánið sjálft. Ég hefði því talið, að það væri miklu eðlilegra að binda í þessum l. meir þau ákvæði, sem eiga að vera um vexti og lánskjör, heldur en gert er, og það ætti beinlínis að ákveða vaxtakjörin allmiklu lægri en hér er gefið í skyn að þau eigi að vera, með sérstöku tilliti til þess, að það á að verðtryggja það fé, sem gengur til kaupa á þessum bréfum.

Þá vil ég einnig taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel rangt að hafa ákvæði í frv., sem gerir ráð fyrir því að undanþiggja þessi skuldabréf framtalsskyldu, og þó að þau ákvæði séu enn í l. að undanþiggja framtalsskyldu sparifé, þá á síður en svo að bæta við þau ákvæði. Þau trufla nægilega mikið, þau ákvæði, að hægt sé með eðlilegum hætti að fylgjast með framtölum, svo að það er ekki við það bætandi. Það ætti þvert á móti að endurskoða þau ákvæði. En ég tel síður en svo, að það eigi að nota slík ákvæði, sem í l. eru, sem rökstuðning fyrir því að undanþiggja slíkt lán eins og þetta framtalsskyldu, því að það er enginn vafi á því, að ef það er meining manna, að eðlilegt aðhald sé með framtölum, þá verður sú skylda að vera í lögum, að skuldabréf skuli framtalsskyld og helzt af öllu allt sparifé.

En það ákvæði í þessu frv., sem ég tel þó lakast, er varðandi ráðstöfun á því fé, sem hér er leitað eftir af hálfu ríkisins. Ég tel mjög óeðlilegt, þegar farið er inn á þá braut, að ríkið aflar sér verulegs fjár til ýmiss konar framkvæmda í landinu, þá sé ekki annaðhvort í viðkomandi lögum ákveðið, hvernig með féð á að fara, eða þá hitt ákveðið, að þessu fé skuli ráðstafað af fjárveitingavaldinu sjálfu, af Alþingi. Hér var á það minnzt, að hjá ýmsum öðrum þjóðum væri miklu meira um það heldur en hjá okkur Íslendingum, að ríkissjóðir efndu til skuldabréfasölu á innanlandsmarkaði og öfluðu sér mikils fjár með þeim hætti. Þetta er rétt. Við þekkjum þetta t. d. vel frá Norðurlöndum. Þar er um slíka fjáröflun að ræða í allverulegum mæli hjá flestum ríkissjóðum öðrum en hér á landi. En þar er líka sú regla höfð, að því fé, sem kemur inn eftir þessum leiðum, er ráðstafað ásamt með öðrum tekjum ríkissjóðs, það gengur inn og út á fjárlögum. Það ákvæði í þessu frv., sem segir, að ríkisstj. ráðstafi þessu fé í samráði við fjvn., þetta orðalag, „í samráði við", það hefur nú þegar fengið nokkra reynslu hér, og reynslan er sú, að fjvn. er í rauninni skýrt frá því, hvernig ríkisstj. hefur ákveðið að ráðstafa fénu, en það er ekki borið undir Alþingi sem slíkt, hvernig með féð á að fara. Þetta tel ég í mesta máta óeðlilegt, og verði farið inn á þessa braut í vaxandi mæli á komandi árum, er á þennan hátt verið að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis að verulegu leyti.

Frá því er sagt, að því fé, sem inn komi með þessum hætti, eigi að verja til ýmiss konar verklegra framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun ríkisins. Ég efast ekkert um, að svo sé og svo muni verða gert. En þá er þess fyrst að geta, að Alþingi hefur ekki fengið þessa framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir árið 1964. Ég veit, að hún hefur verið samin. Ríkisstj. hefur eflaust samið slíka framkvæmdaáætlun, þ. e. a. s. tekið ákvörðun um það, hve miklu fé skuli á árinu verða varið til ýmiss konar framkvæmda í landinu, til hafnarframkvæmda, til vegagerða, umfram það, sem Alþingi beinlínis hefur ákveðið sjálft, og til ýmiss konar annarra framkvæmda. Ríkisstj. hefur gengið frá slíkri áætlun sem þessari. En hún hefur ekki lagt þessa áætlun fyrir Alþingi. Alþingi hefur ekki haft neitt orð um það að segja, hvernig þessi framkvæmdaáætlun hefur verið úr garði gerð, en síðan er komið á eftir, eftir að svona hefur verið haldið á málunum, til Alþingis og óskað eftir heimild til þess að taka lán upp á 75 millj. kr. og það eigi að nota þetta lán til þess að sjá um framkvæmd á þeirri framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. hefur samið og hefur ekki einu sinni verið sýnd Alþingi. En ráðstöfun á þessu fé er með þeim hætti, að í ýmsum tilfellum þarf að framlána það fé, sem þarna kæmi inn, til einstaklinga eða til fyrirtækja, en ekki til almennra stofnana, ekki til lánastofnana. Hér er því um að ræða, að þessu fé yrði varið af ríkisstj. t. d. að taka til einstakra hafnarframkvæmda í landinu umfram það sem Alþingi hefur ákveð-

ið að veita til þeirra hafnargerða á yfirstandandi ári. Ég tel því, að þann hátt eigi að hafa á í þessum efnum, að því fé, sem inn í ríkissjóð kemur eftir þessu lánsútboði, eigi að ráðstafa af Alþingi sjálfu og helzt um leið og fjárlög ríkisins eru afgreidd. En eins og ég sagði, verði haldið lengra áfram á þessari braut og næst taki ríkissjóður ekki aðeins 75 millj. kr. lán, heldur 150 millj. kr. lán og svo fljótlega 300—400 millj. kr. lán til þess að sjá um, að nægilegt fé sé til að halda uppi ýmiss konar framkvæmdum í landinu, og ríkisstj. úthlutar þessu láni sjálf, þá er hún búin að taka í sínar hendur eftir þessari leið að verulegu leyti það vald, sem Alþingi hefur verið ætlað, sem er fjárveitingavaldið.

Ég álít því, að í fyrsta lagi sé varhugavert að óbreyttum öðrum aðstæðum að fara inn á þá fjáröflunarleið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel mjög óeðlilegt að hafa vaxtakjörin svo há sem gert er ráð fyrir, með tilliti til þess, að lánið á að verðtryggja. Ég er algerlega á móti því að undanþiggja þessi skuldabréf framtalsskyldunni. Og ég tel óeðlilegt að hafa þau ákvæði um ráðstöfun á þessu fé, sem gert er ráð fyrir í frv. Út af fyrir sig viðurkenni ég, að það muni vera þörf á því að útvega meira fé til þeirra framkvæmda, sem hæstv. fjmrh. hefur hér minnzt á að skorti fé. En ég hefði talið út af fyrir sig eðlilegra, að ríkisstj. hefði reynt að afla þess fjár hjá hinum almennu fjármálastofnunum í landinu, eða þá, ef farin yrði svipuð leið og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá hefði það skuldabréfaútboð verið með nokkuð svipuðum kjörum og aðrar lánsstofnanir verða að vinna eftir, þegar þær leita eftir sparifé landsmanna.

Þetta frv. fer nú til þeirrar n., sem ég á sæti í, og þar gefst mér eflaust kostur á því að gera frekari athugasemdir við það og fá frekari upplýsingar en hér eru fram komnar um málið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. neitt, því að eins og ég sagði í upphafi máls míns áðan, þá gefst mér tækifæri til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins í þeirri n., sem það væntanlega fer til. En ég taldi þó sjálfsagt, áður en 1. umr. lýkur, að ég kæmi hingað og þakkaði hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í tilefni af þeim fyrirspurnum, sem ég beindi áðan til hans.

Ég fagna því, að verðtrygging sparifjár skuli vera í athugun og að vilji skuli vera fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj. til þess að hrinda því nauðsynjamáli í framkvæmd. Ég tek undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, og það hefur mér alltaf verið ljóst, að það væri ekki einfalt mál að koma þeirri verðtryggingu á og að það þyrfti nokkurn aðdraganda. En því lengur sem það dregst, því bagalegra er það fyrir þá, sem þurfa á þessari breytingu að halda, og viðfangsefnið verður að sjálfsögðu ekkert auðveldara fyrir það, þó að það sé látið bíða, því að alltaf er haldið áfram að lána út sparifé bankanna með sömu kjörum, sem tíðkazt hafa og lög leyfa.

Ég fellst fyllilega á það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það er útilokað fyrir innlánsstofnanirnar að taka á sig þá áhættu, sem fylgir því að verðtryggja sparifé í því verðbólguástandi, sem nú ríkir, og þess vegna sé trúlega ekki um annað að ræða en að útlán verði einnig vísitölubundin eða þá að ríkissjóður með einhverjum hætti komi þarna til að brúa þetta bil. Þetta hefur mér alltaf verið ljóst og að á þessu eru vandkvæði, m. a. vegna þess, að sparifé bankanna er nú lánað, sumt til nokkuð langs tíma, án þess að þessi ákvæði séu fyrir hendi. En ég tel, að málið sé það mikils vert, að á þessu verði að finna lausn, og ég trúi ekki öðru en hana sé hægt að finna, og ég fagna því, eins og ég sagði, að hæstv. ríkisstj. skuli nú hafa fullan hug á því að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Þá vil ég lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að ekki komi til mála, að Seðlabankinn noti heimild þá, sem honum var fengin með l. í vor, til þess að gefa út gengistryggð skuldabréf, a. m. k. ekki meðan útboð þessara skuldabréfa fari fram. Það er þó alltaf nokkurs virði að mega ekki eiga von á því til viðbótar alveg strax. En eins og ég tók skýrt fram hér í vor, þá tel ég, að það sé mjög vafasamt að fá einum aðila þessa heimild og að það geri samkeppnisaðstöðu hinna lánsstofnananna mjög örðuga og hljóti að draga úr því sparifé, sem þær hafa til umráða, og þannig að gera þeim ókleifara en nú er að gegna hlutverki því, sem þeim er falið, flestum með lögum frá Alþingi.

Aftur á móti var ég ekki eins ánægður með það svar, sem hæstv. fjmrh. gaf viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, hvort farið yrði fram á áframhald samninganna um 10% af innstæðuaukningunni. Ég er mjög óánægður yfir því, að hæstv. ráðh. skyldi ekki treysta sér til þess að lýsa því hér yfir, að ekki yrði farið fram á þessa samninga, og ég er það sérstaklega vegna þess, að mér fannst, að þegar viðskmrn. eða bankamrn. sendi viðskiptabönkunum þessi tilmæli nú í vor, þá væri það tekið fram, að það yrði í síðasta sinn, það væri aðeins að þessu sinni til þess að ljúka þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar hefðu verið í framkvæmdaáætluninni, og að það mundi ekki leita til bankanna með sams konar erindi aftur, a. m. k. ekki alveg strax. Það eru því vonbrigði fyrir mig að heyra það, að ekkert sé hægt að segja um það á þessu stigi, hvort enn á ný til viðbótar öllum þeim álögum og þrengingum, sem viðskiptabönkunum eru settar héðan af hv. Alþingi nú æ ofan í æ, þá skuli það a. m. k. ekki vera útilokað, svo að ekki sé meira sagt, að viðskiptabankarnir eigi von á sams konar tilmælum og við höfum fengið undanfarin tvö ár, því að til viðbótar 30% sparifjárbindingu er það mjög mikil

þrenging á rekstrargrundvelli bankanna að taka 10% til viðbótar undan þeirra ráðstöfun í þessu skyni.

Hæstv. ráðh. endurtók þau rök, sem hann flutti fyrir því, að ekki væri hægt að ákveða lánskjör og vexti í l., þau rök, að lánið yrði ekki boðið út allt í einu og þess vegna væri nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa heimild til þess að breyta lánskjörum og lánstíma, ef þurfa þætti. Ég endurtek einnig það, sem ég hef sagt. Ég hefði talið það eðlilegra, að þegar hér er farið inn á innlendan lánamarkað í samkeppni við innlánsstofnanir í landinu, þá hefði Alþingi ákveðið þau kjör, sem þar væri um að ræða, og ef ekki telst fært að bjóða allt lánið út í einu, þá hefði lánsheimildin að þessu sinni verið höfð þeim mun lægri og ekki hærri en samsvaraði fyrsta áfanga. Síðar hefði þá mátt leita heimildar Alþingis á ný til þess að bjóða út afganginn með breyttum kjörum, ef þurfa þætti. Ég tel þess vegna, að þessi rök séu ekki fyllilega sannfærandi, því að ég tel, að það sé eðlilegra, að Alþingi ákveði þetta, alveg á sama hátt og ég tel eðlilegra og skal ekki þreyta hv. þm. á endurtekningu á því, að í l. væri einnig gert ráð fyrir því, á hvern hátt fénu væri ráðstafað. Upplýsingar hæstv. ráðh. eru visulega mikils virði um það, og hans góða boði um að koma til fjhn. til frekari upplýsinga er sjálfsagt að taka með þökkum. En samt sem áður eru ekki ummæli, jafnvel þótt frá ráðh. séu, jafnmikils virði og lög, sem Alþingi hefur sett.

Um framtalsskylduna skal ég aðeins segja það að lokum, að ég viðurkenni það, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér væri nokkurt matsatriði, sem sjálfsagt er að taka til rækilegrar yfirvegunar. En þó finnst mér á það að líta, að hér er sparifjáreigendum boðið upp á miklu betri kjör, þeim sem kaupa þessi bréf, heldur en öðrum almennum sparifjáreigendum, og þess vegna finnst mér ekki í fljótu bragði a. m. k. endilega þurfa að vera, að sama regla gildi í báðum tilfellum.

Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. á frekari umr. við 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 96 og 98, 97).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. það um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán, sem hér liggur fyrir, er flutt af hæstv. ríkisstj. í Ed. og hefur verið samþykkt þar. Fjhn. þessarar hv. d. hefur fjallað um málið, svo sem fram kemur í nál. á þskj. 98, og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Eins og þar kemur fram, mun einn nm., hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, skila sérálíti, sem er á þskj. 96.

Það hefur tíðkazt mjög í mörgum löndum, þar sem verðlag hefur verið sæmilega stöðugt, að afla fjár til ýmissa framkvæmda á vegum hins opinbera með því að bjóða út skuldabréfalán. Hér hjá okkur hefur þetta verið lítið notað nú um langa hríð, og eins og segir í aths. við lagafrv., er ein meginástæðan til þess sú, að verðlag hefur verið hér mjög óstöðugt nú um langt skeið og þess vegna ekki líklegt, að menn mundi fýsa að festa sparifé sitt í slíkum skuldabréfum. Nú hefur orðið á þessu nokkur breyting, þannig að segja má, að verðlag sé nú nokkru stöðugra en áður. En samkv. þessu frv. er þó einnig gert ráð fyrir því að fara hér nokkuð nýja leið í sambandi við útgáfu þessara skuldabréfa, þ. e. a. s. að skuldabréfin verði verðtryggð, svo sem getið er í 2. gr. frv., þ. e. a. s. með því að binda vexti af bréfunum og afborganir vísitölu. Það er von manna, að þetta geti orðið til þess að afla fjár á þennan hátt, og væri mjög æskilegt fyrir ríkið að þurfa þeim mun minna að leita á náðir lánsstofnana um fjáröflun til nauðsynlegra framkvæmda. Því verður það að teljast, að þetta nýmæli, sem hér er upp tekið, hafi ýmsa þá kosti, sem gera mjög æskilegt, að það verði reynt til hlítar, hvort hér er ekki um æskilega og vænlega leið að ræða til þess að afla slíks fjár.

Meiri hl. n., eins og ég sagði, hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., þó með einni breytingu, sem er ekki efnisbreyting. Það er í 3. gr. frv. vísað til l. nr. 70 1962, það eru lög um tekjuskatt og eignarskatt. Nú var það á s. l. Alþingi, að samþykktar voru breytingar á þeim l. frá 1962 og þær síðan felldar inn í meginmál hins gamla frv. og l. gefin út að nýju hinn 17. júlí s. l., þannig að eðlilegra virðist vera að vísa nú í þessum l. til þeirra l., sem þá voru gefin út, þau eru nr. 55 1964, og því er þessi brtt. flutt, að í stað „70 1962“ í 3. gr. komi: 55 1964. Þessi villa, sem hér hefur slæðzt inn, á sér sína eðlilegu skýringu í því, að þetta frv. mun hafa verið tilbúið nokkru áður en ný skattalög voru gefin út, og var þá að sjálfsögðu við samningu frv. vísað til þeirra l., sem þá voru í gildi, en hafði síðan láðst að breyta því, eftir að hin nýju lög voru gefin út.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, og eins og ég sagði, þá leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill afgreiða frv. án efnisbreytinga, en ég tel, að gera þurfi talsverðar breytingar á frv. Meiri hl. n. hefur að vísu lagt til að gera eina smávægilega breytingu til leiðréttingar. Þeirri breytingu er ég út af

fyrir sig sammála, enda breytir hún ekki neinu í sjálfu sér um þann tilgang, sem fólst í rauninni í ákvæðum frv.

Þær breytingar, sem ég legg til að gerðar verði á frv., eru þrjár, og ég flyt brtt. þar að lútandi á þskj. 97.

1. brtt. mín er við 2. gr. frv., en hana legg ég til að umorða. En sú efnisbreyting, sem felst í þessari till. minni, er sú, að ákveðið verði í þessum væntanlegu l., hver skuli vera lánskjörin í öllum aðalatriðum. Ég tel, að það eigi að bindast í l., að vextir af þessum skuldabréfalánum skuli ekki vera hærri en 4—5% eftir nánari ákvörðun ráðh., með sérstöku tilliti til þess, að gert er ráð fyrir því, að lánin verði verðtryggð. Eins og ég ræddi hér um við 1. umr. málsins, tel ég, að þeir vextir, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér á þessum lánum, sem eiga að nema að meðaltali 7.2%, og auk þess á að vera um verðtryggingu að ræða, ég tel, að þeir vextir séu allt of háir og gefi vísbendingu um það, að ætlunin sé að halda uppi óhæfilega háum vöxtum á komandi árum.

2. brtt. mín er við 3. gr., en þar legg ég til, að sú breyting verði á gerð, að þessi skuldabréf verði framtalsskyld, en ekki undanþegin framtalsskyldu, eins og kveðið er á um nú í 3. gr. frv. Ég tel, að með þessu ákvæði í 3. gr. frv., að undanþiggja þessi skuldabréf framtalsskyldu, sé verið að fara inn á mjög varhugaverða braut. Fram til þessa hafa öll skuldabréf verið framtalsskyld. En með þessu ákvæði er verið að taka upp þá nýju reglu að gera skuldabréf einnig undanþegin framtalsskyldu. Ég tel, að erfiðleikar þeirra, sem eiga að fylgjast með skattaframtölum og reyna að halda þeim sem réttustum, séu nægilega miklir nú þegar, þó að þeir séu ekki gerðir meiri með slíkum ákvæðum sem þessum. Ég tel þvert á móti vera þörf á því að breyta gildandi lagaákvæðum um framtalsskyldu á sparifé. En hitt tel ég mjög miður farið, ef nú á að stíga það spor að gera eftirlitið með skattframtölum mun erfiðara en það hefur verið áður, og mér sýnist það satt að segja í harla litlu samræmi við það, sem sagt hefur verið nú í seinni tíð um, að það eigi að gera ráðstafanir til þess að herða á eftirliti með skattframtölum.

3. brtt. mín er við 4. gr., en þar legg ég til, að sett verði í frv. skýr ákvæði um það, að því fé, sem aflast með þessu skuldabréfaútboði, verði ráðstafað samkv. ákvörðun Alþingis, en ekki með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv., að það verði ríkisstj., sem ákveður ráðstöfun þessa fjár, að vísu, eins og þar er sagt, í samráði við fjvn., en það er þegar fengin reynsla fyrir því, að það þýðir í aðalatriðum, að fjvn. verður aðeins tilkynnt um það, hvernig ríkisstj. hefur ákveðið að ráðstafa fénu. Hér er gert ráð fyrir því, að þetta fé geti gengið til ýmiss konar framkvæmda í landinu og jafnvel til skuldagreiðslna og til margra aðila, og ég tel því, að það sé verkefni Alþingis að ákveða, hvernig skuli farið með þetta fé í einstökum greinum.

Þessar eru þær brtt., sem ég flyt um málið. Fáist þær ekki samþykktar, treysti ég mér ekki til þess að standa að samþykkt frv., þótt ég út af fyrir sig viðurkenni, að það muni vera þörf á því að afla þess fjár, sem þar er ráðgert að afla til þeirra framkvæmda, sem þar um ræðir. En ég tel, að ýmis ákvæði í frv. séu með þeim hætti, að það sé ekki rétt að samþykkja það í þeim búningi, sem það er nú.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fjhn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli og meiri hl. hennar fyrir stuðning við málið.

Ég tel ekki ástæðu til þess að gera þetta frekar að umræðuefni að öðru leyti en því, að mér virðist kenna nokkurs misskilnings bæði í ræðu og nál. hv. minni hl. fjhn. Þar er í rauninni gengið út frá og gefið í skyn, að með ákvæðum frv. um ráðstöfun á þessu fé sé ríkisstj. að taka vald af Alþingi, nokkurs konar fjárveitingavald eða ráðstöfunarrétt á þessum fjármunum. Ég segi: hér er um algeran misskilning að ræða, vegna þess að þær verklegu framkvæmdir, sem á að verja þessu fé til, eru allar þegar ákveðnar af Alþingi, og Alþingi veitti ríkisstj. einmitt heimildir til þess að taka lán til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Ég skal nefna þess dæmi, að nokkuð af þessu fé, væntanlega í kringum 8 millj. kr., á að fara til vegamála, og það er til þriggja vega, sem fjárlög í ár og fyrra hafa sérstaklega gert ráð fyrir að ríkisstj. tæki lán til, en það er Reykjanesbraut eða Keflavíkurvegur, það er Ennisvegur og Múlavegur. Sem sagt, í fjárlögum fyrir þetta ár og s. l. ár hefur Alþingi beinlínis falið ríkisstj. að afla lánsfjár til þessara þriggja vega. Hér þarf því enga nýja ákvörðun frá Alþingi um það, að þessu væntanlega láni megi verja í þessu skyni, vegna þess að sú ákvörðun og sú heimild liggur fyrir. Það má nefna annað, það er gert ráð fyrir, að nokkur hluti af þessu fari til sjúkrahúsa, þ. e. a. s. til byggingar landsspítalans, en í fjárl. bæði í ár og í fyrra eru í 22. gr. beinlínis veittar lánsheimildir til þess að ýta þessum framkvæmdum betur áfram en fjárframlög í sjálfum fjárlögunum leyfa. Á s. l. þingi voru sett lög um kísilgúrverksmiðju og vegna undirbúnings hennar þarf um 3 millj. nú, sem var meiningin að taka af þessu væntanlega láni. Þetta hefur Alþingi þegar ákveðið með lögum og sett lánsheimild í þau lög og þar með ætlazt til þess, að ríkisstj. útvegaði lánsfé í þessu skyni. Varðandi hafnir, sem er ein tegund þeirra framkvæmda, sem á að verja þessu láni til, þá er það vegna landshafnanna tveggja, sem á að verja þarna fé. Það er ekki há upphæð, væntanlega í kringum 4—5 millj., og fyrir því eru heimildir og ákvarðanir Alþingis í l. um þær hafnir. Þá eru það raforkuframkvæmdirnar. Það er

gert ráð fyrir, að það fari væntanlega í kringum 17 millj. af þessu láni til raforkuframkvæmdanna, sem Alþingi hefur líka ákveðið og heimilað og falið ríkisstj. að afla lánsfjár til, að því leyti sem annað fé hrekkur ekki til.

Að því leyti er varðar ráðstöfun á fé því, sem kæmi inn vegna þessarar lántöku til verklegra framkvæmda, þá er hér ekki um það að ræða, að ríkisstj. sé að taka sér vald, taka vald af Alþingi og verja fé til einhverra nýrra hluta, heldur er hér beinlínis verið að útvega fé til þeirra framkvæmda, sem Alþingi er áður búið að samþykkja og heimila eða fela ríkisstj. að útvega fé til. Að því er hins vegar varðar ráðstöfun á þeim hluta lánsins, sem ekki þyrfti að nota til þessara hluta, er gert ráð fyrir, að megi greiða skuldir og nota það til greiðslu skulda ríkissjóðs eða ríkisábyrgðasjóðs. Það má segja, að hér sé nokkuð öðru máli að gegna. En í fyrsta lagi vil ég taka fram, að langsamlega mestur hluti af þessum lánum mundi ganga til þeirra verklegu framkvæmda, sem ég hef hér rakið, en að því er snertir þann afgang, sem kynni að verða, hef ég áður skýrt frá því, að ég teldi eðlilegast að nota hann til þess að greiða nokkuð af lausaskuldum ríkisábyrgðasjóðs, sem hann hefur orðið að taka núna upp á síðkastið, en ekki hefur þótt ástæða til, að hann tæki lán til varanlegs tíma, vegna þess að þessi mál virðast stefna í rétta átt.

Að vísu skal ég taka fram, að það kæmi einnig til greina að nota þetta lánsfé, að því leyti sem ekki þarf vegna framkvæmda í ár, til framkvæmda á næsta ári, þ. e. a. s. í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisins á árinu 1965. Ég vil taka það aftur fram, að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1965 er í endurskoðun og verður væntanlega tilbúin í kringum áramót, og er gert ráð fyrir því, að hún verði lögð fyrir Alþingi, væntanlega í janúarmánuði n. k.

Af þeim ástæðum, sem ég hef rakið, er auðvitað ekki þörf eða ástæða til þess að telja upp í þessum l., til hverra hluta á að verja þessu lánsfé, því að það er allt saman fyrir fram ákveðið af Alþingi.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru nokkur orð í sambandi við aths. hæstv. fjmrh. — Hæstv. fjmrh. telur, að það sé óþarft að taka það fram í þessum l., að Alþingi skuli ráðstafa því fé, sem inn kemur með þessum hætti, vegna þess að ráðgert sé að verja þessu fé til framkvæmda, sem Alþingi hafi þegar ákveðið, og samkv. heimildum, sem Alþingi hafi þegar gefið. Nú veit hæstv. ráðh., að það er auðvitað alls fjarri því, að með þessu fé verði hægt að vinna tæmandi að framkvæmdum þeim, sem Alþingi þegar hefur ákveðið, eða hægt verði með þessu fé að uppfylla allar þær heimildir, sem Alþingi hefur gefið, bæði til lántöku og annars. Nei, hér er um að ræða, hvort það á að vera Alþingi eða ríkisstj., sem ákveður, hvernig á að verja þessu fé, þegar velja þarf á milli ýmiss konar aðila, sem hér eiga jafnan rétt á. Heimildir ríkisstj. til þess að taka lán ná miklu lengra en til þess, sem hæstv. ráðh. minntist á, svo að þær segja í rauninni ekkert hér um.

Hæstv. ráðh. minntist á, að verja ætti þessu fé t. d. til þriggja vegagerða, sem heimildir væru um að taka lán til, Ennisvegar, Múlavegar og Keflavíkurvegar. Jú, rétt er það. En það eru fleiri vegir, sem ríkisstj. hefur einnig haft heimildir til að taka lán til, og Alþingi hefði kannske mátt segja sitt orð um það, hvort eitthvað af þessu fé hefði átt að ganga til þeirra, eins og hitt líka, hvort eða hvað mikill hluti af þessu fé hefði átt að fara til hverrar þessarar framkvæmdar um sig, því að það hefur ekki verið ákveðið. Það vald vill ríkisstj. taka sér, á sama tíma sem Alþingi er að gera sérstakar till. um það í sambandi við aðrar fjárveitingar, hve mikill hluti skuli fara í hverja þessara framkvæmda um sig. Það er í rauninni hægt að gera fjárveitingavald Alþingis mjög takmarkað a. m. k., þegar þannig er á haldið, að fyrst úthlutar Alþingi tilteknum fjárhæðum í ákveðnar framkvæmdir, en síðan kemur ríkisstj. á eftir með almenna lántökuheimild og breytir þessum hlutföllum, sem Alþingi hefur ákveðið, með sínum úthlutunum á því lánsfé, sem hún hefur yfir að ráða. Og það er þetta, sem ég meina. Lánsheimildir í sambandi við hafnarframkvæmdir eru líka margar til. Þær fjárhæðir, sem hér er gert ráð fyrir að ríkisstj. ráðstafi, það hefur verið gefið upp, að þeim sé ætlað að ganga til þess að gera kleift að framkvæma sérstaka framkvæmdaáætlun, sem ríkisstjórnin hefur samið fyrir árið 1964. Þessa áætlun hefur ríkisstj. ekki lagt fyrir Alþingi, eins og ég hef bent hér á áður, og að því leyti til hefur Alþingi ekki tekið ákvörðun um það fyrir sitt leyti, á hverja þessara framkvæmda ber að leggja mesta áherzlu og til hverrar þessarar framkvæmdar þetta fé ætti fyrst og fremst að ganga. Ég held mér því alveg fast við þá skýringu, sem ég hef gefið hér áður, að það sé eðlilegt í slíkum tilfellum sem þessum, að það verði Alþingi sjálft, sem ráðstafar því lánsfé, sem inn kemur fyrir skuldabréfaútboð, eins og hér er gert ráð fyrir, en það eigi ekki að vera í hendi ríkisstj. einnar, enda hefði líka verið hægur vandi þá fyrir ríkisstj., ef þetta var allt saman svona mótað fyrir, að telja upp eða gera fullkomna grein fyrir því, svo að Alþingi hefði möguleika til þess að gera sínar aths. við, í hvað þetta fé ætti að ganga. En sannleikurinn er sá, að ríkisstj. vill a. m. k. hafa talsvert frjálsar hendur í þessum efnum og hafa talsverðan hluta af láninu þannig óbundinn, að hún geti sjálf tekið ákvörðun um það, að hve miklu leyti sá hluti skuli ganga t. d. til skuldagreiðslna. Það er að vísu rétt, að það eru til ýmis fordæmi um það frá fyrri tímum, að ríkisstj. hafi tekið lán, bæði erlend og jafnvel innlend, og ráðstafað þeim samkv. almennum heimildum Alþingis. En nú

færist þetta svo stórlega í vöxt, t. d. bæði með þessu láni og með hinum svonefndu PL-480 lánum eða vörukaupalánum, að ríkisstj. er farin að úthluta á ári hverju -- ég býst við upphæð, sem liggur einhvers staðar nokkuð nærri 200 millj. kr. Og ég tel, að það beri að gjalda varhuga við þessu og það eigi að hverfa af þessari braut og ákveða, að það sé Alþingi, sem úthlutar þessu fé, sem tekið er að láni, en hvorki sú ríkisstj., sem nú situr við völd, né aðrar ríkisstj., sem hér kunna að vera. Ég álít það ranga aðferð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 97,1 felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, SE, ÁÞ, ÓskJ, EOl, GeirG, HÁ, JSk, LJós.
nei: MB, OA, AJ, SÁ, SI, SvJ, PP, BF, BBen, DÓ, EI, RJ, GunnG, GÞG, JP, JR.
SkG, ÞÞ, EÁ, GíslG, HS greiddu ekki atkv.
10 þm. (PS, SB, BP, EðS, EmJ, EystJ, HV, IngJ, IG, JóhH) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 97,2 felld með 15:13 atkv.
— 98 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 97,3 felld með 16:12 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 101).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. þd. gerði ég nokkrar aths. við frv. það, sem hér um ræðir. Þeim fsp., sem ég hafði þá fram að færa, hefur hæstv. fjmrh. nú svarað, bæði hér í hv. d. og eins á fundi með hv. fjhn., sem haldinn var í gær, þegar mál þetta var þar til meðferðar. Ég tel rétt, eins og ég sagði við 1. umr., að þessi tilraun sé gerð, og við fulltrúar Framsfl. í fjhn. þessarar hv. þd. höfum undirritað nál., sem mælir með samþykkt frv., með þeim fyrirvara þó, að við höfum áskilið okkur rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma. Hv. formaður fjhn., 6. landsk. þm., hefur gert grein fyrir þessari niðurstöðu, þannig að ég þarf ekki að endurtaka það. Við erum sammála honum um nál. að öðru leyti en því, að ég get ekki fallizt á, að ástæðan til þess, að þessi tilraun sé nú gerð eða fær, sé stöðugra verðlag en verið hafi. Ég tek ekki undir þá röksemd hv. formanns, en að öðru leyti get ég vísað til þess, sem hann sagði um afstöðu okkar í meiri hl.

Ég minntist á það við 1. umr., að ég væri í nokkrum vafa um það, hvort ekki ætti að fella niður ákvæðið um framtalsundanþágu skuldabréfanna, og í samræmi við það hef ég fylgt þeirri brtt., sem hér hefur legið frammi frá hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni. Mér finnst, að sú till. hafi átt mikinn rétt á sér. Það hefur aldrei verið meira talað um skattsvik hér á landi en nú, og sjálfsagt er það með miklum rétti gert, og þess vegna finnst mér ástæðulaust og raunar rangt, að Alþingi samþykki lög, sem geri eftirlitsmönnum þeirra verk torveldara. Það hefur verið lögð áherzla á, að nú væri nýsett á fót skattalögregla og af hennar starfi mætti mikils vænta, og ég tel, að því beri að fagna, að hún hefur verið sett og er að taka til starfa, og vil ég að óreyndu vonast til góðs árangurs af hennar starfi. Þess vegna tel ég það ekki rétt, að Alþingi sé nú að samþykkja ákvæði, sem torveldi þetta starf þegar í upphafi.

Ástæðan til þess, að ég kem hér fram við þessa umr., er sú, að ég vil leyfa mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssyni, að bera fram skriflega brtt. við þessa 3. umr. Með leyfi forseta, langar mig til að gera grein fyrir henni. Hún er svona:

„Við 3. gr. frv. bætist: Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda."

Ég sé ekki nú, þegar búið er að fella það, að bréfin skuli vera framtalsskyld, annað en Alþingi hljóti að verða, úr því að sú tilhögun fékkst ekki, að ákveða það, að þessi bréf skuli hljóða á nafn, enda er það í samræmi við þann anda, sem hér á að ríkja, að skattalögreglunni sé gert eins auðvelt um starf sitt og framast er unnt. Því hefur verið haldið fram og verður sjálfsagt áfram haldið fram, að óhægt sé að breyta til um þessi bréf, meðan sparifé almennt sé ekki framtalsskylt. Við það er það tvennt að athuga, að hér mundi þá, ef þetta yrði samþykkt, að bréfin yrðu undanþegin framtalsskyldu, í fyrsta sinn farið inn á þá braut, að verðbréf séu undanþegin framtalsskyldu, og í öðru lagi gegnir ekki alveg sama máli um þessi bréf og sparifé almennt. Sá mismunur byggist á 3. mgr. 21. gr. l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem ég vil leyfa mér að rifja upp, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir:

„Komi í ljós í framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið fram talin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi."

Í þessari grein er skattayfirvöldum bent á leið til þess að staðreyna framtöl einstaklinga, þegar svo stendur á eins og greinin fjallar um, þ. e. hafa samband við viðkomandi innlánastofnun og fá allar upplýsingar þar viðkomandi sparifjárinnstæðum framteljenda. Þegar um handhafabréf er að ræða, er engin

stofnun, tilsvarandi innlánsstofnun, sem þessar upplýsingar getur veitt. Þess vegna eru ekki alveg sambærileg mál almennt sparifé og þau verðbréf, sem hér um teflir. Ég tel það rétt fyrir mitt leyti, að ríkisstj. sé fengin sú lagaheimild, sem hér um fjallar og farið er fram á, til þess að reyna þessa leið til lántöku fyrir ríkissjóð, en ég tel jafnframt, að Alþingi eigi ekki með því að gera skattaeftirlitsmönnum meiri örðugleika í starfi en nauðsynlegt er, og fyrst hv. meiri hl. Alþingis gat ekki fallizt á að hafa bréf þessi framtalsskyld, sem mér fannst engin frágangssök, vegna þess fyrst og fremst, að þau eru miklu eftirsóknarverðari en að leggja fé í banka, þar sem verðtryggingin kemur til og vextirnir eru þetta háir, þá verði að setja þær skorður við, sem þessi brtt. okkar hv. 1. þm. Norðurl. v. fer fram á.

Ég leyfi mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir till., þar sem hún er of seint fram borin og skriflega flutt, en mál þetta er nú allt rekið með afbrigðum, svo að ég skil ekki, að á því ætti að standa.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 103) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 103 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, IG, JSk, LJós, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ.

nei: IngJ, JóhH, JP, JR, MB, OA, AJ, PS, SÁ, SvJ, PP, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, RJ, GunnG, GÞG, SI.

4 þm. (SB, BP, EðS, HV) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta hefur gengið gegnum Nd. og engar breytingar gerðar á því þar aðrar en ein smábreyting á tilvitnun í lög. Það er í 3. gr. frv., tilvitnunin í tekjuskattslögin. Í frv. upphaflega var vitnað í lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1962, en með breytingum, sem gerðar voru í vor á tekjuskattsl., var ákveðið, að þær skyldu felldar inn í l. frá 1962 og gefnar út að nýju, en þegar frv. var að þessu leyti upphaflega samið, var því ekki lokið, og er sjálfsagt að gera þessa leiðréttingu á. Önnur breyting er ekki gerð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 105).

---

3. Verðtrygging launa.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um verðtryggingu launa [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að því er ég hygg, er það óumdeilanlegt, að við vanda efnahagsmálanna verður ekki ráðið, nema skilningur alls almennings á bæði orsökum og úrræðum sé fyrir hendi. Ég veit ekki um neitt málefni, sem síður stoði, að löggjafinn einn, Alþingi og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hverju sinni eru ákveðnar. Í þessu felst auðvitað ekki, að Alþingi og ríkisstj. geti losnað við þá ábyrgð, sem á þeim hvílir sem úrslitavaldhöfum um þau vandamál, sem við er að etja í þjóðfélaginu hverju sinni. En af þessu leiðir, að í lengstu lög ber að leita samninga milli aðila og við aðila um þau atriði, sem grundvallarþýðingu hafa til góðs eða ills. Þvílíkra samninga var leitað á s. l. vori, og eftir að þeir höfðu staðið yfir nokkrar vikur, komust þeir á, eins og alþjóð er kunnugt, með samningsgerðinni hinn 5. júní. Einn þáttur þeirrar samningsgerðar var það, sem fram er tekið í samningnum með svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„I. Verðtrygging kaupgjalds.

1. Ríkisstj. beitir sér fyrir því, að verðtryggingu kaupgjalds sé komið á með lagasetningu. Verðtryggingin sé miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík. Þó nái verðtryggingin ekki til hækkunar þeirrar vísitölu, sem stafar af hækkun á vinnulið verðgrunns landbúnaðarafurða vegna breytinga á kauptöxtum eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun.

2. Reiknuð sé út sérstök kaupgreiðsluvísitala fjórum sinnum á ári, miðað við þann 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Þessi vísitala sé miðuð við sama grundvallartíma og núv. vísitala (marz 1959).

3. Kaup breytist samkv. hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar frá því, sem hún var 1. maí 1964. Þessar breytingar fari fram ársfjórðungslega mánuði eftir að kaupgreiðsluvísitalan hefur verið reiknuð út, þ. e. 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember. Kaup breytist með hverri hækkun eða lækkun vísitölunnar um eitt stig eða meira.

4. Aðilar samkomulagsins mæla með því við kauplagsnefnd og Hagstofuna, að hafin sé endurskoðun grundvallar vísitölu framfærslukostnaðar. Nýr vísitölugrundvöllur taki því aðeins gildi á samkomulagstímabilinu, að samkomulag sé um það á milli aðila."

En samkomulagið er miðað við eins árs tíma. Það frv., sem hér er lagt fram, byggist á þessu samkomulagi. Það var upphaflega tal-

að um það, að gefin væru út brbl. þessu samkomulagi til staðfestingar, en þá við það miðað, að kaupgjaldssamningar samkv. því heildarsamkomulagi, sem gert var, yrðu gerðir mun fyrr en raun varð á. Þegar þeir samningar frestuðust, þótti vera komið of nærri þingsetningu, til þess að það tæki því að gefa út brbl., og varð því með fullu samkomulagi allra aðila úr, að frv. skyldi lagt fyrir þingið, og hygg ég, að aðilar hafi haft frv. til athugunar og hafi ekki haft við það að athuga í því formi, sem það nú liggur fyrir.

Um einstakar greinar frv. sé ég ekki á þessu stigi ástæðu til þess að fjölyrða. Ég hygg, að miðað við þá ákvörðun að taka upp verðtryggingu launa, sé þarna ekki um nein ágreiningsatriði að ræða, a. m. k. sem máli skipta. Á sínum tíma var það skýrt fram tekið, að skuldbinding um gildi þessara laga gilti að sjálfsögðu ekki lengur en þeir samningar eða samkomulag, sem frv. byggist á. Það þótti hins vegar ekki ástæða til þess að hafa neinn slíkan gildistíma ákveðinn í frv. sjálfu. Það verður að fara eftir aðstæðum, viðhorfum á hverjum tíma, hvað í þessum efnum er ákveðið.

Frá því að vísitala fyrst var hér upp tekin, hygg ég á árinu 1939, hefur um hana gilt margháttuð og mismunandi löggjöf. Hún veitir launþegum að vissu leyti tryggingu, það er óumdeilanlegt, en hins vegar hefur hún hættur í sér fólgnar varðandi of öran verðbólguvöxt, sem einnig kemur niður á launþegum eins og öðrum landsmönnum. Það er þess vegna hvorki hægt að segja, að verðtrygging eða vísitala skuli undir öllum kringumstæðum vera lögboðin né heldur að algert bann við þessu skuli að staðaldri vera í lögum. Það verður að fara eftir ástandi og horfum í efnahagsmálum hverju sinni, hvað tiltækilegt þykir í þessum efnum. Eins og á stóð 1960 vegna þeirra breytinga, sem þá voru taldar óhjákvæmilegar og leiddi af ástandi fyrri ára, þótti ekki fært að halda fyrri ákvæðum um vísitölubindingu kaups í lögum. Þessu fylgdi aftur á móti það, að kaupgjaldssamningar voru gerðir til mjög skamms tíma. Vinnufriður varð ærið ótryggur, og þegar það kom í ljós í vor, að það var skilyrði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar fyrir samningsgerð, sem að öðru leyti þótti viðhlítandi og átti að standa til eins árs, að verðtrygging kaups væri tekin upp að nýju á þessu tímabili og bannið úr lögum numið, þá þótti ekki áhorfsmál, að rétt væri að verða við þeim óskum, enda hygg ég, að það sé almannadómur, að mikið hafi áunnizt með þeim vinnufriði, sem í vor tókst að semja um. Ég vona þess vegna, að ekki verði ágreiningur um þetta frv. Ég legg til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, byggist á samkomulagi því, sem gert var milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna á s. l. vori. Mér finnst rétt, þar sem frv. er þannig til komið, að ræða nokkuð sérstaklega um þessa samninga.

Ég vil þá byrja á því að segja, að ég vil bæði lýsa yfir ánægju og óánægju í sambandi við þessa samninga. Ég vil lýsa yfir ánægju vegna þess, að ríkisstj. hefur hér horfið frá einu meginatriði í viðreisnarstefnunni, sem var það að banna vísitöluuppbætur. Ég tel, að það sé mikill ávinningur fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa fengið þetta bann afnumið og að vísitöluuppbætur séu teknar upp að nýju. En jafnframt því sem ég lýsi ánægju yfir þessu, get ég ekki annað en látið í ljós mikla óánægju yfir því, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki fallast á það, sem var og er aðalkrafa verkalýðsfélaganna, en það er, að verkamenn fái lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag. Ég harma það mjög, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki fallast á þetta atriði, vegna þess að þetta er grundvallaratriði, sem nú er viðurkennt í öllum nágrannalöndum okkar og talið sjálfsagt réttlætismál. Hæstv. ríkisstj. er eina ríkisstj. á Norðurlöndum, sem ekki hefur verið fáanleg til að viðurkenna þetta sjónarmið. Það er sönnun þess, að hæstv. ríkisstj. er íhaldsstjórn af verri tegund.

Áður en ég ræði nánar um þetta atriði, vil ég víkja örlítið að því máli, sem hér liggur sérstaklega fyrir. Ég hygg, að hv. alþm. geri sér það ljóst, að hér er í raun og veru að fara fram eins konar jarðarför. Það er verið að jarðsyngja það, sem hæstv. ríkisstj. á sínum tíma sagði að væri þriðja meginatriðið í viðreisnarstefnunni. Svo mikilvægt atriði var það talið á sínum tíma að banna vísitöluuppbætur, að hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir í umr. á Alþingi, þegar viðreisnarlöggjöfin svokallaða var til meðferðar, að þetta vísitölubann væri þriðja meginatriðið í viðreisnarstefnunni. Hæstv. þáv. forsrh., núv. 1. þm. Reykn., taldi upp í 6 liðum aðalatriði viðreisnarinnar og komst m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, eftir að hann var búinn að telja upp tvö atriði:

„Í þriðja lagi verður reynt að koma í veg fyrir nýtt kapphlaup kaupgjalds og verðlags. Í því skyni er lagt til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu."

Hæstv. viðskmrh. taldi í annarri ræðu upp þau atriði, sem væru meginkjarni viðreisnarlöggjafarinnar. Í ræðu hans er komizt svo að orði, að aðalatriði þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. leggur til að gerðar verði, séu fimm, og þriðja atriðið, sem hann nefnir, er afnám vísitölukerfisins, og í ræðu sinni færir hann svofelld rök fyrir þessu atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er nauðsynlegt að afnema vísitölukerfið, því að það færir launþegum engar varanlegar kjarabætur, engar varanlegar hagsbætur, heldur stuðlar að hækkun kaupgjalds og verðlags á víxl, færir launþegum fleiri krónur, en ekki bætt kjör."

Með þessum röksemdum var horfið að því ráði með viðreisnarlöggjöfinni að fella niður vísitöluuppbætur á laun og það talið hvorki meira né minna en þriðja meginatriði viðreisnarstefnunnar. Nú er hins vegar svo komið eftir rúmlega 4 ár, að hér er verið að jarð-

syngja þetta þriðja meginatriði viðreisnarstefnunnar. Það er sönnun þess, ásamt mörgu öðru, sem fram hefur komið, að viðreisnarstefnan var röng stefna og óframkvæmanleg og hefur ekki heldur náð þeim árangri eða tilgangi, sem til var ætlazt með henni, nema að mjög takmörkuðu leyti. Það hefur sem sagt sýnt sig í sambandi við þetta atriði, að í staðinn fyrir, að það drægi úr kapphlaupi milli verðlags og kaupgjalds, hefur það gert þetta kapphlaup meira en nokkru sinni fyrr. Þess vegna hefur ríkisstj. séð það ráð vænst — eftir líka að hafa verið knúin til þess af verkalýðssamtökunum — að falla frá þessu atriði.

Ég held, að þess séu ekki mörg dæmi, að ríkisstj. hafi orðið að játa það jafnáberandi og hæstv. ríkisstj. með þessu frv., að hún hafi beitt sér fyrir rangri stefnu og röngu máli með því að setja vísitölubannið í lög á sínum tíma og telja það meira að segja þriðja meginatriðið í þeirri viðreisnarstefnu, efnahagsstefnu, sem þá var tekin upp. En hins vegar er full ástæða til þess, eins og ég áðan sagði, að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur hér látið undan síga, vegna þess að með því, að vísitöluuppbætur verða teknar upp að nýju, á að vera fengin nokkur trygging fyrir því, að ekki sé hægt að taka þær kauphækkanir, sem launþegar koma fram, strax aftur með nýjum verðhækkunum. Það er sem sagt meira öryggi fyrir því, að það sé hægt að tryggja kjörin, þó að hitt sé hins vegar rétt, að í þessu felist ekki raunverulegar kjarabætur, heldur kjaratrygging.

Ég vil þá koma að því, sem ég tel að sé meginatriði þessara mála, eins og nú er komið, og sérstök ástæða sé til að ræða um hér á Alþingi, en það er sú mótstaða hæstv. ríkisstj., sem kom fram í samningunum við verkalýðsfélögin í vor, mótstaða hennar gegn því, að verkamönnum séu tryggð lífvænleg laun fyrir 8 klukkustunda vinnudag eða vinnutíma, sem því svarar. Ég held satt að segja, að það sé ákaflega erfitt að finna nokkrar eðlilegar röksemdir fyrir þessari afstöðu hæstv. ríkisstj. Eða er það kannske svo, að ríkisstj. áliti, að þau kjör, sem verkamenn fá í dag fyrir 8 stunda vinnudag, séu fullnægjandi? Mér finnst rétt í því sambandi að líta á nokkrar tölur, sem upplýsa þetta.

Ef við lítum t. d. á samninga verkamannafélagsins Dagsbrúnar og tökum kjör þeirra verkamanna, sem vinna samkv. 2. taxta, — ég tek ekki 1. taxta, sem er lægsti taxtinn, — ég tek 2. taxtann, en það er kaup þeirra verkamanna, sem vinna alla fiskvinnu, með nokkrum undantekningum, það eru aðstoðarmenn í fagvinnu, steypuvinnu, handlöngun hjá múrurum, gæzlu hrærivéla, vélgæzlu á loftpressum, vinnu í lýsishreinsunarstöðvum, ryðhreinsun með handverkfærum og vinnu í grjótnámi o. s. frv. Það, sem þessir verkamenn fá í árslaun, ef miðað er við 8 stunda vinnudag, en ekki neina eftirvinnu, eru 82 þús. kr. Tökum annan flokk Dagsbrúnarverkamanna, þ. e. 6. flokkinn, sem hefur nokkru hærra kaup, en það eru þeir verkamenn, sem annast stjórn á ýtum, vélskóflum, vélkrönum, kranabílum, bílum með tengivagni, stórvirkum flutningatækjum í sand- og grjótnámi, vegagerð, vegheflum og tjörublöndunarvélum í malbikunarstöð, alla vinnu við afgreiðslu á togurum, uppskipun á fiski úr bátum, uppskipun á saltfiski o. s. frv. Þetta er mjög stór eða sennilega stærsti hópur verkamanna. Það, sem þessir menn fá í árslaun, ef miðað er við 8 stunda vinnudag, er 91 þús. kr. Ef við athugum svo kjörin hjá öðru sambærilegu stéttarfélagi hér í bænum, sem er félag verksmiðjufólks, Iðja, þá eru laun hjá Iðjuverkamanni, eftir að hann er búinn að vinna í eitt ár, 74 þús. kr. á ári, miðað við 8 stunda vinnudag. Þegar hins vegar verkamaður er búinn að vinna í 4 ár sem iðnverkamaður eða á Iðjutaxta, eru laun hans 88 þús. kr. á ári. En eftir eitt ár eru þau 74 þús. kr., eins og ég áðan sagði.

Sem sagt, laun verkamanna, ef miðað er eingöngu við 8 stunda vinnudag og ekki neina sérstaka eftirvinnu, eru frá 74 þús. og upp í 90 þús. kr., ef hæstu flokkarnir eru teknir. Er það nú nokkur möguleiki, að menn geti búið við lífvænlega afkomu, ef byggja skal á þessum launum eingöngu? Ég held, að hver og einn geti auðveldlega gert sér það ljóst. Og ef við lítum á það, sem talið er nauðsynlegt að fjögurra manna fjölskylda hafi samkv. framfærsluvísitölu hagstofunnar, eru það 108 þús. kr. á ári, og er þá ekki reiknað með því, að húsaleiga sé meiri en 1000 kr. á mánuði, en hver og einn getur gert sér ljóst, að það er allt of lágt áætlað. En þó að eingöngu sé miðað við það, sem framfærsluvísitalan skammtar 4 manna fjölskyldu, sem er vitanlega allt of lágt, vantar samt 20—30 þús. kr. á það, að verkamenn, sem eru í Dagsbrún eða Iðju, hafi þau laun eftir árið, ef eingöngu er miðað við 8 stunda vinnudag. Svona gífurlega mikið vantar á það, að verkamenn hér á landi hafi lífvænlega afkomu fyrir 8 stunda vinnu á dag, sem er þó talin hámarksvinna víðast annars staðar, og hvarvetna annars staðar er það talið grundvallaratriði í þessum málum, að svo langur vinnutími tryggi verkamönnum lífvænlega afkomu. En þrátt fyrir það fékkst ríkisstj. ekki með neinum hætti til þess að hafa þessi laun hærri í samningum sínum við verkalýðssamtökin á síðasta ári heldur en samningar bera vott um, sem ég hef nú skírskotað til. Þetta er að sjálfsögðu langt fyrir neðan það, sem sanngjarnt getur talizt og á að vera, og alveg furðulegt, að ríkisstj. skyldi ekki vilja gera neina breytingu á í þessum efnum, og er líka í algerri andstöðu við það, sem er stefna ríkisstj. í nágrannalöndum okkar.

Ef við lítum til liðins tíma, sjáum við, að þetta hefur ekki alltaf verið svona. Kaupmáttur launanna hefur verið meiri en hann er orðinn nú og þessar tölur bera merki um. Ef við hverfum t. d. til 1. marz 1959, eru lægstu laun Dagsbrúnarmanns þá 20.67 kr. á klst. Í dag eru þau ekki nema 33.80 kr. á klst., eða kaupið hefur hækkað á þesum tíma um 65%. Á sama tíma hefur það hins vegar gerzt, að

vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað um 85%, en það er sú eðlilega vísitala að miða við í þessu sambandi. Þetta sýnir það alveg augljóst, að kaupmáttur tímakaups hefur stórkostlega rýrnað á þessum tíma. Síðan 1. marz 1959, þegar núv. framfærsluvísitala tók gildi, hefur tímakaupið ekki hækkað nema um 65%, á sama tíma og verðlagið hefur hækkað um 85%. Þetta er algerlega andstæð þróun við það, sem hefur gerzt í nágrannalöndum okkar. Ég held, að það megi fullyrða, að í flestum eða öllum nágrannalöndum okkar á þessum tíma hafi kaupmáttur tímakaupsins hækkað um 20—30% á þessum árum, í staðinn fyrir það, að hann lækkar næstum eins mikið hér á landi.

Hvað er það, sem hefur valdið þessari öfugþróun hér? Hvað er það, sem veldur því, að þannig hefur stefnt í allt aðra átt hjá okkur en hjá nágrannaþjóðum okkar? Það er mjög lærdómsríkt að rifja upp skýringarnar á því atriði. Stafar þetta kannske af því, að þjóðin hafi búið við einhver móðuharðandi af náttúruvöldum? Hafa eldgos, hafís eða ótíð eða aflabrestur þjakað þjóðina á þessum tíma? Nei, svarið verður vissulega ekki á þann veg, því að þjóðin hefur aldrei búið við meira góðæri en einmitt á þessum árum. Aflabrögð hafa sjaldan eða aldrei verið hagstæðari og verðlag á útflutningsvörum heldur sjaldan verið hagstæðara en á þessum árum. Fróðum manni, sem ég hef rætt við, reiknast svo, að á þessu ári muni þjóðin hafa til skipta a. m. k. 30—40% meira en á árinu 1958. Og það er talinn sjálfsagður árangur þegar þjóðartekjur hækka, að kaupmáttur launanna hækki nokkuð tilsvarandi. Sú hefur líka orðið raunin í nágrannalöndum okkar, að þar hefur kaupmáttur launanna hækkað í samræmi við það, sem þjóðartekjurnar hafa aukizt. Hér hefur kaupmáttur tímakaupsins farið minnkandi, þrátt fyrir stórvaxandi þjóðartekjur. Hvað er það, sem veldur þessu? Sannarlega eru það ekki móðuharðindi af náttúruvöldum, sem valda þessu. Það, sem veldur þessari öfugþróun hjá okkur, er fyrst og fremst röng stjórnarstefna, — stjórnarstefna, sem hefur miðað að því með margvíslegum hætti að misskipta bæði þjóðarauðnum og þjóðartekjunum, — stjórnarstefna, sem hefur haft það að markmiði, að verðlag skyldi jafnan hækka meira en kaupgjald. Það væri hið nauðsynlega boðorð fyrst og síðast að skerða kaupmáttinn. Hið rétta og eina boðorð efnahagsstefnunnar væri að skerða kaupmáttinn, láta verðlagið hækka meira en launin. Afleiðingarnar urðu líka þessar.

Ástæðan til þess, að þrátt fyrir þessa öfugþróun, sem hér hefur átt sér stað í launamálunum, skrimta menn þó, er m. a. sú, að náttúruöflin hafa komið þar til sögunnar og tryggt mikla eftirvinnu og það hefur verið möguleiki á því að láta börn og unglinga og konur vinna til þess að auka tekjur þeirra láglaunuðu. Hefði náttúran sjálf ekki gripið þarna inn í og tryggt góð aflabrögð og verðlag svo hækkað erlendis, þá hefði ekki verið hér gott ástand nú vegna þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið.

Nú kunna einhverjir að spyrja: Er kannske ekki afkomu atvinnuveganna þrátt fyrir þetta allt þannig háttað, að það sé erfitt fyrir þá að rísa undir hærra kaupgjaldi, og að það hafi verið ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. beitti sér gegn hærra kaupi á s. l. vori? Ég skal játa það, að miðað við þá stjórnarstefnu, sem nú er fylgt í landinu, er afkoma margra atvinnugreina langt frá því að vera góð. En það er líka jafnljóst, að með breyttri stjórnarstefnu má gera mikla breytingu á þessu, og þá er hægt að tryggja atvinnuvegunum þá aðstöðu, að þeir geti risið undir hærra kaupgjaldi. Ég nefni nokkur atriði, sem hæstv. ríkisstj. gæti gert til þess að tryggja atvinnuvegunum betri möguleika til þess að rísa undir hærra kaupgjaldi. T. d. með því að lækka vexti í eðlilegt horf mundi afkoma margra atvinnufyrirtækja batna og það einmitt þeirra atvinnufyrirtækja, sem búa við hvað lakasta aðstöðu nú, t. d. frystihúsanna. Á sama hátt mundi það bæta afkomu margra atvinnufyrirtækja, ef þau byggju við riflegra lánsfé en nú á sér stað. Á þessu er hins vegar stórkostlegur brestur. Ég held, að það séu nálega öll eða svo til öll atvinnufyrirtæki landsins, nema kannske fyrirtæki einstakra gæðinga, sem búa við stórkostleg lánsfjárhöft og það svo, að sum atvinnufyrirtæki, t. d. iðnfyrirtæki, kvarta undan því nú, að rekstur þeirra sé að leggjast niður, vegna þess að lánskjörin séu svo erfið, að það sé ekki hægt að standast samkeppni við erlenda aðila, sem við þá keppa. Nefni ég sérstaklega vélaiðnaðinn í því sambandi. Með því að veita fyrirtækjunum ríflegri aðgang að lánsfé en nú á sér stað mætti mjög bæta aðstöðu þeirra til þess að rísa undir hærra kaupgjaldi en nú er. Á sama hátt mundi lækkun útflutningsgjalda hjálpa til þess að styrkja aðstöðu þeirra fyrirtækja, sem vinna að framleiðslu útflutningsvara. Síðast, en ekki síst, með því að vinna að því og ýta undir það, að fyrirtækin stórlega auki framleiðni sína, væri þeim gert mögulegt að rísa undir hærra kaupgjaldi. En í öllum þeim málum, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur vangert, hygg ég það verst, að hún hefur látið það ógert eða svo að segja alveg ógert að ýta undir aukna framleiðni hjá atvinnufyrirtækjum. Það hefur sama og ekkert verið gert af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, á sama tíma og stjórnarvöld nágrannalanda okkar hafa gert alls konar ráðstafanir til þess að vinna að aukinni framleiðni í atvinnulífinu. Áhugaleysi hæstv. ríkisstj. er hið furðulegasta í þessum efnum. Hjá henni ríkir alger svefn í þessum efnum. Frv., sem við framsóknarmenn fluttum hér á síðasta þingi um sérstakan framleiðnisjóð, var að sjálfsögðu alveg stungið undir stól. Það er líka vitanlegt, að þau höft, sem hæstv. ríkisstj. heldur uppi, þar sem eru vaxtahöftin og lánsfjárhöftin, draga meira úr möguleika fyrirtækjanna til að auka

framleiðslu sína heldur en nokkur önnur höft. Að réttu lagi mætti kalla þessi höft framleiðnihöft. Þegar lánsfé er mjög dýrt, og ég tala nú ekki um, þegar ekki er hægt að fá það, eins og hér er í mörgum tilfellum, þá geta fyrirtækin ekki lagt út í framkvæmdir til að auka framleiðni sína. Þess vegna eru vaxtahöftin og lánsfjárhöftin, sem hæstv. ríkisstj. heldur uppi, sönn framleiðnihöft. Með því að breyta hér um stefnu mundi hæstv. ríkisstj. geta skapað atvinnufyrirtækjunum möguleika til þess að rísa undir miklu hærra kaupgjaldi en nú á sér stað.

Mér hefur þótt rétt í sambandi við þetta mál, vegna þess að það snertir þá samninga, sem áttu sér stað milli verkalýðsfélaganna og ríkisstj., að gera þetta mál að sérstöku umtalsefni, vegna þess að hér er um að ræða eitt hið allra stærsta mál, sem bíður úrlausnar í dag. Það verður ekki þolað til lengdar, þegar aðstaðan í þjóðfélaginu er fyrir hendi, ef rétt er stjórnað, að menn geti ekki fengið lífvænlegri afkomu fyrir 8 stunda vinnudag. Það er kannske hægt að kaupa sér einhvern frest frá því, að barizt verði til þrautar fyrir þessu máli, en það er ekki hægt til lengdar. Þess vegna mundi hæstv. ríkisstj. gera það réttast að fallast á þetta sjónarmið verkalýðssamtakanna og launþeganna án frekari baráttu og breyta jafnframt þannig um stjórnarstefnu, að atvinnurekendum og atvinnufyrirtækjum væri vel mögulegt að rísa undir því. Og til þess hefur ríkisstj. fullkomna möguleika. Þess vegna vil ég ljúka þessum orðum mínum með því að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. breyti hér um afstöðu, breyti hér um viðhorfið til 8 stunda vinnudagsins og breyti stjórnarstefnu sinni þannig, að það sé vel framkvæmanlegt að tryggja mönnum lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er gert á grundvelli þeirra samninga, sem verkalýðshreyfingin, ríkisstj. og atvinnurekendur gerðu með sér í vor. Það er fram borið til þess að lögfesta höfuðatriði þessara samninga, — og þá var samið um efni þessa frv.

Í 20 ár, frá því 1940 til 1960, hafði verkalýðshreyfingin búið við það öryggi, sem verðtrygging á kaupið veitir. En með gengisfellingarlögunum 1960 var þetta afnumið og þá sagt, að það væri einn af hornsteinum viðreisnarstefnunnar. Verðlagið mátti hækka óheft, en kaupið átti að vera fast. Það átti að skammta launþegunum smærri krónur í trausti þess, að samtökin væru ekki nægjanlega sterk til að fjölga krónunum í hlutfalli við verðhækkanirnar. Það átti að leysa vanda efnahagsmálanna með kauplækkunum. Reynslan hefur nú sýnt okkur, að þau mál verða ekki leyst í stríði við verkafólkið. Ég held, að þetta frv. sé einmitt bezta staðfesting þess. En á þeim tíma, sem liðinn er síðan 1960, hefur verið meira öryggisleysi á vinnumarkaðinum heldur en áður var. Það hafa verið tíðari og harðari vinnudeilur og verkföll. Miklar verðhækkanir og óheftar á þessu tímabili hafa síðan óhjákvæmilega leitt af sér kauphækkanir. Jafnvægisleysi og síaukin dýrtíð hefur einmitt einkennt þetta tímabil. Það var til þess að stemma stigu við þessari þróun, sem Alþýðusambandið sendi ríkisstj. í s. l. aprílmánuði orðsendingu sína. Þá bauð verkalýðshreyfingin fram samstarf, til þess að hefta verðbólguna og tryggja um leið óhjákvæmilegar kjarabætur til fólksins. Höfuðefnið í kröfum okkar í sumar og þeim samningum, sem þá voru gerðir, felast í þessu frv.

Ég tel, að endurheimt verðtryggingarinnar á launin sé forsenda þess, að hægt sé að taka upp nýja stefnu í þróun efnahagsmálanna, stefnu, er tryggi launafólki og þá um leið atvinnurekstrinum meira afkomuöryggi en verið hefur. En þetta eitt nægir ekki. Þrátt fyrir kaupgjaldsbaráttu undanfarinna ára hefur ekki tekizt að halda í við verðhækkanirnar. Síðan 1960 hefur vísitala matvörunnar hækkað um 100%, vísitala vöru og þjónustu hefur samtals hækkað um 85%, en á sama tíma hefur almennt kaup hækkað um 55—60%. Við sjáum af þessu, að það hefur að nokkru tekizt, sem gera átti, að lækka kaupmáttinn verulega. Það, sem nú bíður, er að jafna þetta bil og meira á sem allra skemmstum tíma. Tímann fram til næsta vors verður bæði ríkisvaldið og atvinnurekendur að nota vel til að geta þá orðið við óhjákvæmilegum kröfum verkalýðshreyfingarinnar um hækkað kaup, um styttan vinnudag og ýmis réttindamál. Á þetta vildi ég nú leggja sérstaka áherzlu. Og það ætti að vera óþarfi að minna á, að verkalýðshreyfingin metur til kaupgildis hverja þá ráðstöfun, sem verða má til þess, að launin nýtist betur. Þessu hefur verkalýðshreyfingin marglýst yfir, og það er hennar stefna.

Þróun efnahagsmálanna undanfarin ár hefði áreiðanlega orðið önnur og betri, ef í gildi hefði verið verðtrygging á launin. Það mikla öryggisleysi og óróa, sem verið hefur á vinnumarkaðinum, hefði þá ekki verið hinn sami. Og þá hefði hæstv. ríkistj., svo að dæmi sé nefnt, tæplega lagt í að framkvæma þá vanhugsuðu hefndarráðstöfun, sem gengisfellingin 1961 var.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál. Ég vil að lokum aðeins lýsa fylgi mínu við það frv., sem hér liggur fyrir. Það er efnislega í samræmi við þá samninga, sem gerðir voru í vor, og er til staðfestingar þeim. Ég vil vona, að þetta mál fái greiðan gang gegnum umr. hér á hv. Alþingi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er nú svo oft búið að segja af hálfu hv. framsóknarmanna, að viðreisnin sé farin út um þúfur, sé dauð, að það er engin sérstök nýjung að heyra hv. 5. þm. Reykv. halda því hér fram. En um það gildir, að þeir lifa lengst, sem með orðum einum eru vegnir. Allur almenningur finnur glögglega þann meginmun, sem orðinn er á lífsháttum í smáu og stóru í

landinu á hinum síðustu árum, þá gerbreytingu, sem afnám margvíslegra hafta, banna og ráða hefur í för með sér, þann mun, að nú eru menn frjálsir athafna sinna, en hér er mikið vöruúrval, hvort tveggja gagnstætt því, sem áður var, að nú eru til miklir gjaldeyrissjóðir, sem tryggja hag þjóðarinnar í heild. Þeir, sem út fyrir landsteinana fara, finna glögglega muninn á því, að nú er hægt að selja íslenzkan gjaldmiðil fyrir skráð verð. Svartur markaður er úr sögunni og sú skömm og vanvirða, sem allri þeirri óreiðu fylgdi áður. Allt þetta var höfuðmarkmið, sem eftir var keppt, þegar viðreisnarstefnan var upp tekin, og því verður aldrei hnekkt, að þessu markmiði hefur verið náð. Hitt skulum við svo viðurkenna, að það hefur aldrei staðið á ríkisstj. um viðurkenningu þess, að okkur hefur ekki tekizt að leysa allan vanda og verðbólgan hefur því miður farið vaxandi og of ört vaxandi. Samningarnir í vor voru fyrsta tilraunin, sem tekizt hefur um mjög langt skeið til þess að reyna að fá í þessu stefnubreytingu. Hvort það heppnast, eins og vonir manna stóðu til, skal ég ekkert fullyrða um á þessu stigi málsins. En ég þori að segja, að þessari tilraun var mjög vel tekið og sýndi fylgi almennings hvarvetna við þessa viðleitni. Hitt er svo annað mál, að það getur verið, að einstakir hópar geti þar gert meiri glundroða og skaða en í fljótu bragði verður fyrir séð, þó að almenningur sé slíku vitanlega andvígur.

Hvað sem öllum tölulestri líður, — og þegar tölur eru teknar úr réttu samhengi, hætta þær að vera til leiðbeiningar og verka villandi, — þá veit hvert einasta mannsbarn hérna, að þjóðin í heild og eins hver einstaklingur, sem hefur ekki orðið fyrir sérstökum óhöppum, á nú við betri lífskjör að búa í heild en nokkru sinni fyrr í sögu þessarar þjóðar. Með því er ekki sagt, að allur vandi sé hér leystur og margt horfi ekki til umbóta. Og það gleður mig, að hv. 5. þm. Reykv. virtist nú vera mjög áhugasamur um lausn á einu höfuðviðfangsefninu, og það er stytting vinnutíma. Ég hef oft lýst því yfir hér á Alþingi áður, að ég tel, að þetta sé eitt höfuðverkefnið, sem fram undan sé. En við skulum gera okkur ljóst, að það verkefni er engan veginn auðleyst eða verður leyst í skyndi með einum samningum, hvorki vinnuveitenda né verkalýðsfélaga, né þó að samþykki ríkisvaldsins komi þar til. Þetta er miklu flóknara og margþættara mál en svo. En ég minnist þess, — hygg, að það hafi verið seint á árinu 1961, — að hv. þm. Björn Jónsson, núv. 4. þm. Norðurl. e., var hér aðalflm. þáltill. um skipun nefndar til þess að kanna þessi málefni. Ég gegndi þá um skeið störfum forsrh. í forföllum Ólafs Thors, og ég beitti mér fyrir því, að þessi till. væri samþykkt eða úr þessari nefndarskipan yrði, og lagði á það ríka áherzlu þá þegar, að ég teldi hér um mjög merkilegt mál að ræða, eitt af því, sem mest aðkallandi væri í okkar þjóðfélagi, og að það væri vissulega athyglisvert, að verkalýðshreyfingin rétti fram sína hönd til lausnar þeim vanda, sem þarna væri fyrir hendi. Síðan var þessi nefnd skipuð, og það var m. a. fyrir það, að bráðabirgðatill. hennar lágu fyrir eða leiðbeiningar í vor, að einn þáttur samkomulagsins þá varð, svo sem fram er tekið, það er í III. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkalýðsfélög og vinnuveitendur semji um, að tillaga vinnutímanefndar í áliti n., dags. 21. maí 1964, um samræmingu eftirvinnutíma og álags á eftirvinnukaup hjá verkamönnum, verkakonum og iðnverkamönnum, taki gildi, en hún er á þá leið, „að eftirvinna skuli teljast fyrstu 2 klst. eftir að dagvinnu lýkur, þannig að 15 mínútur af henni falli niður. Greiddur kaffitími sé látinn standa óbreyttur. Eftirvinnuálag lækki í 50%. Nætur- og helgidagakaup standi óbreytt í krónutölu, þannig að hlutfallstengsli þess við dagvinnukaup rofni um sinn."

Síðan heldur áfram:

„Jafnframt sé dagvinnukaup hækkað þannig, að tekjur verði óbreyttar þrátt fyrir styttingu vinnutímans um stundarfjórðung og lækkun eftirvinnuálags.

Ríkisstj. mun nú þegar beita sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21 dag, sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%.

Þá mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að löggjöf verði sett um vinnuvernd, þegar till. í því efni liggja fyrir frá vinnutímanefnd. Einnig verði haldið áfram athugunum og undirbúningi að frekari styttingu vinnutíma."

Þannig er þessi liður samkomulagsins frá því í vor. Og hann sýnir, að þá varð ríkisstj. við þeim till., sem fyrir lágu frá þeirri nefnd, sem málið hafði haft til athugunar frá því á árinu 1962, — þá hygg ég, að hún hafi verið kosin. Það er algerlega rangt, að ríkisstj. hafi neitað öðrum kröfum, sem fram hafi komið. Þetta var frjálst samkomulag milli allra aðila, að um þetta skyldi samið, sem í þessu ákvæði segir. Allir aðilar gerðu sér fyllilega grein fyrir, að hér væri um mikið vandamál að ræða, vandamál, sem verður að leysa, en krefst frekari undirbúnings en enn liggur fyrir. En ég segi það enn og aftur, að það er sannfæring mín, að það sé fátt eða ekkert, sem geti orðið verkalýðnum að meira gagni eða frekar beri eftir að keppa heldur en að koma þessum málum í skaplegt horf. Og það er mjög ánægjulegt, að hv. 5. þm. Reykv. skuli nú vera svo ákafur fylgismaður einmitt þessa úrlausnarefnis, að hann fer þar langt fram úr hv. síðasta ræðumanni og hv. forseta A. S. Í., sem áttu þátt í þessu samkomulagi í sumar og féllust þá á það, að þó að þeir vitanlega hefðu í huga það markmið, sem eftir bæri að keppa, yrði ekki lengra komizt á þessu stigi málsins.

Ég skal svo ekki fara að þræta við hv. 5. þm. Reykv. um þau atriði, sem hann áðan taldi hér upp. Það er margrætt mál allt. Um hans málflutning dæmdu kjósendur við síðustu kosningar með þeim árangri, að ríkisstj. hlaut aukið traust kjósenda, og er því ástæðulaust að vera

að þræta um það nú. En eins og ég segi, það er ánægjulegt, ef hv. þm. vill leggja sitt lið í alvöru til þess að hjálpa til við lausn þess vandamáls, sem hann einkum gerði að umræðuefni. En forsenda þess, að það verði leyst ásamt ótalmörgu öðru, er það, að okkur takist að halda verðbólgunni í skefjum. Þessar eilífu deilur um gildi tímakaups, rýrnandi kaupmátt launa og annað þvílíkt og tölusamanburður í því sambandi hefur út af fyrir sig sáralitla þýðingu að öðru leyti en því, að tölurnar staðfesta, þegar þær eru skoðaðar í samhengi og málið í heild, að verðbólgan er sá eyðandi eldur, sem hefur truflað eðlilega efnahagsþróun og eðlilega kjarabót í landinu, jafnframt því sem þó verður að játa, að þrátt fyrir hana hefur tekizt að gerbreyta til bóta lífsafkomu Íslendinga nú á síðari árum. Það, sem mest á ríður, er, hvort nú tekst að koma á því samkomulagi milli þeirra aðila, sem þar ráða úrslitum, sem þarf til þess að halda verðbólgunni niðri og til þess að gera skynsamlegar ráðstafanir, sem auðveldi styttingu vinnutíma niður í það, sem skaplegt er og eðlilegt má kallast. Það mun ekki standa á ríkisstj., og ég treysti því, að aðrir aðilar muni einnig leggja sitt fram við lausn þess máls.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um það, að verðbólgan hefur verið sá eyðandi eldur, sem hefur leikið efnahagslífið verst á undanförnum árum. En hitt erum við kannske ekki sammála um, hvers vegna verðbólgan hefur magnazt á undanförnum árum. Ég held, að það sé alveg glögg mynd af því, sem ég dró upp hér áðan, þegar ég sýndi fram á, að kaupgjaldið hefur ekki hækkað nema um 60—65% síðan 1. marz 1959, en verðlagið hefur hækkað frá 85—100%. Það sýnir, að það eru ekki launþegarnir eða vinnustéttirnar, eins og hæstv. ríkisstj. vill vera láta, sem hafa valdið því, að verðbólgan hefur magnazt eins og raun ber vitni um. Það er vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur fylgt þeirri stjórnarstefnu að láta verðlagið alltaf hækka meira en kaupgjaldið, að hún hefur fylgt kjaraskerðingarstefnunni, sem þessi þróun hefur orðið. Það er fyrst og fremst röng stjórnarstefna, sem hefur verið hér að verki.

Ég held, að hæstv. forsrh. meini það ekki alvarlega, þegar hann er að þakka viðreisninni, að þjóðin býr nú við sæmilega gjaldeyrisafkomu. Ég held, að hæstv. forsrh. sé það greindur, að hann geri sér það ljóst, að þetta stafar af allt öðrum ástæðum. Þetta stafar af því, að hér hefur verið óvenjulegt góðæri á undanförnum árum, óvenjulega góð aflabrögð og óvenjulega hagstætt verð á útflutningsvörum. Það er ástæðan fyrir því, að gjaldeyrisafkoman er nú sæmileg. En það er ekki viðreisnarstefnunni eða hæstv. ríkisstj. að þakka, nema hæstv. forsrh. sé farinn að trúa því, að hann sé einhver heilagur Bjarni, sem ráði yfir veðurfari og aflabrögðum. Öðruvísi er ekki hægt að færa rök að því, að þetta sé ríkisstj. að þakka.

Þá hélt hæstv. forsrh. því fram, að lífskjörin hefðu aldrei verið betri en í dag og afkoma manna betri. Ég skal ekki deila mikið við hann um þetta atriði. En ég minnist þess ekki, að það hafi nokkru sinni átt sér stað fyrr en nú, að stjórnskipuð nefnd hafi lagt það til, að menn fengju kreppulán til að borga skatta. Ég held, að það beri ekki vott um góða afkomu, en kannske álítur hæstv. forsrh. það. Og það er alveg óumdeilanlegt, að kaupmáttur launanna, kaupmáttur tímakaupsins og kaupmáttur fyrir laun eftir 8 stunda vinnudag hefur rýrnað stórlega síðan 1958, eins og ég hef fært rök að, og Ísland er eina landið, þar sem þetta hefur átt sér stað. Í öllum öðrum löndum hefur kaupmáttur tímakaupsins aukizt í samræmi við auknar þjóðartekjur. Hér hefur kaupmáttur tímakaupsins lækkað, þrátt fyrir það að þjóðin hefur 30—40% meira til skiptanna nú en hún hafði 1958 eða þjóðartekjurnar hafa aukizt sem þessu svarar. Þess vegna, ef allt hefði verið með felldu, hefði átt að vera hér stórfelld aukning á kaupmætti tímakaupsins, en ekki hið gagnstæða. Og eins og ég rakti hér áðan, þá stafar þetta, þessi öfugþróun, vissulega ekki af því, að hér hafi verið móðuharðindi af náttúruvöldum. Hér hafa ekki verið nein eldgos eða hafísar eða ótíð eða aflabrestur, heldur einmitt hið gagnstæða. Náttúran hefur aldrei leikið betur við okkur en einmitt á undanförnum árum, og afkoma þjóðarinnar hefði því aldrei átt að vera betri. En þrátt fyrir það hefur niðurstaðan orðið þessi, að öfugt við það, sem annars staðar hefur gerzt, þá hefur kaupmáttur tímakaupsins hér farið minnkandi, á sama tíma og hann hefur aukizt annars staðar. Og þetta stafar af engu öðru en rangri stjórnarstefnu, vegna þess að hér hefur verið fylgt stjórnarstefnu, sem hefur leitt til þess, að misskipting þjóðarauðs og þjóðartekna hefur stórlega aukizt, að það hefur verið keppikefli ríkisstj. að láta verðlag alltaf hækka meira en kaupgjald, og þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú, sem ég hef hér verið að lýsa.

Hæstv. forsrh. lét mjög af því, að menn væru nú frjálsir athafna sinna og slíkt hefði ekki áður verið. Ég veit satt að segja ekki, hvað hann á við með þessu. Þá má segja, að fátækur maður sé frjáls athafna sinna, og það má líka segja, að atvinnurekandi, sem hefur ekki úr neinu fé að spila, en vill ráðast í framkvæmdir, sé frjáls athafna sinna. En þeir eru a. m. k. ekki frjálsir að þeim athöfnum, sem eru þeim nauðsynlegar til þess að bæta kjör sín og nota sér framtak sitt og dugnað. Þegar þetta er tekið til athugunar, held ég, að niðurstaðan verði sú, ef menn athuga það alveg hlutlaust, að menn hafa sjaldan búið við meiri höft hvað þetta snertir en einmitt nú, þar sem eru bæði vaxtahöftin og lánsfjárhöftin. Með þeim hætti er þrengt stórkostlega að framtaki manna og komið í veg fyrir, að þeir

geti notfært sér það. Þess vegna er ég hálfhissa á því, að hæstv. ráðherra, sem framfylgir þessari haftastefnu, skuli hælast yfir því, að menn séu frjálsir athafna sinna.

Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði orðið nokkur stefnubreyting á s. l. vori. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um það og hef oft látið það koma fram bæði í ræðu og riti, að það varð að sjálfsögðu mikil stefnubreyting á s. l. vori, þegar borið er saman við það, að ríkisstj. reyndi á s. l. hausti að koma fram lögbindingu á kaupgjaldi. Í staðinn fyrir að reyna það nú, samdi hún við verkalýðssamtökin um nokkrar bætur. Þetta er stefnubreyting, sem ég álít að hafi verið til verulegra bóta. En hitt vil ég láta koma jafngreinilega fram, að ég álít, að þessi stefnubreyting hafi gengið allt of skammt, að hún geti og eigi að ganga miklu lengra. Ég tel ekki, að það þurfi að bíða eftir niðurstöðum einhverrar vinnutímanefndar til þess að tryggja verkamönnum hærri laun fyrir 8 stunda vinnudag. Slík athugun þarf alls ekki að fara fram. — Það sjá allir, sem athuga þessi mál, að það er fullkomin nauðsyn fyrir verkamenn að fá hér bætur á ráðnar, að fá hér verulega hækkun og þurfa ekki að búa við jafnlangan vinnudag og átt hefur sér stað að undanförnu eða láta konur og börn vinna, eins og átt hefur sér stað að undanförnu. Hér þarf leiðréttingu á. Og þessa leiðréttingu er hægt að veita, ef tekin er upp rétt stjórnarstefna. Með lækkun vaxta, með því að draga úr lánsfjárvöxtunum, með því að styrkja aðstöðu fyrirtækja til aukinnar framleiðni er hægt að tryggja atvinnurekstrinum þá afkomu, að hann geti risið undir hærra kaupgjaldi en hann greiðir í dag. Og það er þessi breyting, sem þarf að verða. Og ég vil að síðustu láta þá ósk uppi, að eins og hæstv. ríkisstj. breytti um stefnu á s. l. vori, þá breyti hún einnig um stefnu að þessu leyti og hverfi frá þeirri furðulegu afstöðu einnig að vera mótfallin því, að verkamenn fái sæmileg laun fyrir 8 stunda vinnudag, þegar hægt er að veita þau með breyttri stjórnarstefnu. Ef ríkisstj. breytir um stefnu á þennan hátt, þá skal hún vissulega hljóta mitt lof og mundi að sjálfsögðu líka hljóta lof margra annarra.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hygg, að hv. 5. þm. Reykv. láti það of berlega koma í ljós, hversu óánægður hann er með samningsgerðina frá því í sumar. Það er alveg víst, að allur þorri Íslendinga fagnaði þeirri samningsgerð. Hitt grunaði menn, að sumir væru töluvert óánægðir yfir því, að það tókst að koma samningunum á, og við þurfum ekki að fara í grafgötur um það lengur, og að þeir menn eru fyrir hendi og það meira að segja hér í þingsölunum. Annars er eins og hv. þm. lifi í öðrum heimi, virðist hvorki þekkja til aðstæðna hér á landi né heldur átta sig á því, sem hér hefur gerzt á undanförnum árum. Hv. þm. talar þannig, eins og það sé fyrst nú síðustu ár, sem hér hafi verið verðbólga. Ég spyr hv. þm.: Man hann ekki eftir því, sem gerðist 1958, svo að ekki sé lengra haldið, og af hverju þáv. hæstv. ríkisstj. baðst lausnar, og þá var vissulega góðæri í landi, hið bezta afkomuár, sem þangað til hafði gengið yfir landið. Engu að síður óx verðbólga svo mjög, að hæstv. þáv. ríkisstj. treysti sér ekki að ráða við vandann, heldur sagði af sér, gafst einfaldlega upp við að leysa þær skyldur, sem hún hafði á herðar sínar tekið. Núv. ríkisstj. hefur mætt ýmsum vanda, en hún hefur forðazt þessi víti. Hún hefur gert sér ljósa þá ábyrgð, sem hvílir á þeim, sem taka að sér stjórn, og ekki dugir að hopa af hólmi, þegar verst gegnir. Það var ekki þeim hv. herrum að þakka, sem þá hlupust á brott, að þeirra brotthvarf varð þjóðinni til heilla. Vafalaust gerðu þeir það ekki í því skyni. Og það er ljóst af ummælum hv. þm. nú, að hann telur, að svo hafi ekki verið. En þjóðin hefur kveðið upp annan dóm, og sagan á áreiðanlega eftir að staðfesta það.

En við skulum játa, að verðbólgan hefur komið mörgu úr skorðum hér á s. l. 25 árum, getum við sagt. Engri stjórn hefur enn þá tekizt að leysa þann vanda til hlítar. En ef tekst samstarf með svipuðum hætti og heppnaðist að koma á í sumar, þá gefur það betri vonir til þess, að þetta megi takast smám saman í framtíðinni, heldur en hingað til.

Hv. þm. talar eins og það sé mjög einfalt mál og auðvelt að afnema hinn langa vinnutíma, sem nú sé hér, og þurfi ekki annað en einfalda ákvörðun um, að svo skuli gert. Allir landsmenn vita, að þetta er ekki rétt, að hér er um mjög erfitt vandamál að ræða, sem á djúpar rætur í okkar atvinnuháttum og verður ekki breytt nema smám saman og með samvinnu allra aðila. En þá verða menn auðvitað fyrst að átta sig á því, að hér sé um meinsemd að ræða, en ekki t. d. eins og flokksbróðir þessa þm., hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson, sem á sínum tíma hélt því fram sem einu höfuðásökunarefni gegn ríkisstj., að eftirvinna mundi falla niður, — þá taldi hann það vera böl fyrir launþega, ef þeir misstu af eftirvinnutekjum. Eftir að hæstv. vinstri stjórn hafði setið að völdum, var það dómur hv. 3. þm. Vestf., að verkalýðurinn mundi ekki geta komizt af, nema því aðeins að eftirvinna væri unnin. Þegar á þetta er litið, þá er ég ekki alveg viss um nema það hafi verið krókódílstár, sem féllu af hvörmum hv. 5. þm. Reykv. hér áðan, þegar hann var að breiða sig út yfir þetta efni.

Hv. þm. talar mikið um það, að núv. ríkisstj. hafi stuðlað að auknum tekjumismun í landinu og misskiptingu auðs. Ég hygg, að engin gögn séu til fyrir því. Ég skal leggja eina einfalda spurningu fyrir hv. þm. — Hv. þm. hefur a. m. k. ekki í blaði sínu haldið því fram, að ríkisstj. hafi verið sérstaklega hliðholl framsóknarmönnum eða ýtt undir þá. Ég vil hins vegar taka fram, að vitanlega höfum við ekkert gert þeim til meins eða á þá hallað, en þeir hafa auðvitað orðið aðnjótandi hinnar almennu þróunar, sem hér hefur orðið í landinu. Nú er

það nokkurn veginn vitað, að varðandi ýmiss konar óþarfa, þá veita menn sér hann fyrst, þegar þeir hafa umframtekjur, þ. á m. fara menn í skemmtiferðir til útlanda því aðeins, ef þeir geta séð sæmilega fyrir konu og börnum eða sínu lífsuppeldi. — Nú vil ég spyrja hv. þm.: Hvað voru það margar utanlandsferðir, sem ungir framsóknarmenn efndu til á stjórnartímum vinstri stjórnarinnar, og hvað er það oft, síðan núv. ríkisstj. tók við, sem ungir framsóknarmenn hafa efnt til hópferða til annarra landa? Er það ekki rétt, að á síðasta sumri hafi þær ferðir verið a. m. k. tvær? Þetta einfalda dæmi sýnir betur en margt annað, að talið um það, að menn séu hér rétt skrimtandi, er bábilja ein. Menn eru að leika sér í þingsölum að fásinnu, sem engan hljómgrunn hefur. Lífið sjálft ómerkir þetta, hvert sem við horfum. En þó að við sjáum þessi merki velsældar í þjóðfélaginu, þá má það ekki verða til þess, að við gleymum, að margt er hér vangert og öðruvísi en vera á, og þar á meðal er það vissulega, að vinnutími er hér of langur. En til þess að fá því breytt, þarf alvarlega viðleitni, en ekki þann leikaraskap, sem hv. þm. er hér að viðhafa.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að það bæri vott um stórkostlega bætt kjör, að ferðir til annarra landa hefðu aukizt. Ég hygg, að það stafi að sumu leyti að því, að aðstaða manna til að fara í slík ferðalög hefur stórum batnað frá því, sem áður var. Og það út af fyrir sig er ekkert merki um aukna hagsæld, því að það getur stafað af því, að menn hafa sparað ýmislegt við sig, sem þeir hafa veitt sér áður, en hætt að veita sér það og farið í ferðalög í staðinn. Það er hin almenna þróun, sem nú á sér stað í heiminum, að menn auki ferðalög sín, en spari frekar eitthvað annað við sig. Það eitt út af fyrir sig er enginn mælikvarði varðandi það, hvort lífskjör hafi versnað eða batnað. Ég hygg, að hitt sé miklu meiri mælikvarði á það, að nú er í fyrsta sinn lagt til af stjórnarnefnd, að mönnum séu veitt kreppulán til að borga skatta. Ég hygg, að þegar n., sem athugar slíkt fyrir ríkisstj., kemst að þeirri niðurstöðu, þá beri það miklu meiri vott um það, að efnahagurinn sé ekki góður, heldur en þó að ferðalög hafi eitthvað aukizt.

Hæstv. forsrh. var að ræða nokkuð brottför vinstri ríkisstj. 1958. Hann taldi, að hún hefði farið frá vegna þess, að framsóknarmenn hefðu viljað sporna gegn aukinni verðbólgu. Það er alveg rétt. Vinstri stjórnin sprakk m. a. vegna þess, að framsóknarmenn vildu sporna gegn aukinni verðbólgu. Og hefðu aðrir þá tekið sömu afstöðu og Framsfl., þá hefði ekki orðið í landinu sú verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. En það voru aðrir menn, sem þá tóku við, sem voru ekki mikið hræddir við verðbólguna. Og það eru þeir, sem bera ábyrgð á hinni miklu verðbólguþróun, sem síðan hefur orðið, en ekki framsóknarmenn. Og það er alveg sama, þótt hæstv. forsrh. komi með einhverjar tölur eða skýringar í þessu sambandi, þá er það staðreynd, að verðbólgan hefur aldrei aukizt meira en síðan 1958, þegar þeir menn tóku við, sem ekki voru hræddir við að auka verðbólguna, heldur margfölduðu hana frá því, sem þá hafði verið. Og ég held, að það sé allt annað en hrósvert af hæstv. forsrh. að koma hér upp og hæla sér af því, að hann hafi tekið við eftir 1958 og beri því ábyrgð á því mikla verðbólgukapphlaupi, sem síðan hefur átt sér stað. Það ber ekki vott um ábyrgð, heldur hið gagnstæða.

Hæstv. forsrh. vildi láta liggja orð að því, að ég hefði verið eitthvað óánægður yfir þeim samningum, sem gerðir voru á s. l. sumri milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðssamtakanna. Þetta er alger misskilningur hjá hæstv. forsrh. Ég hef hvað eftir annað, bæði hér í umr. á Alþingi og eins á annan hátt, látið uppi, að ég væri ánægður með það, sem þá náðist fram. Það er ekkert óeðlilegt, að ég geri það, vegna þess að það er í stórum dráttum hið sama og ég var að berjast fyrir á síðasta þingi, að í staðinn fyrir það, að ríkisstj. tæki upp lögbindingu á kaupgjaldi, þá semdi hún við verkalýðssamtökin. En það eru aðrir, sem hafa ástæðu til að vera óánægðir og eru undir niðri óánægðir og fullir sársauka yfir því, að þeir voru neyddir til að breyta hér um stefnu. Og það leyndi sér ekki á hæstv. forsrh. hér í ræðustólnum áðan, að hann var í rauninni ekkert ánægður yfir þessu, þótt hann vildi láta annað uppi, vegna þess að hann hefur verið þvingaður inn á það að taka hér upp allt aðra stefnu en hann vildi fylgja fram í byrjun síðasta Alþingis. Það muna allir eftir því, hvað hæstv. forsrh. ætlaði að gera þá og hvað hann talar ólíkt því núna, sem hann talaði þá. Þá vildi hann binda allt kaupgjald og barðist fyrir því. Nú talar hann aftur á móti um, að það eigi að fara samningaleiðina. Ég fagna því, að hæstv. forsrh. skuli vera kominn inn á þá braut. Ég hef engar ástæður til að vera óánægður yfir því, vegna þess að hann hefur hér farið inn á þá stefnu, sem ég barðist fyrir. En ég held, að hæstv. forsrh. sé undir niðri ekkert ánægður yfir því að hafa verið þvingaður til að fylgja nú annarri stefnu en hann hefur áður viljað fara.

Hæstv. forsrh. sagði, að til þess að tryggja mönnum betra kaup fyrir 8 stunda vinnudag, verði menn að gera sér ljóst, að hér er um meinsemd að ræða, sem verður að lækna. En ég ræð af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að hann geri sér ekki fullkomlega grein fyrir, hver sú meinsemd er. Það er ekki meinsemd, sem við læknum með því, að einhver vinnutímanefnd eða einhverjar nefndir séu að athuga vinnutilhögun og þess háttar Meinsemdin er fólgin í því, að hér er fylgt rangri stjórnarstefnu. Hér er fylgt stjórnarstefnu, sem þrengir svo að atvinnufyrirtækjunum, að þau geta ekki greitt öllu hærra kaup en nú á sér

stað. Með því að taka meinsemdina burt, með því að lækka vextina, með því að afnema lánsfjárhöftin og með því að leggja aukið kapp á að auka framleiðni atvinnufyrirtækjanna, í stað þess að nú er ekkert gert í þeim efnum, er hægt að skapa atvinnufyrirtækjunum þá aðstöðu, að þau geti greitt hærra kaup en nú á sér stað, og það er þetta, sem þarf að gera. Það er þessi meinsemd, sem þarf að taka í burtu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ef umr. um stjórnarstefnuna almennt væru hér á dagskrá, hefði ég vissulega enn þá margt og mikið við hana að athuga og gæti haldið allstrangan pistil um hana. En ef litið er eingöngu á þetta þskj. og það þingmál, sem hér er til umr., get ég sagt það í örfáum orðum, að allur texti þessa lagafrv. er gerður í samráði við verkalýðshreyfinguna og þá menn, sem stóðu að samningum við hæstv. ríkisstj. og vinnuveitendasamtökin á s. l. vori. Við höfum ekkert við þetta frv. að athuga og erum því samþykkir. Í því felast tvö meginatriði, eins og fram hefur verið tekið. Það er aftur tekin upp verðtrygging á kaupgjaldi, þ. e. a. s. vísitölukerfi eftir ákveðnum reglum, sem í frv. greinir, er lögfest, og í annan stað eru felld niður ákvæði laga nr. 4 frá 1960, um efnahagsmál, þ. e. bannið við að binda kaupgjald í einhverri mynd við vísitölukerfið, það er nú afnumið. Um þetta var samið á s. l. vori, og þessum samningsákvæðum fullnægir þetta frv. Af því leiðir það vitanlega, að ég sem þingmaður mun greiða þessu frv. atkvæði og tel það vera fullnægingu á samningsákvæðum frá 5. júní s. l.

Hitt er hins vegar alveg rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að þegar litið er á það kaupgjald, sem nú gildir í landinu samkv. stéttarfélagssamningum, þá er það svo lágt, að meðalfjölskyldu er ekki kleift að lifa af tekjum 8 stunda vinnudags. Og það var okkur vissulega ljóst, þegar við gengum frá samningaborði s. l. vor. En við höfðum boðið ríkisstj. að freista þess að finna einhverjar leiðir til stöðvunar verðbólgu, og þegar við höfðum látið það tilboð frá okkur fara, þá var okkur ljóst, að við mundum verða miklu fremur að leggja höfuðáherzlu á önnur atriði en hækkun kaupsins, þrátt fyrir það að við teldum kaupið ófullnægjandi. Um það er hægt að deila, hvort við höfum gert rétt í þessu. Við lögðum höfuðáherzlu á að fá numið úr lögum bannið við vísitölugreiðslu á kaup, lögðum fram höfuðkröfu um verðtryggingu kaups. Ríkisstj. reyndist vera til viðræðu um það. Og samningar báru þann árangur, að vísitölubannið fékkst úr gildi fellt, og við vildum annað tveggja, fá þannig frjálsan samningsrétt í stéttarfélagssamningum um að taka upp vísitölu á kaup á ný eða þá, eins og hæstv. ríkisstj. lagði meiri áherzlu á, að þetta skyldi verða ákveðið með lagasetningu, sem í einn og sama stað kom niður, og á það gátum við fallizt.

Nú er spurningin, hvort það muni vera rétt að taka upp vísitölugreiðslur á kaup, og um það er hægt að deila. Meðan vísitölukerfið gilti hér áður, voru margir, sem sáu á því ýmsa galla, ýmsa vankanta. En ég hélt því alltaf fram, að þrátt fyrir ýmsa galla á því kerfi mundu vísitölugreiðslur á kaup veita ríkisvaldinu á hverjum tíma visst aðhald í verðlags- og dýrtíðarmálum. Og það held ég enn, að sé rétt. Þegar vísitölukerfið var afnumið, sló ríkisvaldið slakara við en áður í þeim efnum að hafa taumhald á verðlagsmálunum. Meðan vísitölukerfið gilti, vissi sérhver ríkisstj. það, að ef hún sleppti verðlaginu lausu, kæmi kaupgjaldið upp á eftir innan eins ársfjórðungs, og það brást ekki heldur. En það var sem afleiðing. Þegar ríkisvaldið gat ekki gert sér vonir um það, að kaupgjaldið drægist aftur úr, þó að verðbólgan geisaði og verðhækkanirnar geisuðu áfram, þá fór það þannig, að verðlagið fór í geysingi á undan og ríkisvaldi var síðan beitt með afli atvinnuvinnurekenda til þess að halda kaupgjaldinu niðri, og þetta héldu menn vera lækningu á þjóðfélagsmeinsemd, en það hefur ekki reynzt það.

Þetta tímabil, síðan vísitölukerfið var afnumið, hefur reynzt verkalýðnum, að því er snertir tekjuöflun hans í vaxandi dýrtíð, erfitt tímabil, það ber að játa. En þetta tímabil hefur líka verið íslenzku atvinnulífi, atvinnurekendum, erfitt. Atvinnurekendurnir hafa búið við miklu meiri óvissu en nokkru sinni fyrr viðvíkjandi möguleikum síns atvinnurekstrar. Þeir vissu aldrei stundinni lengur, við hvaða kaupgjald þeir mundu eiga að búa og hver þau útgjöld yrðu, sem þeir yrðu að hafa í sambandi við aðkeypt vinnuafl, og þessi óvissa náði hámarki sínu á árinu 1963, þegar þrisvar sinnum var allt í óvissu um kaupgjaldsmálin. Þetta var því eins óhafandi fyrir öryggi í atvinnurekstri og fyrir afkomu launastéttanna, og þegar svo var komið, að hvorum tveggja var þetta ljóst, hygg ég, að hæstv. ríkisstj. hafi gert alveg rétt í því að horfast þarna í augu við staðreyndir og hefja viðræður við verkalýðshreyfinguna um, að þetta óvissuástand skyldi afnumið og vísitalan heldur viðurkennd á ný. Og það er enginn minni maður fyrir það, þó að hann að fenginni reynslu játi á sig að hafa haft rangt fyrir sér og breyti þá um stefnu. Og sízt af öllu skal ég ámæla hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa gert þetta í þessu atriði.

Ég tel það einn höfuðávinning síðustu samninga, sem bundinn var endi á 5. júní s. l., að verðtrygging fékkst aftur á kaup. Og ég vona, að það verði ekki aðeins verkalýðnum til hagsbóta, heldur einnig atvinnurekstrinum, og það skapi meiri stöðugleika og öryggi hjá atvinnurekendum. Ég tel líka, að vísitölukerfið, þegar það er komið í gang aftur, leggi hæstv. ríkisstj. þungar byrðar á herðar um að reyna að hafa hemil á dýrtíðarmálunum. Ef hún hins vegar gætir sín ekki í því og lætur allt vaða á súðum áfram í fjárhags- og efnahagsmálum, bregzt hún skyldu sinni og þá mun það koma

henni í koll. Hún verður að taka upp nokkuð breytta stjórnarhætti í þessu efni, hafa ekki uppi eintóm sparnaðarloforð, heldur láta sparnað koma til framkvæmda í ýmsum þáttum ríkisins, því að stöðvun og stöðugleika í efnahagskerfinu fáum við ekki nema því aðeins, að ríkisvaldið gæti þessarar skyldu sinnar. Ég álít t. d., að 100 millj. umframgreiðslur á fjárl., eftir að allir eru farnir að stefna að því að stöðva, eigi ekki heima innan þessa kerfis og það sé beinn vegur til ógæfu.

Hér er stefnt að samstarfi verkalýðssamtaka, atvinnurekenda og ríkisvalds um mikið þjóðfélagsvandamál, og ef allir standa vel við þetta og skilja anda þess, sem á bak við er, þá held ég, að takist að leysa þessi mál. En ef annaðhvort ríkisvaldið eða atvinnurekendur eða verkalýðshreyfingin bregzt í þessu samstarfi, er að mínu áliti ekki hægt að bjarga því með einni saman lagasetningu um vísitölukerfi á laun.

Í annan stað lögðum við höfuðáherzlu á, að reynt yrði að reisa skorður við óhóflega löngum vinnutíma hér á landi. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, hann hefur um alllangt skeið tekið vel undir þá kröfu verkalýðssamtakanna og gert nokkrar ráðstafanir til þess, að stefnt væri í þá átt að stytta hinn óhóflega langa vinnutíma, og þeirri kröfu var að nokkru sinnt núna í samningunum í vor og því lofað, að áfram skyldi unnið að lausn þess máls í áföngum. Og ég held, að það mál, hinn óhóflega langi vinnutími hér á landi, verði ekki heldur leystur nema í smáskrefum á nokkuð löngum tíma og það sé ekki hægt að fá öllum kröfum fullnægt í einu, svo langt úrskeiðis hefur okkur borið í þessu efni á undanförnum árum.

Í þriðja lagi lögðum við höfuðáherzlu á að leysa einn vanda, sem algerlega var kominn í öngþveiti. Það voru húsnæðismál almennings, langt út fyrir raðir verkalýðssamtakanna, og þar fengum við tvennu til vegar komið með samningum við hæstv. ríkisstj., lækkun vaxta, að vísu með vísitölukvöð, og hækkun lána, og þar með allverulegt skref stigið í þá átt að opna ungu fólki og öðrum, sem eru að byggja yfir sig og sína, möguleika til þess að leysa húsnæðismálin með nokkru auðveldari hætti en áður var, því að þau mál voru komin í algert öngþveiti hjá efnaminna fólki. Enn fremur fengum við svo fyrirheit um það, að öfl innan Alþingis skyldu sameinuð um að setja á þessu þingi, sem nú hefur hafið störf sín, löggjöf með samkomulagi um vinnuvernd, og þeirrar löggjafar tel ég mikla þörf.

Þegar við höfðum fengið þetta fram í samningum, urðum við að slaka nokkuð á í kaupgjaldskröfum okkar. Og það má segja, að í því efni hafi lítið úr rætzt með samningunum í vor, og það vitum við vel. Það er rétt, sem hér var sagt áðan, að sá verkamaður, sem vinnur alla virka daga ársins, 8 stundir á dag, fær ekki nema 77 þús. kr. í árstekjur, innan við 80 þús. kr., og það vita allir, að af þeim tekjum verður engri 5 manna fjölskyldu framfleytt. Kaupið er því of lágt. Til þess að árstekjur verkamanns yrðu 108 þús. kr., þyrfti tímakaupið að vera 45 kr. eða 12 kr. hærra en það er nú. Ég geri mér fyllilega ljóst, að hvaða ríkisstj. sem sæti á stjórnarstóli nú mundi ekki telja fært, án þess að tjón hlytist af í efnahagslífi þjóðfélagsins, að framkvæma þessa leiðréttingu á kaupgjaldi í einu stökki. Okkur hefur borið, eins og um tímavinnulengdina, svo langt úrskeiðis á undanförnum árum um þessi efni, að það er mín sannfæring, að ríkisstj. gæti ekki haft hemil á efnahagsmálunum, ef kaupið yrði allt í einu hækkað um 12—13 kr. á tímann, upp í 45 kr., sem þyrfti til þess, að verkamaður hefði 108 þús. kr. tekjur, sem ég álít í raun og veru vera eiginlega það lágmark, sem hugsanlegt sé að framfleyta meðalfjölskyldu á, ef ekki kæmu eftirvinnu- eða næturvinnutekjur til. Í kaupgjaldsmálinu er ég því sannfærður um, að við verðum að fara samningaleið og beina þar í einn farveg öllum meginöflum atvinnurekenda, ríkisvalds og verkalýðssamtaka að framkvæma leiðréttingar á kaupgjaldsmálinu sjálfu í áföngum. Það verð ég að játa. Þetta er það stórt stökk, sem hér yrði að gera, að það yrði áreiðanlega ekki hægt að rúma það innan þess efnahagsmálaramma, sem okkur er sniðinn, í einu vetfangi. Hér verðum við að þoka okkur áfram að réttu marki einnig í áföngum. Og verði ég einhver ráðamaður í þessum málum utan þings eða innan, mun ég halda mér við það, að við þurfum að semja hér um lagfæringu á vinnutímanum og kaupgjaldinu í áföngum og beina öllu afli að því að gera það á þann veg, að enginn, hvorki núv. ríkisstj. né neinir aðrir, fái afsökun í því, að allt hafi farið úr böndum og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar steypt í glötun vegna þess, að ekki hafi verið farnar færar leiðir eða gefinn kostur á að fara þær.

Ég held því, að hæstv. ríkisstj. hafi farið inn á réttar brautir með því lagafrv., sem var ávöxtur samkomulagsins í vor og rætt var hér í hv. þd. í gær, og með því að gangast inn á þau samningsákvæði, sem felast í þessu frv., sem nú er til umr., og fyrir það mun ég aldrei álasa henni. Ég held, að hún hafi gert rétt í því. Hitt er svo annað mál, það verður okkar sök, sem hinum megin vorum við samningaborðið, ef hægt er að segja, að við höfum verið of linir í kaupgjaldsmálinu og gefið þar of slakan taum. En það var okkar sannfæring, eftir að við höfðum staðið í þessu samningaþófi, að þar gætum við ekki komizt lengra, eins og sakir stóðu, þó að vitanlega hyggjum við á lagfæringu í því efni við næstu samningagerð og samningagerðir, eins og ég þegar hef gert grein fyrir.

Fleira skal ég ekki segja um þetta frv. Ég tel það fullnægja samningsákvæðum við okkur og mæli með frv. og samþykkt þess.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls að þessu sinni, en hæstv. forsrh. hafði einhverja sér-

staka hvöt til að blanda mér inn í þetta mál með því að vitna í ummæli, allmargra ára gömul, um eftirvinnu. En af því að hann fór þar með rangt mál í sinni túlkun, hlýt ég að leitast við að leiðrétta þetta hjá hæstv. forsrh.

Það, sem hann á við, munu vera ummæli, sem ég hafði í hv. Ed. 1960, þegar efnahagsmálafrv. ríkisstj. var þá til umr. En eins og menn muna kannske, hafði ríkisstj. gefið út bækling á kostnað þjóðarinnar og sent hann inn á hvert heimili. Í þessum bæklingi var boðskapur viðreisnarinnar settur á prent. Einn lítilfjörlegur þáttur í þessum pésa var um hækkun fjölskyldubóta. Ég hafði gert þetta að umtalsefni í hv. Ed., hvað þessi hækkun megnaði mikils og hversu rétt það væri, sem stóð í hinni „frægu" bók um þetta efni. En þar stóð og stendur, með leyfi hæstv. forseta, þegar er verið að lýsa áhrifunum af hækkun fjölskyldubótanna:

„Niðurstaða þeirra athugana er sú, að hinar auknu fjölskyldubætur nægi til þess að jafna að fullu þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin að öðrum kosti hefði í för með sér fyrir fjölskyldu með 60 þús. kr. tekjur, þar sem börn eru 3 eða fleiri."

Ég dró í efa, að hækkun fjölskyldubótanna gæti nægt til þess að mæta öllum afleiðingum viðreisnarinnar, og ég held, að ég hafi orðið nokkuð sannspár um þetta. Og til þess að skýra, hvað þetta væru miklar upphæðir, sem hver fjölskylda fengi, bar ég það saman við tveggja stunda eftirvinnu hjá fjölskyldumanni yfir árið, bara til að skýra það, hvað þær væru miklar, og sýndi fram á, að sá fjölskyldumaður, sem ekki ætti neinu í að tapa, ef hann hefði haft tveggja stunda yfirvinnu, en tapaði henni, þyrfti að eiga 47 börn. Þetta sárnaði þeim sjálfstæðismönnum ákaflega mikið og svíður enn í hæstv. forsrh. En að ég hafi verið að lofsyngja eftirvinnu, það var fjarri því. Þar að auki var ég ekki að tala um neina eftirvinnu á árum vinstri stjórnarinnar, því að það voru þessir núverandi viðreisnarflokkar, sem þá voru búnir að fara með völdin á annað ár, þegar ég hafði þessi ummæli, svo að allt er þetta öfugt hjá hæstv. forsrh.

En hinu neita ég ekki, að ég bjóst við kjaraskerðingu af viðreisninni eins og margir aðrir og ég bjóst við samdrætti, og ríkisstj. sjálf ráðgerði samdrátt og hann ekki neitt lítinn. Það var einn af meginþáttunum í viðreisnarstefnunni að draga úr fjárfestingunni, minnka framkvæmdirnar til þess að ná jafnvægi, eins og þeir orðuðu það. Og hvað þýddi það að draga úr fjárfestingunni og minnka framkvæmdir annað en að minnka atvinnuna um leið? Auðvitað hlutu afleiðingarnar að verða svo. Þetta ætlaði ríkisstj. sér að framkvæma og hefði framkvæmt, ef hún hefði ráðið við náttúruöflin. Hún hugsaði sér að framkvæma þetta m. a. með því að lækka gengið, eins og hún gerði tvisvar sinnum, og auka þannig dýrtíðina, en halda kaupinu föstu. Með því minnkaði kaupgetan svo gífurlega, að menn gátu yfirleitt ekki lagt í neitt, allur almenningur, nema hafa í sig og á. Þetta var stefnan. En það voru önnur voldugri öfl, sem tóku í taumana, án þess að ríkisstj. ætlaðist til þess. Aflabrögðin uxu talsvert mikið og það ekki síst vegna útfærslu landhelginnar 1958. Nú hefur hæstv. ríkisstj. verið að berjast við að eigna sér allt góðærið, sem síðan hefur orðið. En ég veit ekki, hvort Sjálfstfl. eignar sér útfærslu landhelginnar, ég skal ekki segja það. En aflabrögðin hafa aukizt. Á árunum allt frá 1949 til 1954 komst aflamagnið í landinu aldrei upp í 400 þús. smál. á ári. En svo vex það nokkuð á árunum 1955—1958 og er komið upp í 505 þús. smál. 1958. Þetta þótti góðæri og var það í sjálfu sér, miðað við það, sem áður hafði verið. Þetta er árið, sem landhelgin var færð út. En síðan vaxa aflabrögðin, og á árinu 1962 er aflamagnið komið upp í 832 þús. smál. eða 65% meira en það var 1958 og 88% meira en það var 1957. Ætli þetta hafi haft nokkur áhrif á velmegun hjá þjóðinni? Ætli þetta hafi ekki haft einhver áhrif á atvinnuna í landinu, á frelsið til þess að geta keypt sér það, sem menn vildu, o. s. frv.? Hvernig hefði farið fyrir þjóðinni undir þessari stjórn, sem við höfum nú, ef aflamagnið hefði verið eins og það var 1958? Ætli stjórnin hefði ástæðu til þess að hæla sér mikið af frelsinu í innflutningnum, skemmtiferðunum, atvinnunni? Nei, það er ekki viðreisnarstjórnin, sem hefur bjargað þjóðinni frá hreinu hallæri, heldur aðrir voldugir aðilar.

Hæstv. forsrh. var að lýsa áhuga sínum á því, að unnt yrði að stytta vinnudaginn. Það er rétt hjá honum. Hann talaði þannig fyrir nokkrum árum, þegar till. var um þetta flutt. En ég vil spyrja: Ef haldið verður nú áfram að stytta vinnudaginn eitthvað, um 15 mínútur á dag eða eitthvað þess háttar, eins og gert var í vor, sem er full nauðsyn á að stytta, er þar með leystur vandinn fyrir verkafólk í landinu? Eða er það meining hæstv. ríkisstj., að kaupgjald verkafólks eigi að standa í stað, ef hægt væri eitthvað að stytta vinnudaginn? Er það alveg nægjanlegt að hafa þessar 75—85 eða 90 þús. kr. á ári fyrir dagvinnu, þegar sannanlegt er, að útgjöld meðalfjölskyldu eru komin upp í 140 þús. kr. á ári, ef menn reikna húsnæðiskostnaðinn eins og hann raunverulega er? En framfærslukostnaður er nálægt 100 þús. kr. að frátéknu húsnæðinu, og það er ekki hátt áætlað, að húsnæði fjölskyldunnar kosti núna 30—40 þús. kr. á ári. Verkamenn hafa þetta frá 75—90 þús. yfir árið fyrir 8 stunda dagvinnu alla virka daga ársins. Ég fæ nefnilega ekki skilið, að þetta eitt út af fyrir sig geti leyst þann vanda, að verkafólk yfirleitt í landinu geti lifað við viðunandi kjör, þó að eitthvað væri styttur vinnudagurinn, t. d. um 1—2 stundir á viku, og jafnvel þó að það yrði gert í áföngum. Nei, það segir sig sjálft, að kaupgjaldið er svo fjarri öllu lagi, miðað við þarfir meðalfjölskyldu til að

lifa af, að um það þarf ekki að ræða. Hitt vita menn líka, að til þess að hafa viðunandi tekjur, hefur verkafólk orðið að vinna núna 11—12 stundir á dag að meðaltali, — til þess að geta haft viðunandi tekjur. Það er því ekki nóg að tala um styttingu vinnudagsins, sú ráðstöfun ein bjargar málunum ekki. Það verður að grípa til annarra og meiri ráða, ef á að bæta hag verkafólksins, svo að um munar. Gleggsta sagan um þetta, hvernig hallað hefur á ógæfuhliðina fyrir launafólki yfirleitt og þá alveg sérstaklega verkafólki, er kaupmáttur launanna, vísitala kaupmáttarins, hvernig hún hefur farið niður á við í síðari tíð. Hæstv. forsrh. vitnaði í eitthvert öngþveiti, sem hefði verið 1958. En á árinu 1958 var kaupmáttur tímakaupsins rétt innan við 100, miðað við 100 1945. En á árinu 1963 mun hann hafa verið einhvers staðar milli 80 og 85, og nú er mér tjáð, að Efnahagsstofnunin sé hætt að reikna út kaupmátt launa.

Ég hef þá leiðrétt þessa missögn hæstv. ráðh., að ég hafi verið að lofsyngja aukavinnu 1960. Ég var aðeins að bera saman áhrif hækkunar fjölskyldubóta í stað 2 aukavinnutíma á dag, ef hún yrði unnin, og ekkert annað, og auk þess var það á árinu 1960, sem ég talaði um þetta, en ekki á tímum vinstri stjórnarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 94).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. á þskj. 5, frv. til l. um verðtryggingu launa, til meðferðar nú um hríð og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ég tel ekki þörf á að gera hér nánari grein fyrir málinu, það var gert ýtarlega við flutning málsins hér í þessari hv. d. af hæstv. forsrh., og hef ég engu þar við að bæta. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, sem segir í áliti n. á þskj. 94 í sambandi við 4. gr. N. átti ýtarlegar viðræður við hagstofustjóra um ýmis ákvæði frv., en það hvílir á hagstofunni að verulegu leyti að reikna út vísitölu, og við þær umr. kom m. a. fram í sambandi við 4. gr., að ákvæði hennar ber að skilja þannig, að reikna skuli verðlagsuppbót á vinnuliði verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara eftir sömu reglum og laun samkv. frv. Það má að vísu með nokkrum rétti segja, að þetta komi fram í sjálfri greininni, eins og hún er núna, þar sem er vísað í 2. og 3. gr., en n. þótti réttara að taka þetta fram í nál., svo að allur vafi væri þar af tekinn. — N. mælir sem sagt með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til meðferðar í hv. Nd. og var samþ. þar einum rómi. Það er fram borið til staðfestingar einum meginþætti í því samkomulagi, sem gert var í júní s. l. milli ríkisstj., Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Það samkomulag var raunar í mörgum liðum, en fyrsti liður þess eða þáttur var um verðtryggingu kaupgjalds, og er þetta frv. að öllu leyti í samræmi við það, sem menn komu sér saman um. Hitt er annað mál, að deilt hefur verið um það, hvort skynsamlegt væri að hafa slíka verðtryggingu eða verðlagsuppbót, og hún var 1960 numin úr lögum eftir að hafa verið nokkuð lengi í gildi, þótt með breytilegum hætti væri. En þó að þá væru rík rök til þess að afnema reglurnar um verðlagsuppbót, þóttu á s. l. sumri mjög rík rök til þess að taka upp verðtryggingu aftur, vegna þess að það var þá eina ráðið eða forsenda þess, að nokkur vinnufriður fengist til frambúðar. Þó hygg ég, að flestir eða allir séu nú sammála um, að vel hafi verið ráðið, að um þetta var samið.

Ég vonast til þess, að frv. fái greiðan framgang í þessari hv. d., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að umr. lokinni.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að andmæla efni þessa frv. á nokkurn hátt. Ég er því í meginatriðum samþykkur, eins og ég hef alltaf verið á því máli, að verðlagsuppbót á laun sé af hinu góða. Ég stend hér upp hins vegar til að láta í ljós nokkra undrun mína á framkomu þessa frv. sem stjórnarfrv.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir frv. hér og gat að nokkru ástæðna fyrir því, að hæstv. ríkisstj. flytur þetta frv. nú. En með tilliti til forsögu þessa máls hlýtur það að vekja nokkra furðu, að hæstv. ríkisstj. skuli nú á árinu 1964 bera fram frv. um, að greiða skuli verðlagsuppbót á laun fyrir unnin störf og að kaupgreiðsluvísitala skuli reiknuð eftir vísitölu framfærslukostnaðar. Það er ekki lengra síðan en 4 ár, að þessi sama hæstv. ríkisstj. bar fram

frv. til l., sem fól í sér ákvæði í algerlega gagnstæða átt, nefnilega um afnám verðtryggingar launa. Þá lagði hæstv. ríkisstj. mjög mikla áherzlu á, að vísitölukerfið, sem þá hafði staðið í nærri 20 ár, yrði afnumið. Og rökin voru þau, að vísitölukerfið væri ein meginorsök verðbólgunnar í landinu. Hæstv. ríkisstj. gaf á því ári út bæklingi, sem hún nefndi Viðreisn. Í þeim bæklingi er rætt um vísitölukerfið og nauðsynina á afnámi þess. Ég vil aðeins — með leyfi hæstv. forseta — lesa örlítið af því, sem þar er sagt um þetta vísitölukerfi, sem nú skal innleitt aftur að ósk hæstv. ríkisstj. Í viðreisnarbæklingnum segir á þessa leið:

„Til þess að koma í veg fyrir, að aftur hefjist það kapphlaup milli verðlags og kaupgjalds, sem tókst að stöðva á s. l. ári, leggur ríkisstj. til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu. Reynslan hefur sýnt, að það vísitölukerfi, sem hér hefur verið í gildi síðan í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, hefur ekki verið launþegum til neinna varanlegra hagsbóta. Þess vegna leggur ríkisstj. til, að það verði afnumið."

Og síðar í þessum bæklingi segir á þessa leið um sama efni:

„Jafnhliða þessu er lagt til, að tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar sé numin úr gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að gera þá breytingu tekjuskiptingarinnar, sem að framan getur, raunhæfa og koma í veg fyrir þá öru verðbólguþróun, sem annars mundi hljótast af víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds."

Þessi var skoðun hæstv. ríkisstj. á vísitölukerfinu á því herrans ári 1960. Þá var lagt til að afnema vísitölukerfið í því skyni að stöðva verðþróun í landinu og í því skyni að bæta lífskjör almennings. Nú hins vegar, árið 1964, leggur sami aðili til, að vísitölukerfið sé tekið upp á ný nákvæmlega í sama tilgangi, sem sagt í þeim tilgangi að stöðva verðbólguna og bæta lífskjör verkamanna.

Ég hygg, að það fari fleirum en mér svo, sem um þetta mál hugsa, að undrast þessa afstöðu hæstv. ríkisstj., undrast þá algeru kúvendingu, sem hér hefur orðið í hugarfari hæstv. ríkisstj. Ég tel það í sjálfu sér mikilsvert að fá að vita eitthvað um hug og tilgang þess aðila, sem frv. flytur. Það er ekki nóg að lesa og skilja frv. sjálft og efni þess. Við viljum einnig gjarnan vita, hvað liggur á bak við, hver eru rök þess aðila, sem málið flytur, en um þetta fáum við lítt að vita. Okkur er sagt, að frv. sé flutt vegna samkomulags, sem hafi orðið á s. l. vori milli hæstv. ríkisstj., Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Þá hlýtur sú spurning að vakna: Hafa þessar viðræður gerbreytt viðhorfi hæstv. ríkisstj. til vísitölukerfisins, eða eru einhverjar aðrar ástæður fyrir því, að hæstv. ríkisstj. flytur þetta frv., t. d. þær, að hæstv. ríkisstj. gegn eigin sannfæringu láti til leiðast fyrir ofurefli utan frá? M. ö. o.: Er það hugsanlegt í þessu tilfelli, að hæstv. ríkisstj. flytji þetta frv. gegn eigin sannfæringu fyrir áhrif frá Alþingi götunnar? Fyrir nokkrum árum ræddu stjórnaraðilar um Alþingi götunnar af mikilli fyrirlitningu. Þess vegna er eðlilegt, að það mál sé hugleitt. Getur það verið, að hæstv. ríkisstj. hafi nú orðið að lúta vilja Alþingis götunnar?

Ég skal viðurkenna það, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að tímarnir geta breytzt, og með þeirri breytingu geta sjónarmið breytzt, og hér er um svo gagngera kúvendingu að ræða á tiltölulega stuttum tíma, að ég get varla hugsað mér, að það sé eina skýringin eða yfirleitt að það sé sú sanna skýring. Við minnumst þess margir, sem eigum sæti í þessari hv. d., hvernig stjórnarliðið talaði um vísitölukerfið árið 1960 hér á Alþingi. Þá voru vísitölukerfinu valin hin hæðilegustu orð. Það var kallað aflvél verðbólguskrúfunnar, það var kallað svikamylla, og einn af forustumönnum Sjálfstfl., sem þá átti sæti á þingi og er hagfræðingur, sagði m. a. svo í þingræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Önnur meginforsenda þess," — ég skal taka fram, að hin meginforsendan var gengislækkunin, — „önnur meginforsenda þess, að viðreisnarstefnan megi ná tilætluðum árangri, er sú, að komið sé í veg fyrir, að framhald verði á hinu sjálfvirka kapphlaupi milli kaupgjalds og verðlags, sem vísitölukerfið hefur um langan aldur orsakað."

Annar mikilsmetinn fyrrv. þm. úr hópi sjálfstæðismanna sagði, að mesta vitleysan, sem gerð hafi verið í íslenzkum fjármálum fyrr og síðar, hafi verið vísitöluskrúfan, sem sett var í gang 1940. Þannig var sem sagt fordæming stjórnarliðsins á því þingi alger. Og þá var það talið það eina sáluhjálplega efnahagslífinu til bjargar, að vísitölukerfið yrði tafarlaust og að fullu afnumið. Nú þykir mér vera komið nokkuð annað hljóð í strokkinn. Nú skal vísitölukerfið innleitt á ný einmitt til þess að hamla upp á móti verðbólgu og til þess að bæta lífskjör almennings. Nú er vísitölukerfið ekki álitið neinn bölvaldur í íslenzku efnahagslífi, heldur þvert á móti er það bjargráð.

Ég taldi rétt að hafa orð á þessu og tek fram, að það er ekki í því skyni gert að yfirfast við frv. og efni þess. Ég tel rétt að benda á þessa miklu hugarfarsbreytingu hjá hæstv. ríkisstj. Og það væri vissulega ástæða til að leggja frekar út af því, hvernig stendur á þessari miklu hugarfarsbreytingu. Í því sambandi hljóta hjá okkur öllum að vakna ýmsar spurningar. Felst í þessu, að hæstv. ríkisstj. viðurkennir nú, að viðreisnin sé algerlega farin út um þúfur og úr sögunni? Við aðrir höfum fyrir löngu komið auga á það, að viðreisnin er búin að vera, felst í flutningi þessa frv. viðurkenning á þeirri staðreynd, viðurkenning hæstv. ríkisstj.?

Það eru ýmsar spurningar, sem mér koma í hug í sambandi við þetta mál og mér hefði þótt gaman að fá svar við. En ég get varla ætlazt til þess, að hæstv. ríkisstj. veiti mér

fullgild svör við þeim spurningum. Mér dettur t. d. í hug: Hefur hæstv. ríkisstj. gersamlega snúizt hugur í afstöðu sinni til verðtryggingar launa, eða flytur hún þetta frv. gegn eigin sannfæringu, máske til neydd af Alþingi götunnar, eins og ég tók fram áðan? Önnur spurning, sem mér kemur í hug, er þessi: Telur hæstv. ríkisstj. e. t. v., að verðtrygging launa geti verið heppileg ráðstöfun í einn tíma, þótt hún sé það ekki í annan? Ég skildi það á ræðu hæstv. ráðh., að þessu muni hæstv. ríkisstj. að vissu marki a. m. k. svara játandi. Mér dettur líka í hug spurningin: Felst í flutningi þessa frv. fortakslaus viðurkenning hæstv. ríkisstj. á því, að viðreisnin frá 1960 sé gersamlega farin út um þúfur? Við þessu væri mjög fróðlegt að fá svar frá hæstv. ráðh. En mér kemur einnig í hug spurningin: Ef hæstv. ríkisstj. er sömu skoðunar í hjarta sínu og hún var 1960, ber þá að líta á þessa lagasetningu nú sem leikbragð hennar eða einhvers konar refskák við launþegasamtökin og að svo kunni að fara, að lögin verði felld úr gildi, t. d. síðar á þessu ári, ef svo kynni að fara, að launþegasamtökin þættu ekki makka rétt? Við spurningum eins og þessari get ég, eins og ég sagði áðan, varla búizt við að fá hreinskilnisleg svör. Það má segja um það, að fæst orð hafi minnsta ábyrgð og hæstv. ríkisstj. hafi nú reynsluna fyrir því, að það sé varasamt að fullyrða of mikið, ef hægt er að komast hjá því.

Ég skal ljúka þessum orðum mínum, en ég vil aðeins bæta því við, að ef ég hefði verið í sömu aðstöðu og hæstv. ríkisstj. er nú, mundi ég mjög hafa skoðað hug minn um, hvort mér væri ekki sæmra að segja af mér vegna ósigurs viðreisnarinnar heldur en koma hér fram á Alþingi með þetta frv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við vitum það allir, að hv. síðasti ræðumaður, 9. þm. Reykv., er ágætur læknir og þekkir það þess vegna mjög vel af eigin raun, að það fer mjög eftir ástandi sjúklingsins, hvaða læknislyf á að gefa. Það getur stundum verið stórhættulegt að gefa sjúklingi sama læknislyf og getur bjargað lífi hans í annað skipti. Þetta er eitt af frumatriðum læknisfræðinnar, sem hv. þm. auðvitað þekkir gjörla. Hann átti líka kollgátuna að því, þegar hann spurði um það, hvort ríkisstj. teldi, að verðtrygging launa ætti stundum við og stundum ekki. Það er alveg rétt. Ríkisstj. lítur þannig á, alveg eins og ég veit að hann lítur á um ýmis læknislyf í sínu mikilsverða starfi. Ég hygg, að það sé ótvírætt, að eins og á stóð 1960, var ekki fært að halda reglunum um verðlagsuppbót óbreyttum og skynsamlegt að afnema þær. En eins og á stóð í vor, þegar hægt var að semja um nokkurn vinnufrið og ekki meiri kjarabreytingar en svo, að ef annað tekst sæmilega til, ætti verðlagsuppbót nú ekki að þurfa að hleypa af stað nýrri verðbólguskriðu eða auka verðbólguvöxtinn úr hófi, hvernig sem við viljum orða það, þá var skynsamlegt að verða við þeirri ósk verkalýðsfélaganna að semja um verðtryggingu. Það var skýrt tekið fram af ríkisstj., að sú skuldbinding af hálfu ríkisstj. stæði einungis meðan þeir samningar stæðu, sem gerðir voru í júní í sumar, og jafnvel ráðgert og vitað, að slík tímabinding yrði sett í bráðabirgðalög, ef þau yrðu gefin út um málið. Nú voru brbl. ekki út gefin, heldur frv. lagt fyrir Alþingi, og að athuguðu máli þótti ekki eðlilegt að hafa neinn tímafrest um gildi þeirra. Eins og nú var skynsamlegt að taka aðra afstöðu en 1960 vegna breyttra aðstæðna, verður að meta það á seinni tímum, hvaða gagnráðstafanir verður að gera gegn verðbólguvexti, ef hann ætlar að verða þjóðfélaginu stórhættuleg eða banvæn meinsemd, en um það getum við ekki efast, að svo er í raun og veru, ef verðbólgan vex úr hófi.

Í sjálfu sér læt ég mig engu skipta ögranir út af því, að stjórninni hafi hér snúizt hugur. Jafnvel þótt svo væri, er það sízt afsökunarefni. Það þekkjum við allir, að menn skipta oft um skoðun, hver og einn, einstaklingar, flokkar, þm., ríkisstj., Alþingi, svo að þrætur um það, hvort algert samræmi sé í því, sem skeður á nokkurra ára bili, eru einstaklega ófrjóar. En hér eiga þær enn þá síður við, þar sem atvikin eru önnur, og þar sem það er í raun og veru svo, að hér er verið að berjast á móti sjúkdómi í efnahagslífinu, og það verður hverju sinni að beita því meðali til hindrunar honum eða linunar afleiðinga hans, sem þá á bezt við. Það hefur ríkisstj. eftir föngum leitazt við að gera. Ég get að lokum, — ég hygg, að ég sé búinn að svara öðrum spurningum, þeim sem hv. þm. bar fram til mín, — þá get ég fullvissað hann um, að því fer fjarri, að viðreisnin sé enn dauð. Ég spái því, að hún eigi eftir að lifa lengi, eftir að hans pólitísku sögu er lokið.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svör hans. Hann minnti á lækna og læknisdóma. Nú var það ekki illa til fundið í þessu tilfelli. Mér dettur í hug, að það kemur því miður stundum fyrir, að læknir gefi sjúklingi lyf, sem hjálpar honum ekki neitt í sjúkdómi hans, og getur meira að segja komið fyrir, að sjúklingnum versni. Þá kemur þar að, að læknir sannfærist um þetta, og þá hættir hann að gefa lyfið. Ég held, að líkt hafi farið fyrir hæstv. ríkisstj. 1960. Lyfið, sem hún vildi reyna, var óvirkt, það var gagnslaust og það var verra en gagnslaust, það var skaðlegt. Lífskjör almennings versnuðu og verðbólgan óx meira en nokkru sinni áður. Út frá þessari reynslu er það vissulega skynsamlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli nú snúa við á þessari villubraut, eins og læknirinn mundi gera, þegar hann kæmist að raun um, að lyfið væri gagnslaust eða jafnvel skaðlegt.

Það, sem eykur nokkuð á sekt hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, er það, að henni var mjög einarðlega og úr mörgum áttum ráðið

frá því árið 1960 að nota þetta lyf. Það voru margir ágætir menn úr ýmsum stéttum og sérfróðir menn um efnahagsmál, sem réðu hæstv. ríkisstj. frá að nota þetta lyf og sögðu henni, að það gæti orðið hættulegt. Þetta vildi hæstv. ríkisstj. ekki hlusta á, og hún fór sínu fram þrátt fyrir aðvaranir. Þetta tel ég vera aukna sök í þessu tilfelli, aukna sök hæstv. ríkisstj., að hafa ekki viljað í tæka tíð hlusta á holl ráð. Þá voru meira að segja menn úr hennar eigin sérfræðingaröðum og þar að auki erlendir menn, sem réðu hæstv. ríkisstj. t. d. til þess að fara ekki út í viðreisnarráðstafanirnar nema hafa fengið til þess samþykki eða hlutleysi vinnustéttanna í landinu. Á þetta ráð vildi hæstv. ríkisstj. ekki hlýða. Nú er hún búin að reka sig á, og nú flytur hún hér frv. að ráði þeirra aðila, sem hún vildi ekki hlusta á fyrir 4 árum.

Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh., að það er engin skömm að því að breyta um skoðun og læra af reynslunni. En hins vegar hefði ég haldið, að lýðræðisleg ríkisstj. yrði þó að bera nokkra ábyrgð á þeim afglöpum, sem hún fremur.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að blanda mér mikið í viðræður þeirra hæstv. forsrh. og hv. 9. þm. Reykv., en það var þó eitt atriði eða svo, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs.

Hv. 9. þm. Reykv. hefur bent á það mjög rækilega í ræðum sínum hér áðan, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur breytt afstöðu sinni til verðtryggingar launa nú á sínu valdatímabili, seinustu 4—5 árin. Við það er í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Fyrir 5 árum var það yfirlýst skoðun hæstv. ríkisstj., að verðtrygging launa, þ. e. a. s. þau samningsákvæði, sem gerðu það að verkum, að launin hækkuðu með verðlagsvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu, væru ein aðalorsök verðbólguþróunarinnar í landinu. Og samkv. þessari skoðun sinni setti hæstv. ríkisstj. þau ákvæði inn í löggjöfina um efnahagsmál, sem borið var fram frv. um í febrúarmánuði 1960, sem falin eru í 23. gr. þeirrar löggjafar, þar sem vísitöluáhrif á kaupgjald eru bönnuð. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að framsóknarmenn höfðu þá og oft áður álitið æskilegt, að hægt væri að ná samkomulagi við launþegastéttirnar um það, að þetta sjálfvirka samband skyldi rofið. En það var alltaf meginatriði í málflutningi framsóknarmanna um þetta efni, að það skyldi ekki gert með valdboði.

Nú lýsti hæstv. forsrh. því yfir hér áðan, að þó að þau ákvæði, sem lögfest voru um þetta efni á árinu 1960, hafi átt við þá, hafi þau ekki átt við á árinu 1964, heldur þau, sem felast í því frv., sem hér er til umr. Og ég skal út af fyrir sig ekki vefengja það, að ýmsar mismunandi ráðstafanir geti átt við á ýmsum tímum. En það, sem mér fannst athyglisvert í þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. áðan, var það, að hann lýsti því þar yfir, sem okkur hefur raunar lengi verið ljóst fleirum, að þetta var eina ráðið til þess að tryggja varanlegan vinnufrið á íslenzkum vinnumarkaði. Nú vil ég leyfa mér að halda því fram, að þetta hafi ekki bara átt við á árinu 1964, heldur eigi það alltaf við, að það sé óhugsandi að tryggja varanlegan vinnufrið, nema því aðeins að launþegar hafi einhverja tryggingu gegn óhóflegum verðlagshækkunum. Það er af þessari ástæðu, sem nágrannaþjóðir okkar flestar, þar sem ég a. m. k. þekki eitthvað til, hafa eitthvert samband, að vísu með mismunandi hætti, en þó eitthvert samband milli verðlags og kaupgjalds, sem skapar launþegum einhverja tryggingu gegn óhóflegum verðlagshækkunum.

En það, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, var, að ég vildi leyfa mér að minna á, að þó að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. hafi fyrst nú á árinu 1964 komið auga á það, að einhver slík verðtrygging sé nauðsynleg til þess að tryggja varanlegan vinnufrið, þá voru það ýmsir, sem þegar á árinu 1960 vöktu athygli hæstv. ríkisstj. á því, að það ætti einnig við þá og raunar alltaf. Ég vil leyfa mér að vitna hér til nokkurra setninga, sem ég sagði við umr. um frv. um efnahagsmál, við 2. umr. þess í Nd., í febrúarmánuði 1960, þar sem ég gerði 23. gr. efnahagsmálalöggjafarinnar að umræðuefni, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú á að lögbanna vísitöluákvæði í kjarasamningum. Það er skoðun mín, að þetta sé mjög hættulegt ákvæði í frv. og kannske einmitt það ákvæði, sem beri í sér örlög þeirra ráðstafana, sem hér eru til umræðu. Það hefur engan tilgang að setja svona ákvæði í lög, vegna þess að vilji launþegar ekki fallast á það með frjálsum samningum, þá leiðir lagaákvæði um það ekki til neins nema vandræða. Árangurinn verður aðeins sá, að kjarasamningar verða gerðir til styttri tíma, vinnudeilur og verkföll verða tíðari og eilífur ófriður á vinnumarkaðinum, sem leiðir til tjóns fyrir launþega, fyrir atvinnurekendur og fyrir þjóðfélagið allt."

Þetta, sem hér er vakin athygli á að mundi verða afleiðing af 23. gr. efnahagsmálalöggjafarinnar frá 1960, eru einmitt þau sjúkdómseinkenni, sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að lækna með því frv., sem hér liggur fyrir, og verður ekki um það sagt annað en það, að þar er um að ræða framför í viðhorfum hæstv. ríkisstj. til þessara mála, sem ber að fagna.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja teljandi þær umr., sem hér hafa farið fram, enda á ég sæti í þeirri þingnefnd, sem lagt er til að fái málið til meðferðar að lokinni þessari umr. Ég vil þó aðeins að gefnu tilefni í þeim ummælum, sem hér hafa fallið af hálfu tveggja hv. stjórnarandstæðinga, segja það, að það eina, sem ég hef við það frv. að athuga, sem hér hefur verið lagt fyrir, er það, að ég álít, að það sé rangnefni að kalla þetta frv. um verðtryggingu kaups eða launa. Að mínu áliti er hvorki með þeim ráðstöfunum,

sem lagt er til að gerðar verði í frv., né neinum öðrum ráðstöfunum, sem í mannlegu valdi standa, hægt að verðtryggja kaup alls almennings í landinu í þeirri merkingu, að hægt sé að tryggja óbreyttan kaupmátt launa. Hver kaupmáttur launa er hverju sinni, hlýtur að vera komið undir afkomu þjóðarbúsins, aflabrögðum, verðlagi á afurðum og öðru slíku, og það er ekki á mannlegu valdi að tryggja neitt í því efni. Þess vegna hefði ég talið réttara að tala aðeins um verðlagsuppbætur á kaup, en ekki verðtryggingu. En þetta er aðeins spurning um orðalag.

En úr því að ég er kominn hér upp í ræðustólinn, vil ég gjarnan leiðrétta það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, er hann vitnaði í álitsgerð sérfræðinga þeirra, sem undirbjuggu efnahagsráðstafanirnar 1960, og eins hv. þm. Sjálfstfl., sem hagfræðingur er að menntun, en ekki á sæti á hv. Alþingi lengur. Vegna þess tel ég standa mér nærri að leiðrétta þetta, en ég álít, að bæði ummælin í álitsgerð sérfræðinganna og eins hv. þm., Birgis Kjarans, — er það ekki rétt með farið hjá mér, að það sé hann, sem átt er við? — hafi verið fullkomlega réttmæt miðað við þær ástæður, sem þá voru fyrir hendi. Reynslan hafði sýnt það, sem sagði í álitsgerðinni, að launþegunum var lítill hagur í vísitölufyrirkomulaginu. Má þar m. a. nefna athuganir, sem gerðar voru á þróun kaupmáttar launa á tímabilinu 1947—1960. Þessar athuganir voru gerðar að undirlagi Alþýðusambandsstjórnarinnar, og niðurstöðum þeirra hefur einmitt mjög verið hampað af hv. stjórnarandstæðingum. En niðurstaða þessara athugana var sú, að þrátt fyrir það, þó að vísitölukerfið væri lengst af við lýði á þessum tíma, og þrátt fyrir það, þó að allverulegar grunnkaupshækkanir ættu sér stað endrum og eins, þá rýrnaði kaupmáttur launa stórum þrátt fyrir þetta. Það út af fyrir sig sannar það, sem ég sagði, að vísitöluuppbæturnar eru engin trygging fyrir óbreyttum kaupmætti launa. Það er líka að mínu áliti alveg rétt, miðað við þær aðstæður, sem voru fyrir hendi 1960, þegar hv. fyrrv. þm., Birgir Kjaran, hélt því fram, að það væri grundvallarskilyrði fyrir því, að hægt væri að stöðva verðbólguþróunina, að vísitölukerfið væri afnumið. Það var rétt miðað við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi, og ef sú ráðstöfun hefði ekki verið gerð, hefðu efnahagsráðstafanirnar verið dæmdar til þess að misheppnast.

En þar með er auðvitað ekki sagt, að það sé ekki rétt, sem hæstv. forsrh. skýrt tók áðan fram, að þetta átti við miðað við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi. Nú eru aðrar aðstæður fyrir hendi, og ekki sízt vegna þess, að verkalýðshreyfingin á s. l. vori féll að verulegu leyti frá grunnkaupshækkunum, þá stendur að mínu áliti von til þess, að hægt sé að stöðva verðbólguþróunina á næstu missirum, ef bæði stjórnarvöld og launþegasamtök halda þannig á málum að öðru leyti, að slíkt verði mögulegt. Um það getur auðvitað enginn spáð. Í því efni kemur ekki síður til kasta launþegasamtakanna en stjórnarvaldanna. Verði hins vegar haldið áfram á sömu braut eða sæki í sama horfið og var á árunum frá því að styrjöldin hófst og allt fram til 1960, að vísitalan og kaupgjaldið skrúfaði hvort annað upp á víxl, þá verður þetta lítil bót fyrir launþegana. En úr því fær reynslan ein skorið.

Að lokum vildi ég aðeins minnast á þá fullyrðingu, sem fram kom bæði í ræðu hv. 9. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl., að það, að vísitölukerfið væri nú innleitt að nýju, væri sönnun þess, að viðreisnin væri að engu orðin. Sú skoðun virðist liggja þessu að baki, að það hafi verið megintilgangur viðreisnarinnar að afnema vísitölukerfið. Slíkt er auðvitað fásinna og jafnheimskulegt af einstökum stjórnmálamönnum eða stjórnmálaflokkum að telja það stefnuskráratriði að beita einhverju sérstöku tæki, hvort sem eru háir vextir, aðgerðir í vísitölumálum eða hvað það er, — það væri álíka heimskulegt og ef einhver læknir gerði það að einhverri sérstakri stefnuyfirlýsingu, ef svo mætti segja, fyrir sig, að það væri eitthvert eitt lyf, sem alltaf ætti við og skyldi nota undir öllum kringumstæðum. Það má í þessu sambandi minnast á það, að sumarið 1963 voru vextir lækkaðir í Danmörku. Það var talið, að gjaldeyrisafkoma landsins og aðrar aðstæður í efnahagskerfinu væru þannig, að vaxtalækkun væri réttmæt ráðstöfun. En rétt fyrir síðustu kosningar í Danmörku hækkaði sama stjórnin, sem sat að völdum fyrir ári, síðan vextina á nýjan leik, og er mér ekki kunnugt um, að það hafi mætt neinni sérstakri gagnrýni. Hvaða tækjum á að beita í efnahagsmálunum, er auðvitað alltaf undir atvikum komið.

Nei, að mínu áliti var megintilgangur viðreisnarinnar sá í fyrsta lagi að forða frá yfirvofandi öngþveiti í gjaldeyrismálum og í öðru lagi að afnema gjaldeyrisúthlutunarkerfið. Hvort tveggja þetta hefur tekizt. Enginn hv. stjórnarandstæðingur neitar því, að nefndin á Skólavörðustígnum, eins og hún var kölluð meðal almennings, hefur verið afnumin. Hún er flutt þaðan og húsnæðið tekið til annarra nota. Svo að segja allur innflutningur og öll gjaldeyrisráðstöfun er nú frjáls. Það er fyrst þegar búið væri að endurreisa nefndina að nýju og hver einstakur, sem þarf að kaupa gjaldeyri, þyrfti að knékrjúpa einhverjum nýjum herrum, sem með þau mál fara, þá væri með meiri rétti hægt að segja, að viðreisnarráðstafanirnar væru að engu orðnar. En jafnvel þó að slíkt skeði, væri þó ekki hægt að segja að mínu áliti, að til einskis hefði verið barizt, því að það er ekki vafi á því, að einmitt vegna þessara ráðstafana hafa framfarir verið til mikilla muna meiri þau ár, sem viðreisnin hefur staðið, en þær hefðu ella orðið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Því fer fjarri, að ég hafi löngun til þess að draga úr ánægju hv. 6. þm. Sunnl. yfir þeirri framsýni, sem hann nú enn rifjar upp, að hann hafi haft fram yfir okkur suma árið

1960 og sagt þá fyrir, að það mundi hafa þýðingu varðandi viðskipti launþega og vinnuveitenda, hvort samningar væru um verðlagsuppbót eða ákvæði um þau efni. Það er mjög ánægjulegt að heyra þetta rifjað hér upp á nokkurra mánaða fresti í þingdeildinni, og veit ég, að aðrir þm. hafa ekki síður ánægju af að heyra þetta en hv. þm. að telja það fram.

En þó að þetta sé ánægjulegt, er hitt engu að síður víst, að þetta var ekki alveg frumleg athugun hjá hv. þm., því að vísitölukerfið, sem verið hafði við lýði allt frá 1939, byggðist einmitt á þessari vitund og staðreynd, að það er einn þátturinn í því að reyna að halda uppi vinnufriði að hafa vísitölukerfi, þrátt fyrir það að stjórnarvöld gerðu sér ætíð ljósa margvíslega misbresti á því og margvíslegar hættur. Þess vegna var það svo, að í sambandi við meiri háttar aðgerðir í efnahagsmálum voru að einhverju leyti yfirleitt sett sérákvæði um vísitölu og hvernig hana skyldi reikna, a. m. k. á meðan fram væru að koma áhrifin af þeim verðlagsbreytingum, sem þær ráðstafanir hefðu í för með sér, sem hverju sinni var verið að undirbúa. Vísitölukerfið var fyrst sett 1939 til þess að reyna að halda niðri kauphækkunum og átti þá ekki að veita fullar uppbætur. Því var svo breytt, þegar fram í stríðið kom með miklum vexti verðbólgunnar, sem leiddi til viðureignarinnar um gerðardóminn og þeirrar tilraunar að hafa skipan á þessum efnum með setningu hans. Síðan bar utanþingsstjórnin fram frv., sem áttu að hafa í för með sér takmarkanir í þessum efnum, en ekki náðu þó fram að ganga. Á árinu 1947 eða 1948 voru settar nokkrar hömlur eða sérreglur um vísitöluútreikning. Það var enn gert með gengislækkunarl. 1950 og með þeim ráðstöfunum, sem vinstri stjórnin gerði 1958. Það var til þess að reyna að koma í veg fyrir, að vísitöluskrúfan færi í gang, og þá var boðin bein grunnkaupshækkun. Allar reyndust þessar ráðstafanir haldlitlar og stóðu yfirleitt ekki nema skamma hríð. Það getur hver sakað annan um skort á framsýni í þeim efnum, en stöðugt hefur verið breytt reglunum, sem settar höfðu verið, eins og ég veit að hv. þm. getur kynnt sér, ef hann vill rifja upp þessi mál. En þrátt fyrir það að stöðugt væri verið að setja nýjar reglur um þetta, sem var svo breytt aftur eftir tiltölulega skamman tíma, þá hélt verðlagið áfram að hækka, án þess að verkalýðurinn fengi bætt sín kjör í nokkru samræmi við það, sem hvort tveggja átti sér stað: stöðugar kauphækkanir sökum verðlagsvísitölu og stöðugar kauphækkanir vegna grunnkaupshækkana.

Hv. síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykv., rifjaði það einmitt upp, að af hálfu verkalýðsfélaganna hefur hvað eftir annað verið rakið, hvernig kaupmætti tímakaups hafi stórlega hrakað á þeim árum, þegar vísitölukerfið var þó yfirleitt við lýði, þrátt fyrir þessar hömlur, sem öðru hvoru voru settar og ég hér áðan aðeins rifjaði upp.

Það er rangt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að kjör verkalýðsins í landinu hefðu orðið verri á árunum eftir 1960 heldur en þau voru á næsta tímabili þar á undan. Því er þvert á móti haldið fram í skýrslu, sem ekki hefur verið vefengd og birt er í ritinu „Úr þjóðarbúskapnum", sem gefið var út í febr. 1964, að hlutur alþýðustéttanna, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eða afstaða atvinnutekna þessara stétta, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, til þjóðartekna á mann á föstu verðlagi, hafi batnað eftir 1960 og verið þá og á árunum þá á eftir svipað og var á árunum fyrir 1950, en aftur á móti lakari lengi á tímabilinu 1950—1960. Hér um veldur það, sem hv. 10. þm. Reykv. rifjaði upp, að það er svo margt annað en vísitalan ein eða nokkur svokölluð verðtrygging, sem ræður raunverulegri lífsafkomu manna, að það tjáir ekki að vitna til hennar einnar, heldur skoða málin í heild.

Nú getum við endalaust deilt um það, hv. 6. þm. Sunnl. og ég, hvort það hafi verið nauðsynlegt eða skynsamlegt að fella gengið á árinu 1960. En staðreynd var, að þáv. stjórnarvöld töldu þetta beinlínis óhjákvæmilegt. Þau gerðu það ekki með glöðu geði, heldur töldu, að fram hjá því yrði ekki með neinu móti komizt. Af þeim ráðstöfunum var hins vegar augljóst, að miklar verðlagsbreytingar og verðlagshækkanir hlyti að leiða, og ef þá hefði verið óskert vísitölukerfi fyrir hendi, vísitölubinding eins og verið hafði, þótti það fyrirsjáanlegt, að verðlagshækkanir yrðu svo miklar, að þær yrðu með öllu óviðráðanlegar. Og ég legg áherzlu á það, að við hv. þm. getum verið ósammála um, hvort gengisbreytingin hafi verið nauðsynleg, og líka um orsakirnar til gengisbreytingarinnar, en ég held, að um það verði ekki með nokkru móti deilt, að úr því að menn töldu óhjákvæmilegt að ráðast í gengisbreytinguna, þá varð jafnframt að gera ráðstafanir til þess, að ekki væri í gangi sjálfvirkt tæki, sem gerði verðlagsmálin með öllu óviðráðanleg, en það var einmitt vísitölukerfið, eins og það þá var. Og það var af þessum sökum, sem það var ákveðið 1960 að hverfa frá vísitölukerfinu um sinn. Þá er í grg. frv. orðrétt sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það getur ekki verið álitamál, að þessar launahækkanir hafi gefizt illa. Þær hafa leitt til mikilla og hraðra víxlhækkana verðlags og kaupgjalds og aukið vantrú manna á það, að jafnvægisástandi yrði náð í efnahagsmálum. Á hinn bóginn hafa þær ekki megnað að færa launþegum raunverulega kjarabót."

Þetta er sagt um þróunina þar á undan, og ég held, að það verði ekki mælt á móti því, að þetta út af fyrir sig sé rétt, að með verðlagsuppbótinni, eins og henni var þá beitt, hafði ekki tekizt að ná þeim tilgangi, sem ætlað var, að tryggja lífskjör verkalýðsins, almennings í landinu. Við getum deilt um það, af hverju það hafi ekki tekizt, en það verður að gera sér þess grein, að þetta hafði ekki tekizt. Og ef átti að gera nýja ráðstöfun, eins og við töldum óhjákvæmilegt 1960, þá var það í fyrsta lagi eðlilegt, að við vildum ekki halda við því kerfi, sem ekki hafði gefizt betur að

undanförnu heldur en verðlagsuppbótin og hlaut með þeim verðlagsbreytingum, sem við sáum fram á, að leiða til algers ófarnaðar, ef þessi skipan væri ekki afnumin, a. m. k. um sinn. Þess vegna segir orðrétt í grg. frv., sem hér hefur verið vitnað til:

„Ríkisstj. leggur til, að í þetta skipti sé farin önnur leið, sem geri hvort tveggja í senn, komi í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds og dragi sem mest úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjör almennings með raunverulegri breytingu á skiptingu þjóðarteknanna. Leiðin er sú að auka stórlega bætur almannatrygginga, einkum fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri, og taka upp niðurgreiðslur á nokkrum þýðingarmiklum innfluttum neyzluvörum."

Þetta stendur orðrétt í grg. frv. frá 1960. Og það kemur alveg skýrt fram og er sagt, að í þetta skipti, eins og þá stendur á, þyki skynsamlegt að gera þessa ráðstöfun. Nú var okkur auðvitað ljóst, að það hlutu að vera vissir annmarkar þessu háðir, og það má vel vera, að það sé rétt, að hv. 6. þm. Sunnl. hafi séð þá betur fram heldur en við hinir, og ég met vissulega að vera minntur á hans miklu framsýni í þeim efnum, þó að ég játi hins vegar, að það er engin ástæða til að gleðjast yfir því, að hann reyndist þá framsýnn, heldur miklu frekar að hryggjast, af því að þetta hefur verið ófarnaður fyrir okkur alla, að svo miklu leyti sem mistekizt hefur það, sem vakti gott fyrir mönnum. En ástæðan til þess, að þrátt fyrir allt hefur ekki farið verr um hag verkalýðsins en raun ber vitni, eru allar þær kjarabætur, sem eru taldar upp í þessari mgr., sem ég las upp hér áðan, atriði, sem vissulega hafa ráðið stórkostlega miklu um afkomu alls almennings í landinu á þessu árabili, en atriði, sem yfirleitt eru ekki talin með í skýrslum, þegar verið er að vitna til af hv. stjórnarandstæðingum, hversu almenningur hafi verið sárþjáður á þessu tímabili, sem allir vita, sem í alvöru vilja um þetta tala, að eru vægast sagt miklar öfgar, því að þrátt fyrir allt hefur almenningur á Íslandi aldrei átt við betri kjör að búa en einmitt á þessum síðustu árum. Við skulum svo ekki vera að deila um það, hvort það er að kenna eða þakka viðreisninni, þrátt fyrir hana eða ekki. Við komumst aldrei hjá því, og við gerum okkur að fíflum, ef við neitum því, að almenningur hefur aldrei átt við betri kjör að búa en einmitt á þessu tímabili. Og almenningur lætur ekki bjóða sér þvílíka móðgun, að því sé haldið fram. Og einmitt vegna þess, að stjórnarandstæðingar gerðu þá firru í kosningabaráttunni í fyrra að ætla að berjast á þeim grundvelli, að almenningur hefði aldrei átt við lakari kjör að búa og sætti ofsóknum af hálfu ríkisstj., þess vegna juku stjórnarflokkarnir fylgi sitt. Fólkið lætur ekki ofbjóða skynsemi sinni, jafnvel þó að það séu framsýnir og vitrir menn, sem flytji slíka fásinnu.

Við skulum játa það, að almenningur hefur aldrei átt við betri kjör að búa. Mér dettur ekki í hug að segja, að það sé eingöngu að þakka núv. ríkisstj. Það væri algjör barnaskapur að ætla að halda þvílíku fram. Vitanlega eru það mörg atriði og fyrst og fremst gjafmildi náttúrunnar, aukin tækni og ótalmargt fleira, sem að verki hefur verið. En það er skoðun okkar, að stjórnarstefnan hafi átt sinn þátt í því, að almenningur hefur bæði getað notað sér þau tækifæri, sem boðizt hafa, og nýtt þau gæði, sem hann hefur aflað sér. Samtímis hefur komið í ljós, að verkalýðurinn hefur ekki fengizt til að gera samninga til langs tíma og í raun og veru stöðugt haldið samningunum lausum, vegna þess að vísitölubinding hefur verið bönnuð.

Okkur dettur ekki í hug að vefengja, að það eru stórar hættur samfara því að innleiða vísitölukerfið á ný, enda skildist mér í raun og veru hv. 6. þm. Sunnl. viðurkenna það, því að hann minntist á það, að Framsfl. hefði oft viljað losna við þetta kerfi, en lagt á það megináherzlu, að það væri gert með samþykki verkalýðsins, og skýt ég því inn, að það ætti að vera hægt að sýna einhver dæmi þess, að gleymt hefði verið samþykki verkalýðsins stundum, þegar sá flokkur var við stjórn. En látum það vera, það skiptir ekki máli.

Við játum, a. m. k. ég og hv. 6. þm. Sunnl., að þessu kerfi eru hættur samfara. En enn þá meiri hættur eru þó samfara því að hafa stöðugar vinnudeilur, eins og höfðu átt sér stað um langan tíma í okkar landi, áður en samningarnir í júní 1964 voru gerðir. En það var alger forsenda af hálfu ríkisstj. fyrir því að fallast á að taka upp vísitölukerfið að nýju, að samningar fengjust a. m. k. til eins árs og hækkanir yrðu ekki meiri en svo, að a. m. k. möguleiki væri á, að ekki hlypi af stað ný hringferð, nýr skrúfugangur, eða hvernig sem við viljum orða það, að verðbólguvöxturinn yrði ekki af þeim sökum svo ofboðslegur á næstu missirum, að efnahagsjafnvægi stafaði hætta af. Það var mat okkar í vor, að samningar hefðu tekizt með þeim hætti, að á það væri hættandi að semja að nýju um verðlagsvísitölu eða heimila slíka samningsgerð að nýju. Því miður verðum við að játa, að við erum ekki vissir um það enn, hvort þetta stenzt. Það má vel vera, að við höfum þarna mismetið að einhverju leyti, og ég verð að játa, að hækkanir hafa orðið meiri en við í vor ráðgerðum. Engu að síður er ekki hægt að mæla á móti því, að það er nú miklu meira jafnvægi í efnahagsmálum en hefur verið um langa hríð, og það er nú alveg horfinn sá uggur um staðfast gengi krónunnar, sem við vissum að var fyrir hendi fram á fyrri hluta þessa árs. Þetta skapar okkur öllum mikið öryggi og hefur fært mikla blessun yfir þjóðina, og þess vegna skulum við vona, að við höfum ekki reynzt of bjartsýnir með þessari samningsgerð, heldur hafi hún reynzt raunsæ og verði að því gagni, sem ég veit að vonir okkar allra hér inni standa til. Hitt finnst mér svo ósköp eðlilegt og mannlegt, að bæði hv. 9. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl. reyni að stríða mér eitt-

hvað, eins og málum er háttað. Við öðru var ekki að búast, ég vil ekki segja: vegna þess að lítið gleður vesalan.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. forsrh. Mér finnst hæstv. forsrh. vera vorkunn, þó að hann hefði nokkuð gaman af þeirri sjálfumgleði, sem honum finnst lýsa sér í því, að ég fer hér að lesa upp kafla úr 5 ára gamalli ræðu, sem ég hélt í umr. um efnahagsmál í hv. Nd. Og vissulega skal ég verða fyrstur manna til þess að viðurkenna, að það fari miklu betur á því að vitna í aðra, enda er sannleikurinn sá, að það væri ekki minnsti vandi að finna í ræðum annarra stjórnarandstæðinga frá þessum tíma svipuð sjónarmið og komu fram í þessum stúf mínum. En ástæðan til þess, að ég gerðist svo djarfur að vitna í hann, er aðeins sú, að það var fljótlegast fyrir mig að finna hann, vegna þess að ég hafði kannazt við hann betur en ýmislegt annað.

Það gleður mig hins vegar að hafa fengið tækifæri til þess að slá því föstu, meðan hæstv. forsrh. var að tala, að við erum kannske ekki eins ósammála um ýmsa hluti í þessu sambandi og í fljótu bragði kynni að virðast. T. d. sagði hæstv. forsrh., að það væri raunar engin ástæða til þess að gleðjast yfir því, heldur þvert á móti, að ég hefði reynzt sannspár í þessum orðum, sem til var vitnað frá því fyrir 5 árum, því að eins og hæstv. forsrh. sagði orðrétt: Þetta hefur verið ófarnaður. Og ég hlýt nú að líta svo á, að hann eigi þar ekki við allan feril hæstv. ríkisstj., heldur aðeins verðlagsmálin sem afleiðingu af þessu ákvæði, sem þarna kom fram. Um þetta er ég honum alveg sammála. Verðlags- og kaupgjaldsmálin hafa þróazt þannig á undanförnu árabili, að það hefur verið ófarnaður, sem fullkomin ástæða var til þess að reyna að binda endi á, og samkomulagið frá í júní, sem þetta frv., sem hér er til umr., er einn þátturinn í og ein afleiðingin af, var vissulega tilraun í þá átt, sem allir hljóta að fagna og hljóta að vona að leiði til þess, að ófarnaðinum í þessum efnum sé nú lokið eða a. m. k. lægt. En það er vissulega rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er óséð, hver verður framvinda þessara mála, þó að við allir getum sameinazt í ósk um, að það megi nú loks vel til takast. En sannleikurinn var sá, að hæstv. ríkisstj. átti í vor enga kosti góða. Hún átti auðvitað enga kosti góða. Og ég veit ekki, hvernig hæstv. forsrh. getur ætlazt til þess, að ríkisstj. hefði eftir það, sem á undan var gengið, átt marga kosti góða. Annaðhvort varð ríkisstj. að gera þær ráðstafanir og taka þær áhættur, sem voru því samfara að gera samkomulagið, sem gert var, eða hæstv. ríkisstj. varð að horfast í augu við áframhaldandi ófarnað í þessum málum.

Hæstv. forsrh. gerði það nokkuð að umræðuefni í ræðu sinni, að það hafi fyrr verið gerðar ýmsar ráðstafanir í sambandi við vísitölu og áhrif hennar á kaupgjald í landinu, ýmsar aðrar ráðstafanir en að láta þarna vera beina og ótakmarkaða víxlverkun á milli. Og það er vissulega rétt. Eigi að síður voru ákvæði 23. gr. efnahagsmálal. frá 1960 algert einsdæmi, og þau fyrri atriði, sem hæstv. forsrh. minnti á og mér virtist að hann væri að minna á til þess að gera að hliðstæðum, eru það ekki. Enn fremur eyddi hæstv. forsrh. nokkru máli í að lýsa því, af hverju ákvæði 23. gr. hefðu verið nauðsynleg sem afleiðing af gengislækkuninni. Eftir að gengislækkunin hafði verið ákveðin og um leið og hún kom til framkvæmda var nauðsynlegt, sagði hæstv. forsrh., að koma í veg fyrir, að það væri til sjálfvirkt tæki, sem gerði verðlagsmálin óviðráðanleg. Þetta get ég vel skilið, og geri ég ráð fyrir, að flestir geti verið sammála hæstv. forsrh. um þetta. En hann kom bara ekki í veg fyrir þetta með ákvæðum 23. gr. l. um efnahagsmál. Bannið gegn því að tengja kaupgjald vísitölu kom ekki í veg fyrir það, að eftir sem áður væri í landinu, með þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. fylgdi í verðlagsmálum, tæki, sem gerði það að verkum, að kaupgjaldið leitaðist við að fylgja verðlaginu. Það var ekki komið í veg fyrir það með þessum ákvæðum og verður ekki gert með slíkum ákvæðum. Og það er það, sem ég hef verið að reyna að vekja athygli á nú og fyrr, að með svona ákvæðum verður ekki komið í veg fyrir það, að kaupgjaldið leitist við að fylgja verðlaginu og þar verði verkun á milli. Það skeður bara með öðrum hætti. Það skeður með þeim hætti, að launþegasamtökin gera stutta samninga, verkföll verða tíð, ófriður mikill á vinnumarkaðinum, en nettó-niðurstaða verður ekki mikið önnur.

Það eru að vísu ýmis atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem væri ástæða til þess að ræða nokkuð og væru vissulega tilefni jafnvel til mikilla umr. En ég skal ekki láta það eftir mér að sinni, en áður en ég lýk máli mínu drepa á eitt atriði úr ræðu hv. 10. þm. Reykv., sem vakti athygli mína, vegna þess að þar var sá hv. þm. byrjaður að leggja drög að því að skrifa sögu viðreisnarinnar. Hann sagði eitthvað á þá leið, að tilgangur viðreisnarinnar hafi verið tvenns konar: Í fyrsta lagi að afstýra öngþveiti, sem mér skilst fyrst og fremst hafa átt að vera í gjaldeyrismálum, og í öðru lagi að afnema gjaldeyrisskömmtun. Það skyldi nú aldrei vera, að einhverjir hv. þm. muni minnast þess, að markmiðin hafi verið sett upp dálitið stærri hér í eina tíð? Nú á það ekki lengur að hafa verið tilgangur viðreisnarinnar að afnema uppbótakerfið, enda hefur hún ekki gert það. Nú á það ekki lengur að hafa verið tilgangur viðreisnarinnar að stöðva verðbólguna, enda hefur hún ekki gert það. Og svo mætti lengi halda áfram að telja. En hv. 10. þm. Reykv. telur sig geta fundið tvö atriði, sem ríkisstj. hafi ætlað sér að gera og hafi tekizt, og þá skal því slegið föstu, að þar hafi tilgangur viðreisnarinnar verið og verið allur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 118).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og nál. á þskj. 118 ber með sér, hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Efnishlið þessa frv. er hv. þdm. kunn og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða hana. En það er eitt atriði í sambandi við athugun n. á málinu, sem ég aðeins vildi drepa á, enda þótt n. hafi að öðru leyti orðið sammála um það, eins og ég nefndi, að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt En ég hafði hreyft því við 1. umr. málsins, að ég teldi betur fara á því, að fyrirsögn frv. væri: „frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbóta á laun" eða eitthvað þess háttar, í stað þess að frv. er kallað: „frv. til l. um verðtryggingu launa". Þetta atriði var nokkuð rætt í n., og voru allir nm., sem viðstaddir voru á fundinum, en þar á meðal voru allir fulltrúar hv. stjórnarandstöðu, sem í n. eiga sæti, sammála um, að það væri til bóta að breyta fyrirsögn frv., og hafa sumir einstakir nm. meira að segja lagt á það áherzlu, að þetta kæmi fram í framsögn. En ástæðan til þess, að við flytjum þó ekki brtt. um þetta, er sú, að eins og kunnugt er, er frv. staðfesting á samkomulagi, sem gert var á s. l. vori milli atvinnurekenda og launþega, og eins og ég man að einn hv. nm. sagði á nefndarfundi, þá er hér í rauninni um meira en orðalagsbreytingu að ræða, það mundi verða um efnisbreytingu að ræða, því að greiðsla verðlagsuppbóta á laun er ekki það sama og verðtrygging launa. M. a. með tilliti til þess þótti okkur ekki rétt að gera þessa breytingu, nema áður væri borið undir aðilana að þessu samkomulagi. En með tilliti til þess, að lögð hefur verið talsverð áherzla á það, að afgreiðslu málsins yrði flýtt, töldum við ekki tíma til slíks, og þess vegna hefur ekki orðið úr því, að við flyttum slíka brtt. En ég vildi láta það koma fram, að þetta var sameiginleg skoðun nm., þeirra sem á fundinum voru, á þessu máli.

Það kynnu e. t. v. einhverjir að spyrja sem svo: Hvers vegna er ekki á sama hátt hægt að tala um verðtryggingu launa eins og talað er um verðtryggingu höfuðstóls, verðtryggingu sparifjár og fram eftir þeim götunum? En þetta er ekki það sama. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að tala um verðtryggingu höfuðstóls. Ef við hugsum okkur t. d., að maður kaupi nýútgefin skuldabréf ríkissjóðs, þá fær hann fjárhæðina eftir ákveðinn tíma greidda með verðlagsuppbótum, og sá hinn sami getur þegar í stað ráðstafað þessum peningum til kaupa á bíl eða einhverju öðru. Hann þarf ekki að eiga nein eftirkaup við þjóðfélagið. Öðru máli gegnir um launþegann, sem fær greiddar vísitöluuppbætur. Það er í fyrsta lagi svo, að uppbætur eru miðaðar við vísitölu mánaðarins á undan því að þær koma til framkvæmda, svo að fyrsta skilyrðið fyrir því, að þarna sé um raunverulega verðtryggingu launa að ræða, mundi vera það, að verðlagið héldist óbreytt þennan mánuð, og ekki nóg með það, það þarf að haldast óbreytt næstu 3 mánuði, þangað til nýjar vísitöluuppbætur koma til framkvæmda. En ef verðbólguþróunin er ör, fer því auðvitað fjarri, að þessu skilyrði sé fullnægt, eins og reynsla undanfarinna ára sýnir líka í þessu efni. Hitt er svo annað mál, að auðvitað er tilgangur þessa frv. sá að stuðla að verðtryggingu launa.

Við 1. umr. þessa frv. bar allmikið á góma hina stjórnmálalegu hlið þessa máls, hvort viðreisnarstjórnin og þeir flokkar, sem hana styðja, hafi hlaupið frá þeirri stefnu, sem þá var haldið fram. Ég tel ekki rétt, þótt ekki væri nema vegna þess, að hér er um að ræða framsögu fyrir sameiginlegu nál., að ræða þessa hlið málsins frekar, þar sem vitað er um, að um það er ágreiningur, enda var hún allýtarlega rædd við 1. umr., og þó að skoðanirnar hafi kannske ekki samrýmzt við þær umr., hygg ég, að flest þau sjónarmið, sem máli skipta, hafi þar komið fram, m. a. í ræðum hæstv. forsrh. og öðrum þeim ræðum, sem þá voru fluttar, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að rifja þann þátt upp.

Hins vegar tel ég rétt að fara örfáum orðum um eitt mikilvægt atriði í þessu sambandi, nefnilega spurninguna um það, hvort líklegt sé, að þetta frv., sem hefur þann tilgang að verðtryggja laun, nái þessum tilgangi. Mér skilst, að það sé það atriði málsins, sem í rauninni mestu máli skiptir, og mun ég þar leitast við að halda mig aðeins að almennum sannindum í þessu efni, sem eins og málið kemur fyrir sjónir a. m. k. ætti í rauninni ekki að vera ágreiningur um.

Eins og ég held að ég hafi minnzt á í þeim orðum, sem ég sagði hér við 1. umr., tel ég, að það hafi verið alveg réttilega til orða tekið og snert mjög kjarna málsins, þegar einn þm. Sjálfstfl., sem sæti átti hér á þingi á síðasta kjörtímabili, komst þannig að orði, að vísitölukerfið væri eins konar sjálfvirkur verðbólguhreyfill í hagkerfinu. Þetta tel ég engum vafa undirorpið, og hvað sem líður spurningunni um skoðanaskipti einstakra manna og einstakra flokka, þá á þetta atriði að mínu áliti jafnt við í dag eins og það átti við þá. En þó að þessi hreyfill sé fyrir hendi og megi segja, að hann sé endurreistur með þessu frv., þá er auðvitað ekki nauðsynlegt, að hann sé settur í gang. Það verður ekki nema einhverjar utanaðkomandi orsakir komi til, sem verðbólgunni valda. Og nú hygg ég í rauninni, að þessi sannindi séu flestum launþegum í sjálfu sér ljós, að vísitölukerfið er þeim engin kjaratrygging, nema því aðeins að verðbólgunni sé haldið í skefjum, enda sýndi reynslan þetta líka glöggt þann langa tíma, sem vísitölu-

kerfið var hér við lýði. Ég hygg, að flestir launþegar finni í rauninni, að því er þetta snertir, hve feitt er á stykkinu. Nei, en þau skynsamlegu rök, sem að því hníga, að margir launþegar eru eftir sem áður þeirrar skoðunar, að vísitölufyrirkomulag í launagreiðslu sé þeim trygging, eru fólgin í því, að þeir telja, að með vísitölukerfinu sé stjórnarvöldunum veitt aðhald um það að halda verðbólgunni í skefjum. Nú er það vissulega svo, að stjórnarvöldin ráða yfir mjög þýðingarmiklum þáttum verðlagsins, eins og peningamálunum og fjármálunum, og skiptir það auðvitað miklu máli, hvernig þeim málum er stjórnað. Nú er það bæði það, að traust margra launþega á stjórnarvöldunum getur verið takmarkað, eins og gengur, en þar að auki kemur það til, að mikill þrýstingur er ávallt á stjórnarvöldin um það að ráðast í verklegar framkvæmdir af ýmsu tagi o. s. frv. En til slíkra framkvæmda þarf að afla fjár með sköttum eða á annan hátt. Þó að launþegunum sé ljós nauðsyn verklegra framkvæmda eins og öðrum borgurum þjóðfélagsins, — ég hygg, að þar sé ekki neinn munur á, — þá er það þó mannlegt að vilja ekki gefa stjórnarvöldum algert sjálfdæmi í þessu efni, þannig að launþegarnir verði ófúsir á að semja til langs tíma, nema þeir hafi tryggingu af þessu tagi, þó að raunverulega sé hún ekki í öðru fólgin en því að gefa stjórnarvöldunum umrætt aðhald. Og takist að öðru leyti að halda verðbólgunni í skefjum, er vel hugsanlegt, að vísitölukerfið geti átt sinn þátt í því að efla vinnufriðinn í landinu og hafi að öðru leyti hagstæð áhrif.

En það er eitt, sem ekki má að mínu áliti gleymast í þessu sambandi, en það er, að þó að stjórnarvöldin að vísu ráði þannig ótvírætt yfir mjög mikilvægum þáttum verðlagsins, ráða þau ekki öllu í þeim málum. Verðbólgan getur orsakazt af öðru en því, að stjórnarvöldin hrindi henni af stað með mikilli fjárfestingu og of miklum útlánum af hálfu bankanna. Má þar nefna tvennt: Í fyrsta lagi, — og það á sér í lagi við um þjóðfélag, sem í svo ríkum mæli sem okkar þjóðfélag er háð utanríkisviðskiptum, — þá getur verið um að ræða verðhækkanir erlendis, sem hafa svo áhrif til hækkunar á verðlagið hér. Það má t. d. nefna sem dæmi, að fyrir tveimur eða þremur árum gekk fellibylur yfir Kúbu og jafnhliða því var uppskerubrestur á kaffi í Brasilíu. Þetta olli því, að nauðsynjavörur, eins og bæði sykur og kaffi, komu til að þrefaldast í verði á heimsmarkaðinum. Hér er auðvitað um utanaðkomandi orsakir að ræða. Þessar vörur verða dýrari en áður. Það þarf að fórna meiru til þess að geta haldið uppi neyzlu þeirra, og úr því verður út af fyrir sig ekki bætt með vísitölufyrirkomulagi. Þess vegna hefur það sjónarmið komið fram í þessu sambandi, að ef vísitölufyrirkomulag ætti að taka upp, væri eðlilegt að undanþiggja þær verðhækkanir, sem væru af erlendum uppruna. Nú er það hins vegar svo, að bæði mundi vera erfitt að fá launþegana til að fallast á slíkt, og í öðru lagi tel ég, jafnvel þó að launþegasamtökin fengjust til að fallast á slíkt, að allmiklir framkvæmdaörðugleikar væru á því fyrirkomulagi, en of langt mundi þó leiða hér að gera grein fyrir því. En annars má á það benda í þessu sambandi, að heimsmarkaðurinn er stór og á friðartímum er ekki svo mikil hætta á almennum, skyndilegum verðhækkunum þar, svo að ef rétt er af öðrum ástæðum talið að taka vísitölufyrirkomulagið upp, er það mín skoðun þrátt fyrir þetta, að þá áhættu beri að taka, sem ég nú hef minnzt á.

En þá vil ég að síðustu nefna annað atriði í þessu sambandi, sem ekki er það lítilvægasta, og það er sá þáttur verðlagsmálanna, sem launþegasamtökin sjálf geta ráðið eða haft mikil áhrif á, því að ekki getur það farið milli mála, að hið mikla kaupgjald og þróun þess er mikilvægur þáttur í verðlagsmálunum. Það er skiljanlegt, að launþegasamtökin vilji veita ríkisvaldinu aðhald um það að gera sitt til þess að koma í veg fyrir, að verðbólguskrúfan fari í gang, ef svo mætti segja. En til þess að svo megi verða og til þess að vísitölufyrirkomulagið geti orðið raunveruleg verðtrygging, þarf auðvitað því skilyrði líka að vera fullnægt, að verðbólgunni sé ekki ýtt af stað með öðrum aðgerðum. Þess vegna er það mjög eðlilegt og að mínu áliti meira að segja nauðsynlegt, eins og m. a. kom skýrt fram í seinni ræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. málsins, að mjög náið samband hefur einmitt verið milli þess, að ríkisstj. léði máls á því að taka vísitölufyrirkomulag upp, og þeirra krafna um grunnkaupshækkanir, sem gerðar hafa verið af launþegasamtökunum. Launþegasamtökunum stóð til boða um s. l. áramót, að vísitölufyrirkomulag í einhverri mynd yrði tekið upp að nýju. Það varð þá ekki, vegna þess að kröfurnar um grunnkaupshækkanir voru svo miklar, að ef koma hefði átt að verulegu leyti til móts við þær, hefði verið sýnt, að það að taka jafnframt upp vísitölufyrirkomulag hefði leitt á skömmum tíma til meira eða minna óstöðvandi verðbólgu. Þess vegna varð ekki af því þá. En á s. l. vori voru aðstæður breyttar í þessu efni. Eins og kunnugt er, stilltu launþegasamtökin þá kröfum sínum um grunnkaupshækkanir í hóf gegn því að fá vísitölufyrirkomulagið. Nú er að vísu ekki svo, að þó að ekki yrði um miklar beinar grunnkaupshækkanir að ræða, fengu verkalýðsfélögin út úr þeim samningum verulegar kjarabætur, og má vel vera, að í því efni hafi verið teflt á tæpt vað. En það, sem var aðalatriðið þá og hlýtur einnig að verða aðalatriðið í framtíðinni, er þetta, að málin voru þá a. m. k. rædd á þeim grundvelli, að hliðsjón væri fyrst og fremst höfð af því, hvaða grunnkaupshækkanir atvinnuvegirnir gætu borið, án þess að það þyrfti að leiða til almennra verðhækkana. En það er annað mál, að slíkt getur auðvitað verið álitamál á hverjum tíma, hvað þessar

hækkanir megi verða miklar, og erfitt að samræma skoðanir aðila í því efni. En aðalatriðið er það, að málin séu þó rædd á þeim grundvelli, og ef framhald verður á þeirri stefnu, sem mörkuð var í þessu efni á s. l. vori, þá tel ég, að gera megi sér góðar vonir um, að þetta frv. nái þeim tilgangi, sem því er ætlað. Verði hins vegar stefnubreyting í því efni og reynslan sýni, að í sama far sæki, eins og því miður hefur verið oft áður, horfir þetta mál öðruvísi við. Þá mundi það vísitölufyrirkomulag, sem hér er lagt til að upp verði tekið, ekki veita launþegunum þá verðtryggingu, sem til er ætlazt, og þá er auðvitað hætta á því, þegar þessum verðbólguhreyfli er komið inn í hagkerfið, að það geti leitt til meiri eða minni vandræða. En úr því, hver framvindan verður í þeim efnum, getur reynslan ein auðvitað skorið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka n. fyrir skjóta og velviljaða afgreiðslu þessa máls. Það, sem veldur því, að ég kvaddi mér hljóðs, eru ummæli hv. frsm. um hugsanlega breytingu á fyrirsögn frv. Hv. frsm. sagði, að n. hefði verið sammála um, að eðlilegt væri að breyta fyrirsögninni, en fallið frá því vegna þess, að í þeirri breytingu að kalla frv. um verðlagsuppbót fælist efnisbreyting, sem n. vildi ekki gera nema með samþykki eða a. m. k. að fengnu áliti þeirra aðila, sem gerðu þá samninga í sumar, er liggja til grundvallar frv.

Nú viðurkenni ég aths. hv. frsm., þær er hann flutti fram við 1. umr. og mér skilst að nm. hafi fallizt á, að e. t. v. nái frv. ekki þeim tilgangi að veita fullkomna verðtryggingu launa, vegna þess að þar sýnast fleiri atriði koma til greina. Þetta skilst mér vera kjarni í því, sem hv. frsm. heldur fram. En það haggar ekki því, að tilgangurinn er að reyna að ná þessari verðtryggingu, og skuldbindingarnar til að ná þeim tilgangi eru ekki aðrar en þær, sem felast í 1.--6. gr. frv., og um efni frv. er sagt í meginmáli þess, en út af fyrir sig ekki í fyrirsögninni, sem kann að lýsa frómum tilgangi að áliti hv. frsm. og n., en hefur ekki í sér fólgna neina efnisskuldbindingu umfram það, sem meginmál frv. kveður á um. Það er svo að vísu rétt, að í samningnum, sem gerður var í sumar, hét sá þáttur, sem hér skiptir máli, „verðtrygging kaupgjalds“, og fyrsta setningin í þeim kafla hljóðar:

„Ríkisstj. beitir sér fyrir því, að verðtryggingu kaupgjalds sé komið á með lagasetningu.“

Þetta er að vísu sá tilgangur, sem menn eru að reyna að ná. En síðan er í samningnum í vor kveðið á um, hvernig þessari verðtryggingu eigi að ná, og frv. er byggt á þeim ákvæðum, sem þar eru sett fram, og engin aths. hefur komið fram um eða heyrzt, að efni frv. nái ekki því efni, sem í vor var um samið. Þess vegna skil ég í raun og veru ekki, að það mundi hafa nokkra efnisbreytingu í för með sér, þó að heiti frv. væri breytt. Mér er ofvaxið að skilja það. Hitt er svo annað mál, og það er rétt, eins og ég segi, að það getur verið, að heitið að nokkru leyti gefi meira í skyn en sjálfur samningurinn og frv. geti efnt. En það hefur mönnum verið ljóst frá fyrstu tíð, að hér er frekar um að ræða tilgang, viðleitni, heldur en formlega skuldbindingu. Ég held þess vegna, að það skipti sáralitlu máli, hvort menn breyti fyrirsögninni eða ekki. Hv. frsm. hefur vakið athygli á því, sem máli skiptir, að þarna er um að ræða tilgang og viðleitni, sem ekki er hægt að tryggja með slíkri lagasetningu, og það er ánægjulegt, að nefndin skuli öll hafa fallizt á þann skilning, og því er ég út af fyrir sig sammála. En ég held, að það hefði engu breytt um efni málsins, þó að menn vildu taka upp það heiti að kalla frumvarpið frv. til l. um verðlagsuppbót, þetta komi allt í einn stað niður. Það er efni frv., sem kveður á um þær skuldbindingar, sem í því felast, en ekki sjálft heiti þess, sem er of óákveðið til þess að geta falið í sér nokkra lagalega skuldbindingu.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til frekari skýringar á því, sem ég átti við, er ég talaði um efnisbreytingu á frv., því að vel má vera, að ég hafi ekki notað heppilegt orðalag. En þegar ég talaði um efnisbreytingu, átti ég nú fyrst og fremst við það, að verðtrygging væri annað en greiðsla verðlagsuppbóta. Hitt held ég, að hafi ekki ríkt neinn misskilningur um á fundi n., að annað og meira felst ekki í frv. heldur en skuldbinding um það að heimila greiðslu vísitöluuppbóta. Enda býst ég við því, að ef hv. 4. þm. Norðurl. e., sem staddur var á fundinum, hefði lagt þann skilning í það, að í frv. fælist efnislega, að ríkisstj. ætlaði sér að verðtryggja laun, þá hefði hann ekki á þessa breytingu fallizt. Annars er það mjög gott, að þessar aths. komu hér fram hjá hæstv. forsrh., því að kynni svo að fara, að einhver ágreiningur yrði um þetta efni, þá á það að liggja ljóst fyrir af þeim umr., sem hér hafa orðið, hvað það er, sem hér er raunverulega um að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 131).

4. Almenn hegningarlög.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940 [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ósköp smátt, og eins og fram kemur í grg., mun það hafa verið síðast 1950, að sú breyting var gerð á almennum hegningarl., að hækkað var úr 50 kr. í 1000 hámark þess tjóns, sem hin sérstaka ákæruregla í 2. mgr. 256. gr. hegningarl. miðast við, en í því felst, að ef engin sérstök atvik auka saknæmi og sökunautur, sem hlut á að máli, hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, þá verður aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert er við. Nú er hins vegar lagt til samkv. þessu frv. að hækka þetta hámark úr 1000 kr. upp í 3000 kr., og er það gert í samráði við n. þá, sem vinnur að endurskoðun hegningarlaganna, og saksóknara ríkisins og miðast við breyttar aðstæður eða breytt verðlag frá því, að hámarkið var síðast ákveðið 1000 kr. 1950.
Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 42).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sem prentað er á þskj. 10, og eru nm. sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. var þó fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt úr n.
Frá 1950 hefur það ákvæði verið í gildi í 256. gr. almennra hegningarlaga, að ef tjón af broti nemi ekki yfir 1000 kr. og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skuli því aðeins höfðað opinbert mál gegn honum, að sá krefjist þess, sem misgert er við. Með frv. þessu er lagt til, að þetta tjónshámark verði hækkað úr 1000 kr. í 3000 kr., og verður að telja eðlilegt og skynsamlegt að breyta þessu ákvæði, miðað við breyttar aðstæður og sérstaklega miðað við breytt verðmæti peninga.
Allshn. mælir sem sagt með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj atkv.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki stórvægilegt. Það er búið að fara gegnum Nd., en efni þess er að hækka ákvæði í lögum úr 1000 kr. í 3000 kr. varðandi hámark þess tjóns, sem hin sérstaka ákæruregla í 2. málsgr. 256 gr. hegningarlaganna miðast við, en hún er í því fólgin, að ef tjónið af broti nemur ekki yfir tiltekinni upphæð, í þessu tilfelli 3000 kr., og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, þá skal því aðeins höfðað opinbert mál, að sá krefjist, sem misgert er við.
Eins og fram kemur í grg., var þetta hámark hækkað 1950 seinast úr 50 kr. í 1000 kr., og er nú lagt til að hækka það úr 1000 kr. í 3000 kr., en þessi hækkunartillaga er borin fram í samráði við hegningarlaganefnd, og saksóknara ríkisins, og miðast við breyttar aðstæður verðlags og annars, frá því að hámarkið var ákveðið 1950.
Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 135).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 135, hefur allshn. yfirfarið þetta frv., sem efnislega er aðeins um breytingar á tölum í ákæruregl um 2. mgr. 256. gr. l. og er aðeins leiðrétting á upphæð þar í sambandi við hækkandi verðlag. — Á þskj. 135 mælir n. með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 176).

---

5. Orlof.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 16. febr. 1957, um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Nú að undanförnu hafa orlofslög nágrannalanda okkar verið endurskoðuð og yfirleitt í þá átt að lengja orlofið, bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur orlofstíminn verið nokkuð lengdur. Og það hefur verið hér til umr. hjá okkur og til nokkurrar athugunar hjá félmrn., hvað gera skyldi í þessu máli.

Þegar samkomulagið var gert við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands í júnímánuði s. l., var þetta mál einnig á dagskrá. Og í samkomulaginu, sem gert var milli þessara aðila, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun þegar beita sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21 dag, sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%."

Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er eingöngu að uppfylla þetta loforð, sem ríkisstj. gaf í sambandi við samkomulagið í júnímánuði s. l.

Í frv. segir aðeins, að í staðinn fyrir „6%" orlofsfé komi: 7%, og í stað orðanna „1½ dag fyrir hvern unninn mánuð" komi: 1¾ dagur. Þetta þarf ekki frekari skýringar við að mínu áliti.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég var ungur, þegar fyrst var talað um orlof, og þá átti orlofsféð að vera greitt, að því er mig minnir, í einhvers konar merkjum, og því átti eingöngu að vera varið til þess, að menn hefðu frídaga, hvíldu sig frá starfi. En í framkvæmdinni hefur þetta ekki verið þannig, og yfirleitt mun þetta vera borgað í peningum um leið og kaupið.

Það er ekki nema eðlilegt, að menn þurfi að hvíla sig og eiga sínar frístundir, hvort sem þeir vinna skrifstofustörf eða líkamlega vinnu. En það er svo með menn í atvinnulífinu, að þeir geta ekki tekið sér frí í mörgum tilfellum að sumrinu, og ef þeir vilja fá sér frístund, þá er það oft að vetrinum. Skrifstofufólk og það fólk, sem vinnur í bæjunum, hefur aftur þörf fyrir að ferðast út um landsbyggðina að sumrinu eða þá til annarra landa jafnvel og njóta þannig sumarsins.

Ég hef aldrei skilið það, hverju það skipti að vera alltaf að gera kröfu um sífellt hærra og hærra orlof. Fyrir atvinnurekendur og fyrir þá, sem vinna líka, er það alveg nákvæmlega sama og að kaupið sé hækkað.

Nú er það svo, að Íslendingar hafa dálítið sérstæðan atvinnuveg, þar sem sjávarútvegurinn er. Og tímarnir eru breyttir, þannig að með aukinni tækni hefur kaup, einkum yfirmanna á skipum, stórhækkað. Í raun og veru eru kjör sjómanna ekki hliðstæð og annarra fastlaunaðra manna á mánaðarkaupi. Þeir eru að nokkru atvinnurekendur, þannig að þeir taka þátt í atvinnurekstrinum og fá sinn hluta af brúttótekjunum. Af þorskveiðum fá þeir um 40%, í hlutaskipti af síldveiðum fá þeir um 50%, þegar allt er reiknað, yfirmannakaupið líka, eða aukahlutirnir. Útgerðarmaðurinn sér um rekstur skipsins, veiðarfæri, afborganir, vexti, viðgerðir. Þetta er því sameiginlegur atvinnurekstur í raun og veru. Ég álít, að það sé rangt, miðað við hagsmuni þjóðfélagsins og réttlætið, að greiða orlof á hluti sjómanna. Ég minntist á það hér um daginn, að sumir skipstjórarnir muni hafa frá ½ millj. og jafnvel hátt í eina milljón í tekjur. Að bæta svo 7% við þetta finnst mér vera eins og hver önnur vitleysa. Það er alltaf verið að bæta einu og einu prósenti við. Það er verið að leggja eitt prósent núna á þennan launaskatt, svo kemur annað prósent í orlofi. En þegar litið er á útgerðina, þá er þetta bara miklu meira, því að þetta, megnið af þessu, lendir á útgerðina, vélaverkstæðin, nótaviðgerðarstöðvarnar, fiskvinnslustöðvarnar. Þetta hækkaða orlof verður að fást frá hráefninu. Það þrengist sem sagt allt að hráefnaframleiðslunni, svo að þegar þetta er athugað, þá er það mikið á annað prósent, sem í raun og veru kemur á útgerðina sjálfa. Nú er mér sagt, að eigi að fara fram á hækkaða hluti sjómanna, og auk þess talað um lífeyrissjóði, sem kosta útgerðina mikið. Það, sem gerist því þarna, þegar borgað er orlof á kaup, sem er kannske tvöfalt, þrefalt við það, sem venjulegir skrifstofumenn hafa eða starfsfólk hér í bænum, sem vinnur venjulega dagvinnu, þá er ekkert annað, sem gerist, heldur en það, að það er fært frá þeim, sem eru launalægri, til þeirra, sem

eru launahærri. Það er ekkert annað að gerast, því að vitanlega þarf einhvers staðar að taka þetta fé.

Ég get ómögulega skilið, að það sé sérstakt áhugamál fyrir þá, sem þykjast vera málsvarar þeirra, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu, að vinna að þessu. Ég álít ekkert við það að athuga, að það sé borgað orlof af hlutum. Það fyndist mér eðlilegt og alveg tilsvarandi og þegar maður á mánaðarkaupi fær sitt frí. Raunar má segja, þegar aflinn er ekki það mikill, að það svari til hlutar, þá geti orðið halli, þá sé borgað orlof í raun og veru af meiru en sjómennirnir afla og yfirmennirnir á skipunum. En þetta er útgerðin látin bera, án þess að tekið sé tillit til þess, þegar ekki aflast fyrir tryggingu, og þar að auki verður hún að borga orlof af öllum hlutum.

Aðstaðan er breytt frá því, sem áður var. Tekjur þeirra, sem eru á þeim skipum, sem mest afla, eru orðnar margfaldar við það, sem áður var. Og það er því hrein vitleysa að ætla sér bæði að hækka orlofið og borga af öllu þessu, enda eru þarna þátttakendur í atvinnurekstri, sem alls ekki hafa hliðstæð kjör við venjulega fastlaunaða menn.

Á þetta vildi ég benda við 1. umr. Og mér finnst það dálítið skrýtið, dálítið einkennilegt, að það skuli vera sjútvmrh., sem mælir fyrir þessu. Og ég vildi óska þess, að hann væri orðinn jafnmikill og frekur og hæstv. landbrh., því að þá mundi hann ábyggilega hafa veitt þessu athygli og reynt að verjast þessum óréttlátu álögum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég fagna því, að þetta frv. er flutt. Ég álít, að það samkomulag, sem gert var varðandi greiðslu á orlofi af kaupi með samningunum á s. l. sumri, hafi verið réttlátt og mjög eðlilegt, eins og á stóð, því að um það er ekki að villast, að við höfum hér á landi dregizt talsvert aftur úr nágrannaþjóðum okkar í sambandi við orlof og orlofsgreiðslur. Það mun nú vera orðið algengast í löndunum í kringum okkur, að reiknað sé með 9% orlofi, en með þessu samkomulagi var verið að hækka greiðslurnar hér úr 6% upp í 7%, svo að því fer alls fjarri, að við séum komnir óeðlilega langt í greiðslu orlofsfjár, eins og mér heyrðist einna helzt á þeim ræðumanni, sem hér talaði næstur á undan mér, hv. 5. þm. Norðurl. v.

Þá vil ég einnig í sambandi við það, sem kom fram í hans ræðu, mótmæla því sem algerum misskilningi, að sjómenn á okkar fiskiskipaflota séu raunverulega atvinnurekendur. Ef við ættum að kalla þá atvinnurekendur, vegna þess að þeir taka kaup sitt í hlutum úr afla, þá gætum við á nákvæmlega sama hátt kallað alla þá launþega atvinnurekendur, sem t. d. koma til með að vinna á einn eða annan hátt í ákvæðisvinnu. Hér er vitanlega algerlega ruglað saman, eins og sérstaklega nú er háttað útgerðarrekstri. Þar sem allur rekstrarkostnaður er útgerðarinnar, þá er vitanlega ekki hægt að blanda því saman að kalla sjómenn útgerðarmenn, þó að þeir taki kaup sitt sem hlut úr afla. Og vitanlega eiga sjómenn sama rétt og aðrir launþegar á því að fá greitt orlofsfé til þess að standa undir hinum eðlilega orlofskostnaði, þegar að honum kemur.

Það má ekki heldur í þessu sambandi láta það villa sér sýn, þó að á einstaka aflabátum sé um það að ræða, að þar geti orðið háir aflahlutir. Þegar rætt er um kaup sjómanna með tilliti til þess, hvort réttmætt sé að borga orlof á það, verður vitanlega að leggja til grundvallar meðaltalskaup, sem kemur út yfir fiskveiðiflotann, en ekki taka það kaup, sem kann að koma út í einstökum tilfellum á skipum, sem eru með alveg óvenjulegan afla.

Reynslan er því miður sú, að meira að segja þegar jafnvel aflast á síldveiðum og gert hefur á þessu ári, eru það margir tugir báta, sem eru vel úr garði gerðir, sem er þannig ástatt með, að þeir fiski ekki fyrir lágmarkskauptryggingu á síldveiðunum. Og það gefur vitanlega auga leið, að það er mikill munur á launakjörum eða kaupi slíkra sjómanna og hinna, sem eru á þeim skipunum, sem hæstan eða mestan gefa aflann.

Á því er enginn vafi, að það liggja almenn rök til þess, að orlofsfé sé nokkuð hækkað hér á landi, ef við berum okkar aðstæður saman við aðstæður í nágrannalöndunum. Og ég hélt satt að segja, að öll andstaða gegn því að greiða orlof á hlut sjómanna væri fyrir löngu úr sögunni.

Það er svo málefni alveg út af fyrir sig, þegar hér kemur upp framsóknarmaður og kvartar yfir því, að sjútvmrh. standi sig illa, a. m. k. í sambandi við hinn feiknalega duglega landbrh., sem sé frekur og duglegur og standi sig vel í þeim málum. En hvað um það, ég vil vænta þess, þrátt fyrir þessar athugasemdir, sem hér komu fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að þá verði ekki um neina andstöðu hér á Alþingi að ræða gegn frv., sem hér liggur fyrir, og ekki heldur gegn því, að sjómenn fái að halda þeim orlofsgreiðslurétti, sem þeir hafa þegar unnið sér með samningum og með lagasetningu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins við þessa 1. umr. láta í ljós ánægju mína yfir því, að samningar hafa náðst um það að lengja orlof, að hækka orlofsfé í 7%. Mér er sagt af fróðum mönnum, að gert sé ráð fyrir, að það samsvari um 24 daga orlofi, en samkv. upplýsingum, sem við höfum frá Noregi t. d., þá er þar gert ráð fyrir 28 daga orlofi. Það er nokkuð augljóst, að við erum á eftir að þessu leyti, og megum við þó allra sízt við því, vegna þess að hér er vafalaust unnið lengur að staðaldri á hverjum sólarhring en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli. Mun það eiga við bæði á sjó og landi, og ekki er vinnutíminn síður langur á sjónum

en á landi. En til þess að hafa ofan af fyrir sér þurfa menn vafalaust að leggja meira að sér en víða annars staðar. Við megum því allra sízt við því að dragast aftur úr í orlofsmálum.

Ég sé því ástæðu til að fagna því, að samkomulag varð um þessa breytingu, og mun hiklaust veita henni brautargengi, og þá einnig því, sem ég tel sjálfsagt, að sjómenn sitji við sama borð og þeir, sem vinna í landi. Ekki þurfa sjómenn síður á sínu fríi að halda eða fá tilbreytingu frá sínum störfum en aðrir menn. Líklega eru engir, sem hafa fremur þörf á því að geta fengið orlofsfé en þeir.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Á þskj. 16 er frv. til l. um breyt. á l. um orlof, þar sem segir, að orlof skuli hækka úr 6% í 7%. Það var hv. 5. þm. Norðurl. v., sem kom mér til þess að standa upp.

Þegar orlofslög voru fyrst sett hér á landi, mun núv. hæstv. utanrrh. hafa flutt frv. um 4% orlof, og í þeim lögum var gert ráð fyrir, að hlutarsjómönnum væri greitt 2% í orlof. Þetta var í gildi allt þar til, — ég held, að ég muni það rétt, — að vinstri stjórnin beitti sér fyrir breytingu í 6% og þá enginn munur gerður á hlutarsjómönnum og öðrum launþegum. Hvort á að telja hlutarsjómenn atvinnurekendur eða launþega, það er að mínu viti ekki nokkur vafi á því nú. Það hefur orðið sú breyting, að hlutarsjómenn taka ekki lengur þátt í útgerðarkostnaði, eins og var áður, heldur er hér aðeins um að ræða aðferð til þess að reikna út kaup.

Það dæmi, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. kom með hér í þingsölunum nú fyrir skömmu, um mjög háan hlut til skipstjóra, er engan veginn rétt mynd í sambandi við kaupgreiðslur til sjómanna yfirleitt. Ég vildi segja, að þrátt fyrir það þótt kaupgreiðslur séu háar og prósentur og greiðslur, í þessu tilfelli orlof, séu vissulega mjög tilfinnanlegar fyrir marga, þá álít ég, að miðað við núverandi aðstæður í kaupgreiðslum til sjómanna sé ekki hægt að gera þarna upp á milli almennra verkamanna, launþega og sjómanna yfirleitt.

Það eina, sem mér finnst að gæti komið til mála að væri athugað, en ég er þó ekki að gera till. um það, er, að þegar kaupgreiðslur væru komnar upp í mjög háar upphæðir, þá næði orlofið ekki lengra, því að vissulega er hægt að benda á það, að þarfir manna til þess að lifa sínar orlofsvikur fara ekki eftir því, hvort maðurinn hefur 200, 400 þús. kr. eða jafnvel hærri upphæð í árslaun. En eins og málum er komið og með tilliti til þess samkomulags, sem gert var milli atvinnurekenda og launþega í júnímánuði s. l., þá tel ég, að það sé sjálfsagt, að þetta verði svo, að frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., sem m. a. mundi verða til þess að auka vinnufriðinn í landinu. Og vonandi leiðir það til áframhaldandi vinnufriðar, því að íslenzka þjóðin hefur engan veginn efni á að berast á banaspjótum, eins og hún hefur gert mörg undanfarin ár.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég gerði aldrei ráð fyrir, að mál mitt fengi almennar undirtektir. Yfirleitt er það þannig með þingmenn, að þeir reyna að tala eins og þeir halda að kjósendunum þóknist, þó að það sé ekki viturlegt, því miður. Og vitanlega þykir öllum gott að fá peningana. En það verður einhvers staðar að taka þessa peninga. Og nú er það þannig, að skattarnir hafa alltaf verið að hækka, þó að Vísir segi, að þeir hafi alltaf verið að lækka. Og svo fá menn þessa útgjaldamiða sína í ofanálag á óbeina skatta, sem hirða um 40% af öllu vöruverðinu. Það sagði mér atvinnurekandi, að það væru ekki nema fáeinar krónur, sem sumir starfsmenn fengju útborgað nú, hitt færi í opinber gjöld.

Við verðum að gera okkur ljóst, að orlofspeninga þarf einhvers staðar að taka. Það er enginn að tala um það, að sjómenn eigi ekki að hafa orlof. Vitanlega eiga þeir að hafa orlof eins og aðrir menn og af eðlilegum launum. Og þeim eru tryggð nokkurn veginn eðlileg laun með tryggingunni, eða 9—10 þús. kr. á mánuði. Og það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þeir hafi það. En þegar farið er að borga orlof á kaup, sem allir viðurkenna, sem vilja tala af sanngirni um það, að er meira en einstaklingurinn þarf til að lifa af og meira í mörgum tilfellum heldur en útgerðin getur greitt og útgerðin þarf þess vegna að leita til ríkisins um aðstoð, eins og gert var s. l. ár, og sú aðstoð er greidd af neytendum, sem margir hverjir eru fátækir, með söluskatti og öðru, þá finnst mér ekki vera um neitt skynsamlegt jafnrétti að ræða.

Það er þægilegt að segja: Þið eigið að fá hærra orlof og orlof á hvað hátt kaup sem er. — Það má vera, að það falli vel í eyru. En það er hvorki karlmannlegt né viturlegt. Ég álít, að það eigi að leggja eðlileg laun til grundvallar öllu orlofi, bæði hjá sjómönnum og öðrum.

Þá kom það fram hjá hv. síðasta ræðumanni, — maður man nú ekki alltaf númerin á hv. þm., — að þetta hefði breytzt svo mikið við það, að sjómenn hættu að borga olíu og beitu á línuveiðum, — þeir borguðu olíu og beitu áður, nú fyrir nokkrum árum, — þannig að nú væru þetta ekkert annað en launþegar, en áður hefði kannske mátt segja, að þeir hefðu tekið þátt í atvinnurekstrinum. Þetta kom einnig fram hjá hv. 5. þm. Austf., að sjómenn væru bara einfaldir launþegar. Ef þeir væru einfaldir launþegar, þá væru þeir upp á fast kaup, vist mánaðarkaup, það eru hinir einföldu launþegar. Það er allt annað með akkorðsmenn, sem eru að salta síld í tunnu og annað slíkt. Þeir hafa visst fyrir tunnuna, hvort sem veiðist mikið eða lítið. Sjómaður fær visst á tonnið, en hann fær bara meira, ef illa veiðist. Það má segja, að vinnan verði lengri hjá fólki, ef mikið veiðist, heldur en þegar lítið veiðist. En það er óneitanlegt, að hafi þeir tekið þátt í atvinnurekstrinum, meðan þeir borguðu beitu og olíu, sjómennirnir, þá skiptir það engu máli, hvort hlutur þeirra lækkar um 2% eða 3%, og

er það ekkert atriði í þessu sambandi. Hafi þeir fengið 45% áður, en 40% nú, skiptir það engu máli, þeir taka þátt í atvinnurekstrinum.

Nú er samband milli útgerðarmanna og sjómanna þannig, að það hefur gengið illa að skapa misskilning og úlfúð þeirra á milli, því að þetta er sameiginleg barátta, og ef gengur vel fyrir öðrum, þá gengur vel fyrir hinum. Það vita allir sjómenn, að undirstaða undir því að þeir hafi góðar tekjur, er, að útgerðin hafi efni á að gera bátana vel út hvað snertir veiðarfæri og önnur tæki. Þetta er undirstaðan, þannig að vitanlega þarf alltaf að finna sanngjarna leið til að skipta því, sem aflast. En þráður mun alltaf liggja milli þessara aðila, þess, sem gerir út bátinn, og sjómannanna, sem heyja sína lífsbaráttu á honum.

Það skiptir engu máli út af fyrir sig, hvort orlofið er 7% eða 9%, því að það er ekki nema takmarkað, sem atvinnureksturinn getur borgað, það vita allir, og hvort það kemur fram í hækkuðu kaupi eða hækkuðu orlofi, það skiptir launþega litlu máli. Hitt er dálitið annað með dagafjölda fastlaunaðra skrifstofumanna. Það má vel vera, ef þjóðfélagið hefur efni á að lengja það, að þá sé ekki nema gott um það að segja, að þeir fái löng frí. En þetta er þannig, að það skiptir atvinnuvegina engu máli, hvort orlofið er 1% hærra og kaupið 1% lægra eða kaupið 1% hærra og orlofið 1% lægra. Það skiptir engu máli. En hitt gefur bara auga leið, að það að borga orlof á miklu meira en almennar tekjur í landinu, eins og gert er með yfirmenn á t. d. skipunum, sem mest veiða, miðar ekki að jöfnum lífskjörum. Nú er það þannig — við vitum það — með þessa hálaunuðu menn á skipunum, þeim sem veiða mikið, að skipstjórarnir eru hættir að kæra sig um að vinna allt árið. Þeir segja, að það sé ekki til neins, það sé allt tekið í skatta. Og þeir fá sér frí, fara út í lönd. Bátarnir hvíla sig þá á meðan eða fá einhverja, sem ekki eru eins góðir að fiska, þannig að þarna er kominn liður í okkar atvinnuvegi, sem ekki verður til þess að auka þjóðartekjurnar og ekki til að auka jafnan efnahag borgaranna. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að borga þeim vel, sem vinna vel, og það er ekki nema sjálfsagt að borga góðum vélamönnum og góðum skipstjórum mjög gott kaup, en það eru náttúrlega takmörk fyrir öllu.

Þetta var ábending frá mér í upphafi, sem ég vildi skjóta fram til n., áður en hún tæki til starfa. Og það er svo með allt, sem eitthvert vit er í, að það fær sjaldan miklar undirtektir í byrjun, en svo kemur þetta með tímanum, með hægðinni, og maður má aldrei vera hræddur við að standa einn uppi í bili. Ég vil taka það fram, að ég tala hér persónulega, en ekki fyrir hönd flokksins. Þetta er mín persónulega skoðun, en ég hef ekkert verið við umr. um það í flokknum. Það má líka vel vera, að ríkisstj. sé þannig búin að semja um þetta nú við launþegana, að það sé ekki hægt annað en gera þetta í þetta skipti. En þetta er ábending frá mér, sem ég hygg að í framtíðinni muni verða viðurkennd, hvað sem gert verður nú.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir vænt að heyra það, að yfirleitt taka hv. þm. þannig undir þetta litla frv., að ég vona, að það fái greiðan gang í gegnum þessa hv. d. Þó virtist mér, að einn hv. ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. v., hefði nokkrar aths. að gera við það. Hann taldi, að með þessu væri verið að íþyngja útgerðinni, þarna kæmi 1% í viðbót við annað prósent, sem hefði verið tekið með launaskatti, og svona væri haldið áfram, þangað til að mér skildist að greiðslugetu a. m. k. útgerðarmanna væri ofboðið. Út af þessu vildi ég aðeins segja, að stefnan eða þróunin í þessum málum, bæði í nágrannalöndum okkar og hér hjá okkur, hefur verið sú, að með vaxandi þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu og þeirri öru tækniþróun, sem byggð hefur verið upp hér á landi síðustu árin og áratugina, ætti að vera hægt bæði að stytta vinnudaginn og auka möguleikana til þess, að vinnandi menn, bæði á sjó og landi, gætu fengið nokkurt frí til þess að rétta sig upp frá venjulegu daglegu striti. Ég er ekki í vafa um það, að þessi prósenta, 6—7% í orlof til sjómanna, sem þessi hv. þm. minntist á sérstaklega, sker ekki úr um afkomuna. Ef talið er, að afkoman hafi verið það bág fyrir, að þetta 1% riði baggamuninn, þá held ég, að það sé meira gert úr heldur en raunverulega er.

Í nágrannalöndum okkar hefur, eins og hér hefur komið fram, verið stefnt að því að auka orlofið. Í Danmörku t. d. er orlofið nú eftir síðustu breytinguna, sem gerð var þar í vor, komið upp í 7¼%, og í öðrum löndum Norðurlanda er prósentutalan jafnvel eitthvað hærri, þannig að við erum, eins og líka kom hér fram, orðnir á eftir, og þetta frv. gerir ekki nema minnka bilið á milli okkar og Norðurlandanna, það er ekki að fullu unnið upp með þessu frv. Sjálfsagt kemur að því, að þessi 7%, sem hér eru nefnd, verði hækkuð enn, enda álít ég það vel koma til greina og vel vera hægt með þeim auknu þjóðartekjum, sem nú eru fyrir hendi.

Ég vildi um sjómennina sérstaklega segja það, að ég tel, að þeir með sínum langa vinnudegi hafi alveg sérstaka þörf fyrir að fá gott og verulegt orlof. Það er náttúrlega mikil þörf fyrir þá, sem inni sitja og á skrifstofum vinna eða við verksmiðjuvinnu innanhúss, að þeir komist út, en ég álít ekki síður, þó að sjómenn stundi sína vinnu á sjónum og utan dyra, að þá þurfi þeir líka til þess beinlínis að hvíla sig eftir hinn langa vinnudag að fá sitt orlof á sama hátt og aðrir menn í landinu. Annað væri ranglæti að mínu viti. Ég vonast því til, að þetta sjónarmið hv. 5. þm. Norðurl. v. eigi sér ekki marga fylgjendur í þessari hv. d. og frv. fái, eins og ég sagði áðan, greiða afgreiðslu hér í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísar til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 54).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. með frv. þessu og ítrekað var í framsöguræðu af hæstv. félmrh., þegar málið var til 1. umr. í þessari hv. d., þá er hér um að ræða staðfestingu á hluta af samkomulagi, sem gert var hinn 5. júní s. l. milli ríkisstj., Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þannig að orlof verkafólks skyldi lengjast úr 18 dögum í 21 dag, eða sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%. — Heilbr.- og félmn. tók þetta mál fyrir á fundi hinn 4. þm., og leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í samkomulagi því, sem gert var í júnímánuði s. l. á milli ríkisstj., Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, var eitt ákvæði um það, að orlof verkamanna, lögboðið lágmarksorlof, skyldi hækka úr 6% í 7%, þ. e. a. s. lengt úr 1½ degi fyrir hvern unninn mánuð í 1¾ daga fyrir hvern unninn mánuð, sem þýðir 3 daga hækkun á ári, úr 18 dögum upp í 21.

Þetta var m. a. gert vegna þess, að orlofstímalengdin er nú orðin heldur minni hjá okkur en í nábúalöndunum. Í Danmörku er t. d. orlof 7¼%, í Noregi mun það vera frá 1½—2 dagar á mánuð, nokkuð mismunandi, og í Svíþjóð 2 dagar á mánuð. Þetta var þess vegna spor í þá átt að hafa orlofstímalengdina nokkuð svipaða og er í nágrannalöndunum. Þó að því marki sé ekki að fullu náð, þá er þetta þó í áttina.

Þetta frv. hefur verið til umr. í hv. Nd. og samþ. þar óbreytt, og ég tel ekki, að ég þurfi að hafa um það fleiri orð, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Björn Jónsson: Ég verð að lýsa ánægju minni með, að þetta frv. er komið fram hér á hv. Alþingi, og yfir því, að það muni brátt verða að lögum. Eins og hæstv. félmrh. skýrði frá, er frv. flutt af hálfu ríkisstj. til efnda á loforðum, sem gefin voru af hennar hálfu í sambandi við samkomulag verkalýðshreyfingarinnar og hennar á s. l. vori, og er hvorki of né van um efndirnar á þessu loforði, því að frv. felur ekki í sér neinar aðrar breyt. á orlofslöggjöfinni en þær, sem loforð var gefið um.

Ég athugaði, eftir að ég var kominn til þings, umr., sem höfðu orðið um þetta í hv. Nd., og þar tók ég eftir því, að hæstv. ráðh. sagði við 1. umr. í hv. Nd., að ráðuneyti hans hefði haft orlofsmálin til athugunar að undanförnu, og hann sagði einnig þá og endurtók það núna, að sá áfangi, sem næðist með samþykkt þessa frv., væri ekki stærri en svo, að hann aðeins mjókkaði bilið milli íslenzkrar orlofslöggjafar og hliðstæðrar löggjafar á Norðurlöndum. Mér finnst ekki alveg fjarri, að í þessum ummælum felist a. m. k. óljós ádráttur um það, að meiri og frekari aðgerða sé von af hálfu hæstv. ríkisstj. í orlofsmálunum heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Og ég vildi gjarnan við þetta tækifæri fá frekari staðfestingu á því, ef þetta er rétt ályktun.

Það er vissulega rétt, að þetta samningsatriði frá samningum verkalýðsfélaganna í vor, sem hér á að lögfesta eftir gefnu loforði, er engan veginn fullnægjandi, þ. e. a. s. ef við hugsum svo hátt eða viljum hugsa svo hátt að vilja halda í við þróun þessara mála hjá grannþjóðum okkar og reyndar fleiri þjóðum, þar sem orlof er nú orðið annars staðar á Norðurlöndum allt að einum mánuði, eins og í Svíþjóð, eða 24 eða sem næst því 24 virkir dagar og orlofsfé 9%. Eftir sem áður vantar sem sagt verulega á það, að orlofsréttindi hér, bæði að þessu leyti og ekki síður um ýmis smærri atriði, séu ekki lakari en gerist sem lágmark annars staðar á Norðurlöndum.

Nú er það skoðun mín, að hér á landi séu einmitt alveg sérstakar ástæður og sérstök rök fyrir fullkomnum orlofsréttindum og að þau í raun og veru ættu að vera betri hér en annars staðar. Þar á ég einkanlega við það, að vinnudagur er hér stórkostlega miklu lengri en annars staðar þekkist, eða líklega sem svarar allt að 2—3 dagsverkum á hverri viku og jafnvel enn þá meira í sumum starfsgreinum. Slíkur vinnudagur kallar auðvitað m. a. á stórlega bætt orlofsréttindi, þó að vissulega sé þörf fyrir fleiri lagfæringar í sambandi við vinnudaginn og jafnvel enn þá meiri. Þar koma líka til sérkenni okkar atvinnuhátta og jafnvel stórbreytingar, sem hafa orðið á síðustu árum í atvinnurekstri okkar, t. d., svo að ég nefni einhver dæmi, í útgerð stórra síldveiðiskipa og annarra stórra fiskiskipa, sem af hagkvæmniástæðum mega helzt aldrei stöðvast nema til

allra nauðsynlegustu viðgerða, og svo að ég nefni annað dæmi, hina stöðugu vaktavinnu í 12 klst. a. m. k. og oft 18 á sólarhring í síldarverksmiðjunum. En þessi vaktavinna stendur oft hvern sólarhring frá 12—18 tíma á sólarhring í jafnvel 4—5 mánuði á ári nú orðið. Og það er margt af þessu tagi, sem skapar ný vandamál í sambandi við þann brýna rétt og ég vil segja um leið andlega og líkamlega þörf á eðlilegri hvíld frá störfum. Þar þyrftu auðvitað að koma til samhliða aðgerðir varðandi sjálfan hinn daglega vinnutíma og svo varðandi orlofsréttindin.

Allsherjarendurskoðun orlofslöggjafarinnar er því að mínu viti orðin ærið brýnt verkefni, sem hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj. ber að sinna og það án verulegrar tafar. Á síðasta Alþingi gerði ég með flutningi frv. um breyt. á orlofslögunum ofur litla tilraun til að fá fram nokkrar bráðnauðsynlegar leiðréttingar á orlofslögunum. Þær leiðréttingar voru í fyrsta lagi, að orlofsféð yrði hækkað í 8%, í öðru lagi, að fastir starfsmenn fengju orlofsfé greitt af aukavinnu, eins og skjólstæðingar verkalýðshreyfingarinnar fá með samningum, í þriðja lagi, að konur héldu orlofsréttindum sínum að fullu, þó að þær væru frá verkum allt að 3 mánuði vegna barnsburðar, og svo í fjórða lagi, að ríkisstj. yrði heimilað að fela verkalýðssamtökunum, þ. e. a. s. Alþýðusambandi Íslands, framkvæmd orlofslaganna, að því leyti sem hún er í höndum póststjórnarinnar.

Þessu frv., sem eins og menn sjá á þessum efnisatriðum fól þó aðeins í sér nokkrar lágmarksbreytingar til bóta, var því miður ekki betur tekið hér á hv. Alþingi en svo, að það hlaut ekki þinglega meðferð og var ekki afgreitt úr n. Ég vildi mega vona, að þetta frv., sem hér er rætt um, mætti þrátt fyrir það, hvernig það er til komið, skoðast sem vottur um einhverja hugarfarsbreytingu, að einhverra hugarfarsbreytinga sé von hér innan veggja í þessu mikilvæga réttindamáli.

Það er svo að lokum vissulega ástæða til þess að staldra aðeins við þá staðreynd, að það löggjafaratriði, sem hér ræðir um, er til komið með þeim hætti, sem raun er á, þ. e. a. s. með því, að það er sett á oddinn af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í samningum við atvinnurekendur og við ríkisstj. um kaup og kjör. Ég fyrir mitt leyti fagna því síður en svo, að þessar úrbætur skuli bera þennan veg að. Ég tel nefnilega, að hér sé ekki um slíkt mál að ræða, að það sé æskilegt eða eðlilegt, að verkalýðshreyfingin sjái sig til neydda að nota það sem skiptimynt við gerð kaupsamninga. Þessi skoðun mín byggist á því, að ég tel, að hér sé fyrst og fremst um að ræða hluta af einum sjálfsagðasta mannlega rétti, þ. e. a. s. þeim að mega njóta hæfilegrar hvildar frá störfum. Og fullnæging þess réttar er ekki að mínu viti neitt sérhagsmunamál verkalýðssamtakanna, þó að hún sé baráttumál þeirra, heldur að hér sé um að ræða almennt þjóðfélagslegt réttindamál og þjóðfélagslegt hagsmunamál, en ekki fyrst og fremst kaupgjaldsatriði. En það er einmitt þessi grundvallarhugsun, sem er nú orðið og hefur verið alllengi viðurkennd í verki um Norðurlönd og víðar, með því að löggjafarvaldið hefur tekið þar meira eða minna í sínar hendur frumkvæði í þessu máli, og það er þetta, sem hefur gert þann gæfumun, sem er á meðferð þessara mála og framkvæmd þar og hér.

Ég vil svo ljúka þessum fáu orðum mínum með því að óska þess, að einmitt þessi afstaða, eins og hún hefur birzt í félagsmálalöggjöf Norðurlanda til orlofsmálanna, og raunar til annarra verkalýðsréttindamála almennra einnig, mætti sem fyrst skapast hjá þeim, sem ráða úrslitum mála hér á hv. Alþingi.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði eftir mér frá umr. í Nd. Ég sagði þar frá því, að ráðuneytið hefði að undanförnu haft þetta mál í athugun, og einmitt við þá athugun kom í ljós, að orlofstímalengdin í næstu nágrannalöndum okkar, á Norðurlöndum, væri meiri hjá þeim en hún hefur verið hjá okkur.

Hins vegar var það samkomulag, sem gert var í júnímánuði s. l. milli Vinnuveitendasambandsins, Alþýðusambandsins og ríkisstj., orsökin til þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt. Það samkomulag, sem gert var í júnímánuði s. l., var meira en samkomulag á milli ríkisstj. og Alþýðusambandsins. Það var líka samkomulag milli þessara tveggja aðila og vinnuveitenda, þannig að ríkisstj. gat ekki annað gert, á meðan þetta samkomulag gilti, en að flytja frv., sem hér liggur fyrir, eins og samkomulagið gerði ráð fyrir að það yrði. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að ef orlofstímalengdin væri gerð meiri en frv. fer fram á og samkomulagið var um, þá hefðu vinnuveitendasamtökin kannske ástæðu til þess að segja, að við hefðum rofið samkomulagið með því að flytja frv. um lengri orlofstíma en samið var um. Ég tel þess vegna, að ríkisstj. sé bundin af samkomulaginu, sem gert var á milli þessara þriggja aðila, á meðan samkomulagið er í gildi. Hitt er svo annað mál, að ég tel sjálfsagt að athuga þessi mál áfram, og kemur þá vitanlega til álita, hvort ekki er hægt að fara út í að lengja þann orlofstíma, sem í þessu frv. er ákveðinn. Mismunurinn á ákvæðum þessa frv. og t. d. orlofstímanum í Noregi og Danmörku er ekki ýkjamikill. Það er Svíþjóð, sem er þarna mest á undan, hefur 2 daga fyrir hvern unninn mánuð, þar sem við höfum ekki nema 1¾. Það er mesti munurinn, en á hinum Norðurlöndunum er munurinn ekki ýkjamikill, þó að hann sé nokkur. Sjálfsagt tel ég að athuga það síðar, hvort ekki væri unnt að þoka okkar orlofstíma eitthvað enn áfram til jafns við það, sem gerist hjá þeim. Hitt tel ég ekki rétt, að við ofan í það samkomulag, sem gert var við atvinnurekendur, færum, á meðan það samkomulag er í gildi, lengra en samkomulagið gerir ráð fyrir.

Hv. þm. sagði, að frv. væri hvorki of né van við það, sem samningurinn gerði ráð fyrir. Það er einmitt það, sem það er. Það er hvorki of né van. Það er nákvæmlega það, sem um var samið, og ekki annað. Hefðum við farið neðar, þá hefði Alþýðusambandið haft ástæðu til að segja, að við hefðum rofið samkomulagið. Hefðum við farið lengra, hefði Vinnuveitendasambandið haft ástæðu til, að mínu viti, að segja, að við hefðum rofið samkomulagið. Svona varð það að vera, nákvæmlega eins og um var samið.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði, að athugun sú, sem hefði farið fram í félmrn., hefði leitt í ljós þann mismun, sem hann gat um hér í sinni frumræðu. Ég kalla ekki, að þær upplýsingar séu sérlega snemma á ferðinni, því að þegar ég flutti frv. mitt í fyrra, lágu þessar upplýsingar allar fyrir og þær er allar að finna í þeirri grg., sem ég gerði þá fyrir málinu, þó að hæstv. rn. sé ekki fyrr á ferðinni með upplýsingarnar en svo, að einstakir þm. geti auðveldlega aflað sér þeirra, áður en það fær upplýsingarnar í hendur.

Viðvíkjandi því að öðru leyti, sem hæstv. ráðh. sagði, vil ég taka það skýrt fram, að ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það, þó að ekki séu fleiri efnisatriði eða atriði, sem gangi í hagfelldari átt fyrir verkalýðshreyfinguna en gert er í þessu frv., — þó að þau sé ekki að finna í þessu frv. Ég get alveg skilið það og tel það að sumu leyti ekki óeðlilegt, að þetta frv. sé afgreitt svona og ekki öðruvísi. En ég vil hins vegar eindregið mótmæla þeim skilningi, sem kom hér fram í ræðu hæstv. ráðh., að samkomulagið í vor hafi bundið Alþingi og ríkisstj. um það, að á samningstímanum mætti ekki gera frekari breyt. á orlofslögunum í þá átt, sem verkalýðshreyfingin hefur barizt fyrir. Ég held, að þurfi a. m. k. gleggri augu en mín til að sjá það, að í þessu samkomulagi felist nokkur slík skuldbinding, en þannig mátti a. m. k. skilja ræðu hæstv. ráðh. Ég held, að Alþingi sé að þessu leyti algerlega óbundið gagnvart atvinnurekendum og það geti samþ. hverjar þær breyt. á orlofslögunum þrátt fyrir þetta samkomulag, sem því dytti í hug að væru sanngjarnar og eðlilegar. Ég veit auðvitað ekki um það, hvort ríkisstj. kann að hafa gefið atvinnurekendum eitthvert loforð á bak við um það, að hún skyldi ekki láta lögfesta nein frekari réttindi til handa verkalýðshreyfingunni í þessum efnum eða öðrum. Um það veit ég ekkert.

En ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvenær og hvernig er hægt að koma fram hér á Alþingi breytingum til verulegra bóta á orlofslöggjöfinni, ef þær mega aldrei vera öðruvísi en um hefur verið samið milli atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar? Væntanlega þegar þessu samningstímabili lýkur í vor, þá koma nýir samningar í gildi og binda málið áfram á þann hátt, sem þar verður samið um, og ég get ekki séð, að það sé yfirleitt á færi löggjafarvaldsins að eiga nokkurt frumkvæði í þessum efnum, ef hlutirnir eiga að ganga fyrir sig á þennan hátt. Ég vil sem sagt, ef engir baksamningar hafa verið gerðir um þetta mál milli ríkisstj. og atvinnurekenda, eindregið mótmæla því, að löggjafarvaldið hafi verið bundið með þessum samningum um það, að það mætti ekki samþykkja neinar frekari réttarbætur til handa verkalýðshreyfingunni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins gefa þá yfirlýsingu vegna ummæla hv. 4. þm. Norðurl. e., að það voru engir baksamningar gerðir við neina í viðræðunum í júnímánuði s. l., ekki við Alþýðusambandið né vinnuveitendur. En einmitt vegna þess, að engir baksamningar voru gerðir, þá telur ríkisstj. sig bundna við þau ákvæði samningsins, sem þar greinir, því að ef við færum nú að bera fram frv., sem færi í bága við samkomulagið, þá teldi ég, að sá aðilinn, sem það gengi út yfir, gæti með réttu talið, að það væri verið að brjóta samkomulagið. Ég er ekki með þessu að draga í efa, að Alþingi geti á hvaða stundu sem er sett lög um breyt. á orlofslögunum og öðrum lögum. En hinu tel ég ríkisstj. vera bundna af, að flytja ekki eða beita sér fyrir, að hér verði sett lög um þetta atriði öðruvísi en samkomulagið, sem gert var í sumar, gerir ráð fyrir. Verði af ríkisstj. hálfu farið út fyrir þetta, þá finnst mér, að það sé alveg óvefengjanlegt, að um brot á samkomulaginu sé að ræða. Hitt er svo aftur frjálst, bæði hv. 4. þm. Norðurl. e. og öðrum hv. þm., að bera fram hvaða till. sem er í þessu skyni og Alþingi að samþ. þær till. eða hafna þeim. Það er allt annað mál. En á meðan þetta samkomulag er í gildi, tel ég ríkisstj. bundna af að beita sér ekki fyrir neinni þeirri breytingu á lögunum, sem brýtur í bága við samkomulagið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 137).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í júnímánuði s. l. varð viðtækt samkomulag um kjaramálin milli ríkisstj., Alþýðusambandsins og vinnuveitendasamtakanna. Einn þátturinn í þessu samkomulagi var að auka orlofsrétt launþega, og er þetta frv. flutt af ríkisstj. hálfu til þess að efna þann þátt þessa samkomulags. Efni frv. er á þá leið að hækka orlofsfé af kaupi úr 6% í 7% og að auka orlof þeirra, sem hlotið hafa 18 virka daga á ári, í 21 virkan dag.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og skilað nál. á þskj. 137, og leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 177).

---

6. Þingsköp Alþingis.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. *Ég geri naumast ráð fyrir, að það verði miklar* umr. um þetta frv., en þyki eðlilegt, að það komist í nefnd nú. Þar sem ég verð ekki við á fimmtudag, verð ég þakklátur fyrir, að það skuli verða tekið til umr.

Ég hygg, að það hafi verið fyrst í þingsköpum 1915, sem ákveðin var hámarkstala manna í fastanefndum, að það hafi verið óákveðið þangað til, hversu margir skyldu vera, en þá var talan 5 sett sem hámarkstala. Þá voru þm. 40, nú eru þeir orðnir 60, og er því hlutfallið orðið *mjög breytt og eðlilegt í samræmi* við fjölgun þm., að þessu hámarki verði breytt. Það kom einnig í ljós á síðasta þingi, að ekki var heppilegt það fyrirkomulag, sem þá var. Einn þingflokkanna hafði ekki mátt til þess að koma mönnum í neina nefnd í Nd. og fáa í Ed. En um mikils háttar mál varð samkomulag um það milli hinna flokkanna að óska eftir því, að þessi flokkur legði menn til meðferðar mála í nefndum. Hins vegar er það tekið fram í þingsköpum, að tala í n. eigi að standa á stöku, svo að það rekst á að auka sjötta manni í n. miðað við þetta fyrirmæli. Það eru því öll rök, sem hníga að því, að nú skuli vera breytt um hámark í nefndum, enda lýsti vilji þm. sér, þegar nefndir voru skipaðar á dögunum. Þá voru samþykkt afbrigði frá þingsköpum um, að 7 skyldu kosnir. Það mætti og segja, að það væri eðlilegt að fjölga einnig nefndum í Sþ., en það var ekki tekið upp í þetta frv., því að það reynir einungis á um kjörbréfanefnd. Um þingfararkaupsnefnd var ákveðið í nýjum lögum fyrr á þessu ári, að þar skyldu vera 5, og þótti ekki ástæða til að gera breyt. á því nú, þegar menn voru ásáttir um þetta í fyrra. Kjörbréfanefnd hefur sannast að segja mjög litla þýðingu varðandi störf þingsins. Meðferð mála á sér hins vegar stað í þeim nefndum, sem hér um ræðir, og í þeim nefndum í Sþ., þar sem tryggt er, að allir þingflokkar eigi fulltrúa.

Ég vonast til, að þetta frv. fái greiðan framgang, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir stjórnarfrv. um breyt. á þingsköpum. Efni þess er að fjölga mönnum í þingnefndum úr 5 í 7. Í athugasemdum kemur fram, að tilgangur með flutningi frv. er fyrst og fremst sá að tryggja, að Alþb. fái mann kjörinn í þingnefndirnar.

Í sambandi við þetta frv. rifjast upp fyrir mönnum, að einn af núv. ráðherrum, hæstv. menntmrh., ritaði grein í flokksblað sitt í fyrra, skömmu eftir alþingiskosningarnar, um það, að Alþýðubandalagsmenn mundu ekki fá kjörna fulltrúa á Alþingi í 5 manna nefndir eða ráð á þessu kjörtímabili. Og sá tónn var í grein hæstv. ráðherra, að lesendum mátti vera ljóst, að ráðherrann taldi þá, að sú breyt. væri til bóta, en ekki til hins verra. Grein ráðherrans birtist í Alþýðublaðinu 29. júní 1963, og ég vil leita leyfis hæstv. forseta til að lesa upp stuttar setningar úr þessari grein. Hún var á 4. síðu *blaðsins þennan dag. Þar stóð efst á síðunni:* „Gylfi Þ. Gíslason skrifar." Síðan kom tvípunktur þar fyrir aftan og til hliðar var mynd af höfundinum. Svo kom stór fyrirsögn, sem hljóðaði þannig: „Aldan er hnigin." Upphaf greinarinnar var á þessa leið: „Einar af athyglisverðustu afleiðingum kosningaúrslitanna 9. júní virðast enn hafa farið fram hjá blöðum og almenningi, en þær eru, að áhrif kommúnista á íslenzk þjóðmál munu á næsta kjörtímabili verða miklu minni en þau hafa verið *allar götur síðan þeir urðu verulegt afl í* íslenzkum stjórnmálum, en það urðu þeir í kosningunum 1942." Framhald greinarinnar er að miklu leyti sögulegt yfirlit. Þar er í fyrstu nefnd stofnun Kommúnistaflokks Íslands 1930. Um þann atburð segir svo: „Stofnun Kommúnistaflokks Íslands 1930 var enginn stórviðburður í íslenzkri stjórnmálasögu." Síðan lýsir greinarhöfundur gengisleysi Kommúnistaflokksins næstu árin, allt þar til Héðinn Valdimarsson, Sigfús Sigurhjartarson og fleiri Alþýðuflokksmenn klufu Alþfl. og stofnuðu Sósíalistaflokkinn með kommúnistum. Hann segir, að það hafi verið verk þessara fyrrverandi Alþýðuflokksmanna, að Sósfl. óx Alþfl. yfir höfuð í kosningunum 1942, en í kosningunum 1946 hafi Alþfl. tekizt að vinna 2 þingsæti, og um það segir svo í greininni: „Nú, meira en 15 árum síðar, finnst ýmsum eflaust undarlegt að minnast þess, að nýju þm. 2 vorum við Hannibal Valdimarsson." Engin skýring er á því, hvers vegna greinarhöfundi finnst þetta undarlegt.

Ekki er ein báran stök. Ráðherrann lýsir því í grein sinni, að enn á 6. tug vorrar aldar tókst leiðtogum Sósfl. að valda nokkrum klofningi

í Alþfl. Hannibal Valdimarsson, Alfreð Gíslason og fleiri gengu til samstarfa við Sósfl., og flokkurinn fékk nýtt nafn, Alþb., en í það skipti stóðst Þjóðvarnarfl. freistingarnar og hélt áfram starfsemi sinni. Sögu ráðherrans lýkur með frásögn af því, að fyrir síðustu kosningar hafi kommúnistum tekizt það, sem þeim misheppnaðist fyrir kosningarnar 1956, að innlima Þjóðvfl., en það hafi engan árangur borið. Um það segir ráðherrann á þessa leið: „Í þriðja skiptið, sem íslenzkir kommúnistar reyna að styrkja aðstöðu sína með því að leggja net sín inn í aðra flokka, en mistekst það með öllu. Þetta kalla ég sögulegan atburð."

Eftir að hæstv. ráðherra hefur rakið þessa sögu í stórum dráttum í grein sinni, bendir hann á, að kommúnistar hafi undanfarið átt sæti í 5 manna stjórnum og ráðum kjörnum af Alþingi. Síðan segir í greininni, að nú sé svo komið eftir kosningarnar 9. júní 1963, að sá flokkur, sem íslenzkir kommúnistar stjórna, hafi ekki bolmagn til að fá fulltrúa kosinn í 5 manna stjórn eða ráð á Alþingi, þingstyrk þeirra hafi nú hrakað svo, að þeir missi öll þessi áhrif. Þetta telur ráðherrann tvímælalaust ein örlagaríkustu áhrif kosninganiðurstöðunnar. Grein ráðherrans í Alþýðublaðinu, sem hér hefur verið vitnað til og ber hina skáldlegu yfirskrift: „Aldan er hnigin" — lýkur á þessum orðum: „Sú alda kommúnismans á Íslandi, sem stormur Héðins Valdimarssonar vakti á árunum 1938—1942, er nú hnigin í þeirri ládeyðu, sem fylgir Gils Guðmundssyni inn í Alþb."

Svo er nú það. En hvað er nú að gerast? — Ný alda er að rísa. Og hver vekur þann storm, sem reisir þá öldu? Ekki Héðinn Valdimarsson. Nei, það er ríkisstj., sem storminn vekur í þetta sinn samkv. frv., sem hér liggur fyrir. Og hæstv. menntmrh., sem skrifaði öldugreinina í Alþýðublaðið 29. júní í fyrra, er í þeirri ríkisstj., sem nú vekur storminn og nýju öldurnar. Ládeyðan, sem hann lýsti þar og fagnaði, er úr sögunni.

Á liðnum tíma hafa ýmsar aðferðir verið notaðar til þess að ákveða þátttöku þingflokkanna í vali manna í nefndir og ráð. Ég minnist þess, að á tímum þjóðstjórnarinnar, sem svo var nefnd og sat 1936—1942, voru menn stundum valdir í nefndir og stjórnir stofnana eftir tilnefningu 3ja stærstu þingflokkanna. Báðir núv. stjórnarflokkar áttu þá ráðherra í stjórn, og ég hygg, að þessi háttur hafi verið upp tekinn fyrir áhrif frá Alþfl. En þetta féll úr tízku skömmu síðar. Trúlega þykir núv. stjórn ekki ráðlegt að taka þessa aðferð upp aftur, að velja menn í nefndir og stjórnir stofnana eftir tilnefningu 3ja stærstu þingflokkanna. Enn má nefna, að oft er fámennum þingflokki veittur meiri réttur en honum ber eftir þingmannatölu með því að hnýta honum aftan í stærri flokk við kosningar í nefndir og ráð á Alþingi.

Hér er lagt til í þessu frv. að fjölga mönnum í þingnefndum um 2. Hvort það verður til þess, að nefndarstörf verði fljótar eða betur unnin, sýnist mér nokkurt vafamál.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að æskilegt gæti verið að gera aðrar breyt. á þingsköpum Alþingis en þá, sem frv. fjallar um. Í 33. gr. þingskapanna segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni." Hvernig rækjum við þm. þessa skyldu? Þeirri reglu er fylgt, að þingfundur er ekki settur, fyrr en a. m. k. helmingur þeirra, sem þar eiga sæti, er mættur. En síðan er fundarstörfum haldið áfram, þó að miklu færri sitji á fundi. Haldið er áfram að taka mál fyrir og flytja ræður, þó að mjög fáir séu viðstaddir. Oft kemur fyrir, að á fundum sitji aðeins örfáir þm., og jafnvel dæmi þess, að í þingsalnum séu aðeins 2 menn á fundi, forsetinn og sá, sem er í ræðustólnum að flytja sitt mál. Þetta gefur þinghaldinu ákaflega leiðinlegan svip. Mér sýnist ástæða til fyrir þd. að taka til íhugunar, hvort ekki sé rétt að setja ný ákvæði í þingsköpin til tryggingar því, að þm. gæti betur þeirrar skyldu sinnar að sækja þingfundi. Ég vil beina þeim tilmælum til þeirrar háttvirtu þingnefndar, sem fær frv. til skoðunar, að hún taki þetta atriði sérstaklega til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 83).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur á tveimur fundum athugað og rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, sem prentað er á þskj. 6, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Eins og í nál. segir, tekur einn nefndarmanna ekki afstöðu til frv. og tveir nefndarmanna voru fjarstaddir, þegar frv. var afgreitt í n. Með þessu frv. er aðeins lagt til, að sú breyt. verði gerð á gildandi l. um þingsköp Alþingis, að flestir megi þm. vera 7 í hverri n. í hvorri þd. í stað 5, eins og tíðkazt hefur fram að þessu. Segja má þá, að sú breyt., sem frv. ráðgerir, hafi þegar komið til framkvæmda í upphafi þess þings, sem nú situr, því að það afbrigði frá þingsköpum var samþ. í þingbyrjun, að kjósa mætti 7 menn í hverja n. hvorrar d., og var það gert.

Ég legg svo til fyrir hönd meiri hl. allshn., að frv. verði samþ. óbreytt og því vísað til 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er um 2. umr. málsins að ræða, og gæti því komið til greina að koma enn fram einni breyt. við frv., ef samkomulag gæti orðið um það, en

mér sýnist, að það sé svo eðlilegt að gera þá breyt., að það sé ótrúlegt, að ekki ætti að vera hægt að fá samstöðu um það atriði.

Frv. gerir aðeins ráð fyrir breyt. á ákvæðum viðvíkjandi fjölda manna í n. í hvorri þingdeild um sig. En hins vegar er ekki fjallað að neinu leyti um n. í Sþ. En eftir að sú breyt., ef að l. yrði, sem í þessu frv. felst, væri samþ., þá væru fundarsköp Alþingis þannig, að áfram væri um að ræða eina 5 manna n., fastákveðna n. í þinginu, en það er kjörbréfanefnd í Sþ. Ég vil mega skjóta því til þeirrar n., sem hefur haft með málið að gera, hvort ekki gæti orðið um það samkomulag að bæta því ákvæði við í þetta frv., að í kjörbréfanefnd Sþ. skuli vera einnig um 7 menn að ræða, en ekki 5, eins og bundið er í þingsköpunum. Mér finnst þetta vera aðeins til samræmis við önnur ákvæði þarna og sízt minni ástæða til þess, að þarna væri um 7 manna n. að ræða í Sþ., heldur en í hvorri þingdeild um sig. — Ég vil aðeins skjóta þessu til n., ef hún vildi á milli 2. og 3. umr. taka þetta til athugunar.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Ég get ekki að svo stöddu tekið beina afstöðu til þeirrar till. eða þeirrar uppástungu, sem hv. 5. þm. Austf. kom hér með, en hins vegar skal ég lofa því, að það verði kvaddur saman fundur í allshn. og þessi uppástunga hans eða till. tekin þar til athugunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 6, 100).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur komið saman til fundar, síðan frv. þetta var til 2. umr. hér í þessari hv. d., og hefur meiri hl. n. eða allir þeir 5 nm., sem á fundinum mættu, ákveðið að flytja þá brtt. við frv. varðandi kosningu kjörbréfanefndar, að 7 menn skuli eiga sæti í n. í stað 5, eins og ákveðið er í 4. gr. gildandi l. um þingsköp Alþingis. Er brtt. meiri hl. n. prentuð á þskj. 100. Ég vil taka fram í þessu sambandi, þótt það komi ekki þessu máli raunverulega beinlínis við, að fjölda þm. í þingfararkaupsnefnd, sem sameinað Alþingi kýs, verður ekki breytt í sambandi við afgreiðslu þessa frv., þar eð þingfararkaupsnefnd er kosin samkv. sérstökum lögum, en ekki samkv. l. um þingsköp Alþingis.

ATKVGR.
Brtt. 100 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 107).

Á 24. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur þegar verið samþ. í hv. Nd. og með þeirri breytingu, að sú fjölgun, sem samkv. frv. átti einungis að ná til nefnda í deildum, skyldi einnig ná til kjörbréfanefndar í sameinuðu þingi, og má segja, að það hafi verið eðlileg breyting og í samræmi við meginefni frv. Um frv. varð að öðru leyti enginn ágreiningur í hv. Nd., og vonast ég til þess, að það hljóti einnig greiðan framgang hér, enda má segja, að þau afbrigði frá þingsköpum, sem veitt voru við upphaf þings um að kjósa í nefndir í deildum eftir sömu reglum og ákveðnar verða samkv. þessu frv., sýni einhuga stuðning hv. alþm. við frv. En eðlilegt er, að nú sé fjölgað í nefndum frá því, sem ákveðið var 1915, því að þá voru þm. einungis 40, en nú eru þeir 60. Þegar af þeirri ástæðu er eðlilegt, að þessi breyting sé gerð. Þar að auki sýndi það sig á síðasta þingi, að það var ekki heppilegt, að einn af 4 þingflokkum skyldi ekki eiga menn í nefndum, því að það varð samkomulag um það, a. m. k. í hv. Nd., ég hygg einnig hér, að fjölga í nefndum eða kalla til fulltrúa frá þeim flokki í nefndir, þegar um mikils háttar mál var að ræða. Það hníga því öll rök að samþykkt þessa frv., og legg ég til, að það verði afgr. til 2. umr. og sent til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 134).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til meðferðar, og hafa úrslit málsins í n. orðið þau, sem fram kemur í nál. á þskj. 134. Við 5, sem að því áliti stöndum, mælum með samþykkt frv., en tveir hv. nm., þeir hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. v., hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Það er rétt, að vakin sé athygli á því í sambandi við meðferð þessa máls, enda bar það á góma, þegar málið var til umr. í n., að frv. þetta, þótt samþykkt verði, mundi ekki ná til allra nefnda þingsins. Það mundi ekki ná til þingfararkaupsnefndar, en ástæðan til þess er sú, sem hv. þdm. mun raunar kunnugt, að ákvæðin um skipun þingfararkaupsnefndar eru í l. um þingfararkaup, en ekki í l. um þingsköp Alþingis. Nú er rétt að taka það fram, að við allir, sem að meirihlutanál. stöndum, vorum sammála um það, að rétt væri að heimila fjölgun í þingfararkaupsnefnd eins og öðrum nefndum þingsins. En við, sem skrifað höfum

undir nál. án fyrirvara, teljum, að eðlilegt sé að breyta l. um þingfararkaup sérstaklega og þar með þá fyrst og fremst ákvæðum um þingfararkaupsnefndina. Nú væri vitanlega hægt að taka breytingu á þeim l. inn í þetta frv., en við, sem skrifum undir nál. án fyrirvara, töldum þó eðlilegra að hafa hinn háttinn á. Að vísu munu ýmis fordæmi fyrir því, að breytingar séu gerðar á fleiri en einum l. í einu frv. Allir hv. þdm. þekkja hina svonefndu bandorma, eins og þeir hafa verið kallaðir, og vissulega geta bandormarnir verið nauðsynlegir og gegnt nytsömu hlutverki, en við lítum þannig á, að æskilegt væri að hafa þá ekki fleiri né lengri en brýna nauðsyn bæri til, og með tilliti til þess, að tiltölulega viðtækt samkomulag virðist vera um þá breytingu, sem frv. kveður á um, töldum við réttara að hafa þann hátt á, sem ég hef nefnt. En rétt er, að það komi greinilega fram, að um málefnalegan ágreining er ekki að ræða milli þeirra, sem að meirihlutanál. standa.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gerði réttilega grein fyrir, höfum við tveir nm., ég og hv. 1. þm. Vestf., ekki skrifað undir þetta nál. Ég tel rétt að gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna við höfum ekki skrifað undir þetta nál. Ástæðan til þess er í stuttu máli sú, að sú fjölgun nm., sem í frv. þessu felst, er byggð á samkomulagi utan þings, gerðu á milli stjórnarflokkanna og Sósfl. Þeir hafa haldið því mjög á lofti, einkanlega stjórnarflokkarnir, að Framsfl. hafi þar hvergi nærri komið, hvorki fengið það né heldur þess verið þörf.

Að svo vöxnu máli höfum við talið það eðlilegast að láta þá þríflokka, sem um málið hafa samið, Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl., eina um það að koma málinu í höfn. Við teljum, að bezt fari á því eftir atvikum, að stjórnarflokkarnir einir hafi heiðurinn af því að koma á þeirri fjölgun í fastanefndum, sem hér skal lögfest. Þeir bera á því ábyrgðina, og þá er rétt, að þeir beri líka af því heiðurinn. Heiður þeim, sem heiður ber. Við viljum á hinn bóginn ekki bregða sérstaklega fæti fyrir það, að Alþb. fái fulltrúa í föstum þingnefndum, einkanlega þar sem því ber að öllu óbreyttu, miðað við flokkahlutföll í þinginu, sæti í 5 manna nefndum, en það sæti hafa stjórnarflokkarnir sölsað undir sig, svo sem kunnugt er. Við teljum þess vegna rétt, eins og málið er vaxið, að láta það afskiptalaust.

Hitt er svo annað mál, sem ég get ekki stillt mig um að benda á í þessu sambandi, að þeim háu herrum, hæstv. ráðh., gengur illa að samræma guðspjöll sín. Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv. á dögunum, lét hann að því liggja og tók það fram, að það væri lýðræðisleg og þingræðisleg nauðsyn, til þess að allir þingflokkar gætu átt sæti í þingnefndum, að gera þessa breytingu. Það hefði sýnt sig í fyrra, að nauðsynlegt væri að fara inn á þá braut. En auðvitað eru 7 manna nefndir, — því skýt ég nú svona inn á milli sviga, — engin allsherjarlausn í því tilfelli, því að ef hugsunina á að halda áfram til enda, þá þarf kannske síðar meir og fljótlega — hver veit? — að fjölga nefndarmönnum upp í 9, ef það á að vera tryggt undir öllum kringumstæðum, að allir þingflokkar hafi fulltrúa í fastanefndum. En látum það liggja á milli hluta. En á sama tíma og hæstv. forsrh. flutti hinn fagra boðskap í framangreinda átt, eða nánar tiltekið fyrir einum 2—3 dögum, stóð hæstv. félmrh. hér í pontunni og flutti um það yfirlýsingu, að utanrmn. væri ekki starfhæf og hefði ekki verið starfhæf lengi af ástæðum, sem öllum væru kunnar, og það fór ekkert á milli mála, hvað hæstv. félmrh. átti við, þegar hann lét þessi orð falla. Hann átti við það, að vegna þess að Sósfl. hefur átt og á sæti í utanrmn., væri hún ekki starfhæf. Og ef litið er lengra aftur í tímann og flett upp í Alþýðublaðinu 29. júní 1963, þá skrifaði hæstv. viðskmrh. grein í blað það, þar sem hann gerði grein fyrir kosningaúrslitum og rakti það af miklum fjálgleik og með stórum orðum, að hin örlagaríkasta afleiðing síðustu alþingiskosninga og einn gleðilegasti árangur þeirra væri sá, að Alþb. ætti þess ekki lengur kost að hafa fulltrúa í 5 manna nefndum, og hann var hátíðlegur, hæstv. viðskmrh., og hafði að fyrirsögn kunn orð: „Aldan er hnigin.“ Já, þeim ber ekki vel saman, þessum hæstv. ráðh., og ég get varla ætlazt til þess, að jafnhreinskilinn og heiðarlegur málflutningsmaður og hv. frsm. meiri hl. er ráði við það að koma þessum skoðunum saman í eina heild, en fróðlegt væri það, ef hann vildi reyna það hér á eftir. En sem sagt, á sama tíma og hæstv. forsrh. segir, að það sé nauðsynlegt að fjölga í nefndum, til þess að sósíalistar fái þar sæti, þá segir hæstv. félmrh., að ákveðin nefnd þingsins sé ekki starfhæf, af því að Sósfl. á þar sæti. Ja, það væri synd að segja, að það færi mikið fyrir því, að það væri „system í galskaben“ á stjórnarheimilinu frekar en fyrri daginn.

Svo skal ég að lokum bara bæta því við sem minni persónulegu skoðun, að ég álít, að þessi breyting að fjölga í nefndum þingsins úr 5 upp í 7 miði að því að gera þingstörfin og nefndastörfin öll þunglamalegri og þyngri í vöfum, og ég álít, að þessi breyting horfi síður en svo til bóta í starfsháttum Alþingis. En eins og ég áðan sagði, þrátt fyrir það viljum við ekki, eins og málið allt er vaxið, bregða fæti fyrir það og munum þess vegna ekki greiða atkv. um það.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði hér grein fyrir afstöðu Framsfl. í þessu máli. Það eru einkum tvö atriði í ræðu hans, sem mig langaði aðeins að drepa á.

Hann fullyrti það m. a., að þetta frv. væri til komið fyrir samkomulag annars vegar milli ríkisstj. eða stjórnarflokkanna og hins vegar milli Sósfl. Þetta kemur mér alveg á óvart. Ég hafði aldrei heyrt neitt um þetta, og nú

langar mig til þess að spyrja þennan hv. þm.: Getur hann staðfest þessa fullyrðingu sína, eða er þetta bara gripið úr lausu lofti, meiri og minni getgátur, sem ganga manna á meðal?

Annað atriði vildi ég aðeins gera aths. við. Hann sagði það, að Sósfl. ætti fulltrúa í utanrmn. Þetta vil ég ekki telja nákvæmt hjá þeim ágæta manni að orða þetta á þessa leið. Sannleikurinn er sá, að Sósfl. á engan fulltrúa á Alþingi. Það er Alþb. sem kosningaflokkur í samræmi við landslög, sem á fulltrúa á Alþingi, og það er um fulltrúa þess að ræða í þessum tilfellum, en ekki fulltrúa Sósfl.

Ég hirði lítt um rök Framsfl. fyrir þessari hlutlausu afstöðu sinni í málinu. En þó gat hv. þm. þess, í lok ræðu sinnar, að Framsfl. teldi ekki verða úr neinu bætt um störf þingsins, þó að þessi breyting yrði á gerð. Þetta er skoðun, sem er fyllilega frambærileg, hvort sem hún er rétt eða ekki. Annars var það ætlun mín að spyrja hv. þm. nánar um rök Framsfl. fyrir þessari hlutlausu og allt að því neikvæðu afstöðu, því að það er í sjálfu sér ekki ástæða til fyrir Framsfl. að gerast hlutlaus í þessu máli frekar en öðrum bara af því, að það er til komið með einhverjum vissum hætti. Vitanlega geta framsóknarmenn eins og við aðrir hér á þingi ekki verið þekktir fyrir annað en að taka afstöðu til mála eftir málefnum, en ekki eftir því, hver ber þau fram eða hvernig þau eru fram komin.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef ekki minnstu löngun til þess að leggja út í deilur við hv. 9. þm. Reykv. út af þessu máli, því að ég hef fulla samúð með málstað hans í þessu efni og hefði heldur kosið að eiga orðastað við annan eða aðra um þessi mál. En hv. þm. beindi til mín ákveðnum spurningum, sem ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að svara.

Hann spurði, hvort mér væri kunnugt um, að það hefði verið gert samkomulag utan þings um þetta efni á milli Sósfl. og stjórnarflokkanna, og hv. þm. virtist í því efni koma eins og af fjöllum. Ég veit ekki betur en það væri gengið á milli þingflokkanna fyrsta daginn, sem Alþingi kom saman, og skýrt frá þessu samkomulagi, sem átt hefði sér stað um þessa fjölgun. Og ég veit ekki betur en það væru á fyrstu dögum þingsins, 2. eða 3. degi, veitt afbrigði hér á þingi fyrir því, að þetta næði fram að ganga, að þetta gæti átt sér stað. Hvar átti þetta samkomulag að hafa átt sér stað? Auðvitað utan þings. Hv. þm. þarf ekki að láta svona. Það má vel vera, að það sé gengið svo mjög fram hjá honum í þessum flokki, sem hann telur sig hálfpartinn tilheyra, að hann viti ekki, hvað fer fram þar, og honum sé ekki frá því skýrt. Mér þykir alveg furðulegt, að hv. þm. skuli koma hér upp og spyrja um svona atriði, eins og það sé ekki vitað mál, að það hafa verið gerðir um þetta samningar, enda fór hæstv. forsrh., að mér virtist, ekki dult með það í sinni ræðu, þegar hann mælti fyrir frv., svo að það er engum blöðum um það að fletta, og það eru fullgildar sannanir fyrir því, að það var gert samkomulag um þetta utan þings á milli stjórnarflokkanna og Sósfl.

En hitt, sem hv. þm. drap á, að ég hefði ekki farið hér alls kostar rétt með, þegar ég hefði sagt, að Sósfl. ætti sæti í utanrmn., þá má það til sanns vegar færa. En það verð ég að hafa mér til afsökunar, að ég er ekki vel heima í því, hvernig málum er skipað á þessu heimili. En það mun rétt vera, að utan þings sé um að tefla Sósfl., en að Alþb. sé ekki til sem stjórnmálaflokkur utan þings, en þegar þeir sömu menn eru komnir hingað inn á þing, þá heiti það Alþb. Þess vegna skal ég taka það til greina og leiðrétta það, að það sé Alþb., sem á sæti í utanrmn. En eitt er víst, að að áliti hæstv. félmrh. var sá fulltrúi, sem þar á sæti, engu óskaðlegri fyrir þá sök, þótt hann væri Alþb.-maður, þegar á þing var komið.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur hlýtt á mitt mál, en ég gerði þar alveg glögga grein að mínu viti fyrir því, að framsóknarmenn eða við a. m. k., — ég gerði raunar ekki grein nema fyrir afstöðu okkar hv. 1. þm. Vestf., að við skrifuðum ekki undir nál. og sætum hjá. Hún var alveg glögg og byggðist á þessu, sem ég get gjarnan endurtekið, úr því að hv. þm. skildi það ekki áðan, að það hefði verið gert samkomulag um þetta utan þings, þeir hefðu hælt sér af því hvað eftir annað og einkanlega hv. stjórnarflokksmenn, að Framsfl. hefði þar hvergi nærri komið, honum hefði ekki verið boðið að vera með, það hefði ekki verið þörf að hafa hann með, og þegar málið er svona vaxið, teldum við réttara að láta stjórnarflokkana bera bæði á því ábyrgð og hafa heiðurinn af að hafa komið þessari breytingu á. En ég tók það líka fram, að við vildum ekki vera á móti því af samúð með Alþb. á þingi, af því að það ætti sæti með réttu í 5 manna nefndum, en stjórnarflokkarnir hefðu hrifsað það sæti til sín með kosningabandalagi. Ég bætti því svo við sem minni persónulegu skoðun, en ekki sem rökum flokksins fyrir því að sitja hjá, að ég persónulega teldi þessa breytingu, sem hér er um að tefla, síður en svo horfa til bóta á starfsháttum þingsins. Ég get bætt því við, að ég álít það satt að segja hreina fjarstæðu, að 20 manna deild sé að skipta sér niður í átta 7 manna nefndir. Ég veit, að það þekkist hvergi nokkurs staðar í víðri veröld.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, US, GTh, JÞ, ÓB, AG, AuA, BGuðm, BJ, EggÞ, SÓÓ.

HB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, ÁB greiddu ekki atkv.

3 þm. (JÁ, MJ, ÞK) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. d. fyrir greiða afgreiðslu þessa máls. Ég gat því miður ekki verið við 2. umr., en ég las það í blöðum, sem ég vildi leiðrétta, ef rétt er eftir haft, og ég hef raunar ekki kannað með því að lesa þingræður, að því hafi verið haldið fram, að um þetta frv. hafi verið samið milli flokka utan þings, þ. e. a. s. það hafi einhverjir samningar verið gerðir um þetta mál annaðhvort við Alþb. eða Sósfl. utan þings. Hafi þessu verið haldið fram, er það alger misskilningur. Þetta vil ég að liggi fyrir og sé öllum ljóst.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er rétt eftir mér haft, að ég hélt því fram við 2. umr. þessa máls, að það hefði verið samið um þetta mál utan þings. Og ég ætla að leyfa mér að hafa þá skoðun áfram, hvað sem hæstv. forsrh. segir um þetta hér. Það liggur fyrir, og öllum þm. er það kunnugt, að á fyrsta degi þingsins eða öðrum var leitað afbrigða um það, að fjölgað yrði í nefndum. Hvernig átti að hafa orðið samkomulag um það á þingi, þegar þetta gerðist fyrsta daginn? Það sér hver heilvita maður, að það gat ekki átt sér stað öðruvísi en þetta samkomulag hefði átt sér stað utan þings.

Og í annan stað vil ég benda á það, hvað fram kom á fundi allshn. Ed., sem um þetta fjallaði. En þar var á það bent af hv. 9. þm. Reykv., að í þetta frv. vantaði ákvæði um eina þn., þ. e. a. s. þingfararkaupsnefnd, og hann taldi, að það hefði verið ætlunin, að hún ætti að vera þarna með. Formaður allshn. gerði þá hlé á störfum n. og hafði símleiðis samband við hæstv. forsrh. og kom síðan og lýsti því yfir í allshn., að það væri ætlunin, að ákvæðunum um þingfararkaupsnefnd yrði einnig breytt. Og ég verð að segja það, að ég gat ekki skilið hans tal þá á aðra lund en þá, að það væri liður í samkomulagi, sem gert hafði verið. Það skal játað, að það kom ekki fram þá hjá formanni, hvort það samkomulag hefði verið gert fyrr eða síðar, en samkomulag hafði verið gert. Og svo man ég loks ekki betur en því væri lýst æði greinilega af hv. framsögumanni meiri hl. allshn. hér fyrir nokkrum dögum, en að sjálfsögðu er skylt að hafa þar það, sem sannara reynist, og má fletta upp í ræðu hans og athuga það, hvað hann sagði, ef ég fer þar ekki með rétt mál, en ég man ekki betur en hann legði á það nokkuð mikla áherzlu, og ég man reyndar ekki betur en allt hans mál hnigi aðallega að því að ræða um þessa þingfararkaupsnefnd, sem hefði orðið út undan, og hann lagði á það áherzlu, ef ég man rétt, að það væri vissulega meiningin að standa við allt, sem hefði verið heitið í því efni. Ég er fús til að biðjast afsökunar á því, ef ég fer hér með rangt mál. En að öllu þessu samanlögðu held ég að sú ályktun verði ekki vafasöm, sem ég dró, að það hefði verið samkomulag um þetta mál utan þings.

En það er kannske ekkert höfuðatriði í þessu máli, hvort það hefur orðið samkomulag um að breyta í þessum nefndum utan þings eða á þingi. Aðalatriðið er, að það er komið á alveg fullt samkomulag um það, hvort sem það samkomulag hefur gerzt utan þings eða innan. Þeir eru sammála um það, stjórnarflokkarnir og Sósfl. eða Alþb., eins og það heitir hér á þingi, — mér varð sú skyssa á hér síðast að gleyma þeirri ummyndun, sem á sér stað á þeim þm. við dyr þessa þinghúss, þar sem þeir koma að dyrunum eins og Stalínistar eða Maóistar eða kommúnistar eða sósialistar, ég veit ekki hvað og hvað, en ummyndast svo í dyrum þinghússins og eru svo í þingsölunum sem saklausir Alþb.-menn, — en það er komið á samkomulag milli þessara aðila. Þeir eru sammála um að fjölga í n., og það er aðalatriðið. Ég benti á það síðast, svona í leiðinni, hvílíkt ósamræmi væri í málflutningi þeirra hæstv. forsrh. og félmrh., þar sem hæstv. forsrh. hafði fært þau rök fyrir nauðsyn á fjölgun nm., að mér skildist, að það væri nauðsynlegt, til þess að hér væru lýðræðis- og þingræðislegir stjórnarhættir, eða a. m. k. sagði hann, að það hefði sýnt sig á þinginu í fyrra, að það hefði þótt ástæða til þess að kalla á fulltrúa þessa flokks í mikilvægum málum, og manni skildist a. m. k., að það væri ekki heppilegt til frambúðar, að það væri skipað þannig á Alþ., að þeir ættu ekki fulltrúa í n., föstum þn., þegar fjallað væri um málin. Látum það gott heita hjá hæstv. forsrh., að hann hefur þessa skoðun á þessum hv. þm. nú, hann hefur ekki alltaf talað hlýlega um þá. Það væri vissulega hægt, og ég gæti vissulega nefnt nokkuð mörg dæmi um það, þar sem hann hefur ekki gert mjög mikið úr hæfni þeirra eða úr þeirra þingræðislegu starfsháttum. En það, sem ég benti sérstaklega á, var þetta, að á sama tíma og hæstv. forsrh. er með svona yfirlýsingar, svona rökstuðning fyrir nauðsyn á því, að þessir menn fái fulltrúa í fastanefndum, sem ég hef út af fyrir sig ekkert á móti og ég skal koma að á eftir, — ég hef aldrei skammað sérstaklega kommúnista, það hafa aðrir gert, — á sama tíma og þetta átti sér stað eða fyrir eitthvað tveimur dögum lýsti hæstv. félmrh. yfir, að utanrmn. væri óstarfhæf og hefði verið óstarfhæf af ástæðum, sem alkunnar eru. Það fór ekkert á milli mála, hverjar þær ástæður voru. Það voru þær ástæður, að þessi þingflokkur átti þar fulltrúa. Og svo leyfði ég mér í leiðinni að rifja upp það, sem hæstv. viðskmrh. ritaði um þessi málefni 29. júní 1963 í Alþýðublaðið, þar sem hann lýsti því, að örlagaríkasta afleiðingin og sú happasælasta að hans dómi af síðustu alþingiskosningum væri sú, að nú gæti þessi þingflokkur ekki fengið fulltrúa í fastanefndum þingsins. Það er svo stórkostlegt atriði, að hann hafði yfirskriftina yfir greininni: „Aldan er hnigin.“ Það var ekkert smáræði, sem um var að tefla.

Ég hafði satt að segja ekki búizt við því, að ummæli mín um daginn mundu gefa tilefni til mikilla umræðna, hafði ekki ætlazt til þess. Ég benti að vísu á þetta ósamræmi, sem væri í málflutningi hjá þessum fyrirsvarsmönnum ríkisins og ég taldi rétt að vekja athygli á. Ég lýsti þeirri skoðun, að vísu frá mér persónulega, að ég teldi fastar þingnefndir sízt verða starfhæfari fyrir þá sök, að í þeim sætu 7 menn í stað 5. Og ég taldi það raunar óeðlilegt, að í fámennri deild, eins og þessari hv. deild hér, 20 manna deild, sé svo komið, að það séu kjörnar 8 þn. með 7 þm. hver. Ég býst við því, að það sjái flestir, þegar þeir athuga það í rólegheitum, að þetta eru ekki skynsamleg vinnubrögð. En látum það liggja á milli hluta. Eins og ég tók þá fram, gerði ég þá grein fyrir atkv. okkar, að við mundum láta þetta afskiptalaust, við vildum ekki leggjast á móti því, að Alþb.-menn fengju sæti í n. með þessum hætti, þar sem þeim hafði verið fyrirmunað það með öðrum hætti.

Hæstv. forsrh. gefur þá yfirlýsingu hér, að það hafi ekki verið neitt samið um þetta. En það er þó mála sannast og alþjóð kunnugt, að um margt hefur verið samið utan þings. Ekki getur hæstv. forsrh. neitað því, að mörg þau mál, sum allþýðingarmikil, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing og fengizt hefur verið við að undanförnu, eru árangur samninga, sem gerðir voru utan þings á milli stjórnarflokkanna og Alþb. eða einstakra manna í þeim flokkum, það má vel vera, ég er því ekki svo kunnugur. Það má vel vera, að þessir samningar hafi átt sér stað aðeins á milli fyrirsvarsmanna flokkanna, en hafi ekki verið bornir undir flokkana, það veit ég ekki. En ég bendi bara á staðreyndir, sem tala sínu máli, þ. e. að það liggur fyrir, að þetta á að gera, þegar þing kemur saman. Hvernig mátti það gerast og liggja fyrir, ef ekki var orðið samkomulag um þetta þá? Það verður hæstv. forsrh. að útskýra. Hvenær varð samkomulag um þetta? Var það hér á þingsetningardag, þegar þeir hittust? Ég hef leyft mér að halda, en það er að vísu ekki nema mín skoðun, sem ég get ekki fært neinar sannanir að, að samkomulag um þetta atriði hafi verið einn af þáttunum í víðtækara samkomulagi, sem gert var eða þessir flokkar a. m. k. hafa hælt sér af öðru hverju að hafa gert sín í milli.

Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að taka neitt aftur af því, sem ég hef um þetta sagt. Ég skil það vel, að hæstv. forsrh. vill helzt, að þessu sé ekki mjög á loft haldið. Það væri vissulega í beztu samræmi við hans afstöðu og stefnu gagnvart þessum flokki áður fyrr og að undanförnu og eins og hún hefur birzt í ýmsum skrifum frá hans hendi, að hann gerði ekki slíkt samkomulag, því að ég verð að álita, að út frá hans skoðunum í þessu efni sé þar um mjög vafasama ráðstöfun að ræða, svo að ekki sé meira sagt. En ég get hins vegar tekið það fram enn, að ég hef aldrei haft neitt sérstaklega á móti því, að þessi flokkur fengi fulltrúa í n., og mín ummæli voru ekki á þá lund. En þar sem hæstv. forsrh. var ekki við um daginn, þegar þessi mál voru rædd, og ekki heldur neinn af þessum hæstv. ráðh., sem ég vitnaði þá lítillega í, þá er náttúrlega ágætt, að hann geri nú nánari grein fyrir því, hvernig skoðunum þessara hæstv. ráðh. um þetta efni má ekki saman koma. En allra helzt vildi ég biðja hann um skýringu á því, hvernig þetta fær staðizt, sem hann staðhæfir, að það hafi ekkert samkomulag orðið um þessi atriði utan þings, en að jafnskjótt sem þingmenn koma hér saman á þingsetningardag, þá er farið að undirbúa það að leita eftir afbrigðum frá þingsköpum á þá lund, að kosning í þessar nefndir megi strax fara fram með þeim hætti, að 7 menn skuli kjörnir í þær. Það þótti ekki fært, það þótti ekki ástæða til að bíða eftir því, að þessi lagabreyting kæmist í gegn og það væri kannað, hverjar undirtektir þessi tilmæli fengju í þinginu. Það var vitað þá strax, að þetta mundi verða samþykkt.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., síðasti ræðumaður, vitnaði hér til samtals, sem átt hafði sér stað af mér sem formanni allshn., þegar þetta mál var til umræðu eftir 1. umr. þess hér í deildinni hjá hv. n., — vitnaði til þess viðtals, og hann skýrði réttilega frá, að ég hefði gert hlé á fundinum til að eiga viðtal við hæstv. forsrh. um þetta mál vegna fyrirspurnar, sem fram kom á fundinum. Og það er einnig rétt eftir haft, að það var hv. 9. þm. Reykv., sem spurðist fyrir um það, hvort ég vissi til þess, að sömu flutningsmenn, þ. e. a. s. hæstv. forsrh. eða ríkisstj., mundi ætla sér að flytja frv. sama efnis, varðandi fjölgun í þfkn. Þessi aðdragandi er rétt rakinn. Hins vegar er ekki alls kostar rétt með farið það, sem ég hafði eftir forsrh., þegar á nefndarfundinn kom aftur. Ég taldi rétt að verða við óskum nm. um að grennslast fyrir um þetta og spurði forsrh. sömu spurningar. Hann sagði mér þá, og ég tel rétt, að það komi fram hér á þingi, þar sem til þessa viðtals hefur þegar verið vitnað, þá komi það fram efnislega rétt. Það var á þann hátt, að eftir að ég hafði borið upp þessa fyrirspurn, þá svaraði hann því, að hann teldi, að hann hefði ekki að svo stöddu hugsað sér að flytja slíkt frv., enda hefði nýlega farið fram breyting á þessum lögum. Ég hygg, að ég hafi skilað þessu rétt til n. Hann sagði það hins vegar vera á valdi n., hvort hún flytti slíkt frv., hvort það væri meiri hluti n., sem flytti það, eða n. öll. Það væri hennar mál, og við það hefði hann ekkert að athuga. Það var hins vegar eðlileg fyrirspurn, sem fram kom frá hv. 9. þm. Reykv. í n. um þetta mál, því að það er eina n., sem eftir er eftir þessa breytingu, sem er 5 manna nefnd, hefur ekki verið breytt, en það er vegna þess, að ákvæði um hana eru í sérstökum lögum, l. um þingfararkaup.

Ég hygg, að með þessu hafi ég skilað því rétt, sem á milli mín og hæstv. forsrh. fór um þetta efni, og ég tel mig hafa gert þessu sömu skil í n. Það er ekki rétt með farið, að ég hafi

gefið nokkra vísbendingu um það, að forsrh. eða einhverjir ráðh. mundu flytja þetta frv. Til þess lágu þær ástæður, sem ég gat um á nefndarfundinum og hef þegar greint frá hér eftir hæstv. forsrh.

Það, sem mér virðist einkennilegt í þessari síðustu ræðu hv. þm. og einnig við 2. umr. málsins, er, hvað honum er heitt í hamsi, þegar hann ræðir þetta mál, sem annars er mjög gæfur maður hér í umræðum yfirleitt, og leggur á það meginþunga í öllu sínu tali um þetta mál, að þarna hafi gerzt einhverjir hlutir, sem sjaldan áður hafi gerzt, þ. e. a. s. að um málið hafi verið samið utan þings og áður en þing kom saman. Mín skoðun á þessu máli er, að það sé í beinu framhaldi af því, sem var farið að tíðkast á síðasta hv. Alþ. Þá áttu Alþb.-menn ekki sæti í 5 manna n., og þá var komin sú hefð á, að þeir sátu flesta nefndarfundi sem áheyrnarfulltrúar. Þá var búið að viðurkenna þá lagabreytingu, sem hér er um að ræða, í reynd í sjálfum störfum þingsins á s. l. ári. Það var talið óeðlilegt þá að neita þeim um aðgang að þessum nefndarfundum, og eftir að þeir höfðu öðlazt þann aðgang, sem þeir höfðu þá þegar gert með því að vera áheyrnarfulltrúar, þá er a. m. k. mín skoðun, að eðlilegra væri að hafa það beint ákvæði í l., að þessir aðilar sætu þar með fullum rétti.

Tíðrætt hefur hv. þm. einnig orðið út af þeim ummælum hæstv. félmrh. á síðasta fundi, þá við umr. um mál utan dagskrár, sem áttu sér stað hér, að hann hafi látið þá skoðun sína í ljós, að ástæðan til þess, að utanmrn. væri ekki starfhæf, væri seta ákveðinna manna þar í n. eða ákveðinn aðili þar í n. Það er rétt eftir ráðh. haft, að hann lét þessa skoðun sína í ljós. En ég minnist þess ekki, að hann gæfi neinar yfirlýsingar um það, hverjir þessir nefndarmenn væru, þannig að það er enn þá óupplýst.

Varðandi málið í heild vil ég endurtaka það sem mína skoðun, sem ég lét einnig í ljós á tilgreindum nefndarfundi, að ég tel eðlilegra, þegar búið er að viðurkenna það í reynd, að ákveðinn þingflokkur hafi fulltrúa í störfum n., eins og hann hafði á síðasta þingi, þá séu það gerðir löglegir fulltrúar eftir þeirri lagabreytingu, sem hér hefur átt sér stað, enda vita allir, sem einhver kynni hafa haft af þingstörfum, að meginhluti þingstarfanna fer fram í n., og er því óeðlilegt, að jafnfjölmennur þingflokkur og hér er um að ræða, eigi þar ekki fulltrúa. Það er af þeim ástæðum engin þörf á því að leggja á það sérstaka áherzlu, að hér hafi verið gerðir einhverjir sérstakir samningar utan þings. Ég tel þetta frv. vera beint framhald af því, sem var búið að viðurkenna í reynd á síðasta þingi.

Ég vil einnig upplýsa það, að á umræddum nefndarfundi kom það glögglega í ljós, að þá var sá sami meiri hluti, sem studdi frv. óbreytt, einnig reiðubúinn til þess að flytja sams konar breytingu á l. um þingfararkaup varðandi nefndarmannafjölda í þfkn. Þeim mönnum, sem létu skoðanir sínar í ljós á nefndarfundinum, var ljóst, að meiri hl. n. var á þeirri skoðun, að þetta ætti einnig að gera, þó að frv. hafi enn ekki verið flutt.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni vegna ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann vitnar í framsöguræðu mína fyrir þessu frv., taka það fram, að það er að vísu rétt með farið hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að ég ræddi um skoðun meiri hluta n. á þfkn. og gerði grein fyrir því, að við værum sammála um, að um þfkn. ætti að gilda það sama og aðrar þingnefndir, en hins vegar værum við þeirrar skoðunar, að undanteknum einum hv. þm., sem að nál. stóð, að þá breytingu bæri ekki að gera í sambandi við þetta frv. Hitt er hins vegar á algerum misskilningi byggt, að ég hafi haft nokkuð annað í huga, þegar ég flutti framsöguræðu mína, heldur en að lýsa þeim skoðunum, sem fram komu í n. í þessu efni, enda hafði ég þar ekki umboð frá öðrum en nefndarmönnum. Og ég skal taka það fram, að mér hefur alltaf verið algerlega ókunnugt um það, að nokkurt samkomulag hafi verið gert utan þings í þessu efni, enda hefur hæstv. forsrh. nú borið það algerlega til baka, að um nokkurt slíkt hafi verið að ræða, og ég hef aldrei orðið var við neitt, sem tilefni gefi til þess að vefengja það.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að það er síður en svo, að ég mundi á nokkurn veg telja mér það til ávirðingar eða skammar, þó að ég hefði samið um það utan þings við forustumenn Alþb. eða Sósfl. á s. l. vori að beita mér fyrir þessari lagasetningu, ef ég hefði talið, að hún mundi greiða fyrir því samkomulagi í efnahagsmálum, sem þá komst á. Ég mundi þvert á móti telja mér það til lofs að hafa átt þátt í að leysa það mál með ekki meiri fórnum en þessari, ef eitthvert samhengi væri þarna á milli með þeim hætti, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. virðist álíta. Það má vel vera, að ég hafi verið opnari fyrir þeirri sanngirni, sem felst í þessu frv., vegna þess að ýmsir forustumenn Alþb. sýndu mikla sanngirni í þeim samningum. Mér dettur ekki í hug að bera á móti þessu. Hitt vil ég taka alveg skýrt fram, eingöngu vegna þess að það er sannleikanum samkvæmt, að um þetta voru engir samningar gerðir, og mér þykir það furðulegt, að jafnsanngjarn maður og hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli ekki vilja hafa það, sem sannara reynist. Ég skýrði frá þessu hér eingöngu vegna þess, að ég hafði lesið um þetta í blöðum og vildi láta hið rétta koma fram, ekki vegna þess, að ég teldi þetta út af fyrir sig svo ákaflega miklu máli skipta, heldur af því að hér er um staðreynd að ræða, sem engum er kunnari en mér. Ef þessir samningar hefðu verið gerðir, þá hlyti ég að hafa gert samningana. Og ég er sá eini maður af öllum í veröldinni, sem getur

fullyrt, að samningarnir hafa ekki verið gerðir, af því að ég hlyti að vera annar aðili þeirrar samningsgerðar. Hún hefur ekki átt sér stað.

Svo geta menn rætt um það, hvort þetta frv. sé eðlilegt eða ekki, hvort ég hafi farið í gegnum sjálfan mig, með því að ég hafi stundum verið á móti kommum og vilji nú hafa þá í þessum nefndum. Það er allt annað mál. Ég er alveg óhræddur, hvenær sem tími er til, — meir en óhræddur, ég er mjög fús til þess að ræða afstöðu til kommúnista við hv. þm., bæði hér í d. og hvar sem er annars staðar. Það breytir ekki neinu, þó að hv. þm. segi, að sér sé heldur vel við kommúnista eða a. m. k. hafi ekki á þeim eins illan bifur og ég. Honum er þó lítt um að hafa þá í n., þar sem hann segir, að ég vilji hafa þá, þó að mér sé illa við þá.

Út af fyrir sig lærum við það smám saman, að í þingstörfum yfirleitt tjáir ekki að ætla að kveða skoðanir niður með þeim hætti að halda mönnum frá því að hafa þingleg afskipti af málum. Það er svo enn annað, að í sumum málum er svo mikið djúp á milli flokka, að það tjáir lítt samtal eða samstarf, og þannig er á milli sjálfstæðismanna og kommúnista í utanríkismálum, — ég fer ekkert dult með það, — og má segja, að það sé milli ríkisstj. og þeirra í utanríkismálum. Hitt vitum við, eins og fram hefur komið og þingstörf glögglega sýndu í fyrra, að það var ekki heppilegt að hafa þennan flokk utan við n. Reynslan varð önnur. Nú sé ég, að af einhverjum ástæðum er þetta mikið tilfinningamál fyrir mínum ágæta vini, hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég sannast sagt skil ekki, allra síst af því að hann má vita það eftir yfirlýsingu mína, að hann hefur rangt fyrir sér í þessari getgátu. Um það er ekkert annað að segja en oft fer sá villt, er geta skal.

En hann segir: Hvernig má koma því heim, að ekki hafi verið samið um þetta utan þings og strax á fyrsta degi þingsins skuli hafa verið leitað samkomulags um að fá afbrigði frá þingsköpum, sem miðuðu við það, að þetta frv. yrði samþ.? Það lá fyrir á fyrsta degi þingsins, að þetta frv. yrði flutt. Það var þá búið að leggja það fram í ríkisráði. Ég man ekki, hvort því var útbýtt á 1. eða 2. degi þingsins, ég þori ekki um það að fullyrða. En ég man, að ég talaði um það við formann þingflokks Alþb., hv. 5. þm. Austf., að þetta mál kæmi fram, og talaði um það við hann, eftir að þing kom saman. Hann var þá með þá till., að eðlilegt væri, að strax yrði kosið í n. samkv. þessu frv. Mér sýndist það eðlilegt, en ég lagði á það áherzlu, að hann leitaði um það samkomulags á milli þingflokka. Ég sagði honum, að ég mundi ekki fara og óska eftir slíku samkomulagi, enda eðlilegt, að hann gerði það, benti hins vegar á, að ef ekki fengist um það samkomulag milli flokka, þá væri hægt að hindra, að slík kosning færi fram, Framsfl. hefði það í valdi sínu. Og ég hygg, að það fyrsta samkomulag, sem komst á um málið, hafi verið það samkomulag, sem gert var um þessa undanþágu frá þingsköpum, að því undanteknu að stjórnarflokkarnir voru búnir að koma sér saman um málið innan ríkisstj. Ég hafði ekkert farið dult með það, að ég ætlaði að bera þetta frv. fram, og það má vel vera, að einhverjir menn í Alþb. og eins einhverjir menn í Framsfl. hafi verið búnir að heyra það áður en þing kom saman, að ég ætlaði að flytja frv. Ég fór ekkert dult með þetta og hafði látið það uppi við menn, að ég teldi þetta vera eðlilega lausn.

Sannast að segja ræddi ég um það nokkuð á síðasta Alþingi, hvort eðlilegt væri að bera fram þessa breyt. Það varð þá ekki úr, að það væri gert. En málið hafði sem sagt verið til athugunar áður en nú. Ég hef ekki litið á þetta sem neitt stórmál í eðli og ekki heldur það, þó að því sé haldið fram, að um málið hefði verið samið utan þings á milli flokka. Það er samið um fjölda mála utan þings á milli flokka, og eins og ég segi er síður en svo nokkur óvirðing í því. Þetta var hins vegar ekki gert um þetta mál. Úr því að það hefur þótt taka því að segja það ranga hér í þingsalnum, taldi ég rétt, að hið rétta kæmi einnig fram. Svo ræður hver því alveg meinfangalaust af mér, hvort hann vill hafa það, sem sannara er eða rangara. Ég skal ekki eltast við það frekar. Hver má hafa sér það til gamans, ef hann vill, eftir að búið er að leiðrétta hann, að halda fram röngu máli. Þá er það ekki mín sök, heldur hans.

Um það, hvort heppilegt sé að hafa 7 manna n. í Ed., þá er það töluvert áhorfsmál, og við ræddum um það nokkuð í Sjálfstfl., að það þyrfti alls ekki að leiða af þessari breytingu, að það yrðu almennt 7 manna n. í Ed. Hitt held ég, að Alþb.-menn hafi sérstaklega óskað eftir því, að svo yrði, og við þá ekki séð neina ástæðu til að amast við því, og voru þó ekki allir mjög hrifnir af því. En ég vek athygli á því, að lögin segja ekki fyrir um þetta eða lagafrumv., þar er einungis sagt, að í nefndum megi ekki vera fleiri en 7, og deildin hefur það í hendi sér að hafa 3 eða 5 menn, ef hún vill svo ákveða. Það eitt er ákveðið, að fjöldi nm. á að standa á stöku.

Varðandi það, sem hv. 12. þm. Reykv. hafði eftir mér varðandi kosningu í þfkn. um okkar samtal, þá var það í einu og öllu rétt, og ég hef ekki neitt við hans frásögn að athuga, enda hygg ég, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hljóti að viðurkenna, að hann hafi eitthvað misskilið það, sem þar gerðist. Það getur ekki átt sér annað stað, vegna þess að hv. 12. þm. Reykv. hermdi svo nákvæmlega það, sem ég hafði sagt við hann, og það, sem okkur fór á milli, að mér þykir ólíklegt, að hann hafi sagt allt annað í hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál mikið, enda er það rétt hjá hæstv. forsrh., að þetta er ekkert stórmál. Hins vegar tel ég það talsvert stórmál fyrir mig, ef því er haldið fram, að ég fari með rangt mál, og ég tek því ekki vel, af

hverjum sem í hlut á. Ég verð að álíta, að það hafi nú nokkuð skýrzt við þessar umr., hvernig í þessu máli öllu liggur.

Hæstv. forsrh. segir að vísu, að það hafi ekki orðið neitt samkomulag um þetta mál utan þings, en hann segir, að vel megi vera, að hann hafi verið opnari fyrir sanngirni í þessu máli, eftir að Alþýðubandalagsmenn voru svo sanngjarnir, eftir því sem hann sagði, í samningum við hæstv. ríkisstj. á sinni tíð.

Hæstv. forsrh. segir, að hann hafi ákveðið alveg án nokkurra tilmæla frá Alþb. að flytja þetta frv., að hann hafi borið það upp við ríkisstj., og ekki er að efa það, og það verið samþykkt þar, og hann hafi að vísu ekki farið neitt dult með þetta og það kunni að hafa borizt eitthvað út. Það er kannske ekki ómögulegt, að þetta hafi borizt í tal á milli einhvers Alþb.-manns og hæstv. forsrh., það skildist mér a. m. k. að ekki væri útilokað. Og eitt er víst, að hæstv. forsrh. sagði hér áðan í sinni ræðu, að að sínu áliti væri það mikið matsatriði, hvort það væri heppilegt, að það væru 7 menn í nefndum hér í Ed.

En það var ákveðið í upphafi þessa þings að kjósa 7 menn í nefndir hér í Ed. Og hæstv. forsrh. lét þau orð falla hér áðan, að það hefði verið skv. ósk Alþýðubandalagsmanna, að sú skipan var á höfð, þannig að svo virðist að eitthvað hafi þeir hér komið við sögu. Ég fæ ekki betur séð en það séu líkurnar, sem leiða nokkuð til þess. Það er þó náttúrlega ekki rétt hjá hv. 12. þm. Reykv. (EggÞ), að það hafi verið komin einhver hefð á það á síðasta þingi, að Alþb. tæki þátt í nefndarstörfum. Það voru nokkur þýðingarmikil mál, eins og t. d. vegafrv. o. fl., þar sem þessi háttur var á hafður, en að það hafi verið komin nokkur hefð á það, er auðvitað algjör misskilningur.

En eins og ég hef margtekið fram, má ekki skilja mitt mál þannig, og ég vona, að ég hafi tekið það fram bæði nú og áður, að ég hafi verið að amast við því sérstaklega, að þeir fengju fulltrúa í nefndum. Það er alls ekki. Og ég get tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, og get vel skilið það, að hv. 12. þm. Reykv. taki undir það líka, að það sé nokkur sanngirni í því, að Alþb.-menn fái fulltrúa í þingnefnd, því að í þingnefndum 5 manna höfðu þeir möguleika til þess að koma að manni, a. m. k. ef ekki hefði verið um að ræða kosningabandalag á milli stjórnarflokkanna, og siðferðislega á auðvitað Alþb. frekar sæti í þingnefndum heldur en Alþfl., svo að það er síður en svo, að það sé ástæða til þess að fara að amast við því, að þeir fái sitt sæti.

Hæstv. forsrh. undraði sig á því, að ég skyldi vera svo viðkvæmur fyrir þessu, þegar hann nú kæmi og vildi upplýsa, að það hefði ekkert verið samið um þetta utan þings. Ég hef nú skýrt, hvers vegna ég má kallast nokkuð viðkvæmur fyrir því, en ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. forsrh. nokkuð viðkvæmur fyrir því að bera það af sér mjög skeleggleg, að það hafi verið samið um þetta mál utan þings. Ég er alveg hissa á, hve honum er það mikið í mun að koma því af sér, því að það var auðvitað alveg rétt, sem kom fram hjá honum, að þetta er ekki stórmál, og það hefur verið samið utan þings um miklu stærri mál. Sannleikurinn er sá, að þegar ég fer að hugsa betur um þetta, þá skil ég það að nokkru leyti, að hæstv. forsrh. muni vera þetta dálítið viðkvæmt mál, af því að hann hafði nefnilega á sínum tíma talsvert stór orð um þau vinnubrögð, sem hann taldi þá forkastanleg, að það væri gengið fram hjá Alþ. og þm. og samið eða ætti að semja eða hafa samráð við ýmsa aðila utan Alþ., og einhver, ég veit ekki, hvort það var hann, gaf það nafn, að það væri verið að semja við Alþ. götunnar, og um það var á sínum tíma talað með allmikilli óvirðingu. Ég minnist þess núna, að hv. 9. þm. Reykv. (AG), svo sem hér hefur borið á góma í þessum umr., minnti hæstv. forsrh. nokkuð á þessa fyrri afstöðu í umr. um eitt tiltekið mál hér í þessari hv. deild.

Það verður svo hver að draga sínar ályktanir af því, sem við höfum hér sagt og kemur til með að standa, hver hafi hér haft réttara fyrir sér, og ég vil alveg una þeim dómi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er búið að upplýsa, hvernig í þessu máli liggur, og þess vegna út af fyrir sig ástæðulaust um það að vera að þræta. Um þetta mál voru engir samningar gerðir utan þings, og allar getgátur í þá átt eru tilhæfulausar. Þetta er óhaggað og óhagganlegt. Um hitt var aldrei höfð nein launung, að menn gátu látið sér detta í hug að breyta ákvæðum þingskapa um þessi efni, og bollaleggingar voru uppi um það strax á síðasta þingi.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) segir nú, að einhvers staðar komi Alþb.-menn við sögu, úr því að það lá fyrir, að þeir óskuðu eftir, að það yrðu 7 menn kosnir í nefndir í þessari hv. deild. En er það ekki það, sem upplýst er og vitað, að þessi hv. deild veitti undanþágu frá þingsköpum til þess að kjósa 7 manna nefndir. Eftir hverra ósk var sú undanþága veitt, og hverjir voru aðilar að því samkomulagi? Það samkomulag var ekki hægt að gera, nema m. a. hv. Framsfl. væri þátttakandi í því. Og hann hefur því, alveg eins og við sjálfstæðismenn, fallizt á að hafa 7 menn í nefndum

Hv. þm. talar svo um það, hverjir eigi siðferðilegan rétt á því að eiga menn í nefndum. Um það má auðvitað alltaf deila, og er t. d. fróðlegt fyrir hv. þm. að reikna út, hvernig í nefndir á þingi ætti að vera skipað, ef þingflokkar hefðu þingmannafjölda í samræmi við fylgi á meðal kjósenda. Ég veit ekki, hvort það yrði hv. þm. til allt of mikillar ánægju að fara að rekja þá sögu til botns.

Þá var hv. þm. með dylgjur um það, sem hann vitnaði í hv. 9. þm. Reykv. (AG) og ég hef raunar áður heyrt, að ég hafi verið sérstaklega andvígur því, að samið væri við og samráð haft við ýmsa aðila utan Alþ. Ég skora á hv. þm. að koma með þær tilvitnanir, sem hann hér á við, í mín orð, til þess að

við getum kannað, hvað ég hef sagt og hvað í þeim orðum felst. Ég itreka það, sem ég hef sagt áður hér í þinginu, að út af fyrir sig skammast ég mín ekkert fyrir, þótt ég hafi einhvern tíma skipt um skoðun eða litið öðruvísi á mál áður fyrr heldur en nú. Þannig er um okkur alla, og orðhengilsháttur í þeim efnum er ákaflega þýðingarlítill. En varðandi þessi efni hef ég ekki skipt um skoðun í meginatriðum. Ég hef alltaf haldið því fram, að Alþingi og ríkisstj. verða að beita því valdi, sem þeim er trúað fyrir og þjóðin hefur ætlað þeim. En það er fásinna af þeim að ætla að beita því valdi án tillits til annarra löglegra afla í þjóðfélaginu. Og ég hef árum saman varað við, haldið um það margar ræður og skrifað um það margar greinar, hver hætta væri því samfara, ef í þessum efnum gæti ekki átt sér stað nauðsynleg og æskileg samvinna. En sú samvinna má auðvitað aldrei verða með þeim hætti, að ríkisstj. og Alþingi reyni að hlaupa frá þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir. Þetta var deiluefni mitt á hæstv. vinstri stjórn á sínum tíma, og sannaðist þá, ég vil segja, því miður, allt of vel, að ég hafi í einu og öllu haft rétt fyrir mér í gagnrýni minni á hana varðandi þessi efni frá upphafi. En þó að ég sé mjög fús til þess að ræða þessi efni hvenær sem er hér á Alþingi og annars staðar, þá má segja, að það sé nokkuð langt frá því umræðuefni komið, sem hér lá fyrir. Eins og ég segi, ég mundi sízt telja mér til ávirðingar, þótt ég hefði samið um þetta mál, ef ég hefði samið um það. En fyrir þá, sem vilja vita hið rétta og hvernig hlutirnir gerast, hugði ég, að það væri kannske fróðlegt að vita, að um þetta var ekki samið. Ef hv. þm. vill endilega hafa rangt fyrir sér, þá sýnir það, að hann hefur spillzt af sínum rekkjunautum eins og fleiri í Framsfl. Að upplagi er hann ekki svo spilltur, að hann vilji endilega hafa rangt fyrir sér.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 178).

7. Ríkisreikningurinn 1963.

Á 24. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963 [91. mál] (stjfrv., A. 132).

Á 25. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í byrjun þings var ríkisreikningnum fyrir 1963 útbýtt meðal hv. alþm. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga höfðu þá ekki endanlega lokið aths. sínum og gátu þær því að sjálfsögðu ekki fylgt með. Nú hefur reikningnum verið útbýtt að nýju meðal þm. með aths. yfirskoðunarmanna, svörum ráðh. og till. yfirskoðunarmanna. Þá er einnig síðast í reikningnum það nýmæli, að mjög ýtarlegt efnisyfirlit er með reikningnum til þess að gera mönnum auðveldara að finna það, sem þeir óska eftir í reikningnum.

Það, sem hér liggur fyrir, er frv. til l. um samþykkt á þessum ríkisreikningi fyrir 1963, og tel ég ekki ástæðu til þess að rekja niðurstöður hans í einstökum atriðum, þar sem það var gert við 1. umr. fjárl. nú nýskeð.

Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir ríkisreikningurinn fyrir árið 1963. Á þessum reikningi eru háar tölur. Hann ber það með sér, að kostnaður við ríkisreksturinn er orðinn ákaflega mikill. Sá kostnaður hefur aukizt gífurlega á valdatíma núverandi hæstv. ríkisstj. Ég vil nefna aðeins örfá dæmi um þá útgjaldahækkun, sem orðið hefur á þessu tímabili.

Á 10. gr. reikningsins er færður kostnaður við stjórnarráðið. Árið 1958 var hann 16.6 millj. kr., en 1963 35.8 millj. Hækkunin er 115%. Á sömu grein er kostnaður við utanríkismál. Hann var 1958 10.6 millj., en 1963 23.2 millj. Hækkunin er 119%. Á 11. gr. reikningsins er færður kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur. Árið 1958 var kostnaður við ríkisskattanefnd, skattstofur og skattanefndir um 8 millj. kr., en 1963 er kostnaðurinn við ríkisskattanefndir og skattstofurnar orðinn 18.5 millj. Hækkunin á þessum lið nemur 130%. Þegar sú breyting á skattal. var gerð fyrir 2—3 árum að leggja niður skattanefndirnar og stofna nokkrar skattstofur í staðinn, var því haldið fram, að þeirri ráðstöfun mundi fylgja sparnaður. Þetta hefur ekki reynzt þannig, heldur þvert á móti. Og auk þess sem þetta nýja fyrirkomulag hefur reynzt dýrara en hið eldra, þá er það miklu seinvirkara. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að síðan þessi nýi háttur var upp tekinn, séu skattskrár yfirleitt um landið lagðar síðar fram heldur en áður var, meðan skattanefndir fjölluðu um þessi mál. Ég held, að á næstliðnu ári hafi þær víða ekki komið fyrir augu almennings fyrr en í septembermánuði. Og þessi dráttur hefur í för með sér seinkun á ýmsum öðrum störfum, eins og t. d. embættisstörfum sýslumanna. Sýslumenn voru víða að auglýsa manntalsþing í októbermánuði í haust. Það er seinna en venjulegt var áður, og ég held, að ég muni það rétt, að ég hafi heyrt um daginn tilkynningu í útvarpi frá einum sýslumanni hér á landi, þar sem hann var að auglýsa manntalsþing í desember. Þetta er áreiðanlega nýlunda. Ein af aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins, sú þriðja í röðinni, fjallar um þetta efni, þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. 11. gr. B. 2 hefur kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur orðið á árinu

kr. 18 580 133.28, og er umframgreiðsla frá fjárl. á þessum lið kr. 10 101 133.28. Þetta virðist sanna greinilega, að hið nýja fyrirkomulag á innheimtu skattanna er miklu dýrara heldur en hið gamla var. Er því rík ástæða til, að þetta mál sé tekið til rækilegrar athugunar á ný."

Í svari sínu út af þessari aths. ber hæstv. ráðh. ekki á móti þessu, en talar þar um sparnað vegna breytinga á innheimtufyrirkomulagi skatta í Reykjavík. Ríkisreikningurinn ber ekki með sér, hver sá sparnaður er, en í því sambandi má benda á, að allur gjaldaliðurinn á 11. gr. ríkisreiknings, sem ber yfirskriftina „kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta", er 90% hærri nú, 1963, samkv. þessum reikningi heldur en hann var 1958. Og um þetta segja svo yfirskoðunarmenn í sínum till.:

„Þar sem kostnaður við innheimtu og álagningu skatta hefur farið yfir 10 millj. kr. fram úr áætlun fjárl., er greinilegt, að breytingin gefst ekki vel. Er því rík ástæða til ýtarlegrar athugunar á þessu máli."

Í 17. aths. yfirskoðunarmanna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á ríkisreikningi 1963, 19. gr., er greiðsla vegna hagsýslukostnaðar kr. 891 188.45. Undanfarin ár hefur verið varið allmiklu fé í þessu skyni." Og síðan birta yfirskoðunarmenn yfirlit yfir þetta allt frá árinu 1960 til ársins 1963, og samanlagður er kostnaðurinn þessi 4 ár kr. 2 701 577.05. Síðan segja yfirskoðunarmenn um þetta: „Sagt er, að til þessara starfa hafi verið stofnað til að gera ýmsar starfsgreinar í rekstri ríkisins einfaldari og ódýrara bókhald og skýrslur þess fullkomnari og aðgengilegri. Við þessi störf hafa fengizt allmargir menn, bæði innlendir og erlendir, og nema greiðslur til sumra þeirra talsverðu fé. Yfirskoðunarmönnum er ekki ljóst, hver árangur hefur nú þegar orðið af þessu starfi eða hvort vænta megi enn meiri árangurs síðar meir og hvort mikið sé enn ógert við þennan hagsýsluundirbúning, áður en sú sýslan kemst í framkvæmd." Síðan óska þeir upplýsinga um, hvað þessu máli líði.

Sem svar við þessari aths. er birt umsögn ríkisendurskoðanda um hagsýsluna, og þar nefnir hann þrjú atriði, þar sem árangur hafi orðið til sparnaðar af hagræðingarstörfum. Fyrst nefnir hann sameiningu Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Kostnaður við hina sameinuðu stofnun er án efa lægri en áætla mætti, að hann hefði verið nú að óbreyttu fyrirkomulagi, segir ríkisendurskoðandi. Það er nú svo um þessa stofnun, Áfengis- og tóbaksverzlunina, að reikningur hennar er nokkuð öðruvísi upp settur í ríkisreikningi heldur en áður var, meðan verzlanirnar voru tvær. En þó verður ekki betur séð en rekstrarkostnaður fyrirtækisins sé a. m. k. eins mikill 1963 hlutfallslega, miðað við brúttótekjur af vörusölu, og hann var hjá hinum tveim verzlunum fyrir sameininguna. Einnig vil ég benda á það, að ekki þurfti að setja upp neina hagsýslustofnun til þess að sameina þessar tvær verzlanir. Það var ekki svo flókið mál. En um þennan lið í aths. segja yfirskoðunarmenn svo í till. sínum:

„Svar ríkisendurskoðanda við fsp. yfirskoðunarmanna gefur frekar litlar upplýsingar um þetta mikla vandamál. En þar sem líkur eru til, að áfram verði fé varið til hagsýsluundirbúnings, ber nauðsyn til að taka það mál fastari tökum en verið hefur. En hyggilegt mun að gæta fullrar varúðar í því fyrir okkur að miða í þessum efnum við það, sem gerist hjá miklu fjölmennari þjóðum. Málið er því til athugunar framvegis."

Annar liður, sem ríkisendurskoðandinn nefnir, er stofnun Gjaldheimtu Reykjavíkur, og segir hann, að kostnaður ríkisins af þeirri stofnun sé mun minni en áætla mætti, að hann hefði verið nú við innheimtu þeirra gjalda, sem hún annast, að óbreyttu fyrirkomulagi. Ég hef áður getið þess, hvað mikil hækkun hefur orðið í heild á skattamálaliðnum á 11. gr., sem var 90% á timabilinu frá 1958 til 1963. Í þriðja lagi nefnir ríkisendurskoðandi það, að hagsýsla ríkisins hafi beitt sér fyrir athugun á bifreiða- og vinnuvélakostnaði ríkisstofnana og skynsamlegri endurnýjun hans og nýtingu, og talar um, að það hafi verið sparað mikið fé á þessum liðum, en ekki liggja hins vegar fyrir um það neinar tölulegar upplýsingar. Það verður því ekki séð, að enn sem komið er sé mikill árangur af þessum hagsýslustörfum, sem hafa kostað til ársloka 1963 um 2.7 millj. kr.

Ég ætla ekki nú við 1. umr. þessa máls að nefna fleiri dæmi en ég hef þegar gert um þær miklu hækkanir, sem orðið hafa á kostnaði við ríkisreksturinn, þó að þar sé vitanlega margt fleira umtalsvert.

Í svörum sínum nefnir hæstv. ráðh. einkum launahækkanir til skýringar á þeim gjaldahækkunum, sem orðið hafa. Ekki eru þetta fullnægjandi skýringar. Að vísu varð hækkun á launum opinberra starfsmanna á árinu 1963, og ef ég man rétt, var áætlað af ríkisstj., að sú launahækkun mundi nema að meðaltali eitthvað milli 40 og 50%. En á það er að líta, að sú launahækkun gekk ekki í gildi fyrr en á árinu 1963, sem þessi reikningur er fyrir, og má því auðvitað gera ráð fyrir, að sú launahækkun komi með meiri þunga á næsta reikningi.

19. aths. yfirskoðunarmanna snertir endurskoðunina í fjmrn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og að undanförnu hafa yfirskoðunarmenn fengið skýrslu frá endurskoðunarnefnd fjmrn. um það, hve langt endurskoðun hennar er komið. Samkv. þessari skýrslu, sem hér fylgir, er ástandið í þessu efni engan veginn gott og hefur því miður gengið í öfuga átt við það, sem yfirskoðunarmenn hafa gert sér vonir um og gert ráð fyrir að undanförnu. Um tíma færðist þetta í betra horf, þannig að endurskoðuninni miðaði nokkuð vel áfram, en

samkv. þessari skýrslu er hér um afturför að ræða og það að mun.“

Þetta segja þeir m. a. Í svarinu, sem fengið er frá ríkisendurskoðanda, er því hins vegar haldið fram, að endurskoðuninni hafi aldrei, síðan núv. ríkisendurskoðandi tók við sínu starfi, verið svo vel á veg komið sem nú, og er þá talið eftir því, hve miklu er lokið af endurskoðunarverkinu, en ekki eftir fjölda þeirra stofnana, sem ekki er lokið endurskoðun í. Hann segir í lok svarsins, að með fleiri þjálfuðum og vel menntuðum starfsmönnum mætti komast nær því marki að ljúka endurskoðun fyrr, en slíkt mundi að sjálfsögðu hafa verulega aukinn kostnað í för með sér. En yfirskoðunarmenn segja aftur á móti í sínum till. um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn byggðu aths. á skýrslu frá ríkisendurskoðuninni, og efast yfirskoðunarmenn ekki um, að sú skýrsla er rétt.“

Þessi skýrsla frá ríkisendurskoðuninni í fjmrn. fylgir ekki reikningnum, og verður því ekki um þetta dæmt að svo stöddu. En af því, sem þarna kemur fram, sýnist mér, að það sé ekki rétt að afgreiða þetta frv. nú þegar, heldur fresta afgreiðslu þess, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir og vitneskja hefur fengizt um það, að endurskoðuninni hjá fjmrn. sé lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 155 og 162).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963 til meðferðar. Frv. hefur verið borið saman við ríkisreikninginn, og hefur nefndin ekkert við það að athuga, að öðru leyti en að í sjálfum reikningnum hefur átt sér stað einhver töluvilla, sem ríkisbókhaldinu hefur verið gerð grein fyrir, en á hinn veginn hefur engin áhrif á ríkisreikninginn, heldur hefur fallið niður í samlestri, og ríkisbókhaldið mun láta í té leiðréttingu á þeim lið til innfestingar í ríkisreikninginn.

Ríkisendurskoðandi, Einar Bjarnason, sem mætti á fundi hjá nefndinni og gaf nefndinni þær upplýsingar, sem hún óskaði eftir, lét nefndinni m. a. í té skýrslu, sem hinir þingkjörnu endurskoðendur höfðu fengið og gátu borið saman við þá skýrslu, sem gefin var á síðasta þingi.

Það kom fram við 1. umr. þessa máls, eins og kemur fram í ríkisreikningnum eða athugasemdum endurskoðenda, að umboðsleg endurskoðun væri nú skemmra á veg komin en áður. Við gerðum fyrirspurn til ríkisendurskoðanda varðandi þessa hluti, og upplýsti hann okkur um það, að að sínu áliti væri verkið í heild lengra á veg komið nú en það hefði verið fyrir ári. Að hér lægi til grundvallar misskilningur á, að e. t. v. væri stofnanafjöldinn meiri nú en áður, gæti átt sér stað, en verkið í heild væri komið lengra á veg nú en áður.

Nefndarmenn höfðu uppi spurningar við ríkisendurskoðandann, sem hann veitti svör við, og nefndin afgreiddi að því loknu málið þannig, að meiri hl. hennar mælir með samþykkt á frumvarpinu óbreyttu, sbr. þskj. 155, en minni hlutinn mun skila séráliti eða gera grein fyrir afstöðu sinni.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., og eins og kemur fram í nál. meiri hl., leggjum við til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins í þetta sinn að segja nokkur orð um meðferð málsins.

Það var á föstudaginn var, síðari hluta dags, sem frv. var afgr. frá hv. fjhn. Við, ég og hv. 11. þm. Reykv. (EÁ), skiluðum nál. um það hingað á skrifstofu þingsins strax í gærmorgun, þegar opnað var, á mánudagsmorgun, en nál. er ekki komið enn. Ég geri ráð fyrir því, að það stafi af miklu annríki í prentsmiðjunni. Þetta var nokkuð ýtarlegt nál., og þar voru fylgiskjöl með, sem átti að prenta til skýringar, og þar voru einnig brtt. til leiðréttingar á frv. Nú vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti frekari meðferð málsins, þangað til nál. okkar liggur fyrir, en ég skil ekki í, að það geti dregizt mjög lengi, þar sem það var í gærmorgun, sem við afhentum það. Ég þykist vita, að hæstv. forseti verði við þessum tilmælum okkar að fresta frekari meðferð málsins, þangað til okkar áliti hefur verið útbýtt.

Forseti (SB): Það verður orðið við ósk hv. frsm. minni hl. fjhn. og umr. um málið frestað um skeið. Annars er rétt, að hv. þdm. viti það, að mjög erfiðlega gengur með prentun á þskj. um þessar mundir.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Nál. um frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963 frá minni hl. fjhn. liggur hér fyrir á þskj. 162. Í minni hl. eru hv. 11. þm. Reykv. og ég. Með nál. eru prentaðar brtt. okkar til leiðréttingar á frv.

Fyrir 2 árum, í des. 1962, var frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961 til meðferðar á Alþingi. Þá var að því fundið, að um 7.8 millj. kr., sem árið 1961 var lagt í vegagerð suður á Reykjanes, hafði ekki verið fært á ríkisreikning og gjöld ríkisins því vantalin um þá upphæð. Þá sögðu hæstv. ráðh., að þessar greiðslur yrðu færðar á ríkisreikning 1962. Svo var þó ekki gert. En á árinu 1961 var kostnaður við Reykjanesbrautina um 30 millj. kr., og sú upphæð var ekki heldur færð á ríkisreikn-

ing fyrir það ár. Yfirskoðunarmenn gerðu þá athugasemdir um þetta og bentu á, að kostnaður við framkvæmd vegagerðarinnar hefði átt að færast á ríkisreikning eins og önnur útgjöld til vegaframkvæmda. Enn var unnið við Reykjanesbraut árið 1963 og þá fyrir nokkra tugi millj. kr. Eins og áður var þetta fé tekið að láni, og enn er sleppt að færa þessi útgjöld á ríkisreikning með öðrum vegagerðarkostnaði. Hins vegar er talið með skuldum á efnahagsreikningi í árslok 1963 rúmlega 82.7 millj. kr., sem búið var að taka að láni til Reykjanesbrautar. Og svo kemur það einkennilega, með eignum á efnahagsreikningi ríkisins er talið lán til Reykjanesbrautar, jafnhátt skuldinni, rúmlega 82.7 millj. kr. Þetta er vitanlega röng bókfærsla. Þetta á ekki að færast með eignum ríkissjóðs. Lán, sem ríkið tekur, á að færa með skuldum þess, en ekki eignum, og þjóðvegir hafa aldrei verið taldir með eignum á efnahagsreikningi ríkissjóðs. Þá er líka í árslok 1963 talin með eignum á efnahagsreikningi vegagerðar ríkisins Reykjanesbraut kr. 98 199 240,81.

Fjhn. þótti rétt að fá upplýsingar um þessar einkennilegu færslur og gerði fyrirspurn um það til rn. Spurt var um, hvers vegna lán til Reykjanesbrautar, rúmlega 82.7 millj., væri fært með eignum ríkissjóðs. Og einnig var spurt um það, hvernig stæði á því, að á efnahagsreikningi vegamála væri talið með eignum Reykjanesbraut rúmlega 98 millj. Bent var á það, að hér væri ekki um eign að ræða, og því virtist þetta rangfært á reikning vegamála, og spurt var um það, hvers vegna þessi upphæð væri ekki færð með ríkisútgjöldum ásamt öðrum vegagerðarkostnaði á 13. gr. ríkisreiknings.

N. bárust svör frá rn. við þessum spurningum. Um það atriði, þar sem spurt var um, hvers vegna lán til Reykjanesbrautar væri fært með eignum á efnahagsreikningi ríkisins, sagði svo í svari rn., með leyfi hæstv. forseta:

„Lán til Reykjanesbrautar er fært á efnahagsreikning ríkissjóðs eftir fyrirmælum yfirskoðunarmanna ríkisreikninga fyrir árið 1962, 21. gr. aths. Fjárhæðin, kr. 82 784 588.76, er færð bæði á eigna- og skuldahlið efnahagsreiknings ríkissjóðs 1963."

Um þetta er það að segja, að af einhverjum misskilningi héldu yfirskoðunarmenn ríkisreikninga því fram árið 1962, að þessi upphæð ætti að færast bæði á eigna- og skuldahlið efnahagsreikningsins hjá ríkissjóði. En við þetta var gerð aths. þegar í fyrra. Hér í hv. d. var rætt um ríkisreikninginn fyrir 1962 þann 19. des. eða fyrir tæplega 1 ári. Út af þessum ummælum yfirskoðunarmanna sagði ég þá þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt hjá þeim. Þetta átti náttúrlega að færast á reikning ríkisins og vegamálanna á 13. gr., og skuldin átti að teljast með öðrum ríkisskuldum eða skuldirnar. En ég get ekki verið þeim sammála, hv. yfirskoðunarmönnum, um, að þetta hefði átt að færast á eignaskýrslur ríkisins, því að ég kannast ekki við það, að þjóðvegir hér á landi séu taldir með ríkiseignum á efnahagsreikningi ríkisins."

Þessa aths. gerði ég við þetta, sem fram kom hjá yfirskoðunarmönnum í fyrra. Þarna sögðu þeir ekki rétt til vegar, þegar þeir héldu því fram, að upphæðin ætti að teljast með eignum ríkissjóðs. En því miður fór rn. eftir þeirri röngu leiðsögn. Hins vegar bentu yfirskoðunarmenn réttilega á, að kostnaðurinn við Reykjanesbraut átti að færast með gjöldum á 13. gr. fjárl., en þetta gerði rn. ekki því miður, og af því stafar skekkja á ríkisreikningnum.

Seinni spurningunni, um færsluna á efnahagsreikning vegamála, svarar rn. þannig:

„Ástæðan fyrir því, að kostnaður við gerð Reykjanesbrautar er ekki færður á 13. gr. A ásamt öðrum kostnaði við vegagerð í landinu, mun vera sú, að á fjárl. hefur aldrei verið fjárveiting til þessa vegar. Virðist því ekki eðlilegt að færa kostnaðinn sem rekstrargjöld, þar sem fjármagnið til byggingar vegarins er fengið að láni."

Þetta er svar rn. Fyrri ástæðan, sem rn. nefnir, er sú, að engin fjárveiting hafi verið á fjárl. til þessa vegar. En auðvitað átti kostnaðurinn að færast með gjöldum eins fyrir því, þó að fé væri ekki veitt til vegarins á fjárl. Oft eru greiddar upphæðir úr ríkissjóði og þær oft allháar, sem fjárveiting er ekki fyrir, en þær eru færðar á viðkomandi gjaldaliði þrátt fyrir það, eins og vera ber. Í öðru lagi segir rn., að ekki sé eðlilegt að færa kostnaðinn sem rekstrargjöld, þar sem fé til vegagerðarinnar sé fengið að láni. Þessi skýring fær engan veginn staðizt hjá rn. og er hin furðulegasta. Kostnaður við lagningu þjóðvega hefur alltaf verið talinn með útgjöldum á 13. gr. fjárl. og ríkisreikningsins, og þetta á að gera, hvort sem fjár er aflað til framkvæmdanna með álögum á landsmenn eða með lántökum. Sé þetta ekki gert, er bókfærslan röng. Þetta má skýra með einföldu dæmi. Við gætum hugsað okkur atvinnufyrirtæki, sem eitthvert ár er rekið með halla. Tekjur þess nægja ekki til að borga laun og annan kostnað við rekstrinn. Fyrirtækið stofnar því til skulda til þess að geta borgað allan rekstrarkostnaðinn. Ef þetta fyrirtæki hefði bókhald sitt í lagi, mundi forstöðumönnum þess aldrei koma í hug að hætta að færa rekstrarreikning fyrirtækisins, þegar þar væri komið, að gjöldin væru borguð með lánsfé. Auðvitað yrði allur kostnaðurinn færður á rekstrarreikning, þó að árstekjurnar reyndust minni en gjöldin. Reikningurinn sýndi þá aðeins halla, rekstrarhalla.

Samkv. því, sem ég hef hér rakið, vantar allmiklar upphæðir á 13. gr. ríkisreikningsins. Þar hefur verið sleppt að færa þessar tölur, sem þar áttu að koma með öðrum gjöldum, til Reykjanesbrautar 82 784 588.76, til Ólafsvíkurvegar 15 261 325.51, til Siglufjarðarvegar 2 millj. 300 þús. og til Ólafsfjarðarvegar 1 millj. Samtals eru þetta kr. 101 345 914.27 Á móti vantar svo að færa undir liðinn eignarhreyfingar, innborganir, þessar upphæðir: Lán hjá ýmsum aðilum vegna Reykjanesbrautar kr. 82 784 -

588.76, danskt lán vegna Ólafsvíkurvegar 9 325 - 650 kr. og lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Ólafsvíkurvegar, Siglufjarðarvegar og Ólafsfjarðarvegar 6.2 millj Samtals eru þetta kr. 98 - 310 238.76. Við flytjum brtt. við frv. til leiðréttingar samkv. framansögðu.

Þá eru einnig skekkjur á efnahagsreikningi ríkissjóðs í árslok 1963, eins og ég hef þegar vikið að. Þar er talið með eignum lán til Reykjanesbrautar, rúmlega 82.7 millj., sem auðvitað á ekki að færa með eignum ríkissjóðs, vegna þess, eins og ég hef áður tekið fram, að lán, sem ríkið tekur, á að færa með skuldum þess, en ekki eignum, og þjóðvegir hafa aldrei verið taldir með eignum á efnahagsreikningi ríkissjóðs. Á skuldahlið efnahagsreikningsins vantar einnig þessar ríkisskuldir: Danskt lán til Ólafsvíkurvegar 9 325 650 kr. og lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Ólafsvíkurvegar, Siglufjarðarvegar og Ólafsfjarðarvegar 6 millj. 200 þús. samtals. Þá er eign ríkissjóðs hjá vegagerðinni oftalin á efnahagsreikningi ríkissjóðs um 3 035 675.51.

Samkv. þessu eru skekkjur í efnahagsreikningi ríkissjóðs 31. des. 1963 þessar: Oftaldar eignir 85 820 264.27 og vantaldar skuldir 15 - 525 650 kr. Samkv. þessu eru hreinar eignir ríkissjóðs í árslok 1963 á bls. 17 í ríkisreikningi oftaldar um kr. 101 345 914.27.

Fyrir skömmu var lögð hér fram á Alþingi till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968. Í þessari áætlun er m. a. gert ráð fyrir því, að á þeim 4 árum, sem hún nær yfir, verði lagðar 10 millj. kr. á ári af vegafé til hraðbrauta, sem svo heita í lögum, og gert er ráð fyrir, að af þessu fé fari 6.8 millj. á ári til Reykjanesbrautar. Þessi upphæð, sem gert er ráð fyrir að veita til þess vegar, nægir ekki líkt því fyrir vöxtum af lánum, sem búið er að taka til vegarins. Þar vantar mikið á. Í till. um vegáætlun er nokkuð sagt frá þessari nauðsynlegu vegagerð út á Reykjanes og gerð grein fyrir því, hvað búið sé að taka af föstum lánum til þess verks, og síðan segir í vegáætluninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið er nú að endurskoðun áætlunar um kostnað við að ljúka lagningu vegarins á næsta ári (þ. e. a. s. á árinu 1965). Verður því verki lokið innan skamms.“ Og síðan segir: „Í athugun er einnig sérstök fjáröflun til þess að ljúka framkvæmdum og þá jafnframt haft til hliðsjónar, að hve miklu leyti verður hægt að standa straum af stofnkostnaði vegarins með sérstöku umferðargjaldi samkv. heimild í 95. gr. vegalaga.“ Í framhaldi af þessu segir svo: „Af vegáætlun þeirri, sem nú er lögð fram, er ljóst, að fé það, sem fært þykir að ætla til lagningar hraðbrauta, er langtum of lítið til þess að leysa þau verkefni, sem fyrir liggja. Er greinilegt, að sérstakra úrræða verður að leita til þess að leysa þann vanda.“

Ég hef litla trú á því, að umferðargjald verði lagt á Suðurnesjamenn, þegar lokið er að leggja hinn nýja veg. Ekki hefur heyrzt, að slíkt gjald hafi verið lagt á Snæfellinga á þessu ári. Hjá þeim var þó mikilsverð vegabót unnin fyrir lánsfé, þegar gerður var vegur milli Hellissands og Ólafsvíkur, og jafnvel þótt vegaskattur yrði á lagður, er nóg þörf fyrir þær tekjur til vegaviðhalds og áframhaldandi vegagerða. Hugsanleg álagning umferðargjalds einhvers staðar á landinu breytir því engu um það, að vegagerðarkostnað á að færa með gjöldum á rekstrarreikning ríkisins eins og jafnan áður. Og ríkið þarf að leggja meira af þeim miklu tekjum, sem það hefur af umferðinni, til vegamála heldur en nú er gert.

Á efnahagsreikningi ríkissjóðs í árslok 1963 er einn liður, sem okkur fjhn.-mönnum kom undarlega fyrir sjónir. Þar er talið með eignum ábyrgðargreiðslur, kr. 9 611 890.20. Okkur þótti þetta undarlegt, því að við vissum ekki betur en allar ábyrgðargreiðslur væri búið að taka út úr ríkisreikningi og færa til hins svokallaða ríkisábyrgðasjóðs, og þess vegna gerðum við fsp. um, hjá hverjum ríkið ætti þessa fjárhæð, sem hafði verið skilin eftir í ríkisbókhaldinu. Og svarið, sem við fengum við þeirri fsp., er þannig: „Greitt vegna ríkisábyrgða á lánum til Þorsteins þorskabíts og kostnaður við endurbætur á skipinu, en ríkissjóður eignaðist það vegna vanskila á útlögðum ábyrgðargreiðslum.“ Samkv. þessu virðist þessi eignaliður skakkt orðaður í rikisreikningi. Í staðinn fyrir ábyrgðargreiðslur hefði átt að standa þar: Skipið Þorsteinn þorskabítur. Það má segja, að þetta skipti ekki neinu höfuðmáli, en réttara hefði verið að færa þetta þannig.

Á efnahagsreikningi ríkisins í árslok 1963 eru taldar með eignum stórar fjárhæðir þrjár, sem eru útlend lán, sem hafa verið endurlánuð ýmsum aðilum hér heima. Það er í fyrsta lagi lán hjá Export Import Bank frá 1959 102 millj. rúmlega, í öðru lagi lán hjá Export Import Bank frá 1960, endurlánuð ýmsum stofnunum, rúmlega 123 millj., og síðan er það enskt framkvæmdalán, 2 millj. sterlingspunda eða um 240 millj. kr., sem er fært þarna með eignum. Við gerðum fsp. um það, hvernig þessu lánsfé hefði verið ráðstafað, og við fengum svör við þeim spurningum og við töldum rétt að láta þessar upplýsingar koma fram í fskj. með nál. okkar. Þess vegna eru birtar þarna skýrslur um þessi lán, þar sem kemur fram, hverjir hafa fengið lánin og hvað miklar eftirstöðvar eru af þeim útistandandi í árslok 1963. Þarna er um allmarga aðila að ræða. Stærsta upphæðin af láninu frá 1959 er hjá raforkusjóði, 47.5 millj. um það bil, og einnig hjá ræktunarsjóði 26.3 millj., síðan eru allmargar upphæðir, aðallega hjá ýmsum hreppsog bæjarfélögum og hafnarsjóðum. Lánið frá Export Import Bank frá 1960 er að mestu hjá raforkusjóði, sementsverksmiðjunni, fiskveiðasjóði og síldarverksmiðjum ríkisins. En þá er stóra lánið, 2 millj. punda lánið, sem tekið var í Bretlandi, og það hefur verið lánað mörgum aðilum, eins og sést á þessari skýrslu, aðallega 1963, en einnig er haldið áfram lán-

veitingum af þessu fé árið 1964. Þannig er, þegar þessi skýrsla er gefin út, en hana fengum við frá Seðlabankanum fyrir nokkrum dögum, þá er búið að lána til frystihúsa víðs vegar bæði árin samtals 192 þús. sterlingspund rúmlega, til hafna 313 þús. pund og þar er langstærsta upphæðin til landshafnar í Rifi 141 þús. £. Þarna hefur komið viðbót við hafnalánin 1964, þannig að þau eru orðin alls 415 þús. £. Til raforkusjóðs er búið að veita af þessu 914 þús. £ í lánum. Og þá eru það síldarverksmiðjur, sem hafa fengið alls bæði árin um 289 þús. £, og þar eru með fiskimjölsverksmiðjur einnig og eitthvað af hraðfrystihúsum er talið þarna með. Alls er, þegar skýrslan er gefin, búið að lána af þessu fé 1812 þús. £, og virðist því vera óráðstafað þá um það bil 187 þús. £.

Við bendum á það í okkar nál., minnihlutamenn, að þegar ríkið taki slík stórlán til þess að endurlána öðrum aðilum, þá sé sjálfsagt að birta sundurliðaðar skýrslur um þær lánveitingar í ríkisreikningi ár hvert, og vil ég vænta þess, að þetta verði gert eftirleiðis.

Eins og ég vék að við 1. umr. um þetta frv., ber ríkisreikningurinn með sér, að kostnaður við ríkisreksturinn hefur aukizt stórkostlega síðustu árin, þrátt fyrir hagsýslu upp á 2.7 millj. kr. á 4 undanförnum árum. Það mætti nefna mörg dæmi til að sýna þetta. Við nefnum þó aðeins eitt í okkar nál., og það er kostnaðurinn við álagningu beinna skatta. Hann átti að sögn ríkisstj. að lækka við þá skattalagabreytingu, sem gerð var árið 1962. Þar var sagt í athugasemdum með frv. um tekjuskatt og eignarskatt, að ekki færi hjá því, að hér væri um talsverðan sparnað að ræða. Þarna voru þeir að ræða um það atriði í frv. að ákveðið var að leggja niður allar skattanefndir aðrar en ríkisskattanefnd og setja upp 8 skattstofur í stórum umdæmum í staðinn. Og í umr. um þetta mál á Alþingi 1962 talaði hæstv. fjmrh. nokkuð hróðugur um það, að nú ætti að leggja niður 219 undirskattanefndir og 24 yfirskattanefndir með samtals 729 mönnum, og um kosti þess nýja fyrirkomulags, sem átti að taka upp í staðinn, þ. e. a. s. skattstofurnar átta, sagði hann m. a. í þingræðu 16. marz 1962: „Í fyrsta lagi er talið, að þessi skipan muni verða miklum mun ódýrari en sú, sem nú hefur verið um langan aldur, þannig að með þessari nýju skipun sparist verulegt fé.“ En þarna reyndist hæstv. ráðh. ekki góður spámaður, því miður, það sýnir reynslan, sem þegar er fengin af kostnaðinum við þetta nýja kerfi, og trúlega á hann þó enn eftir að vaxa frá því, sem hann er bókfærður í ríkisreikningi 1963. Það hefur sem sagt komið á daginn, að það er langtum meiri kostnaður við hinar 8 nýju skattstofur heldur en störf 729 skattanefndarmanna víðsvegar um landið áður.

Árið 1958 var kostnaður við álagningu skattanna samkv. ríkisreikningi um 8 millj. kr. 1961 var hann kominn upp í 11.2 millj. kr. Á næsta ári, 1962, voru stofnaðar nýju skattstofurnar. Það var því í fyrsta skipti 1963, sem þær störfuðu allt árið, og þá varð kostnaðurinn 18 millj. 580 þús. kr. og fór 10 millj. og meira þó fram úr áætlun fjárlaga, eftir því sem segir í athugasemd yfirskoðunarmanna. Og ég hef tekið eftir því, að á frv. til fjárl. 1965, sem nú er hér til meðferðar á hæstv. Alþingi, er þessi kostnaður við álagningu skattanna áætlaður 21 millj. á næsta ári, svo að þetta þokast örugglega upp á við.

Um þetta má svo enn fremur segja, að nýja kerfið er, a. m. k. enn sem komið er, miklu seinvirkara en það eldra, og veldur það ýmsum óþægindum, þar sem skattskrár eru lagðar fram langtum seinna en lög mæla fyrir, að gert skuli.

Þá vil ég að síðustu nefna nokkuð þá endurskoðun ríkisreikninga, sem fram fer í endurskoðunardeild í fjmrn., en á þeirri endurskoðun verða yfirskoðunarmenn, sem Alþingi kýs, vitanlega að byggja sína umsögn um reikningana að verulegu leyti. Í 19. aths. yfirskoðunarmanna um þennan ríkisreikning segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og að undanförnu hafa yfirskoðunarmenn fengið skýrslu frá endurskoðunardeild fjmrn. um það, hve langt endurskoðun hennar er komið. Samkv. þessari skýrslu, sem hér fylgir, er ástandið í þessu efni engan veginn gott og hefur því miður gengið í öfuga átt við það, sem yfirskoðunarmenn hafa gert sér vonir um og gert ráð fyrir að undanförnu. Um tíma færðist þetta í betra horf, þannig að endurskoðuninni miðaði nokkuð vel áfram, en samkv. þessari skýrslu er hér um afturför að ræða og það að mun.“

Af svari ríkisendurskoðanda kemur fram, að hann er ekki sammála yfirskoðunarmönnum um það, að endurskoðun sé skemmra á veg komin en áður. En fjhn. fékk skýrslu frá ríkisendurskoðanda um það, hvað óendurskoðað var 26. okt. í haust af reikningum frá árinu 1963 og fyrri árum, reikningum stofnana og embætta, sem ríkisreikningurinn er byggður á. Þar kemur fram, að mikið var þá ógunnið að endurskoðun reikninga og þá voru allmiklu fleiri reikningar óendurskoðaðir heldur en var fyrir 2 árum, þegar hér var rætt um ríkisreikninginn fyrir 1961. Þá var endurskoðun þess reiknings lengra á veg komin heldur en endurskoðun reikningsins fyrir 1963 er nú.

Ríkisendurskoðandi segir, að það mundi hafa verulegan aukinn kostnað í för með sér, ef ljúka ætti endurskoðun fyrr en nú er gert. Á þetta verður ekki fallizt. Endurskoðuninni þarf að ljúka, og það sparast ekkert við að fresta því. Með því að draga endurskoðun reikninga er aðeins hægt að fresta útgjöldum í bili, en ekki spara neitt, þegar á heildina er litið.

Hæstv. fjmrh. ætti að taka rögg á sig og láta ljúka endurskoðun reikninga hjá endurskoðunardeild í hans eigin rn., áður en ár er liðið frá lokum hvers reikningsárs. Þá fyrst, þegar endurskoðuninni er lokið, getur hann óskað þess, að Alþingi samþykki ríkisreikn-

inginn. En þar sem mjög mikið vantar á, að endurskoðun sé nú lokið, telur minni hl. fjhn. ekki rétt af þd. að afgreiða frv. um samþykkt á ríkisreikningnum að svo stöddu, en leggur til, að málinu verði frestað, þar til upplýsingar liggja fyrir um, að endurskoðun sé lokið. Við leggjum þó nú þegar fram brtt. til leiðréttingar á reikningnum, til leiðréttingar á þeim augljósu villum, sem við höfum komið auga á og ég hef áður nefnt. Samkv. því er það till. okkar, herra forseti, að þessar breytingar verði gerðar á frv., sem hér liggur fyrir, þegar að því kemur, að það verði afgreitt frá d., í fyrsta lagi, að 6. tölul. innborgana breytist þannig, að í staðinn fyrir „61 508 - 340.85" komi: 159 818 579.61. Í öðru lagi er það brtt. við útborgunarkafla frv. 11. töluliður hans á að breytast til leiðréttingar samkv. okkar till. þannig, að í staðinn fyrir „133 273 163.49" komi: 234 619 077.76. Þar ræðir um útgjöldin til vegamála. Og af þessu leiðir það, að mismunur á þessum reikningi, eins og hann er birtur hér í frv., lækkar um rúmlega 3 þús. kr., verður 120 518 672.21 í staðinn fyrir 123 554 - 347.72.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er við umr. í Ed., eins og dm. er kunnugt, en hann hefði viljað við þessa umr. eða við ræðu hv. frsm. minni hl., 1. þm. Norðurl. v., koma fram aths., áður en gengið yrði til atkv. um þær brtt., sem hann leggur til að gerðar verði á ríkisreikningnum. Ég vildi því mega mælast til þess við hv. þm., að hann drægi þessar till. til baka við þessa umr. og hægt væri að afgreiða málið til 3. umr. Þá mundu þessar upplýsingar, sem ráðh. vildi fram koma, vera komnar fram og þm. þar af leiðandi gætu áttað sig á því, sem hann hefur sagt, og þeim upplýsingum, sem fram hafa komið.

ATKVGR.
Brtt. 162 teknar aftur til 3. umr.
Frvgr. samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, BP, DÓ, EI, SB.
nei: EOl.
HÁ, HS, HV, IG, JSk, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ, GíslG greiddu ekki atkv.
6 þm. (LJós, PS, RA, EmJ, EystJ, GeirG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Fjárveitingavaldið er einn höfuðgrundvöllur Alþingis og eitt höfuðvald þess, og mér sýnist, að sú afgreiðsla, sem nú er að byrja að tíðkast, bæði á fjárl. og ríkisreikningunum, sé að verða slík sýndarmennska, að við getum ekki verið þekktir fyrir það, og vil mótmæla því með því að segja nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í nál. hv. minni hl. fjhn. á þskj. 162 eru gerðar nokkrar aths. og fluttar brtt., sem snerta aðallega bókhaldsatriði í sambandi við nokkra vegi. Í því sambandi er rétt að geta þess, að þegar ríkisreikningurinn fyrir 1962 var til athugunar hjá yfirskoðunarmönnum Alþingis, var 21. aths. þeirra við þetta mál þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn veittu því athygli, að engar greiðslur eða lán eru færð á reikning ríkisins vegna þeirra framkvæmda, sem byrjað var á á árinu 1961 og haldið áfram á árinu 1962 á Reykjanesbraut. Upplýst hefur verið, að lán hafi verið tekið til þessara framkvæmda."

Í svari varðandi þessa aths. frá samgmrn. er gerð ýtarleg grein fyrir, hvernig þessum færslum er háttað, og þessar upphæðir eru taldar í efnahagsreikningi vegamálanna. Þegar yfirskoðunarmenn gerðu svo till. um þetta mál, segja þeir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gefin er skýring á færslu fjármunanna við vegagerðina og lántökum til hennar. Framvegis er rétt að færa þetta á þann hátt, er segir í aths."

Síðan hefur ríkisbókhaldið fylgt þeim bókfærsluaðferðum um þetta atriði, sem yfirskoðunarmenn sögðu fyrir um.

Í sambandi við þær aths., sem koma fram í nál. hv. minni hl., hafa þeir Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi og Egill Símonarson ríkisbókari sent mér svo hljóðandi grg., sem ég vil lesa hér upp til skýringar á þessu máli. Grg. er á þessa leið:

„Reykjanesbraut hefur sérstöðu meðal vega hér á landi, bæði vegna stærðar og gerðar. Honum er ekki lokið enn. Engin fjárveiting hefur verið til hans í fjárl. Meðan veginum er ekki lokið og ekki liggur neitt fyrir um það, hvort lán þau, sem til hans hafa verið tekin, eigi að greiðast með fjárveitingum úr ríkissjóði, fé úr vegasjóði eða á annan hátt, sbr. 95. gr. vegal., nr. 71 frá 1963, er ekki talið rétt að færa vegagerðarkostnaðinn á rekstrarútgjöld ríkisins. Vegurinn er því talinn sem eign á efnahagsreikningi vegagerðar ríkisins með þeirri fjárhæð, sem kostnaður var orðinn við hann í árslok 1963, og lán til vegarins talið til skuldar á móti. Samkv. fyrirmælum yfirskoðunarmanna ríkisins í till. þeirra til Alþingis um ríkisreikninginn 1962, 21. gr., var byggingarkostnaður vegarins, eins og hann var í árslok 1963, færður á efnahagsreikning ríkisins, bæði eigna- og skuldamegin. Um Ólafsvíkurveg, Siglufjarðarveg og Ólafsfjarðarveg er svipað að segja að því leyti, að til Ólafsvíkurvegar var engin

fjárveiting á árinu 1963 og til þeirra framkvæmda í Siglufjarðarvegi og Ólafsfjarðarvegi, sem um er að ræða, ekki heldur, og voru tekin lán til framkvæmdanna. Ætlunin er að leggja fram fé úr vegasjóði til greiðslu lána þeirra, sem til þessara framkvæmda voru tekin, og á því ekki að færa kostnaðinn til rekstrarútgjalda á 13. gr. ríkisreikningsins 1963. Lánin eru ekki heldur talin meðal skulda ríkissjóðs á skuldahlið ríkisreiknings, heldur á skuldahlið efnahagsreiknings vegagerðarinnar, svo sem ríkisbókhaldið telur rétt vera. Þótt á 50. lið 6. gr. eignarhliðar efnahagsreiknings á ríkisreikningi 1963 sé svo að orði komizt: Lán til Reykjanesbrautar — er að sjálfsögðu átt við eign í Reykjanesbraut, enda sama fjárhæð færð á skuldahlið 1. gr. 31. lið, og er færslan, svo sem að ofan greinir, gerð eftir kröfu yfirskoðunarmanna.

Um rekstrarkostnað ríkisins. Í nefndum 18.5 millj. kr. kostnaði, sem rætt er um í nál. minni hl., er ógreidd þóknun til skattanefndar frá fyrra ári 1.1 millj. og á því að teljast til frádráttar kostnaðinum 1963, sem þá verður 17.4 millj., og til viðbótar kostnaðinum 1962, sem þá verður 13 millj. Mismunurinn er því um 4.4 millj. á kostnaðinum 1963 og 1962. Nokkuð af þeirri hækkun er stofnkostnaður við skattstofur, en verulegasta hækkunin mun vera launahækkunin, sem varð á miðju ári 1963, enda eru beinar launagreiðslur nálægt 70% af kostnaðinum.

Endurskoðunardeild fjmrn. Engin ástæða er til að bíða eftir því, að endurskoðun allra reikninga ríkisins sé að fullu lokið, áður en ríkisreikningurinn er samþykktur. Endurskoðunin er í eðli sínu athugun á því eftir á, að allt hafi verið rétt gert, og má segja, að þegar miklum meiri hl. endurskoðunarinnar er lokið, áður en ríkisreikningurinn er lagður fram til samþykktar á Alþingi, séu litlar líkur til þess, að svo verulegar skekkjur komi fram í því, sem eftir er, að ástæða sé til þess, að Alþingi samþykki hann ekki, auðvitað þá með þeim fyrirvara, að leiðrétt verði það, sem fram kemur við endurskoðun og leiðrétta ber."

Undir þetta skrifa þeir Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi og Egill Simonarson ríkisbókari.

Ég hef út af fyrir sig engu við þetta að bæta, sem kemur fram í grg. þessara tveggja embættismanna.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. las hér upp úr aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn 1962 viðkomandi Reykjanesbraut. En hæstv. ráðh. sleppti að lesa niðurlag þessarar aths. Í niðurlagi þeirrar aths. um ríkisreikninginn fyrir 1962 sögðu yfirskoðunarmenn, að kostnað við framkvæmd verksins, þ. e. a. s. lagningu Reykjanesbrautar, hefði átt að færa á reikning ríkisins og vegamálanna á 13. gr. Hæstv. ráðh. sleppti þessu. Og eftir þessum fyrirmælum þeirra var ekki farið í rn., og brtt. okkar í minni hl. er um það, að þetta verði gert. Það er því ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, og hafði eftir einhverjum starfsmönnum í rn. eða ríkisendurskoðanda, að það hafi verið fylgt þeirri aðferð, sem yfirskoðunarmenn gerðu till. um. Það er ekki rétt.

Hæstv. ráðh. segir, að lagningu Reykjanesbrautar sé ekki lokið og þess vegna hafi ekki átt að færa kostnað við það verk með gjöldum ríkisins á árinu. En við vitum það, að lagningu einstakra vega hér á landi er yfirleitt ekki lokið á 1—2 árum. Það er áframhaldandi verk við þessar vegagerðir, og það hefur aldrei verið gert áður að sleppa því að færa þennan vegagerðarkostnað á rekstrarreikning ríkisins, þar til vegagerðinni við einstaka vegi væri að fullu lokið. Það er nýlunda að taka upp slíkan hátt. Auðvitað átti að færa þennan kostnað með öðrum vegagerðarkostnaði á 13. gr. ríkisreikningsins, eins og yfirskoðunarmenn sögðu í fyrra. Auðvitað átti að gera það. Hitt er fjarstæða, að telja þennan veg með ríkiseignum. Það hefur aldrei verið gert að telja þjóðvegi með ríkiseignum á efnahagsreikningi og fær ekki staðizt.

Um endurskoðunina hjá fjmrn. hefur staðið ágreiningur undanfarandi og er enn. Við teljum, að það eigi að bíða með það að afgreiða ríkisreikninginn endanlega, þar til þessari endurskoðun er lokið. Samþykkt frv. um samþykkt á ríkisreikningi er nokkurs konar kvittun, sem Alþingi lætur ríkisstj. í té fyrir reikningsskilin, og þá kvittun á ekki að láta, fyrr en endurskoðun er að fullu lokið. Það er í samræmi við það, sem alls staðar tíðkast, þar sem um reikningsuppgjör er að ræða, að reikningsskil eru ekki endanlega afgreidd fyrr en reikningar hafa verið endurskoðaðir. Þessari reglu ætti að fylgja vitanlega við þetta stærsta fyrirtæki þjóðarinnar, ríkisbúskapinn. Þannig ætti þetta að vera. Og því er það, að við leggjum til, að nú verði frestað afgreiðslu málsins, og við leggjum að sjálfsögðu áherzlu á, eins og ég hef áður sagt, að okkar brtt. verði samþykktar, því að verði það ekki gert, er reikningurinn rangur, og verði það ekki gert, er ekki farið eftir fyrirmælum yfirendurskoðunarmanna, sem þeir gáfu í aths. við ríkisreikninginn fyrir 1962.

ATKVGR.
Brtt. 162,1 felld með 21:12 atkv.
— 162,2 felld með 21:10 atkv.
— 162,3 tekin aftur.
Frv. samþ. með 21:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963, sem liggur hér fyrir, hefur verið afgreitt frá Nd. Reikningnum hefur verið útbýtt fyrir nokkru með aths. yfirskoðunarmanna, svörum rn. og till. yfirskoðunarmanna.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja niðurstöður þessa reiknings, þar sem það var gert nýlega

við 1. umr. fjárl., að öðru leyti en því, að á bls. 34 er yfirlit um greiðslujöfnuð ríkissjóðs á því ári, og það kemur í ljós, að greiðsluafgangur var á árinu 139 millj. samkv. þeim reglum, sem ríkisbókhaldið notar, en 124½ millj. eftir þeim reglum, sem Seðlabanki Íslands notar.

Yfirskoðunarmenn hafa yfirfarið reikninginn að vanda, aths. þeirra eru í færra lagi, og engu atriði er af þeirra hálfu vísað til aðgerða Alþingis, eins og verið hefur alloft áður.

Það nýmæli er í frágangi þessa frv., að mjög ýtarlegt efnisyfirlit er á bls. 288—296, sem ætti að verða mjög til hægðarauka fyrir alþm. og aðra, sem vilja fletta upp vissum atriðum í reikningnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um frv. fleiri orðum að sinni, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 190).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. fjhn. á þskj. 190 ber með sér, mæla 4 nm. með því, að frv. um samþykkt á ríkisreikningnum árið 1963 verði samþ. eins og það liggur fyrir eftir meðferð Nd. Aðrir nm. munu ekki hafa skilað áliti í málinu og lýstu yfir í n., að þeir tækju ekki þátt í afgreiðslu þess.

Nefndin hefur ekki haft langan tíma til athugunar á frv., en við athugun á þeim aths., sem yfirskoðunarmenn hafa gert við frv., og svörum hæstv. fjmrh. við þeim aths., sem og till. yfirskoðunarmanna, eins og þær eru prentaðar með ríkisreikningunum, þá þykir ekki vera neitt sérstakt tilefni til þess að gera frekari athugasemdir við málið. Engri af aths. yfirskoðunarmanna er vísað til aðgerða Alþ., og skýringar hafa fengizt varðandi þau atriði, sem helzt hefur verið þar talið athugunarvert í sambandi við reikninginn.

Það verður að telja það lofsvert, að á það hefur verið lögð áherzla af hæstv. núverandi fjmrh. að afgreiða ríkisreikning það snemma, að ríkisreikningi næsta árs á undan sé lokið, áður en ár er liðið eftir lok þess reikningsárs, sem veldur því, að tölur allar og efni reikningsins eru mönnum í ferskara minni en þegar svo var háttað, að ríkisreikningur var mörgum árum á eftir lagður fyrir Alþ. Þessi breyting verður að teljast lofsverð, og enda þótt hún hafi leitt af sér það, að hin umboðslega endurskoðun hafi ekki getað lokið endurskoðun á reikningum allra stofnana, þegar ríkisreikningurinn endanlega er samþykktur, þá er það í rauninni ekki nýtt mál, vegna þess að það hefur alla tíð verið svo, jafnvel þótt ríkisreikningur væri samþ. löngu eftir lok reikningsárs, að aths. hinnar umboðslegu endurskoðunar hafa ekki legið fyrir. Það er því ekki sjáanleg nein ástæða til þess, enda hefur verið leitað álits endurskoðunardeildarinnar um það, að það sé ekki sjáanleg nein ástæða fyrir því að fresta samþykkt ríkisreikningsins. Þó að fram kunni að koma einhverjar breytingar síðar í reikningum stofnananna, þá er alltaf hægt að leiðrétta það og getur ekki haft nema sáralitla þýðingu og í rauninni enga þýðingu varðandi heildarniðurstöður málsins, því að það verður þá leiðrétt á því ári og kemur þá fram í aths. endurskoðunarmanna við þann reikning, þannig að það er engin hætta á því, að neitt falli undan í þessu sambandi, þó að endurskoðuninni sé ekki að öllu leyti lokið.

Meiri hl. n. telur því ekki neina ástæðu til þess að bíða með samþykkt reikningsins, þar til slíkri endurskoðun er lokið, og telur mjög æskilegt, að þeim hætti verði haldið að reyna að ljúka meðferð reikningsins, áður en ár er liðið eftir reikningsárið, og vill því meiri hl. fyrir sitt leyti greiða fyrir því, að það geti einnig orðið í þetta sinn, og leggur því til, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þann 7. þ. m. var útbýtt á hv. Alþingi þessu frv., sem hér er til umr., og næsta dag, þann 8. des., var það tekið til 1. umr. í hv. Nd. og afgr. til n. Fjhn. Nd. skilaði álitum innan fárra daga. Nál. meiri hl. var útbýtt þann 12. þ. m., og var þar lagt til, að frv. yrði samþ. án aths., en minni hl. fjhn. Nd. skilaði áliti um þetta mál, sem var útbýtt 15. þ. m., og þar voru gerðar mjög veigamiklar aths. og sýnt fram á það, sem þessi hv. minni hl. taldi vera rangar færslur og ófullgerða endurskoðun. Þessar aths. minni hl. voru þó ekki teknar til greina í hv. Nd., er 2. umr. fór fram í þeirri hv. d. 15. og 16. þ. m. En síðan er málið tekið til 3. umr. í þeirri hv. d. með afbrigðum sama dag, 16. des., og samþ. úr deildinni. Daginn eftir, í gær, er frv. til 1. umr. hér í þessari hv. d. Um það bil sem deildarfundi var að ljúka, kom að máli við mig formaður hv. fjhn. og óskaði eftir því, að við mættum á fundi til þess, eins og hann orðaði það, að ræða vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu n. á þessu frv. Ég óskaði eftir því, ef skjóta ætti á slíkum fundi, að það yrði gert strax, til þess einmitt að menn gætu áttað sig á því, hver vinnubrögð yrðu um hönd höfð. Síðan var boðað til fundar. Það kom í ljós, að hvorugur hinna minnihlutamannanna gæti mætt á þeim fundi. Ég mætti þar hins vegar til að ræða það, sem formaður n. hafði rætt um við mig. En þá kom í ljós, að það var ekki það, sem var ætlun meiri hl., heldur var það ætlun meiri hl. að berja í gegn samþykkt málsins í n. og væntanlega, eins og nú er komið í ljós,, í d. án þess að gefa nokkurt tóm til athugunar á málinu. Ég benti á, að það væri æskilegt um þær aths., sem höfðu verið afgreiddar í hv. Nd. daginn áður og voru, hvort sem þær reyndust réttar eða rangar, sýnilega

mjög veigamiklar, að það yrði gefið eitthvert tóm til þess að athuga þær, en á það féllst meiri hl. ekki. Nú er málið tekið til 2. umr. í þessari hv. d. með afbrigðum, eins og menn sjá og nú er komið í ljós.

Þegar þess konar vinnubrögð eru um hönd höfð, mun ég ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls, og ég mæli þar einnig fyrir hönd félaga míns í fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. e. Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki séð mér fært að taka þátt í afgreiðslu þessa máls, eins og hún hefur verið hjá hv. fjhn., og ég get í því efni sagt í raun og veru nákvæmlega það sama og hv. ræðumaður, sem talaði hér á undan mér, um ástæðurnar. Í gær, eftir að þessu frv. hafði verið vísað til n., var ég staddur á öðrum fundi hér í húsinu, en skilaboð komu til mín, að formaður fjhn. bæði mig að finna sig í stigaherbergið. Það gerði ég, og það var þá settur fundur í fjhn. til að afgreiða þetta mál. Ég hafði í fyrsta lagi alls ekki tök á að sitja á fundinum og í öðru lagi taldi útilokað, að hægt væri að afgreiða málið með sómasamlegum hætti á örfáum mínútum, því að ég hafði ekki þá kynnt mér þetta mál neitt og hef ekki gert það enn þá. Ég tel, að mér hafi ekki borið skylda til þess að vera búinn að pæla í gegnum þetta frv., sem er mikið verk, ef það á að gerast þannig, að maður sé í raun og veru fær um að taka nokkra afstöðu til þess, — mér hafi ekki borið skylda til þess, fyrr en málinu var vísað til n., en það var sem sagt gert á samri stundu og fundur var kallaður saman og þess krafizt, að við tækjum þá þegar afstöðu til þess. Ég sagðist ekki taka þátt í slíkri afgreiðslu á málinu. Og sú afstaða mín er óbreytt. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að athuga neitt það, sem ég vil kalla stórfelldar aðfinnslur, sem fram hafa komið í neðri deild hjá minni hl. fjhn. þar, þar sem m. a. er talið, að stórlega séu rangfærðar bæði tekjur og eignir ríkissjóðs og einnig skuldir, og þar að auki hafðar uppi miklar aths. um sjálfa endurskoðunina. Nú rétt á stundinni, þegar ég var að líta á þetta, sá ég m. a., að frá því er skýrt, að ástandið í þessu efni, þ. e. a. s. varðandi endurskoðunina, væri engan veginn gott og hefur því miður gengið í öfuga átt við það, sem yfirskoðunarmenn hafa gert sér vonir um og gert ráð fyrir að undanförnu. Þetta er umsögn yfirskoðunarmanna um það, hvernig endurskoðun á reikningunum sé háttað. Ég tel, að bæði í þessu og eins eftir þeim ásökunum, sem komu að öðru leyti fram frá minni hl. fjhn. í Nd., sé þetta mál allt þannig vaxið, að við, sem ætlað er að taka afstöðu til málsins, hljótum að krefjast þess að fá eitthvert tóm til þess. Ég hef verið með í því hér í hv. fjhn. í þessari d. að gera mjög miklar breytingar á ríkisreikningnum, áður en hann hefur verið samþ., en ég er alls ekki viss um það, að eftir að þetta frv. hefði verið athugað, væri þörf á því að gera það. Ég skal ekkert um það fullyrða. Mér hefur ekki gefizt tækifæri til að rannsaka það mál, þannig að ég geti tekið neina afstöðu til þess. Og ég kalla það furðulega ósvífni af hæstv. fjmrh., sem áreiðanlega stendur fyrir því, að slíks og annars eins er krafizt af okkur þm., að við tökum afstöðu til mála án þess að hafa tækifæri til að kynna okkur þau. Það er algert lágmark, sem við hljótum að krefjast, og vissulega ætti sú krafa einnig að vera krafa þeirra, sem nú skipa stjórnarflokkana.

Það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að það sé lofsvert, að hægt sé að afgreiða ríkisreikninginn, áður en ár er liðið frá reikningslokum þess fjárlagaárs, sem um er að ræða. Ég skal ekkert um það dæma. Það má vel vera, að þetta sé sérstaklega lofsvert, en því aðeins getur það verið lofsvert, að málsmeðferðin sé með sómasamlegum hætti, en á það tel ég mjög skorta. En gæti þá ekki það eins verið tilefni til þess fyrir hæstv. fjmrh. og aðra talsmenn hæstv. ríkisstj. að gæta að því, að nýr háttur hefur verið tekinn upp að öðru leyti í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins, þ. e. a. s., að hann væri þvingaður í gegn með meirihlutavaldi hér á hv. Alþingi, því að ég hygg, að það hafi allajafna getað orðið samkomulag um jafnsjálfsagða hluti. En jafnvel því ætlar hæstv. ríkisstj. að spilla.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér finnst, að hv. 4. þm. Norðurl. e. geti alveg sparað sér þessi stóryrði, sem hann er farinn að temja sér hér í umr. í d., og a. m. k. gefur meðferð þessa máls ekki minnsta tilefni til þessa orðbragðs. Ríkisreikningunum var útbýtt hér í þinginu í októbermánuði, áður en 1. umr. fjárl. fór fram. Að vísu fylgdu ekki aths. yfirskoðunarmanna þá með, þeir höfðu ekki lokið þeim. Hins vegar var svo ríkisreikningnum með þeim aths., svörum rn. og till. yfirskoðunarmanna útbýtt hér, að ég ætla, 7. des. eða fyrir 11 dögum. Það eru því alveg staðlausir stafir, að hér sé verið að þvinga mál fram með óeðlilegum hætti, þar sem þm. hafa þó haft þennan tíma til þess að athuga málið.

Varðandi aths. yfirskoðunarmanna vil ég benda á það, sem hv. frsm. meiri hl. tók einnig fram, að oft og tíðum áður fyrr hafa yfirskoðunarmenn vísað einstökum atriðum til aðgerða Alþingis, en í þetta skipti er ekki um neitt slíkt atriði að ræða. Þeir vísa ekki einu einasta atriði til aðgerða Alþingis. Nál., sem minni hl. fjhn. í Nd. skilaði, og brtt. eru eingöngu hótfyndni og að mestu leyti formsbreytingar um bókfærslu. Sumu af þessu er þegar svarað í hinum prentuðu svörum rn. með ríkisreikningnum, og öðru var svarað með grg., sem lesin var upp í Nd. frá ríkisbókara og ríkisendurskoðanda. Hins vegar finnst mér sjálfsagt, fyrst þess er óskað, að málið sé tekið út af dagskrá nú, og legg það til, að umr. sé frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed., 19. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að segja örfá orð út af ummælum þeirra hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. í gærkvöld, þegar þetta mál var til umr., út af meðferð málsins í n. Nú er að vísu svo, að það var ekkert í ummælum hvorugs þeirra, sem ég get skilið þannig, að þeir hafi á nokkurn hátt haft vilja til að halla þar réttu máli. En vegna þess að mér fannst, að þeir, sem ókunnugir væru málinu, hlytu að fá dálítið ýkta hugmynd um þá hörku, sem beitt hefði verið í n. við afgreiðslu málsins, vildi ég nokkuð árétta það, þó að ég hins vegar viðurkenni, að sú harka hafi verið nokkur.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur hæstv. fjmrh undanfarin ár lagt á það ríka áherzlu, að Alþingi afgreiddi ríkisreikninginn fyrir áramót, og frá hans hendi hefur ekkert verið að vanbúnaði í því efni. Ríkisreikningurinn hefur verið lagður það tímanlega fram, að Alþingi var vorkunnarlaust að hafa lokið afgreiðslu hans fyrir áramót. Hitt er svo annað mál, að það hefur ekki alltaf tekizt, oftast vegna þess að stjórnarandstaðan hefur óskað eftir fresti til þess að athuga málið, sem veittur hafði verið, en það ræði ég ekki nánar. En í stuttu viðtali, sem ég átti við hæstv. fjmrh. á fimmtudag, þegar málið var hér til 1. umr., kom það í ljós, að afstaða hans í þessu efni var óbreytt frá því, sem áður hafði verið, og hann óskaði eftir því, að málið yrði afgreitt, ef nokkur möguleiki væri á, fyrir jól, og kom okkur þá saman um það, að málið mætti ekki taka til afgreiðslu í nefnd síðar en á föstudag, ef það ætti að nást. Ég kvaddi þá, eins og hér hefur komið fram, hv. 6. þm. Sunnl. á minn fund og tjáði honum, að ég mundi í þessu máli eins og öðru gjarnan vilja hafa sem bezt samkomulag um meðferð málsins, hvað sem liði afstöðu einstakra nm. til þess, þegar það væri afgreitt út úr n., og enn fremur bar ég fram þá ósk, að málið yrði afgreitt í n. á föstudag, taldi það ekki mega síðar vera. Hv. 6. þm. Sunnl. tjáði mér, að hann ætti mjög annríkt, og vissi ég, að þar var ekki um fyrirslátt einn að ræða, þar sem hann hafði átt að hafa framsögu um söluskattsmálið, sem þá var á döfinni. Hins vegar stakk hann upp á því, að n. ræddi saman um meðferð málsins þegar að loknum deildarfundi. Ég fór þá á stúfana að reyna að ná nm. saman, og voru þrír þá staddir hér í salnum, sjálfstæðismennirnir tveir, sem auk mín eiga sæti í n., og hv. 1. þm. Norðurl. e. Tveir þeir fyrst nefndu voru því viðbúnir að mæta þá þegar á fundi, en hv. 1. þm. Norðurl. e. tjáði mér, að hann hefði lofað sér á annan fund, en vænti þó þess, að hann gæti komið á nefndarfund síðar. Þeir hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 9. landsk. voru hins vegar komnir á aðra fundi, og bað ég þingverði að hafa tal af þeim, og það er rétt með farið hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að það kom ekki fram sem fundarboð, heldur ósk um, að þeir töluðu við mig. Þessir tveir menn komu svo síðar á fundinn. En hvað snertir hv. 1. þm. Norðurl. e. kom hann ekki, og er það eins og gengur, að fundir verða stundum lengri og meira spennandi en ætlað er í upphafi. (**KK:** Og aðrir styttri.) Já, það fór nú svona í þetta sinn. Á fundinum báru þeir báðir, hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Norðurl. e., fram óskir um það, að málinu yrði frestað fram yfir áramót, töldu sig ekki hafa neinn tíma til þess að sinna málinu. Og það er rétt, að það komi fram, sem raunar hv. þdm. er kunnugt, að það stóð eins á í þessu efni fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Sunnl., að hann átti að hafa framsögu um söluskattsmálið. Síðan fóru þeir af fundi. Ég vil, að þessi atriði komi skýrt fram, af því að ég hygg, að hv. þdm. hafi dregið þá ályktun af því, sem þessir tveir hv. þm. sögðu hér í gær, að það hafi verið ófrávíkjanleg krafa mín, að málið yrði afgreitt þegar á fimmtudag. Ég hafði ekki hugsað mér, að það yrði fyrr en á föstudag, en fyrst eftir að fram kom, að þeir óskuðu þess aðeins, að málinu yrði frestað fram yfir áramót, ákváðum við í meiri hl., að málið skyldi afgreitt þá, því að við töldum þá ekki eftir neinu að bíða, þar sem við vildum gjarnan verða við þeirri ósk hæstv. fjmrh., að málið væri afgreitt fyrir áramót. Svo að öll sagan sé sögð, er rétt, að það komi fram, að þá rétt á eftir hitti ég aftur hv. 4. þm. Norðurl. e., og tjáði hann mér þá, að hann mundi vera reiðubúinn að mæta á nefndarfundi á mánudaginn. En það hefði verið mjög ólíklegt, ef málið hefði fyrst átt að takast til meðferðar í n. þá, að unnt hefði verið að afgreiða það fyrir áramót, svo að ég taldi það þá engu breyta.

Ég vildi aðeins, að þetta komi fram, en hafi ég hér í einhverju ekki farið alveg rétt með, þá geta aðilar auðvitað leiðrétt það.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það í sambandi við þetta mál nú, að mér þykir það leitt að þurfa að hlýða á hv. 10. þm. Reykv. halda afsökunarræðu eins og þá, sem hann nú var að halda, fyrir þeirri málsmeðferð, sem hér er í frammi höfð, því að ég get borið þessum hv. þm. það, að hann vill jafnan, eins og hann sagði, hafa góða samvinnu í hv. fjhn. um málsmeðferð, þótt menn séu þar ósammála, og það hefur einmitt tekizt að hafa um slíka hluti hið bezta samkomulag í þeirri nefnd. En maður bara finnur það, þegar þessi hv. þm. verður að halda slíka afsökunarræðu sem hann gerði hér, að það er ekki hann sjálfur, sem ræður ferðinni, heldur aðrir, sem leggja ekki jafnríka áherzlu á, að samvinna sé höfð um málsmeðferð, hvorki í n. né hér í hv. deild.

Ég hef svo aðeins því við að bæta út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í gær út af minni ræðu um þetta mál, að ég hefði getað sparað mér stóryrðin, því að hann hefði hlutazt til um, að málinu yrði frestað, að sá frestur er auðvitað ekki af því tagi, að það geti skipt

nokkru máli i sambandi við gagnrýni mína. Hún stendur enn þá óbreytt, því að ég get í öllum atriðum vísað til þess, sem ég sagði um þessa málsmeðferð, og afstaða mín er því óbreytt. Ég get ekki tekið þátt í atkvgr. um þetta frv., teldi reyndar réttast, að þm. felldu frv. um samþykkt ríkisreikningsins, en eftir atvikum mun ég þó láta mér nægja að mótmæla málsmeðferðinni með því að sitja hjá.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð síðasta ræðumanns, að formennska hv. formanns fjhn. hefur mér jafnan fallið vel, og þess vegna er það undantekning, að ég tel mig hafa ástæðu til þess að gera aths. við stjórn hans á nefndarstarfi nú. Hann sagði hér áðan það, sem hann kallaði „alla söguna". — Ég vil bæta við hana örlitlum eftirmála.

Þegar hann tilkynnti mér fund fjhn. um ríkisreikninginn, hafði ég lofað að mæta á öðrum fundi og tjáði honum það, það er alveg rétt. Sá fundur stóð ekki lengi, og ég mætti honum hér niðri í stiganum í alþingishúsinu, þegar ég kom af fundi og ætlaði að fara á fund hv. fjhn. Þá sagði hann mér, að sá fundur væri búinn, svo stuttur hafði hann verið. Ég vissi ekki annað en þessi fundur, sem hv. fjhn ætlaði að halda, væri um vinnubrögð, en ekki um endanlega afgreiðslu málsins, og ég vissi ekki heldur um, að afgreiðslan væri endanleg, fyrr en seinna, — hefði verið talin endanleg. Nú sé ég það á nál. hv. meiri hl., sem kom út upp úr þessum fundi, að þar segir: „N. hefur athugað frv."

Ég álít þetta nauðsynlegan eftirmála við sögu hv. formanns n., að n „athugaði" frv. á þessum stutta fundi, þar sem þó voru ekki eiginlega mættir nema meiri hl., þ. e. stjórnarstuðningsmennirnir.

„Nefndin hefur athugað frv." Það minnir mig á það, sem einhvern tíma var sagt af keisaranum: „Ríkið, það er ég." Ég hef náttúrlega oft orðið þess var, að hv. meiri hl. telur sig þess umkominn að ákveða fyrir fram niðurstöður mála án þess að ræða við minni hl., þótt hann sé nokkuð stór. En ég hef aldrei séð það fyrri, að það sé talið, að mál hafi verið „athugað af n.", þar sem minni hl. væri ekki viðstaddur. Og ég satt að segja fullyrði, að það voru engin skilyrði til þess að gera þá athugun á ríkisreikningnum, sem skylt er að gera af nefnd, sem málinu hefur verið vísað til, — það eru engin skilyrði til þess að gera þá athugun á svona stuttum fundi. Hér er um algert handahóf að ræða og flaustur og málamynd.

Ég skil það ákaflega vel, að hæstv. fjmrh. hefur áhuga á því að láta afgreiðslur fara fram á reikningnum, án þess að það dragist lengi. En hitt fyndist mér þó að væri enn þá eðlilegra, að hæstv. ráðh. hefði áhuga á því, að reikningurinn yrði vel undirbúinn, þegar hann væri lagður fram, vel frágenginn, fullkomlega endurskoðaður af þeim aðilum, sem eiga að endurskoða liði hans. En þó að ég hafi ekki haft tíma til þess að athuga reikninginn frá því sjónarmiði, hvernig þar hefur verið frá gengið, eru fréttir úr hv. Nd. um, að þar hafi þótt nokkuð á vanta. Og einnig sé ég það nú á aths. yfirskoðendanna, sem eru fljótlesnar, að þeir, sem ekki eru vanir því að vera strangir í aths., hafa þó að þessu sinni byrst sig í meira lagi, meira en þeir eru vanir að gera.

Ég fyrir mitt leyti álít, að hæstv. ráðh. hljóti að hafa áhuga á því, að nefnd og d. athugi reikninginn á forsvaranlegan hátt og hann geti orðið afgreiddur með þeim hætti, sem telst í samræmi við þingsköp. Ég álít, að það sé engan veginn hægt að telja, að hann hafi fengið þá meðferð, sem þingsköp ætlast til. Af þessum ástæðum lýsi ég því yfir, að ég mun ekki taka þátt í afgreiðslu reikningsins og mun sitja hjá við atkvgr. um hann á þessu stigi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós mína stórkostlegustu furðu yfir þeim vinnubrögðum, sem hér á að viðhafa. Það er ákaflega skiljanlegt, að ríkisstj. liggi stundum á því að fá lög afgreidd, lög, sem hafa að geyma efnisreglur, sem á eftir að fara í framtíðinni. Við því segir enginn neitt, það skilur hver maður. Það skilur hver maður, að ríkisstj. þurfi að leggja eða leggi áherzlu á t. d. afgreiðslu skattal. eins og söluskattsfrv., það er auðskilið mál. En að hún skuli leggja áherzlu á að hraða samþykkt ríkisreikninga með þeim hætti, sem hér er gert, er meira en ég fæ skilið. Og í því sambandi sakar ekki að gera sér grein fyrir því, hvers eðlis þetta lagafrv. er, sem hér er verið að fjalla um.

Þetta reikningslagafrv. geymir engar efnisreglur, það á ekki að fara eftir neinu í því í framtíðinni. Í hvaða skyni er það lagt fyrir Alþingi? Það á að leggja fyrir Alþingi frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum til þess að gefa Alþingi kost á því að kanna það, hversu vel hafi verið fylgt þeim áætlunum og fyrirmælum, sem gefin hafa verið í fjárl. og fjáraukal. Það er meiningin og það er eina meiningin með l. um samþykkt landsreiknings. L. um samþykkt landsreiknings þýða það eitt og ekkert annað en syndakvittun til ráðh. fyrir ráðsmennsku hans á fjármálum ríkisins. Það er skylda ráðh. að sjá um, að endurskoðun fari fram með eðlilegum hætti og að frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi sé lagt fram með skikkanlegum hætti og á skikkanlegum tíma. En svo vil ég leyfa mér að halda því fram, að hlutverki ráðh. sé lokið í sambandi við frv. til l. um landsreikning. Þá álít ég, að þingið eigi að taka við og það eigi að segja til um það, hversu langan tíma það telur sig þurfa að hafa til að athuga frv. Það er ekki smekklegt af hæstv. fjmrh. að ganga eftir því, að ríkið gefi sér syndakvittun deginum fyrr en ella. Hann á að láta það um það, hvenær það vill láta slíka syndakvittun í té.

Og hverja þýðingu hefur nú það, að þetta frv. er samþ. nú og afgreitt? Það hefur eina og aðeins eina einustu þýðingu, og það er það,

að það er samþykkt fyrir jól, það verður birt sem lög í Stjórnartíðindunum fyrir 1964. En ef það verður dregið að afgreiða það þangað til eftir jól, kemur það í Stjórnartíðindum fyrir 1965, en það verður sama þingið, sem afgreiðir það.

Ráðh. hefur í þessu sambandi algerlega lokið sínu hlutverki, og hann ætti að sjá sóma sinn í því að láta málið algerlega afskiptalaust, láta þingið alveg um það, hvenær það vill afgreiða landsreikninginn og veita honum syndakvittun, og gefa þinginu ríkulegan tíma til þess að athuga það. En hitt er svo augljóst mál, að eina skylda þingsins í sambandi við þetta frv. og ríkisreikningslög er að athuga og kanna reikninginn, og það er öllum ljóst, að þeirri skyldu bregzt þingið með þeim afgreiðsluhætti, sem hér er viðhafður. Og ég verð að segja það, að í ljósi þess, sem ég hef sagt, er mér aldeilis ómögulegt að skilja það, hverja áherzlu fjmrh. leggur á það að fá þetta afgreitt. Hann hefur gert allt, sem af honum verður krafizt, með því að leggja frv. fram. Meira verður ekki krafizt af honum. En ef það er rétt, að það sé hann, sem stendur fyrir þessum vinnubrögðum í fjhn., að fjhn.-menn fái ekki tíma til að athuga frv., þá er það að mínum dómi alger miskilningur á hans hlutverki, alger misskilningur bara, alveg furðulegur, og það er með svona vinnubrögðum verið að kippa stoðunum undan því fjárstjórnarkerfi, sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, þ. e. að þingið leggi línurnar um fjárstjórnina fyrir fram, ráðherrann sjái um framkvæmdina og þingið fái aðstöðu til þess eftir á að kanna, hvernig fjárstjórninni hafi verið hagað, og að því búnu, þegar sú könnun hefur farið rækilega fram, þá gefi það ráðherranum syndakvittun. En að vera að fara fram á það af einum ráðh., að þingið láti sér í té syndakvittun, áður en þingið hefur fengið nokkra aðstöðu til þess að kanna málið, það er alveg — ja, ég vil segja, það er kannske ekki óheyrt, en það er ákaflega óeðlilegt. Þetta hljóta allir að sjá, og nú finnst mér athugandi, hvort meiri hl. n. í þessari hv. d. hefur ekki bolmagn til þess að taka upp skynsamleg vinnubrögð í þessu máli og koma vitinu fyrir hæstv. fjmrh. í þessu efni, ef á þarf að halda.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 209).

---

8. Háskóli Íslands.

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1960 og l. nr. 51/1962, um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands [96. mál] (stjfrv., A. 142).

Á 27. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að stofnað sé nýtt prófessorsembætti við Háskóla Íslands, prófessorsembætti í lífeðlisfræði. Nú annast sami prófessor kennslu og rannsóknir í lífeðlisfræði og lífefnafræði, en talið er nauðsynlegt að skipta þessu embætti þannig, að sinn hvor prófessorinn annist kennslu og rannsóknir í hvorri greininni um sig, enda sé það í raun og veru einum manni um megn að annast kennslu og rannsóknir í jafnviðfeðmum greinum og hér er um að ræða. Við aðra háskóla mun nú orðið óþekkt, að sami prófessor hafi á hendi kennslu í báðum þessum greinum.

Ríkisstj. ákvað þegar í haust að leggja þetta frv. fyrir hið háa Alþingi og gerði því ráð fyrir fjárveitingu til þess að launa prófessorinn í fjárlfrv. fyrir árið 1965. Auk þessa er í fjárlfrv. gert ráð fyrir 500 þús. kr. fjárveitingu til stofnkostnaðar lífeðlisfræðideildar við læknadeildina.

Háskólinn hefur samið áætlun um fjölgun prófessora við stofnunina næstu 10 árin, en sú áætlun er til rækilegrar athugunar í menntmrn. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir stofnun þriggja embætta á þessu ári, prófessorsembættis í lífeðlisfræði við læknadeildina, prófessorsembættis í réttarsögu við lagadeild og prófessorsembættis í ensku við heimspekideild. Er þetta frv. því í samræmi við áætlun þá, sem fyrir liggur af háskólans hálfu um fjölgun prófessorsembætta við stofnunina.

Ég tel rétt að kynna hv. þm. þessa áætlun í aðalatriðum, þar eð ég tel brýna nauðsyn bera til þess að efla háskólann mjög verulega nú þegar og á næstu árum, ekki aðeins með fjölgun kennaraembætta, heldur einnig með bættri aðstöðu til kennslu og rannsókna.

Þegar háskólinn var stofnaður 1911, urðu stúdentar hans 45. Nú á þessum vetri stunda um 925 stúdentar nám við háskólann, og enginn vafi er á því, að í vændum er stórfelld fjölgun á stúdentum háskólans. Má gera ráð fyrir því, að stúdentatala þrefaldist á næstu tveim áratugum. Tala kandidata frá háskólanum hefur að sjálfsögðu einnig farið mjög vaxandi. Á þessu ári hefur háskólinn brautskráð 74 kandidata, og skiptast þeir þannig á deildir: Guðfræðideild 1, læknisfræði 19, tannlækningar 6, lyfjafræði lyfsala 3, lögfræði 3, viðskiptafræði 11, íslenzk fræði 2, nám til B.A.-prófs 11, íslenzka fyrir erlenda stúdenta 1 og verkfræðideild 11.

Á undanförnum áratugum hefur verið tekin

upp kennsla í ýmsum nýjum kennslugreinum við háskólann. Haustið 1940 var hafin kennsla í verkfræði, og hefur deildin brautskráð 7 kandidata og 183 fyrrihlutaprófsmenn, sem síðan hafa haldið áfram námi erlendis. Haustið 1941 var hafin kennsla í viðskiptafræðum, og hefur deildin nú brautskráð 179 kandidata. Haustið 1942 hófst kennsla til B.A.-prófa og hafa alls 123 stúdentar lokið því prófi, en kennslusvið hefur smám saman verið aukið. Haustið 1945 var hafin kennsla í tannlækningum, og hafa alls 50 kandidatar lokið fullnaðarprófi í tannlækningum. Haustið 1957 hófst síðan kennsla í lyfjafræði lyfsala, og hafa alls 5 lokið prófi þar.

Nú eru starfandi við háskólann 36 prófessorar, 26 dósentar, 27 aukakennarar og 6 sendikennarar, eða samtals 95 kennarar. Þeir skiptast þannig á deildir, að í guðfræðideild eru 3 prófessorar, 1 dósent og 1 aukakennari, í læknadeild 10 prófessorar, 17 dósentar og 13 aukakennarar, í lagadeild 4 prófesorar og 2 aukakennarar, í viðskiptadeild 3 prófessorar, 2 dósentar og 2 aukakennarar, í heimspekideild 10 prófessorar, 3 dósentar, 6 aukakennarar og 6 sendikennarar og í verkfræðideild 5 prófessorar, 3 dósentar og 3 aukakennarar.

Veruleg fjölgun hefur orðið á prófessorum, dósentum og aukakennurum undanfarin ár. En betur má þó, ef duga skal, þ. e. a. s. ef háskólinn á að vera fær um að gera hvort tveggja: taka við hinni gífurlegu aukningu stúdenta, sem tvímælalaust er í vændum, annars vegar og svo hins vegar að bæta kennsluna frá því, sem verið hefur, og gera hana mun fjölbreyttari og efla rannsóknarstörf sín á ýmsum sviðum.

Þá skal ég í fáeinum orðum gera grein fyrir tíu ára áætlun þeirri, sem háskólinn hefur gert um kennarafjölgun. Er þar gert ráð fyrir stofnun 32 nýrra prófessorsembætta á næstu 10 árum, og skiptast þau þannig á deildir háskólans: Guðfræðideild 2, læknadeild 7, lagadeild 3, viðskiptadeild 1, heimspekideild 4 og verkfræðideild 15, eða samtals 32. Áætlunin gerir ráð fyrir fjölgun annarra kennara sem hér segir: Læknadeild 33, lagadeild 5, viðskiptadeild 2, heimspekideild 4 og verkfræðideild 5, eða samtals 49. Samtals er því gert ráð fyrir 81 nýjum kennara við háskólann næsta áratuginn. Á einstök ár dreifist áætlunin þannig, að á fyrsta ári er gert ráð fyrir stofnun eins prófessorsembættis í læknadeild í lífeðlisfræði, prófessorsembættis í réttarsögu í lagadeild og í ensku við heimspekideild, á öðru árinu eða 1965 prófessorsembætti í mannkynssögu í heimspekideild, á árinu 1966 2 embættum í læknadeild og embætti í þjóðhagfræði við viðskiptadeild og dönsku við heimspekideild, 1967 embætti í refsirétti við lagadeild, 1968 embætti í kennimannlegri guðfræði við guðfræðideild, 1969 þrem embættum í læknadeild, 1970 embætti í fjármunarétti við lagadeild, 1971 embætti í almennri heimspeki við heimspekideild, 1972 4 prófessorsembættum í læknadeild og að lokum 1973 prófessorsembætti í siðfræði við guðfræðideild.

Í sambandi við þessa tíu ára áætlun um kennarafjölgun við háskólann er þess að geta, að hún tekur eingöngu til þeirra deilda, sem nú starfa við háskólann. En uppi eru ráðagerðir um að auka verksvið háskólans á ýmsum sviðum, bæði að því er snertir kennslu og rannsóknarstörf. Í því sambandi vil ég fyrst og fremst láta þess getið, að undanfarin ár hefur verið unnið að undirbúningi þess, að allir þeir, sem gerast vilja framhaldsskólakennarar, geti sótt fullgilda háskólamenntun til Háskóla Íslands, bæði á sviði tungumála og annarra hugvísinda og á sviði raunvísinda, og sé sú menntun fullkomlega sambærileg þeirri, sem krafizt er af framhaldsskólakennurum í nálægum löndum. Á því hefur því miður verið mikill misbrestur hér, að framhaldsskólakennarar hafi átt kost á æskilegri framhaldsmenntun, og tel ég sjálfsagt, að stefnt sé að því, að allir framhaldsskólakennarar verði háskólamenntaðir menn, sem átt hafi kost á því að hljóta menntun sína í Háskóla Íslands. Virðist þetta ekki hvað sízt vera sjálfsagt, eftir að verksvið Kennaraskóla Íslands var aukið, hann gerður að stúdentaskóla, auk þess sem hann heldur áfram að mennta kennara fyrir barnaskólana. En jafnhliða því að háskólinn tæki að sér að sjá framhaldsskólunum fyrir háskólamenntuðum kennurum, ætti kennaraskólinn að hafa aðstöðu til þess að veita þeim, sem ætla að starfa eða eru starfandi við barnaskólana, framhaldsmenntun í sérgreinum kennarastarfsins, þ. e. a. s. framhaldsmenntun á kennaraháskólastigi. Ef af þessum ráðagerðum yrði, mundi verksvið háskólans stóraukast og kennarafjöldi hans þurfa að aukast enn umfram það, sem getur í 10 ára áætlun háskólans.

Þá er og nauðsynlegt að taka, áður en langt um líður, upp kennslu og rannsóknir í nýjum greinum við háskólann, og ber þá fyrst og fremst að nefna náttúrufræði og almenn þjóðfélagsvísindi. Mundi það þá einnig kalla á nýja kennslukrafta til viðbótar 10 ára áætluninni. Ég held, að slíkar hugmyndir um vöxt og eflingu háskólans séu ekki aðeins raunhæfar, heldur mjög gagnlegur. Almennur skilningur á því, að einmitt bókvitið verður látið í askana, fer nú svo mjög vaxandi, og ég þykist mega gera ráð fyrir því, að tillögum um fjölgun kennaraembætta við háskólann og eflingu hans að öðru leyti verði vel tekið á hinu háa Alþingi og þeim muni verða fagnað meðal þjóðarinnar.

Ég vona, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu hér í hinni hv. d. Ég hefði helzt kosið, að hægt yrði að auglýsa hið nýja embætti svo tímanlega, að nýi prófessorinn gæti tekið til starfa á vormissirinu næsta ár.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega það frv., sem hér

liggur fyrir. Ég hygg, að allir þm. verði sammála um að greiða för þess í gegnum þingið, en það, sem hæstv. menntmrh. sagði í framsöguræðu sinni, gefur mér tilefni til að segja aðeins nokkur orð.

Mér finnst rétt að vekja athygli á því, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að á áratugnum 1940—1950 virðist hafa verið allveruleg gróska í störfum háskólans, þannig að þá hefur verið bætt við allmörgum nýjum deildum, en nú seinasta áratuginn sýnist mér af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að þá hafi ríkt helzt til mikil kyrrstaða í þessum efnum og störf háskólans lítið verið færð út. Af þeim ástæðum ber að fagna því, að nú virðist vera hafin ný sókn til eflingar háskólanum. En það, sem mér fannst koma fram í þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. flutti hér, var, að í þeirri áætlun, sem gerð hefur verið, virðist vera megináherzla lögð á að efla þær deildir, sem fyrir eru, og það út af fyrir sig er að sjálfsögðu góðra gjalda vert. En hitt hygg ég að sé þó miklu mikilsverðara, bæði með tilliti til þarfa þjóðarinnar og vegna þess að stúdentum mun fara mjög fjölgandi hér á næstu árum, en það er að færa út starfssvið háskólans og bæta við hann nýjum deildum, og þess vegna vildi ég leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að háskólinn og þau stjórnvöld, sem yfir honum ráða, láti sér það ekki eitt nægja að gera áætlun um þær deildir, sem fyrir eru, heldur fyrst og fremst áætlun um aukið verksvið háskólans og um nýjar deildir, sem þurfa að bætast við hann.

Þess saknaði ég líka í þessari áætlun, sem hæstv. menntmrh. las hér, að ef ég hef tekið rétt eftir, er gert ráð fyrir verulegri aukningu á öllu starfsliði allra deildanna nema helzt verkfræðideildarinnar. Ég tók ekki eftir því, að gert væri ráð fyrir, að starfslið hennar væri verulega aukið, en ég hygg, að það sé þó ekki sízt á þeim vettvangi, sem nauðsynlegt sé að auka starfssvið háskólans.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 180).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um stofnun prófessorsembættis í lífeðlisfræði, en læknadeild háskólans er mikil nauðsyn að fá þetta embætti stofnað, þar sem kennsla í þessari grein hefur hvílt á herðum annars prófessors.

Í framsögu fyrir þessu frv. skýrði hæstv. menntmrh. frá 10 ára áætlun háskólans um fjölgun kennaraembætta til samræmis við fyrirsjáanlega og mikla fjölgun nemenda. Afgreiðsla þess máls felur að sjálfsögðu ekki í sér neina umsögn um þá áætlun, en menntmn. telur æskilegt, að þingið fái, þegar tími er til, að kynnast þeirri áætlun frekar.

Menntmn. er einróma um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþykkt samhljóða í gær, eftir að menntmn. hafði einróma mælt með samþykkt þess.

Í frv. er lagt til, að stofnað sé nýtt prófessorsembætti við Háskóla Íslands í lífeðlisfræði, en nú annast sami prófessor kennslu og rannsóknir í lífeðlis- og lífefnafræði, en það er talið nauðsynlegt að skipta þessu embætti, þannig að sinn hvor prófessorinn annist kennslu og rannsóknir í hvorri greininni um sig.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1965 er gert ráð fyrir launum til þess að launa prófessor, sem skipaður yrði, ef þessi lög verða samþykkt, og enn fremur er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir fjárveitingu til stofnkostnaðar lífeðlisfræðideildar við læknadeildina.

Þetta frv. er flutt í samræmi við áætlun, sem háskólinn hefur gert um fjölgun kennara við stofnunina næstu tíu árin, en ráð er fyrir því gert, að mikil fjölgun verði á stúdentum við háskólann á næstu áratugum. Hefur verið áætlað, að tala stúdenta muni a. m. k. þrefaldast á næstu tveim áratugum.

Meginatriði þeirrar áætlunar, sem háskólinn hefur gert um kennarafjölgun við stofnunina, eru þau, að á næstu tíu árum verði stofnuð 32 ný prófessorsembætti við háskólann. Skiptast þau þannig á deildir: 2 við guðfræðideild, 7 í læknadeild, 3 í lagadeild, 1 við viðskiptadeild, 4 í heimspekideild, og 15 í verkfræðideild, eða samtals 32. Gert er ráð fyrir að fjölga öðrum kennurum, þ. e. a. s. dósentum og lektorum, um 49, og skiptast þau þannig á deildirnar: 33 í læknadeild, 5 í lagadeild, 2 í viðskiptadeild, 4 í heimspekideild og 5 í verkfræðideild. Gerir háskólinn þannig ráð fyrir þörf á 81 nýjum kennara á næstu tíu árum.

Í sambandi við þetta ber þess að geta, að

þessi kennarafjölgun er ráðgerð eingöngu við þær deildir, sem nú starfa við háskólann, en uppi eru ráðagerðir um að auka verksvið háskólans á ýmsum sviðum, bæði að því er snertir kennslu og rannsóknarstörf. Í því sambandi er rétt að láta þess fyrst og fremst getið, að undanfarin ár hefur verið unnið að undirbúningi þess, að allir þeir, sem vilja gerast framhaldsskólakennarar, geti sótt fullgilda háskólamenntun við Háskóla Íslands, bæði á sviði tungumála og annarra hugvísinda og á sviði raunvísinda, þannig að sú menntun verði fyllilega sambærileg þeirri, sem krafizt er af framhaldsskólakennurum í nálægum löndum. En ég tel sjálfsagt að stefna að því, að allir framhaldsskólakennarar við íslenzka skóla verði háskólamenntaðir menn, sem hafi átt þess kost að hljóta menntun sína í Háskóla Íslands. Virðist þetta ekki hvað sízt sjálfsagt, eftir að verksvið kennaraskólans var aukið og hann gerður að stúdentaskóla, auk þess sem hann heldur áfram að mennta kennara fyrir barnaskólana. En jafnframt því sem háskólinn tæki að sér að sjá framhaldsskólakennurum fyrir menntun, framhaldsskólunum fyrir háskólamenntuðum kennurum, ætti kennaraskólinn að hafa aðstöðu til þess að veita þeim, sem eru starfandi eða ætla að starfa við barnaskólana, framhaldsmenntun í sérgreinum kennarastarfsins, þ. e. framhaldsmenntun á kennaraháskólastiginu.

Þá tel ég rétt að geta þess, að ég tel nauðsynlegt, áður en langt um líður, að taka upp kennslu og rannsóknir í náttúrufræði t. d. og í almennum þjóðfélagsvísindum við háskólann.

Ég held, að þessar hugmyndir um vöxt og eflingu háskólans séu ekki aðeins raunhæfar, heldur einnig mjög gagnlegar, og tel, að þeim muni verða vel tekið. Þessu hefur raunar verið mjög vel tekið í hv. Nd., og ég vona, að hið sama verði upp á teningnum hér í hv. Ed.

Þá legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er meðmæltur þessu frv., sem hér liggur fyrir, og vil gera mitt til, að það fái greiðan framgang.

Hæstv. menntmrh. hefur yfirleitt sýnt málefnum háskólans mikla vinsemd og skilning, og er það honum til sóma, og ég fyrir mitt leyti er honum þakklátur fyrir það. En af því að ég á ekki sæti í þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, langar mig til með fáeinum orðum að benda á tiltekin atriði til athugunar í sambandi við þetta mál.

Hæstv. menntmrh. gat þess lauslega í framsöguræðu sinni hér áðan, að háskólaráð hefði látið frá sér fara ýtarlega greinargerð um nauðsyn á fjölgun fastra kennara við háskólann á næstu 10 árum og þar hefði verið farið fram á 32 ný prófessorsembætti. Það kann að vera, að ýmsum þyki hér gæta nokkurs stórhugar, en ég hygg þó að þessi málaleitan sé allvel rökstudd og ekki muni af þessu veita, ef háskólinn á að geta haldið til jafns við hliðstæðar stofnanir í öðrum löndum.

En auðvitað verður í þessu sem öðru, hversu æskilegt sem það kann að vera og er að efla háskólann sem mest, að taka tillit til getu og þjóðfélagshátta hér. Þetta er stórkostlega merkilegt mál og náttúrlega ástæða til þess að ræða það hér mjög ýtarlega, og hefði auðvitað verið æskilegt, að hæstv. menntmrh. hefði gert grein fyrir því máli almennt. En hann hefur gilda afsökun í því efni, þar sem tími er nú naumur og ekki er hægt að ræða þau mál almennt, og það ætla ég ekki heldur að gera. En ég ætla aðeins að nefna það, að eftir því sem ég veit bezt um þessa greinargerð, er gert ráð fyrir því í henni, að tvö prófessorsembætti séu þar í efstu röð, jafnrétthá, að ég held, og gert ráð fyrir því, að til þeirra verði stofnað með lögum á þessu ári. Það var þetta prófessorsembætti í læknisfræði, sem hér er lagt til að stofnað sé, og prófessorsembætti í réttarsögu við lagadeild háskólans.

Mér hefur skilizt, að í greinargerð háskólaráðs hafi ekki verið gert upp á milli þessara embætta. Nú hefur hins vegar frv. um aðeins annað verið flutt hér, og er það þá líklega hæstv. ráðh., sem hefur tekið ákvörðun um að láta þetta frv. ganga fyrir. Ég get ekki neitað því, að ég hefði náttúrlega kosið, að þessi tvö prófessorsembætti hefðu fylgzt að, en ef það hefur ekki þótt fært og ef það ekki þykir fært að stofna nú nema annað þeirra, þá skal ég ekki vera með neinn meting í því efni og skal út af fyrir sig ekki gera neina sérstaka athugasemd við það, að þetta prófessorat hefur verið tekið fram yfir.

Eins og hæstv. menntamálaráðherra drap á hér áðan, gera fjárlög næsta árs ekki ráð fyrir nema því embætti, sem hér er um að ræða. Þess vegna vil ég ekki leggja það til nú, að það sé stofnað á næsta ári prófessorsembætti í réttarsögu, þar sem fjárlög koma ekki til með að gera ráð fyrir því. En ég vil leyfa mér að skjóta því til nefndarinnar, sem fær þetta frv. til meðferðar, hvort á því sé ekki hægt að gera þá breytingu að bæta við prófessorsembætti í réttarsögu í lagadeild, þannig að þau verði látin sitja við sama borð, þessi prófessorsembætti, og farið að í því efni í samræmi við óskir háskólaráðs, en þó með því ákvæði, að það embætti verði ekki veitt fyrr en frá 1. jan. 1966, svo að það gefist tækifæri til þess að taka það upp í fjárlög, þannig að brjóti ekki á neinn hátt í bága við fjárlög næsta árs. Ég held, að sú tilhögun gæti líka verið skynsamleg ekki aðeins að því leyti, að þá væri alveg, að ég held, farið eftir óskum háskólaráðs í þess greinargerð, heldur og hinu, að með þeirri skipan gæfist nokkurt svigrúm í þessu efni og þeim manni, sem valinn yrði í þetta embætti, t. d. tími til að undirbúa sig undir það. En ég verð að segja, að ég tel það mjög heppilega tilhögun, þegar um stofnun nýrra háskólakennaraembætta er að ræða, að til þeirra sé stofnað með nokkrum fyrirvara,

þannig að mönnum gefist svigrúm til undirbúnings. Ég vildi fyrst og fremst skjóta þessu til n. og biðja hana að taka þetta til athugunar. Og í annan stað vildi ég beina því til hæstv. ráðh., hvort hann telur sig ekki eftir atvikum geta fallizt á þessa skipan, en ef hann gæti það ekki, hvort hann væri þá við því búinn nú að gefa yfirlýsingu um þá ætlan sína, að flutt verði frv. um réttarsögupróféssor á næsta ári.

Ég sé ekki ástæðu til og vil ekki tefja tímann á því að rökstyðja nauðsyn eða æskileik á stofnun prófessorsembættis í réttarsögu. Ég vil aðeins geta þess, sem öllum má vera kunnugt, að á því sviði eigum við Íslendingar merkilega sögu og sú saga er gildur þáttur í okkar menningarsögu. Þar er mikið og margt órannsakað, og rannsóknir í þeim efnum hafa til þessa ekki verið ræktar sem skyldi, þó að við háskólann hafi starfað ágætir réttarsögufræðingar, en þeir hafa ekki getað sinnt þeirri grein sem aðalgrein. Ég held, að það væri mjög æskilegt, að það gæti verið við háskólann einn maður, sem gæti gefið sig við þessu verkefni, og hans embætti væri þá fyrst og fremst rannsóknarembætti frekar en kennsluembætti. Það er nú svo, að á sviðum lögfræðinnar flestum verðum við í háskólanum yfirleitt frekar þiggjendur en gefendur gagnvart öðrum löndum. Við sækjum mjög okkar hugmyndir þangað, en getum því miður lagt lítið þar af mörkum. En ég held, að einmitt á sviði réttarsögu gætum við frekar verið veitendur en þiggjendur, og ég hygg, að ef vel tækist til með val manns í þá stöðu, gæti hann lagt fram mjög þýðingarmikinn skerf, sem gæti verið metinn af öðrum þjóðum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég tek fram, að ég nefni þetta ekki hér til þess á nokkurn hátt að tefja eða torvelda framkvæmd þessa máls, sem hér liggur fyrir, en vildi aðeins koma þessum aths. á framfæri, biðja n. að athuga það og fá að heyra undirtektir ráðh. undir málið. En málið sjálft, efling háskólans og sú grg., sem frá háskólaráði hefur farið um það, er svo merkilegt mál, að náttúrlega væri það í fyllsta máta eðlilegt, að hæstv. menntmrh. gerði hv. Alþingi grein fyrir hugmyndum sínum í því efni við tækifæri. Og ég vil að lokum geta þess, að það gladdi mig sérstaklega að heyra það í framsöguræðu hans áðan, að hann hefði mikinn áhuga á því að koma upp nýjum kennslugreinum við háskólann, og þá fagna ég ekki hvað síst því, að upp verði tekin þar kennsla í þjóðfélagsvísindum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 195).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað það frv., sem hér er til umr., og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um efni þess umfram það, sem kemur fram í ýtarlegri grg., sem frv. fylgir, og enn fremur fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði hér í hv. þd. við 1. umr.

Vegna þess að ég hafði ekki áttað mig á breyttum fundartíma, kom ég það seint á þingfund í þessari hv. þd. í gær, að ég missti af 1. umr. um frv. Mér er tjáð, að eftir að hæstv. menntmrh. hafði fylgt því úr hlaði, hafi hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) hreyft því, hvort hugsanlegt væri að bæta inn í frv. ákvæði um stofnun prófessorsembættis í réttarsögu við lagadeild háskólans, þótt það kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1966, þar sem í fjárlfrv. fyrir næsta ár er ekki ráðgerð fjárveiting vegna slíks embættis. Ég veit, að hv. þm. leiðréttir það, ef þetta er ekki rétt hermt.

Af þessu tilefni kom fram í menntmn. ósk um það, að aflað yrði upplýsinga um afstöðu hæstv. menntmrh. til þessa atriðis, og hæstv. ráðh. tjáði mér, að stofnun slíks embættis væri til athugunar hjá ríkisstj., en hann lagði hins vegar áherzlu á, að þetta frv. yrði afgreitt fyrir jólafrí, eins og það liggur nú fyrir, og það mun reyndar einnig hafa komið fram í ræðu hæstv. ráðh. við 1. umr. málsins ósk um það, að frv. yrði afgr. fyrir jól. Þessar upplýsingar lágu fyrir í n., og voru nm. þá reiðubúnir til að afgreiða málið, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 195, mælir n. einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós kærar þakkir mínar til hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli og veit, að háskólinn mun meta mjög mikils þá skjótu og góðu fyrirgreiðslu, sem málið hefur fengið hér hjá hinu háa Alþingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 210).

9. Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins [103. mál] (stjfrv., A. 152).

Á 27. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. felast tvær breytingar á núgildandi lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Hin fyrri lýtur að sjálfri verðákvörðun fisksins og eftir hvaða reglum skuli um þá verðlagningu farið. Í núgildandi lögum um þetta efni segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvarðanir verðlagsráðs um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum.“ Þetta hefur reynzt þannig í framkvæmd, að sérstaklega fiskseljendur, bæði útgerðarmenn og sjómenn, hafa verið óánægðir með þetta orðalag á greininni og telja, að með því og ákvörðun verðlagsráðsins, sem byggð er á þessu orðalagi, hafi ekki verið sinnt þeirra hagsmunum eins og vera bæri. Þeir hafa talið, að þar væri ekki lagt neitt til grundvallar eða ekki einu sinni höfð hliðsjón af því, hver tilkostnaðurinn væri við öflun fisksins, en eingöngu miðað við það markaðsverð, sem fáanlegt væri fyrir fullunnu vöruna, og þó tekið tillit til vinnslukostnaðarins sérstaklega. Þetta hefur gengið svo langt, að á síðasta ári lá við borð, að störf verðlagsráðsins yrðu að leggjast niður, vegna þess að fulltrúar fiskseljenda vildu ekki ganga til dómsákvörðunar, á meðan þetta lagaákvæði væri óbreytt.

Þetta var síðan rætt við þá allýtarlega, og ríkisstj. hét því þá að flytja um þetta brtt. á þessu þingi. Um þessar breytingar og hvernig þær yrðu markaðar hefur svo verið rætt við aðilana, og hafa fulltrúar fiskseljenda, bæði útgerðarmenn og sjómenn, fallizt á það orðalag, sem í 1. gr. frv. felst. Hins vegar hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem líka hefur verið rætt við um þetta, tjáð sig mótfallna þessari breytingu. En orðalag greinarinnar, eins og hv. þm. sjá, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og af framleiðslukostnaði hans.“ Þannig er opnaður möguleiki til þess, að við verðákvörðunina verði tekið hóflegt tillit til þarfa og óska beggja aðilanna, bæði fiskkaupenda og fiskseljenda, en ekki eingöngu miðað, eins og í núgildandi lögum er gert, við þarfir fiskkaupendanna, í tengslum við það markaðsverð, sem fáanlegt er á erlendum markaði.

Þetta er önnur breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir. Hinu breytingin er svo um skipun oddamanns í verðlagsdóm, ef til hans kemur. Í núgildandi lögum um verðlagsráð segir, að verðlagsráðsmenn skuli leitast við að koma sér saman um oddamann, og ef þeim tekst það ekki innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er í lögunum, þá skal hæstiréttur tilnefna mannin.

Nú hefur oltið á ýmsu um þetta. Stundum hefur samkomulag tekizt um mann, stundum ekki, og hefur þá hæstiréttur orðið að úrskurða. Þetta hefur orðið til þess, að oddamaðurinn hefur ekki verið sá sami, og þess vegna ekki tekizt að fá samhengi í störf dómsins, þannig að þegar nýr maður er til kvaddur, þá hefur hann kannske annað sjónarmið en fyrirrennari hans, og verður þess vegna samhengið í verðlagsákvörðuninni ekki eins gott og það þyrfti að vera.

Í lögunum um verðlagningu landbúnaðarafurða er fastur embættismaður, sem lögin ákveða sem oddamann, þar sem er hagstofustjóri, og hann skipar þá oddasætið í dómnum, þegar til hans þarf að koma.

Það hefur þess vegna orðið ofan á samkvæmt tillögum fiskseljendanna, bæði sjómanna og útgerðarmanna, að þessari skipan yrði breytt, þannig að fastur oddamaður skipaði forsæti dómsins, þegar til hans þarf að koma. Þeir lögðu til, að þessi oddamaður yrði formaður Efnahagsstofnunar ríkisins, sem nú er Jónas Haralz, en annars bundið við embættið, alveg eins og oddamaðurinn í verðlagsráði landbúnaðarins. Hann hefur fallizt á að taka þetta að sér, ef ríkisstj. óskaði eftir því, og þetta er sem sagt ósk fiskseljendanna. Um þetta atriði hefur ekki verið rætt við fiskkaupendurna, þannig að ég veit ekki þeirra afstöðu til málsins, en ég get ekki ímyndað mér, að þeir hafi neitt sérstakt á móti því, að þessi háttur verði hafður á.

Þetta eru þær tvær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er, eins og ég sagði, flutt í fullu samkomulagi við fiskseljendurna. Kaupendurnir eða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur tjáð sig ósamþykka þessari breytingu, um fyrra atriðið. Um seinna atriðið hefur ekki verið rætt, en ég tel, að ef ekki næst samkomulag um það við fiskseljendurna að fá orðalaginu um verðákvörðunina breytt í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, þá muni störf verðlagsráðsins vera í hættu og hæpið, að það geti haldið áfram að starfa, heldur verði óvirkt.

Nú líður að því, að það þarf að koma til verðlagsákvörðunar á afla næstkomandi vertíðar, og þess vegna er mjög nauðsynlegt, að þetta frv. nái fram að ganga sem allra fyrst fyrir jólafrí. Ég játa, að það er seint fram komið, en það er af ýmsum ástæðum. Það hefur gengið á milli ýmissa aðila og þess vegna ekki verið hægt að leggja það fram fyrr.

Ég vildi þess vegna heita á hv. alþm. að greiða fyrir því, að frv. gæti náð fram að ganga fyrir þinghlé, svo að hin nýja skipun gæti tekið til þeirrar verðákvörðunar, sem nú fer í hönd.

Ég vildi einnig leyfa mér að fara þess á leit við þá hv. n., sem fær frv. til meðferðar og væntanlega verður sjútvn., að hún gæti skilað nál. um þetta hið allra fyrsta og helzt á morgun, ef mögulegt er, til þess að hafa von um, að frv. nái fram að ganga.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég tel, að sú meginbreyting, sem felst í þessu frv. á l. um verðlagsráð sjávarútvegsins, sé til bóta, það atriði, að skýrt sé fram tekið, að við verðákvörðun á fiski skuli að jöfnum hluta taka tillit til kostnaðarins við að afla fisksins, eins og tillit er tekið til kostnaðarins við að vinna hann og selja hann. Það álít ég, að sé til bóta, og það er enda skoðun mín, að það hafi verið meiningin, að þannig yrði á málunum haldið, þegar þessi lög voru upphaflega sett.

Annað atriði í þessu frv., sem miðar að breyt. á l., er um val á oddamanni í yfirnefnd. Það má vel vera, að það verði heldur til bóta, að það sé fastur aðili, sem sinnir þessum störfum. Ég býst við því, að það sé heldur til bóta en að vera að skipta þarna um mann í sífellu, eins og verið hefur. En þó verð ég að segja það, að ég hefði talið miklu betra, að þeir aðilar, sem þarna sitja að samningborði, reyndu fyrst að koma sér saman um oddamann, eins og gert var ráð fyrir í l., að þeir gerðu, og dæmi eru til um, að það hafi heppnazt. En með þessari breyt. er því slegið föstu, að tiltekinn embættismaður skuli vera þarna oddamaður í öllum tilfellum.

En ég tel rétt, þó að þessar breyt., sem hér er gert ráð fyrir að gera á l. um verðlagsráð sjávarútvegsins, séu fremur til bóta að mínum dómi og eigi að greiða fyrir þeim út af fyrir sig, að taka það skýrt fram, að því fer að mínum dómi alls fjarri, að sú leið, sem valin var til verðákvörðunar á fiski með þessari lagasetningu um verðlagsráð sjávarútvegsins, sé heppileg eða hún leysi þann vanda, sem þarna er við að glíma.

Þessi leið byggir á gerðardómsaðferð. Það er gert ráð fyrir því, að hægt sé að úrskurða um það, hvert skuli vera fiskverð á hverjum tíma. Það á að vísu að ákveðast eftir athugun á ýmsum kostnaðarreikningum, sem lagðir skulu fram af aðilum. En það er lítil lausn á slíku vandamáli eins og það er að ákveða fiskverð að kveða upp einhvern úrskurð í þeim efnum. Það þarf fyrst og fremst að leggja til grundvallar í þessum efnum samkomulag á milli aðila, því að hér er um það að ræða, að annar aðilinn er að selja sína vinnu og sinn framleiðslukostnað og enn annar að kaupa, og jafnvel þó að menn fari þá leið, sem nú er gert ráð fyrir með þessari breytingu, að það skuli fara hér bil beggja, það skuli taka álíka mikið tillit til framleiðslukostnaðar fisksins og til vinnslukostnaðarins og það skuli fara þar bil beggja í úrskurði, þá leysir þetta ekki vandann, þegar verulegan vanda ber að höndum. Þetta mundi í framkvæmdinni koma þannig út og er sennilega ekki fjarri því að vera, eins og málin standa nú, að það mætti búast við því, að kostnaðarreikningar sýndu það, að fiskibáturinn og sjómennirnir þyrftu að fá 5 kr. fyrir kg af fiskinum, en hins vegar kæmu svo aftur fiskkaupendur, frystihúsaeigendur og sýndu með sínum útreikningum, að þeir gætu ekki borgað nema 3 kr. fyrir kg. Þá er ákveðið samkv. þessum l., — og valið er ekkert þungt eða erfitt, — þá er ákveðið, að fiskverðið skuli vera 4 kr. Þá á að fara þarna mitt á milli. Ég er ekki í nokkrum vafa um það fyrir mitt leyti, að a. m. k. hafi þessir útreikningar, sem voru lagðir til grundvallar, verið í höfuðatriðum réttir, þá mundi slíkur úrskurður eins og þessi, að ákveða fiskverðið í slíku tilfelli 4 kr. kg, ekki leysa neitt. Fiskverðið væri þá of lágt fyrir framleiðendur. Þeir yrðu að finna sér einhverja aðra leið út úr vandanum. Og fiskverðið væri of hátt fyrir þá, sem eiga að kaupa, og þeir mundu ekki vilja kaupa. Ef slíkt misræmi eins og þetta skapast og ekki er mögulegt að ná samkomulagi á milli þeirra aðila, sem þarna eiga að eigast við eða hljóta að eigast við, þá verður að koma til afskipta ríkisvaldsins á einn eða annan hátt og brúa bilið og gera það kleift, að framleiðslan geti gengið með eðlilegum hætti. Þetta hefur nú sumpart verið tekið upp í sambandi við verðákvörðun á landbúnaðarafurðum. Þar hefur ríkisstj. verið með í spilinu og lagt til það, sem upp á hefur vantað, þegar endarnir náðu ekki saman m. a.

Ég vek aðeins athygli á þessu, að að mínum dómi er sá grundvöllur, sem þarna er lagður, mjög hæpinn og hann leysir ekki vandann nema í einstaka tilfelli, og það má engan veginn halda á þessu vandamáli þannig af hálfu ríkisstj., að þó að leið hafi verið fundin til þess að kveða upp einhvern úrskurð um fiskverð, þá sé tiltölulega afskipta- og hugsanalítið gengið til þessa verks. Ríkisstj. verður að taka sinn þátt í að leysa vandamál eins og þessi, ef aðilarnir sjálfir geta ekki komið sér saman um þann grundvöll, sem starfa á eftir, en það er auðvitað það æskilegasta.

Hvað varðar hagsmunamál sjómanna, þá mundi misræmi í ákvörðun fiskverðsins leiða einfaldlega til þess, eins og dæmi eru til um, að sjómennirnir una þá ekki fiskverðinu, því að það er aðeins einn hlutinn í að ákvarða kaup sjómannsins, fiskverðið, og þá segja þeir upp skiptakjörunum og heimta sér til handa hærri skiptahlut og hækka kaup sitt við samningsborðið, þar sem ekki er um gerðardóm að ræða eftir þeirri leið.

En eitt atriði er það hér, sem ég vildi þó aðeins minnast á, því að um það hafa orðið nokkrar deilur varðandi túlkun á þessum lögum, og það er ekki gerð nein breyting á því ákvæði. Það er ákvæðið í síðustu málsgr. 9. gr. l., en það er nú tekið upp í þetta frv. alveg

óbreytt. En þessi niðurlagsmálsgr. er svo hljóðandi:

„Þannig skipuð fellir yfirnefnd fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hl. atkvæða úrslitum."

Ég fyrir mitt leyti hef litið svo á og lít svo á enn, að þetta orðalag þýði, að það þurfi á hverjum tíma í yfirnefndinni meiri hl. atkv., til þess að þar verði ákvörðun tekin. En hins vegar hefur í a. m. k. einu tilfelli þetta atriði verið túlkað þannig í framkvæmdinni, að oddamaðurinn einn gæti ákveðið um úrslitin, jafnvel þó að allir hinir fjórir, sem með honum voru í yfirdóminum, væru honum andvígir. Ég vildi nú beina því til hæstv. ráðh., sem með þetta mál hefur að gera, að hann lýsi því hér, hver er skilningur hans í þessum efnum, því að ef skilningurinn er sá, sem hér hefur orðið nokkur ágreiningur um, að oddamaðurinn geti hér einn ráðið, jafnvel þó að meiri hl. í yfirdómi sé honum andstæður, þá tel ég alveg óhjákvæmilegt að fenginni reynslu að flytja brtt. um þetta ákvæði í l. og í frv. En þess þarf hins vegar ekki, ef skoðun ráðherrans er sú, að það eigi að túlka þetta atriði á þá lund, sem ég hef gert, því að mér finnst satt að segja orðalagið vera mjög skýrt, þar sem segir, að þannig skipuð felli yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hl. atkvæða úrslitum, — mér finnst í rauninni ekki vera hægt að túlka þetta nema á einn veg.

Ég skal svo ekki lengja hér frekar umræður um þetta, en þykir sjálfsagt að greiða frekar fyrir því, að breyting á þessum lögum geti náð fram að ganga fyrir jólafríið.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. lýsti því yfir hér í lokin, að hann mundi greiða fyrir, að þetta mál næði fram að ganga fyrir jólafrí, og er ég honum þakklátur fyrir það. Annars hafði hann það helzt við málið að athuga, að hann væri því andvígur, að mál eins og þessi yrðu afgreidd með úrskurði, um þetta ætti að vera samkomulag á milli fiskseljendanna og fiskkaupendanna, og get ég út af fyrir sig verið honum alveg sammála um það, enda gera lögin ráð fyrir, að það verði reynt til þrautar að ná samkomulagi, áður en málinu verði vísað til dóms, og það hefur t. d. fengizt sú reynsla af verðlagningu landbúnaðarafurða, að þrátt fyrir það, þó að gerðardómsákvæði séu í þeim l., þá hefur tiltölulega mjög sjaldan komið til þess. Samkomulag hefur náðst, án þess að til slíks dóms þyrfti að koma, og það sama hefur orðið upp á teningnum hér hvað verðlagsráð sjávarútvegsins snertir, að það hefur líka stundum náðst samkomulag, án þess að málið gengi til úrskurðar eða dóms. Og þó að þetta ákvæði sé haft til tækt um úrskurðinn, vildi ég vænta þess, að í ýmsum og vonandi flestum tilfellum tækist að fá málin afgreidd á þann hátt. Ég sé bara ekki, hvernig með skuli fara, ef samkomulag næst ekki, öðruvísi en á þann hátt, sem l. gera ráð fyrir.

Þá sagði hv. þm., að hann sæi fyrir, hvernig þetta mundi fara í aðalatriðum. Ef fiskseljendurnir héldu því fram, að þeir þyrftu að fá kannske 5 kr. fyrir kg af fiskinum, en fiskkaupendurnir gætu ekki greitt nema 3 kr., þá væri ekkert eftir skilið fyrir oddamanninn annað en að úrskurða, að verðið skyldi vera mitt á milli eða 4 kr. fyrir kg. Þessu vil ég alveg mótmæla, þessum skilningi. Yfirdómurinn er á engan hátt bundinn af því að taka þarna nákvæmt ákveðið meðaltal. Hann á, og þeir, sem verðið kveða upp, að hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og svo framleiðslukostnaði þeirra, bæði hjá fiskkaupendunum og hjá fiskseljendunum. Og þetta verður hann að hafa í huga, en er á engan hátt bundinn því að mínu viti að úrskurða neitt meðaltal þarna á milli. Hann getur komizt að allt annarri niðurstöðu, ef honum að athuguðu máli, eftir að hafa athugað málið vel og kynnt sér, sýnist, að það sé réttara að hafa önnur sjónarmið.

Þá minntist hv. þm. í lokin á tilfelli, sem kom fyrir nýlega, að verðið var ákveðið með atkvæði eins manns, þ. e. a. s. oddamannsins í verðlagsdómnum. Það getur einfaldlega komið fyrir á þann hátt, að það, sem oddamaðurinn komst að, að verðið eigi að vera, þyki fiskseljandanum of lágt og fiskkaupandanum of hátt og þess vegna sé ekki unnt að ná saman neinum meiri hluta til þess að koma verðlagningunni á. Og þá hafa menn, a. m. k. sumir, litið þannig á, að það væri ekki annað unnt en að oddamaðurinn kveði upp um verðið. Hann hefur að vísu minni hlutann á móti sér, sem þykir það of lágt, hann hefur líka annan minni hluta á móti sér, sem þykir það of hátt, en þeir geta ekki gengið saman til að mynda neinn meiri hluta, þannig að það er ekki hægt að komast að neinni niðurstöðu á annan hátt en þennan.

Sem sagt, ég er þakklátur fyrir það, ef hv. þm. og aðrir hv. dm. vilja greiða fyrir afgreiðslu frv., því að eins og hann sagði, þá tel ég það vera til bóta frá núgildandi lögum og gott, að það gæti komið til framkvæmda einmitt við þá verðlagningu, sem nú stendur fyrir dyrum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis til frekari áréttingar því, sem hæstv. sjútvmrh. sagði, taka fram það, sem raunar var nógsamlega útskýrt í umræðum um þessi mál á síðasta Alþingi, að sá ákvörðunarháttur, sem þá var hafður á um fiskverðið, er í samræmi við almenn dómsköp, sem óumdeilt hefur verið beitt alla tíð af íslenzkum dómstólum, og ég veit enga undantekningu þar frá, enda er ekki hægt að sjá, hvernig á að fara öðruvísi að, ef niðurstaða á að fást. Hitt er svo annað mál, að þetta kann mjög að ýta á aðila um að fá niðurstöðu og semja sín á milli, vegna þess að annars getur hvorugur með neinni vissu vitað, hver niðurstaðan verður. En ég held, að að l. óbreyttum sé ekki

nokkur leið önnur til að fá úr þessu skorið. Mér er það a. m. k. dulið, og ég hef ekki getað fengið útskýrt, hvernig öðruvísi ætti að að fara, nema því aðeins að menn vilji fallast á það, að þessi fjölskipaði dómur geti haft leyfi til að komast ekki að niðurstöðu, en þannig er ekki um neinn dóm. Það hvílir á honum skylda að komast að niðurstöðu. Og þá eru þessar reglur viðurkenndar sem leiðin til þess, að niðurstaða verði fundin.

Þessi leið varð þess valdandi, að nokkur ágreiningur kom upp snemma á þessu ári um, hvort úrskurðurinn fengi staðizt. Ég minnist þess, að því var hreyft hér á Alþingi, hvort úrskurðurinn væri löglegur, og því var haldið fram af sumum, að hann fengi ekki staðizt og það mundi verða höfðað mál til að fá úrskurðinn ógiltan. Ég lýsti mig þá þess mjög hvetjandi, að slík málshöfðun yrði ákveðin, til þess að um þetta yrði ekki deilt. Það er auðvitað sjálfsagt, að um þessi efni gangi rétt lög í landinu. Og ef mönnum sýnist misjafnt um skilning á þessu ákvæði, hvort dómurinn hafi þarna farið út fyrir sitt valdsvið eða ekki, þá er rétta leiðin að bera það undir almenna dómstóla. En mér skilst, að enginn hafi orðið til þess, sjálfsagt af þeirri ástæðu, að þegar menn skoðuðu þetta nánar, þá hafa þeir sannfærzt um, að þetta er, eins og ég segi, í samræmi við hin almennu dómsköp. Og ef menn ætla sér að láta gerðardóm kveða á um þetta, þá er engin leið önnur til að komast að niðurstöðu. Hins vegar er eðlilegt, að hv. 5. þm. Austf., sem að meginstefnu til er því andvígur, að gerðardómur fjalli um þetta, vilji ekki, að þessi leið verði farin, vegna þess að þá gæti slíkt orðið til þess að gera lögin að engu. Þá gæti hvor aðili sem er, hvenær sem er, haft í hendi sér, að engin niðurstaða fengist.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram hér, að almenn dómsköp mæli svo fyrir eða þær reglur hafi alltaf gilt í gerðardómi, að það geti komið til þess, að einn maður eða oddamaður kveði þar einn upp hinn endanlega úrskurð, og bent er á, að í rauninni sé ekki önnur leið fær til þess að komast að niðurstöðu. Við þetta er það að athuga, sýnist mér, í fyrsta lagi, að þá ætti orðalagið á lagagreininni, sem í er vitnað, ekki að vera eins og það er, því að orðalagið í lagagr. segir allt annað, því að þar er beinlínis sagt, að það skuli vera meiri hluti atkv., sem ræður þar úrslitum. Ég sé ekki, að það sé nein þörf á því að láta standa í lagagr. allt annað en ætlunin er að hafa í framkvæmdinni, og ég leit svo á, að menn væru bundnir af orðalagi lagagr. Allt annað hefur verið um að ræða, þar sem lög hafa verið sett um gerðardóma. Í þessum lögum er hvergi minnzt út af fyrir sig á gerðardóm. Þar hefur verið ákveðið, að sá gerðardómur, sem skipaður var, skyldi kveða upp dóm í málinu. En einmitt þar sem menn hafa hallazt að hinni skoðuninni, að það ætti að halda sér við þá meiningu, sem ég tel að komi fram í orðalagi greinarinnar, að leggja meiri hl. atkv. til grundvallar, þar hafa menn unnið á allt annað hátt en gert var í þessu tilfelli að því að komast að niðurstöðu. Þar hafa menn unnið þannig að þessu, eins og í rauninni lögin gefa algerlega tilefni til, að oddamaðurinn vinnur að því að komast að niðurstöðu, að hann ber hina ýmsu liði málsins undir atkv., og þeir verða að ákvarðast hver og einn af meiri hl. atkv. í dómnum. Þegar síðan er búið að ganga á röðina og samþykkja alla þá liði, sem raunverulega standa að hinum endanlega úrskurði á þennan hátt, þá er dómurinn fenginn. Þannig hefur verið haldið á þessu í sambandi við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Þar hefur oddamaðurinn samþ. þennan liðinn með þessum aðilanum og hinn liðinn með hinum aðilanum, og þannig hefur verið komizt að endanlegri niðurstöðu. Svona var einnig unnið að þessu í verðlagsráðinu eða yfirnefndinni, þar til í eitt skipti brá svo við, að oddamaðurinn tók sér allt valdið. Hann þurfti ekki að bera þessa liði undir einn eða neinn, því að hann gat bara sjálfur ákveðið einn og ofan í alla hina, hver skyldi verða niðurstaðan. Um þetta var ágreiningurinn, og um þetta er ágreiningurinn, hvort þannig er hægt að halda á málinu. Eins og gert er nú ráð fyrir, að þessi lög verði samkv. þessu frv., á að leggja til grundvallar við fiskverðsákvörðunina annars vegar framleiðslukostnaðarverðið á fiski, en þar er um marga kostnaðarliði að ræða, sem þarf að taka ákvörðun um, og þannig verður fundið út með því að bera það undir atkv. í dómnum, hvert sé framleiðslukostnaðarverð á fiski, og hins vegar á svo að leggja til grundvallar kostnaðarverðið við að vinna vöruna og selja hana og það markaðsverð, sem er á hverjum tíma. Þar koma líka til margir kostnaðarliðir, sem eiga að berast upp í yfirdómnum, og þannig hefur verið á þessu haldið, og þegar búið er að ákvarða þá, þá er komið út úr dæminu, hvað kaupandinn getur gefið mikið fyrir fiskinn, og í hinu tilfellinu, hvað framleiðandinn þarf að fá fyrir fiskinn. Þegar á þennan hátt hefur verið unnið að málinu, eins og allajafna var áður, þá er einmitt þetta komið upp, sem ég sagði og hæstv. sjútvmrh. vildi ekki heldur viðurkenna að væri, en þannig er það að mínum dómi alveg hiklaust, að yfirdómurinn getur ekki gert neitt annað, eftir að svona hefur verið unnið að málinu, samkv. l., en taka jafnmikið tillit til beggja aðila, framleiðenda og kaupenda í þessu tilfelli, og verður að ákveða verðið þar mitt á milli, mitt á milli þess, sem búið er að ákveða sem grundvöll að framleiðslukostnaðarverði og að sölu- og vinnsluverði.

Ég fyrir mitt leyti álít, að það sé mjög stórt atriði, hvernig á raunverulega að vinna í þessum yfirdómi, því að sé meiningin, að þannig eigi að vinna í yfirdómnum, að oddamaðurinn, í þessu tilfelli forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, á að hlusta á aðila, hvernig þeir flytja þar mál sitt sem seljendur annars vegar og kaupendur hins vegar, skoða þeirra reikninga, en síðan á hann einn að kveða upp dóm-

inn, þá spái ég því, ef þannig á að halda á málunum, að þessi löggjöf verði ekki langlíf. Það hygg ég líka, að menn hafi rekið sig á í þetta eina skipti, sem svona var haldið á málunum. Það gat ekki staðizt og getur ekki staðizt. Og einmitt út frá þessu sjónarmiði álít ég, að það eigi að leggja til grundvallar ákvæðið í 9. gr. l., sem segir: „Og ræður meiri hl. atkv. úrslitum“ — og það eigi að taka þetta orðalag alvarlega og fara eftir því, en ekki koma með einhverja almenna túlkun um dómsköp og segja, að þau miði við allt annað í framkvæmd, þau gefi þessum oddamanni alræðisvald í þessum efnum. Ég verð því að lýsa yfir vonbrigðum mínum á þeirri túlkun, sem hefur komið fram hjá tveimur hæstv. ráðh. á þessu atriði, og vænti nú, að annaðhvort fáist breytingar til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum á lagagr. eða þá a. m. k. verði séð um það, að framkvæmdin á þessu verði ekki á þá lund, að þessi oddamaður eigi svo að segja einn að ráða öllu.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Örfá orð. Ég er sammála því, að þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., muni verða til bóta. En ég held, að það sé ekki til neins, hvorki þessar breytingar né aðrar á þessu frv., ef sá skilningur á að ríkja á niðurlagi 9. gr., sem hér hefur verið túlkaður af hæstv. ráðh. Menn rekur minni til, þegar þessi atburður gerðist, hvernig honum var tekið af bæði sjómönnum og einnig útgerðarmönnum. Það er alveg augljóst, að ef slíkir hlutir koma fyrir aftur, að ég tali nú ekki um, að þetta verði hefð, þá eru þessi lög ekki til neins, þá halda þau ekki. Og ég held t. d., að a. m. k. þeir, sem telja þessa leið, þ. e. gerðardómsleiðina, það eina færa til að ákveða fiskverð, ættu að leggja sig fram um annaðhvort að túlka l. eins og ég vildi skilja þau, á sama hátt og hv. síðasti ræðumaður, annaðhvort túlka þau á þann hátt eða þá að það séu tekin af öll tvímæli í l. sjálfum. Þetta held ég, að sé algerlega nauðsynlegt, enda fæ ég ekki séð, hvers vegna slíkur dómur getur ekki komizt að niðurstöðu, þótt ekki sé lagður í hendur eins manns úrskurðarrétturinn. Þessi dómur byggist ekki á ákvörðun um eitt atriði, heldur mörg. Endanleg verðákvörðun byggist á atkvgr. um mörg atriði, og það er þá alveg eins dómsforsetans eða formanns dómsins að fikra sig að öðrum hvorum til þess að reyna að tryggja niðurstöðu, eins og hitt, að ætla sér sjálfur og einn að ákveða niðurstöðuna. — Ég vil aðeins undirstrika, að ég tel, að enda þótt þessar breytingar horfi til bóta, þá séu þær ekki til neins, ef þessi skilningur á að ríkja á l. og vera framkvæmdur.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Auðvitað felst ekki í því, sem ég segi, að það sé ætlunin að meina að ákveða hvert einstakt atriði út af fyrir sig. Það er allt annað mál. En það eru ákveðnar reglur, sem eru um það, hvernig meiri hl. sé skapaður í fjölskipuðum dómi, þegar stendur á stöku, og ef ekki eru önnur ákvæði um það en almenn dómsköp segja til um, hlýtur þeim að verða fylgt, hvernig meiri hl. er fenginn. Það er svo allt annað mál, að það þarf að sundurliða hvert mál út af fyrir sig og ekki hægt að komast að niðurstöðu, fyrr en búið er að taka ákvörðun um ótalmörg einstök atriði, sem eru forsenda niðurstöðunnar. Mér skilst, að hv. þm. rugli hér saman og átti sig ekki alveg á, hvernig dómur verður að vinna, ef tryggt á að verða, að hann komist að niðurstöðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152. n. 183, 184).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls óskaði hæstv. sjútvmrh. eftir því, að reynt yrði að flýta frv. gegnum þingig, og hefur sjútvn. d. reynt að verða við þeim tilmælum, og vil ég þakka meðnm. mínum fyrir þeirra þátt í því.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 183, mælir n. með því, að frv. verði samþ., þó þannig, að tveir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og einn nm. skrifar undir með fyrirvara, og hafði hann raunar við 1. umr. gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins og í hverju sá fyrirvari felst.

En til viðbótar því, sem fram kemur í frv., hefur orðið samkomulag um það í sjútvn. að flytja eina brtt. við lögin um verðlagsráð sjávarútvegsins. Sú brtt. er á þskj. 184, og hún er um það, að aftan við 11. gr. l. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: „Frá 1. janúar 1966 greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.“ Þarna er átt við kostnað af störfum verðlagsráðs, sem samkv. núgildandi ákvæði í 11. gr. l. greiðist úr fiskimálasjóði.

Till. um þessa breytingu var fram borin í sjútvn. af hv. 7. landsk. þm., og varð samkomulag um það í n. að flytja hana í því formi, sem hún liggur fyrir, með hliðsjón af því, að fjárlög fyrir árið 1965 eru nú komin á lokastig, þannig að till. felur það í sér, að kostnaðurinn við störf verðlagsráðs skuli frá ársbyrjun 1966 greiðast úr ríkissjóði í stað þess, sem nú er, að hann er greiddur úr fiskimálasjóði.

Eins og fram kemur í nál., mætti herra framkvstj. Sveinn Finnsson á fundi n. og gaf upplýsingar um störf og starfsvenjur verðlagsráðs í sambandi við verðákvörðun á sjávarafurðum, og að gefnu tilefni upplýsti hann það, að þegar fjallað er um einstaka liði í kostnaðar- eða rekstraráætlun þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, eru þeir liðir jafnan afgreiddir ýmist með meiri hl. atkv. eða þá með samkomulagi allra. Þess er einnig getið í nál., að sjútvn. bárust mótmæli gegn frv. Þau mótmæli

eru í bréfi frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem dags. er 16. þ. m., og þar sem þau mótmæli eru fram komin, tel ég rétt að lesa þau upp, enda þótt það hafi verið fram tekið af hæstv. sjútvmrh. við 1. umr. þessa máls, að um frv. væri ekki samkomulag milli fiskkaupenda annars vegar og fiskseljenda hins vegar, en Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er í flokki þeirra fyrrnefndu. Bréfið er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþingi, samþykkir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eftirfarandi ályktun:

Vér leyfum oss að mótmæla fyrirhugaðri breytingu og leggjum eindregið til, að l. standi áfram óbreytt. Við ákvarðanir verðlagsráðs og þegar komið hefur til kasta yfirnefndar við ákvörðun á lágmarksverði sjávarafurða að undanförnu hafa þessir aðilar reynt að starfa samkv. anda l. um verðlagsráð sjávarútvegsins og miða verðákvarðanir við markaðsverð og vinnslukostnað fiskkaupenda á hverjum tíma. Með tilliti til erfiðrar rekstrarafkomu bátaflotans hefur þó verið teflt á tæpasta vað við verðlagsákvarðanir, þannig að greiðslugetu marga fiskkaupenda hefur verið ofboðið. Síendurteknar, stórfelldar kauphækkanir, sem leiða af sér hækkanir á öllum kostnaðarliðum framleiðslunnar, hafa síðan stórlega raskað umsömdum verðlagsgrundvelli, þannig að einungis þeir tiltölulega fáu, sem bezta aðstöðu hafa, fá undir risið. Fyrirsjáanlegt er, að þrátt fyrir það, þótt fiskverðið yrði óbreytt á næsta ári, þurfa fiskkaupendur að leita til stjórnvalda um aðstoð í einni eða annarri mynd, ef vinnsla sjávarafurða á að hefjast með eðlilegum hætti í byrjun næstu vertíðar. Við fáum ekki séð, að umrædd breyting í l. um verðlagsráð stuðli á nokkurn hátt að því að leysa þann vanda, sem sjávarútvegurinn er nú í vegna verðbólguþróunar hér innanlands. Þvert á móti teljum vér, að þessi mál yrðu öll vandleystari og fyrirhuguð breyting hefði óheppileg áhrif á þróun efnahagsmálanna, eins og ávallt, þegar vara og þjónusta á að greiðast með hærra verði en markaðurinn þolir.

Virðingarfyllst,
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,
Elías Þorsteinsson."

Ég taldi rétt að lesa þetta bréf upp, úr því að það kom fram, meðan n. hafði málið til meðferðar, en eins og nál. ber með sér, hefur n. ekki fallizt á þau sjónarmið, sem fram koma í þessu bréfi, þar sem n. mælir með því, að breytingarnar á l. um verðlagsráð sjávarútvegsins nái fram að ganga.

Eins og hv. þdm. hafa sjálfsagt kynnt sér, felst breytingin frá gildandi l. aðallega í því, að í 7. gr. l. er tekið fram til viðbótar því, sem nú stendur þar, — þ. e. að höfð skuli hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum við ákvarðanir verðlagsráðsins, — skuli einnig hafa hliðsjón af framleiðslukostnaði þeirra, þ. e. a. s. af útgerðarkostnaðinum. Um þessa aðalbreytingu er enginn ágreiningur í sjútvn. og ekki heldur um hina breytinguna, sem felst í 2. gr., sem er þess efnis, að í stað þess, að oddamaður í yfirnefnd skuli tilnefndur af hæstarétti, svo sem verið hefur, verði það ákveðinn embættismaður, þ. e. a. s. forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans. Þessum tveim meginbreytingum og þeirri brtt., sem sjútvn. flytur, mælum við með og leggjum til, að frv. verði samþ. þannig breytt og því verði síðan vísað til 3. umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu síðasta hv. ræðumanns og eins og nál. það, sem hér liggur fyrir, ber með sér, mælum við fulltrúar Framsfl. í sjútvn. þessarar deildar með samþykkt þessa frv., en áskiljum okkur hins vegar rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Erindi mitt í ræðustólinn núna er að mæla fyrir einni brtt., sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. flytjum við 2. umr. En þar sem brtt. er of seint fram komin og skriflega flutt, verður að leita fyrir henni afbrigða. Brtt. okkar tvímenninga er við 2. gr. frv. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Fyrir orðin „og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans" í niðurlagi 1. efnismgr. komi: og oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

b. Aftan við mgr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipan oddamanns í yfirnefndina innan tveggja sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og tekur þá forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans sæti oddamanns."

Eins og suma þm. rekur e. t. v. minni til frá umr., sem hér urðu í desembermánuði 1961, þegar frv. um verðlagsráð sjávarútvegsins var þá til fyrstu meðferðar í hv. d., kom það fram í ræðum, að ég held allflestra ræðumanna, og í þeim tóku þátt talsmenn allra flokka, að þeir töldu frv. þessu fyrst og fremst til gildis, að það væri byggt á mjög viðtæku samkomulagi, sem náðst hefði í umr. á milli fulltrúa fiskseljenda annars vegar og fiskkaupenda hins vegar. Voru allir ræðumenn á einu máli um það þá, að sjálfsagt væri, að Alþingi lögleiddi þá skipan, sem á þessu samkomulagi byggðist.

Frv. um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem þá var til meðferðar, var samið af 9 manna nefnd, sem skipuð var af hæstv. sjútvmrh. 9. nóv. 1961. Í n. þessari voru 4 menn tilnefndir af samtökum fiskkaupenda og 4 menn tilnefndir af samtökum fiskseljenda. N. þessi starfaði aðeins um rúman hálfan mánuð, en að þeim tíma liðnum skilaði hún í hendur hæstv. ráðh. fullbúnu frv., sem að meginstofni eru lög þau óbreytt um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem nú eru í gildi. Einn af þessum 8 mönnum, sem

undirbjuggu frv. um verðlagsráð sjávarútvegsins, hafði þó sérstöðu um tvö atriði, og vil ég lítillega minnast á annað þeirra hér, af því að það skiptir máli í sambandi við það frv., sem nú er verið að ræða hér og væntanlega stendur til að samþykkja. Það var Tryggvi Helgason, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, sem vildi hafa nokkuð annan hátt á um skipun yfirnefndar og störf yfirnefndar í sambandi við verðákvarðanir á fiski, ef ekki næðist um það samkomulag í sjálfu verðlagsráðinu.

Lögin um verðlagsráð sjávarútvegsins byggjast á mjög víðtæku samkomulagi, sem m. a. var í því fólgið, að eðlilegt væri, að ef á annað borð starfaði yfirnefnd, skyldi reyna með samkomulagi aðila í verðlagsráðinu að koma sér saman um oddamann yfirnefndar. Frv. það, sem nú er verið að ræða, gerir hins vegar ráð fyrir því að fella þetta samkomulagsatriði niður og að fastur, lögskipaður oddamaður, sem á að vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans, skuli undir öllum kringumstæðum vera formaður yfirnefndarinnar. Við flm. þessarar brtt. teljum óheppilegt að girða fyrir þann möguleika, að tekizt geti samkomulag í verðlagsráðinu um skipan oddamanns, og viljum því taka inn í frv. þá breytingu, sem ég var áðan að mæla fyrir. Við erum þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að reyna eins lengi og frekast er unnt að byggja verðákvörðun um fiskverðið á sem víðtækustu samkomulagi þeirra manna, er að því starfa, og við höldum, að sá möguleiki sé fyrir hendi í verðlagsráðinu á hverjum tíma, að þar geti tekizt samkomulag um oddamann, og eigi að halda þeim möguleika opnum, en ekki loka fyrir hann, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa brtt. Hún er ljós og gengur út á það, að það fyrirkomulag, sem er í l. um það, að oddamaður skuli skipaður samkv. samkomulagi fulltrúa í verðlagsráði, ef það er fyrir hendi, skuli haldast áfram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 188) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. flm. þessarar till. um það, að æskilegt sé að hafa sem mesta viðleitni til samkomulags á milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. a. s. að freista þess í lengstu lög, að um þessi atriði verði samið af aðilum, en reyna að koma í veg fyrir, að málið gangi til yfirnefndar eða dóms. Hins vegar hefur reynslan orðið þannig, að þetta hefur stundum tekizt, en stundum ekki. En ég er ákaflega hræddur um, að þegar samkomulag tekst ekki um það að ganga til samninga um málið í verðlagsráðinu, náist ekki heldur samkomulag um oddamann í yfirdómnum, þannig að ég tel mjög litlar líkur til þess, að þegar á þessum manni þarf að halda, þá fáist samkomulag um þetta atriði á milli aðila. Og annað atriði hefur líka vegið nokkuð þungt í þessu sambandi, og það er, að á það var lögð áherzla af þeim, sem við mig hafa átt orðræður um þetta mál, að það verði reynt að skapa samhengi í þessum úrskurðum yfirdóms, ef til þeirra þarf að koma, þannig að það verði eins um þennan úrskurð og hjá verðlagsráði landbúnaðarins, að sami maðurinn gegni oddastörfum frá ári til árs, til þess að samhengi í sjónarmiðum geti ríkt. Þetta varð til þess, að það var horfið að því, að ráði allra fulltrúa útgerðarmanna og allra fulltrúa sjómanna, sem standa á bak við þetta frv., að oddamaðurinn í yfirdómi yrði fastur, hann yrði ekki ákveðinn einu sinni með samkomulagi af aðilum og í annað skipti, eins og hefur verið, af hæstarétti, þar sem eru kannske sín hvor sjónarmiðin, en nú er hér lagt til, að það verði fastur maður, þ. e. a. s. forstöðumaður Efnahagsstofnunar ríkisins, sem hafi þetta fasta hlutverk frá ári til árs, og væri á þann hátt unnt að ná samhengi í ákvörðunum yfirdómsins. Ég held þess vegna, að það sé ekkert unnið við það að samþykkja till. hv. þm., en kannske frekar stofnað til ósamræmis frá ári til árs, ef hún yrði samþykkt, og vildi ég því leyfa mér að leggjast á móti samþykkt hennar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hæstv. sjútvmrh. lét hér falla út af brtt. þeim, er við 3. þm. Norðurl. e. flytjum við frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins, vil ég aðeins segja nokkur orð.

Hæstv. ráðh. fann tillöguflutningi okkar það helzt til foráttu, að með því að halda opnum þeim möguleika, sem nú er í gildandi l., að oddamaður í yfirnefnd skuli, ef samkomulag fæst um hann í verðlagsráðinu, skipaður eftir tilnefningu verðlagsráðsins, þá fáist ekki samhengi í úrskurði hjá yfirnefndinni. Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það er talsvert atriði, að sem mest samhengi sé í úrskurðum yfirnefndar og þá væntanlega oddamanns, ef hann einn þarf að kveða upp gildandi verðlagsúrskurð frá ári til árs. Tillöguflutningur okkar gerir einnig ráð fyrir því, að forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans skuli ætíð vera til staðar sem oddamaður í yfirnefnd, ef ekki fáist um hann samkomulag. Hins vegar ef sá möguleiki er fyrir hendi í verðlagsráðinu, að það geti orðið samkomulag um oddamanninn, tel ég fyrir fram fyrir því miklar líkur, að það samkomulag geti gilt ár eftir ár og sami maðurinn verði með samkomulagi í verðlagsráðinu skipaður oddamaður þar í yfirnefndinni frá ári til árs. Enda finnst mér, að ef þeir aðilar, sem mest eiga undir verðákvörðuninni, þ. e. a. s. fulltrúar fiskseljenda og fulltrúar fiskkaupenda, geta komið sér saman um oddamann, þá sé ástæðulaust, að það sé gripið fram fyrir hendur þeirra af löggjafarvaldinu og þeim möguleika lokað, því að þessir menn hljóta væntanlega að gera sér bezta grein fyrir því, hvað í húfi er, þegar þeir

eru að reyna að semja um þessi mál og m. a. um það, hvort þeir geti náð samstöðu um, hver skuli vera oddamaður í yfirnefnd.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins ein eða tvær setningar. Hv. 4. þm. Reykn. taldi miklar líkur á því, að ef fiskseljendur og fiskkaupendur kæmu sér saman um oddamann, mundi það samkomulag haldast þannig, að sami maðurinn mundi geta orðið starfandi sem oddamaður, ef þeir væru einu sinni búnir að koma sér saman. Þetta hefur ekki orðið raunin. Þeir komu sér saman til að byrja með um ágætismann, að ég tel, en þegar liðin voru 1—2 ár, komu þeir sér ekki saman um að hafa þennan sama mann áfram, og þannig varð hæstiréttur að tilnefna nýjan mann. Þessi möguleiki er alltaf fyrir hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 188 felld með 17:12 atkv.
2. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 184 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 189).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt, áður en þetta frv. fer úr d., að gera í örstuttu máli grein fyrir því, vegna hvers ég hef ekki talið mér fært að taka þátt í afgreiðslu þessa máls og setið hjá við þær atkvgr., sem hér hafa farið fram um það, þegar ég hef verið viðstaddur.

Í prinsipinu er ég mótfallinn lögþvinguðum gerðardómi, nema þegar þannig stendur á, að um það sé samkomulag málsaðila. Þannig mun ástatt hér, að málsaðilar eru sammála um þessa málsmeðferð eða gerðardómsleiðina, og hef ég því ekki talið rétt að vera á móti málinu. Hins vegar lízt mér illa á þá skipan oddamannsins, sem hér er ákveðin, þar sem svo er ákveðið, að það skuli vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar svokölluðu. Um þessa svokölluðu Efnahagsstofnun eru engin lög, og má því segja, að starfsemi hennar svífi fullkomlega í lausu lofti. Það er engin trygging fyrir því, þar sem engin löggjöf er til um hana, að hún haldi áfram, eða a. m. k. ekki trygging fyrir því, að hún haldi áfram í því formi, sem nú er. Þess vegna held ég, að það sé ekki rétt, sem hér hefur komið fram, að það sé einhver trygging fyrir föstum oddamanni að tilnefna forstöðumann Efnahagsstofnunar til þessa starfs. Eins og nú er háttað um starfsemi og fyrirkomulag Efnahagsstofnunarinnar, er forstöðumaðurinn fyrst og fremst ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum og að miklu leyti eða mörgu leyti málpípa og fulltrúi ríkisstj. Mér finnst það þess vegna vera nokkuð svipað að fela honum þetta oddavald og að fela það sjálfri ríkisstj. Það fyrirkomulag álít ég ekki heppilegt og er því mótfallinn. Þar sem hins vegar virðist svo, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að því máli, sem gerðardómurinn á að fjalla um, geti sætt sig við þetta fyrirkomulag, hef ég ekki viljað sporna gegn því hér á Alþingi, að það næði fram að ganga, en tekið þann kost að sitja hjá við atkvgr. um málið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og á sama fundi var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er hingað komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ., eins og það liggur fyrir á þskj. 189. Breytingar þær, sem í frv. felast, frá núgildandi l. voru upphaflega tvær, en í Nd. bættist sú þriðja við.

Hin fyrsta er varðandi verðákvörðun verðlagsráðsins. Í núgildandi l. er sagt, að við verðlagsákvörðunina skuli miðað við markaðsverð afurðanna eingöngu, en í frv. er lagt til, að við verðákvarðanirnar skuli hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og framleiðslukostnaði þeirra. Þetta ákvæði er fram komið vegna mjög eindreginna tilmæla frá fiskseljendum, bæði sjómönnum og útgerðarmönnum, sem telja, að of þröngt séu markaðir möguleikar verðlagsráðsins til verðákvörðunarinnar með orðalagi laganna, eins og þau eru í dag. Þetta hefur verið borið undir fiskvinnslustöðvarnar, sem hafa ekki viljað ljá samþykki sitt til þessarar breytingar, en það hefur þótt rétt samt sem áður að fara eftir óskum fiskseljendanna, bæði útgerðarmanna og sjómanna, í þessu efni.

Önnur breytingin, sem lagt er til að gerð verði á lögunum, er sú, að fastur oddamaður verði fyrir yfirdómi, ef til hans kemur, en að hann verði hvorki valinn með samkomulagi né tilnefndur af hæstarétti og þar með opnir möguleikar til þess, að sinn maðurinn í hvert skipti skipi þetta sæti. Það er talið, að meiri festa muni fást við verðákvörðunina, ef sami maðurinn skipar oddasætið frá ári til árs, en ekki komi sinn í hvert skipti sem verðákvörðun fer fram, eins og möguleikar eru opnir til að óbreyttum lögum. Það er lagt til í þessum breytingum, að efnahagsráðunautur ríkisstj. taki þetta sæti eða fulltrúi hans og verði það varanleg skipun á þeim málum.

Þriðja breytingin, sem gerð var í Nd., er um það, að kostnaðurinn við framkvæmd þessara l. verði framvegis frá 1. jan. 1966 greiddur úr

ríkissjóði, en ekki, eins og nú er, úr fiskimálasjóði.

Verðlagsráð er nú að koma saman til verðákvörðunar fyrir næstu vertíð og er þess vegna mjög nauðsynlegt, að þetta frv. nái fram að ganga sem allra fyrst, og áður en þinghléið hefst. Ég vildi því leyfa mér að óska eftir því við hv. n., sem málið fær til athugunar, sem væntanlega verður sjútvn., að hún hraði störfum og skili áliti um frv. sem allra fyrst, helzt á morgun, ef mögulegt væri. Um þetta mál varð nokkurn veginn samkomulag í hv. Nd., og ég vona, að það geti eins orðið hér í þessari hv. deild.

Ég leyfi mér því að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 189, n. 202).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. tók mál þetta til athugunar á fundi sínum, og eins og fram kemur í nál., mælir n. með samþykkt frv., en 3 hv. þm., 5. þm. Reykn., 6. þm. Sunnl. og 3. þm. Norðurl. v., áskilja sér rétt til þess að gera athugasemdir við einstaka liði frv

Þær breyt,. sem gerðar eru á gildandi l. um verðlagsráð, ef frv. þetta verður að l., eru í fyrsta lagi það, sem fram kemur í 1. gr. frv., þar sem segir: „Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra."

Um síðustu áramót, þegar verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað fiskverðið, varð um það allmikill ágreiningur, annars vegar um þann hátt, sem yfirnefndin hafði um sjálfan úrskurðinn, og hins vegar kom það þá greinilega í ljós, að sjómenn og útgerðarmenn vildu ekki una því, að ekki væri tekið meira tillit til þess, hvað kostnaðinum viðvíkur við að afla fisksins, þ. e. heildarkostnaðinum, útgerðarkostnaðinum. Með þeirri breytingu, sem nú er lagt til í frv. þessu, er ákveðið, að taka skuli tillit til framleiðslukostnaðar sjávaraflans, um leið og einnig sé höfð hliðsjón af erlendu markaðsverði. Með þessari breytingu er þess að vænta, að verðlagsráð sjávarútvegsins muni framvegis miða verðlagningu sjávaraflans með tilliti til hagsmuna beggja, fiskseljenda og fiskkaupenda.

Hin meginbreytingin er um skipan yfirnefndarinnar, þar sem ákveðið er, að formaður eða oddamaður nefndarinnar skuli vera forstöðumaður Efnahagsstofnunar ríkisins eða fulltrúi hans.

Ég tel, að þær breytingar, sem frv. felur í sér, séu til bóta frá því, sem nú er. Og ég tel einnig, að þetta ákvæði um, að ákveðinn maður skipi oddaaðstöðuna í n., sé til bóta frá því, sem áður var, því að með því móti, þegar til lengdar lætur, ef sami maður kynnist þessum málum til lengdar, þá hlýtur hann að geta betur sett sig inn í aðstæðurnar á hverjum tíma, sem fyrir liggja.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að mæla með því, að frv. verði samþ. og því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og þykir því rétt að fara örfáum orðum um þann fyrirvara, sem ég hef að gera í þessu sambandi.

Ég er sammála efnisatriðum þessa frv. í flestum greinum og þykir því rétt, að það nái fram að ganga. Efnisatriði frv. eru upprunalega tvö, eru nú orðin þrjú eftir meðferð þess í hv. Nd.

Í fyrsta lagi er það, að tekið skuli tillit til kostnaðar við framleiðsluna ekki síður en markaðsverðsins á erlendum mörkuðum við verðlagninguna. Þessu er ég samþykkur. Og í öðru lagi, að það skuli vera fastur maður, sem skipar stöðu oddamannsins í verðlagsráði yfirnefndar. Þessu atriði er ég einnig samþykkur. En ég tel óheppilegt, að sá oddamaður sé forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar. Í þessu felst ekki neinn dómur um þann mann eða þá menn, sem á hverjum tíma kunna að gegna því embætti. Ég vil heldur segja, að þrátt fyrir það, þó að ég hafi miklar mætur á þeim manni, sem nú gegnir því embætti, þá er það vegna stofnunarinnar, sem ég hef þessa skoðun. Sannleikurinn er nefnilega sá, að Efnahagsstofnunin er ekki stofnun í þeim skilningi, sem t. d. Hagstofa Íslands er. Um Efnahagsstofnunina er engin löggjöf. Hún er eins og hver önnur skrifstofa, sem ríkisstj. hefur sett á laggirnar, og sjálfstæði hennar gagnvart ríkisstj. er ekki á neinn hátt tryggt. Með þessari breytingu eða með því að skipa forstjóra Efnahagsstofnunarinnar í fasta oddamannsstöðu í þessu sambandi er verið að taka það vald og þau áhrif, sem þarna eru, í hendur ríkisstj. sjálfrar. Það tel ég óheppilegt, og við það vildi ég gera athugasemd, og að því miðar sá fyrirvari, sem ég hef í þessu máli. Ég mun því ekki geta fellt mig við að samþ. 2. gr., mun sitja hjá við afgreiðslu hennar, en er málinu að öðru leyti samþykkur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 211).

10. Söluskattur.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [106. mál] (stjfrv., A. 173).

Á 31. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur það í sér, að söluskattur, sem nú er 5½%, verði hækkaður frá og með áramótum upp í 8%. Enn fremur er ákvæði um greiðslur af söluskatti til sveitarfélaganna. Þegar 3% söluskatturinn var lögleiddur 1960, var svo ákveðið, að 20% af honum skyldu renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skipt milli þeirra þaðan eftir íbúatölu. Þegar söluskatturinn var hækkaður í janúarmánuði s. l. um 2½%, var ákveðið, að hann rynni óskiptur til þeirra þarfa, sem janúarlögin fjölluðu um, en ekki skyldi hluti af þessari viðbót renna til sveitarfélaganna. Eins er það um þá hækkun, sem nú er ráðgerð. Það er gert ráð fyrir því, að hún renni óskipt í ríkissjóð. Það þykir því rétt að breyta þessu ákvæði um upphæðina, sem rennur til jöfnunarsjóðs, að forminu til, þannig að ákveða 7½% af þessum væntanlega 3% söluskatti, sem er nákvæmlega sama upphæð og 20% af 3% söluskatti. Þetta frv. hefur þannig enga breytingu í för með sér varðandi hluta jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti.

Í júnímánuði s. l. náðist samkomulag milli ríkisstj., Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um kaupgjaldsmál o. fl. Um leið og þessi samningur var gerður í meginatriðum um óbreytt kaup til eins árs, var ákveðið að taka upp verðtryggingu kaups, þannig að ef vísitala hækkaði, skyldi kaup einnig hækka. Til þess að reyna að koma kyrrð á þessi launamál og verðlagsmál, a. m. k. fyrst um sinn, var ákveðið, að vísitölu skyldi með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði haldið óbreyttri fram á haust, þangað til þing kæmi saman, og enn fremur var því lýst yfir í þeim viðræðum, að reynt yrði að halda vísitölunni óbreyttri fram til áramóta. Þetta hefur verið gert með þeim hætti, að frá og með 1. júlí s. l. var aukin niðurgreiðsla á mjólkurlítra um 40 aura, og 1. sept. var hún enn aukin um 1.30 kr. Í þriðja lagi voru svo niðurgreiðslur auknar verulega í septembermánuði, þegar haustverðlagning landbúnaðarvara kom til, en þá hækkaði verð landbúnaðarvara sem svaraði 4.8 vísitölustigum. Það var ákveðið að greiða þessa verðhækkun landbúnaðarvara að öllu leyti niður með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Þessar auknu niðurgreiðslur frá því í júní nema samtals sem næst 7½ vísitölustigi, og kostnaður við þær niðurgreiðslur er á þessu ári fram til áramóta um 68 millj. kr. Um leið og þessar viðbótarniðurgreiðslur, sem ekki var gert ráð fyrir i fjárl. 1964, voru ákveðnar, var að sjálfsögðu gengið út frá því, að til þeirra yrði að afla tekna, annaðhvort strax þegar Alþingi kæmi saman eða í síðasta lagi um leið og fjárlög fyrir árið 1965 yrðu afgreidd. Í grg. fjárlagafrv. er rætt um þessi niðurgreiðslumál, og segir þar svo í aths. um 19. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurgreiðslur vöruverðs innanlands eru áætlaðar 336 millj. kr. Er þá miðað við niðurgreiðslur eins og þær voru áætlaðar í maí s. l. á ársgrundvelli að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Á hinn bóginn er hér ekki gerð till. um, hversu skuli á næsta ári fara um þær niðurgreiðslur, sem síðar hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstj. og Alþýðusamband Íslands í júní s. l. Verður að telja eðlilegt, að Alþingi marki þá frambúðarstefnu, sem fylgt verður í því máli."

Síðan fjárlagafrv. var lagt fram, hefur þetta mál allt verið kannað mjög gaumgæfilega af ríkisstj., til þess að hún gæti undirbúið og lagt sínar till. fyrir Alþingi um þetta efni. Ef hefði átt að halda óbreyttri þeirri fjárhæð til niðurgreiðslna, sem fjárlagafrv. felur í sér, m. ö. o. að fella niður þessar þrjár viðbótarniðurgreiðslur, sem ég nefndi, þá þýddi það, að vísitalan hefði nú um áramót hækkað af þessum ástæðum vegna minnkaðrar niðurgreiðslu um 7½ stig, en það mundi þýða sem næst 5% kauphækkun í landinu. Að athuguðu máli þótti ekki fært að fara þessa leið. Það má enn fremur geta þess til viðbótar, að hagstofan gerir ráð fyrir því, að hækkun vísitölu skömmu eftir áramót af ýmsum ástæðum óviðkomandi niðurgreiðslum muni nema tæplega 1½ stigi. Ef hvort tveggja kæmi þannig til, sú vísitölu- og kaupgjaldshækkun og enn fremur 5% kauphækkun vegna minnkaðra niðurgreiðslna, telur ríkisstj. ekki fært að láta af þessum ástæðum almennt kaupgjald í landinu hækka sem því nemur. Niðurstaðan hefur orðið í stuttu máli sú, sem nánari grein er gerð fyrir í aths. þessa frv., en hún er á þá leið að halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem hafa verið síðustu mánuði, en til þess að svo megi verða, þarf um 207 millj. kr. á næsta ári.

Til þess að afla tekna til að standa undir þessum niðurgreiðslum, bæði þeim, sem ákveðnar hafa verið og koma til framkvæmda á þessu ári og ekki var ætlað fé til á fjárl. þessa árs, og til þess að halda áfram niðurgreiðslum óbreyttum á næsta ári, er gert ráð fyrir í fyrsta lagi að hækka hinn almenna söluskatt um 2½%, úr 5½% upp í 8%. Þessi söluskattshækkun mun hækka vísitöluna um 3 stig, og þegar til viðbótar kemur það tæplega

1½ stig, sem ég gat um áðan, af ýmsum ástæðum, þá er gert ráð fyrir því, að þrátt fyrir þessar óbreyttu niðurgreiðslur áfram muni visitalan hækka skjótlega um um það bil 4½ stig, sem svarar til 3% kauphækkunar.

Til viðbótar þessum tveim fjárhæðum, sem ég hef nefnt, 68 millj. og 207 millj. vegna niðurgreiðslna, þarf að afla fjár vegna þeirra hækkana, sem fjárl. taka í meðförum Alþingis, og er gert ráð fyrir, að þær till., sem annars vegar fjhn. hefur flutt og hafa verið samþykktar á þingi í gær, og þær, sem eftir urðu við 3. umr., muni nema í kringum 55 millj. kr.

Þá er í fjórða lagi, að þessi 3% kauphækkun, sem gert er ráð fyrir að komi snemma á næsta ári, mun valda ríkissjóði auknum útgjöldum, sem nema um það bil 42 millj. kr. Þar eru aðallega tveir liðir, annars vegar sú hækkun, sem verður á launagreiðslum til opinberra starfsmanna, og hins vegar hækkun á hinni almennu kauphækkun í landinu.

Til þess að mæta þessum útgjöldum, sem ég hef rakið og nema 372 millj. kr., er gert ráð fyrir þeirri söluskattshækkun, sem frv. felur í sér og er gert ráð fyrir að skili um 307 millj. kr. á ári. Þá er gengið út frá sömu áætlun og fjárlagafrv. sjálft byggir á, en þar er hvert prósent söluskatts áætlað á 123 millj. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hækka gjöld af innfluttum bifreiðum og bifhjólum um 25% og svo loks að hnika til áætlun fjárl. um aðflutningsgjöld um 34 millj. til hækkunar og hluta umboðsþóknunar af gengismismun gjaldeyrisbankanna um 3 millj.

Í sambandi við þetta frv. kemur sú spurning að sjálfsögðu upp í huga manns, hvort ekki sé hægt að sleppa þessum hækkunum tekna með því móti að áætla tekjur ríkissjóðs árið 1965 hærra en gert er í fjárl. Það hefur verið gerð rækileg athugun á því, og niðurstaðan er sú, að ekki þykir fært að hækka tekjuáætlunina að öðru leyti en ég hef áður greint um þessar 37 millj. Menn munu e. t. v. vitna í það, að bæði árin 1962 og 1963 hafi tekjur orðið verulega hærri en fjárlög áætluðu. Þau ár bæði er skýringin sú fyrst og fremst, að innflutningurinn jókst mjög mikið þessi ár bæði frá því, sem verið hafði árið áður. En eins og kunnugt er, eru aðflutningsgjöldin um það bil helmingur af tekjum ríkissjóðs og skipta því hér mestu máli. Þegar tekjuáætlunin var samin fyrir fjárl. bæði 1962 og 1963, var innflutningsáætlunin og þar með tollaáætlunin byggð á þeim upplýsingum, sem lágu þá fyrir, og áætlunum frá Seðlabanka Íslands og Efnahagsstofnuninni. Bæði árin reyndist aukning innflutningsverðmætis miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir, þannig að 1962 varð þessi aukning nærri 28% frá því á árinu á undan og árið 1963 nærri 23% frá því á árinu á undan. Þessi þróun innflutnings hefur hins vegar ekki haldið áfram á árinu 1964, og það liggur nú fyrir í megindráttum, hversu mikill innflutningurinn verði á þessu ári, og bendir það til þess, að aukningin frá fyrra ári verði miklu minni en 2 undanfarin ár og svipuð eða ekki meiri en gert var ráð fyrir í fjárl. 1963. Þetta þýðir það, að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum í ár verða, eftir því sem nánast liggur fyrir nú, sáralitlu hærri en áætlað var í fjárl. Það er ekki heldur talið varlegt að gera ráð fyrir því, að á næsta ári taki innflutningurinn stökk og aukist svo stórlega eins og árin 1962 og 1963.

Varðandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1964 og þá spurningu, hvort mætti taka t. d. þessar 68 millj. vegna niðurgreiðslna í ár umfram áætlun fjárl. á ríkissjóð án þess að afla tekna til þess, þá er því til að svara, að ef það ætti að gera, þá mundi ríkissjóður vafalaust koma með tekjuhalla á þessu ári, og stafar það fyrst og fremst af því, að tekjur ríkissjóðs í heild munu verða mjög nálægt áætlun fjárlaga í ár, væntanlega fara sáralítið fram úr, en hins vegar vitað um nokkra útgjaldaliði, sem verða töluvert hærri á þessu ári en áætlað er í fjárl. Má þar einkum nefna útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, sem talið er nú að fari marga milljónatugi fram úr því, sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Að öllu þessu athuguðu hefur það orðið niðurstaðan hjá ríkisstj., að sú hækkun gjalda, sem hér er gert ráð fyrir í frv., sé óhjákvæmileg, því að ríkisstj. telur ekki koma til mála að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár með greiðsluhalla.

Ég legg til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú látið frá sér fara jólagjöf sína til landslýðsins, og sú jólagjöf er ekki skorin við nögl fremur en fyrri daginn, þegar um þess háttar gjafir ríkisstj. er að tefla. Þó að menn séu ýmsu vanir frá hendi hæstv. ríkisstj. og menn kippi sér ekki upp við sitt hvað, sem frá henni kemur, þá hygg ég, að þessi jólagjöf komi flestum nokkuð á óvart. Ég hygg, að þessi jólagjöf og þessi nýi söluskattsauki og þessar nýju álögur, söluskattsálögur upp á 307½ millj. kr., valdi mörgum mönnum sárum vonbrigðum og þá ekki hvað sízt þeim, sem hafa treyst hæstv. ríkisstj. hvað bezt. Þess er skemmst að minnast, að í byrjun þessa árs var almenni söluskatturinn hækkaður úr 3% upp í 5½%. Margir hafa eflaust ætlað, að við þessa hækkun yrði látið sitja í bráð, en svo er nú ekki. Nú er fitjað upp á nýjan leik, og enn er aftur höggvið í sama knérunn. Nú á að hækka almenna söluskattinn úr 5½% í 8%. Og þó nægir það nú ekki til í álögunum, heldur á að taka til viðbótar 28 millj. kr., sem er hækkun á leyfisgjöldum af bifreiðum og bifhjólum. Er nú að undra, þótt menn standi sem steini lostnir. Þeir eru áreiðanlega margir hér á landi, sem höfðu í skattamálunum búizt við allt annarri og annars konar jólagjöf en þessari. Það eru áreiðanlega margir, sem hafa verið að vona það í lengstu lög, að ríkisstj. mundi láta frá sér fara

í þeim efnum vissan jólaglaðning, allt annars eðlis en þann, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir, og þeir höfðu líka vissulega ástæðu til þess að búast við því og vonast til þess, að ríkisstj. beitti sér fyrir vissum ívilnunum mönnum til handa á þeim gífurlegu skattaálögum, sem á menn voru lagðar s. l. sumar. Menn höfðu a. m. k. ástæðu til að vona, að hún veitti þar á tilslökun í einhverri mynd og með einhverjum hætti. En í stað þess kemur hún með þetta frv. um söluskattsviðauka eða hækkun söluskattsins, svo mikla sem áður er á drepið. Þegar litið er til þess, sem á undan er gengið í þessum efnum, og hinna gífurlegu álagna frá s. l. sumri og þeirra vilyrða, sem ríkisstj. hefur látið frá sér fara um þá lagfæringu, sem þyrfti að gera á skattakerfinu, þá koma þessar álögur nú blátt áfram sem hnefahögg í andlit almennings.

Það er atriði, sem ekki verður gengið fram hjá í sambandi við þessi mál, og þegar fjallað er um þessar nýju og fyrirhuguðu álögur ríkisstj., er eðlilegt, að menn hafi í huga fyrirheit hæstv. ríkisstj. varðandi beinu skattana, tekjuskattinn og útsvarið, og athugi efndir þeirra fyrirheita og hvernig framkvæmdinni þar hefur verið háttað. Það er ekki nema sanngjarnt, að það sé kannað, hvort sívaxandi söluskattur hafi e. t. v. haft þá verkun og réttlætist e. t. v. með því, að beinu skattarnir hafi lækkað að sama skapi. En eftir fyrri fyrirheitum hæstv. ríkisstj. mætti ætla, að svo væri nú komið. Að því atriði mun ég nú nokkuð víkja, áður en ég kem beint að efni þess frv., sem hér liggur fyrir, en mun þó reyna að fara fljótt yfir sögu, eftir því sem kostur er. Hæstv. ríkisstjórn má sjálfri sér um kenna, ef ég verð þar ekki jafngagnorður og get ekki flutt um það eins hnitmiðað mál og æskilegt væri, af því að það er hennar sök, að ónógur tími hefur gefizt til athugunar á þessu máli, þar sem þessu frumvarpi var útbýtt hér seint í gærkvöld og það kom fram öllum að óvörum, og það er þessi starfsmáti hæstv. ríkisstjórnar, sem er sérstaklega ámælisverður og ég mun ef til vill koma að betur síðar í öðru sambandi. En eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, var í raun og veru alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ríkisstj. að vera að draga framlagningu þessa frv. svo sem hún hefur gert, vegna þess að þær ástæður, sem hún taldi fram sem rök fyrir þessu frv., lágu ljóst fyrir um það bil, að Alþingi kom saman og fjárlagafrv. var lagt fram. En þetta er ekki ný bóla, að það séu lögð fram jafnþýðingarmikil frv. og þetta, sem hafa jafngagnger áhrif á afkomu alls almennings, á síðustu stundu, ef svo má segja, og þannig frá gengið, að þingmönnum gefist naumur tími til þess að fjalla um þessi mál.

Í hinni víðkunnu viðreisnarbók, sem gefin var út á landssjóðs kostnað á sinni tíð, eins og alþjóð er kunnugt, stendur með stóru letri á bls. 30 sem yfirskrift yfir þeim kafla, sem fer á eftir: „Tekjuskattur afnuminn á almennum launatekjum.“ Og síðan er því lýst í framhaldi af þeirri fallegu yfirskrift, að þegar núverandi ríkisstj. hafi verið mynduð, hafi hún lýst því yfir, að hún mundi beita sér fyrir afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum, og síðan er gerð grein fyrir þeim tillögum, sem hún muni á næstunni koma á framfæri til þess að standa við þessi fyrirheit. Og það er rétt, að í framhaldi af þessu fyrirheiti voru gerðar talsverðar lagfæringar á tekjuskatti, sem ég vil ekki út af fyrir sig gera neitt lítið úr. Persónufrádráttur var hækkaður verulega. En sá böggull fylgdi þar því skammrifi, að um leið og það var gert, var felld niður úr lögunum sú umreikningsregla, sem gilt hafði þá á undanförnum árum, um nokkurt skeið a. m. k., umreikningsregla á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, sem komið hafði í veg fyrir, að skattar yrðu hlutfallslega þyngri vegna vaxandi verðbólgu. Jafnframt voru þá útsvarsstigar festir, án þess að væri gert ráð fyrir breytingu þar á vegna breytts verðgildis peninga. Afleiðingin af þessu varð svo skjótlega sú vegna hinnar miklu dýrtíðar, að beinu skattarnir hafa sífellt orðið þyngri og þungbærari vegna dýrtíðar og krónufjölgunar þau ár, sem liðin eru, frá því að skattalagabreytingin 1960 var gerð, og var svo komið s. l. ár, að ríkisstj. sá, að svo búið mátti ekki lengur standa, einkanlega eftir að dýrtíð hafði vaxið mjög gífurlega og haft í för með sér verulegar kauphækkanir eða launabreytingar, þannig að auðsætt var, að til mjög mikillar og óbærilegrar hækkunar á beinum sköttum mundi koma að óbreyttum álagningarreglum. Þess vegna lagði hæstv. ríkisstj. á síðasta Alþingi fram frv. til breyt. á skattalögum og útsvarslögum, og þar var að vísu persónufrádráttur hækkaður nokkuð, og var það náttúrlega til bóta út af fyrir sig, svo langt sem það náði, en jafnframt var gerð um leið nokkur breyting á skattstigum, sem miðaði til hækkunar.

Þegar þessar skattalagabreytingar voru til umræðu hér á Alþingi á sínum tíma, bentu stjórnarandstæðingar á, að þær væru ófullnægjandi, og þeir fluttu brtt., sem m. a. miðuðu í þá átt að taka aftur upp hina fyrri umreikningsreglu og lækka skattstigana til þess horfs, sem áður hafði verið En þessum brtt. og ábendingum stjórnarandstæðinga, jafnt framsóknarmanna sem Alþb.-manna, var vísað á bug með miklu yfirlæti og svigurmælum. Og er þar skemmst af að segja og skemmst að minnast, að þegar þessi skattalagabreyting hafði verið afgreidd hér á Alþingi, var ákaflega mikið af henni látið og upp slegið um hana miklu skrumi í sumum stjórnarblöðum, og mun málgagn hæstv. fjmrh., dagblaðið Vísir, hafa gengið einna lengst í því efni, þar sem það m. a. var með ýmsar skemmtilegar bollaleggingar um það, hversu bezt og haganlegast mætti verja þeim skattalækkunum, sem menn öðluðust í sambandi við þessa skattalagabreytingu, og reiknaði það m. a. út, að menn mundu geta siglt sér til skemmtunar og hressingar til útlanda fyrir þá lækkun á sköttunum, sem fælist í þeim lögum, sem afgr. voru á síðasta Alþingi. Og

margt var skrafað og skeggrætt í þessum dúr, og það er ekki nokkur vafi á því, að fjöldi manna hér í borg og um land allt lagði trúnað á þessar glæsilegu gyllingar.

En þær gyllingar stóðu ekki nema takmarkaðan tíma, því að menn vöknuðu svo til veruleikans, þegar skattskrárnar og útsvarsskrárnar tóku að birtast og menn fengu sína seðla um skatta og útsvör, sem sýndu þeim svart á hvítu, hvort um lækkun skattanna hefði verið að tefla eða ekki og þessi gögn höfðu vissulega allt aðra sögu að segja en stjórnarmálgögn höfðu viljað vera láta. Er skemmst af því að segja, að þegar almenningi varð kunnugt um skattaálögurnar síðasta sumar, höfðu menn aldrei áður kynnzt neinu slíku, og þá vaknaði reiðialda meðal alls almennings, hvar í flokki sem menn stóðu, ekkert síður hjá stjórnarsinnum en stjórnarandstæðingum, yfir þessum þungu skattaálögum og þá kannske ekki hvað sízt yfir þeim herfilegu blekkingum, sem beitt hafði verið í sambandi við þær. Það má segja, að þar hafi að ýmsu leyti farið í broddi fylkingar og mjög myndarlega eitt aðalmálgagn hæstv. ríkisstj., Alþýðublaðið, sem skrifaði um þessi mál af mikilli einurð og skelegglega, og get ég ekki farið að tefja tímann á því að rifja upp öll þau réttmætu ummæli og greinar, sem um þetta efni birtust í Alþýðublaðinu á sínum tíma, en vissulega voru þau þess virði, að þeim sé á loft haldið og ekki gleymt. Það má segja, eins og ég sagði áðan, að almenn reiðialda hafi gripið um sig yfir þessum gífurlegu álögum og þegar mönnum varð ljóst, að af mörgum hverjum launamanni var hirtur að segja mátti langmestur hluti launanna, þannig að mönnum voru ekki ætlaðar nema kannske mjög fáar krónur til þess að lifa af á mánuði hverjum. En það má þó segja, að frá þessari almennu óánægjuöldu, sem reis þarna strax í öndverðu, væri ein undantekning til að byrja með, því að enn var það málgagn hæstv. fjmrh., Vísir, sem lýsti því yfir eftir útkomu skattskrárinnar, að flestir væru ánægðir með skatta sína. En það sýndi sig furðu fljótt samt, að blaðamenn Vísis höfðu í þessu tilfelli verið heldur óheppnir með viðmælendur, enda kom það á daginn, að Vísir eins og önnur blöð varð fljótt að taka í sama streng og lýsa yfir óánægju með þessar skattaálögur. Og það fór svo fljótt, að þetta almenningsálit varð svo sterkt, að jafnvel stjórnarmálgögnin og ríkisstj. bognaði fyrir þessu sterka almenningsáliti og fór að láta undan síga og tala um þessi mál í allt öðrum tón en áður hafði verið gert, fór að viðurkenna það fyrst og fremst, að skattabyrðin væri þung, fór að láta í það skína, að hér þyrfti nauðsynlega lagfæringar á að gera, og fór óbeinlínis að viðurkenna, að það hefði verið rétt, sem framsóknarmenn og aðrir stjórnarandstæðingar héldu fram við umræður um þessi mál á síðasta Alþingi, og fóru að viðurkenna það, að skattabyrðin væri orðin gífurleg og ranglætið í skattamálunum væri með öllu óþolandi, þar sem ástandið var þannig, eins og ég drap á áðan, að mjög mörgum launamönnum var lítið eftir skilið í sínum umslögum, en á sama tíma var mönnum kunnugt um ýmsa stóreignamenn, sem lifðu hátt í augum alþjóðar, en greiddu ekkert til opinberra þarfa í formi skatta eða útsvars eða þá svo lítið, að því mátti helzt jafna við vinnukonuútsvar. Strax og skattskráin hafði birzt hér í Reykjavík, hélt stjórn Framsfl. fund um það mál og gerði af því tilefni samþykkt, sem send var hæstv. ríkisstj. og ég vildi mega leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Vegna þess alvarlega vanda, sem nú hefur skapazt eftir síðustu álagningu skatta og útsvara, leggur stjórn Framsfl. til eftirfarandi: 1) Að ríkisstj. gangist án tafar fyrir skipun nefndar með þátttöku allra þingflokka til þess að gera nú þegar tillögur um endurskoðun þeirra opinberu gjalda, sem nú hafa verið á lögð, og réttmæta skipan skatta- og útsvarsmála til frambúðar. — 2) Ríkisstj. geri þær ráðstafanir til bráðabirgða að fresta innheimtu á verulegum hluta af álögum, meðan þessi endurskoðun fer fram."

Hæstv. ríkisstj. sá sér ekki fært að taka þessa tillögu framsóknarmanna til greina, en skömmu síðar sneru launasamtök landsins, bæði BSRB og Alþýðusamband Íslands, sér til ríkisstj. út af þessum málum og fóru fram á það, að ríkisstj. tæki þátt í athugun á þessum málum og veitti eftirgjöf eða ívilnun á þessum sköttum. Og undir þetta var a. m. k. tekið af ríkisstj. með þeim hætti, að það var skipuð sameiginleg nefnd þessara aðila til þess að kanna þessi mál. Nokkru síðar gerðist það, að efnt var til útvarpsumræðna um þessi málefni, það var 17. ágúst s. l. sumar. Þar mættu 4 forustumenn flokkanna, þar af fyrir Sjálfstfl. hæstv. fjmrh. og fyrir Alþfl. hæstv. viðskmrh. Og það er skemmst af að segja, að í þessum umræðum kom það fram, að allir þessir forustumenn stjórnmálaflokkanna voru býsna sammála um það málefni, sem rætt var um í þessum umræðuþætti, — já, ég vil segja jafnvel óvenjulega sammála. Og víst er um það, að þar lýstu þeir því báðir, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., að það væri sýnilegt eftir það, sem fram hefði komið í sambandi við þessa síðustu skattaálagningu, að það væri óhjákvæmilegt að gera ýmsar lagfæringar á skattamálunum, og þá benti, ef ég man rétt, hæstv. fjmrh. einkum á þau atriði til lagfæringar, sem framsóknarmenn höfðu bent á á síðasta Alþingi, svo sem það, að hækka þyrfti persónufrádráttinn meira, að taka þyrfti upp umreikning og herða þyrfti á skatteftirliti. En síðan er nú langur tími liðinn, og langt er nú síðan nefnd sú, sem ég drap á áðan, skilaði sínu áliti, en það hefur ekki til þessa neitt gerzt í þessum málum af hendi hæstv. ríkisstj. Hún hefur ekki fallizt á að verða við þeim tilmælum, sem samtök launastéttanna hafa til hennar gert í þessu efni, hvorki um eftirgjafir eða ívilnanir né um gjaldfrest, — mér er ekki kunnugt um það, — enda er nú

náttúrlega svo komið, að það er búið að plokka þessa skatta af það mörgum aðilum þegar, hvernig svo sem menn hafa komizt af jafnhliða því að þurfa að greiða þá. Og það bólar ekki heldur á því, að ríkisstj. hafi lagt fram á þessu Alþ. enn þá neinar till. um breyt. á skattamálakerfinu. Það hefði þó vissulega verið viðeigandi, að hún hefði ekki verið a. m. k. seinni á sér með þær breyt. en þessa hækkun söluskattsins, sem hér er um að tefla. Og víst er um það, að þetta mál er ekki úr sögunni. Menn eru enn minnugir þess, hvað um þessi mál var sagt á sínum tíma, og menn finna enn fyrir því og hafa fundið fyrir því að undanförnu, hverjar skattabyrðirnar hafa verið. Það er ekki lengra síðan en eitthvað 2 dagar, að stærsta verkamannafélag þessa lands kom saman til fundar og gerði á fundi sínum alveg sérstaka ályktun varðandi þessi skattamál, sem ég vildi mega lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, en sú ályktun er svo hljóðandi:

„Fundur í verkamannafélaginu Dagsbrún, haldinn 14. des. 1964, mótmælir mjög harðlega þeim drápsklyfjum skatta, sem lagðar hafa verið á launþega á þessu ári. Hinar miklu skattahækkanir hafa algerlega ofboðið greiðsluþoli fjölda launþega, þar sem stór hluti eðlilegra launa fer í skattgreiðslur og aðeins lítið er eftir til lífsframfæris. Slík skattheimta jafngildir launalækkun fyrir verkafólk, og því telur fundurinn, að með henni hafi algerlega verið raskað þeim grundvelli, sem samkomulagið s. l. vor milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. og atvinnurekenda byggðist á. Fundurinn vítir harðlega, að stjórnarvöld skuli á engan hátt hafa orðið við hinum réttlátu kröfum launþegasamtakanna, Alþýðusambandsins og BSRB um lækkun á hinum óhóflegu skattabyrðum, og því frekar hlýtur verkalýðshreyfingin að mótmæla slíkum vinnubrögðum, þegar augljóst er og viðurkennt, að skattsvik vaða uppi og gróðafyrirtækjum og auðmönnum er hlíft við réttmætum skattabyrðum. Fundurinn varar stjórnarvöldin mjög alvarlega við framhaldi þeirrar skattpíningar, sem launþegar nú þegar hafa verið beittir, og gerir kröfu til, að þar verði á róttæk stefnubreyting. Fundurinn telur óhjákvæmilegt, að verkalýðssamtökin láti skattamálin meira til sín taka hér á eftir og fylgist vel með framvindu þeirra, svo mjög sem þessi mál varða hag og afkomu allra launþega. Að lokum gerir fundurinn þá eindregnu kröfu, að ekki verði um að ræða frekari skattheimtu af kaupi verkamanna í desembermánuði."

Þetta var ályktun Dagsbrúnar. Það er að vísu þungur dómur, sem þar er upp kveðinn, en að mínu viti alveg réttmætur. Og það er í þessari ályktun Dagsbrúnar vikið að samkomulagi verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og ríkisstj. í sambandi við skattamálin og að því vék líka hæstv. fjmrh. nokkuð í sinni framræðu, og á ég eftir að koma að því betur síðar, hvert samband muni þar vera á milli. En þeir segja, Dagsbrúnarmennirnir, í þessari ályktun, að beinu skattaálögurnar hafi verið í ósamræmi eða algerlega raskað þeim grundvelli, sem samkomulagið frá s. l. sumri var á byggt.

Hér hef ég í örfáum orðum rifjað upp og rakið nokkuð, hvernig framkvæmdir ríkisstj. hafa verið á sviði hinna beinu skatta og hverjar efndir eru fram komnar á þeim fyrirheitum, sem hún hefur gefið í sambandi við skattamálin. En það virðist svo sem þetta séu þær einar efndir, sem þar eru sýnilegar, eða réttara sagt, það eru engar efndir sýnilegar á því enn, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eina sýnilega svarið í þeim efnum, þar sem söluskattur er hækkaður upp í 8% eða um 307½ millj. kr. Ég játa það fyllilega, að mig vantar orð til þess að lýsa þessum vinnubrögðum sem vert væri. En við framsóknarmenn erum andvígir þessari hækkun söluskattsins og munum þess vegna að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessu frv., og ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu okkar eru í sem skemmstu máli þessar:

Í fyrsta lagi, að við teljum ósannað með öllu, að þörf sé á nokkrum nýjum álögum til þess að mæta útgjaldahækkunum fjárlaga. Í öðru lagi teljum við ekki almenna söluskattshækkun leiðina, sem fara ætti til tekjuöflunar, jafnvel þó að þörf væri á nýrri tekjuöflunarleið. Við teljum hinn almenna söluskatt í þeirri mynd, sem hann er hér, og að fenginni þeirri reynslu, sem af honum og innheimtu hans er fengin, vera mjög óheppilegan skatt, mjög óskynsamlegan skatt og mjög ranglátan skatt. Og þriðja ástæðan er svo sú, að við teljum, að fjárstjórn og fjármeðferð ríkisstj. á undanförnum árum sýni það, að hún kunni ekkert með fé að fara, og kemur því ekki til mála að minum dómi að samþykkja henni til handa neinar nýjar álögur. Það væri í raun og veru gagnslaust, því að þær mundu jafnóðum hverfa í eyðsluhít ríkisins. Þó að ríkisstj. fengi nú samþykktar nýjar álögur, mundi hún samkv. reynslunni koma aftur eftir nokkra mánuði og fara fram á meira, segja það þá, að hún þurfi að fá meira. Það sýnir reynslan og það sýnir öll saga hæstv. ríkisstj. Að samþykkja nýjar álögur henni til handa væri óráð. Það væri alveg eins og að fá ráðlausum spilamanni peninga í hendur. Þeir eru búnir á morgun, þá þarf hann að fá meira. Þess vegna er það, að jafnvel þó að maður sæi þörf á einhverjum nýjum tekjum, sem hér er þó ekki viðurkennt, þá væri það, eins og nú er komið, fullkomið ábyrgðarleysi að minum dómi að samþykkja nýjar álögur, ef allt ætti að öðru leyti að sitja við það sama um fjárstjórn ríkisins. Að þessum ástæðum, sem ég hef hér stuttlega minnzt á, skal nú nokkru nánar vikið.

Kem ég þá fyrst að fyrsta atriðinu, nefnilega því, hvort þörf sé á nýjum álögum til þess að standa undir fyrirsjáanlegum fjárveitingum fjárl. á næsta ári. Það er rétt, að ætla má, að útgjöld fjárl. fyrir árið 1965 muni hækka verulega frá útgjaldatölum framlagðs fjárlagafrv. eða alltaf sjálfsagt um 330—340

millj. eða eitthvað því um líkt. Í aths. við söluskattsfrv. segir að vísu, að hækkunin, sem gera megi ráð fyrir, sé 372 millj. kr., en þar af eru 42 millj. kr. vegna fyrirsjáanlegra kauphækkana af völdum verðlagshækkana og þá fyrst og fremst verðlagshækkana, sem leiðir af sjálfri söluskattshækkuninni, og gefur það út af fyrir sig ofurlitla sjónhending af því, hversu heppilegt úrræði þessi söluskattur mun vera í þessu sambandi. Það er náttúrlega út af fyrir sig villandi, finnst mér, eins og segir í aths. við söluskattsfrv., að það megi gera ráð fyrir, að gjaldahlið fjárlagafrv. muni hækka sem næst um 372 millj. kr. í meðförum Alþingis, því að í raun og veru eru af þessum 372 millj., sem þar er talað um, 275 millj. kr. a. m. k. vegna niðurgreiðslna, sem ráðnar voru og fyrirsjáanlegar voru og framkvæmdar sumpart a. m. k. þegar þing kom saman og fjárlagafrv. var samið, og þess vegna full ástæða til þess að taka þær tölur upp í fjárlagafrv. Þó má taka til greina að sjálfsögðu það, sem hæstv. fjmrh. sagði um það hér áðan og las í því sambandi upp úr aths. við fjárlagafrv., sem sýndu, að það væri í raun og veru gert ráð fyrir þessu, en talið eðlilegt, að Alþingi fjallaði um málið, áður en það væri tekið alveg upp í fjárlagafrv. En mér finnst, að þessar aths. gefi a. m. k. fljótt á litið þá hugmynd, að þessar 372 millj. komi sérstaklega til vegna aðgerða Alþingis. Það má kannske að vissu leyti til sanns vegar færa, en það er þó að frumkvæði og fyrir atbeina hæstv. ríkisstj. En þó að það sé nú gert ráð fyrir þessu, að útgjaldatölur fjárl. hækki þannig frá því, sem sett var á blað í fjárlagafrv., um 372 millj. kr., þá álít ég, að enn sé með öllu ósannað, að þörf sé á nýjum álögum til að mæta þessum útgjöldum, og á meðan svo er, tel ég ekki réttmætt að grípa til þvílíkra örþrifaráða, eins gífurlegrar hækkunar á söluskatti og þeirrar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég álít, að út frá því megi ganga samkv. reynslunni, að tekjuáætlun fjárl. sé allt of lág. Sú hefur reynslan orðið á undanförnum árum. Árið 1962 urðu umframtekjur ríkissjóðs 302 millj. eða 303 millj. kr. og árið 1963 urðu þær 322.5 millj. kr. Það er að sjálfsögðu rétt, eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir hér áðan, að það liggur ekki enn fyrir með öruggri vissu, hver útkoman muni verða á þessu ári, sem nú er senn á enda, en engin rök virðast til þess liggja, að útkoman ætti að verða lakari þetta ár en hin fyrri. Það hefur verið góðæri þetta ár ekki síður en áður. Það hafa verið metaflabrögð þetta ár ekki síður en hin árin. Verðlag á útflutningsafurðum er yfirleitt hagstætt og hækkandi. Ríkisstj. hefur og hælt sér af því, að engin séu innflutningshöftin nú á þessum síðustu og verstu tímum að hennar dómi og innflutningur allur gangi nú greiðlega og ólíkt því, sem áður var. Tolltekjur ættu því vissulega ekkert síður að fara fram úr áætlun á þessu ári en á undangengnum árum, og víst er um það, að beinu skattarnir fóru stórlega fram úr áætlun. Ég hef að sjálfsögðu ekki í höndum hér nein gögn til að fullyrða um þetta, og hæstv. fjmrh. vildi í ræðu sinni hér áðan gera sem minnst, að mér virtist, úr vænlegum horfum um afkomu ríkissjóðs á þessu yfirstandandi ári. Þó var allt það, sem hann sagði um það, heldur óákveðið, og a. m. k. virtist hann gera ráð fyrir, að innflutningstekjurnar eða tolltekjurnar eða tekjur af aðflutningsgjöldum stæðust þó alltaf ríflega áætlun. Og ég verð nú að álíta, að þegar hæstv. fjmrh. kveður ekki sterkara að orði en raun bar vitni hér áðan um þessi efni, megi gera ráð fyrir svipaðri tekjuaukningu á innflutningsgjöldum þetta ár og hin fyrri árin. Að sjálfsögðu skal ég ekkert um þetta fullyrða, eins og ég sagði áðan, en á meðan annað er ekki upplýst örugglega, verður að ganga út frá því, að umframtekjur verði með svipuðum hætti þetta ár og hin fyrri. Og ég tel allar líkur benda til þess, að tekjur fjárlagafrv. nú séu, hvað sem afkomu ársins í ár líður, áætlaðar með það fyrir augum, að umframtekjur verði ekki hlutfallslega minni árið 1965 heldur en árin 1962 og 1963. En ef svo reynist, mundu þær nægja til þess að mæta þeim útgjaldahækkunum, sem hér er talað um.

Ríkisstj. keppir að því að hafa ríflegan greiðsluafgang til þess að draga með þeim hætti úr kaupgetu almennings. Það sýnir reynslan, það sýnir boðskapur ráðh. nú, sbr. t. d. skrif hæstv. viðskmrh. nú nýlega í Alþýðublaðinu. Það sýnir enn fremur nýbirt skýrsla Efnahagsstofnunarinnar í París, þar sem lögð er á það áherzla, að greiðsluafgangur ríkissjóðs megi ekki vera undir 1½% af þjóðartekjum, eða frá 250—300 millj. kr. árlega. Nú getur það auðvitað verið rétt fjármálapólitík undir vissum kringumstæðum að gera ráð fyrir ríflegum greiðsluafgangi, en vitaskuld á þó alltaf að reyna að áætla tekjur svo rétt sem kostur er. En ég held, að eins og á stendur hér nú, sé það ekki réttlætanleg pólitík að leggja á stórfellda neyzluskatta í því augnamiði að tryggja stórfelldan greiðsluafgang. Ég held, að það sé ekki réttlætanlegt að gera það á kostnað almennings. Skattabyrðin, bæði sú beina og óbeina, er vissulega orðin nægilega þung og meira en það. Það er vissulega ekki þörf á neinum nýjum ráðstöfunum til þess að draga úr kaupgetu almennings nú.

Í annan stað er svo fjárlagaafgreiðslan nú byggð á eyðslustefnu núv. ríkisstj. Það er auðvitað hægt, ef viljí væri fyrir hendi, að draga stórlega úr ýmsum útgjöldum ríkisins. Það væri hægt að koma við margháttuðum sparnaði í ríkisrekstri. Þá leið á að fara, áður en gripið er til þvílíkra álaga á neyzlu almennings eins og hér er gert ráð fyrir, og þá leið verður auðvitað að fara fyrr en seinna, ef hér á ekki að sigla öllu í strand. Það er ekki hægt að halda áfram endalaust á braut síhækkandi útgjalda í því trausti, að alltaf sé hægt að sækja það, sem á vantar, í vasa almennings. Það er ekki hægt.

Þegar hæstv. ríkisstj. hóf göngu sína, gaf

hún mörg sparnaðarloforð, og ég vil ekki draga í efa, að þar hafi hugur fylgt máli á þeirri tíð. Og því skal ekki neitað, að nokkra viðleitni sýndi hún í þá átt á fyrstu starfsárum sínum, enda þótt mörgum sýndist árangurinn lítill. En það er áreiðanlega ekki ofmælt, að nú hafi hæstv. ríkisstj. gefið þessa litlu sparnaðarviðleitni sína algerlega upp á bátinn og hafi gefizt upp við að framkvæma þá stefnu, eins og reyndar fleira í sinni upphaflegu stefnuskrá. Það er önnur saga, sem ég fer ekki nánar út í í þessu sambandi. En í stuttu máli sagt held ég, að því fari mjög fjarri, að það liggi fyrir nægileg rök fyrir óhjákvæmilegri nauðsyn á svo stórfelldum álögum sem hér eru ráðgerðar, og þegar svo stendur á, er ekki, eins og ég áðan sagði, réttlætanlegt að grípa til þvílíkra örþrifaráða eins og jafnstórfelld söluskattshækkun sem þessi er í raun og veru.

Þá ætla ég þessu næst að víkja ofurlítið að þeim tekjuöflunarhætti, sem hér á að nota, almennum söluskatti. Ég ætla þó ekki að fara langt út í þá sálma. Ég ætla ekki að fara langt út í það að rifja hér upp sögu hins almenna söluskatts. Hann var á sínum tíma boðaður af hæstv. ríkisstj., bæði í viðreisnarbókinni frægu og í grg. með fjárlagafrv. fyrir 1960, og hann var svo í samræmi þar við lögfestur með l. nr. 10 frá 1960, en áður hafði að vísu verið innflutningssöluskattur, sem framlengdur var með þeim l. og aukinn, eins og kunnugt er og ég fer ekki að rekja hér neitt frekar, og áður hafði einnig verið sérstakur söluskattur á ýmissi þjónustustarfsemi og innlendum iðnaðarvarningi, en með söluskattslögunum frá 1960 var samt sem áður farið inn á nýja braut í þessum efnum, þannig að með þeim l. var lagður á almennur söluskattur, 3% söluskattur, sem lagður er á allar vörur og öll viðskipti yfirleitt, með þeim örfáu undantekningum, sem í þeim l. greinir. Þessi söluskattur var svo hækkaður í 5½% með l. nr. 1 frá 1964, og nú á að hækka hann í 8%.

Það fer að sjálfsögðu eftir aðstæðum og þörfum á hverjum tíma, hverjar tekjuöflunarleiðir séu heppilegastar. Ég held, að í því efni sé ekki til nein algild formúla eða algild kennisetning. Það getur sjálfsagt stundum orðið að grípa til einhvers konar söluskatta eins og annarra tekjuöflunarleiða. Ég tel ekki rétt að vera þar með neina einstrengingslega fordóma. En auðvitað skiptir í því sambandi og þegar um söluskatt er að ræða meginmáli, hvernig á stendur hverju sinni og hvernig söluskattinum nánar er hagað, hvort hann er hafður misjafnlega hár á vörutegundir, þannig að þær vörur, sem munaðarvörur má telja, leggi þar meira af mörkum, þannig að hann sé raunverulega skattur á raunverulega eyðslu, eða hvort hann er lagður á allar vörur almennt, almennur neyzluskattur. Enn fremur er auðvitað mjög gerandi greinarmunur á söluskatti, hvort hann er notaður af innflutningi eða hvort hann er lagður á viðskipti manna á milli innanlands, eins og á sér stað um þann almenna söluskatt, sem hér gildir. En ég held, að af ýmsum söluskattsaðferðum, sem tiðkanlegar eru og hugsanlegar eru, sé hinn almenni söluskattur í þeirri mynd, sem hann hér hefur verið lögleiddur, einna óheppilegastur. Ég tel þess vegna, að í lengstu lög ætti að forðast að grípa til hans. Og ég tel hann alveg sérstaklega varhugaverðan vegna þess, að hann kemur þyngst niður á öllum almenningi, hækkar vöruverð og stóreykur dýrtíð og kyndir þar með undir verðbólguþróuninni, auk þess svo, að innheimta á slíkum almennum söluskatti er ákaflega erfið, innheimtumenn eru margir eða réttara sagt, þeir verða margir, sem eiga að standa skil á söluskattinum. Það er hætt við, að þau skil verði misjöfn. Það er hætt við, að hann komist ekki allur til skila. Það er mikil freisting lögð fyrir þá, sem á móti skattinum taka, og ég held, að þessi skattheimtuaðferð ýti beinlínis undir óheiðarleika í þjóðfélaginu. Menn-irnir eru að vísu misjafnir, sumir eru heiðarlegir, aðrir kannske misjafnlega heiðarlegir. Ég efast ekkert um það, að margir þeir, sem við þessum skatti taka, skili honum vel og heiðarlega af sinni hendi. En líklegast má telja, að á því séu samt veruleg missmíði, og a. m. k. gengur almannarómur í þá átt, að mjög mikið skorti á, að skil á söluskatti séu í því lagi, sem vera ætti. En sannleikurinn er sá, að ef þessi skattheimta á að vera í nokkru lagi, þá þarf mikið og skilvirkt eftirlit. Það kostar mjög mikla skriffinnsku, gífurlegan kostnað og mikla fyrirhöfn fyrir allan almenning, ef skattheimta af þessu tagi á að vera í nokkru lagi.

Það eftirlit, sem til þarf, hefur, að ég held, ekki á nokkurn hátt verið fullnægjandi, og eins og ég sagði áðan, er það víst, að það er uppi almannarómur um, að það sé miklu skotið undan af söluskatti. En það liggur í augum uppi, að allir þessir agnúar, sem ég hef hér minnzt á í örfáum orðum, verða miklu alvarlegri og stórkostlegri, eftir því sem söluskatturinn verður hærri. Ég er ekki einn um þessa skoðun. Við framsóknarmenn erum ekki einir um þessa skoðun. Við höfum átt skoðanabræður í herbúðum stjórnarflokkanna og þá fyrst og fremst í röðum Alþfl., — skoðanabræður, sem ekki hafa síður en við komið auga á þá annmarka, sem almennum söluskatti fylgja og ég hef hér lítillega leitazt við að rekja, og ég leyfi mér því til sönnunar að tilfæra nokkur dæmi.

Ég sé nú að vísu, að ég hef ekki við höndina þau dæmi, sem ég ætlaði að rekja úr umr., sem fram fóru hér eitt sinn á hv. Alþingi um söluskatt, en þá tóku þátt í þeim umr. fyrir hönd Alþfl. þáv. formaður Alþfl., Haraldur Guðmundsson, og núv. hæstv. viðskmrh. og lýstu þá mjög skilmerkilega og mjög á sömu lund og ég hef gert hér, en þó með miklu sterkari og litríkari orðum, eins og þeirra var von og vísa, þeim annmörkum, sem á almennum söluskatti eru, og lýsti hæstv. viðskmrh. því alveg sérstaklega, að af öllum sköttum væri þessi skattur einna ranglátastur og þó að það væri viðurkennt, að skattsvik ættu sér nú víða stað, mundu þau þó hvergi vera meiri en einmitt í

sambandi við söluskattinn. En það er nokkuð langt síðan þessi ummæli voru um hönd höfð, eða árið 1953, og mér er það ljóst, að ýmsir af fyrirsvarsmönnum Alþfl. hafa ekki þurft alltaf svo langan umþóttunartíma til þess að skipta um skoðun. Þess vegna þykir mér nú hlýða, þótt ég hafi ekki þessi ummæli þeirra hér við höndina og geti ekki lesið þau nákvæmlega upp, að vitna til nýrri ummæla frá fyrirsvarsmönnum Alþfl. og geta þess, sem Alþýðublaðið ritaði um það efni einmitt um þær mundir, sem verið var að lögleiða söluskattinn hér á Alþ. með l. nr. 10/1960, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í leiðara Alþýðublaðsins 11. marz 1960:

„Þegar lífskjör alþýðunnar eru svo knöpp, að hún getur ekkert leyft sér nema nauðþurftir, er að sjálfsögðu mjög óréttlátt að leggja á þær vörur söluskatt. Við þær aðstæður kemur skatturinn þyngst niður á þeim, sem sízt skyldi.“ Og enn fremur segir: „Þegar lífskjör batna og verða svo góð sem nú er orðið, má undanskilja ýmsar lífsnauðsynjar, en leggja söluskatt á aðrar. Þá greiða menn því meira af skattinum, því meira sem þeir hafa og nota af fé. — Það er af þessum ástæðum, sem menn hagnast við núverandi aðstæður af söluskatti. Hér á landi hafa ýmsar gerðir söluskatts verið reyndar síðustu ár. Hér þarf einfalt kerfi, sem er auðskilið, og sem minnst af undanþágum. Hér þarf umfram allt nákvæmt eftirlit með innheimtu skattsins og að honum verði ekki hreinlega stolið á leið frá neytanda til ríkiskassans. Það mun fara að verulegu leyti eftir þessu framkvæmdaatriði, hvort almenningur sættir sig við skattinn eða ekki.“

Svo mörg voru þau orð Alþýðublaðsins á sínum tíma. Hver hefur nú framkvæmdin orðið á innheimtu söluskattsins, en eftir því telur Alþýðublaðið eða taldi á sínum tíma, að það mundi einkum fara, hvort söluskatturinn væri réttlætanlegur eða ekki? Eins og ég hef margtekið fram, er það a. m. k. almannarómur, sem telur, að skattheimtunni sé einmitt á sviði söluskattsins alveg sérstaklega ábótavant. Og hvað segir Alþýðublaðið um það? Finnst því og finnst Alþýðuflokksmönnum, að innheimtan á söluskattinum hafi verið í lagi, í svo góðu lagi, að það réttlæti ekki aðeins áframhaldandi tilvist söluskattsins, heldur þá hækkun hans, sem hér er ráðgerð? Að minni skoðun verður það nánast að teljast furðuleg bíræfni að fara fram á þessa hækkun, sem hér er um að tefla, án þess að sjáanlegt sé, að gerðar hafi verið eða gerðar séu jafnframt nokkrar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta innheimtuna. Hér ber því allt að sama brunni. Skattauki sá, sem í þessu frv. felst, er óþarfur, hann er óskynsamlegur, hann er ranglátur, og hann er lítt innheimtanlegur, svo að í lagi sé.

Ég man það að vísu, að þegar þessi söluskattur var lögleiddur hér á sínum tíma 1960, lét hæstv. fjmrh. þau orð falla, að þessi söluskattur væri sérstaklega heppilegur vegna þess, að hann væri svo auðskilin og einfaldur í framkvæmd. En mér þykir mikið, ef hæstv. fjmrh. getur með góðri samvizku tekið undir þau orð nú að fenginni reynslu.

Það er alls ekki, eins og nú er komið, á álögur bætandi. Söluskattur mundi með þeirri hækkun, sem hér er ráðgerð, fara allt upp í um það bil 1000 millj. kr. á ári, og það er engin smáræðisupphæð, — minna má nú gagn gera. Í sambandi við þessa miklu söluskattshækkun, sem hér á að gera, er vekjandi á því athygli, eins og staðfest var af hæstv. fjmrh. í framsöguræðu hér áðan, að það er ekki gert ráð fyrir, að hluti jöfnunarsjóðs af söluskattinum hækki neitt. M. ö. o.: jöfnunarsjóðurinn á ekki að fá neitt af þeirri hækkun, sem þetta frv. lögfestir. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nær 74 millj. kr. til jöfnunarsjóðsins af söluskattinum. Nú er gert ráð fyrir því, að jöfnunarsjóðurinn fái 7½% af söluskattinum í heild, sem eftir hækkunina ætti að nema, eins og ég sagði áðan, nær 1000 millj. kr. á ári, og er þá auðsætt, að hluti jöfnunarsjóðsins verður eftir sem áður kringum 74 millj. kr. Það er þó sannast sagna, að það væri ekki vanþörf á að sjá sveitarfélögunum fyrir auknum tekjum, því að ástandið hjá þeim er þannig, að þau eru mörg hver í mikilli þörf fyrir auknar tekjur og eiga mörg hver við mikla erfiðleika að etja. En eins og öllum er kunnugt, er einn aðaltekjustofn þeirra útsvörin, en útsvörin hafa einmitt lagzt sérstaklega þungt á gjaldendur, og er viðurkennt af flestum, sem til þekkja, að þörf væri á því að létta útsvarsbyrðina nokkuð. En jafnframt er ljóst, að það er ekki hægt um vik í því efni, nema jafnframt sé sveitarfélögunum séð fyrir nokkrum tekjum í staðinn.

Í sambandi við þá söluskattshækkun, sem í þessu frv. felst, finnst mér ástæða til að vekja athygli á frásögn þeirri, sem birt er í dag á fyrstu síðu Morgunblaðsins um framlagningu þessa frv., en á fyrstu síðu Morgunblaðsins í dag stendur með stóru letri: „Söluskattur hækkar í 8% vegna niðurgreiðslna.“ Og síðan með stóru letri einnig, en nokkru smærra þó: „Í samræmi við júnísamkomulagið við verkalýðsfélögin.“ Og hæstv. fjmrh. talaði líka hér áðan í sinni frumræðu um þetta júnísamkomulag, og eiginlega skildist mér á hans máli, að í þessu blessaða júnísamkomulagi væri upp talið allt í þessu máli. En ég vil bara að gefnu þessu tilefni spyrja um það, hvort efni þessa frv. sé í samræmi við júnísamkomulagið. Á að halda því fram, að þá hafi verið samið um það, sem í þessu frv. felst? Það er ekki vafi á því, að með fyrirsögn Morgunblaðsins, þeirri sem ég áðan lýsti, er verið að reyna að læða því inn í hugi kjósenda, borgaranna, að þetta frv., með því efni, sem það hefur, sé í samræmi við hið svokallaða júnísamkomulag. Ef svo væri, fer ég fyrst að skilja yfirlýsingu hæstv. forsrh. um, að hann hafi mætt alveg sérstakri sanngirni í samningum við ákveðna hópa, þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér í gærkvöld. Og þá fer mér ekki að þykja það undarlegt, þó að hugur hans eftir á hafi verið opnari fyrir vinahótum í garð þeirra. En ég verð að

segja það, að mér dettur ekki í hug að halda, að það hafi verið samið í júnisamkomulaginu um neitt þvílíkt eins og það, sem er í þessu frv. Þvert á móti spái ég því, að verkalýðssamtökin og launastéttirnar láti fljótlega í sér heyra andsvar við þessu frv. og því efni, sem það hefur að geyma. Og það væri ekki nema í samræmi við þá samþykkt, sem gerð var fyrir tveimur dögum í verkamannafélaginu Dagsbrún og ég gat um fyrr í minni ræðu, að þeir mótmæltu þessu frv. myndarlega. En það verður að gefnu þessu tilefni að krefjast alveg skýrra svara um það, hvort það hafi verið gert eitthvert samkomulag um þetta atriði og um þetta efni. Það er bezt, að það komi alveg fram, að það sé ekki verið að læða því að mönnum, að um þetta hafi verið eitthvert samkomulag, að þetta sé afleiðing, rökrétt afleiðing af því, sem þá var gert. Það er bezt, að það komi skýrt fram frá báðum aðilum, sem að því samkomulagi stóðu, hvort það er svo í raun og veru eða ekki. Það dugir ekki að hafa neina tæpitungu á þar um eða tala í neinum gátum um það. Þetta verður að liggja alveg ljóst fyrir. Þetta er auðvitað þvílíkt meginatriði. En eins og ég sagði áðan, þá dettur mér ekki í hug að halda það, og ég var alveg sannfærður um, að um slíkt og þvílíkt hefur aldrei nokkurn tíma verið samið eða nokkurt samkomulag verið gert.

Ég drap á það sem þriðju ástæðuna, þriðju meginástæðuna fyrir því, að þetta frv. væri ekki samþykkjandi, að fjárstjórn ríkisstj. hefði yfirleitt verið með þeim hætti, að henni væri ekki fyrir fé trúandi. Það eru nú svo nýlega um garð gengnar almennar fjárlagaumræður, þar sem fram kom af hálfu framsóknarmanna rökstudd gagnrýni í því efni, að ég sé ekki hér ástæðu til að fara ýtarlega út í það og get nú stytt mál mitt um það, enda búinn að tala nokkuð lengi. En það er þó síður en svo, að ég biðjist nokkurrar afsökunar á því að tala lengi um þetta mál, því að það er það, sem þeir mega búast við, hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn, ef þeir ætla að temja sér þá starfshætti að koma með mál sem þetta inn að óvörum á síðustu dögum þings. Þegar allt er þannig í pottinn búið, að það er ekki tími til að afgreiða málin, svo að í lagi sé, þá mega þeir búast við því, að það sé að því fundið og menn sýni ekki ríkisstj. að því leyti neina sérstaka tilhliðrunarsemi. En um fjárstjórnina almennt er það náttúrlega skemmst að segja, sem öllum hv. alþm. er ljóst, að fjárlagaútgjöldin og álögurnar þar með hafa farið hækkandi ár frá ári um mörg hundruð millj. ár hvert, þannig að nú er svo komið, að að þessu frv. samþykktu mundi tekjuáætlun fjárlagafrv. komast upp í um það bil þrjá milljarða og sex hundruð millj. kr. Og eins og kom fram í fjárlagaumræðunum og á var þá rækilega bent, er eyðslan í ýmsum efnum orðin óhæfileg. Og til þess að standa undir þessari eyðslu þarf alltaf að seilast dýpra og dýpra niður í vasa skattborgarans, bæta á nýjum og nýjum álögum, þannig að þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, er alveg óefað orðin mesta skattpíningarríkisstjórn, sem hér á landi hefur nokkru sinni setið, og á þar auðvitað algert met, og verður sjálfsagt langt þangað til það met verður yfirstigið. Og yfirleitt er þessi hæstv. ríkisstjórn ákaflega aðgangshörð í sínum nýju álögum.

Ég skal nú ekki fara út í það í sambandi við þetta mál að ræða dýrtíðarpólitík ríkisstj. almennt, enda þótt sú pólitík eigi að sjálfsögðu einn þátt í því, hvernig komið er, einnig á þessu sviði, og í þeirri eyðslu hjá ríkissjóði, sem raun ber vitni. Ég fer ekki út í að ræða það, hvernig það eitt hefur fætt af sér annað, gengisfellingarnar 1960, 1961, vaxtapólitíkin, söluskatturinn o. s. frv. En allt þetta hefur kynt undir verðbólgunni og valdið því, að fjárlögin hafa farið sífellt hækkandi og álögurnar sífellt orðið þungbærari, og er nú svo komið, að almenningur kvartar almennt undan þeim skattaálögum og hefur gert frá því s. l. sumar. Og daglega heyrum við í útvarpinu glymja áminninguna frá Gjaldheimtunni til skattþegnanna að borga sína skatta.

Ég held þó, að ég geti ekki stillt mig um að nefna það í þessu sambandi, að það séu vissir aðilar samt, sem hafi ekki ástæðu til að kvarta í þessu sambandi. Það er gengið hart að hinum almenna skattborgara, en milljónamæringarnir, þeir sem stóreignaskatturinn var lagður á á sínum tíma, hafa ekki ástæðu til að kvarta. Þeir eru ekki minntir daglega á að borga sinn skatt. Hæstv. fjmrh. upplýsti það nýlega, að á þessu ári hefði aðeins verið greitt af þeim skatti um 400 þús. kr., ef ég man rétt, og að útistandandi af þeim skatti væru æðimargar millj., 25 millj., ef ég man rétt. Þessi skattur átti þó að fullnægja góðum þörfum. 2/3 hans áttu að renna í byggingarsjóð ríkisins, 1/3 í veðdeild Búnaðarbankans. Báðar eru þessar stofnanir og hafa lengi verið fjárvana og höfðu fyllstu þörf fyrir þessar tekjur. En hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, a. m. k. tvívegis, svo að ég hef heyrt, að þessi stóreignaskattslöggjöf frá 1957 hafi ekki einasta verið meingölluð, heldur sé hún einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Ég held, að þetta sé mjög ofsagt hjá hæstv. fjmrh. og að hann hljóti að sjá það, ef hann hugsar betur um. Stóreignaskattslöggjöfin frá 1957 var nefnilega ekkert einsdæmi. Hún átti sér algera hliðstæðu í löggjöf, sem sett var 1950, með l. nr. 22/1950. Að vísu má segja, að það skilji nokkuð þar á milli. Það skilur á milli, að stóreignaskattinn frá 1950 áttu menn að greiða þegar af 300 þús. kr. eign, en stóreignaskattinn skv. l. nr. 44/1957 áttu aðeins milljónamæringar að greiða, þeir sem áttu 1 millj. eða meira. En að öðru leyti var þarna um hliðstæðu að ræða. Og það verður ekki fært fram til réttlætingar stóreignaskattslöggjöfinni frá 1950 fram yfir stóreignaskattslöggjöfina frá 1957, að stóreignaskatturinn 1950 hafi verið lagður á í sambandi við gengisbreytingu, en hinn ekki, vegna þess að

raunverulega var stóreignaskattslöggjöfin frá 1957 liður í ráðstöfunum, sem gerðar voru 1956, og þá alveg sérstaklega í sambandi við l. nr. 86/1956, þar sem lögleitt var 16% yfirfærslugjald á gjaldeyri, sem hefur verið haldið fram og ég vil ekki andmæla, haldið fram af stjórnarsinnum, a. m. k. sjálfstæðismönnum, að hafi jafngilt gengisbreytingu. Einmitt í sambandi við setningu þeirrar löggjafar, l. nr. 86/1956, var boðuð þessi stóreignaskattslöggjöf frá 1957, þannig að í raun og veru, þegar aðstæðurnar eru skoðaðar, voru þær mjög á eina lund 1950 og 1957. Það stenzt þess vegna ekki, að stóreignaskattslöggjöfin 1957 sé einsdæmi í íslenzkri löggjöf, enda er ég ekki þar einn til vitnis um, því að í þeim dómi, sem hæstiréttur kvað upp á sínum tíma um þetta árið 1958, þá kemur það einmitt fram í þeim dómi, að ein af ástæðunum að vísu, sem meiri hl. hæstaréttar finnur lagasetningunni 1957 til foráttu, er, að það hafi verið lagður á hliðstæður skattur 1950. Það var visst atriði að vísu, sem skildi á milli stóreignaskattslaganna 1950 og 1957 eftir þeim skilningi, sem meiri hl. hæstaréttar lagði í stóreignaskattslöggjöfina frá 1950 á þeirri tíð, af því að meiri hl. hæstaréttar skildi þá löggjöf á þá lund, að félög ættu að greiða stóreignaskatt, sem stóreignamönnum í þeim var gert að greiða. Ég verð að segja það, að þegar sá skilningur var lagður til grundvallar, hefði manni ekkert komið það á óvart, þó að sú hefði verið niðurstaðan, að stóreignaskattslöggjöfin frá 1950 hefði verið talin brjóta í bága við stjórnarskrá. En það var ekki litið svo á af meiri hl. hæstaréttar, en minni hl. aftur á móti var alveg sömu skoðunar um þau l. og aftur hæstiréttur 1957, þannig að því fer náttúrlega fjarri, að stóreignaskattslöggjöfin frá 1957 sé nokkurt einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Það má áreiðanlega sitthvað að henni finna, og ég er ekki neinn sérstakur talsmaður fyrir því, að það sé gripið til þvílíkrar löggjafar. En það er hins vegar rétt í sambandi við þetta mál, sem hér er rætt, að minna á þessa löggjöf og hversu linlega hefur verið gengið fram í innheimtu þess skatts, samtímis því sem fyllstu hörku hefur verið beitt gagnvart hinum almenna skattborgara og samtímis því sem verið er að leggja á jafngífurlega neyzluskatta og þennan almenna söluskatt, sem hér er um að tefla. Sannleikurinn er sá, að það skilur kannske ekki nema eitt á milli stóreignaskattslöggjafarinnar 1950 og 1957, og það er, að Sjálfstfl. stóð að setningu stóreignaskattslöggjafarinnar 1950, en ekki að setningu stóreignaskattslöggjafarinnar 1957. En það er rétt, eins og ég sagði áðan, að minna á það í sambandi við þessi skattamál öll, hversu hefur verið gengið linlega fram í innheimtu stóreignaskattsins.

Hæstv. fjmrh. hefur fært það fram sér til réttlætingar í því efni, að það hafi risið mörg málaferli út af stóreignaskattinum 1957. Það er rétt. Það risu líka mörg málaferli út af stóreignaskattinum 1950, ég veit ekki, hvort þau voru fleiri eða færri þá, ég hef ekki talið það saman. En hæstv. fjmrh. segir, að það væru óheppileg vinnubrögð að vera að innheimta skattinn og láta hann í hendur veðdeild Búnaðarbankans og byggingarsjóðs ríkisins og svo væri kannske niðurstaðan hjá dómstólunum sú, að það ætti að endurgreiða eitthvað af þessum skatti. Það má segja. En mér er þá spurn: Er þessari reglu fylgt alls staðar annars staðar? Ég veit ekki betur en það hafi verið ákveðinn með lögum svokallaður bændaskattur, gjald, sem á að renna í Stofnlánadeild landbúnaðarins, og ég veit ekki betur en það hafi risið málaferli út af þeim skatti. Ég veit ekki betur en því sé haldið fram, að hann sé andstæður stjórnarskránni. Það mál er enn óútkljáð hjá hæstarétti. Það sé fjarri mér að fullyrða nokkuð um, hver málalok verða í því, ég skal ekkert segja um það, um gildi þeirra raka, sem færð eru fram fyrir því, að þessi skattur sé andstæður stjórnarskránni. En mér er ekki annað kunnugt en hann hafi verið innheimtur og innheimtur til fulls, þrátt fyrir það að það hljóti að vera svipað óvissuástand um hann og stóreignaskattinn að þessu leyti. Það liggur í augum uppi, að ef svo færi, að hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu, að þetta gjald væri andstætt stjórnarskránni, yrði það dálítið óþægilegt fyrir stofnlánadeild Búnaðarbankans að standa skil á því fé, sem lagt hefur verið í hana. En samt sem áður hefur ekki verið hætt við innheimtu gjaldsins.

Ég nefni þetta aðeins til þess að sýna, að það er gerður hér munur á. Og stjórn, sem er í einelti við almenna skattborgara hér á landi, en sýnir milljónamæringum hlífð og linkind, hún hentar ekki á Íslandi, og það mun sýna sig.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um þetta frv. Ég held, að það sé aðeins einn votturinn af mörgum um það, að hæstv. ríkisstj. hefur beðið algert skipbrot, ekki aðeins í þessu máli, heldur og miklu víðar. Og ég skal aðeins ljúka máli mínu með því að minna á, að það dettur vitaskuld engum í hug að segja það nú, að verðbólgan hér á landi sé stöðvuð, að segja, að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi ráðið við verðbólguna eða ráði við hana. Það dettur ekki nokkrum manni í hug að halda því fram í fullri alvöru. Enda er sýnilegt t. d., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, mun á sinn hátt ýta undir verðbólguna. Það, sem það hefur í för með sér, verða verðlagshækkanir, sem verða svo aftur orsök til kaupgjaldshækkana. En því nefni ég þetta, að í einni af sinni seinustu ræðum til þjóðarinnar sagði fyrrv. forsrh., fremsti maður Sjálfstfl., hv. þm. Ólafur Thors, að ef ekki tækist að vinna bug á verðbólgunni, þá væri allt annað unnið fyrir gíg. Og það held ég, að sé mjög rækilega á sannað.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég verð að játa það, um leið og ég hef mál mitt, að fyrstu viðbrögð mín við þessu frv., þegar það var lagt hér á borð okkar þm. í gær, voru þau, að ég varð undrandi. Og ég get búizt við því, að svo hafi verið um fleiri, sem allt frá því á s. l. vori

hafa alið með sér nokkrar vonir um það, að hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir sinn að mörgu leyti óhugnanlega feril í efnahagsmálum og þá alveg sérstaklega að því er varðar þá þætti, sem snúa að öllum almenningi og verkalýðshreyfingunni í landinu, hefði a. m. k. að einhverju leyti séð að sér, eins og það samkomulag, sem hún átti þátt í að gert var við verkalýðshreyfinguna 5. júní s. l., benti til, og þeir munu hafa verið margir, sem hugðu bata hæstv. ríkisstj. varanlegri en reynslan hefur orðið og vonuðu, að hún stefndi ekki jafnrakleitt verðhækkana- og verðbólguleiðina eins og áður.

Það verður að vísu að segjast, að sjálft fjárlagafrv. með þeim gífurlegu hækkunum, sem það boðaði, eða sem svaraði í rekstrarútgjöldum um hálfum miljarði, eins og það leit út, þegar það var lagt fram á hv. Alþingi, og öll meðferð þess fram að þessu gaf auðvitað strax til kynna, að alvara hæstv. ríkisstj. í því að spyrna fótum við verðbólgunni, verðlagshækkunum og sírýrnandi gildi gjaldmiðilsins risti ekki allt of djúpt. En allt um það, þá munu þó flestir hafa vonað, að forðazt yrði að vega enn í þann knérunn, sem nú er gert, og grípa til slíkra algerra óyndisúrræða sem þetta frv. er, — óyndisúrræða, sem útilokað er að leiði annað af sér en auka á allan vanda, sem við er að fást, og hljóta að stórspilla öllum líkum fyrir friðsamlegri lausn þeirra vandamála, sem bíða úrlausnar í launa- og kjaramálum vinnustéttanna, ef þessi úrræði, sem hér eru til umr., skjóta þá ekki loku fyrir þá lausn með öllu.

Áður en ég vík beint að sjálfu því frv. efnislega, sem hér er til umr., tel ég rétt að minna nokkuð á það samkomulag þriggja aðila, þ. e. a. s. ríkisstj., vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, sem gert var á s. l. vori, svo mjög sem það varðar þetta mál bæði beint og óbeint.

Ég minni fyrst á það, að þetta samkomulag var gert við þau skilyrði og að þeirri atburðarás undangenginni, að kaup verkafólks hafði lækkað frá því í febr. 1960, um það bil sem núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, á sama tíma sem vöruverð og þjónusta hafði hækkað um 84%. Og ef sú saga er rakin einu ári lengra aftur í tímann, þá minnumst við þess, að annar hv. stjórnarflokka, sem þá fór með völd með stuðningi hins, lækkaði raunverulegt kaupgjald verkafólks í landinu um 5.4%, en sjálfar kaupsupphæðirnar um 13.6%.

Samkomulagið í vor var sem sagt gert að undangenginni stórfelldri kjaraskerðingu. Kaupgjaldið hafði verið lækkað ár frá ári allt valdatímabil núverandi stjórnarflokka, fyrst og fremst með aðgerðum af hálfu hæstv. ríkisstj., og ber þar fyrst og fremst að nefna tvennar gengisfellingar, 1960 og 1962, og stórfelldar almennar álögur, sérstaklega í formi söluskatts og nefskatts, auk hækkunar á beinum sköttum. Og mönnum er auðvitað kunnara en því þurfi að lýsa hér í hv. d., hvers konar eindæma verðbólguflóð leiddi af þessum aðgerðum, og allt gerðist þetta í skjóli þess, að það hafði tekizt í upphafi viðreisnarinnar og ræna launamenn þeirri vernd, sem samningar um verðlagsbætur á laun veittu, áður en sú vernd var numin úr gildi við upphaf hinnar svokölluðu viðreisnar. Þrátt fyrir allt þetta, sem á undan var gengið og ég ætla ekki að rekja, svo kunnugt sem það er, og þrátt fyrir einstök góðæri, sem höfðu fært þjóðarbúinu sívaxandi tekjur, og öll ytri skilyrði og ástæður voru þannig til mjög mikilla launahækkana, þá sýndu verkalýðssamtökin þá einstæðu — vil ég segja — hófsemi að ganga til samninga, sem fólu ekki í sér neinar grunnkaupshækkanir, svo að nefnandi væru því nafni. Þau féllu frá öllum slíkum kröfum gegn því að fá fram að nýju vísitölubætur, ef verðlag hækkaði, og nokkur atriði önnur, sem þau töldu allmikilvæg fyrir skjólstæðinga og kunnari eru en frá þurfi hér að segja. En ég mundi segja, að fyrst og fremst hefðu verkalýðssamtökin gengið til þessa samkomulags vegna þess, að þau töldu, að með því væri brotið blað varðandi efnahagsmál þjóðarinnar að því leyti, að skilningur væri að skapast hjá ríkisstj. á hinum geigvænlegu afleiðingum verðbólgustefnunnar, ekki aðeins fyrir allan almenning og kjör hans frá ári til árs, heldur á alla eðlilega þróun atvinnuveganna í landinu, á þróun þjóðarbúsins sem heildar og jafnvel fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Kannske gætum við líka látið okkur nægja að svo stöddu að segja, að verkalýðshreyfingin hafi trúað því eða a. m. k. viljað sannreyna, hvort svo væri, að ríkisstj. liti nú orðið, þegar þetta samkomulag var gert, á verðbólguna ekki aðeins sem hentugt tæki til þess að halda raunverulegum lífskjörum almennings niðri, heldur einnig sem vandamál, sem henni bæri nokkur skylda til að reyna að leysa.

Ég verð að segja, að þetta frv. er hnefahögg framan í alla þá, sem gengu til samninganna í vor í góðri trú á heilindi hæstv. ríkisstj. í baráttunni gegn verðbólgunni. Sú trú hefur að vísu hlotið áföll, áður en samningstímabilið er hálfnað, en þetta frv. er þó þeirra áfalla langmest og alvarlegast. Í því sambandi nefni ég fyrst, hvernig staðið er að þessu máli. Hér er ekki verið að hafa fyrir því að leita álits viðsemjandans frá því í vor, þ. e. a. s. verkalýðssamtakanna, á því, hvort hann telji á rétt sinn gengið beint eða óbeint, eða yfirleitt verið að leita eftir viðhorfi hans til þeirra aðgerða, sem munu hafa í för með sér nýjar álögur á skjólstæðinga hans upp á 300—400 millj. kr. a. m. k., þegar öll kurl eru komin til grafar. Og það er líka athyglisvert, að þessum álögum er skellt yfir á miðjum þeim samningstíma, sem samkomulagið átti að gilda. Ég verð að segja, að verkalýðshreyfingin hafði ríkar ástæður til, bæði beinar og óbeinar, að ætla, að til engra slíkra aðgerða sem þessara yrði gripið án þess að leita álits hennar áður. Það er að vísu fjarri mér að ætla að halda því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi afsalað sér umfram það, sem skjalfest var með samkomulaginu á s. l. vori, rétti sínum til að hafa forgöngu til lagasetningar hér á hv. Alþingi, en í þessu sambandi held ég, að það sé líka nauð-

synlegt að líta aftur ofurlítið til forsögunnar, fyrst tilrauna hæstv. ríkisstj. í nóv. í fyrra til þess að knésetja verkalýðssamtökin með því að svipta þau samningsréttinum, síðan verkfallsstríðsins í desembermánuði sama ár og loks samninganna á s. l. vori. Sagan um þessa þrjá sögulegu viðburði segir okkur auðvitað ótvírætt, hverjum sem augu hefur og eyru, að ríkisstj. hvarf tilneydd eða vegna skynsemi sinnar, hvort sem maður vill heldur hafa, frá þeirri stríðsstefnu, sem hún hafði áður haldið sleitulaust uppi allt frá valdatöku sinni. Hún valdi á s. l. vori samningaleiðina, leið viðræðna um vandamálin, leið samstarfs við verkalýðshreyfinguna, leið aðgerða gegn verðbólgunni, og við, sem tókum þátt í samningunum fyrir verkalýðshreyfinguna, höfðum vissulega fulla ástæðu til þess að ætla, að vilji hæstv. ríkisstj. til þess að fara þessa leið í samskiptum við verkalýðshreyfinguna mundi a. m. k. endast í þetta eina ár, sem samkomulagið átti að gilda, og þó fremur lengur en skemur.

En maður verður að játa þá lífsreynslu, að svo lengi lærir sem lifir, þó að það virðist nú ekki vera tilfellið um hæstv. ríkisstj. Hún virðist vera búin að gleyma a. m. k. að verulegu leyti, vonandi þó ekki öllu, hvert stríðsstefnan var að leiða hana sjálfa, því að hafi nokkur ríkisstj. verið stödd á hengiflugi með gapandi tortíminguna fyrir neðan, þá var það hún fyrir 13 mánuðum. Og ég held, að það væri hollt fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál m. a. að gera ráð fyrir því, að hún geti haldið svo á málum, að henni yrði kannske öðru sinni sýnt fram af bakkanum, og kynni þá minna að vera hirt um það en hið fyrra sinnið að rétta henni hönd til bjargar.

Nei, það er sannarlega ekki neinum blöðum um það að fletta, að þær aðgerðir til aukinnar dýrtíðar og þær aðgerðir til þess að hindra eðlilegar kjarabætur vinnustéttanna, sem felast í þessu frv. og ég mun koma nánar inn á síðar, þær eru freklegt brot gegn anda þess samkomulags, sem hæstv. ríkisstj. gerði við verkalýðssamtökin á s. l. vori. Og ég tel þetta að vísu veigamikið, þó að það sé ekki brot, hvorki á skjalfestu samkomulagi né samkomulagi, sem gert hefur verið með yfirlýsingum. Þá verður það líka að segjast, þó að ég telji það raunar ekki eins veigamikið, að ég fæ ekki betur séð en frv. feli í sér bein svik á yfirlýsingum, sem voru gefnar í sambandi við samkomulagið, — yfirlýsingum, sem að vísu voru ekki skjalfestar, en bæði ég og fleiri þykjast muna fullvel, að voru gerðar. Í grg. með frv. er frá því skýrt, að fjár á nú að afla upp á 68 millj. kr. til þess að standa undir viðbótarniðurgreiðslum fyrir árið 1964 vegna samkomulagsins og vísitöluhækkunar á kaup, sem ella hefði orðið. Ég man ekki betur en því væri mjög greinilega lýst yfir a. m. k. tvisvar sinnum af ábyrgum aðilum, sem tóku þátt í þessum viðræðum fyrir hæstv. ríkisstj., og ég hef borið það undir aðra, sem einnig tóku þátt í þessum viðræðum til undirbúnings samkomulagsins, að því var mjög greinilega lýst yfir, að engar nýjar álögur yrðu lagðar á vegna niðurgreiðslu á árinu 1964. En samkv. þessu frv. er komið með reikninginn á eftir fyrir allri þeirri upphæð, sem samkomulagið kostaði hæstv. ríkisstj. í niðurgreiðslum á þessu ári. Og þetta er meira að segja gert án þess, að leitað sé nokkurs rökstuðnings í lélegri afkomu ríkissjóðs á því ári, sem nú er að líða.

Ég verð að taka það strax fram í sambandi við það, sem kom hér fram hjá hæstv. fjmrh., að bæði ég og fleiri þdm. hafa heyrt ágizkanir hans um þróun innflutnings og um það, hvað líklegt væri að skattar og önnur gjöld yrðu há, nú undanfarin ár, og meðan a. m. k. hæstv. ráðh. kemur ekki fram á hv. Alþingi með bráðabirgðayfirlit yfir afkomu ríkisins á þessu ári, þá met ég þessar ágizkanir hans ekki nokkurn hlut meira en ég gerði fyrir árið 1962 og 1963. Það er ekkert líklegra en fullyrðingar hans nú séu á sömu bókina lærðar og þá.

Annars verð ég að segja það í sambandi við það, úr því að ég er farinn að tala um samkomulagið og þau brigð, sem ég tel að hér hafi verið í frammi höfð í sambandi við niðurgreiðslurnar á þessu ári, þá vil ég einnig koma aðeins inn á það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. var að tala um, hvort það hefði verið samið um eitthvað meira, hvort það hefði kannske verið samið um það í sambandi við kaupgjaldsmálin, að við ættum að hafa hér fulltrúa í n., Alþb., og annað því um líkt. Þetta talaði hann um í dylgjutón, sem ég kann ekki við, í öðru orðinu, þó að hann í hinu orðinu fullyrti, að hann væri sannfærður um, að ekkert slíkt samkomulag hefði verið gert. Ég verð að segja, að það situr ekki á þessum ágæta fulltrúa samstarfsflokks okkar Alþb.-manna, m. a. í verkalýðshreyfingunni, að bera fram svona dylgjur, og ég vísa þeim algerlega til föðurhúsanna. Um ekkert slíkt var samið á s. l. vori.

En þegar þannig er haldið á málum, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert varðandi fjáröflun til niðurgreiðslna á árinu 1964, þá horfir vissulega ekki vænlega um það, að eflzt geti gagnkvæmt traust og friðsamleg sambúð milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna. Og þá er bezt að snúa sér að því athuga ofurlítið nánar, hvað felst í þessu frv. að öðru leyti og aðgerðum, sem beint leiðir af því eða í sambandi við það standa.

Það er þá fyrst það að telja, að söluskatturinn er hækkaður um 46%, ekki um 2.5% eins og aðalfyrirsögn Vísis hljóðar upp á. Hækkunin er 46%, eftir að hann hefur verið hækkaður um 80% í fyrra frá árinu þar á undan. En þetta þýðir í fyrstu lotu tæplega 2.5% verðhækkun á öllu verðlagi í landinu, sem síðan hlýtur að vaxa verulega vegna vísláhrifa, þannig að innan tíðar verður a. m. k. 6 stiga vísitöluhækkun, sem af þessu leiðir, og að auki þau vísláhrif, sem kunna að koma fram, m. a. vegna ýmiss konar innanlandsframleiðslu. Og svo í öðru lagi felst það í frv., að önnur gjöld eru hækkuð allverulega. Þetta felst fyrst og

fremst í frv., og það má segja, að þetta mál sé að því leyti ekki svo ákaflega flókið.

En þá er rétt að gera sér eins vel og hægt er í lítilli athugun grein fyrir því, hvaða afleiðingar þetta hefur bæði á verðlagsþróunina og efnahagsmálin og á kjaramálin í landinu. Við hér í þessari hv. þd. erum nýbúnir að verða áheyrendur að fræðilegri ræðu, sem hv. 10. þm. Reykv. flutti yfir okkur eins og skóladrengjum um það, hvenær vísitala væri slæm og hvenær hún væri góð, og mér skildist á ræðu hans, að hann teldi, að ákvæði um vísitölu gætu verið harla góð, þ. e. a. s. sem aðhald fyrir stjórnarvöld um það að hækka ekki verðlag úr hófi fram, en hún væri slæm, þegar hún færi í gang. Þetta væri eins og sjálfvirkur hreyfill, sem a. m. k. væri skaðlaus, meðan hann gengi ekki, en þegar hann færi í gang, væri hann stórhættulegur. Ég held, að það sé engum blöðum um það að fletta, að margt er rétt í þessari kenningu hv. 10. þm. Reykv., og ég get í aðalatriðum samsinnt því, þetta er einnig mín skoðun, að það sé fyrst og fremst það gildi, sem ákvæðin um vísitöluna hafa, það sé aðhaldið til stjórnarvalda. Það er það aðhald, sem þau hefur skort á undanförnum árum, og hefur greinilega sýnt sig þennan tíma fram að þessu, sem vísitalan hefur verið í gildi, að þá hefur hún haft mjög verulega þýðingu að þessu leyti, þ. e. a. s. þangað til núna, að hæstv. ríkisstj. setur þennan hættulega hreyfil sjálf í gang. Um það er engum blöðum að fletta, að vélin er farin að ganga, og hún mun eiga eftir að ganga næstu mánuðina og trúlega næstu árin. Ég hygg, að það megi um þetta segja, að það sé miklum mun auðveldara að láta það vera að setja vélina í gang heldur en stöðva hana aftur, a. m. k. hefur reynslan verið sú.

Af þessu frv., segir í grg., að leiði 3% kauphækkun á öll laun á landinu í öllum atvinnugreinum og yfirleitt hjá öllum, sem laun taka og laun greiða. Nú er það auðvitað næsta líklegt, að svo fari í þessu tilfelli sem fleirum, að allir aðilar, sem kaup þurfa að greiða, velti þeirri byrði af sér, sem hér er á þá lögð, nema útflutningsframleiðslan, sem hlýtur að búa við það heimsmarkaðsverð, sem gildandi er á hverjum tíma, og hlýtur því að rekast á harðan vegginn með það, að hún getur engum af þeim byrðum velt af sér, sem lagðar eru á hana í hækkuðu kaupgjaldi eða með öðrum hætti, nema þá til komi uppbætur og styrkir úr ríkissjóði. En á útflutningsframleiðsluna á sem sagt eins og aðrar atvinnugreinar í landinu að leggja 3% kauphækkun í krónutölu, sem þó kemur ekki að neinum notum fyrir þá, sem launin taka. Það er ekki alveg sögð öll sagan með því, hvernig útflutningsatvinnuvegirnir fara út úr þessu, því að í sambandi við afgreiðslu fjárl. og einnig þá í beinu sambandi við þetta frv. eru teknar af fiskiðnaðinum 95 millj. kr., sem hann fékk á s. l. ári, þannig að það er greinilega um það að ræða, að hann hlýtur að búa við versnandi hag, sem nemur þessum 95 millj., sem ríkissjóður nú hrifsar til sín, og að auki hlýtur hann svo að bera þessi 3%.

Í grg., sem fylgdi frv., sem samþ. var hér í fyrra og fjallaði fyrst og fremst um aðstoð við sjávarútveginn og hækkun söluskatts, frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt útreikningum Fiskifélags Íslands nemur aukning útgjalda hraðfrystihúsanna vegna 15% kauphækkunar sem svarar 5.2% af framleiðsluverðmæti húsanna. Miðað við 1200 millj. kr. árlega framleiðslu frystihúsanna, sem er áætluð framleiðsla þeirra fyrir árið 1963, er hér um að ræða 62 millj. kr. upphæð."

Þ. e. a. s., að 15% kauphækkun kostaði frystihúsin í landinu 62 millj. kr. Nú er um það að ræða, að af fiskiðnaðinum eru teknar til ríkisþarfa 95 millj. kr., og að auki á svo að leggja 3% kauphækkun á fiskiðnaðinn, og mér skilst, að það sé ekki fjarri því, að þetta svari til þess, að nýjar byrðar séu lagðar á fiskiðnaðinn í landinu, sem mundu jafngilda 20—25% kauphækkun, sem þær aðgerðir svara til, sem hér er um að ræða. En sem sagt, aðrar atvinnugreinar í landinu geta velt af sér byrðunum og látið þær renna út í verðlagið, en það leiðir svo aftur til nýrra kauphækkana.

Í þriðja lagi felst svo í þessu, að tekjuþarfir ríkissjóðs aukast um 42 millj. kr. vegna hækkaðs kaups og vísitölu og almannatrygginga, þ. e. a. s. að skattur leiðir af sér nýjan skatt, — það eru smáhjól í vélinni, sem þar eru að verki, — skattur lagður á vegna annars skatts.

Og í fjórða lagi verður að ætla og er vafalaust óhætt að fullyrða, að margir tugir milljóna, e. t. v. 50—90 millj. kr., svo að maður nefni einhverjar tölur, renna í vasa þeirra innheimtumanna, þeirra misjafnlega heiðarlegu innheimtumanna, sem fara með innheimtu á þessum nýja skatti, og fyrir þann hluta innheimtunnar fást auðvitað engar bætur, hvorki í vísitölu né öðru.

Ég get sleppt því að ræða þetta miklu nánar, svo góð skil sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði þessu atriði, og ég get því látið mér nægja að taka undir allt, sem hann sagði um þetta.

Ef við skoðum svo þetta mál út frá sjónarmiði venjulegs manns, sem við þetta á að búa, hvernig skyldi málið þá líta út? Auðvitað fer ekki hjá því, að þessar nýju álögur leiða til þess, að meiri tilhneiging verður til þess að krefjast hærra kaups og það af raunverulega mörgum ástæðum, ekki síst vegna þess eðlis söluskattsins, að hann leggst tiltölulega þungt á þá, sem lægst laun hafa, þá, sem hafa fyrir barnmörgum heimilum að sjá, hann leggst jafnt á gamalmennið og hvítvoðunginn eins og þann, sem er fullvinnandi, nokkurn veginn, sem sagt það er gömul og ný reynsla, að hann leggst þyngst á þá, sem hafa aðeins til hnífs og skeiðar. Og svo í öðru lagi hlýtur þessi tilhneiging til kauphækkana fremur að vaxa en

hitt, vegna þess að einmitt í þessari skattheimtu er útilokað, að fullkomnar bætur fáist í vísitölu. Í öðru lagi, sem ég álít þó miklu veigameira í þessu sambandi, þá leiðir þessi breyting, sem hér hefur verið gerð, bæði á söluskattinum og á því, hvernig sá styrkur, sem áður gilti til útflutningsatvinnuveganna, er nú af tekinn og notaður í almenna eyðslu hjá ríkissjóði, þá hlýtur það að leiða til þess, að möguleikar atvinnuveganna, og þar á ég sérstaklega við útflutningsatvinnuvegina, til þess að standa undir eðlilegum kauphækkunum, hljóta að stórminnka. Dýrtíðin er látin éta upp þá möguleika, sem þarna hafa verið fyrir hendi, enda má það vissulega vera íhugunarefni, hvernig yfirleitt er mögulegt að koma t. d. bættum verzlunarkjörum, hækkuðu verðlagi á útflutningsframleiðslu og öðru slíku til skila til fólksins, sem vinnur við þessar atvinnugreinar, ef verðgildi þeirra peninga, sem fæst fyrir útflutninginn, er rýrt í sífellu. Ég held, að eðli þess máls sé þannig, að það sé nokkurn veginn séð fyrir því, að það sé ekki mögulegt.

Niðurstaðan verður þá sú, að það verða verðbólgubraskararnir, sem ganga með stóra hlutinn frá borði, en það er útflutningsframleiðslan og fólkið, sem vinnur, sem tapar. Það hefur verið höfuðeinkenni verðbólguþróunarinnar, og það verður áreiðanlega höfuðeinkenni þeirra áhrifa, sem þetta frv. hefur.

Hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar hafa lengi haft á vörunum þau kjörorð, að kauphækkanir væru sjálfsagðar í fullu hófi, þær væru sjálfsagðar, að svo miklu leyti sem þjóðarframleiðslan ykist, og annað því um líkt. En á stjórnartíma núv. hæstv. ríkisstj. hefur reynslan af þessu orðið sú, að þjóðartekjurnar hafa vaxið oft og tíðum meir en í flestum nágrannalöndum okkar, en lækkun hefur orðið svo að segja árlega á raunverulegu kaupgjaldi og launatekjum á hverja tímaeiningu, og aðferðin, sem lengst af hefur verið notuð til að halda í þessu horfinu, hefur verið sú að magna verðbólgu með stjórnaraðgerðum, eins og ég hef áður rakið, og heyja stöðugt stríð við launastéttirnar, og það verður að segjast, að þetta frv. er enn eitt sporið á sömu gömlu, troðnu slóðinni. Þetta er þeim mun hörmulegra sem ríkisstj. átti alveg óvenjulegt tækifæri, sem e. t. v. engin ríkisstj. hefur haft á mörgum undanförnum árum, til þess að stöðva verðbólguna, til áframhaldandi verðstöðvunar, því að það var komin verðstöðvun á í landinu og hefur verið frá því á s. l. vori. Að vísu verður að segja, að það hafa ekki allir verið jafnánægðir með þetta. Braskararnir hérna í Reykjavík, kaupsýslumennirnir, sem hafa grætt á verðbólgunni, þeir sem hafa spekúlerað í fasteignum og lóðum, hafa verið afskaplega óánægðir. Ég heyri, að brúnin hafi létzt á þeim á kaffihúsunum hérna í Reykjavík í morgun og þeir hafi talið, að nú mundu bjartari tímar vera fram undan fyrir þá, og mig undrar það sannarlega ekki.

Nú kunna menn e. t. v. að segja sem svo: Er þetta nú annars ekki allt í lagi með að hleypa verðbólguhjólinu af stað að nýju, fyrst almenningur fær kaupið hækkað með vísitölu? Og ég sé það í því ágæta einkamálgagni hæstv. fjmrh., að það slær fréttinni upp í dag þannig, að með mjög stóru letri er prentað: „3% almenn kauphækkun," en með miklu smærra letri: „Söluskatturinn hækkar um 2.5%." Það voru að vísu 46%, en það er kannske smávegis ónákvæmni. En það er eðlilegt, að menn spyrji þessarar spurningar, og það er sjálfsagt að reyna að svara henni, eftir því sem maður hefur vitið til.

Ég var að sýna fram á það áðan, hvernig öll kauphækkunin, sem hér er um að ræða, og þó raunverulega miklu stærri fjárhæðir lenda á útflutningsframleiðslunni og hvernig möguleikar hennar til þess að standa undir kauphækkununum á næsta vori, þegar samningar renna út, hljóta að rýrna að sama skapi, þ. e. a. s. um a. m. k. sem svarar 20% kauphækkun, og það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að fiskiðnaðurinn í landinu væri fær um að bera 25% kauphækkun, en það er það, sem hæstv. ríkisstj. er að segja með þessum aðgerðum. Nú er í sambandi við þetta nauðsynlegt að hafa í huga, að það hefur lengi verið vitað með fullri vissu, að verkalýðshreyfingin mundi ekki sætta sig við óbreytt kaupgjald lengur en fram á næsta vor, eftir allt það, sem á undan var gengið, og það var m. a. einróma álit þings Alþýðusambands Íslands, sem háð var hér í fyrra mánuði í Reykjavík, ekki aðeins Alþb.-manna og framsóknarmanna, stjórnarandstæðinga, heldur bókstaflega allra, sem þetta þing sátu sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í landinu, líka þeirra, sem fylgdu núv. stjórnarháttum, að útilokað væri annað en að á næsta vori yrðu að koma til verulegar kauphækkanir eftir ekki aðeins alla þá stöðvun raunverulegra kauphækkana, sem hefur staðið núna í sex ár, heldur verulega rýrnun kaupgjalds fyrir hverja tímaeiningu á þessu tímabili. Og menn vonuðu að sjálfsögðu, að í kjölfar samkomulagsins, sem gert var í vor, væri nú skapaður grundvöllur fyrir raunhæfari kjarabótum en áður. Ég hygg jafnvel, að það hafi margir verið farnir að ímynda sér það, að nú væru stóru stökkin í kaupgjaldsmálunum liðin tíð, nú væri hægt að sætta sig við kannske allt aðra hluti en við höfum oft orðið að gera í verkalýðshreyfingunni í sambandi við kaupgjaldsmál, vegna þess að það, sem fengist, væri þá óruggt, vegna þess að ríkisstj. hefði fullan skilning á því, að kjarabætur yrðu að vera raunhæfar, það mætti ekki taka þær aftur um leið.

Ég held, að það sé ekki hægt að ganga fram hjá þessu viðhorfi verkalýðshreyfingarinnar, þegar þessir hlutir eru athugaðir. Reikningurinn fyrir síðustu ár var ekki gerður upp á s. l. vori. Hann stendur enn þá óuppgerður. Og það kann auðvitað að skipta ákaflega miklu, hvað verkalýðshreyfingin sættir sig við í sambandi við það reikningsuppgjör, hvernig

hæstv. ríkisstj. hagar sér í efnahagsmálunum, hvernig hún hagar sér í þeim málum, sem varða mestu verkalýðshreyfinguna, og hérna höfum við, hvernig spilin eru lögð á borðið. Eftir góðærin, sem að undanförnu hafa verið fyrir fiskiðnaðinn, fyrir útgerðina í landinu, er raunverulega lögð á þann atvinnuveginn, sem fyrst og fremst er miðað við, þegar um kaupið er samið, þá er lögð á hann sem svarar 20—25% kauphækkun. Síðan á að segja við verkalýðshreyfinguna og útflutningsframleiðsluna: Þið skuluð bara prófa að semja, þið skuluð prófa að semja um kauphækkanir. — Við þurfum svo sem ekki að efast um svörin, eftir að þessi skilyrði hafa verið sköpuð af hæstv. ríkisstj. Og það þarf mikla bjartsýni til að halda, að svona vinnubrögð eins og hér hafa verið viðhöfð kunni að stýra góðri lukku í sambandi við þá samninga, sem þá eiga að fara fram.

Það er þess vegna gráthlægilegt, þegar einkamálgagn hæstv. fjmrh. talar um almenna kauphækkun í sambandi við þetta frv., því að þetta frv. er frv. um beina kauplækkun, beina stórfellda kauplækkun. Það eru þakkirnar, sem verkalýðshreyfingin fær fyrir þann ársfrest, sem hún gaf hæstv. ríkisstj. til þess að vera viðbúin því að mæta kröfum hennar um raunhæfar og verulegar kjarabætur eftir árið. Það er jólagjöfin, sem verkalýðshreyfingin og verkalýðurinn í landinu fær fyrir samningsvilja sinn.

Menn spyrja auðvitað: Er þetta virkilega nauðsynlegt? Er virkilega nauðsynlegt að leggja á milli 300 og 400 millj. kr. í nýjum álögum auk þess hálfa milljarðs, sem gert var ráð fyrir í fjárlfrv. að rekstrarútgjöld ríkissjóðs ykjust? Er það virkilega svo, að það sé ekki hægt að stanza ofurlítið við, þegar tollar og skattar eru orðnir nærri því 3 milljarðar og hafa hækkað úr rúmum 700 millj. kr. á sex árum? Er það virkilega svo, að byrðarnar, sem almenningur í landinu verður að bera, séu ekki orðnar nógu þungar? Það er sjálfsagt að athuga þetta mál svolítið betur.

Ef litið er á afkomu ríkissjóðs á undanförnum árum, hefur ár hvert, sem ríkisreikningar liggja fyrir um, verið stórkostlegur rekstrar- og greiðsluafgangur á undanförnum árum. Það hefur alltaf verið sagt í sambandi við fjárl. og yfirleitt í sambandi við umr. um efnahagsmál hér á hv. Alþingi, að allar tekjur væru áætlaðar eins háar og nokkrar líkur væru til, það væri spennt til þess ýtrasta. En niðurstaðan hefur orðið m. a. sú, að 1963 er rekstrarafgangur ríkissjóðs 339 millj. og í greiðsluafgang er talið að hafi orðið á því ári um 170 millj. kr. Ég spyr nú í minni fáfræði, ég veit að vísu, að einhverju af þessu hefur þegar verið ráðstafað, en ég hef ekki enn þá séð lagt fram hér á hv. Alþingi greinargóða skýrslu um það, hvernig þessu hefur verið ráðstafað og að hve miklu leyti þessu er ráðstafað. Ég vil fá að vita það. Og hvað þá um greiðsluafgang fyrri ára? Hvað hefur verið gert af því fé, sem sannanlega hefur verið ofheimt umfram þarfir af almenningi? Voru ekki einhvern tíma lagðar 100 millj. í sérstaka bók, til þess að hæstv. fjmrh. gæti montað af því, að í fyrsta skipti í sögunni legði nú ríkissjóður inn á einhverja fasta bók? Kannske hann hafi lagt það inn á 10 ára bók? Ég veit það ekki, ég vil fá að vita það líka.

Svo er það afkoman 1964. Það furðulega hefur skeð, að fjárlfrv. er nú senn komið til 3. umr. og bráðabirgðayfirlit yfir afkomu ársins 1964 til þessa hefur ekki enn þá verið lagt fyrir fjvn. Það hefur verið tekið svo í það, að hún geti kannske fengið bráðum að sjá það, en það hefur ekki mátt ske t. d. áður en 2. umr. fjárl. fór fram. Það verður að vísu að segjast, að hæstv. ráðh. hefur kannske haft sínar afsakanir, hann var úti í löndum, aldrei þessu vant, og var sagt hér í þinginu, að hann væri að kynna sér, hvar helzt væri hægt að leita nýrra skattstofna, en hann virðist ekki hafa lært mikið í ferðinni. Að vísu minnir mig, að ég sæi í einhverju blaði, að það væri einhver ný tegund af skatti, sem hefði einhvers staðar skotið upp kollinum og mundi ekki vera afleit. En niðurstaðan var sú, að ekkert af þeim lærdómi, sem honum hlotnaðist í þessari ferð, var hægt að nota í sambandi við vandamálin núna. Þannig kann hæstv. ráðh. í sinni námsferð að hafa tafizt frá því að geta gefið Alþingi þessar upplýsingar, og þykir mér, að ekki sé seinna vænna, að þessar upplýsingar séu gefnar, ekki bara í ágizkunarformi frá honum, eins og í hans frumræðu hér áðan, heldur í greinargóðri og skjalfestri skýrslu.

En svo mikið er víst, að ég á afskaplega bágt með að trúa því, að afkoman á árinu 1964 hafi orðið mjög slæm og það svo slæm eins og hæstv. ráðh. var að láta liggja hér að, að það yrði líklega, sagði hann, greiðsluhalli, ef ríkissjóður væri látinn bera þær byrðar, sem hæstv. ríkisstj. skuldbatt sig í sambandi við samningana í vor að yrðu ekki lagðar á og átti að greiða af tekjum ársins, sem nú er að líða.

Ég á ákaflega torvelt með að trúa þessu. Það hefur nefnilega engin „katastrófa“ skeð í okkar efnahagsmálum á þessu ári. Það hefur verið uppgripaár til lands og sjávar. Innflutningurinn hefur vaxið stórkostlega. Útflutningurinn hefur vaxið enn þá meira. Það er vitað, að útflutningurinn til þessa hefur vaxið líklega um 800 millj. kr., og það er ákaflega ólíklegt, að þess sjái ekki einhvern stað í innflutningnum og þeim tekjum, sem af honum verða hafðar. Sem sagt, öll viðskipti þjóðarinnar út á við hafa vaxið stórkostlega. Ég er ekkert að fullyrða um, að það hafi skeikað 28%, eins og það gerði annaðhvort árið 1962 eða 1963, frá ágizkunum hæstv. ráðh., þegar hann var að láta búa til fjárl., en mér þykir ákaflega sennilegt, að það hafi allar fyllstu vonir staðizt í sambandi við þetta ár. Ég a. m. k. trúi ekki öðru, fyrr en ég fæ skjölin á borðið um það.

Ekki er undan því að kvarta t. d., að tekju-

skatturinn hafi brugðizt. Ég hef upplýsingar um það frá mönnum í þeirri n., sem unnu að athugun á tekjuskattinum, út af þeirri miklu óánægju, sem varð út af álagningunni síðustu, að álagður tekjuskattur hafi orðið 47 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárl. þessa árs, og eitthvað sýnist manni nú, að hægt væri að gera við þá upphæð, sérstaklega ef aðrir tekjustofnar hafa gefizt álika vel á árinu.

En sem sagt, mér finnst það ekki mögulegt fyrir hæstv. fjmrh. að draga það öllu lengur að gefa hv. Alþingi yfirlit um afkomuna, — ég tala nú ekki um fjvn., því að það er náttúrlega reginhneyksli, að hv. fjvn. skuli hafa þurft að vinna að afgreiðslu fjárl. án þess að hafa nokkurt bráðabirgðayfirlit yfir afkomu ársins núna og samanburð við fyrri ár.

Það skyldi nú aldrei vera, að það, sem ofheimt hefur verið af almenningi á undanförnum árum og e. t. v. hefur sloppið undan eyðslusemi hæstv. fjmrh., hossaði nokkuð upp í það að jafna metin, sem hér er um að ræða? Við skulum gera okkur grein fyrir því, að hér er ekki um sjálfa bráttóupphæðina að ræða, þar sem a. m. k. 42 millj. ganga í sjálfar sig, þannig að það er þá ekki um að ræða raunverulega tekjuþörf nema upp á 250 millj. En um þetta verður að sjálfsögðu ekki fullyrt, fyrr en eðlilegar og fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir.

En um fjármálastefnu hæstv. núv. fjmrh. er annars það að segja, að maður hlýtur oft og tíðum að spyrja: Er það meiningin, að það eigi að reka ríkissjóðinn sem ófyrirleitið gróðafyrirtæki, sem einskis svífst? Eða á að gæta ráðdeildar og forðast að seilast dýpra til skattheimtu en brýna nauðsyn ber til? Það getur vel verið, að það þyki góð latína einhvers staðar úti í löndum, e. t. v. við talsvert önnur skilyrði en hér eru, að hafa mikinn greiðsluafgang, þ. e. a. s. heimta meira í sköttum en þörf er á á hverjum tíma. En svo mikið er víst, að þessi kenning hefur reynzt illa hér á landi. Hún hefur reynzt mjög illa, og ég hygg, að hún hljóti að gera það alls staðar, þar sem sköttum er þannig fyrir komið, að meginþungi þeirra hvílir á lágtekjufólki og öllum almenningi. En það er rétt, þessari kenningu er haldið fram mjög fast af ýmsum þeim erlendu aðilum, sem eru stöðugt að skipta sér af íslenzkum efnahagsmálum og gefa út um þau álit, ef þá ekki bara hrein fyrirmæli til þeirrar ríkisstj., sem nú situr.

Hér hefur verið rætt um það, að það kynni nú einnig að vera eins og undanfarin ár, að tekjuáætlun væri of lág. Um það skal ég ekki fullyrða. En það er ákaflega sennilegt, að svipaður háttur hafi verið hafður á um þá áætlun og undanfarin ár og að upplýsingar, sem um þetta eru gefnar, eða ágizkanir séu ekki miklu áreiðanlegri en þær reyndust á undanförnum árum.

Það er sem sagt engan veginn sannað mál og reyndar óliklegt, að nokkurrar fjáröflunar sé þörf í sambandi við fyrirhuguð fjárlög. Ef samt sem áður er óhjákvæmilegt að jafna metin, ber auðvitað fyrst að leita allra úrræða til sparnaðar, og það má vel vera, að það sé nauðsynlegt.

Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. Ég minnist þess, að það var á síðasta ári vinstri stjórnarinnar, að mig minnir, þá hélt hann útvarpsræðu um sparnað í ríkisrekstri, og ég man ekki betur en að hann nefndi þá 29 liði, sem mætti spara mjög mikið á. Þá voru fjárl. ekki nema milli 600 og 700 millj., og þó átti að vera hægt að spara stórkostlegar upphæðir á ekki mikið undir 30 liðum. Á ekki hæstv. fjmrh. þessa upptalningu sína, og vill hann ekki gera grein fyrir því, hvernig honum hefur gengið að spara á þessum liðum? Ég held, að hæstv. ráðherra hefði mjög gott af að fara yfir þessa liði og sýna, hvernig honum hefur gengið að lifa eftir sínum eigin heilræðum.

En hvað sem því líður, þá er það a. m. k. alveg öruggt, að hækkun fjárlaga um fast að einum milljarð á einu ári, án þess að um nokkrar teljandi kauphækkanir hafi verið að ræða, er algerlega óeðlileg, og getur tæplega verið annað en slíkt hljóti að hefna sín. Það er ekkert eðlilegt við slíka þróun málanna. Og ég kem aftur að því, að verðstöðvunin á s. l. vori gerði mögulegt að stöðva eða a. m. k. að hægja mikið á ferðinni um hækkanir í ríkisrekstrinum. En niðurstaðan er sú, að hraðinn í hækkununum hefur aldrei verið slíkur, aldrei verið svo ofsalegur sem nú.

Ég held líka, að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að slík stöðvun eða a. m. k. að hægt væri á ferðinni, var óhjákvæmileg forsenda fyrir því, að um áframhaldandi verðstöðvun gæti verið að ræða. Og ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það, að ef þeirri stefnu hefði verið framfylgt af heilindum, þ. e. einnig stöðvunarstefnu í ríkisrekstrinum, þá hefði almenningur jafnvel sætt sig við nokkru hægari framkvæmdir á ýmsum sviðum og tekið fúslega á sig óþægindi af sparnaðaraðgerðum. En viljinn til þess að beita nokkrum sparnaði hefur reynzt minni en enginn, — óráðsia, fjáraustur og flottræfilsháttur hvert sem litið er.

Hið næsta hæstv. ráðh., sem fyrir þessu standa, er ferðaþeytingur heimshorna á milli, milljóna veizlukostnaður, einkabílstjórar eða einkaþjónar, tugmilljóna bifreiðakostnaður þeirra sjálfra og annarra hærri embættismanna, milljónir í óþarfabyggingar gæðinga stjórnarflokkanna, hv. þm. stjórnarflokkanna alveg sérstaklega. Þannig er ráðdeildin í toppnum, — ráðdeild þeirra, sem ættu að vera til fyrirmyndar öðrum, en ekki viðvörunar. Og svo er að öðru leyti stórfelld þensla ríkisbáknsins, í einstökum tilfellum jafnvel margföldun, eins og t. d. í skattakerfinu á örfáum árum, og óþarfaaustur til þarfs sem óþarfs rekstrar og framkvæmda. Ég held, að í skemmstu máli mætti segja, að hæstv. ríkisstj. hagaði sér í þessum efnum eins og nýríkur braskari.

Það er vissulega óhætt að fullyrða um það, hvernig sem þetta mál er skoðað, að ríkisstj. átti annarra kosta völ en þessara, sem hún hefur valið. En því miður hefur hún ekki valið

þann kostinn, sem lakari er af tveimur, heldur þann, sem er lakastur og hættulegastur af mörgum.

Söluskatturinn er áætlaður nú eftir þessa nýjustu 46% hækkun 984.4 millj. kr., eða tæpur milljarður, og svarar til þess að vera um 30 þús. kr., ef því væri jafnað á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Auk þess verður svo almenningur að bera hærri útsvör en nokkurn tíma áður, miðað við það kaup, sem menn hafa, hærri tekjuskatt en nokkru sinni áður, miðað við það kaup, sem menn hafa, og hærri nefskatta en menn hafa nokkurn tíma áður búið við. En þeir hafa hækkað alveg stórkostlega. Ég held mér sé óhætt að segja, að þeir hafi margfaldazt í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar og eru farnir að vera mjög tilfinnanlegur liður í útgjöldum hverrar fjölskyldu.

Þessi upphæð, sem söluskatturinn nú verður, þ. e. a. s. sá parturinn af honum, sem yfirleitt lendir í ríkiskassanum, er orðin hærri en öll fjárlög fram að valdatíma núv. hæstv. ríkisstj. Og ég mundi telja það lágt áætlað, að auka þessa hluta, sem kemur til skila, lægju a. m. k. 2—3 hundruð millj. kr. eftir í vasa innheimtumannanna, eða álíka upphæð og nú á að bæta við, án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar gegn skattþjófnaði, þeim stórfellda skattþjófnaði, sem allir vita að framinn er í sambandi við þennan skatt.

Það er því sama, hvernig á er litið. Þessi hækkun, sem hér er um að ræða, er óþörf. En hún er jafnframt sú óheppilegasta og fyrir almenning sú óhagstæðasta og fyrir efnahagsþróunina hættulegasta af öllum hugsanlegum leiðum, sem til voru.

Þegar núverandi hæstv. ríkisstj. stóð fyrir því í ársbyrjun 1960 að innleiða almennan 3% söluskatt á allar nauðþurftir almennings, þ. á m. ýmsar þær vörur, sem aldrei áður hafa verið skattlagðar í allri sögu þjóðarinnar frá upphafi byggðar, þá spáði ég því hér og ýmsir aðrir þingmenn Alþb., að verið væri að stíga risaskref til verðbólguþróunar og það væri líka verið að stíga skref til styrjaldar við verkalýðssamtökin. Reynslan sannaði, að við vorum sannspáir. Afleiðingarnar urðu eins og við sögðum fyrir: versnandi lífskjör, stéttastríð, ófriður á vinnumarkaðinum, öryggisleysi fyrir aðalatvinnuvegina og fyrir allan almenning. Hér er nú í þriðja sinn vegið í þennan sama knérunn og áður. Verðbólgan er mögnuð, og stríðshanzkanum er kastað til voldugustu almannasamtakanna í landinu, rift þeim grundvelli, sem lagður hafði verið til vinnufriðar og samstarfs milli ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar. Við Alþb.-menn vörum enn þá við afleiðingunum. Og við erum fullvissir um, að við gerum það sem talsmenn verkalýðshreyfingarinnar allrar, ekki aðeins þeirra meðlima í verkalýðshreyfingunni, sem kjósa með okkur í almennum kosningum, heldur líka í nafni þeirra, sem fylgja núv. stjórnarflokkum. Við skorum þess vegna á hæstv. ríkisstj. að draga þetta frv. til baka og fresta afgreiðslu fjárl. þangað til eftir nýár, hefja þá þegar viðræður við verkalýðshreyfinguna og við stjórnarandstöðuna um friðsamlega lausn vandamálanna, freista þess að treysta grundvöll að vinnufriði í landinu og grundvöll að eðlilegum og raunhæfum kjarabótum fyrir alþýðu manna. Af slíkum vinnubrögðum mundi hæstv. ríkisstj. hljóta verðskuldaðan sóma og verðskuldað traust.

Það fer að vísu ekkert á milli mála, að hæstv. ríkisstj. getur þvingað þetta frv. nú fram fyrir jólin. Hún hefur aðstöðuna til þess og valdið, sem til þess þarf. En ég held, að það væri hollt fyrir hana að muna þá staðreynd, sem hæstv. forsrh. minnti reyndar á í ræðu hér í gærkvöld um allt annað mál, að það eru til fleiri aðilar en hún, sem lögum og rétti samkv. hafa mikið vald í þjóðfélaginu og rétt til þess að beita því, og til þess beri að taka tillit. Það er sannarlega hörmulegt til þess að vita, að hæstv. ríkisstj. virðist annaðhvort hafa gleymt þessari staðreynd, þegar hún ákvað að grípa til þeirra óyndisúrræða, sem hér eru á ferðinni, eða þá að öðrum kosti hún efnir til öngþveitis og ófriðar með ráðnum hug, ráðin í því að reyna enn á ný að knésetja samtök fólksins í landinu þrátt fyrir reynslu sína af fyrri tilraunum í þá átt. Þessu frv. hlýtur að verða mætt af fullri andúð og mótaðgerðum, jafnt af hverjum þeim, sem fæst við heilbrigðan atvinnurekstur í þessu landi, og verkalýðssamtökunum og launþegunum. Hinir einu, sem fagna þessum aðgerðum til þess að setja verðbólguhjólið í gang að nýju, eru spákaupmenn, verðbólgubraskarar og skattþjófar í kaupsýslustétt, sem nú virðast vera orðnir algerlega ofan á að nýju í Sjálfstfl. En illt er að vita til þess að hafa þá ríkisstj. í landi, sem lætur þessa aðila ráða gerðum sínum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eg skal á þessu stigi málsins ekki hefja almennar umr. um það vandamál, sem hér er við að etja, hvorki um fjárhag ríkissjóðs né verðbólguvandamálið almennt. Verðbólguvandamálið hefur svo oft verið rætt, að ástæðulaust er að fjölyrða um það nú, enda ekkert nýtt komið fram, sem gefi ástæðu til almennra umr. af minni hálfu, nú í kvöld a. m. k. En það var ein yfirlýsing frá hv. síðasta ræðumanni, sem gaf mér ástæðu til þess að taka til máls. Hann sagði, að sú leið, sem hér væri farin til tekjuöflunar til ríkissjóðs, bryti í bága við anda þess samkomulags, sem gert var í sumar milli ríkisstj., verkalýðs og atvinnurekenda, en herti síðan á því varðandi eitt atriði, en dró úr varðandi meginefni málsins, því að hann viðurkenndi berum orðum, að það væri ekkert í skriflegum skuldbindingum eða yfirlýsingum, sem gefnar hefðu verið, sem væri því til fyrirstöðu, að fjár væri aflað til ríkissjóðs með þessum hætti. En hann sagði: Það er eitt atriði, sem verður að skoðast sem bein brigð, og það er að afla fjár — yfirleitt að afla fjár — til þess að standa undir niðurgreiðslum í ár, auknum niðurgreiðslum, og sagðist a. m. k.

sjálfur hafa skilið svo yfirlýsingar, sem fram hefðu komið af hálfu fulltrúa ríkisstj., og fleiri hefðu skilið þær á sama veg.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að ræða hér almennt um anda samkomulagsins frá því í vor. Um það geta menn auðvitað endalaust deilt. En ég fullyrði, að menn gerðu sér þá ljóst, að það kynni að verða þörf tekjuöflunar, einmitt sökum þeirra ráðstafana, sem gerðar voru, og það var síður en svo, að þar væri talað um, að nokkrar skuldbindingar væru gefnar um, að söluskattur kæmi ekki til greina. Þetta er varðandi sjálfan anda málsins. En varðandi þessa tilteknu skuldbindingu, sem hv. þm. segir að hafi verið gefin, kannast ég ekki við hana. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur, að ég hafi gefið hana. Ég skildi hann þó svo, að svo væri ekki, að hvorki ég né samráðh. minn, hæstv. sjútvmrh. og félmrh., hefði gefið hana, heldur einhverjir okkar umboðsmenn. Ég vil taka það alveg skýrt fram af minni hálfu, að ég lýsti því yfir hvað eftir annað og alveg ótvírætt, þegar samkomulagið var gert, að við hygðumst að vísu greiða niður vísitöluna fram á þing og e. t. v. fram til áramóta, en við gætum ekki tekið á okkur neinar skuldbindingar um þetta og endanleg ákvörðun í þessu efni yrði ekki tekin fyrr en á þingið kæmi og menn sæju þá, hver hagur ríkissjóðs yrði. Þessa yfirlýsingu þori ég að ábyrgjast, að ég gaf. Hún hefur ekki getað farið fram hjá neinum, sem viðstaddur var. Hvort einhverjir aðrir hafa á öðrum stigum málsins sagt eitthvað, sem á annan veg hefði verið skilið, eða e. t. v. einhver orð mín fyrr hafa verið skilin á annan veg, get ég auðvitað ekki ábyrgzt. En ég man það fyllilega og hef hvað eftir annað leitað staðfestingar á því meðal þeirra, sem þarna voru viðstaddir, að þessa yfirlýsingu gaf ég. Ég hef leitað staðfestingar á því, vegna þess að ég hef séð annað gefið í skyn í blaðagreinum. Það er öruggt, að þessi yfirlýsing var gefin, áður en endanlega var gengið til samningsgerðarinnar. Og í henni fólst, að ríkisstj. treysti sér ekki til þess að taka á sig skuldbindingar um niðurgreiðslur, ráðgerði að halda þeim áfram, sennilega til áramóta, en hafði sérstakan fyrirvara um, að óvíst yrði, að það yrði lengur en eitthvað fram á þingið, fram í október, og þá yrði með hliðsjón af fjárhag ríkissjóðs að taka afstöðu til þess, hvort menn treystu sér til þess að halda niðurgreiðslunum áfram. Af þessu hlýtur að leiða, að ef niðurgreiðslum var haldið áfram og hagur ríkissjóðs talinn bágborinn, varð að afla til þess tekna. Og um það voru menn með öryggi aðvaraðir.

Nú held ég, að þetta mál sé alveg nógu vandasamt, þótt við séum ekki að bera hver annan sökum, að menn hafi gengið á bak orða sinna. Ef hér verður sýnt fram á, að eitthvað, sem ég hef sagt eða mínir umboðsmenn, hafi verið með þeim hætti, að það hafi mátt skilja á þann veg, sem hv. þm. segir, þá er sjálfsagt að taka til athugunar og kanna það til hlítar, hvort það fær staðizt og hvaða afleiðingar það á að hafa. En ég er mér ekki þess meðvitandi, og ég hef spurt að því nú, frá því að hv. þm. gaf þessa yfirlýsingu hér áðan, þann mann, sem aðallega var fyrir okkur, hvort hann mundi eftir slíkri yfirlýsingu, og hann man það ekki. Með þessu er ég ekki að segja, að hv. þm. fari hér með vísvitandi rangt mál, því fer fjarri. Í löngum umr. kann sitthvað að skolast og sitthvað að vera sagt á ýmsum stigum málsins. Það er rétt, að þetta sé athugað hlutlaust og í rólegheitum. En það, að ríkisstj. hafi hér gengið á bak orða sinna, á bak skriflegra skuldbindinga eða gefinna yfirlýsinga, það fær ekki staðizt að mínu viti.

Hv. þm. veit auðvitað einnig, að því miður hefur ekki orðið fullkomin verðstöðvun í landinu og hækkunin, sem við sáum fyrir að mundi verða einhver, hefur orðið jafnvel örari en við bjuggumst við. Hún hefur orðið örari vegna þess, að landbúnaðarvörurnar hækkuðu meira en við gerðum ráð fyrir, þegar júnísamkomulagið var gert, og með því hafa verið lagðir mun þyngri baggar á ríkissjóð en menn gerðu ráð fyrir á s. l. sumri. Það er því eðlilegt, að hagur ríkissjóðs sé nú lakari en menn bjuggust við, af því að niðurgreiðslunum hefur verið haldið áfram. Eins verður aldrei fram hjá því komizt, að mikið af þeim miklu hækkunum, sem hv. þm. talaði um að hefðu orðið á útgjöldum ríkissjóðs nú á einu ári, eru afleiðingar atburða ársins 1963 og þeirra miklu hækkana, þ. á m. kauphækkana, sem á því ári urðu.

Um þetta mætti tala endalaust. Ég skal ekki fjölyrða um það. Það er eðlilegt, að stjórnarandstæðingar hafi uppi gagnrýni á slíku frv. sem þessu. Það fylgir þingræðinu, að slíkur háttur er hafður. Það er ekki heldur nein ástæða til þess að furða sig á því, þótt við séu höfð sterk orð til áfellis ríkisstj. af hálfu hennar andstæðinga. Það er venja. En ég held, að við eigum allir að gera okkur grein fyrir því, að hér er of viðurhlutamikið mál fyrir velfarnað íslenzku þjóðarinnar í heild, til þess að við truflum eðlilega málsmeðferð og möguleika til lausnar með ásökunum, sem ekki fá staðizt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það var fyrir rúmum 5 árum eða nánar tiltekið hinn 20. dag nóvembermánaðar 1959, sem við Íslendingar hrepptum það hlutskipti, að viðreisnarstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. tók við völdum í þessu landi, og þá var nú sitt hvað sungið og kveðið. Hinir nýju stjórnarherrar þreyttust ekki á að útmála það með ýmsum sterkustu og litríkustu orðum tungunnar, hve framunalega bágborin vinstri stjórnin sáluga hefði verið. Hún hefði skilið við þjóðarbúið á heljarþröm. Ávirðingar hennar voru taldar upp og það var mjög langur listi. Þó töldu hinir nýju ráðamenn, að tvennt væri það jafnvel öllu öðru fremur, sem sú ríkisstj. hefði unnið sér til dómsáfellis, og væri þó hvort öðru nátengt. Annað var það, að vinstri stjórnin hefði fylgt fram óhóflegri skattpíningarstefnu og sýnt

jafnframt fyrirhyggjuleysi og gáleysi í afskiptum af fjármálum ríkis og þjóðar. Hitt er það, að hún hefði engin tök haft á verðbólgunni, hún hefði að lokum hreinlega gefizt upp í glímunni við þennan mikla vágest.

Það var í sjálfu sér ekki mikið undrunarefni, þó að sjálfstæðismenn dæmdu vinstri stjórnina hart. Þeir höfðu verið aðalandstæðingar hennar frá upphafi og allt þar til yfir lauk og hennar ævi var öll. Hitt var kannske dálítið hlálegra, að leiðtogar Alþfl. tóku rösklega undir þennan söng og höfðu þar um engu minni raddstyrk, létu eins og þeir hefðu hvergi nærri komið.

Jæja, nú var mikil áherzla á það lögð, að heldur en ekki skyldi breytt um stefnu. Ellefu mánaða ríkisstj. Emils Jónssonar hefði aðeins verið undanfari, nú átti viðreisnin að hefjast fyrir alvöru. Áhrifamikill, öflugur og reyndur stjórnmálamaður, maður, sem þó var á bezta aldri, tók nú við embætti fjmrh., enda þörfin óvíða meiri en þar að taka fast og myndarlega í taumana. Hinum nýja hæstv. fjmrh. varð ekki skotaskuld úr því fyrir 5 árum að lýsa á mjög dramatískan, — ja, mér liggur við að segja: hrollvekjandi hátt, þeim vesaldómi og því úrræðaleysi, sem honum þótti hafa einkennt fjármálastjórn undanfarinna ára. Hann skorti sannarlega ekki orð til þess að lýsa skattpíningunni, lýsa því, hversu verðbólgan hefði tútnað út eins og púki á fjósbita, hversu fjáraustur inn í ríkissjóð og úr ríkissjóði aftur hefði verið hóflítill eða jafnvel hóflaus. Og þá var hæstv. ráðh. ekki heldur orða vant, þegar hann útmálaði, hvernig tekið skyldi á þessum málum á nýjan hátt af einbeitni og festu. Og hann hélt mikla ræðu og raunar fleiri en eina um sparnað, um niðurskurð á óþörfum útgjaldaliðum fjárl. Hæstv. ráðh. benti þá á ýmsa liði, ég held nokkra tugi, eina þrjá, þar sem með hagsýni mætti spara drjúgar fúlgur, og þetta væri í rauninni aðeins sýnishorn, skildist manni, nokkur dæmi um það, sem komið gæti og koma skyldi.

Nú í dag stóð þessi sami hæstv. ráðh. hér í þessum ræðustól og flutti þjóðinni boðskap, flutti þm. og þjóðinni boðskap sinn um dálítinn jólaglaðning, svona til að hressa upp á fjárlagaafgreiðsluna, sem einnig fer fram nú þessa dagana undir hans stjórn. Sá jólaglaðningur er enn einn ávöxtur þeirrar stefnu, sem mörkuð var fyrir 5 árum, viðreisnarstefnunnar, sem svo hefur verið kölluð. Og hér gefur á að líta 335 millj. kr. nýjar álögur, nær allt tekið með stórhækkuðum söluskatti. Við þessa fúlgu má í rauninni bæta 95 millj. kr. af þeirri söluskattshækkun, sem lögfest var í janúarmánuði s. l. Þeim 95 millj. var þá ráðstafað sem beinum stuðningi við sjávarútveginn, en nú á að taka þetta fé af útveginum og láta það á næsta ári renna í ríkissjóð, í ríkishítina.

Eftir að það frv., sem hér er til umr., hefur verið lögfest og ætlunin er að knýja það fram nú fyrir jól, hefur söluskattur verið hækkaður á einu og sama ári úr 3% í 8%, en það þýðir að dómi ríkisstj. sjálfrar 615 millj. kr. Raunar er skattheimta þessi, sjálf skattheimtan, talsvert hærri. Í fyrsta lagi er það mjög sennilegt, að hvert prósent söluskatts gefi í góðu árferði heldur meira en þær 123 millj., sem ríkisstj. reiknar með að renni til hins opinbera af hverju einu prósenti söluskatts. En svo er hitt vitað og ég held almennt viðurkennt, að innheimtur söluskattur kemur ekki allur til skila. Það er að sjálfsögðu ógerlegt að áætla þau vanhöld með nokkru öryggi. Sé þar um 15—18% að ræða, svo að ekki sé sérlega há hlutfallstala nefnd, kemur allur álagður söluskattur á næsta ári og innheimtur til að nema eitthvað milli 12 og 13 hundruð millj. kr. Hann kemur að vísu ekki allur í ríkissjóð.

Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma nú að rekja skattheimtuferil hæstv. núv. ríkisstj. á undanförnum árum. Það hefur oft verið gert, sú saga er öllum hv. alþm. kunn, og það hefur enn verið gert allrækilega hér í dag. Ég mun einnig láta hjá líða að segja í löngu máli hina dapurlegu sögu af glímu ríkisstj. við verðbólguna. Þar hafa menn handbærar tölur, sem sanna, að engin stjórn hefur farið jafnhalloka og þessi, og er þá mikið sagt.

Nú hefur það lengi verið játað og viðurkennt af öllum ábyrgum mönnum, að ég hygg, að óðaverðbólga, mjög mikil og ör verðbólga, er þjóðarmeinsemd, sem veldur ófyrirsjáanlegu tjóni, jafnvel hreinu upplausnarástandi í hverju þjóðfélagi. Á slíkri óðaverðbólgu tapa allir, þegar til lengdar lætur, nema tiltölulega fáir verðbólgubraskarar. Ör verðbólga táknar það, að allt er á hverfanda hveli í því þjóðfélagi, þar sem hún er landlæg og verður ekki stöðvuð. Samningar, sem gerðir eru um kaup og kjör, fá í rauninni með engu móti staðizt stundinni lengur. Launþegar geta í sjálfu sér engar öruggar áætlanir gert um framtíð sína og fyrirætlanir. Fjárhags- og framkvæmdaáætlanir atvinnuveganna og opinberra stofnana verða á skömmum tíma, jafnvel fáeinum mánuðum, úrelt pappírsgögn, ef svo má segja. Hagsýni, fyrirhyggja og sparsemi koma mönnum undir þeim kringumstæðum að sáralitlum notum. Fjármálaráðstafanir ríkisstj. og Alþingis hafa ekki heldur raungildi nema skamman tíma, jafnvel fáa mánuði í senn. Þegar þm. eru að reyna að auka svolítið framlög í krónutölu til ýmissa nauðsynjamála: trygginga, sjúkrahúsa, skóla og hafnarbóta, vegamála o. s. frv., gleypir verðbólgan aukninguna og meira til fyrr en varir. Þetta eru alkunnar staðreyndir og menn hafa séð þetta fyrir löngu, og þess vegna er það, sem það hefur verið yfirlýst stefna hverrar ríkisstj. á fætur annarri, að nauðsynlegt sé að beita sér fyrir stöðvun örrar verðbólgu með öllum tiltækum ráðum. Árangurinn hefur að vísu orðið hörmulega smár, og af því súpum við margvíslega seyðið.

En svo gerðist sá merki atburður á s. l. vori eða snemma sumars, atburður, sem gaf um það töluverðar vonir, vil ég segja, að hægt yrði með árangri að snúast gegn óðaverðbólgu

á Íslandi, hægt yrði að draga stórlega úr henni eða jafnvel, ef vel væri að unnið, stöðva hana með öllu. Svo virtist sem ábyrg og áhrifamikil öfl hefðu komizt að þeirri niðurstöðu, að taka þyrfti hér upp ný og betri vinnubrögð en áður höfðu tíðkazt. Fulltrúar launþega, atvinnurekenda og stjórnarvalda settust að samningaborði með þeim árangri, að samningar tókust og það með þeim hætti, að vinnufriður var tryggður í eitt ár, og grundvöllur virtist lagður til að hefta dýrtíðarflóðið og stöðva hið háskalega verðfall peninganna, þar sem þessir samningar voru gerðir á grundvelli þess, að engar verulegar kauphækkanir yrðu. Þjóðin fagnaði þessum atburði, ég held nokkurn veginn einhuga. Menn tóku að gera sér vonir um, að á þessum grundvelli tækist að reisa þann varnarmúr, sem verðbólgualdan brotnaði á. En til þess að slíkt gæti orðið, þurftu allir aðilar að starfa í anda þess samkomulags, sem gert var í vor. Mest hlaut að velta á því hina næstu mánuði og missiri, hver vinnubrögð og stefna ríkisstj. og stuðningsflokka hennar yrðu. Það var á valdi þessara aðila að gera ýmsar ráðstafanir til að tryggja árangur samkomulagsins og samninganna frá í vor til frambúðar. Ríkisstj. og þinglið hennar fékk hér tækifæri, ég vil segja einstætt tækifæri til að sýna það og sanna, að stöðvun verðbólgunnar væri ráðandi mönnum djúpstætt alvörumál. Nú reið á því fremur en nokkru sinni að forðast allt, sem aukið gæti dýrtíðina. Nú var það brýnna en nokkru sinni fyrr að stilla álögum í hóf. Eins og á stóð var ekki aðeins réttlætanlegt, heldur nauðsynlegt og sjálfsagt að viðhafa fyllstu varfærni við afgreiðslu fjárl., framkvæma sparnað, hvar sem við varð komið, og fara jafnvel út í töluverðan niðurskurð þeirra verkefna, sem helzt gátu þá beðið um sinn, og alveg sjálfsagt mátti það heita undir þessum kringumstæðum að neita sér um þann munað að innheimta hjá þjóðinni verulegar fúlgur umfram það, sem ríkiskassinn þarf til að standa undir nauðsynlegum gjöldum, einungis til þess að geta flaggað með háan greiðsluafgang á ríkisreikningi síðar.

Um allt þetta hefði verið viturlegt að hafa sem bezt samráð og samstarf við stjórnarandstöðuna og láta þá til fulls reyna á það, hvort stjórnarandstaðan hefði ekki við þessar aðstæður sýnt þá ábyrgðartilfinningu að vera til viðtals um allróttækar aðgerðir í þessa stefnu, þegar til svo mikils var að vinna að tryggja árangur samninganna frá í vor og stöðva dýrtíðarflóðið. En var þessi leið valin? Nei, þetta var ekki gert. Það var valin þveröfug leið. Og nú er ekki annað sýnna en að stjórnarflokkarnir stefni að því með aðgerðum sínum eða verði þess a. m. k. valdandi með sínum aðgerðum, að það, sem ávannst í vor, verði gert að engu, að hjaðningavígin hefjist að nýju, að verðbólguhjólið fari aftur að snúast og þá með sívaxandi hraða. Fari svo, ber núv. stjórnarmeirihl. á því meginábyrgð, og sú ábyrgð er þung.

Nú mun hæstv. fjmrh. og aðrir ráðh. vafalaust segja eitthvað á þessa leið og hafa reyndar sagt: Eitthvað varð að gera til þess að mæta nýjum útgjöldum vegna hækkaðra niðurgreiðslna. Fjárlög varð að afgreiða greiðsluhallalaus. Og ef ekki þennan nýja söluskatt, hvað þá? Þessari spurningu hefur í raun og veru verið svarað í ræðum hér síðdegis í dag, svo að ég mun ekki fara langt út í þá sálma, en vil í örstuttu máli benda til aukinnar áherzlu á nokkur atriði.

Það er þá fyrst, að sjálfsagt var og er að leiðrétta tekjuáætlun fjárl., sem að þessu sinni ekki síður en oft áður á undanförnum árum mun vera höfð, að því er virðist vísvitandi, of lág, jafnvel svo að nemur verulegum upphæðum. Með því að halda dauðahaldi í þá stefnu við afgreiðslu fjárlaga ár eftir ár að áætla tekjuliði til mikilla muna of lága, eru álögur á þjóðina þyngdar úr hófi fram, með þeirri afleiðingu, að kjör fólks eru skert að óþörfu. Slík stefna knýr svo að sjálfsögðu launþega til að krefjast kauphækkana, auk þess sem aukin skattheimta hefur bein áhrif á vísitölu og kaup, eftir að þessi atriði eru orðin tengd á ný.

Í öðru lagi var og er bein siðferðileg skylda hæstv. ríkisstj. að fela nú sérfræðingum sínum að fara rækilega í saumana á fjárlagafrv. og framkvæma umtalsverðan sparnað. Þetta var hægt og er raunar enn, ef vilji væri fyrir hendi.

Í þriðja lagi, að svo miklu leyti sem þetta tvennt: leiðrétting tekjuáætlunar og sparnaður litt þarfra útgjalda, hrökk ekki til, var að mínum dómi ekki aðeins réttlætanlegt, heldur skylt, eins og á stóð, að fara út í nokkurn frekari niðurskurð á fjárl., svo að ekki þyrfti til þess að koma, að neinir nýir skattar yrðu á lagðir að þessu sinni. Um slíkan niðurskurð, ef til hans þyrfti að taka, og raunar um allar hugsanlegar leiðir til áframhaldandi stöðvunar verðbólgu hefði hæstv. ríkisstj. átt að freista þess, eins og ég áðan sagði, að hafa samráð og samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta alvarlega mál. Með því hefði verið sýnt, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar vildu gera sitt ýtrasta til að tryggja áframhald og árangur þeirra samninga, sem gerðir voru í vor, og ég trúi því ekki, að stjórnarandstaðan hefði sýnt ábyrgðarleysi eða skorazt undan því að taka á sig nokkurn vanda í sambandi við lausn þessara mála.

Ég trúi því ekki enn, get ekki sætt mig við þá tilhugsun, að sá sáttmáli, sem ríkisstj. gerði við verkalýðshreyfinguna og aðrar launastéttir og atvinnurekendur s. l. vor, hafi verið flátt skapur til þess að kaupa sér stundarfrið. Ég vil trúa því, að af hálfu samningsaðila allra hafi verið að málum staðið í þeirri von og með það fyrir augum, að þarna væri verið að gera alvarlega tilraun til að reisa varnarvegg gegn óðaverðbólgunni, vegg til varnar, sem kosta þyrfti kapps um að efla og treysta á komandi missirum. En það er eins og hin furðulega efna-

hagsmálapólitík þessarar hæstv. ríkisstj., viðreisnarstefnan svokallaða, sé orðin svo magnaður draugur, að hann taki öll ráð af þeim, sem eitt sinn vöktu hann upp, þeir fái nú engu tauti komið við þennan uppvakning. Svo mikið er víst, að með því hátterni, sem nú er uppi haft við afgreiðslu fjárl., og við stóraukna skattheimtu með nýrri löggjöf er verðbólguskrúfan sett í fullan gang að nýju.

Vissulega hefði ég getað unnt hæstv. fjmrh. betra hlutskiptis en þess að standa nú hér frammi fyrir þingi og þjóð eftir 5 ára fjármálastjórn í eindæma góðæri með þetta nýja söluskattsfrv. í höndunum. 5 ár eru nú liðin, síðan hann stóð hér á Alþingi sem vel hervæddur og vopnglaður riddari, albúinn í stríð við eyðslusemi, við óðaverðbólgu og aðrar meinvættir. Og nú undir jól 1964 er svo komið, að þegar almenningur í þessu landi lítur til baka, finnst honum Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðh. hafa verið næsta mildur skattheimtumaður í sinni ráðherratíð og bara töluvert sparsamur.

Hæstv. fjmrh. á eitt blóm eftir, eitt blóm í sínu hnappagati nú, og honum er vafalaust dálítið sárt um það. Blómið er þetta: fjárlög skulu, hvað sem tautar og raular, afgreidd fyrir jól. Nú vil ég heita á hæstv. fjmrh., þótt það kunni að vera svolítið sárt, að taka þetta skrautblóm úr hneppslunni að þessu sinni, að beita sér nú fyrir því, að fjárlagaafgreiðslu og söluskattsmálinu og dýrtíðarmálunum sé frestað fram yfir hátíðar, en þegar að þeim loknum verði tekið til óspilltra málanna um lausn þeirra í samstarfi við stjórnarandstöðuna og þá aðila, sem stóðu ásamt ríkisstj. að samkomulaginu í sumar. Væru slík vinnubrögð upp tekin, þótt á elleftu stundu sé, kynni enn að mega bægja vá óðaverðbólgu frá dyrum þjóðarinnar. Til þess er miklu fórnandi, og þeir, sem beittu sér fyrir slíkri lausn, gerðu þjóð sinni verulegt gagn og væru menn að meiri.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það var mikið um að vera á stjórnarheimilinu um og eftir áramótin 1960. Þá var hæstv. ríkisstj. og þeir ráðunautar, sem hún hefur sér til aðstoðar, að gera úr garði eins konar guðspjall, sem sent var út á hvert heimili í landinu, og ríkisstj. gekk að því með miklu harðfylgi að boða hinar hagfræðilegu kenningar, sem þá voru settar fram, eigi síður en ötulir trúboðar þær kenningar, sem þeir flytja. En áður en hér var komið sögu, hafði orðið nokkur aðdragandi. Þegar lagt var fyrir hv. Alþingi það fjárlfrv., sem vinstri stjórnin gerði síðast úr garði, haustið 1958, létu þeir, sem nú fara með völdin í landinu, það álit uppi mjög ótvírætt, að það væri auðvelt að koma fram miklum sparnaði í fjármálum ríkisins frá því, sem þá hafði verið. Þegar fjárlagafrv., sem lagt var fram haustið 1958, var tekið til 1. umr., talaði fyrir Alþfl. Emil Jónsson, núv. hæstv. félmrh. Hann sagði þá m. a. í ræðu sinni:

„Fjárlög hvers árs hafa sífellt verið hærri en ársins á undan. Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni."

Við þetta tækifæri talaði af hálfu Sjálfstfl. Magnús Jónsson, hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann sagði þá orðrétt:

„Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum. En það þarf í senn réttsýni og kjark til að gera slíkar ráðstafanir á viðeigandi hátt. Án einbeittrar forustu fjmrh. á hverjum tíma er þess ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisrekstrinum."

Og eftir að stjórn Emils Jónssonar hafði setið að völdum um nokkurra mánaða skeið og fengið aðstöðu til þess að kynnast fjármálum ríkisins, jafnvel betur en áður, mælti þáv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, svo í ræðu á hv. Alþingi 20. apríl 1959 við 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1959:

„En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, er það sannfæring mín, að mikið megi niður færa og mikið megi spara í ríkisbákninu."

Þegar þessar kenningar voru fluttar fram, voru fjárlög ríkisins aðeins rúml. 800 millj. kr. Síðan hafa fjárlög farið stórhækkandi ár frá ári. Samkv. fjárl. fyrir 1959 námu útgjöldin 1033 millj., 1960 1501.2 millj., 1961 1588.2 millj., 1962 1748.7 millj., 1963 2198.4 millj., 1964 2677 millj., og þá eru þau útgjöld, sem vegáætlun ákveður, ekki talin með. Séu þau tekin með, sem raunar er rétt til samanburðar við fyrri ár, nálgast útgjöld fjárl. 3 milljarða. Og í þeim fjárl., sem nú á að setja, eru útgjöldin 3200 millj. Með því frv., sem hér liggur fyrir, á að bæta við 372 millj., og samkv. till. til vegáætlunar, sem komin er fram, er þar um að ræða um 200 millj., sem eru innheimtar sérstaklega í tekjustofnum, sem ríkið hafði áður. Þegar þetta er lagt saman, mun það láta nærri, að stofnað sé til þess, að útgjöld ríkisins á árinu 1955 verði a. m. k. 3½—4 milljarðar eða líklega sem næst 3800 millj. kr. M. ö. o.: hækkunin á fjárl. frá því í fyrra, frá ári til árs, er orðin eins há að krónutölu og öll fjárl. voru á tímum vinstri stjórnarinnar, þegar viðvörunarorðin, sem ég drap á í upphafi máls míns, voru fram flutt hér á hv. Alþingi.

Ég verð að segja, að það er ekki óeðlilegt, þó að þm. staldri við, þegar þróun mála er orðin á þennan veg. Hafi þróunin verið uggvænleg, eins og hæstv. félmrh. sagði um hækkun fjárl. frá ári til árs 1957 og 1958, þá er hún miklu uggvænlegri nú, eins og stofnað er til um afgreiðslu þessara mála.

Eins og aðrir hafa bent á, kemur það fram í fjárlagafrv. og afgreiðslu meiri hl. fjvn., að það er hvergi unnið að því að færa niður útgjöld, heldur stefnt að því að ná saman endunum eða brúa bilið milli tekna og gjalda á þann veg að auka tekjurnar. Og í því skyni er verið að kosta kapps um að fá lögfestan þennan nýja tekjustofn, sem nú er hér til umr. Þessa gífurlegu hækkun fjárl. frá ári til árs leiðir vitanlega af stjórnarstefnunni. Það er sagt, að það þurfi tekjur til þess að standa undir niðurgreiðslum. En allt er þetta vegna þess, að stjórnarstefnan er eins konar vítahringur, sem farið verður örar um, því lengur sem haldið er

áfram á þessari braut. Sennilega vantar líka réttsýni eða kjark til einbeittrar forustu til sparnaðar, eins og talað var um 1958. Sennilega vantar það í enn ríkara mæli nú og líklega hvort tveggja þetta. En til þess að auka tekjur ríkissjóðs, svo sem talin er þörf á, er gripið til þess ráðs að stórhækka söluskattinn, eins og þetta frv. felur í sér.

Það er orðið nokkuð langt síðan söluskattur var tekinn upp sem einn af skattstofnum ríkisins. Ég ætla, að upphafið hafi verið það, að á tímum nýsköpunarstjórnarinnar frá 1944—1946 var lagður á svonefndur veltuskattur. Þegar veltuskatturinn var felldur úr gildi, mun hafa verið tekinn upp söluskattur í því sérstaka augnamiði að standa straum af kostnaði dýrtíðarsjóðs, sem stofnað var til vegna atvinnuveganna. Og síðan hélzt það um árabil, að nokkur söluskattur var innheimtur, og rann hann að sumu leyti til ríkissjóðs, en að sumu leyti til sérstakra dýrtíðarráðstafana. En sá söluskattur, sem innheimtur var á því árabili, allt til 1960, var bæði nokkuð annars eðlis, þ. e. a. s. skattgrundvöllurinn var annar en sá, sem söluskatturinn nú hvílir á, og allt eru það smámunir einir að krónutölu í samanburði við það, sem nú er um að ræða á þessu sviði.

Með l. um söluskatt frá 1960 var gengið miklu lengra í þessari skattheimtu en nokkru sinni hafði verið fyrr, og þá var gengið svo langt að skattleggja brýnustu neyzluvörur manna, eins og fisksoðningu, sem aldrei hafði verið gert fyrr, svo að mér sé kunnugt um. Með söluskattsl. 1960 var ákveðið að innheimta söluskatt af heildsölu og enn fremur 3% almennan söluskatt, sem leggst á öll eða flest innanlandsviðskipti. Frá því eru aðeins fáar og fremur smávægilegar undantekningar. En til viðbótar þessu var lagður á bráðabirgðasöluskattur í innflutningi. Sú grein var gerð fyrir því af hálfu fjmrh., þegar sá bráðabirgðasöluskattur var lögfestur, að til þess lægju þrjár ástæður. Í fyrsta lagi hefði verið ráðgert, að hinn almenni söluskattur yrði annaðhvort 3 eða 4%, en niðurstaðan varð sú, að hann var lögákveðinn 3%. Í öðru lagi höfðu undanþágur frá hinum almenna skatti orðið nokkru víðtækari í frv. heldur en upphaflega hafði verið hugsað fyrir af hálfu þeirra, sem undirbjuggu frv. En síðan segir orðrétt: „Þriðja ástæðan er sú, að söluskatturinn verður í gildi aðeins 9 mánuði ársins 1960, eða þrjá ársfjórðunga í stað fjögurra, sem að sjálfsögðu dregur mjög úr heildarupphæðinni. Þess vegna er farin sú leið til bráðabirgða að afla viðbótarteknanna, sem með þarf, með nokkurri hækkun á innflutningssöluskattinum. Sá innflutningssöluskattur, sem er nú 7% og hefur verið undanfarin ár, verður hækkaður um 8% upp í 15%." En þegar að því kom, að aðstaða var til þess að innheimta hinn almenna 3% söluskatt allt árið, þ. e. a. s. á árinu 1961, er bráðabirgðasöluskatturinn ekki felldur niður og ekki lækkaður, heldur er hann framlengdur á árinu 1961. Hann er enn framlengdur með sérstökum lagaákvæðum 1962, og 1963 er hann ekki felldur niður, heldur felldur inn í tollalöggjöfina og gerður þar með að skatti til frambúðar. 1964 í janúar er svo það skref stigið að hækka hinn almenna 3% söluskatt í 5½%, en sú hækkun var gerð vegna sérstakra ráðstafana í l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og nú er þróunin orðin svo ör, að það líður ekki heilt ár, þangað til knýja á fram næstu hækkun, þ. e. a. s. þá, sem hér er um að ræða. Það eru aðeins orðnir 10 mánuðir á milli þeirra skrefa, sem stigin eru til stórhækkunar á söluskatti. Nú er stefnt að því með þessu frv. að hækka skattinn upp í 8%. Og verði þetta lögfest, þá hefur þessi eini tekjustofn, söluskatturinn, verið hækkaður á árinu 1964 um rúmar 600 millj. kr. samkv. þeim grundvelli, sem lagður er í grg. þessa frv., að 1% í söluskatti skili 123 millj. í tekjur. Það sjá allir, þegar þessar tölur eru athugaðar, hvað hér er orðið skammt stórra höggva á milli.

Ef litið er á þetta í krónutölu, er, eins og ég sagði áðan, hinn gamli söluskattur á tímabilinu 1947—1960 hreinir smámunir miðað við það, sem hér er um að ræða. En samkv. fjárl. 1960 er söluskatturinn til ríkisins 381 millj. og til sveitarfélaga 56, þ. e. 437 millj., 1961 til ríkisins 438.5, sveitarfélaganna 71, þ. e. 509.5 millj., 1962 til ríkisins 510.4, til sveitarfélaganna 83.4, þ. e. 593.8 millj., 1963 til ríkisins 650, til sveitarfélaganna 104, þ. e. 754 millj. 1964 lækkar þessi tala verulega, vegna þess að þá er bráðabirgðasöluskatturinn kominn saman við tollana, svo að þá er ekki lengur um sambærilegar tölur að ræða. En nú er stefnt að því, að á árinu 1965 verði innheimt með sölusköttum af þjóðinni fast að einum milljarði eða um 930 millj. kr. Og þá ber enn þess að gæta, þegar þessi tala er reiknuð, að bráðabirgðasöluskatturinn, sem áður var innheimtur, er nú tekinn með tollunum. Það er því alveg augljóst, að söluskatturinn er sérstakt eftirlæti núv. hæstv. ríkisstj.

Það hefur verið gert að umtalsefni af þeim, sem talað hafa hér fyrr í dag, að það sé almenn skoðun, að þessi skattheimta missi verulega marks vegna þess, hve hún er örðug í innheimtu, hvað það eru margir, sem eiga að standa skil á fjármunum til ríkissjóðs, og hve erfitt er að koma við fullkomnu og ströngu eftirliti. Þetta er almenn skoðun, og hún er ekki ný. Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að því mjög greinilega í ræðu sinni hér í dag, að framsóknarmenn væru ekki einir um þessa skoðun, heldur ættu þeir marga skoðanabræður að þessu leyti, bæði utan þings og innan, og hann benti á það, að Alþýðuflokksmenn, þeir sem nú skipa sæti í ríkisstj. og standa að þessu máli, hefðu fyrr á árum varað við þessum gjaldstofni, söluskattinum. Ég skal ekki fara langt út í að ræða þennan þátt málsins, en ég vil þó aðeins þessum almennu orðum til staðfestingar drepa hér á eina tilvitnun úr Alþingistíðindunum, sem tekin er nokkurn veginn af handahófi, það mætti vissulega finna margt fleira. Hinn reyndi þingskörungur, fyrrv. forustumaður Alþfl., Haraldur Guðmundsson,

sagði svo í umr. á þingi um söluskattinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít, og Alþfl. er sömu skoðunar, að af mér liggur við að segja öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda. Aðrir tollar ýmsir, ég vil nú ekki segja flestir, eru þó á lagðir með það sjónarmið fyrir augum, að þeir séu mismunandi þungir, eins og t. d. verðtollurinn eftir því, hvaða vörur eiga í hlut, hvort hægt er að komast af án þeirra eða ekki. En til þessa sjónarmiðs er engan veginn tekið tillit við álagningu söluskattsins, heldur þvert á móti. Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskatturinn hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina, a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði. Af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vigi í samkeppni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum. Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar. Við leggjum því til, Alþfl.-menn, að þessi skattur verði felldur niður.“

Þetta var um hinn eldri söluskatt, sem var, eins og ég hef áður sagt, hreinir smámunir hjá því, sem nú á að flétta inn í verðlagið. En ég hygg, að þessi ummæli séu í fullu gildi enn í dag og því meira gildi sem hér er um hærri fjárhæðir að ræða. Hér er sem sé stefnt að því að innheimta með söluskatti álag á nær allar vörur í landinu, þar með taldar brýnustu neyzluvörur, til þess að greiða síðan niður verðlag á nauðsynjavörum. En þessi aðferð, sem er eins konar hringferð, sem ríkisstj. fer, leiðir til þess, alveg eins og ummæli Haralds Guðmundssonar bera með sér, að verðlag hækkar og það þyngist fyrir fæti hjá útflutningsframleiðslunni og atvinnuvegum þjóðarinnar og kostnaður allur við framkvæmdir stóreykst.

Það er ekki heldur nýtt álit, sem komið hefur fram í þessum umr., að söluskatturinn sé að því leyti viðsjálli tekjustofn heldur en aðrir tekjustofnar ríkisins, að hann komi ekki allur til skila. Einn af núv. hæstv. ráðh. hefur látið uppi álit opinberlega hér á þingi í því efni, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. drap á í ræðu sinni hér í dag. Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. viðskmrh., hefur hér á hv. Alþingi farið um söluskattinn svolátandi orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu, framkvæmdin á söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er þó margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru gífurleg í söluskattinum.“

Hér er vitnisburður eins hæstv. ráðh., sem stendur að flutningi þessa frv. (**Fjmrh.**: Hvaða ár var þetta?) Þetta er í B-deild Alþingistíðinda 1953. (**Fjmrh.**: Voru þær umr. um söluskatt þáv. fjmrh.?) Ja, ætli þessi söluskattur sé af nokkuð betri náttúru, sem nú er verið að ræða um? Ég hygg ekki.

Eins og ég hef rakið, er með þessu frv. og þeirri stórfelldu hækkun á sölusköttum, sem endurtekin er hvað eftir annað og nú orðið með stuttu millibili, verið að vega oft í sama knérunn. Og það hefur frá fornu fari ekki þótt hyggilegt eða vænlegt til giftu að fara þannig að.

Ég skal ekki fjölyrða um þá samninga, sem áttu sér stað í sumar milli atvinnurekenda, ríkisstj. og Alþýðusambandsins. Ég fjallaði ekki um það mál og er því ekki kunnugur. En mér sýnist þó sem leikmanni, sem hefur staðið utan við þá samningagerð, að þetta frv. hljóti að stríða gegn anda þess samkomulags, sem þá var gert, enda hefur það komið berlega fram af hálfu annarra ræðumanna, sem talað hafa, að þeir, sem þar eru kunnugir málum, líta svo á. Með þessu frv. er að sönnu ráðgerð 3% kauphækkun, sem komi fram í greiðslu verðlagsuppbóta. En sú kauphækkun kemur eftir á, eftir að launþeginn hefur áður orðið að taka á sig hækkun verðlagsins. Og mér finnst margt benda til þess, að launþegasamtökin muni ekki sætta sig við svo litlar bætur sem felast í þessu frv., eftir að hin mikla hækkun á söluskattinum, sem hér er stefnt að, hefur verið lögfest. Og ég ætla, að ég muni það rétt, að frá því hafi verið skýrt fyrir skömmu, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi samþykkt að fara fram á hvorki meira né minna en 23% launahækkun nú á næstunni. Þessi samþykkt mun þó hafa verið gerð áður en kunnugt varð um ákvæði þessa frv., en allar líkur benda til þess, svo að vægt sé til orða tekið, að ákvæði þessa frv. ýti undir kröfugerð af þessu tagi.

Þó að launþegar eigi að fá bætta hækkun verðlagsins samkv. vísitölu, er þess að gæta, að sú hækkun verðlagsins, sem kemur í kjöl-

farið á samþykkt þessa frv., fléttast um allt efnahagskerfi þjóðarinnar. Hún kemur miklu víðar fram en í þeim gjaldaliðum, sem teknir eru inn í vísitöluna, þannig að hinn almenni þjóðfélagsþegn ber vitanlega byrðar umfram það, sem hann fær bætt í vísitölunni. Eða hvað skyldu menn segja um húsnæðiskostnaðinn? Vitanlega leiðir hækkun söluskatts af sér hækkun byggingarkostnaðar. Það kallar aftur á hærri húsaleigu og hærri húsnæðiskostnað. Hið sama er að segja um atvinnurekstur-inn. Hinn margvíslegi rekstrarkostnaður atvinnuveganna er ekki færður inn í vísitölugrundvöllinn. En auðvitað verða þeir, sem fyrir atvinnurekstri standa, að bera þessar hækkanir án þess að fá það bætt í vísitölunni. Og þetta frv. stríðir að ýmsu leyti gegn því, sem hæstv. ríkisstj. telur nú stefnu sína öðrum þræði, t. d. gegn því að halda við verðgildi sparifjár. Vitanlega minnkar kaupmáttur sparifjár við þá hækkun verðlagsins, sem í kjölfarið á söluskattshækkuninni kemur, og þannig verða afleiðingar þessa frv., ef að lögum verður, svo víðtækar, að það er ekki aðeins um að ræða þá hækkun á kaupgjaldi og launum, sem greidd eru úr ríkissjóði, sem koma fram í fyrstu umferð, heldur fléttar þetta sig óðar en varir inn í nær alla þætti efnahagslífsins og kyndir þannig undir framhaldandi verðhækkanir og aukna verðbólgu.

Þegar á þetta er litið, er það auðsætt, að við þessu máli þarf að gjalda mikinn varhuga. Það má segja, að það sé tvennt eftirtektarvert sérstaklega við þetta frv. auk hinnar almennu stefnu, sem í því felst. Annað er það, að þess verður ekki vart, að í því séu nein ákvæði um að auka eftirlitið með innheimtu söluskattsins og herða á ráðstöfunum í því skyni að tryggja sem bezt skil á þessum tekjustofni ríkisins. Hitt er það, að þrátt fyrir þá verðhækkun, sem bersýnilega leiðir af samþykkt þessa frv., virðist mér, að ekki eigi að bæta hlut sveitarfélaganna að neinu leyti. Augljóst er þó, að þau verða fyrir skakkaföllum af þeim verðhækkunum, sem koma munu í kjölfarið á þessu frv., ef að lögum verður, og hefði því verið mjög eðlilegt, að tillit væri tekið til þess, þegar söluskatturinn er stórhækkaður, og sveitarfélögunum ákveðinn ríflegri hluti af söluskattinum í heild en ráðgert er í þessu frumvarpi.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mina koma fram við 1. umr. málsins. Sennilega telur ríkisstj. sig hafa nægilegt þingfylgi enn sem fyrr til þess að knýja þetta mál gegnum þingið og það líklega á skömmum tíma. Vel má vera, að svo reynist. En þetta mál og raunar fjárl. bera þess vott, að þó að ríkisstj. kunni enn að hafa atkvæðamagn hér á þingi til þess að knýja frv. fram, ræður hún raunverulega ekki orðið við efnahagsmál landsins. Það væri eðlilegast, það væri sómi fyrir hana og réttast af henni að gera sér grein fyrir þessu og draga rökréttar ályktanir af því.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki efni til, að ég fari að halda hér langa ræðu út af neinu, sem fram hefur komið, frá því að ég var hér í ræðustólnum. En þó tel ég ástæðu til að gera aðeins að frekara umræðuefni það, sem í fyrsta lagi ég hafði sagt um það, sem ég taldi í minni fyrri ræðu brigð á yfirlýsingum, sem hefðu verið gefnar í sambandi við samkomulagið í vor, og svo í öðru lagi örlitlar aths. við það, sem hæstv. forsrh. hafði um þessa fullyrðingu mína að segja.

Ég endurtek það hér, að ég þykist muna það alveg rétt, að sú yfirlýsing var gefin af fulltrúum ríkisstj., aðalráðunaut hennar í efnahagsmálum, að engar nýjar álögur yrðu lagðar á vegna niðurgreiðslna á árinu 1964. Ég endurtek þetta og fullyrði það, að þetta er rétt munað. Núna í kvöldmatarhléinu hringdi ég í Eðvarð Sigurðsson og bar þetta undir hann, hvort hann teldi, að þarna væri um að ræða misminni hjá mér, og hann bað mig að koma því að hér í umr., að þetta væri algerlega rétt. Ég hlýt að viðurkenna það, að mitt minni er ekki óbrigðult, hvorki um þetta efni né annað, en ég tel, að þar sem um svo veigamikið atriði er að ræða, væri það harla einkennileg tilviljun, ef okkur Eðvarð Sigurðsson misminnti svo hrapallega báða í þessu efni. Ég held líka, að þegar þetta mál er athugað, þá mundu flestir sannfærast um það, að við Eðvarð Sigurðsson og aðrir, sem stóðu í samningum fyrir verkalýðshreyfinguna á s. l. vori, hefðum verið hreinir fábjánar, ef við hefðum ekki knúið fram yfirlýsingu einmitt um þetta atriði. Og þó að minni mitt kunni að vera brigðult, þá treysti ég því a. m. k., að um svo stórvægileg atriði eins og þetta geti ég munað rétt, því að þarna var auðvitað um svo stórt aðalatriði að ræða, að það var útilokað, að nokkur ábyrgur samningsaðili hefði ekki viljað ganga úr skugga um þetta. Hitt er auðvitað líka jafnrétt, að það er ekki við því að búast, að yfirlýsingar um svona efni geti tekið mjög langt fram í tímann, og allt, sem hæstv. forsrh. sagði um það, hvaða skuldbindingar ríkisstj. hefði gert varðandi niðurgreiðslur fram i tímann, er, eftir því sem ég bezt man, alveg rétt.

Ég hlýt að þessu athuguðu að halda mig við það, sem ég sagði hér um þetta, og hef reyndar styrkzt síðan í því, að ég hafi farið með algerlega rétt mál. En ef haldið er fast við gagnstæða fullyrðingu af okkar viðsemjendum, þá er auðvitað ekkert við því að segja. Það stendur þá fullyrðing gegn fullyrðingu, og hver verður að trúa því, sem honum þykir sennilegast. En ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér þykir það ekki skemmtilegt að standa í slíkum fullyrðingum á víxl og tel það ekki til gagns í raun og veru fyrir neinn, þó að ég hins vegar mundi telja það brigð við mína umbjóðendur í sambandi við þessa samninga, ef ég færi að gefa þessar 68 millj. kr. eftir, án þess a. m. k. að ég hefði um það allan fyrirvara og öll mótmæli. Þessar 68 millj. svara til rúmlega ½% af þeirri 2½% hækkun,

sem hér er um að ræða, og hæstv. ríkisstj. hefur enn þá fullkomið tækifæri til að leiðrétta þetta. Og ég vil treysta því, að það verði gert, og teldi það ekki til neinna bóta fyrir seinni tíma, því að enda þótt okkur greindi á við hv. ríkisstj. um þetta frv., eins og hér hefur komið fram, þá kynni svo að fara, að við ættum eftir að semja við hana aftur, og þá skiptir það auðvitað miklu máli fyrir báða aðila, að þeir geti treyst svo mikilvægum yfirlýsingum sem hér er um að ræða. Ég vil þess vegna vænta þess og reyndar treysti því, að hæstv. forsrh., sem ég hef ekki hingað til reynt að neins konar brigðum í sambandi við þetta mál, annað en það, sem hér er um að ræða, — ég vil trúa því, að það sé ekki um vísvitandi brigð að ræða, heldur sé það óviljaverk. Og ég vil treysta því, að hann rannsaki þetta mál til hlítar, áður en þetta mál verður afgr. hér í þinginu, og ef hann sannfærist um, sem ég trúi, að við Eðvarð Sigurðsson séum ekki að skrökva hér upp vísvitandi, og ef athuganir hans að öðru leyti staðfesta okkar mál, þá hlutist hann til um það, að frv. verði breytt í samræmi við það, sem satt reynist í þessu máli.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru nokkrar athugasemdir, sem ég vil að gefnu tilefni gera hér til viðbótar framsöguræðu minni, áður en málið fer til nefndar.

Í fyrsta lagi er því haldið fram, að þetta tekjuöflunarfrv. sé óþarft, vegna þess að tekjuáætlunin í fjárl. fyrir árið 1965 sé allt of lág, eins og einn hv. þm. orðaði það, og jafnvel vísvitandi röng, eins og haft hefur verið á orði. Þessu til sönnunar er bent á það, að tekjur hafa reynzt verulega umfram áætlun árin 1962 og 1963. Ég skal aðeins rekja það, hvernig tekjuáætlanir hafa reynzt þessi 4 ár eða 5 ár, sem núv. stjórn hefur setið.

Varðandi fyrstu fjárlögin, fyrir 1960, þá reyndust tekjur ríkissjóðs heldur lægri en áætlað var. Árið 1961 reyndust þær lítilsháttar hærri, en ekki neitt verulega. Árin 1962 og 1963 reyndust þær allverulega miklu hærri, eins og ég gat um í minni frumræðu, vegna þess aðallega, að innflutningur varð miklu meiri en menn höfðu gert ráð fyrir. Ég býst við, að hvorki hv. stjórnarandstæðingar né við höfum séð það fyrir, að þessi mikla innflutningsaukning yrði á þeim árum. Og eins og ég hef tekið fram áður, þá voru þessar áætlanir, sem aðflutningsgjöld voru byggð á, bæði í fjárl. fyrir 1962 og 1963, fyrst og fremst byggðar á áætlunum Seðlabanka Íslands og Efnahagsstofnunar og þó, ef ég man rétt, áætlun um aðflutningsgjöldin sett endanlega í fjárl. nokkru hærri en þessar stofnanir höfðu áætlað. Varðandi árið 1964 liggur það fyrir, að tekjuáætlun fjárl. mun verða mjög nærri sanni, þannig að tekjurnar verða sáralitið, eftir því sem nú horfir, umfram áætlun fjárlaga.

Af þessari reynslu af fjárl. 5 síðustu ára fer því fjarri, að nokkur heimild sé að draga þá ályktun, sem hér hefur verið gerð, að áætlanir hafi öll þessi undanfarin ár verið vísvitandi röng, tekjuáætlun hafi verið vísvitandi röng. Þetta er staðhæfing, sem enginn fótur er fyrir.

Þá er næst afkoma ársins 1964, sem hér var óskað eftir upplýsingum um. Hv. 4. þm. Norðurl. e. lét orð falla á þá lund, að það væri hneyksli, að fjvn. hefði ekki enn verið gefið yfirlit um afkomu ársins 1964. Ég tók það fram í ræðu við 2. umr. fjárl., af hverju það stafaði. Það stafaði einfaldlega af þeirri eðlilegu ástæðu, að athugun og endurskoðun á tekjuáætlun fjárlagafrv. var látin bíða til 3. umr. og þess vegna eðlilegt, meðan öll þessi mál voru í deiglunni, að bæði grg. um tekjuáætlun í frv. 1965 og þá samhliða henni áætlun um afkomu ársins 1964 biði þangað til milli 2. og 3. umr. Á fundi fjvn. á morgun, ætla ég, að gefin verði grg. um þetta, enda nú auðvelt, þar sem búið er að gera það dæmi upp, hvað þarf til þess, að fjárl. verði afgreidd hallalaus. En það er rétt til glöggvunar hér aðeins að gefa yfirlit og samanburð við s. l. ár um niðurstöðutölur, og tek ég þá yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrstu 11 mánuði áranna 1963 og 1964.

Varðandi árið 1963 voru tekjur og gjöld svo að segja jöfn eftir 11 mánuði ársins eða í nóvemberlok, eða um það bil 2037 millj. Tekjur og gjöld sem sagt stóðust á í lok þess mánaðar. Í lok nóvembermánaðar 1964 hafa tekjur orðið samtals 2281 millj. kr., en útgjöld 2579 millj. M. ö. o.: gjöldin voru í lok nóvembermánaðar þessa árs nærri 300 millj. hærri en tekjurnar. Af þessu má sjá, að í nóvemberlok 1964 var staða ríkissjóðs nær 300 millj. lakari en á sama tíma í fyrra. Með þessu er auðvitað ekki sagt, að endanleg niðurstaða í reikningi verði þetta miklum mun lakari árið 1964 heldur en 1963, vegna þess að enn eiga eftir að breytast nokkuð þessar tölur, væntanlega ríkissjóði fremur í hag. En samt sem áður gefur þessi samanburður mynd af því, hversu fráleitt það er að ætla að byggja á því, að tekjur ríkissjóðs og greiðslujöfnuður verði jafngóður á árinu 1964 og árunum 1962 og 1963. Annað dæmi, sem sýnir þetta glögglega, er að sjálfsögðu hinn fasti viðskiptareikningur ríkissjóðs við Seðlabankann, sem stendur nú um þessar mundir miklu lakar en á sama tíma í fyrra, sem nemur á 3. hundrað millj. kr. Með þessu hef ég svarað þeirri fullyrðingu að verða að ganga út frá verulegum greiðsluafgangi ríkissjóðs í ár.

Þá kom það fram hjá tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, að aðferðin til þess að losna við þessar nýju skattaálögur, en þó væntanlega halda áfram niðurgreiðslum að fullu, væri niðurfærsla útgjalda og sparnaður, sem væri umtalsverður. Því var lýst yfir hér af einum hv. þm. stjórnarandstöðunnar, hv. 5. þm. Reykn., að stjórnarandstaðan væri tilbúin til samstarfs um sparnað og niðurfærslu útgjalda. Hann virtist tala þarna í umboði bæði Framsfl. og allra arma Alþb., hann hafði a. m. k. engan fyrirvara um annað. En þegar maður nú lítur

á, hvað gerzt hefur undanfarna daga í þinginu í sambandi við fjárl., er ekki að undra, þótt manni verði á að hvá og velta fyrir sér, hversu mikil alvara er þarna á bak við. Við 2. umr. fjárl. flutti t. d. Framsfl. till. um útgjaldahækkanir, sem námu yfir 200 millj. kr. Ég hef ekki talið saman, hvað hækkunartill. Alþb. voru miklar, en ég held þó, að Framsfl. hafi örugglega haft vinninginn í þessu efni.

Er það nú líklegt, að sá flokkur eða þeir flokkar, sem flytja svo stórkostlegar útgjaldahækkunartill., væru reiðubúnir til þess ekki aðeins að falla frá þeim öllum, heldur ganga inn á niðurskurð á fjárl.? Ég veit ekki betur en ýmsir framámenn Alþb. hafi undanfarna mánuði stært sig mjög af því, að með júnísamkomulaginu hafi þeir tryggt stóraukið fé til byggingarframkvæmda. Er það líklegt, að þm., sem fluttu till. um að hækka framlög til vegamála á næsta ári um 60 millj., mundu reiðubúnir til að falla frá þeim hækkunartill. og jafnvel draga eitthvað saman seglin? Er það líklegt, að þeir, sem fluttu till. um að hækka framlög til hafna um 10—20 millj., til raforku um 15 millj., atvinnubótasjóðs um 15 millj. og flugvalla um 10 millj., svo að ég nefni nokkrar tölur, að þessir hv. þm. hefðu talið sjálfsagt að falla frá þessum till. og jafnvel ganga í þess stað til niðurskurðar á ýmsum útgjaldaliðum fjárl. bara fyrir þá sök, að ríkisstj. hefði talað við þá og óskað samstarfs?

Í umr. um fjárl. í sameinuðu þingi var einn af leiðtogum Alþb., sem kom einnig inn á þetta sama, að hér þyrfti niðurskurð og sparnað. Hann byrjaði á því að telja upp nokkra liði. Þeir urðu aldrei fleiri en þrír, sem hann vildi spara á. Hann vildi leggja niður Kaupmannahafnarprestinn, hann vildi leggja niður almannavarnir, og hann vildi ekki veita aukið fé til endurbóta á prestsetrum. Þetta, sem þessi hv. þm. taldi upp, mun hafa numið samtals lækkunum um einar 5—6 millj. Sem sagt, það náði ekki einu sinni 2‰ af fjárlagaupphæðinni. Þegar maður lætur verkin þannig tala og lítur bara á það, sem hefur verið að gerast þessa dagana hér, og að hv. stjórnarandstæðingar hafa ekki aldeilis sýnt í verki vilja sinn til niðurskurðar, heldur þvert á móti að þenja út fjárl. og auka stórlega útgjöld þeirra, án þess að sjá fyrir tekjum á móti, þá verður maður að leggja með nokkurri varúð trúnað á það, að þeir séu reiðubúnir til niðurskurðar á fjárl. og útgjöldum ríkisins, sem geri nýjar skattaálögur óþarfar, bara ef ríkisstj. vildi láta svo lítið að segja við þá: Við skulum setjast niður saman, góðir hálsar, og framkvæma þetta allt svona til niðurskurðar.

Nei, það er ósköp auðvelt að tala um sparnað og niðurskurð, en sýna svo í verki allt annað og gera enga tilburði til þess að benda á neitt, sem máli skiptir, til niðurskurðar.

Ég skal svo að lokum aðeins minnast á skattamálin, sem hv. þm. hafa gert nokkuð að umtalsefni. Einn hv. þm. eða raunar tveir töldu, að það hefðu verið mikil vonbrigði, að ríkisstj. hafi ekki treyst sér til þess að veita neina tilslökun á álögðum sköttum í ár, og var svo að skilja, að ríkisstj. hefði þar brugðizt einhverju, sem hún hefði lýst yfir. Ég kannast ekki við, að ríkisstj. hafi nokkurn tíma gefið nokkurt fyrirheit um það, að þau útsvör og þeir skattar, sem voru á lagðir í ár, yrðu lækkaðir. Eftir tilmælum Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þótti ríkisstj. hins vegar sjálfsagt að hefja viðræður við þá aðila, og eftir uppástungu hennar voru settir til þess 4 menn að kanna, hvort möguleikar væru á því að veita afslátt á þessum gjöldum í ár. Í því að setja slíka trúnaðarmenn til slíkrar rannsóknar felst auðvitað ekki neitt fyrirheit eða loforð um það, að þessar álögur verði lækkaðar. Í þessa fjögurra manna nefnd var tilnefndur fulltrúi ríkisstj., fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, fulltrúi, sem A. S. Í. valdi, og fulltrúi, sem bandalag opinberra starfsmanna valdi. Þessi nefnd lagði í þetta mjög mikla vinnu og samdi álit, sem var einróma. Og í þessu áliti — og því fylgdi ýtarleg grg. og upplýsingar — lagði n. ekki til, að gefinn yrði afsláttur á útsvörum eða tekjuskatti á lögðum í ár. Eftir að hafa kynnt sér málin, treysti hún sér ekki til að mæla með því, m. a. fulltrúi Alþýðusambandsins og fulltrúi opinberra starfsmanna. Því fer svo fjarri, að ríkisstj. hafi þannig gengið á bak orða eða fyrirheita í þessu efni, þau hafa aldrei verið gefin. En hv. þm. hafa notað um það sterk orð, að almenningur greiði nú hærri tekjuskatta en nokkru sinni áður, og þrátt fyrir nokkuð mismunandi orðalag hafa þeir þm., sem hér hafa talað úr stjórnarandstöðunni, verið þó sammála um þessa óskaplegu skattpíningu og þá sérstaklega talað um beinu skattana. Nú eru útsvörin ekki hér til umr., en tekjur ríkissjóðs hins vegar, og vil ég því aðeins minnast á tekjuskattinn.

Nú má auðvitað skoða tekjuskatt manna á tvo vegu: annars vegar, hvort hann er hærri í krónutölu en áður, hins vegar, hvort hann er hærri eða lægri í prósentu af tekjum. Vitanlega er það ákaflega villandi og eiginlega ekki sæmilegur samanburður, þegar verið er að tala um hækkaða skatta, þótt þeir hafi hækkað í krónutölu, ef þeir eru lægri prósenta af tekjum manna vegna hækkandi launa og breytts verðlags. Ég hef áður bent á það, gerði það í útvarpsræðu í ágúst í sumar, hvað meðalverkamannafjölskylda greiddi í ár af tekjum sínum frá í fyrra, bæði eftir núgildandi lögum, eftir tekjuskattsl. frá í fyrra og eftir þeim l., sem giltu, þegar vinstri stjórnin lét af völdum. Sá samanburður var auðvitað á þá leið, að skatturinn var sem enginn af þessari meðalverkamannafjölskyldu í ár, hann var nokkur í fyrra, en margfaldur samkv. vinstristjórnarl., ef þau giltu enn.

Nú hefur þessum samanburði verið mótmælt, því að það sé fráleitt að láta sér detta í hug, að nokkur stjórn eða nokkurt þing hafi getað látið skattalög vinstri stjórnarinnar vera enn í gildi. Við skulum þá taka málið frá annarri

hlið. Hagstofan hefur reiknað út í mörg ár, hverjar væru meðaltekjur verkamanna í krónutölu, og við skulum þá athuga, hvað meðalverkamannafjölskylda hefur þurft að borga af sínum tekjum, við skulum segja t. d. af tekjum ársins 1958 og svo aftur nú í ár, og um þetta er ýtarleg greinargerð og tafla í grg. fjögurra manna nefndarinnar, sem ég gat um. Þar kemur í ljós, að 1958 voru samkvæmt útreikningi hagstofunnar meðallaunatekjur verkamanns tæpar 63 þús. kr. Af þessum tekjum, þ. e. a. s. það er miðað við hjón með tvö börn, greiddi hann 1644 kr., en það var 2½% af hans þáverandi launum, sem hann greiddi í tekjuskatt til ríkisins. Þessi sama fjölskylda hafði á árinu 1963 tæplega 112 þús. kr. í tekjur eftir útreikningi hagstofunnar. Af þessu greiddi hún í ár 90 kr. eða 0.1% af sínum tekjum. Ef við tökum t. d. iðnaðarmann, sem hafði árið 1958 68 600 kr. í tekjur, greiddi hann af því í tekjuskatt 1884 kr. eða 2.7% af sínum tekjum. Hann hafði á s. l. ári 125 þús. kr. í tekjur, greiddi af því í tekjuskatt 960 kr. eða 0.8%.

Mér finnst þurfa töluverð brjóstheilindi til þess af mönnum eins og hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hefur vafalaust haft þessa skýrslu alla og útreikninga undir höndum, því að ég geng út frá því, að fulltrúi Alþýðusambandsins í n. hafi látið stjórn Alþýðusambandsins þessar skýrslur í té, og veit raunar, að svo er, — það þarf töluverð brjóstheilindi til að koma hér upp í ræðustólinn og segja, að tekjuskattur á almenningi sé hærri en nokkru sinni hefur áður verið. Varðandi þessi dæmi dugir ekki eingöngu sú blekking, sem hv. stjórnarandstæðingum er svo kær og töm, að miða bara við krónutöluna, því að einnig í krónutölu er tekjuskatturinn af þessari verkamannafjölskyldu og meðal-iðnaðarmannafjölskyldu miklu lægri en hann var áður, en af verkamannafjölskyldunni er sem sé nú tekið 0.1% af tekjum hans í tekjuskattinn til ríkisins en var 1958 2.5%, og af iðnaðarmanninum nú 0.8%, en var þá 2.7%.

Hv. þingmenn virðast sumir skáka í því skjólinu, að það moldviðri, sem tókst að þyrla upp í sumar út af sköttum, sé enn með sama hætti. Þegar þessi alda var liðin hjá, frá því í ágúst, og menn fóru að skoða málin, þá vissu þeir, að megnið af því, sem þá var skrifað og talað um þetta, fékk ekki staðizt. Það var öllum vitanlegt, að eftir skattalögunum frá síðasta þingi voru skattarnir lægri en þeir hefðu orðið eftir lögunum, sem áður giltu. Hitt mátti svo auðvitað hverjum manni vera ljóst, að þegar tekjur manna hækkuðu jafnmikið almennt og raun var á árinu 1963 frá árinu 1962, þá urðu menn að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því, að skattur þeirra hækkaði. Ég skal ekki fara út í ýmsar ástæður, sem ollu þessu, en vitanlega er það öllum mönnum ljóst, að ekkert er auðveldara í þjóðfélaginu heldur en að gera menn óánægða með skattana sína, og hv. stjórnarandstæðingar gengu á það lagið. Það er létt verk og löðurmannlegt.

Eitt vil ég þó taka fram. Það er auðvitað ljóst, að ein af ástæðunum til þess, að slíku moldviðri tekst að þyrla upp, er sú, að okkur hefur ekki enn tekizt að koma hér á þeirri sjálfsögðu umbót, vil ég segja, að menn greiði skatta af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað. Það er í fyrsta skipti nú í tíð þessarar ríkisstj., sem gerð hefur verið gangskör að því að undirbúa það mál með það fyrir augum að koma því á í náinni framtíð. Ég geri þó ekki ráð fyrir, að það geti komizt á á næsta ári, því að þetta þarf mikils undirbúnings við, en að því er unnið.

Þá er það loks eitt atriði, sem ég vildi nefna hér til leiðréttingar. Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að tekjuskattur yrði í ár 47 millj. meiri en áætlað er í fjárl., og annar hv. þm. sagði, að *beinu skattarnir, átti þá náttúrlega* við tekjuskatt og eignarskatt, færu stórlega fram úr áætlun á þessu ári. Hvort tveggja þetta er rangt. Það kemur einnig fram í þessari athugun fjögurra manna n. og fylgir þar með bréf frá ríkisskattstjóra, þar sem niðurstaðan er sú, að tekjuskatturinn í ár verði 264 millj., sem er sambærileg upphæð við áætlun fjárl. í ár, sem er 255 millj. M. ö. o.: það er áætlun ríkisskattstjóra í september. (Gripið fram í.) Þetta er hliðstæð tala við fjárlagaáætlun, og fjárlagatalan er að sjálfsögðu fundin eða hún á að sýna það, hvað gert er ráð fyrir að innheimtist á reikningsárinu, og það er sú tala, sem í fjárl. stendur, 255 millj. Þessi tala er þannig fundin og hefur verið undanfarin ár, að það er gert ráð fyrir, að um 75% af álögðum gjöldum innheimtist á árinu, og þessu til viðbótar koma svo eftirstöðvarnar.

Það, sem villir hv. þm., að því er virðist, í þessu og gerir það að verkum, að þeir bera saman ósambærilegar tölur, er, að álagður tekjuskattur og eignarskattur á árinu í ár var 301 millj. kr. Af því sem sagt er gert ráð fyrir, að innheimtist í ár 75% eða 226 millj. og að auki innheimtist um 40 millj. af eftirstöðvum fyrri ára, þannig að niðurstaðan verður um 264 millj. eða 9 millj. fram yfir það, sem fjárl. gera ráð fyrir.

Þá spurði hv. 4. þm. Norðurl. e. að lokum um það og krafðist svars, hvað orðið hefði af greiðsluafgangi fyrri ára. Hann á þar við árin 1962 og 1963, og greiðsluafgangur þeirra ára varð samtals um 300 millj. kr. Af þessum 300 millj. kr. voru lagðar í jöfnunarsjóð ríkisins 100 millj. Það voru notaðar til skuldagreiðslu við Seðlabankann um 40 millj., og ákveðið var að greiða 20 millj. vegna vangoldinna framlaga ríkissjóðs til sjúkrahúsa og 20 millj. vegna vangoldinna framlaga til hafna. Þessar eru þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið. Að öðru leyti stendur greiðsluafgangur nú eins og áður, þegar um greiðsluafgang hefur verið að ræða, inni í ríkissjóði sem rekstrarfé ríkissjóðs. Þessi afgangur af greiðsluafganginum, ef svo má segja, hefur þó hvergi nærri nægt sem rekstrarfé ríkissjóðs, eins og kemur í ljós í því, að um miðjan desember er yfirdráttur í Seðlabankanum nokkuð á 3. hundrað millj. kr. Ef ætti að taka þessar eftirstöðvar greiðsluafgangs fyrri ára og nota þær t. d. til þess að greiða til niður-

greiðslna, þá þýðir það auðvitað, að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann mundi hækka nákvæmlega að sama skapi, og ef slík ráðstöfun verkar ekki verðbólguaukandi, þá veit ég ekki, hvaða ráðstafanir það eru, sem hafa slík áhrif. Þegar allir þykjast vilja reyna að forðast verðbólgu og stjórnarandstæðingar eiga ekki nógu sterk orð til þess að lýsa því, hversu ráðstafanir stjórnarinnar auki verðbólguna, þá er ljóst, að ef ætti þannig að sækja í Seðlabankann á annað hundrað millj. og dæla því út í niðurgreiðslum, þá mundi það vafalaust auka verðbólguna mjög myndarlega.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara inn á fleiri atriði að sinni í þessum umræðum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja.

Það er fyrst, að ég vildi taka það fram út af ummælum, sem féllu hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., þar sem hann virtist hafa lagt þann skilning í mín orð, að ég hefði jafnvel gefið í skyn, að það hefði verið samið um þessa skattheimtu í sumar, — ég vil segja, að það er alger misskilningur á mínum orðum, og hafi ég orðað þetta óskýrt að einhverju leyti, þá var það alls ekki meining mín að gefa neitt þvílíkt í skyn, þar sem ég tók meira að segja fram alveg berlega, að ég væri sannfærður um, að ekkert slíkt hefði átt sér stað, enda liggur það nokkuð í hlutarins eðli. En það, sem ég benti á og átaldi, var uppsláttarfyrirsögn í aðalmálgagni hæstv. ríkisstj., Morgunblaðinu, þar sem hún segir frá þessu framlagða frv., þar sem það er sagt með stóru letri: „Er í samræmi við júnísamkomulagið.“ Þetta fannst mér ástæða til að átelja, af því að ég áleit villandi og blekkjandi að gefa slíkt í skyn, og með því hlaut meiningin að vera sú að læða því inn hjá lesendum Morgunblaðsins, að þessi söluskattshækkun væri í samræmi við hið svokallaða júnísamkomulag. En þegar ég flutti mína ræðu hér í dag, hafði ég ekki enn séð hitt aðalmálgagn hæstv. ríkisstjórnar, aðalmálgagn hæstv. fjmrh., dagblaðið Vísi, en nú hefur það sýnt sig, að það hefur í sínum uppsláttarfyrirsögnum slegið Morgunblaðið út í þessu efni, því að þar er aðalfyrirsögnin á frásögn um þennan skatt sú: „3% kauphækkun.“ Það væri nú kannske ekki ástæða til þess að vera að vekja athygli á þessu hér, að vera að sakast um þetta, ef maður gæti litið svo á, að þarna væri aðeins um einhver mistök hjá blaðamönnum að ræða, og ef maður væri þeirrar skoðunar, sem einu sinni var sagt og skrifað, að byssurnar væru farnar að skjóta sjálfar. En það er vitað mál, að þeir eru hvor um sig, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., nokkuð strangir húsbændur á þessum heimilum sínum, blöðunum, þannig að það virðist a. m. k. ekki ólíklega ætlað, að þeir hafi haft nokkra hönd í bagga um það, hvernig sagt hefur verið frá þessu þýðingarmikla máli. Fleiri orð skal ég svo ekki hafa um það.

Ég ætla síður en svo að fara að blanda mér í þann ágreining, sem hefur komið fram hjá þeim hæstv. forsrh. og hv. 4. þm. Norðurl. e. um skilning á því samkomulagi, sem gert var í s. l. júní, um það, hvort þetta sé andstætt þeim yfirlýsingum, sem þá voru gefnar, eða ekki, þar um get ég ekkert sagt og þar læt ég þá deila.

Í annan stað vildi ég aðeins út frá því, sem hæstv. fjmrh. sagði almennt um skattana, sem hann var tiltölulega ánægður með, benda á það, að hann mótmælti því að vísu, að það hefði verið gefið nokkurt vilyrði um skattalækkanir eða afslátt á álögðum sköttum eða álögðum gjöldum nú í ár, en ég vil þó benda á það, eins og hann viðurkenndi, að ríkisstj. féllst á að skipa fjögurra manna nefnd til þess að kanna, hvort mögulegt væri að veita einhvern afslátt á álögðum gjöldum. Það má vitaskuld deila um það, hvað í slíku felist. Ég hygg, að sumir vilji skilja það á þá lund, að í því felist eitthvert vilyrði, og aðrir, eins og hæstv. fjmrh., geta kannske skilið það á annan veg. En hvað sem því líður, er hitt ljóst og verður ekki um deilt, að í útvarpsþætti sínum í ágústmánuði lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að skattarnir hefðu reynzt hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Hann lýsti því einnig, að sér væri ljóst, að í framtíðinni þyrfti þar á að gera ýmsar lagfæringar, eins og t. d. þá, sem hann nefndi sérstaklega hér áðan, að það þyrfti að taka upp það skipulag, að skattar væru dregnir frá tekjum jafnóðum, og enn fremur það, að hækka þyrfti persónufrádrátt, í þriðja lagi það, að taka þyrfti upp umreikningsreglu, og í fjórða lagi það, að bæta þyrfti skattaeftirlit. Ég hef ekki séð, að það liggi enn fyrir nokkrar efndir á þessum atriðum. Það má vera, að þær eigi eftir að sjá dagsins ljós og að þær verði lagðar fram síðar á þessu Alþingi, en ég verð að segja, að það hefði verið æskilegra að sjá framan í þær áður og það hefði verið viðkunnanlegra frá stjórnarinnar hálfu að sýna framan í þessar fyrirhuguðu endurbætur, sem fyrirheit hafði verið gefið um, áður en hún lagði fram frv. sitt um söluskattshækkunina.

Nú vill hæstv. fjmrh. gera lítið úr því, að álagður tekjuskattur verði hærri en reiknað hafði verið með í fjárlögum, og nefnir í því sambandi tölur. Þær tölur vil ég að sjálfsögðu ekki vefengja út af fyrir sig. En ég vil benda á það, að ég hygg, að þær gefi alls ekki fullkomlega rétta mynd, vegna þess að þrátt fyrir alla hörku hæstv. ríkisstj. í skattheimtunni var það þó gefið eftir, að þeir, sem sóttu um það að fá að draga greiðslur á sköttum, fengu það í tvo mánuði, þannig að það hlýtur að liggja í hlutarins eðli, að það dregst meira af þessum greiðslum yfir á næsta ár heldur en áður hefur verið, þannig að ég leyfi mér að vefengja það mjög, að þær tölur, sem hann nefndi í þessu sambandi, gefi raunverulega rétta mynd af ástandinu í þessum efnum, þegar öll kurl koma til grafar. Út af þeim samanburði, sem hann var með um það, hversu skattar væru nú gagnvart sköttum áður, vil ég aðeins benda á það, eins og hann reyndar tók fram, að í þeim samanburði voru útsvörin ekki tekin með, en

auðvitað eru þau einn höfuðþáttur í álögum á almenning. Og þá vil ég enn og miklu frekar benda á það, að þegar þetta er borið saman með þeim hætti, sem hæstv. fjmrh. gerði, má það visulega ekki gleymast, hversu gífurlegar breytingar hafa verið gerðar á skattheimtunni að því leyti til, að það hefur í raun og veru verið fært svo og svo mikið til úr hinum beinu sköttum yfir í hina óbeinu skatta. Þetta er alveg ómótmælanlegt, að það hefur í raun og veru verið stefna ríkisstj. að breyta sköttunum í æ ríkara mæli í óbeina skatta, og þess vegna hefði, ef ætti að gera nokkuð raunhæfan samanburð, orðið að taka til þess stórkostlega mikið tillit, því að auðvitað eru það álögur ekkert síður, sem greiddar eru í óbeinum sköttum.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um afkomuhorfur ársins nú, og þeim tölum, sem hann þar nefndi í lok nóvembermánaðar nú, sem virtust sýna, að staðan væri allmikið lakari en á sama tíma í fyrra, tel ég alveg vafalaust, eins og hæstv. ráðh. sagði reyndar líka, að þessar tölur mundu breytast, — hann sagði: væntanlega eitthvað ríkissjóði í hag. Ég held, að þær muni breytast mjög verulega ríkissjóði í hag, og þá ályktun dreg ég af því, sem alkunna er, að þrátt fyrir það góðæri, sem hér hefur verið að mörgu leyti, hafa m. a. sívaxandi álögur, vaxandi dýrtíð o. fl. gert það að verkum, að menn hafa átt miklu erfiðara nú en áður að standa skil á álögðum opinberum gjöldum og tekjum í ríkissjóð. Ég hygg þess vegna, að þó að innheimtan hafi gengið tiltölulega vel, hljóti að vera mun meira útistandandi nú en á sama tíma á árinu áður, og t. d. gæti vel hugsazt, að slíkt ætti sér stað varðandi söluskattinn. Ég held þess vegna, að þessi mynd eigi eftir að breytast æðimikið.

En ég vil aðeins að lokum benda á í sambandi við afgreiðslu á þessu máli, sem ég hef gert mjög miklar athugasemdir við, á einmitt þá hliðina á málinu, að þetta er lagt fram hér á síðustu dögum fyrir jól, það er lagt fram þm. svo að segja að óvörum og ekki gefinn neinn kostur á því að kynna sér málavexti alla með eðlilegum hætti, áður en lagt er í 1. umr. málsins. Í því sambandi vil ég líka benda á það, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að nú fyrst fyrir 3. umr. fjárlaga, þegar 1 eða 2 dagar í hæsta lagi eru til stefnu og til athugunar á fjárlögum, er gert ráð fyrir því, að fyrir fjvn. verði þá fyrst lagt fram það yfirlit yfir tekjuáætlun, sem hæstv. ráðh. drap hér á áðan. Það gefur auga leið, hvert tækifæri það er, jafnvel fyrir fjvn., til þess að setja sig að nokkru gagni inn í þetta mál, áður en fjárlög eru afgreidd, hvað þá fyrir þá þm., sem ekki eiga sæti í fjvn. Það eru þessi vinnubrögð, sem að mínum dómi eru mjög varhugaverð og ætti að leggja niður, því að fyrir þeim finnst engin afsökun. Þegar þing er kvatt saman snemma októbermánaðar og fjárlagafrv. lagt fram í upphafi þings, þá er það vitaskuld óverjandi að gefa ekki fyrr skýrslur um þessi efni og hraða allri fjárlagameðferðinni, þannig að þm. geti raunverulega fylgzt með í þessu efni. En eins og þessu er hagað nú, gildir það í raun og veru bæði um fjárlögin og þó miklu fremur um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að þess er náttúrlega ekki kostur fyrir þm. að kynna sér til neinnar hlítar þær forsendur, sem það er talið byggjast á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:4 atkv. og til *fjhn. með 13 shlj. atkv.*

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 185, 191 og 192, 193).

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við 1. umr. málsins lýsti hv. 4. þm. Norðurl. e. yfir því, að af hálfu samningsaðila vegna Alþýðusambandsins hefði það verið skilið svo, samkomulagið, sem gert var í júní í sumar, að ef niðurgreiðslur yrðu auknar á árinu til þess að halda verðlagi niðri, þá yrði það gert án þess að nýir skattar yrðu lagðir á þess vegna. En það er skýrt tekið fram af honum, að hann átti einungis við niðurgreiðslur á þessu ári, sem nú er að líða. Ég lýsti því þegar yfir, að af hálfu ríkisstj. hefði engin slík yfirlýsing verið gefin né teldi ég, að samningsaðilar af hálfu Alþýðusambandsins hefðu haft ástæðu til þess að skilja yfirlýsingar mínar eða annarra, sem ég vissi um, á þennan veg, heldur hefði þvert á móti af minni hálfu verið gefin yfirlýsing, sem hefði átt að aðvara þá um, að þessi þeirra skilningur fengi ekki staðizt.

Nú hef ég átt frekari viðræður við þá hv. þm., sem voru í þessum samningum af hálfu Alþýðusambandsins í sumar, þá Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson og Hannibal Valdimarsson, og ég hef af þeim viðræðum fyllilega sannfærzt um, að þeir eru í góðri trú um sinn skilning, jafnframt því sem ég legg áherzlu á, að ríkisstj. telur, að sinn skilningur og sá, sem kemur fram í þessu frv., sé réttur frá hennar sjónarmiði, þ. e. a. s. hún er í góðri trú um sinn skilning. Hér hefur því orðið einhver misskilningur, og þar sem ég tel það vera höfuðnauðsyn, að hvorugur aðili hafi nokkra ástæðu til að ætla, að reynt sé að hlunnfara hann í þessu máli eða nota sér misskilning, sem á sér stað í góðri trú, þá hef ég lagt til við ríkisstj., að hún fallist á, að skattheimtan, sem hér um ræðir, verði lækkuð, þ. e. a. s. í stað 8% verði farið fram á 7½% söluskatt. Það svarar nokkurn veginn til þeirrar fjárhæðar, sem hér er um deilt.

Eins og ég segi, tel ég og er sannfærður um, að báðir aðilar eru hér í góðri trú um þann skilning, sem af þeirra hálfu hefur komið fram. Ég tel, að þó að okkur greini á um lausn þess vanda, sem nú liggur fyrir og verður að leysa, sé það frumskilyrði, að menn geti áfram í góðri trú átt viðræður og unnið eftir beztu vitund að leysa þann vanda, sem fram undan

er, og í þeirri sannfæringu um, að þetta viðhorf sé rétt, hef ég beitt mér fyrir þessari till. og ríkisstj. fallizt á hana, og hún mun vera lögð hér fram.

Að öðru leyti skal ég ekki á þessu stigi blanda mér í deilurnar, sem hér eru um efni málsins, en taldi rétt, að þetta kæmi fram strax í upphafi umr., svo að það deiluefni væri úr sögunni.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og engum hv. þdm. mun koma á óvart eftir 1. umr. málsins, hefur n., eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, ekki getað orðið sammála um afstöðu til málsins. Við 4, sem að meirihlutanál. stöndum, leggjum til, að það verði samþ., en aðrir nm. hafa tjáð sig frv. andvíga og skilað sérálitum.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., höfum við hugsað okkur að flytja smávægilega brtt. við frv., þess efnis að samræma sektarákvæði söluskattsl. og tekjuskattsl., en það er rétt, að það komi nú þegar fram, að við nánari athugun á málinu kom í ljós, að tæknilegir örðugleikar á því að ganga frá þessu reyndust meiri en svo, að sá vandi yrði leystur á þeim skamma tíma, sem hér er til umráða, þannig að þessar brtt. verð ég þá fyrir hönd meiri hl. að afturkalla.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur verið gerður út af þessu máli mikill úlfaþytur. Stór orð hafa fallið og birtar verið greinar um þetta og fréttir í stjórnarandstöðublöðunum undir stórum fyrirsögnum. Þetta er nú í sjálfu sér ekki neitt nýtt og auðvitað viðkomandi aðila að meta, hvort þeir telji sig hafa pólitíska hagnað af slíku. En eitt er eftirtektarvert í þessu sambandi, og get ég ekki látið hjá líða í upphafi máls míns að vekja athygli á því. Að jafnaði hefur það verið svo, að þegar efnahagsráðstafanir hliðstæðar þessum hafa verið gerðar, eins og gengisbreyting, hækkun á sköttum o. s. frv., þá hafa verið birtir um það einhvers konar útreikningar og tölur, hve miklu sú kjaraskerðing næmi, sem af þessu leiddi. Allir hafa þeir útreikningar að vísu að jafnaði verið meira eða minna villandi. Það er önnur hlið á málinu. En það er athyglisvert, að ekki er gerð nein tilraun til slíkra útreikninga eða að styðja málstaðinn með tölum, heldur gífuryrðin ein látin nægja. Ástæðan til þess liggur e. t. v. í augum uppi, en hún er sú, að ef þetta væri reiknað út á þann hátt, sem venjulega hefur verið, sbr. hina kunnu útreikninga um kaupmátt launanna, væri ákaflega erfitt, held ég, að komast yfir 1%, sem kjaraskerðingin ætti þá að nema. Svo er það önnur hlið á málinu, að auðvitað mundi það vera villandi líka, því að hvort sem söluskatturinn er 6% eða 8% eða hvað, þá hefur það auðvitað engin áhrif á þjóðartekjurnar og kjör heildarinnar. Slíkt getur einhver áhrif haft á tekjuskiptinguna, en á afkomu heildarinnar hefur það engin áhrif.

Ég gat ekki látið hjá líða í upphafi að vekja athygli á þessu. En í þessu liggur þó ekki það, að ég vilji á nokkurn hátt vanmeta þær skuggahliðar, sem óneitanlega eru á þessari löggjöf, því að þótt segja megi að vísu, að 3% almenn verðlagshækkun og samsvarandi kauphækkun sé ekki mikil miðað við ýmislegt, sem áður hefur gerzt, er þó hér um að ræða þróun verðlagsmála í öfuga átt við það, sem æskilegt væri, þannig að almenningur á vissulega kröfu á því, að gerð sé sem gleggst grein fyrir nauðsyn þeirra ráðstafana, sem af þessu frv. leiðir. Er þeirra í fyrsta lagi þörf, og sé svo, koma þá ekki aðrar leiðir til greina, til þess að fjárlög verði afgreidd með skaplegum hætti, annaðhvort aðrar tekjuöflunarleiðir eða sparnaður?

Það virtist ganga sem rauður þráður gegnum ræður þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem töluðu við 1. umr., að þeir svara fyrstu spurningunni neitandi. Þeir halda því fram, að engra aðgerða af þessu tagi sé þörf, þar eð tekjuáætlun fjárlagafrv. sé svo lág, að unnt sé að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs með því einu að hækka hana án nýrrar tekjuöflunar. En gallinn á þessu er bara því miður sá, að þetta stangast algerlega á við staðreyndir, sem ég hygg að hv. stjórnarandstæðingum veitist erfitt að vefengja, og á ég þá fyrst og fremst við upplýsingar þær, sem hæstv. fjmrh. gaf í lok 1. umr. málsins um afkomu ríkissjóðs fram til 1. des. En samkv. þeim upplýsingum var 300 millj. kr. halli hjá ríkissjóði í nóvemberlok, en á sama tíma í fyrra stóðust tekjur og gjöld nokkurn veginn á. Nú mun að vísu reynsla undanfarinna ára hafa sýnt það, að í desembermánuði batni afkoma ríkissjóðs að jafnaði verulega, og mun þetta á síðasta ári hafa numið 150—160 millj. kr. En það breytir engu um það, að mjög mikla bjartsýni þarf til þess að ætla, að ríkisbúskapurinn geti orðið hallalaus á því ári, sem nú er að líða, og raunar virðist mér það útilokað með öllu eftir þá breytingu, sem boðað hefur verið af hæstv. forsrh., að gerð verði á frv., en fyrir ástæðu þeirrar breytingar hefur hann gert grein.

Hvað snertir tekjuáætlunina fyrir næsta ár, er um að ræða svo mikla hækkun allra hinna þýðingarmestu tekjuöflunarliða, að mér finnst það gefa auga leið, að engin skynsemi væri í því að áætla þá hærri. Það ár, sem nú er að líða, hefur, eins og kunnugt er, verið mikið veltiár, bæði hvað innflutning snertir og annað, og nú er þó gert ráð fyrir talsverðri aukningu í fjárlagafrv. Það mundi því að mínu áliti vera algerlega út í bláinn, ef hækka ætti þessa tekjuáætlunarliði sem nokkru næmi frá því, sem nú er. Ég lít svo á, að í raun og veru væri það ekki annað en fölsun, sem sízt væri Alþingi samboðin af öllum þeim hugsanlegu leiðum, sem til greina koma, ef þessi leið væri farin. Nú ætla ég hv. stjórnarandstæðingum ekki það, að þeir haldi málflutningi sínum, eins og hann var við 1. umr. málsins, til streitu í þessum efnum. Fullyrðingar þeirra bæði þar og eins við fjárlagaumr. um það, að hægt væri að hækka tekjuáætlun fjárl., munu hafa

byggzt á því, að þeim hefur verið ókunnugt um þær staðreyndir málsins, sem hér voru upplýstar af hæstv. fjmrh., og ég vænti ekki annars en þær upplýsingar nægi til þess að kveða þetta sjónarmið niður, hvað sem öðru líður.

Þessi leið mundi því vera algerlega óraunhæf, og ég lít svo á, að í sjálfu sér mundi það vera miklu málefnalegri afstaða að halda því beinlínis fram, að fjárlög eigi að afgreiða með greiðsluhalla. Og það er tiltölulega auðvelt í sjálfu sér að finna þess dæmi frá öðrum löndum, að sá háttur sé hafður á. Það má t. d. nefna Bandaríki Norður-Ameríku, en s. l. 30 ár mun það að jafnaði hafa verið þannig, að fjárlög þar í landi hafa verið með tekjuhalla, og hefur það þó einmitt verið svo á þessum 30 árum, að gjaldmiðill Bandaríkjanna hefur verið talinn öruggari en gjaldmiðill nokkurs annars lands. Ég teldi það því miklu skárri málefnaafstöðu að halda því beinlínis fram, að það væri hægt að afgreiða fjárl. með tekjuhalla.

Að því er snertir mína persónulegu skoðun á þessu máli, er hún sú, að það er mér vissulega ekki nein trúarjátning, að undir öllum kringumstæðum þurfi afkoma ríkissjóðs að vera hallalaus, og byggist hún m. a. á reynslu Bandaríkjamanna í þessu efni. En eitt er það, hvað getur verið verjandi og jafnvel skynsamlegt í Bandaríkjum Norður-Ameríku, miðað við þær efnahagsaðstæður, sem eru þar í landi, og annað, hvað skynsamlegt er miðað við þær efnahagsaðstæður, sem eru hér á landi. Og það er skoðun mín, að miðað við núverandi aðstæður í efnahagsmálum Íslendinga sé það hættulegt, að lagt sé út á þá braut að afgreiða fjárlög með tekjuhalla. Ef það væri þannig, sem hv. stjórnarandstæðingar virðast halda fram, að hægt væri að bæta kjör almennings með því að lækka t. d. söluskattinn um 2%, hvar ætti þá að draga markalínurnar á milli þeirra lækkana, sem mögulegar eru og leiða til kjarabóta, og lækkana, sem ekki væru framkvæmanlegar? Það er nefnilega alveg rétt, sem fram kom í síðari ræðu hæstv. fjmrh., að það er sjálfsblekking, ef því er haldið fram, að almenningur geti sloppið við byrðar ríkisútgjaldanna með því að afla fjár á þann hátt að yfirdraga reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, og skiptir þar að mínu áliti engu máli, hvort ríkissjóður kann að hafa átt þar innstæður áður eða um beina skuldaaukningu sé að ræða. En ef það væri nú þannig, að það væri hægt að bæta kjörin með því að sleppa söluskattshækkuninni, þá verður mér að spyrja, hvort ekki væri þá enn þá betra að sleppa ekki eingöngu þeirri hækkun, sem nú er um að ræða, heldur fella söluskattinn alveg niður. Mér finnst betra, hvort sem við hugsum á röngum brautum eða ekki, að hugsa stórt heldur en að hugsa smátt. Hvers vegna kemur það ekki til greina að taka það spor að fella söluskattinn algerlega niður? Og mætti þá ekki ganga enn þá lengra í því efni? Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði hér að umræðuefni tekjuskattinn og þær þungu byrðar, sem hann legði á almenning. Væri þá ekki hægt að leysa þennan vanda með því að fella tekjuskattinn algerlega niður og tollana þá líka? Ef það er hægt að bæta hag almennings með því að yfirdraga reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, hvers vegna þá að stöðva sig við 100—200 millj.? Má þá ekki sleppa allri skattheimtu og greiða öll útgjöld ríkisins með því að taka lán í Seðlabankanum? Ef nokkur hv. stjórnarandstæðinga treystir sér til þess að gera grein fyrir þessu eða skýra þetta, og má vel vera, að svo sé, þá væri gaman að heyra það, því að ef hér er um snjallræði að ræða, kemur líka upp sú spurning: Hvers vegna hefur þessi speki ekki verið uppgötvuð annars staðar og þessi leið farin í öllum löndum, að hætta við það að vera að pína almenning með skattaálögum, í hvaða formi sem þær nú eru.

Nei, það ætti að vera svo, þegar talað er um málin í alvöru, að allir geri sér ljóst, að hér er ekki um möguleika að ræða á því að leysa efnahagsvandamálin. Og víst er um það, að það er í sjálfu sér talsvert önnur skoðun, sem ég er raunar algerlega sammála, sem fram kemur í nál. hv. 1 minni hl. fjvn. um fjárl. Þar segir svo í lok álitsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt frá fjárlagafrv. sé nú þannig gengið, að það sýni greiðsluhalla, er okkur ljóst, að úr því verður bætt og möguleikar til að brúa bilið eru fyrir hendi og verða að vera það. Að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla kemur ekki til mála í slíku góðæri sem nú er til lands og sjávar vegna metafla og hagstæðrar tíðar til landsins."

Þetta eru ummæli og stefnuyfirlýsing hv. 1. minni hl. fjvn. Annað mál er svo það, að þær ákvæðnu till., sem komið hafa frá þessum hv. minni hl., eru ekki í fullu samræmi við þessar skoðanir. En skýringin á því er vafalaust sú, sem ég áðan nefndi, að hv. nm. hefur ekki verið kunnugt um hina raunverulegu afkomu ríkissjóðs um s. l. mánaðamót, og mér kæmi það á óvart, ef þeir mætu menn, sem aðilar voru að þessu nál., breyta ekki um afstöðu í samræmi við þær staðreyndir, sem þeim nú hljóta að vera orðnar ljósar.

En hvaða afleiðingar mundi það þá hafa, ef út á þá braut væri farið í stórum stíl að afgreiða fjárlög með tekjuhalla? Það er ein smáaths., sem ég að vísu mundi vilja gera við ummæli þau, sem ég áðan las upp, þótt ég sé raunar þeim að öðru leyti sammála, því að það snertir einmitt það, sem ég kem næst að, þegar ég mun lítils háttar ræða afleiðingar halla á fjárl. Það er talað um það í þessum ummælum, að með tilliti til góðærisins komi ekki til mála, eins og hv. nm. orða það, að afgreiða fjárl. með halla. Ég mundi álíta, að það, sem meginmáli skiptir í þessu sambandi, sé e. t. v. ekki út af fyrir sig, hvernig árferðið er, heldur gjaldeyrisafkoma og verðlagsþróun. Sé gjaldeyrisafkoma hagstæð og verðlagið stöðugt, getur það að mínu áliti verið hættulítið, þó að einhver halli sé á fjárl. hin einstöku ár. Ef það er hins vegar ekki,

þannig að um verðbólguþróun er að ræða og gjaldeyrisaðstaðan veik, eins og hún venjulega hefur verið hvað okkur Íslendinga snertir, þá gegnir öðru máli, því að hallinn á fjárl. og sú falska kaupgeta, sem hann hefur í för með sér, kemur fyrst um sinn fram sem rýrnun gjaldeyrisinnstæðna, en þegar þær eru gengnar til þurrðar, kemur það fram í vöruskorti og aukinni dýrtíð. Við höfum líka reynslu í þessum efnum, því að á seinni hluta heimsstyrjaldaráranna síðari og fyrstu árin eftir heimsstyrjöldina, allt fram til 1950, var þessi leið raunverulega farin, sem hv. stjórnarandstæðingar virðast telja mikið snjallræði, að verðlaginu var haldið niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, en fjárins var a. m. k. að talsverðu leyti aflað með greiðsluhalla á fjárl., því að um meiri eða minni greiðsluhalla var að ræða á þessum tíma allt fram til 1950. Afleiðingarnar urðu svo þær, sem alkunnar eru frá nýsköpunarárunum, að þá leiddi þetta til þess, að gjaldeyrisinnstæðurnar gengu til þurrðar á allmiklu skemmri tíma en ella hefði orðið, en þegar þær voru gengnar til þurrðar, leiddi þetta til mjög strangra innflutningshafta, skömmtunar á öllum sviðum og vöruskorts.

Nú er það auðvitað mál út af fyrir sig, hvort menn æskja eftir því, að hafta- og skömmtunarkerfi verði tekið upp að nýju. Ég skal ekki fara mikið út í það í þessu sambandi, en vil þó vekja athygli á því, að fullkomin ástæða er til slíks, því að vilji menn ekki fylgja almennt viðurkenndum reglum um heilbrigða fjárlagaafgreiðslu, þá hlýtur það auðvitað að þýða það, að taka verður afleiðingunum af því, gjaldeyrisskorti og þeim ráðstöfunum, sem óhjákvæmilegar eru þá gjarnan taldar, til þess að draga úr honum, m. a. með því að taka upp innflutningshöft. Og vissulega er það eins um höftin og um verðbólguna, eins og þar á góma fyrir nokkrum dögum í sameinuðu þingi, þar sem umr. áttu sér stað um efnahagsmál, sem voru miklu málefnalegri en þær, sem voru við 1. umr. þessa máls, að eins og verðbólgan hefur einnig sínar björtu hliðar, þar sem það eru alltaf einstaklingar, sem græða á verðbólguþróuninni, þá má segja það sama um innflutningshöftin. Það eru alltaf einhverjir einstaklingar, sem græða á þeim. Hitt er svo annað mál, hvort sá hagnaður, sem einstaklingar geta borið úr býtum vegna innflutningshaftanna, rennur fyrst og fremst til verkamanna og hinna óbreyttu borgara þjóðfélagsins. Það virðist vera skoðun ýmissa verkalýðsleiðtoga, að það sé verkalýðnum sérstaklega í hag, að rekin sé stefna í efnahagsmálum, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða til mjög viðtækra hafta. Í því efni er ég á alveg gagnstæðri skoðun. Það eru þeir aðilar, sem aðstöðu hafa í þjóðfélaginu, hvernig sem hún svo er, sem sitja við kjötkatlana, þegar varla er hægt að snúa sér við, án þess að fá til þess leyfi einhverrar opinberrar nefndar. Það eru hins vegar hinir óbreyttu borgarar, menn, sem ekki hafa aðstöðu á hærri stöðum, þannig að þeir geti fengið áhrifamenn til þess að tala máli sínu, sem synjanirnar fá.

Ég skal svo ekki ræða þetta nánar. En ég hygg, að mönnum hafi í rauninni verið það ljóst fyrir, að tekjuhallaleiðin er ekkert úrræði í þessum efnum. Enda hefur hvorugur stjórnarandstöðuflokkanna lýst sig því í sjálfu sér fylgjandi, að stofnað væri til halla á fjárl., svo að jafnvel hv. stjórnarandstæðingum mun þetta vera ljóst.

En það þýðir ekki að hafa frammi fullyrðingar um það, að hallarekstur komi ekki til mála, en vilja svo ekki stuðla með neinu móti að því að frá hallarekstri verði forðað. Þá er spurningin sú: Koma aðrar tekjuöflunarleiðir til greina heldur en sú, sem hér er bent á? Auðvitað er það eins með söluskattinn og alla aðra skattstofna, að sitthvað má honum til foráttu finna. Það er nú einu sinni þannig með alla hina þýðingarmeiri skattstofna, að undanteknum fasteignasköttum og nefsköttum, að það verður aldrei haft svo fullkomið eftirlit með innheimtu þeirra, að ekki megi búast við því, að einhverju af þeim verði stolið. En telji menn söluskattinn verri í þessu efni og öðrum en aðra skatta, kemur auðvitað spurningin um það, ef menn eru líka sammála um það, að hallarekstur hjá ríkissjóði komi ekki til greina, hvaða leiðir eigi þá að fara aðrar til að afla nauðsynlegra tekna. Á að hækka tekjuskattinn? Með tilliti til þeirra umr., sem hér hafa farið fram um hann, m. a. við 1. umr., og þess úlfaþyts, sem gerður hefur verið út af þeim málum allt frá því á s. l. sumri, þá virðist það útilokað, að hv. stjórnarandstæðingar hugsi sér þá leið, að hann verði hækkaður. Þvert á móti hafa þeir gagnrýnt það og munu eiga eftir að gagnrýna það enn þá meira, að fyrirhuguð lækkun á skattstigunum sé ekki nógu mikil. Á þá að fara að hækka tollana? Það kann að láta vel í eyrum þeirra, sem ókunnugir eru málum að öðru leyti, að það eigi að hækka tolla á lúxusvörum, eins og það gjarnan er orðað. En í því efni vil ég aðeins leyfa mér að vísa til fenginnar reynslu, ekki síst á síðustu árum, að óhóflega háir tollar af hinum svokölluðu lúxusvörum leiða til stórfellds smygls, og aldrei hefur þetta betur sannazt en einmitt nú á allra síðustu árunum, þegar það skref var tekið fyrir forgöngu hæstv. núv. fjmrh. að lækka verulega þessa háu tolla og það kom í ljós, að tekjur ríkissjóðs af þessum tollum komu ekki til að minnka, heldur þvert á móti aukast.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fjölyrða meira um þessa hlið málsins. Ég vænti þess ekki, að neinn úr hópi hv. stjórnarandstæðinga komi með till. um einhverjar aðrar leiðir en þá, sem hér hefur verið farin til tekjuöflunar. En er þá ekki um neitt annað að ræða í þessu efni? Jú, það er ein leið til, sem borið hefur þegar á góma í þessum umr., og sérstaklega kom það fram í ræðu hv. 5. þm. Reykn. Hann benti á það og vissulega með réttu, að það er hægt að spara. Ég er þessum hv. þm. sammála um það, að hér er um raun-

hæfa leið að ræða, og ég get jafnvel tekið enn þá dýpra í árinni. Það leiðir einmitt af því, sem ég áður hef sagt, að sé raunverulega vilji fyrir hendi til þess að létta byrði ríkisútgjalda af almenningi, er þetta eina raunhæfa leiðin, sem um er að ræða. Því er þessi leið þá ekki farin? Hér kemur það til, að það er ákaflega auðvelt að tala almennt um það, að eyðslan sé óþarflega mikil og það þurfi að spara. Þetta lætur mjög vel í eyrum allra. En vandinn verður meiri, þegar benda skal á einhverja ákveðna gjaldaliði í fjárl., sem skera eigi niður.

Það hefur áður borið á góma, hvaða till. hv. stjórnarandstæðingar hafa gert í þessu efni við meðferð fjárl. Í nál. hv. 2. minni hl. fjvn., hv. 10. landsk., Geirs Gunnarssonar, eru að vísu bornar fram fáeinar till. um lækkun tiltekinna ríkisútgjalda. Mér hefur talizt til við lauslega athugun, að samanlagt næmi þetta eitthvað 7—8 millj. Má vera, að þar skakki 1 eða 2 millj. til eða frá. En jafnvel þó að á það væri fallizt að spara á þeim liðum, sem hv. þm. leggur til, má þó á það benda, að í framkvæmdinni gæti það ekki orðið þegar í stað, því að t. d. ef segja á upp lögregluþjónum á Keflavíkurflugvelli, þurfa þeir þó sinn löglega uppsagnarfrest samkv. l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En hvað sem öðru líður, er það auðsætt, að því fer fjarri, að um þetta muni nokkuð, sem teljandi sé, þó að vissulega beri að virða hverja viðleitni til að benda á eitthvað ákveðið í þessum efnum. En móti því kemur það, að sami hv. þm. flutti allmiklar till. til hækkunar. Sé litið á nál. og till. hv. 1. minni hl. fjvn., þeirra framsóknarmanna, verður eftirtekjan þó stórum megurri en hvað snertir till. og ábendingar hv. Alþb. í þessu sambandi. Ég hef ekki getað fundið, að það væri nema eitt einasta atriði varðandi útgjaldahliðina, sem þeir gagnrýna, en þetta er hið nýstofnaða prestsembætti í Kaupmannahöfn, en útgjöld við það er gert ráð fyrir að nemi 300 þús. á ári. Það getur auðvitað verið álitamál um þetta eins og aðrar slíkar ráðstafanir, hvort þessum peningum eigi að verja í þessu skyni eða einhverju öðru. En hér við bætist það, að þunginn á bak við þessa einu sparnaðartill., sem fram kemur í nál., er þó ekki það mikill, að flutt hafi verið till. um að fella þennan útgjaldalið niður, a. m. k. hef ég ekki getað fundið hana í till. hv. 1. minni hl. og varð ekki heldur var við það í atkvgr., að hún væri borin upp. Hér við bætist það, að þó að hv. 2. minni hl. flytti að vísu ýmsar hækkunartill., þá voru þær þó stórum meiri hvað snertir hv. 1. minni hl.

Hv. 5. þm. Reykn. talaði um það, og ég hef mikla samúð með því sjónarmiði, að auðvitað væri æskilegt, ef visst samstarf gæti tekizt milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu, og satt er það, að í nágrannalöndum okkar mun yfirleitt sá háttur hafður á, að þegar meiri háttar till. eru lagðar fram í efnahagsmálum, þá eru þær tilkynntar stjórnarandstöðunni og leitað við hana samstarfs, ef fáanlegt er. Annað mál er það, að oft kemur auðvitað fyrir, að upp úr þeim samningum slitnar, þannig að ríkisstj. sú, sem með völdin fer, verður þá að fara sínar eigin leiðir. Ég er í sjálfu sér alveg sammála hv. þm. um það, að þetta væri æskilegt. En það virðist bara hafa verið eins konar leikregla í íslenzkum stjórnmálum, að þess er ekki krafizt af stjórnarandstöðunni, hver sem hún er, að hún hafi ábyrga afstöðu til málefna, sem fram komi í því, að lagðar séu fram af hennar hálfu ákveðnar, raunhæfar till. í þeim efnum, og meðan ekki er sýndur meiri litur á því að leggja til eitthvað, sem er raunhæft, heldur en gert hefur verið hingað til af hálfu hv. stjórnarandstæðinga og nál. þeirra og till. um afgreiðslu fjárl. er ljósasti votturinn um, þá get ég ekki annað en fallizt algerlega á það sjónarmið, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, að ekki verður séð, meðan ekki verður á þessu breyting, sem vonandi á þó eftir að verða, að það væri annað en tímatöf að fara þessa leið, svo æskileg sem hún er, þó að hún þyki sjálfsögð í öðrum löndum, þar sem andrúmsloftið í þessum efnum er annað en hér.

Það, sem er meginvandamálið í þessu sambandi og gerir það erfitt, ekki eingöngu fyrir hv. stjórnarandstæðinga, heldur líka og kannske ekki síður stjórnarflokkana, — því að auðvitað má spyrja að því, hvers vegna stjórnarflokkarnir leggi þá ekki fram þessar sparnaðartill., — er það, að þeir eru allt of margir, sem ekki átta sig á því, að það er ekki bæði hægt að krefjast stórfelldra framlaga af hálfu hins opinbera, bæði til fjárfestingar og til ýmiss konar þjónustu við almenning, og vilja svo ekki sætta sig við að greiða þá skatta og aðrar álögur, sem nauðsynlegar eru til fjáröflunar í þessu skyni. Þegar haldnir eru almennir kjósendafundir, fundir í pólitískum félögum o. s. frv., þá munu fáir slíkra funda vera haldnir þannig, að á þeim komi ekki fram meiri eða minni kröfur og óskir um það, að lagt sé í meiri opinberar framkvæmdir af ýmsu tagi. Fólkið skorar þar á þm. sinna kjördæma, ef um almenna kjósendafundi er að ræða, eða þm. sinna flokka, ef um fundi í stjórnmálafélögum er að ræða, að útvega meira fjármagn í vegi, byggja fleiri skóla, byggja fleiri hafnir, leggja fram meira til almannatrygginga og fram eftir þeim götunum. Ég dreg ekki í efa, að alvara fylgir máli út af fyrir sig í flestum þessum dæmum og þm., hvar í flokki sem þeir eru, gera auðvitað sitt bezta til þess að framfylgja þessum kröfum. Þeir fá þeim auðvitað sjaldnast eða aldrei öllum fullnægt í einu, en þeir gera sitt bezta. En svo er það bara þetta, að þegar reikningurinn fyrir þessar framkvæmdir er birtur, eru þeir allt of margir, sem hugsa þannig, þegar þeir sjá þessa reikninga: Nei, þetta er ekki hægt. Og svo mæta þeir á fundum í stéttarfélögum sínum, og ef það eru launþegar, vilja þeir fá hærra kaup, til þess að þeir geti staðið undir skattgreiðslunum, ef það eru bændur, vilja þeir fá

hærra afurðaverð, ef það eru útvegsmenn, vilja þeir fá gengislækkun eða meiri uppbætur, og séu það kaupmenn eða kaupfélagsstjórar, vilja þeir fá hærri álagningu. Ég segi ekki, að það séu allir, sem hugsa þannig, sem betur fer fer því auðvitað fjarri, enda væri það þannig, að allir hugsuðu svo, þá væri sú tilraun, sem við Íslendingar höfum gert til þess að vera sjálfstætt ríki, þegar farin út um þúfur. En þeir eru hins vegar allt of margir, sem þannig hugsa, og það er að mínu áliti undirrót þess vanda, sem hér er við að etja. Meðan hann verður ekki leystur, geta þau vandamál, sem hér er um að ræða, ekki horfið úr sögunni.

Það hefur mikið verið talað um það, að kaupmáttur launa, eins og það er orðað, hafi aukizt óeðlilega lítið frá því t. d. í lok seinni heimsstyrjaldar, og birtir um það útreikningar, sem að vísu ber að taka með hinni mestu varúð, að kjarabæturnar, sem fólkið hefur fengið á þessum tíma, séu of litlar og miklu minni en efni standa til. Þó að þessir útreikningar gefi að mínu áliti algerlega villandi niðurstöður, er út af fyrir sig sannleikskjarni í því, að það hefði verið hægt að bæta kjörin á þessum tíma meira en raun er á. En það, sem hefur hindrað það, er fyrst og fremst sú mikla fjárfesting, sem hér hefur átt sér stað og er miklu meiri en yfirleitt gerist í löndum, þar sem þjóðartekjur eru svipaðar og hér. Hér hefur verið gert ráð fyrir því, að þriðjungi þjóðarteknanna væri varið til fjárfestingar. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er tilsvarandi tala eitthvað 13—15%. Þó að þjóðartekjur þar í landi séu miklu hærri en hér, telja stjórnarvöldin þar ekki fært að leggja meiri fórnir á almenning en þessu nemur. Rétt er þó að taka það fram, að til þess að gera þesar tölur algerlega sambærilegar, ber auðvitað að taka tillit til þess, sem Ameríkumenn verja til landvarna, en þau útgjöld erum við auðvitað að mestu lausir við. En þó að fullt tillit væri tekið til þeirra, mundi það ekki raska niðurstöðunni í heild.

En hvers vegna er fjárfestingin þá ekki skorin niður? Því get ég ekki á þessu stigi svarað öðruvísi en með annarri spurningu: Vill fólkið takmörkun á fjárfestingunni? Ef marka ber allar þær mörgu fundasamþykktir, sem ávallt eru gerðar og ég minntist áðan á, skyldi maður ekki álíta það. En vandinn er einmitt fólginn í þessu. Allir krefjast sem mestrar fjárfestingar, en þeir eru miklu færri, sem vilja taka á sig þær byrðar, sem hún óhjákvæmilega hefur í för með sér.

Ég ætla svo að síðustu aðeins að víkja nokkrum orðum að væntanlegum áhrifum þessara aðgerða, og þá koma mér fyrst í hug ummæli úr ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., sem mun nú að vísu ekki vera viðstaddur. Hv. þm. vék lítils háttar að mér og að vísu ekki óvinsamlega í þeirri ræðu, sem hann flutti við 1. umr. málsins. Hann var að tala um þá fræðslu, sem ég hefði verið að gefa hv. dm. eins og skólapiltum, svo sem hann orðaði það, þegar frv. um verðtryggingu launa var til umr. á sínum tíma. Og lá nú, fannst mér, dálítið svipaður andi í orðum hans eins og í því, sem haft var eftir hinum mikilhæfa Hólabiskupi, Jóni Arasyni, á sínum tíma, er honum fannst það óþarfi, þegar heimilisprestur hans minnti hann á, að líf væri eftir þetta líf, enda taldi hv. þm., að sér hefði verið kunnugt áður um þær staðreyndir, sem ég nefndi í þessari ræðu minni.

Það var nú ekki tilgangur minn í sjálfu sér að fræða þennan hv. þm. eða aðra, enda er mér vel kunnugt um það, að hann hefur dágóða þekkingu til að bera á efnahagsmálum og ekki sízt þeim þáttum þeirra, sem snerta launa- og kaupgjaldsmálin. Hann er að vísu ekki skólagenginn hagfræðingur, en það er hægt að afla sér menntunar á annan hátt en þann að ganga í skóla. Glöggt dæmi um það er sú fjárveiting, sem hækkuð var verulega og að verðleikum við 2. umr. fjárl. til bónda á Snæfellsnesi, sem er mikill stærðfræðingur, eins og kunnugt er, og þó að hann muni aldrei hafa í skóla gengið, svo að mér sé kunnugt, fram yfir barnaskóla, skrifar hann í tímarit, sem yfirleitt skrifa ekki aðrir í en þeir, sem eru prófessorar eða doktorar að nafnbót. Nú er það að vísu ekki svo, að ég vilji líkja hagfræðiþekkingu hv. þm. við stærðfræðikunnáttu þessa bónda, en hann veit meira í þeim málum en Pétur og Páll, það er mér vel kunnugt um, og hann er almennt greindur maður. En það, sem við hv. þm. og málefnaafstöðu hans er oft að athuga, er ekki þekkingarleysið, heldur hitt, að svo virðist og allt of oft sem þekking hans liggi í láginni. Hv. þm. lét í ljós áhyggjur yfir því, að þær 3% kauphækkanir, sem hér er um að ræða, yrðu ekki launþegum sú bót fyrir verðhækkanirnar, sem til væri ætlazt. vegna þess, eins og hv. þm. orðaði það: Ætli atvinnurekendur komi ekki til að velta þessu af sér með hækkuðu vöruverði? Nú skal ég sízt af öllu ámæla hv. þm. fyrir það, að þessi hugsun hefur komið upp í hans huga. Þvert á móti tel ég, hvað þetta atriði snertir, að hann tali sem ábyrgur verkalýðsleiðtogi, og það er allt of sjaldan, sem verkalýðsleiðtogarnir spyrja sig einmitt þessarar spurningar: Verða þær kauphækkanir, sem veittar eru, hvort sem farið er eftir þessari leið eða annarri, raunverulegar kjarabætur, eða bæta þær upp þær verðhækkanir, sem um er að ræða, ef dýrtíðaruppbætur eiga sér stað, eða koma þær til að renna alveg út í sandinn í hærra verðlagi? Og það er alveg sérstök ástæða til þess einmitt fyrir íslenzka verkalýðsleiðtoga að spyrja þessara spurninga, því að því miður hefur reynslan sýnt það hér á landi, að mest af þeim kauphækkunum, sem orðið hafa, a. m. k. síðustu 2—3 áratugina, hefur þannig runnið út í sandinn. Ég hugsa, að það sé ekki neitt ýkt, þó að sú tala byggist ekki á neinu sérstöku, ef nefnt er, að það sé a. m. k. 90% kauphækkananna, sem hafa ekki þannig orðið raunverulegar kjarabætur. Þegar þessar kauphækkanir fást fram, er því slegið upp sem stórum sigri, en svo þegar kemur að því að greiða sigurlaunin, hefur að jafnaði verið þannig, að atvinnurekendur hafa

sagt: Við höfum enga möguleika á því að borga þetta hærra kaup, sem við höfum verið neyddir til að semja um, við verðum að velta því yfir á vöruverðið. — Og hvað þýðir það? Jú, launþegarnir eru látnir greiða sér sigurlaunin sjálfir, þau eru sótt í þeirra eigin vasa. Hér er vissulega um alvarlegt vandamál að ræða. En þetta sjónarmið hygg ég meginástæðuna til þess, að hæstv. ríkisstj. hefur valið þessa leið, en ekki aðra, sem hefði vissulega komið til greina, nefnilega þá að fella niðurgreiðslurnar að mestu eða öllu leyti niður og sleppa því að leggja söluskattinn á. Það hefði verið hægt að fara þá leið. En þá hefði kaupgjaldið hækkað meira en um 3% eða að mér skilst um a. m. k. 5%, og þá er það vissulega orðið mikið vafamál og jafnvel útilokað með öllu í mörgum dæmum, að atvinnuvegirnir gætu borðið slíka kauphækkun. Meðan kauphækkunin er hins vegar ekki meiri en 3%, mundi ég ætla, að skynsamlegar líkur væru fyrir því, að atvinnuvegirnir gætu borið þetta að verulegu leyti. Maður veit, að það eru einhverjar atvinnugreinar, sem alltaf berjast í bökkum, þannig að þær geta engar kauphækkanir tekið á sig. En gangi maður út frá eðlilegri tæknilegri þróun, finnst mér, að hægt sé að gera sér vonir um, að kauphækkanir innan þeirra takmarka, sem hér er um að ræða, geti verið bornar af atvinnuvegunum.

En svo að ég víki nú einnig að öðru, sem mér fannst ekki jafngott í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., þá var það nú því miður svo, að hinn ábyrgi verkalýðsleiðtogi, sem hafði orðið, meðan hv. þm. hélt sig að þessu, virtist fljótlega sökkva og hinn gamli Adam, áróðursmaðurinn, skjóta upp kollinum. Í beinu framhaldi af þessu fór hv. þm. að hugleiða það, hvað gerðist í kaupgjaldsmálunum á næsta vori. Komst hann þá þannig að orði, að ekki yrði komizt hjá verulegum kauphækkunum á næsta vori. Ég skal nú ekkert segja um það, í hvaða stærðahlutföllum hv. þm. hefur hugsað, þegar hann talar um verulegar kauphækkanir. Ég geri mér vonir um, að það, sem hv. þm. hefur í huga, og a. m. k. væri það umbjóðendum hans fyrir beztu, að svo væri, sé eitthvað lægra en menn hafa venjulega skilið við það, þegar talað er um verulegar kauphækkanir, og víst er um það, að þótt ekki sé nema 3% kauphækkun, er hún veruleg með tilliti til þeirra möguleika, sem að jafnaði eru á því að greiða almennar kauphækkanir, þannig að þær komi ekki út í verðlagið. En hvað sem þessu líður, þær áhyggjur, sem hv. þm. hafði í sambandi við möguleika atvinnuveganna á því að greiða 3% kauphækkunina og virtust vera miklar, komu alls ekki fram í sambandi við þær verulegu kauphækkanir, sem hv. þm. taldi óhjákvæmilegar á næsta vori. Hann var ekki með neinar bollaleggingar um það.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en vil aðeins að lokum leyfa mér að undirstrika það enn þá einu sinni, að hér er vissulega um mikið vandamál að ræða. En gífuryrði leysa ekki vandann heldur aðeins málefnaleg athugun á því, í hverju vandinn sé raunverulega fólginn og hvaða raunhæfar leiðir komi til greina til þess að leysa hann.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Í dagblaðinu Vísi í fyrradag var stór fyrirsögn, þar sem stóð: „3% almenn kauphækkun.“ Með smærra letri og lítið áberandi fyrir neðan stóð: „Hækkun söluskatts um 2½% vegna niðurgreiðslu.“ Hækkun söluskatts vegna niðurgreiðslu var ætlunin að láta fólkið skilja það, þó að það væri ekki það, sem skipti mestu máli. Fagnaðarboðskapurinn er: 3% almenn kauphækkun.

Hverju var nú verið að lýsa með þeirri grein, sem svona fyrirsögn var sett við? Það var verið að lýsa því frv., sem hér er til umr., þar sem gert er ráð fyrir að leggja 300 millj. kr. nýja skatta á þjóðina til þess að borga niður vöruverð og nægir samt ekki betur en það, að 5 stiga hækkun verður á almennri framfærsluvísitölu.

Það eru enn eftir nær 300 millj. í nýjum álögum þrátt fyrir þá breytingu, sem hæstv. forsrh. lýsti í upphafi þessa fundar, sem lagðar eru á þrautpíndan almenning, sem hefur orðið að bæta á sig hundruðum milljóna króna á hverju ári á stjórnarárum hæstv. ríkisstj. Þó er þannig, að þessar álögur nægja engan veginn til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Hún á að hækka, og niðurgreiðslurnar verða hér eftir, eftir að þessar álögur eru á lagðar, óbreyttar frá því, sem þær hafa verið. Skatturinn á þess vegna ekki að ganga til niðurgreiðslnanna í sjálfu sér, heldur á hann að fara til annarra hluta. Hann á að fara í óráðsíuhítina, sem allt virðist geta gleypt.

Þjóðin er þrautpínd af skattabyrðinni, svo sem ljóst hefur orðið nú seinustu mánuðina öðrum tímum frekar, og allur almenningur leggur á sig óhæfilega vinnu til að standa undir þessari byrði, og hann getur ekki dregið af sér, hann getur ekki hætt þessari óhæfilegu vinnu vegna þess greiðslufyrirkomulags, sem á sköttunum er. Skattamálin hafa verið mjög á dagskrá undanfarna mánuði, ekki bara í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., heldur af öðrum ástæðum, sem öllum hv. þdm. eru vel kunnar. En einmitt í sambandi við söluskattinn er nauðsynlegt að ræða lítið eitt um aðrar tegundir skatta, ekki sízt vegna þess, að þegar þessi söluskattur var lagður á snemma á árinu 1960, þá var það látið í veðri vaka, að hann væri einmitt lagður á til þess að koma í staðinn fyrir þær tekjur, sem glötuðust við það, að nú skyldi afnema beina skatta á almennar launatekjur.

Við þessa yfirlýsingu var svo staðið á þann hátt, að um það leyti, sem lögin um söluskatt voru lögleidd, voru einnig leidd í lög ný skattalög, þar sem persónufrádrættir voru hækkaðir töluvert, og nýr skattstigi lögleiddur, sem í sjálfu sér var ekki óhóflegur á þeim tíma, en

jafnframt því sem þetta var gert, þá voru afnumdar þær umreikningsreglur, sem áður höfðu verið á skattstiganum og á persónufrádrættinum, þannig að frádráttarliðirnir breyttust í hlutfalli við verðlagið og einnig tekjutölur skattstigans sjálfs breyttust í hlutfalli við verðlagið.

Þegar þessar reglur höfðu verið afnumdar, þá var fyrir því séð, að nú mundi dýrtíðin gerast skattstjóri í landinu, enda fór það á þann veg, að með rýrnandi krónugildi og hækkandi kaupgjaldi þar af leiðandi komust menn sífellt í hærri og hærri skattstiga og verðmæti persónufrádráttarins fóru síminnkandi.

Á árinu 1963 óx dýrtíðin miklu meira en nokkru sinni fyrr, eins og menn muna, og sá vöxtur varð til þess, að talsvert miklar launahækkanir áttu sér stað, þ. e. a. s. í krónutölu, og það var því þegar ljóst á árinu sem leið, að að óbreyttum skattlagningarreglum hlaut tekjuskattur og útsvar að hækka gífurlega langt fram yfir það, sem kleift væri að innheimta vandræðalaust.

Stjórnarandstæðingar bentu á það við meðferð skattalaganna hér á hv. Alþingi á s. l. vori, að svo mundi fara, að skattabyrðin yrði óhæfileg með þessum hætti. En ríkisstj. og stuðningsmenn hennar létu þær aðvaranir sem vind um eyrun þjóta með þeim afleiðingum, sem nú eru kunnar. Þegar skattskráin kom út í sumar sem leið og skattlagningin, tekjuskattur og útsvör, varð kunn, þá gerðu menn sér ljósar afleiðingar þess. Ég þarf ekki að rifja það upp hér í löngu máli, hverjar viðtökurnar urðu, við munum sjálfsagt allir eftir því. Framsfl. reið á vaðið í mótmælum gegn þessari skattlagningu, og 9. ágúst sendi hann ríkisstj. mótmæli sín ásamt kröfu um það, að skattlagning ársins yrði endurskoðuð.

Ég held, að það hafi verið Sósfl., en kannske var það Alþb. eða Kommúnistaflokkurinn, — ég veit ekki almennilega, man ekki lengur, hvaða deild það var, sem einnig fylgdi eftir. (**Gripið fram í:** Kannske Þjóðvarnarflokkurinn.) Kannske líka, já, ég þori ekki að fara með það með neinni vissu. Líklega var það Sósfl., sem fylgdi í kjölfar Framsfl. og mótmælti einnig með svipuðum hætti, og rétt eftir miðjan ágúst komu fulltrúar stjórnmálaflokkanna í útvarpið og virtust þar algerlega sammála um það, að of langt væri gengið í þessari skattlagningu og nauðsyn væri á því að endurskoða skattalöggjöfina sérstaklega með ýmis tiltekin atriði fyrir augum, sem ég má segja að þeir hafi verið sammála um. A. m. k. þykist ég muna, að hæstv. fjmrh., sem tók þátt í þessum umr., lýsti sig samþykkan því, að hækka þyrfti persónufrádráttinn, fjölga þrepum skattstigans og auka eftirlit með framtölum.

Um þessar mundir sneri einnig Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sér til ríkisstj. með tilmælum um það, að gengið yrði til samninga við þessi samtök launþega um eftirgjöf eða endurskoðun á sköttum ársins 1964. Í fyrstu virtist eins og ríkisstj. tæki líklega á þessum tilmælum. Settar voru undirnefndir og samningum haldið gangandi um allmargra vikna skeið. Það er þó orðið alllangt síðan það upplýstist, að undirnefndir hefðu skilað áliti, án þess að slíkt álit hafi þó mér vitanlega verið birt, nema þá útdrættir úr því, sem birzt hafa í einhverjum blöðum. En svo mikið er víst, að þessir samningar virðast ekki hafa leitt til neinnar niðurstöðu, og ég minnist þess, að við umr. í hv. Nd. fyrir nokkrum vikum lýsti hv. 3. landsk. þm., Eðvarð Sigurðsson, sem er formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, því yfir, að hann teldi, að á þessu máli væri orðin alger brigð frá stjórnarinnar hálfu. Þá varð ljóst, að sá verkalýðsleiðtogi hafði misst trúna á það, að ríkisstj. mundi standa við það, sem hún hafði gefið í skyn, að hún mundi vilja gera í þessu máli. Það birtist svo í fyrradag í dagblöðum samþykkt frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, þar sem þetta er undirstrikað. Ég skal ekki rekja þá samþykkt hérna, þar sem hún hefur verið rakin við 1. umr. þessa máls.

Þrátt fyrir það, þó að Verkamannafélagið Dagsbrún og formaður þess hafi misst trúna á ríkisstj. í þessu máli, er ekki útilokað, að einhverjir hafi haldið áfram að trúa og vona, og það eru þá þeir, sem hafa fengið umbun sína í þeirri fyrirsögn, sem Vísir birti í fyrradag: 3% almenn kauphækkun. Þar hefur málgagn hæstv. fjmrh. enn einu sinni orðið húsbónda sínum til sóma.

En það eru fleiri en skattpíndur almenningur í landinu, sem telur nauðsyn umbóta í skattamálum. Í 1. hefti Fjármálatíðinda fyrir þetta ár, sem er að líða, sem kom ekki út, þó að það heiti 1. hefti, fyrr en líklega í október eða jafnvel nóvemberbyrjun, — í ritstjórnargrein í þessu blaði eru settar fram slíkar skoðanir, að ekki er um að villast, að höfundur þessarar ritstjórnargreinar telur skattamál okkar Íslendinga komin í algert óefni. Greinin er rituð af tilefni þess, að höfundur hennar virðist telja nauðsyn á því að lækka verulegu beina skatta og er að velta fyrir sér möguleikum til annarrar tekjuöflunar. Ég skal taka það fram, að þótt ég muni nú vitna nokkuð í þessa grein, þá er ég ekki með því að lýsa yfir stuðningi mínum við niðurstöðu greinarinnar. Ég læt þá aðalniðurstöðu liggja á milli hluta, sem komizt er að í lok greinarinnar, en í meginmáli hennar koma fram ýmsar skoðanir, sem ég tel fulla ástæðu til að veita athygli í þessu sambandi.

Í þessari grein segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Hvar þau mörk liggja, þar sem viðbótarskattlagning fer að hafa í för með sér óviðunandi ranglæti og tekjutap vegna undanbragða og skattsvika, er að sjálfsögðu mjög breytilegt. Fer það m. a. eftir almennu viðskiptasiðferði og almenningsáliti, svo og styrkleika embættismannakerfisins. Því miður virðist hvoru tveggja vera nokkuð ábótavant hér á landi í samanburði við nágrannalöndin, og

á hið langa haftatímabil þar vafalaust mikla sök. En hvernig sem því er varið, skiptir sú staðreynd mestu máli, að ekkert þjóðfélagskerfi er svo sterkt, að ekki sé nauðsynlegt að gæta hófs í skattlagningu, ef forðast á alvarlegar afleiðingar ofsköttunar í formi efnahagslegs tjóns og spillingar."

Á öðrum stað segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þær miklu umr., sem orðið hafa að undanförnu um álagningu tekjuskatts og útsvars, gætu orðið gagnlegt tilefni til þess að taka allt ásigkomulag þessara mála hér á landi til gagngerrar endurskoðunar. Það virðist nú almennt álitið, að þær skattareglur, sem í gildi eru, hafi bæði leitt til hærri skattabyrðar á launþegum en þeir vilja sætta sig við og jafnframt því hafi stórfellt ranglæti átt sér stað vegna útbreiddra skattsvika, beinir skattar á tekjur hér á landi séu m. ö. o. orðnir hærri en svo, að hægt sé að tryggja sæmilega réttláta skiptingu skattabyrðarinnar, jafnframt því að sú hætta sé yfirvofandi, að skattarnir dragi verulega úr áhuga manna á starfi og heilbrigðri tekjuöflun. Augljóst virðist, að úr þessu verði ekki bætt nema með verulegri lækkun beinna skatta."

Þetta er sú skoðun, sem sett er fram í ritstjórnargrein Fjármálatíðinda, tímarits Seðlabanka Íslands, um þetta efni. Og enn fremur segir á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Um óbeinu skattana er það að segja, að þeir hafa hækkað mjög undanfarna tvo áratugi, framan af fyrst sem tollar og aðflutningsgjöld, en síðari árin einkum söluskattar. Skattheimtan á þessum sviðum er áreiðanlega þegar komin nærri og sums staðar yfir þau takmörk, sem heilbrigðri skattheimtu eru sett."

Og að síðustu langar mig til þess að lesa hér örfáar setningar úr þessari merku grein, þar sem segir: „Á hinn bóginn er það viðurkennt í öllum löndum, sem reynslu hafa í þessu efni, að mikil hætta sé á undanbrögðum frá söluskattsgreiðslu, ef skatturinn hækkar nokkuð verulega. Mikið af söluskattskyldri starfsemi er þess eðlis, að nákvæmt opinbert eftirlit er vandkvæðum bundið, svo að freistingin til skattsvika er þar af leiðandi veruleg. Eftir að söluskatturinn hér á landi hefur verið hækkaður í 5.5%, er full ástæða til þess að fara varlega, svo að ekki skapist einnig á þessu sviði sama vandamálið, sem nú er við að glíma varðandi innheimtu hinna beinu tekjuskatta."

Þetta var, þegar hann var kominn upp í 5.5%. Nú á að færa hann upp í 7.5%. Og áfram segir í framhaldi af þessu: „Niðurstaða þessara hugleiðinga er því sú, að hækkun tolla og söluskatts sé ekki heppileg leið til þess að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar eru til þess að gera lækkun beinna skatta framkvæmanlega."

Skoðun sú, sem sett er fram í þessari ritstjórnargrein Fjármálatíðinda er m. ö. o. sú, að hækkun söluskatts sé ekki heppileg leið, jafnvel ekki til þess að afla tekna til þess að lækka beinu skattana, hvað þá þegar þeir eiga ekki að lækka heldur.

Hér virðist mér, að hæstv. ríkisstj. hafi fengið alvarlega aðvörun frá þeim aðila, sem oft hefur verið tekið mikið mark á í efnahagsmálum þjóðarinnar af minna tilefni en hér er um að ræða.

Ég nefndi það áðan, að árið 1960, þegar söluskattur var tekinn upp í því formi, sem hann er núna, þá var látið í veðri vaka, að það væri gert til þess, að tekjuöflun á þann hátt kæmi í stað tekjuöflunar með beinum sköttum. Niðurstaðan að liðnum þessum árum, sem síðan eru liðin, er samt sú, að byrði hinna beinu skatta er þyngri en áður, og það kemur raunar ákaflega glöggt í ljós, hvað langt við erum komnir frá þessu markmiði, sem þarna var yfir lýst, þegar við gerum okkur það ljóst, að sú hækkun ein, sem varð á söluskattinum í janúarmánuði s. l., nemur svipuðum upphæðum og allur tekju- og eignarskattur á reikningi ársins 1964 kemur til með að gera samkvæmt upplýsingum hæstv. fjmrh. Og sú hækkun, sem farið var fram á í frv., eins og það lá fyrir, áður en hæstv. forsrh. birti brtt. sínar hér áðan, nemur svipuðum upphæðum og allur tekju- og eignarskattur er áætlaður í frv. til fjárl. fyrir árið 1965.

Að síðustu má nefna það í þessu sambandi, að þegar þessi breyting hefur verið lögleidd, sem hér liggur fyrir, þá fer söluskatturinn að slaga hátt upp í alla beina skatta, sem innheimtir eru til ríkis og bæjarfélaga og sveitarfélaga í landinu.

Og þrátt fyrir það, þó að söluskatturinn eigi að hækka svona nú um áramótin, hafi hækkað eins og hann gerði í janúarmánuði s. l., og þrátt fyrir allar aðrar ferlegar álögur, sem á þjóðina hafa verið lagðar á undanförnum árum, og þrátt fyrir beinu skattana, sem á lagðir voru á seinasta sumri, þá er samt gert ráð fyrir því í fjárl. fyrir árið 1965, að tekju- og eignarskattur hækki um meira en 100 millj. frá því, sem hann var á árinu 1964, á þessu ári, sem nú er að líða, og verður á næsta ári 375 millj. kr.

Það er ekki að furða, þó að ritstjórnargreinarhöfundur Fjármálatíðinda velti því fyrir sér, hvort við séum ekki komnir yfir þau mörk, sem hann kallar ofsköttun. Og hvað fara svo þessir peningar í? Það er talað um niðurgreiðslur. Það er talað um, að það sé verið að afla fjár til niðurgreiðslna. Hvað var talað um, þegar var verið að afla fjárins í janúarmánuði s. l.? Þá átti hluti af tekjuöfluninni að fara til þess að greiða 6% uppbætur á fiskverðið í landinu. Þeim uppbótum var svo fljótlega hætt þegjandi og hljóðalaust, en það var haldið áfram að innheimta skattinn. Og á þessu ári hefur ríkissjóður með þessum hætti tekið til sinna almennu þarfa tugmilljónir, sem samþ. voru í janúar s. l. til ákveðinna hluta.

Og enn er gert ráð fyrir að halda áfram þeirri tekjuöflun, sem samþykkt var í janúarmánuði s. l., til viðbótar þeirri tekjuöflun,

sem núna á að samþ. Það er gert ráð fyrir að halda því áfram þrátt fyrir það, þó að nú sjáist hvergi, að verja eigi 43 millj. til framleiðniaukningar í frystihúsunum af þessu fé, og það sést heldur hvergi, að það eigi að borga 6% uppbætur á fiskverðið á næsta ári, en það á að halda áfram að innheimta þessar tekjur. 43 millj. til framleiðnistyrkjanna, 62 millj. til fiskuppbóta, samtals 105 millj., sem samþykkt var að afla í janúarmánuði s. l. í ákveðnum tilgangi, á að halda áfram að innheimta, þó að sá tilgangur sé nú ekki lengur fyrir hendi. Það á að taka þessa peninga og láta þá í stóra gapið.

Þegar á þetta er litið, er ástæða til þess að spyrja sjálfan sig þeirrar spurningar, hvort ríkissjóð vanti í raun og veru það fé, sem hér er lagt til að leggja á þjóðina. Og ég verð að segja það alveg eins og er, að mér virðist ekki, að hv. alþm. hafi sérstaka ástæðu til þess að leggja trúnað á fullyrðingar, sem hníga í þá átt. Því hefur jafnan verið haldið fram af hálfu hæstv. ríkisstj., að ríkissjóð skorti fé. Það liggja þó fyrir ríkisreikningar fjögurra ára af fimm ára stjórnartíð þessarar hæstv. ríkisstj. Á þeim árum hafa tekjur farið samtals 690 millj. fram úr áætlunum fjárl. Á árinu 1960 stóðust fjárl. og reikningur nokkurn veginn á, það vantaði að vísu um 13 millj. kr., en á næsta ári fara tekjur reikningsins 79 millj. fram úr áætlun, á árinu 1962 fara þær 302 millj. fram úr áætlun, á árinu 1963 fara tekjur reikningsins 322 millj. fram úr áætlun fjárl. Samtals hefur hæstv. fjmrh. þess vegna á þessu tímabili haft 690 millj. kr. meiri tekjur en hann kærði sig um að reikna fyrir fram með. Og á þessum árum hefur öll árin verið greiðsluafgangur í ríkissjóði, sem nemur samtals eftir öll fjögur árin 365 millj. kr., og hefur hann verið mestur tvö seinustu árin, sem reikningar liggja fyrir um, árin 1962 og 1963, töluvert á annað hundrað millj. kr. hvort árið.

Þarna eru fjögurra ára greiðsluafgangar upp á 365 millj. kr., sem hefur að einhverju mjög takmörkuðu leyti verið ráðstafað, en að mestu leyti eru óráðstafaðar í höndum hæstv. fjmrh. Rekstrarhagnaður á rekstrarreikningum ríkissjóðs hefur numið hundruðum milljóna og meira að segja hundruðum milljóna umfram það, sem fjárlfrv. höfðu gert ráð fyrir.

Þegar á allt þetta, sem ég nú hef verið að rekja, er litið, þá get ég ekki séð, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkra ástæðu til þess að ætlast til þess, að Alþingi leggi trúnað á, að hana skorti nú fé. Og jafnvel þegar litið er á þær mjög óhagstæðu upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fyrir fjhn., er samt ástæða til þess að ætla, að verulegur afgangur verði á rekstrarreikningi ríkissjóðs á þessu ári, jafnvel þó að veruleikinn reyndist eins óhagstæður og þær upplýsingar, sem lagðar hafa verið fram. (**Fjmrh.**: Á hverju byggir hv. þm. þetta?) Ég byggi það á því, að á árinu 1963 var rekstrarafgangur ríkissjóðs 340 millj. kr., og ef þetta ár yrði 300 millj. lakara, sem er það versta, sem mér skilst að menn gætu búizt við, þá eru 40 millj. eftir, og ef ég hef í þessum útreikningi gert einhverja skekkju, þá skal ég taka leiðréttingar hæstv. fjmrh. til greina. (**Fjmrh.**: Ruglar hv. þm. ekki saman rekstrarhallanum og greiðsluafganginum?) Ég hef ekki haldið því fram, að með upplýsingum hæstv. fjmrh. mundi verða greiðsluafgangur á þessu ári, því hef ég ekki haldið fram, heldur rekstrarafgangur. En hins vegar hef ég haldið því fram, að greiðsluafgangur undanfarinna ára sé aðgengilegur til þess að jafna metin, ef þörf reyndist á.

Ég held, að ég megi til með í þessu sambandi að fara örfáum orðum um nokkur atriði í ræðu hv. 10. þm. Reykv., hv. frsm. meiri hl. fjhn., hér áðan. Mér virtist þar koma fram skoðanir, sem ég að vísu var ekki sammála í fjölmörgum atriðum, en eigi að síður eru mjög athyglisverðar og ástæða er til þess að drepa á. Hv. þm. kom þar að sínu uppáhaldsumræðuefni, sem hann hefur komið að, í hvert sinn sem málefni af þessu tagi hafa verið hér til umr. og hann hefur flutt stórar ræður sem frsm. hv. fjhn. Hann spurði: Vilja menn taka haftakerfið upp að nýju? Hann kann sínar grýlusögur. Vilja menn taka haftakerfið upp að nýju? Það er svar hans jafnan við öllum aths. við þær ráðstafanir, sem lagt er til að gera á hverjum tíma. Auðvitað hefur hvorki fyrir hv. 10. þm. Reykv. né nokkrum öðrum haftakerfið nokkru sinni verið markmið eða það, sem mér skilst, að hann eigi við með orðinu haftakerfi. Annars er það furðulegt af prófessor í hagfræði að nota slíkt orðalag án þess að gera nokkra grein fyrir því, hvað hann meinar með því. Auðvitað eru höft á efnahagslífi af ýmsu tagi á öllum tímum, en ég skal ekki fara frekar út í þetta. En ef haftakerfið á við eitthvað svipað og ég held að hann eigi við, þá liggur það í augum uppi, að það hefur hvorki verið honum né neinum öðrum markmið í sjálfu sér. En hins vegar gaf hann í ræðu sinni áðan mjög athyglisverða skýringu á því, hvernig við komumst í þá aðstöðu að þurfa að búa við slíkt um allt of langt skeið. Hann sagði frá því, að það hefði stafað af greiðsluhalla, og þetta var hann að segja sem rökstuðning fyrir því, að nú mætti til að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Hv. þm. sagði, að fram til 1950 hefðu fjárlög mjög oft verið afgreidd með greiðsluhalla og það hefði leitt til gjaldeyrishalla, sem aftur hafi leitt til skömmtunar og vöruskorts. Á þessu tímabili, sem hv. þm. ræðir þarna um, fram til 1950 fór Sjálfstfl. með fjármálastjórn í landinu 11 síðustu árin. Ég tel því, að hv. 10. þm. Reykv. geti beint skeytum sínum um þetta efni í aðrar áttir en hann virðist ætla að gera að þessu sinni. Ég vil enn fremur í tilefni af þeim orðum, sem hv. 10. þm. Reykv. fór um till. hv. 1. minni hl. fjvn. í vetur, — í sambandi við þau orð vil ég segja þetta:

Þær till., sem fulltrúar Framsfl. í fjvn. fluttu, voru að vísu nokkuð háar. En þær fjölluðu allar um framkvæmdir. Þær voru fluttar til

þess að bjarga því, sem bjargað varð, úr óráðsíuhítinni og í framkvæmdir. Þær verða ekki aftur af okkur teknar.

Hv. 10. þm. Reykv. eyddi svo löngum tíma af ræðu sinni í að velta því fyrir sér, af hverju þm. stjórnarandstöðunnar gerðu ekki verulegar sparnaðartill. á fjárl. En svo lagði hann fyrir sjálfan sig mjög athyglisverða spurningu að því loknu, því að þá sagði hann: Af hverju gerir ríkisstj. þá ekki sjálf sparnaðartill.? Og síðan kom hugleiðing, sem mér virtist mjög athyglisverð. Hún fjallaði um það, hve erfitt væri að fá fólkið til þess að skilja, að það þyrfti sjálft að borga fyrir það, sem það krefðist af þjóðfélaginu. Og í þessum erfiðleikum skildist mér, að ætti að felast skýringin á því, hvers vegna ríkisstj. legði ekki sjálf fram till. um sparnað. Ég ætla ekki að gera neinar aths. við þetta. Það lýsir sér sjálft, hvaða hugsun þarna liggur á bak við.

Það var mjög greinilegt í sumar, að það, sem reiði fólksins beindist mjög að í sambandi við álagningu hinna beinu skatta, sem þá voru svo mjög á dagskrá, var, að menn voru mjög þeirrar skoðunar, að skattsvik væru orðin algerlega óhæfilega mikil. Og ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi látið í ljós þá skoðun í útvarpsþætti í ágústmánuði. Þá munu þeir allir, sem þátt tóku í því tali, hafa verið sammála um nauðsyn aukins skatteftirlits. Og nú er það augljóst, að enginn skattur getur verið eðlilegur og naumast brúklegur, sem innheimtist ranglátlega. Árið 1960 var söluskatturinn m. a. réttlættur með því, að það væri naucsynlegt að minnka beinu skattana vegna skattsvikanna. En það er nú orðið alveg ljóst, að það er líka hugsanlegt að svíkja undan skatti, þegar um söluskatt er að ræða. Það er því miður alveg augljóst, og þau skattsvik eru að vissu leyti verri en hin, vegna þess að þar er verið að draga sér fé, sem mönnum er trúað fyrir af öðrum. Nú eru allir sammála um það, virðist mér, að það sé enn þá nauðsynlegra og enn þá erfiðara að hafa eftirlit með söluskattsframtölum heldur en þó nokkurn tíma tekjuskattsframtölum. Þessi skoðun kemur greinilega fram í grein þeirri í Fjármálatíðindum, sem ég vitnaði til áðan, og hún kemur einnig mjög greinilega fram í grg. með frv. um söluskatt, sem lagt var fyrir Alþingi veturinn 1960.

Nú liggur ljóst fyrir, að það er almennt álitið, að eftirlit með söluskattinum sé ófullnægjandi, og mér virðist ljóst, að menn hafa ástæðu til þess að halda það. Mér mundi vera það mikið ánægjuefni, ef við mættum við þessa umr. fá lýsingu hæstv. fjmrh. á því, hvernig eftirliti með söluskattsframtölum og söluskattsinnheimtu er raunverulega háttað. Í grg. frv. til söluskattsl., sem ég skírskotaði til áðan, er gerð grein fyrir því, hvernig höfundar þeirra l. og þá væntanlega um leið hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér, að þetta eftirlit fari fram, og það, sem þar er talað um, hefur að verulegu leyti, þó ekki öllu leyti, virðist mér, verið tekið upp í þá reglugerð, sem í gildi er um innheimtu söluskattsins. En hitt er víst, að þær dreifikannanir, sem þar er gert ráð fyrir, það eftirlit með nótubókum og öðru slíku, verða menn miklu minna varir við en menn höfðu haft ástæðu til að halda. Og mér virðist, að það væri æskilegt, ef hæstv. fjmrh. gæti við þessa umr. skýrt okkur frá því, hvernig þessum eftirlitsstörfum er háttað, ef það mætti verða til þess að auka traust manna á því, að þetta eftirlit komi að einhverju haldi.

Það fer t. d. ekki milli mála, af því að nú er það opinbert mál, hvernig söluskattur er greiddur, og eru lagðar fram hjá sýslumönnum og fógetaembættum landsins skrár yfir álagðan söluskatt og þessar skrár hafa í einhverjum tilfellum verið birtar, og það er ekki því að leyna, að þar virðist mörgum, sem þekkja til, hlutföllin vera allmikið önnur en menn höfðu búizt við. Hefur það tilefni eða önnur hliðstæð verið tekin af hálfu hæstv. fjmrh. eða embættismanna hans til þess að kanna þessi mál eitthvað, og þá með hvaða árangri? Ég skal í þessu sambandi geta þess, að jafnvel þó að það eftirlit, sem gert er ráð fyrir í grg. með frv., væri framkvæmt að öllu leyti, mundi ég samt álíta, að það væri ófullnægjandi. Ég álít, að hér þurfi að koma til mjög verulegar endurbætur, ef halda á áfram að innheimta söluskatt í landinu. Ég skal t. d. segja frá því hér, að í nokkuð fjarlægu landi, sem ég bjó einu sinni í um skeið, var söluskattur, og þar var óheimilt, að fram færu nokkur viðskipti í nokkurri verzlun, nema kaupandi tæki við nótu, og á þeirri nótu átti að vera merki fyrir andvirði söluskattsins, svipuð merki og frímerki, sem verzlunareigandi hafði orðið að gera svo vel og kaupa sér hjá yfirvöldum. Í löndum, þar sem ég hef komið og hef að vísu ekki mjög mikinn, en nokkurn kunnugleika sem ferðamaður, hef ég tekið eftir því, að þar sem söluskattur er verulegur, er jafnan meira um nótuskriftir og frumbækur jafnan vandaðri, og það hefur gefið mér tilefni til þess að álykta, að þessar frumbækur mundu verða notaðar til eftirlits síðar meir. Einhverjar ráðstafanir af þessu tagi, sem ég hér hef drepið á, verður að gera, ef söluskattur á að verða veigamikil tekjuöflunarleið í framtíðinni. Enn fremur er ég þeirrar skoðunar, að viðurlög við undandrætti söluskatts eigi að herða mjög verulega. Mér virðist, eins og kom víst aðeins fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. áðan, að viðurlög um söluskatt séu eiginlega minni, a. m. k. í vissum tilfellum, heldur en þau eru í sambandi við tekjuskatt. Þetta á við, ef framtöl hafa verið ófullnægjandi, en ef undandráttur sannast, er víst gert ráð fyrir sömu sekt í báðum tilfellum, sem er allt að því tíföld hin undandregna upphæð. En mér virðist, að viðurlög við brotum á söluskatti eigi að vera meiri en af öðrum brotum af ástæðum, sem ég drap á áðan og skal ekki endurtaka að öðru leyti en því að segja, að mér virðist þar um meira trúnaðarbrot að ræða heldur en ef menn draga aðeins undan sinn eigin skatt.

Söluskatturinn er, eins og ég sagði áðan, algerlega óhæft skattform, a. m. k. nema tryggt sé öruggt og traust eftirlit. Hann er óréttlátur skattur og gallaður skattur samt, en hann er algerlega óhæfur, ef eftirlitið er ekki öruggt og tryggt.

Ég er þeirrar skoðunar, að ef það á fyrir þessu frv. að liggja að verða samþ., þurfi að gera á því ýmsar breytingar í samræmi við það, sem ég nú hef verið að gera að umræðuefni. Ég mun að vísu ekki leggja þær brtt. fram við þessa umr., þar sem ég legg áherzlu á það, að frv. verði fellt, en það mun þá tekið fyrir síðar, ef það á fyrir þessu frv. að liggja að fara gegnum fleiri umr. í þessari deild.

Það var gert ráð fyrir því, að 20% af hinum upprunalega söluskatti færu til sveitarfélaganna. Ef það hlutfall hefði átt að haldast, ættu þau nú að fá um 20% af 920 millj., sem eru 184 millj. Af tolltekjunum fá sveitarfélögin 5% eða 76 millj., og þá skortir á 108 millj., að þau fái þann hlut, sem þarna hefur verið gert ráð fyrir, eða tæplega 12% af skattinum, eins og hann yrði eftir samþykkt þessa frv., eins og það liggur núna fyrir eftir breytingu hæstv. forsrh. Nú er að sjálfsögðu alveg ljóst, að tilkostnaður sveitarfélaganna hefur farið hækkandi að undanförnu, ekki síður en ríkisins, þó kannske ekki eins mikið. Í mörgum sveitarfélögum er góð og styrk fjármálastjórn. En eigi að síður hefur tilkostnaður sveitarfélaganna farið mjög hækkandi, og það verður ekki séð, af hverju þeirra hlutfall á allt í einu að fara að lækka mjög verulega. Það mundi aðeins leiða til þess, að útsvarsbyrðin hækkaði, og þá kæmi enn ný skattaukning á herðar almennings í landinu af þeirri ástæðu. Hér þarf einnig að gera leiðréttingu á þessu frv., ef svo skyldi fara, að það kæmi til fleiri umr.

Við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d. kom það fram, að þeir, sem gerst ættu að vita, voru ekki fyllilega sammála um það, hvað í einstökum atriðum hefði falizt í því samkomulagi, sem gert var milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins í júnímánuði s. l. Þau mál hafa nú, ef ekki skýrzt, þá að vissu, takmörkuðu leyti fengið lausn sína af undanhaldi hæstv. ríkisstj. En þó er það ljóst, að þó að samtök launþeganna, alþýðusamtökin, hafi í sambandi við þetta ½% ekki talið, að væri um hrein brigðmæli að ræða, þá telja þau þó, að hér hafi verið gengið þvert á þann anda, sem í samkomulaginu fólst. Ég skal ekki blanda mér í þetta í einstökum atriðum. En hitt er ljóst, að þetta frv. fer algerlega í bága við þann skilning, sem þorri þjóðarinnar að mínu viti hafði á þessu samkomulagi. Þjóðin taldi, að samkomulagið væri í aðalatriðum fólgið í því, að launþegar færu hægar í kjarakröfum sínum, á sama tíma og ríkisstj. hætti að skrúfa upp dýrtíð með nýjum álögum og verðbólguflóði. Þess vegna er það tvímælalaust skilningur flestra, að ríkisstj. hafi hér stigið skref, sem sé ekki í samræmi við þær vonir, sem þjóðin tengdi við þetta samkomulag. Það bregðast vonir margra, þegar hæstv. ríkisstj. slær með þessum hætti á útrétta hönd launþega, og það fer varla hjá því, að það hafi einhverjar afleiðingar fyrir áframhaldandi trúnað milli ríkisvalds og alþýðusamtaka.

Fyrir nokkrum dögum eða vikum, þegar til umr. var frv. um verðtryggingu launa, sagði hæstv. forsrh., að þróun mála í þessum efnum á undanförnum árum hefði verið hreinn ófarnaður, og um það er ég hæstv. forsrh. sammála. En ég vildi mega láta í ljós þá ósk, að þegar hæstv. forsrh. flytur frv. eins og þetta, sé hann ekki að stíga skref, sem leiði beint út í ófarnaðinn aftur.

Skilningur Alþýðusambands Íslands á þessu samkomulagi frá því í júní og frv. ríkisstj., sem hér er til umr., kemur glögglega í ljós í ályktun, sem stjórn Alþýðusambandsins gerði á fundi sínum í gær og birt hefur verið í blöðum í dag og ég vil leyfa mér að lesa og hljóðar svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega frv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi um hækkun söluskatts og mun hafa í för með sér nýjar álögur, sem nema 300—400 millj. kr. á ári. Miðstjórnin telur, að með frv. þessu sé ýtt af stað nýrri verðbólguöldu, sem stofni hagsmunum launþega og eðlilegri þróun efnahagsmála þjóðarinnar í mikinn háska og torveldi stórlega alla möguleika á friðsamlegum samningum um eðlilegar kjara- og launabætur til handa vinnustéttunum. Miðstjórnin telur, að með slíkum aðgerðum til stórfelldra nýrra verðhækkana sé riftað þeim grundvelli, sem lagður var með samkomulagi ríkisstj., verkalýðssamtaka og atvinnurekenda hinn 5. júní s. l. Alveg sérstaklega lýsir miðstjórnin mótmælum sínum við þá beinu brigð á yfirlýsingum, sem gefnar voru í sambandi við júnísamkomulagið um það, að engar nýjar álögur yrðu lagðar á vegna niðurgreiðslna á árinu 1963, en í frv. eru 68 millj. kr. áætlaðar í því skyni."

Þetta er að vísu það, sem hæstv. forsrh. hefur leiðrétt nú í dag, en svo heldur áfram þannig:

„Miðstjórnin telur, að skattahækkun sú, ofan á skattarán sumarsins, verki sem eitur í ógróin sár og brjóti niður trú manna á, að ríkisstj. vilji heils hugar vinna að stöðvun verðbólgu og vaxandi dýrtíðar. Þess vegna varar miðstjórnin alvarlega við því, að söluskattsfrv. verði samþ., og heitir á ríkisstj. að hverfa frá því óráði að gera það að lögum, en freista heldur að draga úr óhófseyðslu í rekstri ríkisins og leita sérhverra ráða til þess að hamla gegn verðbólgu og dýrtíð."

Þannig lítur Alþýðusamband Íslands á þetta mál. Og einnig var birt fréttatilkynning frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, örstutt:

„Á fundi stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í dag var einróma samþykkt svofelld ályktun:

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

hefur rætt við ríkisstj. um hækkun á söluskatti. Bandalagsstjórnin telur það mjög miður farið, að frv. þetta skyldi lagt fram, án þess að fyrst væri haft samráð um þessi mál við launþegasamtökin. Opinberum starfsmönnum hefur verið synjað um leiðréttingu á launum sínum, og hafa þeir því orðið að taka á sig bótalaust allar verðhækkanir frá 1. júlí 1963, en síðan hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 23½%. Eru þeir því illa við því búnir að taka á sínar herðar nýjar álögur. Stjórn BSRB skorar þess vegna á Alþingi að samþykkja ekki frv. um hækkun á söluskatti, heldur leita í þess stað úrræða til stöðvunar verðbólgu og hafa um það fullt samráð við launþegasamtökin."

Þetta eru viðbrögð launþegasamtakanna, og ég skal ekki fara um þau fleiri orðum, það lýsir sér sjálft, en skal nú snúa mér að því að ljúka máli mínu, herra forseti.

Við í 1. minni hl. hv. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, teljum, að hæstv. ríkisstj. vanti ekki fé. Við teljum, að söluskattur sé óréttlát og óskynsamleg skattheimta. Við teljum enn fremur, að hæstv. ríkisstj. sé ekki trúandi fyrir fé. Við leggjum þess vegna til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 193 og 194, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil, áður en ég vík að meginefni máls míns, lýsa sérstakri ánægju minni yfir yfirlýsingu hæstv. forsrh. í byrjun þessarar umr. um það, að hæstv. ríkisstj. mundi leggja fram brtt. við þetta frv., þess efnis, að hinn fyrirhugaði söluskattur yrði lækkaður um ½% og þar með fallið frá þeirri innheimtu, sem fyrirhuguð var vegna niðurgreiðslunnar á því ári, sem nú er að líða.

Ég tel ekki ástæðu til að taka aftur neitt af því, sem ég hef sagt áður hér í hv. deild um þetta mál, né heldur tel ég ástæðu til þess að hafa uppi um þetta frekari deilur. Ég fagna því, að þessi breyting hefur verið gerð og þar með fallizt á það sjónarmið, sem ég hef hér lýst, og ég vil fyrir mitt leyti þakka hæstv. forsrh. persónulega fyrir drengskap hans í þessum sérstaka þætti málsins og lýsa virðingu minni fyrir hyggindum hans að koma þannig til móts við okkur í þessum sérstaka þætti málsins.

Á hinn bóginn hlýt ég svo að lýsa því yfir, sem raunar þarf ekki fram að taka, að þetta breytir auðvitað ekki á neinn hátt skoðun minni á því máli, sem hér ræðir um, því að það er auðvitað út af fyrir sig stigsmunur og ekki annað, hvort söluskatturinn er hækkaður um ½% meira eða minna, þannig að þetta breytir ekki á nokkurn hátt afstöðu minni eða skoðunum á því máli, sem hér er til umr. Þeim skoðunum lýsti ég í meginatriðum við 1. umr. þessa máls, og skoðanir mínar á því, hversu þetta frv. er á margvíslegan hátt skaðlegt, hafa ekki breytzt neitt við þá nánari athugun, sem við hefur verið komið á þeim stutta tíma, sem síðan er liðinn, né heldur hafa þær umr., sem hér hafa orðið, sannfært mig á nokkurn hátt um annað álit en ég lét þá í ljós. Miklu fremur mætti segja, að skoðanir mínar hafi styrkzt á því, að með þessu frv. sé stefnt í átt til þeirrar ófæru, sem erfitt geti orðið, bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og aðra, sem málið varðar, að komast aftur upp úr. Ég held líka, að þess hafi nokkuð greinilega orðið vart, síðan málið var hér til 1. umr. í fyrradag, að það eru fleiri en ég og aðrir andstæðingar núverandi hæstv. ríkisstj., sem bera í brjósti nokkurn geig varðandi afleiðingar af samþykkt þessa frv. Ég mundi segja, að andrúmsloftið hér á hv. Alþ. þessa dagana hefði borið vott um það, að stjórnarliðið er ekki svo öruggt í sinni sök eins og oft áður, og er trúlegt, að þar komi ekki aðeins til eða valdi um gagnrýni og andstaða okkar stjórnarandstæðinga, heldur líka hitt, að stjórnarliðið finni anda heldur köldu til þessara fyrirhuguðu aðgerða úr sínum eigin herbúðum, jafnvel hér í þingsölunum. Og það bera vissulega ekki allir harm sinn í hljóði. Þannig hefur t. d. hv. 5. þm. Vesturl., ritstjóri Alþýðublaðsins, ekki getað orða bundizt í blaði sínu, en hann segir þar m. a. í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Allar þessar ráðstafanir ásamt afgreiðslu fjárlaga með miklum hækkunum eru því markinu brenndar, að þær auka frekar en minnka hættu á nýrri verðbólgu. Verður óhjákvæmilegt fyrir ríkisstj. að taka fljótlega upp viðtækar viðræður við launþegasamtökin, og leita að nýju samkomulagi, sem forði þjóðinni frá nýrri verðbólguöldu. Benti Alþfl. í samþykktum flokksins í nóvember á, að leitað yrði samkomulags við verkalýðssamtökin til að leysa þessi mál."

Þegar þessi ummæli eins helzta foringja Alþfl. eru athuguð nánar og skoðað, hvað í þeim felst, verður manni vissulega ljósara en áður, hve tæpt hæstv. ríkisstj. stendur í þessu máli, og eru þessi ummæli þó aðeins einn vottur um það. Og hvað er það þá, sem þessi hv. þm. Alþfl. er raunverulega að segja? Hann segir í fyrsta lagi, að þetta frv. ásamt afgreiðslu fjárl., eins og hún er fyrirhuguð, stórauki hættuna á nýrri verðbólguöldu. Hann segir í öðru lagi, að ríkisstj. sjálf sé vanmegnug og óhæf til þess að hindra, að ný verðbólgualda rísi. Og í þriðja lagi segir hann svo, að viðræður og nýtt víðtækt samkomulag við launþegasamtökin séu eina færa leiðin til þess að firra stórvandræðum í þjóðfélaginu. Þetta er raunverulega það, sem þessi hv. þm. er að segja í blaði sínu. Þetta er vissulega allt rétt og í fullu samræmi við það, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram. En hvað halda menn svo um afstöðu almennings í landinu, afstöðu verkalýðshreyfingarinnar, fyrst þessi meginatriði eru hugsun helztu stuðningsmanna hæstv. ríkisstj.?

Ég held þó, að það sé hægt að leiða fram

sterkar líkur fyrir því, að þeir, sem standa henni jafnvel enn nær en 5. þm. Vesturl., eru algerlega andstæðir þeirri stefnu, sem nú er upp tekin, og er þar ekki aðeins um að ræða, að slíkt hafi runnið upp fyrir mönnum nú síðustu dagana, runnið upp eitthvert ljós fyrir þeim, heldur liggur það nú fyrir og hefur legið fyrir, að þeir hafa aðvarað hæstv. ríkisstj. með góðum fyrirvara við þeim aðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar. Þau vitni, sem ég vísa hér sérstaklega til varðandi þetta, eru tveir helztu efnahagsráðunautar ríkisstj., Jóhannes Nordal og Jónas Haralz. Í Fjármálatíðindum, sem komu út á s. l. sumri, ritar Jóhannes Nordal, annar helzti ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálunum, grein um skattamál og kemur þar allvíða við, og hefur sumt af því, sem hann þar sagði um þessi mál, verið tilgreint hér áður í ræðu hv. frsm. 1. minni hl. fjhn. En Jóhannes Nordal segir í þessari grein, á bls. 5 í þessu hefti Fjármálatíðinda, sem ég gat um, m. a. um söluskattinn:

„Sérstaklega er ástæða til að freista þess að lækka útgjöldin, ef sterk rök hníga að því, að lækkun skatta sé forsenda þess, að hægt sé að framkvæma skattheimtuna með betri árangri og tryggja réttlátari dreifingu skattabyrðanna."

Hann ræðir einnig um þau áhrif, sem hækkun söluskattsins mundi hafa á skattsvik, og segir um það m. a. á bls. 1 í sömu grein, að fari skattheimta fram úr ákveðnu marki, sem hann er búinn að ræða áður um, fari öll þessi undanbrögð að borga sig því betur, sem skattarnir eru hærri. Og síðar í greininni kemur fram, að hann á þar alveg sérstaklega við söluskattinn og óbeinu skattana yfirleitt.

Skattheimtan á þessum sviðum er áreiðanlega þegar komin nærri og sums staðar yfir þau takmörk, sem heilbrigðri skattheimtu eru sett.

Og enn segir hann: „Á hinn bóginn er það viðurkennt í þessu efni, að mikil hætta sé á undanbrögðum frá söluskattsgreiðslu, ef skatturinn hækkar nokkuð verulega. Mikið af söluskattskyldri starfsemi er þess eðlis, að nákvæmt opinbert eftirlit er vandkvæðum bundið, svo að freistingin til skattsvika er þar af leiðandi veruleg. Og hún vex mjög," segir hann, „ef skatturinn er hækkaður frá því, sem nú er."

Það, sem m. a. má lesa út úr þessu, er það, að Jóhannes Nordal telur, að langsamlega æskilegasta leiðin út úr þeim vanda, sem við erum nú staddir í í sambandi við skattamálin og efnahagsmálin, er sú að draga úr útgjöldum. En hann segir um þetta:

„Það er því óhjákvæmilegt, að á móti lækkun beinna skatta komi annaðhvort nýir tekjustofnar eða lækkun útgjalda. Af þessu tvennu er lækkun útgjalda tvímælalaust áhrifameiri, og er tími til kominn að meta, hvort sú mikla aukning framkvæmda og þjónustu á vegum sveitarfélaga og ríkisins, sem átt hefur sér stað síðustu árin, er raunverulega í samræmi við það, sem almenningur sættir sig við að greiða."

Það er þess vegna alveg greinilegt, að Jóhannes Nordal hefur a. m. k. verið þeirrar skoðunar á miðju þessu ári, að sparnaðarleiðin væri fullkomlega fær, og það hlýtur þess vegna að stoða harla lítið í umræðum um þetta mál að saka okkur stjórnarandstæðinga um það, að við séum algerlega óábyrgir, þegar við minnumst á þessa leið, þegar það liggur fyrir, að þessi ágæti maður, þessi ráðunautur ríkisstj. um efnahagsmál, telur þetta æskilegustu og áhrifamestu leiðina, sem um er að ræða. Mér var sagt það núna rétt áðan, og það getur ekki verið neitt launungarmál, að á fundi fjvn., sem haldinn var í dag, hafi Jónas Haralz forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar lýst því sem sinni skoðun, að það æskilegasta, sem nú yrði gert í fjármálum þjóðarinnar og í skattamálunum, hefði verið það að lækka öll útgjöld, lækka útgjöld ríkissjóðs. Ég held að þegar þetta liggur fyrir, ættu hæstv. ráðh. og aðrir hv. talsmenn ríkisstj. að hafa hægt um sig í fullyrðingum sínum um það, að við stjórnarandstæðingar séum algerlega óábyrgir, þegar við viljum ræða það, hvort ekki séu möguleikar til þess að ná einhverju af því fé, sem hér skortir á til þess að jafna metin í fjárl., með sparnaði. Sannleikurinn er nefnilega sá, eins og þessir menn vita sjálfsagt allra manna bezt, að sparnaðarleiðin viðvíkjandi útgjöldum ríkissjóðs var sjálfsagðasta leiðin, sem reynt væri að fara eftir júnísamkomulagið, og e. t. v. eina leiðin, sem hugsanleg var til þess að halda áfram almennri verðstöðvun í landinu. En það er ekki aldeilis því að heilsa, að hæstv. ríkisstj. hafi borið gæfu til að fara að ráðum þessara manna. Og má segja, að ógæfa þessarar ríkisstj. er mikil, að hún skuli ekki nota sér ráð þessara manna, það sjaldan að það eru góð ráð, sem líkleg eru til að gefast vel, því að hún hefur jafnan verið ákaflega fús í blindni að hlita ráðum þessara manna, þegar henni hefur verið ráðið af minnstum heilindum. En svo mikil er ógæfa þessarar hæstv. ríkisstj., að hún kann ekki gott að meta, þegar það kemur frá þessum aðilum, sem hún annars trúir og treystir. En það er nú ekki aldeilis því að heilsa, að um sparnað á ríkisútgjöldum hafi verið að ræða, því að eins og ég rakti í ræðu minni við 1. umr. málsins, er það fast í milljarðinn, sem ætlað er að rekstrarútgjöld ríkissjóðs aukist á þessu ári, þ. e. a. s. aðeins tæpur hálfur milljarður samkvæmt fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, og nú á að auka þetta um tæpar 400 millj., 342 millj. Meginhlutans til að mæta öllum þessum auknu rekstrarútgjöldum á svo að afla með söluskatti, ekki aðeins þeirri hækkun, sem nú á að fara fram, heldur hækkuninni, sem varð fyrr á árinu og rann þá til annarra hluta, en er hrifsuð til almennrar eyðslu ríkissjóðs.

Það er enginn vafi á því, og þarf ekki frekar vitna við um það, að sparnaðarleiðin var fær

og er enn þá fær, og það er, hygg ég, augljóst hverjum manni, sem eitthvað reynir að hugsa um þessi mál, að sú þensla, sem verið hefur í ríkisútgjöldunum, er ekki með neinum eðlilegum hætti og ekki í neinu samræmi við þróun efnahagsmálanna að öðru leyti. Það er að vísu rétt, að á undanförnum árum hafa þjóðartekjurnar vaxið mikið. Þær hafa vaxið, að ég held að megi fullyrða, um 6—8% á ári, og kaupgjald hefur líka hækkað verulega í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. eða um rösk 50% að meðaltali. Verðlag hefur þó hækkað enn þá meira. En ekkert af þessum hækkunum, ekki einu sinni verðlagshækkunin, gerir neitt nálægt því að vera jafnmikil hlutfallslega og hækkunin á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Þar eru öll met svo gersamlega slegin, að þar er ekkert samræmi orðið lengur á milli þess vaxtar, sem hefur verið í þjóðartekjum, í kaupgjaldi eða í verðlagi, og slíkt hlýtur að hefna sín, og er raunar ekki hugsanlegt annað, þegar ríkisútgjöld margfaldast, á sama tíma og kaupgjald hækkar þó ekki nema um 50% og verðlag hækkar að vísu nokkru meira, en þegar ríkisútgjöldin hækka alltaf mest hlutfallslega, getur það ekki endað með öðru en þeirri skattpíningarstefnu, sem nú er upp tekin að nýju og hefur reyndar sett einkenni sitt á stjórnarfarið á undanförnum árum.

Það er ábyggilegt, að í margvíslegum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs væri með góðum vilja unnt að spara, ég tala nú ekki um, ef menn færu að hafa um það samkomulag, viðtækara en ríkisstj. er ein fær um að hafa milli þeirra flokka, sem að henni standa, — ég tala nú ekki um, ef um eitthvert samkomulag gæti verið að ræða við stjórnarandstöðuna, sem vel má vera, þó að hæstv. ríkisstj. hefði ekki talið neitt nauðsynlegt að athuga það, hvort þeir möguleikar væru fyrir hendi, þá hefði verið unnt að spara stórkostlega í ýmsum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Ég vil segja það, að ef það hefði verið gert og byrjað í sjálfum toppnum, hefði jafnvel getað komið til greina, að almenningur hefði sætt sig við það, að ýmis framkvæmdaútgjöld hefðu einnig verið lækkuð, þegar svo stóð á, að um það var að velja að halda áfram verðstöðvunarstefnu eða á hinn bóginn að ýta nýrri verðbólguöldu af stað, eins og nú er verið að gera. Það er auðvitað líka rétt, að vandinn í efnahags- og skattamálum verður ekki leystur án þess, að einhverjir verði fyrir óþægindum af því. Það vita menn ósköp vel. Ríkisstj. hefur sýnt það á undanförnum árum, að hún vill ekki, að auðfyrirtækin í landinu, atvinnureksturinn, verði fyrir óþægindum af þessu, því að mitt í öllum þeim skattahækkunum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir, eru þó fyrirtæki í landinu, sem ekki aðeins hefur verið hlíft við auknum sköttum, heldur hafa þeir verið lækkaðir stórkostlega í tíð núv. ríkisstj. Það eru gróðafyrirtækin í landinu, sem eru þau einu, sem hafa mátt fá lækkun, allir aðrir hafa fengið margföldun á sínum skattabyrðum. Tekjuskattur hefur verið lækkaður á fyrirtækjum, varasjóðstillög aukin og ég man ekki hvað og hvað. Það er sjálfsagt margt fleira, þó að ég muni það ekki í svipinn. En það er alveg öruggt, að fyrirtæki á Íslandi, sem græða, hafa aldrei búið við mildari skattalöggjöf en nú.

Nei, hæstv. ríkisstj. vill forða sér frá öllum óþægindum í sambandi við lausn þessara mála, öðrum en þeim, sem bitna á almenningi. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gerði þetta nokkuð að umræðuefni og taldi mikið djúp staðfest milli þess að tala nú um sparnað í sambandi við afgreiðslu á þessu frv. og hins vegar hækkunartill. stjórnarandstöðunnar. Ég veit reyndar, að hv. þm. skilur mætavel, hvaða munur er á því, hvaða till. eru fluttar, þegar stefnan er greinilega mörkuð af ríkisstj. um stórkostlega aukna eyðslu, þegar það liggur fyrir, að ríkisstj. ætlar að hækka rekstrarútgjöldin um einn milljarð á árinu, og þá er auðvitað ekkert eðlilegra en að togazt sé á um það fé, sem á að eyða. Eins og stefnan er mörkuð af hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjhn., þurfa þeir ekki að undra sig á því, þó að einstökum þm. sýnist, að ef á að eyða þessum líka litlu upphæðum, þá mætti alveg eins verja einhverju af þeim til einhverra annarra hluta en hæstv. ríkisstj. þykir hagkvæmast.

Ég held, að með þeim ummælum, sem ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum hafa viðhaft um möguleikana á að fara sparnaðarleiðina, sé hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar svo algerlega mátuð í því máli, að það þurfi ekki að ræða það miklu frekar, að þessi leið var fær og hún er fær. En jafnvel þó að við sleppum því alveg, að sparnaðarleiðin sé fær, og veljum þann kostinn að jafna metin, eins og fjárlfrv. gerir nú ráð fyrir, koma einnig til greina aðrar leiðir en sú, sem hér er farin. Það hefur verið minnzt hér á hækkun tekjuáætlunar. Ég ætla ekki að hafa uppi miklar fullyrðingar í þeim efnum né heldur um hugsanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 1964, vegna þess að ég tel allar upplýsingar, sem um þetta liggja fyrir, vera það ófullnægjandi, að á þeim verði tæpast mikið byggt. Það er að vísu rétt, að af yfirliti, sem hæstv. fjmrh. lét okkur í té í fjhn., er sýnt, að útgreiðslur hafi orðið um 300 millj. kr. meiri en áætlað var, það sem af er þessu ári, eða til nóvemberloka s. l., tæpar 300 millj. kr. En ég held a. m. k., að það væri ákaflega fróðlegt, áður en miklar ályktanir eru dregnar af þessu, að athuga það, hvort tekjustofnar ríkisins á þessu ári hafa brugðizt og þá hverjir og vegna hvers. En ég hef það fyrir satt, þó að fjhn. hafi ekki verið látnar í té upplýsingar um það, að tekjuskattur hafi farið fram úr áætlun, að tollar fari fram úr áætlun, að gjöld af innlendum tollvörutegundum fari fram úr áætlun, að lestagjöld fari fram úr áætlun, að aukatekjur fari fram úr áætlun, að stimpilgjöld fari fram úr áætlun, að vitagjald fari fram úr áætlun, að leyfisgjöld fari fram úr áætlun, að hluti af umboðsþóknun bankanna fari fram úr áætlun, — og leiðrétti nú hæstv. fjmrh. mig, ef þetta er rangt.

Hvað er þá eftir af tekjustofnum ríkissjóðs?

Það mundi fyrst og fremst vera söluskatturinn, sem hefur brugðizt, og það væri vissulega ákaflega fróðlegt og nauðsynlegt að fá meira að vita um það, af hverju það stafar. Það skyldi þó ekki geta verið svo, að það sé komið af því, sem Jóhannes Nordal sagði í sinni grein, að skatturinn væri þegar orðinn það hár, að það færi að bjóða heim meiri svikum og svindli í sambandi við skattinn en áður hafi þekkzt, eða þá hitt, að slælegar hefur verið gengið eftir innheimtu skattsins en áður? Um annað en þetta tvennt getur naumast verið að ræða, því að allir vita það, sem hafa opin augu, að viðskiptin í landinu hafa aldrei verið meiri en á þessu ári, sem nú er að líða. Velta í verzlun og öllum viðskiptum hefur aldrei verið meiri, svo að ekki hefur skatturinn brugðizt af því. Þarna getur þess vegna ekki verið nema um tvennt að ræða: Annaðhvort hafa innheimtumennirnir gengið slælegar eftir skattgreiðslunni heldur en áður eða það liggur fyrir, að þessi tekjustofn er þegar, áður en þessi hækkun er framkvæmd, sem nú á að gera, kominn yfir það mark, sem hann þarf að standa í, til þess að nokkur von sé til þess, að hann geti innheimzt forsvaranlega.

Nú er það svo, að þarna er að vísu ekki um stórkostlega miklu minna að ræða en gert var ráð fyrir, eða einar 20 millj., þannig að þessar upplýsingar um það, að allir tekjustofnar eða svo til allir aðrir en söluskatturinn hafa farið fram úr áætlun, gætu frekar bent til þess, að ríkisstj. hefði greitt úr ríkissjóði miklu meira en hún hefði heimildir til samkv. fjárl. Hverjar eru þessar greiðslur, og hversu óhjákvæmilegar voru þær? Þetta er líka atriði, sem nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir, áður en nokkuð er fullyrt um það, hvort hækkun tekjuáætlunar kemur til greina eða ekki. A. m. k. treysti ég mér ekki til þess að draga neinar ályktanir af þessu, meðan miklu nákvæmari útlistanir og skýrslur um undirliðina, sem þetta byggist á, eru ekki gefnar.

Hitt vitum við ósköp vel, að hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. hefur haft ríkar tilhneigingar á undanförnum árum til þess að fara með blekkingar um þessi mál í því skyni að reyna að fá inn í ríkissjóðinn miklu meira fé en þörf var á. Hann viðurkenndi sjálfur í fyrri umræðum málsins, að fyrir árið 1962 hefði innflutningsáætluninni skeikað um 28%. Innflutningurinn varð 28% meiri en hann og hans sérfræðingar höfðu gert ráð fyrir. Og þannig hefur þetta verið öll árin, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur farið með völd, og það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að við úr hópi þm., sem fáum ekki aðstöðu til að kynna okkur alla málavöxtu og fáum ekki fullnægjandi upplýsingar, séum svolítið vantrúaðir á það, að þetta þurfi endilega að vera miklu réttara en það hefur verið á undanförnum árum.

Ég vil þess vegna alls ekki afskrifa það, að hægt sé að mæta að einhverju leyti þeirri fjárþörf, sem hér er um að ræða, ef á að afgreiða fjárl. eins og þau koma nú fyrir og eru fyrirhuguð, með einhverri hækkun á tekjuáætlun. Hvað það er mikið eða lítið, það skal ég ekki fullyrða um, ég hef ekki aðstöðu til þess.

En það eru líka fleiri liðir, sem koma til greina, jafnvel þótt við sleppum sparnaðarleiðinni og sleppum þeirri leið að hækka tekjuáætlun fjárlaga. Og það er, sem lætur kannske voðalega í eyrum hæstv. ríkisstj. og hennar talsmanna, að nota eitthvað af því fé, sem hún hefur heimt umfram þarfir af almenningi á undanförnum árum. Eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. liggur það fyrir, að það er óráðstafað af þessu fé, af greiðsluafgangi frá árunum 1962 og 1963, 220 millj. kr., sem ættu þess vegna að vera handbærar til þess að skila almenningi, þegar nauðsyn krefur.

Ég ætla mér ekki að fara út í fræðilegar deilur við hv. frsm. meiri hl. fjhn., allra síst eftir þá stólræðu, sem hann hélt hér um mig, sem ég fór allur hjá mér við að heyra, sérstaklega af því að mér fannst skjóta þarna svo mjög skökku við, þar sem hæstv. fjmrh. hefur stundum sagt um mig, — það er nú ekki ýkjalangt síðan hann taldi, að það væri nær útilokað, að ég hefði þá greindarvísitölu, að ég gæti staðizt fullnaðarpróf í barnaskóla. (Gripið fram í.) Nei, það var nú ekki alveg óblandað. Hann sagði, að það, sem bagaði mig, væri ekki þekkingarleysi, heldur að ég léti þekkinguna liggja í láginni. (Gripið fram í.) Stundum, en ég ætla nú ekki að viðhafa þau orð, sem voru viðhöfð um prest einn fornan, að það, sem bagaði hann sérstaklega, væri lærdómurinn. „Lærdómurinn gerir séra Pál æran," var sagt um mjög lærðan mann. Ég ætla nú ekki að viðhafa þessi orð um hv. frsm. meiri hl. fjhn. En hitt vil ég segja, að það, sem mér finnst baga hann allt of oft í hans málflutningi, sem er þó yfirleitt málefnalegur og greindarlegur, er það, að hann heldur sig of fast við kenningarnar og hirðir minna um það, hvernig þær fái staðizt í raunveruleikanum. Og þegar kenningarnar eru dregnar svona til yztu afleiðinga, er stundum skammt í vitleysurnar og öfgarnar. En ég fann ekki betur en þessi hv. þm. kæmist að þeirri niðurstöðu, að ríkissjóður mætti aldrei skila því, sem hann einu sinni hefði klófest af almenningi, því að þessu væri þannig varið, að almenningur yrði ávallt að borga allt, sem ríkið eyddi, og hann þyrfti að gera það e. t. v. í enn þá ríkara mæli, ef einhverju af því væri skilað aftur. Ég held, að þarna sé teorían komin nokkuð langt frá raunveruleikanum. Ég held, að það sé ekki nauðsynlegt, að almenningur sé látinn borga sömu upphæðina tvisvar eða jafnvel þrisvar. Ég held, að það sé nægilegt, að hann borgi hana einu sinni, og sá peningur sé alveg eins gjaldgengur til útgjalda á næsta ári, sem hefur verið greiddur fyrir tveimur árum, eins og sá, sem er greiddur nú í dag.

Ég skal ekki fara út í fræðilegar bollaleggingar um það, hvort slík aðgerð að skila al-

menningi nokkru af því fé, sem hefur verið ranglega af honum tekið og undir fölsku yfirskini og með blekkingum af hæstv. fjmrh. hér á Alþingi, kunni að hafa einhver verðbólgumyndandi áhrif. Ég ætla ekki að fara út í neinar fræðilegar bollaleggingar um það. En hitt veit ég a. m. k. alveg með vissu, og ég held, að það þurfi ekki annað en venjulega skynsemi og engar fræðikenningar til að segja sér það, að það muni a. m. k. ekki hafa meiri verðhækkandi áhrif en skattur, sem beint er lagður á verðlagið í landinu og fer ekkert á milli mála að leggst allur á verðlagið.

Það eru svo vissulega til enn þá fleiri leiðir til að mæta tekjuþörf, ef hún er raunverulega fyrir hendi, sem ég dreg mjög í efa. Það væri t. d. hugsanlegt að hækka nú aftur skatta á fyrirtækjum og auðfélögum í landinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur lækkað, og taka meira af þeim en áður. Slíkt mundi ekki samkvæmt kenningunni hafa nein verðbólgumyndandi áhrif. Það væri hugsanlegt að leggja á eignarskatta. Og það verður ekki séð, að þeir mundu rakleitt a. m. k. þurfa að fara út í verðlagið í landinu. En út í þessa sálma ætla ég þó ekki frekar að fara.

Ég hef rakið þarna a. m. k. fjórar leiðir, sem hefðu komið til greina, aðrar en sú leið, sem hér er farin, til þess að sýna fram á það, að hæstv. ríkisstj. virðist vera staðráðin í því að velja ekki aðeins lakari kost af tveimur, eins og ég sagði hér við 1. umr., heldur lakasta kostinn af mörgum, því að það er enginn kostur verri en sá, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið í þessum málum.

Ég held, að það sé líka ekki úr vegi að athuga það ofurlítið og benda hæstv. ríkisstj. á það, hvað raunverulega ynnist, ef frá þessum verðhækkunarskatti, sem nú er fyrirhugaður, yrði fordað, ef hætt væri við hann, að hvaða leyti við stæðum raunverulega betur að vígi eftir en áður. Það er í fyrsta lagi alveg auðsætt, að allt verðlag í landinu yrði a. m. k. 2½—3% lægra í fyrstu lotu heldur en það annars verður. Það ætti að vera fyrir því séð a. m. k. um nokkurn tíma, að dýrtíðarhjólið færi ekki að snúast að nýju. Tilhneiging til þess að krefjast hærri launa yrði vafalaust minni en annars. Atvinnuvegirnir stæðu betur að vígi til að standa undir raunverulegum kauphækkunum, því að auðvitað eru það ekki raunhæfar kauphækkanir, þó að kaup hækki að einhverju leyti á móti hækkuðu verðlagi. Og þetta mundi auðvitað létta mjög þá samninga, sem standa fyrir dyrum um launakjörin á n. k. vori. Og af þessu mundi svo leiða, að sterkari líkur yrðu fyrir því en annars, að friður gæti haldizt á vinnumarkaðinum og betri sambúð ríkti á milli ríkisvaldsins og almannasamtakanna.

Ég spyr nú: Er ekki til nokkurs að vinna? Má ekki nokkuð á sig leggja, til þess að fordað verði þeim ófriði og vandræðum, sem blasa við, ef þessar aðgerðir verða þvingaðar fram hér á hv. Alþingi í óþökk alþjóðar, í óþökk alþýðusamtakanna og jafnvel í óþökk þeirra, sem ætlað er að standa að því að samþ. þessa till. hér á hv. Alþingi?

Ég get ekki skilið svo við þetta mál, að ég minnist ekki sérstaklega á það, hvernig þetta mál allt, þ. e. a. s. bæði frv. og breytingar, sem það varða og eru gerðar á fjárl., hvernig sú atvinnugrein i landinu, hvers afkoma er öðrum fremur mótandi fyrir launakjörin í landinu, fer út úr þessu, þ. e. a. s. fiskiðnaðurinn. Og nú hefði mér þótt vænt um það, að sá eini maður hér í hv. d., sem starfar í þessari atvinnugrein, hv. 4. þm. Vesturl., væri hér viðstaddur, því að mig fýsir að vita, hvað sá maðurinn, sem helzt ætti að vera forsvarsmaður sjávarútvegsins hér í þessari hv. d., hefur um þetta mál að segja. Ég ætlaði ekki að ráðast að þessum hv. þm. neitt persónulega, það er síður en svo, en ég hlýt að lýsa undrun minni yfir því, miðað við það, hvernig fiskiðnaðurinn og sjávarútvegurinn er leikinn í sambandi við þessi mál öll, að ekki skuli hafa heyrzt nein rödd úr hópi stjórnarliðsins eða neinar tilraunir verið hafðar uppi til þess að forða þeirri meðferð, sem þessi atvinnugrein sætir í sambandi við þessi mál. Og ég geri þetta sérstaklega að umræðuefni vegna þess, að staða þessarar atvinnugreinar hefur sérstaka þýðingu í sambandi við launakjör verkafólks í landinu. Hér er auðvitað um það að ræða, að fiskiðnaðurinn og sjávarútvegurinn yfirleitt verður að taka á sig 3% kauphækkun í sambandi við þetta frv., eins og allar aðrar atvinnugreinar í landinu, en sérstaða þessarar atvinnugreinar er fólgin í því, að hún getur ekki velt neinu af þessum byrðum af sér og verður þess vegna algerlega að standa undir því sjálf, getur ekki velt því yfir á almenning. Það er sérstaða þessarar atvinnugreinar. En það er ekki bara um það að ræða, að fiskiðnaðurinn verði einn atvinnugreina örugglega að standa undir þessari kauphækkun í krónutölu, heldur er um miklu víðtækari aðgerðir að ræða til þess að rýra afkomu fiskiðnaðarins og sjávarútvegsins, þ. e. a. s. það eru teknir af honum styrkir, sem hann áður naut af söluskatti upp á í kringum 100 millj. kr., en það mundi svara til þess, að þessi atvinnugrein væri látin bera 20—25% og þó sennilega nær 25% í hreinni kauphækkun. Hef ég þá fyrir mér útreikninga, sem efnahagsráðunautar ríkisstj. gerðu i sambandi við frv. um aðstoð við sjávarútveginn í fyrra, en það var fullyrt í grg. með því frv., að 15% kauphækkun, sem varð í desember, svaraði til 62 eða 63 millj. kr. aukningar á útgjöldum fiskiðnaðarins, og er þess vegna ekki sú fullyrðing neitt gáleysisleg hjá mér, að með því að svipta sjávarútveginn þessari aðstoð sé verið að gera raunverulega sams konar aðgerð og honum hefði verið gert að hækka kaupið um 25% og að auki þau 3%, sem aðrar atvinnugreinar eiga við að búa.

Nú vil ég skjóta hér inn í ofurlitlum vitnisburði um það, hvernig hag þessarar atvinnugreinar er háttað. I leiðara Vísis í dag segir, að ef niðurgreiðslum væri ekki haldið áfram,

mundi kaupgjald í landinu nú hækka um a. m. k. 5%. Hver yrði afleiðing þess? Það er auðsætt. Verðbólgan mundi taka stökk fram á við. Erfiðleikar meginframleiðslugreinar þjóðarinnar, sjávarútvegsins, hinn hækkandi framleiðslukostnaður, sem af slíkri kauphækkun leiddi, mundi bjóða heim stöðvun útflutningsframleiðslunnar eftir skamman tíma. Væri slík stefna í samræmi við hag launþega í landinu? — Ja, ljótt er nú að heyra. Þessi atvinnugrein, sem hæstv. ríkisstj. er með sínum ráðstöfunum að leggja á sem svarar 25—28% kauphækkun, þolir ekki 5% kauphækkun, þá stöðvast hún. Hvernig fer fyrir þessari atvinnugrein? Og nú spyr ég hv. 4. þm. Vesturl., hvað hann álíti um þetta, vegna þess að ég veit, að það er að fara í geitarhús að leita ullar að spyrja hæstv. ráðh. um það, því að þeir hafa ekki hugmynd um það. Er það virkilega skoðun ríkisstj., að sjávarútvegurinn sé svo vel haldinn og hans hagur hafi batnað svo á því ári, sem nú er að líða, og þó ekki fullu ári, að hann geti nú tekið á sig þessa hækkun? Auðvitað fer svo ekki hjá því, að hann verður að taka á sig hækkanir í sambandi við samninga á næsta vori. Það vita allir og hafa allir lengi vitað, að kaup verður að hækka í vor og verður hækkað. Er það virkilega svo, að það sé hugmynd hæstv. ríkisstj., er hún svo fjarri raunveruleikanum að halda það, að þessi atvinnugrein í landinu, þessi þýðingarmesta atvinnugrein okkar, geti staðið undir þessum álögum? Og ef svarið skyldi nú vera neitandi, hvað á þá að gera? Á kannske að leggja á nýja skatta eftir nýárið eins og í fyrra? Er þessi hækkun á söluskattinum núna bara byrjunin á stórkostlegum aðgerðum til nýrrar skattheimtu? Og hvernig á að bjarga málum sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins við, ef það er rétt, sem einkamálgagn hæstv. fjmrh. segir, að þessi atvinnugrein þoli ekki 5% kauphækkun, en ríkisstj. er staðráðin í að leggja á hana sem svarar 28%? Hvernig verður því máli bjargað öðruvísi við en með nýrri aðstoð og nýjum sköttum? Þess vegna spyr ég: Er fyrirhugað að leggja á nýja skatta vegna sjávarútvegsins, þegar hv. Alþingi kemur saman aftur? Er þetta kannske bara aðeins byrjunin, sem hér er á ferðinni?

Ef það á að leika hér slíkan loddaraleik að hrifsa fyrst yfir 100 millj. af útveginum í eyðsluhítina og koma svo enn á ný og leggja á nýjar álögur, þá fer myndin að skýrast af því, sem er að gerast, og því, sem hlýtur að koma.

Ég vil svo aðeins bæta því við í sambandi við fiskiðnaðinn, að ein meginástæðan til þess, að ég a. m. k. álít niðurgreiðslur vera nauðsynlegar og það til þess ýtrasta nú um sinn a. m. k., er einmitt sú, að þær koma þessari atvinnugrein til beinna hagsbóta og gera hana færa um að standa undir þeim lífskjörum, sem nauðsynleg eru og almenningur í landinu getur sætt sig við.

Fyrstu viðbrögð launþegasamtakanna við þessu frv. eru nú orðin ljós af samþykktum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem báðar voru lesnar af hv. ræðumönnum, sem töluðu hér næstir á undan mér, og ég þarf þess vegna ekki að rekja nánar. En ég ætla þó, að þær samþykktir og þá ekki síst samþykkt stjórnar BSRB séu nokkur vottur um það, að í þessu máli eru allir á einu máli í launþegasamtökunum, hvaða flokki sem þeir annars kunna að fylgja eða hafa fylgt, og það virðist vera næstum auðsætt af þessum ályktunum, sem eru afdráttarlausar og skýrar, að þær hafa óhjákvæmilega sín áhrif á stefnu þeirra og viðbrögð í kjaramálunum. Og ég held, að þessar samþykktir og sjálfsagt fleiri, sem á eftir munu koma, sanni það greinilega, sem við höfum haldið fram, Alþb.-menn, að það átti að hafa samráð við verkalýðssamtökin, áður en þetta frv. var lagt fram, og það er trú mín, að ef það hefði verið gert, hefðum við aldrei séð það hér á borðunum hjá okkur, heldur hefði þá verið þrátt fyrir allt reynt að leita annarra leiða, einhverra þeirra leiða, sem ég hef hér bent á.

Nú segja menn aftur á móti á eftir, þegar þetta frv. er komið á góðan rekspöl gegnum þingið, — þá segja menn: Við viljum auðvitað hafa samstarf við launþegasamtökin. — Við viljum fljótlega hefja viðræður við launþegasamtökin, segir t. d. Alþýðublaðið, og ræðumenn hv. stjórnarflokka hafa viðhaft svipuð ummæli, og eins og ég sagði áðan, bætir Alþýðublaðið því við, að slíkt samstarf og viðræður eru ekki aðeins nauðsynlegar, heldur eru þær það eina, sem getur bjargað frá bráðum voða. Ég verð að segja, að þar sem hér er um að ræða aðgerðir af hálfu ríkisstj. í landinu, minnir það mann of mikið á pörupilta, sem eru varaðir við því að fremja óknytti, en vilja ekki láta sér segjast og treysta því, að þeir geti bðizt vægðar á eftir, vægðar og vorkunnar fyrir óknytti sína. Slíkt getur auðvitað lukkazt fyrir illa innrættum strákum, en það er ekki víst, að það heppnist jafnvel fyrir þeim, sem eiga að ráða fyrir landi og þjóð og eiga að bera hina þyngstu ábyrgð og mestu ábyrgð í þjóðfélaginu.

Nei, bezta tækifærið og raunverulega það eina sjálfsagða til samráðs og samvinnu við alþýðusamtökin var, áður en þetta frv. kom fram, og það tækifæri er illu heilli liðið hjá.

Það er þó ástæða til að ætla, að það væri enn þá, þótt það sé orðið á elleftu stundu, mögulegt að hefja viðræður og leita samstarfs milli ríkisstj. og almannasamtakanna um lausn vandamálanna, en þá auðvitað ekki með öðru skilyrði en því, að þetta frv. væri dregið til baka á svipaðan hátt og þvingunarlagafrv. var sællar minningar dregið til baka hér á elleftu stundu í nóvembermánuði s. l.

Ef þetta frv. verður þvingað í gegn nú, er engum blöðum um það að fletta, að það er efnt til nýrrar verðbólguöldu í landinu og því miður, að því er bezt verður séð, með ráðnum hug. Trú manna á það, að ríkisstj. vilji yfirleitt hafa forustu um aðra þróun í efnahagsmálunum en þá, sem tryggir afætunum í þjóðfélaginu sem stærstan hlut með sístarfandi verðbólgu, bíður

óbætanlegan hnekki, ef þetta frv. verður samþ., jafnvel þó að hæstv. ríkisstj. sjái að sér síðar. Það er alveg víst, að verðbólguhjólið tekur nú á ný að snúast og það ástand skapast í öllum hagsmunahópum þjóðfélagsins, að enginn telur sig eiga annars kost en að leitast við að ná eins miklu til sín og hann mögulega getur, eins og frekast er auðið. Í slíku ástandi geta engir hagspekingar reiknað það út fyrir fram, hverjar afleiðingarnar verða eða hvenær möguleikar yfirleitt skapast á því að spyrna við fótum. Striðið er þá hafið með öllum þeim afleiðingum, sem af því hljótast og enginn fær nú að fullu séð fyrir um. Í slíku ástandi væri það auðvitað fásinna af launþegasamtökunum að sitja með hendur í skauti, enda gæti slíkt þá ekki leitt til annars en sihrakandi lífskjara, þrátt fyrir þau miklu góðæri, sem yfir hafa gengið, og stórfelldan vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, enda mun slíkt vissulega ekki verða. Rökin fyrir stórbættum launakjörum vinnustéttanna, styttingu vinnudags og öðrum kjarabótum hafa aldrei verið augljósari en einmitt núna, þegar svo harkalega og tilefnislaust er vegið að afkomu vinnustéttanna með því kauplækkunarfrv., sem hér er á ferðinni.

Opinberir starfsmenn benda á það í sinni ályktun um þetta frv., að þeir hafi aðeins frá því 1. júlí 1963 orðið að bera 23.5% hækkun framleiðslukostnaðar bótalaust. Verkamannafjölskyldu skortir nú yfir 30 þús. kr. á ári á það, að tekjur hennar af 8 stunda vinnudegi nægi til framfærslu meðalfjölskyldu skv. útreikningum hagstofunnar um framfærslukostnað. Og samt sem áður á nú enn þá að leggja á slíka fjölskyldu auknar byrðar og lækka raunveruleg laun. Vinnutíminn er orðinn slíkur, að heilar starfsgreinar vinna nú allt að því 1000 yfirvinnustundir á ári, miðað við nýjustu skýrslur, sem til eru um vinnutímann á Íslandi. Það svarar til 5 mánaða vinnu á ári til viðbótar við fulla vinnu hina mánuðina 12, og slíkir hlutir eiga sér stað, þrátt fyrir það að vöxtur þjóðarframleiðslunnar nemur 7—8% á ári og e. t. v. meira.

Þó að þetta sé svo, á enn þá að ráðast gegn þessum stéttum með aðgerðum til kjaraskerðingar. Það á að hleypa verðbólguófreskjunni óbeizlaðri út úr því búri, sem hún hefur verið lokuð inni í nú um stuttan tíma að vísu, og láta hana læsa tönnunum í kjör þessara stétta, þau sem þær þó enn þá búa við.

Þegar þannig er farið að, eiga vinnustéttirnar auðvitað ekki neinn annan kost, þó að hann sé þeim nauðugur, heldur en þann að beita valdi samtaka sinna til varnar hagsmunum sínum og lífskjörum, og það munu þær gera. Og þá kynni svo að fara, að jafnvel hæstv. ríkisstj. yrði skamma stund því höggi fegin, sem hún reiðir nú að almenningi á sjálfri jólaföstunni.

En því er verr, að þau afglöp, sem hér á að fremja, geta orðið fleirum dýr en sjálfri ríkisstjórninni, því að þau bitna auðvitað fyrst og fremst á meginþorra þjóðarinnar, og það er þess vegna ekki af neinni umhyggju fyrir hæstv. ríkisstj., sem hún er aðvöruð alvarlega við því að slá á þá útréttu hönd almannasamtakanna í landinu, sem enn er tækifæri til að mæta af skilningi og með samstarfsvilja. Það eru hagsmunir alls almennings og þjóðarinnar sem heildar, sem krefjast þess, að ríkisstj. sjái nú að sér. Ef hún hins vegar gerir það ekki, er það skylda Alþingis að taka af henni ráðin í þessu máli og fella þetta verðbólgu- og kjaraskerðingarfrv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hér hefur nú þegar verið af hálfu stjórnarandstæðinga bent á svo margt, sem mælir gegn því, að söluskatturinn sé hækkaður, að meira þarf varla við að bæta honum til fordæmingar. Það hefur verið sýnt fram á, að söluskattur er álöguform, sem leggst á gjaldendur alveg án miðunar við gjaldgetu þeirra og í mörgum tilfellum í öfugu hlutfalli við gjaldþolið, bent á, að hann er fátækraplága, áníðsla á fátæku fólki, sem berst í bökkum. Hann er hinn ósýnilegi draugur, sem étur grædgislega frá börnunum við borð barnmörgu, fátæku fjölskyldunnar. Hann leggst líka þungt á atvinnurekstrinn og dregur hann niður. Þennan draug tilkynnir nú hæstv. ríkisstj., að hún sendi heimilunum til framfærslu strax upp úr nýárinu. Góður glaðningur það!

Þá hefur verið rækilega á það bent, að söluskatturinn, sem tekinn er án miskunnar af neytandanum, kemur ekki allur til skila. Milliliðirnir sumir er talið að taki sér sneið af ostinum, áður en þeir skila honum, þó að ríkið eigi hann, og er erfitt að fyrirbyggja slíkt. Máske er það ekki heldur vel samrýmanlegt núverandi stjórnarstefnu að vera með rekistefnu út af slíku. Loks hefur verið bent á, að allar líkur séu til, að hægt væri að komast af með það fé, sem hæstv. ríkisstj. hefur undir höndum og fær í hendur á næsta ári, án þess að hækka söluskattinn, ef vilji til þess væri fyrir höndum og skyldugrar ráðdeildar væri gætt. Áhætta væri a. m. k. áreiðanlega ekki mikil að reyna þetta fram eftir næsta ári. Eða hvenær ætlar hæstv. ríkisstj. að hætta að láta berast fyrir stormi og straumi eins og flak á öldu? Hvenær ætlar hún að hætta flótta sínum undan örðugleikunum? Hækkun söluskattsins er flótti frá mörkum og miðum, sem ríkisstj. þarf að hafa. Í stað þess að keppa að þeim mörkum er um flótta frá þeim að ræða. Álagning söluskattsins er stökk á flóttanum. Hvar nemur staðar með efnahagslífið, ef svona heldur áfram með verðbólguvöxtinn? Söluskattshækkunin er trygging fyrir því, að verðbólgan haldi áfram að vaxa, og lögmál þeirrar tryggingar er sett inn í sjálft frv., þar sem gert er ráð fyrir álögum vegna verðbólguaukningar, sem aftur leiðir af sér nýjan vöxt verðbólgunnar.

Ég get ekki að því gert, að hæstv. ríkisstj. minnir mig stundum og einmitt núna á strákinn á Akureyri, sem frægur varð fyrir það að fara á bak benzínhjóli, setja það af stað, geta ekki stöðvað það, komast ekki af baki og rig-

halda sér, meðan benzínið entist, en það entist suður í botn Eyjafjarðar. Að vísu má kannske segja, að sá sé munurinn á hæstv. ríkisstj. og stráknum, að hún gæti hent sér af baki.

Hæstv. núv. ríkisstj. og stuðningslið hennar á Alþingi og í blöðum hefur stundum talað um það niðrandi, að vinstri stjórnin hafi farið frá vegna verðbólgu, sem hún hafi ekki viljað bera ábyrgð á. Þá er vitnað til 17 vísitölustiga hækkunar. Miðað við núgildandi vísitölustig voru þessi 17 stig víst sama og 8½ stig eftir útreikningum nú. Já, það er rétt, vinstri stjórnin sagði af sér, af því að hún gat ekki myndað nægilega sterka samstöðu til að vinna bug á þessum verðbólguvexti, svo samvizkusöm var hún sem ríkisstj., að hún dró sig í hlé og gaf Alþingi kost á að mynda samstöðu um nýja stjórn, sem að vísu tókst ekki mjög vel. En hvað gerir núv. hæstv. ríkisstj.? Í hennar tíð hefur dýrtíð vaxið, að mér skilst, um nálega 130 stig, ef reiknað væri eftir sömu reglu og 17 stigin voru reiknuð, en hún situr samt, og enn stofnar hún til meiri dýrtíðar með þessari söluskattshækkun. Hún heldur með því áfram að trekkja upp gangverk dýrtíðarinnar.

Eitt sinn voru stjórnarkreppur til vandræða á Íslandi. Nú er þráseta ríkisstjórnar, sem veldur ekki verkefnum sínum, höfuðvandamál þjóðfélagsins eða eitt af mestu vandamálum þjóðfélagsins. Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. lengi að sitja? Ætlar hún að sitja, þangað til benzínið er búið og allt komið í strand? Og hvað ætlar hinn naumi meiri hluti hennar á Alþingi að láta sér lengi lynda, að svona gengur? Ætlar hann að samþykkja söluskattsfrumvarpið? Fáir hafa látið til sín heyra um það enn. Hefur enginn í því liði dug til þess að rísa gegn öðru eins og þessu?

Hæstv. ríkisstj. viðurkennir, að sívaxandi verðbólga sé böl og sú þróun sé eyðandi eldur í máttarviðum efnahagslífsins. Samt kyndir hún þennan eld. Hún sér, að því er virðist, úr þessu ekki önnur ráð sjálfri sér til lífs enn um stund. Hún hjalar að vísu um, að það þurfi víðtæka samstöðu til þess að ráða við eldinn, og það gera ýmsir stuðningsmenn hennar, m. a. var vitnað í það, sem einn hv. þm., ritstjóri Alþýðublaðsins, segir í því blaði í gær. En hvað er að marka slíkt hjal, þegar verk fylgja ekki? Það virðist svo, að hún vilji ekki aðra samstöðu en þá, sem væri í því fólgin, að henni sjálfri sé þjónað og stefnu hennar. Hún vill ekki samstöðu með jafnrétti. Upphaflega eða nánar tiltekið 1960 bauð stjórnarandstaðan hæstv. ríkisstj. samvinnu skv. tillögu okkar framsóknarmanna, er allir stjórnarandstæðingar greiddu atkvæði með. Till. var um að skipa efnahagsmálanefnd, tvo menn tilnefnda af hverjum þingflokki, er gerði tillögur um lausn efnahagserfiðleikanna. Þessu hafnaði ríkisstj., ekki blátt áfram, heldur með hroka. Slíka samstöðu vildi hún ekki. Hún vildi ekki og vill enn ekki slíka samstöðu, bara þjónustu við sig og sínar tillögur og sín áhrif. Þeir, sem ekki geta fallizt á hennar sjónarmið, gátu vitanlega ekki gengið til slíkrar þjónustu við hana 1960, og enn síður geta þeir það nú, þegar reynsla er fengin af verkum hennar og eldur verðbólgustefnu hennar hefur geisað og á að geisa áfram. Hún virðist ætlast til þess, en það er svo mikil fjarstæða, að það líkist því, að mér virðist, að Neró keisari hefði gert kröfu til þess, að fólkið í Róm hyllti hann, eftir að hann hafði látið kveikja í borginni.

Nei, hv. þm., þetta er ekki hægt lengur. Við verðum að fella þetta frv., sem er olía í eldinn, þann eld, sem er að eyðileggja efnahagslíf þjóðarinnar á mestu uppgripatímum, sem þjóðin hefur lifað, því að á það ber að líta, að hæstv. ríkisstj. hefur notið þeirrar heppni, að á hennar valdatíma hafa þjóðinni fallið í skaut frá náttúrunni meiri aflagóðæri en nokkurn tíma áður, og sölur aflans sem útflutningsvöru hafa gengið mætavel.

Þó er það svo, að þegar þess var farið á leit við hæstv. ríkisstj., að hún lyfti undir bagga, sem fallið höfðu á herðar gjaldþegna í landinu óvænt á þessu ári, þá var það helzt, sem hún gat bent á, að þeir fengju kreppulán. Kreppulán á slíkum tímum. Furðulegt! En satt er það nú samt. Hugur hæstv. ríkisstj. stefnir ekki hærra. Hvar eru peningarnir, sem aflazt hafa? Einhvers staðar hljóta þeir að vera. Að einhverju leyti hefur hæstv. fjmrh. reynt að ná þeim til sín. Nú, það er út af fyrir sig búmannlegt, og ég vil ekki hafa ill orð um hann fyrir það. Hann hefur farið að eins og Faraó forðum, búið sig undir harðærið og lagt 100 millj. á bók í sjóð og talið, að það væri nýmæli í sögu þjóðarinnar, að ríkissjóður færi að safna slíkum innstæðum. Sennilega fær hann góða vexti af þessu innlagi. En spurningin er þá nú: Er ekki komið það harðæri, þegar farið er að þenda fólki á að taka kreppulán til að greiða skattana sína og þegar lagt er fram frv. um hækkandi söluskatt, að grípa ætti til þessarar innstæðu? En þá kemur vitanlega í ljós, að innstæðan er lítil og rís varla undir því lofi með ráðh., sem hann bar á sjálfan sig vegna þessarar fúlgu. En hvar eru peningarnir? Menn fara í banka, biðja um lán og segjast ganga þaðan bónleiðir. Það er ekki yfirleitt hægt að veita mönnum úrlausnir í þeim efnum, sem að verulegu gagni koma eða svara til þeirrar verðbólgu, sem þjáir þjóðina.

Fróðir menn segja, að braskarar hafi grætt. Menn, sem eru ekki sérstaklega góðviljaðir í garð hæstv. ríkisstj., telja, að hún sé ánægð með það, og stóreignaskatt er henni nú t. d. mjög meinlega við. Það hefur maður heyrt. En almenningur getur, þó að hann finni ekki fé í bönkum og fái ekki fé í sína pyngju, þá getur hann séð, hvar peningar eru á ferð, ef hann gengur hér um Reykjavík. Hann getur séð, hvar stórbyggingar þjóta upp, og þær geta ekki orðið til, nema peningar séu fyrir hendi. Þeir menn og þau fyrirtæki, sem þar byggja stórbyggingar, hljóta að hafa fengið drjúgan skerf með einhverju móti af góðæri þjóðfélagsins og þjóðarinnar. Þeir hljóta að

hafa fengið hann. Kannske hafa þeir að sumu leyti fengið hann með úrlausn hjá bönkunum, einmitt af því að þeir áttu peninga fyrir og höfðu þá í höndum.

Mér hefur dottið í hug, þegar ég hef séð þessar stórbyggingar hér við aðalgötur, frásögn í bók um frumskógalífið í Ameríku, sérstaklega um háttu skógarbjarna þar. Þeir liggja í híði sínu að vetrinum, en þegar fer að vora, koma þeir á kreik, svangir eftir sveltuna, og leita til laxánna til að ná sér í lax, því að um það leyti fer laxinn að ganga í árnar. Og stóru birnirnir taka sér stöðu á töngunum og nesoddunum við árnar til þess að standa sem bezt að vígi til þess að ná í laxinn, þegar hann fer hjá, og þar veiða þeir. En smábirnirnir verða fyrir því, að stóru birnirnir hrekja þá frá. Þeir mega snópa að baki og á veiðileysum. En stóru birnirnir veiða svo duglega, að jafnvel þótt þeir séu lystugir, torga þeir ekki, en í stað þess að láta litlu birnina hafa afganginn, grafa þeir hann, segir maðurinn, sem skrifar bókina. Mér hefur einhvern veginn sýnzt, að þessi stórhýsi, sem rísa hér upp við aðalgötur yfir viðskiptafyrirtæki, og yfirleitt eru það viðskiptahallir, sem rísa, séu reist á veiðistöðvunum við strauminn, fólksstrauminn, þar sem bezt er að veiða fyrir kaupahéðna. Mér er sagt, að það sé eitthvert samspil milli stefnu hæstv. ríkisstj. og þessara manna, kannske óbeint. Mér er sagt, að jafnvel meiri hluti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík sé í þessu samspili og láti þessa stóru birni hafa aðstöðu á töngunum, aðstöðu við strauminn, láti þá sitja fyrir lóðum á þeim stöðum.

Ég held, að það sé að í okkar þjóðfélagi, að stóru birnirnir veiði á þessum árum of mikið, þeir bægi hinum smáu frá, og það eru smælingjarnir, sem verða út undan. Það er rétt að hafa þetta í huga. Ég held, að það sé megingalli þeirrar stjórnarstefnu, sem nú ríkir, að hún lætur viðgangast og styður að þessu misrétti.

Þetta er á vissan hátt dapurlegt ástand. Það er ekki dapurlegt við strauminn í stórhýsunum, en það er dapurlegt hjá smælingjunum, og það er dapurlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa orðið til þess, að þessi þróun hefur átt sér stað, og vera þannig sett, að hún telji sig þurfa að grípa til þess neyðarúrræðis að hækka söluskatt nú upp í 8%. Að vísu hefur hún nú hopað um hálft prósent. Það skal ekki lastað út af fyrir sig, þetta gat hún. Takið eftir: Þetta gat hún, þegar hún varð nógu hrædd um framtíð sína. Af öðru kom það ekki. En hræðsla er slæmur leiðarvísir. Sá, sem hrekst fyrir hræðslu, er ekki heppilegur fararstjóri, en það á ríkisstj. þó jafnan að vera.

Hæstv. ríkisstj. getur, eins og hún féll frá hálfa prósentinu, líka fallið frá söluskattshækkuninni allri, ef hún vill. Hverjir ætli gætu hrætt hana til þess núna fyrir jólin? Ekki jólin sjálf. Þeir, sem gætu hrætt hana til þess, eru stuðningsmenn hennar hér á Alþingi, og þeir ættu að gera það. Það er áreiðanlega á þeirra valdi, og það þyrfti ekki nema einn til þess t. d. hér í þessari hv. d. Það væri drengilegt og yrði lengi munað í sögu Alþingis.

Hæstv. ríkisstj., sem látið hefur dýrtíðina til jafnaðar á ári hverju á sínum valdatíma vaxa 7—8 sinnum meira en þau 17 stig, sem um var að tefla í lok vinstristjórnartímans, og sér nú ekki annað betur henta en gera ráðstafanir, sem herða á verðbólgunni, á vitanlega að viðurkenna sín taflslok og segja af sér. En þó að hún geri það ekki, þá ætti hún að hafa hyggindi og e. t. v. hræðslu til að draga frv. til baka og óska eftir jafnréttissamstarfi við stjórnarandstöðuna eftir áramótin til að meta efnahagsástæðurnar og leita úrræða, er allir gætu skást talið og allir gætu stutt. Um góð úrræði getur varla verið að ræða, úr því sem komið er, ekki lík úrræði og gátu verið fyrir hendi 1960. Mér virðist nefnilega svo komið, að öll þessi „eldraun" sé orðin svo mögnuð og sé búin að gera svo mikið tjón, að allur hroki, sem var 1960, ætti að vera rokinn úr garði hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar líka. Ég hygg fyrir mitt leyti, að stjórnarandstöðuflokkarnir mundu ekki láta á sér standa til sams konar samstarfs og þeir buðu 1960, þó að nú sé, eins og ég sagði, miklu verr komið en þá var. En auðvitað yrði að leggja grundvöllinn í nefnd, sem starfaði á jafnréttisgrundvelli, og þetta frv. mætti þá alls ekki vera orðið að lögum. Hv. þdm., allt, sem máli skiptir, mælir með því, að við fellum þetta frv., og við skulum gera það, og svo skulum við taka höndum saman.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins fáein atriði, sem mig langaði til að hafa orð á í sambandi við þetta mál. Ég þykist hafa hlerað það síðustu daga, að stjórnarliðið muni ekki vera meira en svo ánægt með sig í þessu máli, það muni ekki beinlínis vera hreykið af flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir. Mig undrar það í rauninni ekki. Og þá er það enn síður undrunarefni, að stjórnarandstaðan skuli vera lítt hrifin af þessu afkvæmi hæstv. ríkisstj. Í forustugrein Alþýðublaðsins í gær er vikið að þessu frv., og sú grein ber það sýnilega með sér, að blaðið er síður en svo hreykið af þessari lausn vandans. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Allar eru þessar ráðstafanir, ásamt afgreiðslu fjárlaga með miklum hækkunum, því markinu brenndar, að þær auka frekar en minnka hættu á nýrri verðbólgu. Verður óhjákvæmilegt fyrir ríkisstj. að taka fljótlega upp viðtækar viðræður við launþegasamtökin og leita að nýju samkomulagi, sem forði þjóðinni frá nýrri verðbólguöldu."

Hér er sem sagt stungið upp á því, að leitað verði á ný til verkalýðshreyfingarinnar og hún beðin um að bjarga málunum fyrir hæstv. ríkisstj. Í þessu sambandi langar mig sérstaklega til að beina þeim orðum, þeirri spurningu til hv. þdm. úr flokki Alþfl., hvers vegna var ekki leitað til verkalýðshreyfingarinnar, áður en þetta frv. var borið fram. Því var ekki leit-

að samráðs við alla þá aðila, sem að júnísamkomulaginu stóðu? Það er vitað mál, að þetta frv. kemur eins og þjófur á nóttu, verkalýðshreyfingunni a. m. k. og öðrum launþegasamtökum algerlega að óvörum. Eins og í pottinn er búið, eftir að samkomulagið var gert í júní s. l., hefði það óneitanlega verið sanngjarnt, að hæstv. ríkisstj. hefði borið þetta mál undir viðkomandi launþegasamtök, áður en frv. var lagt fram á þinginu. En þetta var ekki gert. Hæstv. ríkisstj. tók til sinna ráða, valdi þá leið, sem hún kaus helzt af einhverjum ástæðum, án þess að ráðfæra sig við launþegasamtök. Svo er talað um á eftir, að nauðsynlegt sé að leita á ný til verkalýðshreyfingarinnar um samning til þess að reyna að firra þeirri verðbólguöldu, sem hæstv. ríkisstj. er nú vitandi vits að magna.

Ég er meðal þeirra, sem líta svo á, að með þessu frv. orðnu að lögum hafi ríkisstj. brugðizt siðferðilegri skyldu sinni og skuldbindingum, sem hún tók sér á herðar 5. júní s. l. með samkomulaginu við atvinnurekendur og verkalýðshreyfinguna. Hún tekur það upp á sitt eindæmi að flytja mál, sem leiðir til verðbólgu. En aðalmarkmið viðræðnanna í júní s. l. var einmitt að stöðva verðbólguna. Hvað sem líður orðalagi samkomulagsins, lít ég svo á, að hún sé siðferðilega að bregðast skyldu sinni í sambandi við þetta samkomulag. En það er ekki í fyrsta sinn, sem þessi hæstv. ríkisstj. fer sínu fram. Hún hefur áður borið ýmislegt á borð hér á Alþ. og haft það fram allajafna, með þeirri einu undantekningu, sem gerðist á síðasta þingi, í nóv. 1963, þegar hún guggnaði á lagasetningu um kaupbindingu og bann við verkföllum.

Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn. hér í dag. Ég gerði ráð fyrir því fyrir fram, að ég mundi nokkuð geta af ræðu þessa hv. þm. markað afstöðu hans til málsins, og ég verð að segja, að ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Hann markaði afstöðu sína í ræðunni, en þó miklu frekar með þeim orðum, sem hann sagði ekki, heldur en þeim, sem hann lét sér um munn fara. Ræða hans var á mjög breiðum grundvelli, en lítt tekið á einstökum málum, sem hér hafa verið rædd, sérstaklega af stjórnarandstöðunni. Hann tók þó fram í byrjun ræðu sinnar, að stjórnarandstaðan væri búin að hafa mörg og stór orð um þetta frv. og að hún hefði fullyrt mikið í þá átt að fordæma frv. og efni þess. Þess vegna hefði mátt búast við, að frsm. hv. meiri hl. hefði snúizt til varnar, tekið það, sem stjórnarandstaðan gagnrýndi, lið fyrir lið og hrakið það. En þetta láðist hv. frsm. meiri hl. að gera. Hann talaði vítt og breitt um dýrtíðarmál og efnahagsmál, en kom lítið inn á þá gagnrýni, sem fram hefur komið í sambandi við þetta frv. sérstaklega.

Þessi hv. þm. gat þess, að stjórnarandstaðan hefði ekki gert hér neina tilraun til að styðja gagnrýni sína með tölum að þessu sinni. Þar átti hann við, að stjórnarandstaðan hefði ekki látið uppi tölur um, hve mikil kjaraskerðingin yrði af völdum þessarar hækkunar á söluskattinum. Þetta er alveg rétt. En það er ekki þetta fyrst og fremst, sem gagnrýnt hefur verið í sambandi við frv., heldur er það fyrst og fremst það, að með þessari hækkun á söluskattinum eru allar líkur á, að verðbólguhjólið verði sett í gang á ný. Það er þetta, sem við í stjórnarandstöðunni leggjum megináherzlu á í gagnrýni okkar og vörum við. Við óttumst, að hækkun söluskattsins verði til þess á næstu mánuðum eða missirum að opna á ný flóðgáttir nýrrar verðbólgu. Þetta hafa hv. stjórnarsinnar ekki reynt að hrekja, enda er þeim ljóst, að hér er hætta á ferðum, og þeir viðurkenna það.

Þá varpaði hv. frsm. meiri hl. fram þessum spurningum í sambandi við hækkun söluskattsins, hann spurði: Er þessa þörf, koma ekki aðrar leiðir til greina? — Og hann svaraði sjálfum sér, að ef einhver héldi, að ekki væri þörf neinna aðgerða, eins og virtist koma fram hjá stjórnarandstæðingum, þá stangaðist það á við staðreyndir. Ég vil hafa orð á þessu, af því að hv. frsm. er skýr maður og glöggur og sanngjarn í sínum dómum. Hann veit það eins vel og ég, að til lausnar á þessum vanda voru til og eru til ýmsar leiðir, svo að ég segi ekki margar leiðir, og við stjórnarandstæðingar teljum, að þetta, hækkun söluskattsins um 300 millj. eða meira, sé ein af þeim leiðum, sem sízt hefði átt að velja.

Þá fór hv. frsm. nokkuð inn á almennar bollaleggingar um það að fella niður alla tolla og skatta og taka í þess stað bara lán í Seðlabankanum. Ég veit ekki með vissu, hvaða tilefni hann taldi sér gefast með þessum bollaleggingum, en ég er viss um það, að enginn hv. alþm. hefur látið sér detta það í hug í sambandi við þetta mál, að fella ætti niður alla tolla og skatta. Það er síður en svo, að við í stjórnarandstöðunni ætlumst til þess eða leggjum það til. Við teljum tolla og skatta nauðsynlega, og við teljum, að þá verði að hafa háa, til þess að unnt sé að veita almenningi sem mesta þjónustu. En það er annað, sem við látum orð falla um í sambandi við hækkun á söluskattinum. Það er, að það er ekki sama, hvernig tollar og skattar eru á lagðir, og það er ekki heldur sama um skattformið. Og við erum margir á því hér á hinu háa Alþ., að söluskatturinn sé eitt það ranglátasta og varhugaverðasta form á sköttum, sem til er. Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg, að hv. frsm. meiri hl. sé líka þeirrar skoðunar.

Þá ræddi hv. frsm. meiri hl. nokkuð um það, og það ekki alveg án fyrirlitningar, að taka upp aftur haftakerfið gamla. Auðvitað mætti gera það, ef þess væri óskað af meiri hl. Hv. stjórnarsinnar hafa hrósað sér af því, að þeir hafi afnumið haftakerfið. Ég efast um, að það sé heilagur sannleikur. En hvað gera þeir í staðinn? Í staðinn fyrir að innleiða höft á innfluttum vörum leitast þeir við að taka peningana af almenningi, svo að hann geti

ekki keypt nema takmarkað magn af innfluttum vörum. Þetta eru þeirra höft. Það eru líka höft.

Hv. frsm. talaði lítillega um aðrar tekjuöflunarleiðir, sem kæmu til greina. Hann nefndi hækkun tolla á lúxusvörum, og hann nefndi eitthvað fleira. En ósköp var sú upptalning fátækleg hjá honum, jafnfróðum manni um þessi efni og hér er um að ræða. Vitanlega eru leiðirnar til þess að koma í veg fyrir hækkun söluskattsins að þessu sinni fjöldamargar. En ég er ekki viss um, að það þurfi að grípa til þeirra úrræða svo mjög í sambandi við þetta mál að hækka tolla eða skatta. Ég er þeirrar skoðunar, eins og fram hefur komið hjá fleirum hér, að þetta megi gera að miklu leyti, það megi ná þessu fá að miklu leyti með nokkrum lagfæringum án nýrrar skattaálagningar.

Hæstv. forsrh. innleiddi þessa umr. hér í hv. deild í dag. Hann skýrði frá því, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að bera fram brtt. við frv., tillögu, sem felur í sér lækkun úr 8% í 7½%. Hér er um að ræða 68 millj. kr. Hvar á að taka þessar 68 millj. kr.? Hæstv. forsrh. eyddi ekki einu orði að því í ræðu sinni, hvernig ætti að afla þessara 68 millj. kr., svo lítið var það atriði í hans augum. Ég hafði, áður en þessi till. hans eða hæstv. ríkisstj. kom fram, látið mér detta í hug: Þessar 68 millj. kr. þurfum við ekki að ná í með hækkun á söluskatti, við skulum bara láta tekjuafgang ársins 1964 sjá fyrir þessum lið. — Og það mætti segja mér, að þetta væri ætlun hæstv. ríkisstj. Ef svo er ekki, þá kemur það væntanlega fram, hver leið hennar er í þessu atriði. Það mætti nefna fleiri upphæðir, sem hér koma við sögu, upphæðir, sem hæstv. ríkisstj. endilega hyggst þurfa að fá með hækkun á þessum söluskatti og ekki með neinu öðru móti.

Þeirra 207 millj. kr., sem ætlaðar eru til aukinna niðurgreiðslna á árinu 1965, tel ég, að vafalaust megi afla án nýrrar skattlagningar. Hér er um að ræða 207 millj. kr. Ég held, að með góðum vilja yfirvaldanna mætti afla þessa fjár á árinu 1965 með hertu eftirliti með skattframtölum og þar af leiðandi betri innheimtu tekjuskatta og umfram allt betri innheimtu á 5½% söluskattinum. Það er enginn vafi á því, að þetta mundi gefa ríkissjóði réttmætar tekjur, sem næmu tugum millj. kr., ef ekki á annað hundrað millj. Til viðbótar mætti svo áreiðanlega áætla aðflutningsgjöldin árið 1965 hærra en hæstv. ríkisstj. er nú fáanleg til að gera. Og þar er við að styðjast reynslu tveggja síðustu ára, áranna 1963 og 1962, og það var hæstv. fjmrh., sem upplýsti það í tölum, hve mikið innflutningurinn að verðmæti fór fram úr því, sem áætlað hafði verið þau árin. Og þó að þær tölur yrðu ekki nándar nærri eins háar á árinu 1964, þá er vafalaust um verulega aukningu fram úr áætlun að ræða. 68 millj., sem áttu að fara til niðurgreiðslna á árinu 1964, þarf ég ekki að fjölyrða um. Hæstv. forsrh. hefur sjálfur strikað þær út í dag með einu pennastriki. Og þá eru loks eftir 42 millj., sem ætlaðar eru vegna hækkunar á kaupi, — hækkunar, sem leiðir af hækkun söluskattsins. Ef söluskatturinn verður ekki hækkaður, falla þessar 42 millj. niður sjálfkrafa. Ég bendi hér á eina leið. Ég efast ekki um, að þær eru margar fleiri til, ef vilji væri nokkur fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj. til að ræða málin og athuga málin frá hinum ýmsu hliðum.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. En ég vil aðeins minna á það enn einu sinni, að viðræðurnar, sem áttu sér stað á s. l. vori milli hæstv. ríkisstj., Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins, snerust um leiðir til þess að stöðva verðbólguna og til þess að bæta kjör verkafólksins. Og samkomulagið, sem gert var að lokum 5. júní, var um atriði, sem ótvírætt hnigu í þessa átt, fyrst og fremst stöðvun verðbólgunnar og síðan um kjarabætur handa verkafólki. Þetta samkomulag var síðan staðfest og hátíðlega undirritað, og það átti að gilda í eitt ár a. m. k., eða fram á næsta vor. Það er enginn efi á því, að allur þorri landsmanna fagnaði þessu samkomulagi. Og það er enginn efi á því, að hæstv. ríkisstj. óx töluvert í áliti hjá þjóðinni við að hafa gert þetta samkomulag við verkalýðssamtökin. Þetta samkomulag átti að gilda í heilt ár, eða til næsta vors a. m. k. Ýmis skilyrði voru sett af hendi hæstv. ríkisstj., m. a. það, að verkalýðshreyfingin skyldi beita sér fyrir því, að ekki yrði um kauphækkanir að ræða á þessu tímabili. En hverjar eru skyldur hæstv. ríkisstj. í þessu samkomulagi? Er það í samræmi við þær skyldur, sem hún tókst á herðar með þessu samkomulagi, að rjúka nú til á miðju tímabilinu og gera ráðstafanir, sem óhjákvæmilega hafa í för með sér, að verðbólguhjólið fer í gang á ný? Hvað sem bókstafnum líður í þessu atriði, er ég ekki í neinum vafa um það, að hér er hæstv. ríkisstj. að bregðast skyldu sinni í meginatriðum málsins. Ég lít svo á, að með þessu rifti hún samkomulaginu frá 5. júní í vor. Og það er enginn efi á því, að það eru fleiri en ég í þessu landi, sem líta þannig á. Óhugur hefur gripið landslýðinn í sambandi við þetta mál, og nú kvíðir almenningur því, að nú skelli dýrtíðaraldan yfir á ný, aukin dýrtíð, ný verðbólguskriða. Hvað gera verkalýðssamtökin? Eru þau ekki laus allra mála hér eftir? Það er minn persónulegi skilningur.

Það eru til menn í þessu landi, sem fagna því, sem nú er að gerast. Það eru verðbólgubraskararnir, þeirra á meðal fasteignasalar og bílasalar. Þeir kunna sér ekki læti þessa dagana. Allt er að komast í gang aftur, eins og þegar verðbólguhjólið snýst sem hraðast. En almenningur í landinu fagnar ekki, hefur enga ástæðu til að fagna.

Þegar hæstv. forsrh. steig hér í stólinn í dag, beið ég þess með mikilli eftirvæntingu, hvaða boðskap hann hefði að flytja. Ég verð að segja, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum, því að sannast sagna bjóst ég við því, að hann ætlaði að lýsa því yfir hér í hv. d.,

að þetta frv. yrði fyrst um sinn dregið til baka af hæstv. ríkisstj. Það spor hefði vakið fögnuð með þjóðinni, og hefði verið ástæða til, að stjórnarandstaðan tæki því spori með viðurkennandi orðum í garð hæstv. ríkisstj. Ég vil aðeins að lokum segja það, að ég gerði mér þarna of háar vonir um ágæti þessarar hæstv. ríkisstj. og hafði raunar ekki neina átyllu til þess að búast við svo góðu af henni, enda kom það á daginn, að ætlunin er að halda málinu til streitu, þvert í stefnu samkomulagsins, sem náðist í vor.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi til mín út af stöðu sjávarútvegsins í sambandi við þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera. Hv. þm. lét það álit sitt í ljós, að fiskiðnaðurinn verði að standa undir kauphækkunum og byggja afkomu sína á söluverði afurðanna á erlendum markaði. Þetta er mikið rétt og ekkert nýtt, sem þarna kemur fram, frá því, sem áður var þekkt um sjávarútveginn yfirleitt í landinu. Hann verður að bjargast við það, sem hann getur selt sinn afla á erlendum markaði, nema til komi, eins og stundum hefur orðið að grípa til, uppbætur úr ríkissjóði eða tilfærsla á tekjum innanlands. Það er svo með þennan aðalatvinnuveg þjóðarinnar, að hann á aðeins um tvennt að ræða, ef hann á að bjargast, ef tilkostnaðurinn eykst umfram það, sem rekstrarkostnaðurinn er hverju sinni, rekstur fiskiskipaflotans og kostnaðurinn við að fullvinna vöruna í landi. Ef kostnaðurinn eykst umfram það, sem til fellur til að standa undir, þá er um tvennt að ræða: annars vegar að leiðrétta gengi krónunnar og hins vegar að færa til peninga innanlands til þess að brúa bilið, sem verður, til þess að forða atvinnuveginum frá stöðvun.

Í sambandi við þetta mál, sem hér er til umræðu í þessari hv. deild, vil ég segja það, að sjálfsagt er sjávarútvegurinn ekki fær um að taka á sig þá hækkun, sem gert er ráð fyrir, eða 3% kauphækkun. En enn þá síður hefði sjávarútvegurinn verið fær um að taka á sig 5% hækkun, sem hefði leitt af þeirri kauphækkun, ef vísitalan hefði ekki verið greidd niður með þeim tekjum, sem koma í gegnum þennan nýja skatt. Það leiðir af sjálfu sér og af því samkomulagi, sem gert var milli ríkisstj. og atvinnurekenda og launþegasamtakanna með júnísamkomulaginu, sem gert var á s. l. sumri. Án þess að til kæmi þessi tekjumöguleiki hjá ríkinu til þess að greiða niður vöruverðið og halda vísitölunni niðri um þær prósentur, sem hér um ræðir, hefði komið til 5% hækkun, og ég er sammála skoðun hv. 4. þm. Norðurl. e. um, að sjávarútvegurinn er illa fær um að taka á sig 3% og enn þá verr fær um að taka á sig 5%, sem hefði orðið, ef þessi niðurgreiðsla, sem hér á sér stað, hefði ekki komið til.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim skilningi, sem þessi hv. þm. hefur á möguleikum útflutningsframleiðslunnar til þess að taka á sig auknar álögur, í hvaða mynd sem það annars er, og ef sá skilningur hefði áður verið og almennt verið hjá þeim, sem gera kröfur á sjávarútveginn og útflutningsframleiðsluna, þá er enginn vafi á því, að það hefði oft mátt firra vandræðum og stýra fram hjá ýmsum erfiðleikum, sem átt hafa sér stað við að sjá sjávarútvegsframleiðslunni farborða á undanförnum árum.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Vesturl. Mér sýnist, að honum sjáist yfir mjög veigamikið atriði í þessu máli. Það, sem ég talaði alveg sérstaklega um, var sú ráðagerð hæstv. ríkisstj. að taka af fiskiðnaðinum og sjávarútveginum í landinu rösklega 100 millj. kr. En ég útlistaði það, held ég, alveg sæmilega greinilega, að það svarar til þess, að kaup yrði hækkað um 20—25%, og ég var að spyrja um það í því sambandi, hvort þessi hv. þm., sem sérstakur fulltrúi fiskiðnaðarins og sjávarútvegsins, teldi þetta mögulegt, án þess að til kæmu þá nýir skattar, sem lagðir yrðu á sjávarútveginum til aðstoðar. Og ég spurði þess vegna: Er þessi skattahækkun, sem hér er um að ræða, aðeins byrjunin, eða hefur kannske fiskiðnaðinum í landinu og sjávarútveginum verið lofað því, að honum verði bjargað upp úr áramótunum með nýjum sköttum til þess að jafna þessi 20% eða 25%. Þetta er kannske meginatriðið í þessu máli. Hitt er svo auðvitað alger misskilningur hjá þessum hv. ræðumanni, að fara að bera saman einhver 5%, sem sjávarútvegurinn þyrfti að bera, ef þetta frv. yrði ekki samþ. 3% kauphækkunin er einmitt bein afleiðing af samþykkt þessa frv. Ef fjár verður aflað með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir eða sparað á fjárlögum, þá er þetta frv. óþarft og þar með sú 3% kauphækkun, sem hér er um að ræða.

Mér þykir þess vegna sýnilegt af þessu, þótt furðulegt sé, að þessi eini þm. hér í hv. deild, sem hefði átt sérstaklega að kynna sér, hvaða áhrif þessar aðgerðir allar hafa á sjávarútveginn, er svo fávís að koma með aðra eins endemisræðu og þessa, sem hann hélt, því að það er greinilegt, að þessi hv. þm. veit alls ekki, hvað hér er um að ræða.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég svaraði beint spurningu hv. þm. um það, hvað ég teldi í sambandi við þá hækkun, sem leiddi af þessum lögum, sem hér væri verið að staðfesta. Það er rétt, að ég kom ekki inn á hitt, sem hann telur að muni verða. Hann sagði í fyrri ræðu sinni 25–28%, að það mundi hækka dýrtíðina um 25% að fella út 100 millj., og með þessum 3%, sem koma þarna, yrðu það 28%. Ég er alveg sannfærður um, að þessar tölur, sem hann er með, eru alveg út í hött.

Þó að hann telji, að hann fari hér rétt með, þá er það nokkurn veginn víst, að 400 millj. eru ekki sú tala, sem um er að ræða, hver heildarvinnulaunakostnaður yrði við fiskiðnaðinn eða sjávarútveginn í landinu. Það er langt frá því og fer víðs fjarri. Ég er alveg viss um það. Þó að ég hafi ekki þær tölur hjá mér, þá er ég viss um, að það er hærra.

En hitt vil ég að gefnu tilefni, sem kom fram í ræðu hv. þm. áðan, taka fram í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, að í dag verður ekki um það sagt, við hvað sjávarútvegurinn bjargast eftir áramótin. Þess vegna er ekki fyrir hendi að taka neina upphæð inn í fjárlögin til þess að mæta þeim halla, sem ef til vill verður á rekstri bátaflotans og fiskvinnslustöðvanna eftir áramótin. Það segir sig sjálft, að það skýrist fyrst, þegar verðlagsráð sjávarútvegsins hefur farið yfir áætlanir um söluverð afurðanna og um þann kostnað, sem á sér stað í sambandi við að afla fisksins. Þá liggur þetta fyrst fyrir, hver hlutur sjávarútvegsins er og hvort hann bjargast af með það erlenda söluverð, sem er á afurðunum á markaðnum. Og það kann vel svo að fara, að það þurfi að leggja á nýja skatta eftir áramótin. Um það verður ekkert sagt í dag. Ef kemur til að þurfa að brúa einhver bil, sem oft hefur þurft áður að gera í sambandi við sjávarútveginn, þá kemur það náttúrlega þá fyrst í ljós, eftir að liggja fyrir raunverulegar tölur, hvað fiskverðið verður annars vegar og hvað fiskvinnslustöðvarnar geta greitt fyrir hráefnisverðið. Þá fyrst liggur dæmið fyrir, og þá er fyrst hægt að segja um, hvað það er stór upphæð, sem þarf til þess að brúa bilið í heild hjá sjávarútveginum, bæði hvað snertir bátaflotann og fiskvinnslustöðvarnar. Fyrr verður ekki um það sagt.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja hér mikið umræður, en ég hlýt þó að gera nokkra athugasemd við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um þetta. Og það er þá í fyrsta lagi það, að ég fari hér með staðlausa stafi, þegar ég segi, að rösklega 100 millj. kr. álagsaukning á sjávarútveginn svari til 20—25% kauphækkunar. Ég hef hér fyrir framan mig frv., sem samþ. var hér í fyrravetur, frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Grg. er væntanlega samin af efnahagsráðunautum hæstv. ríkisstj., og þar segir m. a. í 2. mgr. grg.:

„Samkvæmt útreikningum Fiskifélags Íslands nemur aukning útgjalda hraðfrystihúsanna vegna 15% kauphækkunar sem svarar 5.2% af framleiðsluverðmæti húsanna. Miðað við 1200 millj. kr. árlega framleiðslu frystihúsanna, sem er áætluð framleiðsla þeirra árið 1963, er hér um að ræða 62 millj. kr. upphæð, sem svarar til 15% kauphækkunar."

Nú held ég, að það verði nokkuð ljóst af þessu, að það er ekki fjarri því, að hvert prósent í kauphækkun kosti fiskiðnaðinn þannig rétt um 4 millj. kr. Og ef við deilum 4 í ca. 100 millj., þá fæ ég a. m. k. 25, og þegar ég bæti 3 við það, fæ ég 28. Kann að vera, að þetta sé ekki hárnákvæmt. Þetta kann að breytast örlítið vegna breyttra aðstæðna. En mjög fjarri lagi getur þetta ekki verið. **(Gripið fram í:** Þetta eru bara frystihúsin og ekkert annað.) Þetta eru bara frystihúsin, já, það er rétt. Þau eru auðvitað meginmálið, sem hér er um að ræða.

Hv. ræðumaður sagðist í sinni fyrri ræðu vera sannfærður um það, að fiskiðnaðurinn gæti ekki tekið á sig 3% kauphækkun og enn þá síður gæti hann tekið á sig 5% hækkun. En í síðari ræðunni segir hann svo, að nú viti auðvitað enginn, hvað fiskiðnaðurinn geti borið. Menn sjá nú, hvernig málflutningur þetta er. Auðvitað veit ég, að hann sagði sína sannfæringu miklu frekar, þegar hann sagði, að sjávarútvegurinn gæti ekki tekið á sig 3% og enn síður 5%, enda kom þar máli hans síðast, að hann sagði, að vel gæti svo farið, að þörf væri nýrra skatta eftir nýárið. Það var einmitt þetta svar, sem ég bjóst við að fá, og ég tel útilokað annað en svo fari, ef á að svipta fiskiðnaðinn í landinu þeim stórfellda styrk, sem hann hefur áður notið, og nota til almennrar eyðslu. Þá kemur það í ljós, sem mig hefur grunað, að þetta frv., sem hér ræðir um, sé aðeins upphafið, afleiðingarnar verði miklu meiri aðgerðir í þessu í sömu átt, þ. e. a. s. enn þá ný og aukin skattheimta, þegar Alþ. kemur aftur saman.

ATKVGR.
Brtt. 193,a samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 193,b samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11:9 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 193,c samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 197).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Í ræðu minni við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að ef ekki tækist að fella þetta frv., væri æskilegt að reyna að fá nokkra bót á ýmsum vanköntum þess, og gat ég í ræðu minni um nokkur atriði, þótt ég flytti ekki um það neinar till. við 2. umr. málsins. Ég vil nú leyfa mér fyrir mína hönd og hv. 1. þm. Norðurl. e. að leggja fram tvær brtt. við þetta mál. Fyrri till. lýtur að því að tryggja sveitarfélögunum hlutfallslega svipaðan þátt í söluskattinum og þeim var ætlaður í upphafi, því að eins og ég gerði nokkra grein fyrir fyrr í dag, vex að sjálfsögðu tilkostnaður sveitarfélaganna eins og ríkissjóðs, þótt kannske sé það ekki jafnmikið, en það a. m. k. er veru-

legur vöxtur í því, og með þessum söluskattshækkunum, svo að dæmi sé nefnt, hefur ríkissjóður aflað sér tekna til aukinna tryggingargreiðslna, sem falla jafnt á sveitarfélögin og í ýmsum tilfellum fullt eins þungt á sveitarfélögin, án þess að sveitarfélögin hafi fengið auknar tekjur á móti af söluskattshækkuninni. Ég gerði grein fyrir því þá, að til þess að þau héldu hlut sínum, þyrftu þau að fá 12% af skattinum, eins og hann er, eftir að þær breytingar hafa verið gerðar, sem gerðar voru á þessu frv. við 2. umr. málsins.

1. brtt., sem ég leyfi mér að leggja fram og leyfi mér að leggja fram í handskrifuðu formi, sem ég vænti, að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar, þar sem ég hafði hugsað mér að nota matartímann til þess að hreinrita þetta, — 1. till. er við 1. gr. frv. og hljóðar svo: „Í stað „8% — átta af hundraði" komi: 12% — tólf af hundraði."

Ég ræddi enn fremur um það í ræðu minni í dag, að ég teldi nauðsyn á því, að eftirlit með innheimtu og framtölum söluskattsins væri hert. Það hefur ekki verið tækifæri til þess á þeim stutta tíma, sem d. hefur haft þetta frv. til meðferðar, að kanna það til hlítar, hvernig þessum málum er varið, og hæstv. fjmrh. tjáði mér það áðan, að hann væri ekki fyllilega við því búinn á þessari stundu að gefa mér svar við ýmsum atriðum, sem ég óskaði svars við fyrr í dag. En hins vegar má gera ráð fyrir því, að þær upplýsingar komi í ljós síðar við meðferð málsins á hv. Alþingi. En af þessum ástæðum hefur ekki verið kleift að útbúa ýtarlegar till. í þessu efni, en við höfum samt viljað gera nokkra bót á með því að leggja fram till. um, að rannsókn skuli fara fram á framtölum samkv. útdrætti með svipuðum hætti og hv. þm. Alþb. og raunar hv. þm. Framsfl. líka hafa flutt við ýmis tækifæri áður. Sú till. er svo hljóðandi:

„Eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við 15. gr. l. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Umfram þau framtöl til söluskatts, sem skattyfirvöldum þykir ástæða til að rannsaka, skal fara fram ýtarleg rannsókn á framtölum 5% allra söluskattskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum söluskattsframtölum landsins af Hagstofu Íslands samkv. reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvaðeina, sem máli skiptir."

Ég gerði það líka að umræðuefni í ræðu minni við 2. umr. þessa máls, að refsingar við brotum á söluskattsl. væru ekki í samræmi við eðli málsins og þyrfti að herða þær. Mér virtist, þegar þetta mál var til umr. í hv. fjhn., og ég held, að það hafi komið fram hjá frsm. meiri hl. hennar í dag, að þar voru hugleiðingar um svipuð efni, sem mér skilst svo að hafi strandað á tekniskum atriðum, sem ekki tókst að leysa nægilega snemma, til þess að n. sem heild treysti sér til þess að bera fram till. um það, og af þeim ástæðum mun ég að þessu sinni ekki bera fram till. af því tagi, heldur láta í ljós þá von mína, að við frekari meðferð málsins á hv. Alþingi geti þau vandamál, sem þarna er um að ræða, verið könnuð og afgreidd á þann hátt, að breyting í þessa átt, sem virðist vera mikill vilji fyrir í hv. d., geti þá komið inn í málið á síðara stigi þess.

Að svo mæltu leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessar tvær skrifuðu brtt. mínar og bið velvirðingar á fráganginum, sem er í samræmi við þann hraða, sem hafður hefur verið um hönd í þessu máli.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls óskaði hv. 6. þm. Sunnl. eftir upplýsingum frá mér um fyrirkomulag við innheimtu söluskatts. Því miður vissi ég ekki áður um þessa beiðni, en hefði ég vitað það, hefði ég að sjálfsögðu getað haft við höndina greinargerðir frá hlutaðeigandi skattstjóra eða skattstjórum um málið. Þær eru ekki við höndina nú, en það er sjálfsagt að gefa slíkar upplýsingar við meðferð málsins í Nd.

Varðandi brtt. tveggja hv. þm., sem hér var lýst, fjallar sú fyrri um það, að í hlut jöfnunarsjóðs sveitarfélaga komi 12% af söluskatti í stað 8%. Það er vissulega sjálfsagt að fagna hinum vaxandi áhuga Framsfl. á tekjustofnum sveitarfélaganna, og er það að sjálfsögðu góðra gjalda vert. Hins vegar er það svo um þennan söluskattsviðauka nú. að hann er þess eðlis, að hann á fyrst og fremst að standa undir niðurgreiðslum til að koma í veg fyrir hækkun vísitölu og kauphækkun umfram visst mark. Þess vegna eru ekki þær sömu ástæður til þess eins og var 1960 að láta sveitarfélögin fá hlut af söluskattinum. Þeirra útgjöld munu að vísu hækka vegna söluskattsins nokkuð og vegna þeirrar 3% kauphækkunar og hækkunar á almannatryggingum, sem gert er ráð fyrir, en hins vegar er einmitt með þessari ráðstöfun verið að koma í veg fyrir miklu meiri hækkun vísitölu og kaupgjalds, sem mundi bitna á sveitarfélögunum, því að ef söluskatturinn væri ekki á lagður, hlytu niðurgreiðslur að stórminnka og vísitala og kaupgjald að hækka meira en verður, ef þetta frv. verður samþykkt. Ég sé því ekki, að það séu rök fyrir því að þessu sinni að taka til sveitarfélaganna hluta af þessari fjáröflun til niðurgreiðslna.

Öðru máli væri að gegna, ef hv. þm. flyttu till. um að hafa söluskattinn hærri en hann er í frv. og sá hluti rynni til sveitarfélaganna. En ég veit ekki, hvort hv. þm. eru tilbúnir að flytja slíka tillögu.

Þá er önnur tillaga hv. þm. um að lögbjóða sérstaka aðferð við rannsókn á skattaframtölum. Svipuð tillaga kom fram á síðasta þingi, að öðru leyti en því, að þá var ákveðið, að viss prósentutala af framtölum skyldi tekin eftir útdrætti, að mig minnir, og rannsökuð. Sá megingalli var á þeirri tillögu, að þá átti ekki að taka til rannsóknar þau framtöl, sem þóttu tortryggileg eða grunsamleg, heldur að-

eins af handahófi. Hér er bætt úr þessu, þar sem hér er tekið fram, að rannsókn á framtölum 5% af söluskattsskyldum aðilum skuli vera umfram þau framtöl, sem skattayfirvöldunum þykir ástæða til að rannsaka.

Nú er það þannig, að rannsóknardeild hjá ríkisskattstjóra er alveg nýlega tekin til starfa, tók til starfa í sumar, skv. lögum frá síðasta þingi, og þegar hún er að byggja upp sitt starf og skapa sér starfsreglur, þá tel ég ekki heppilegt, að Alþ. grípi þar fram fyrir hendur og lögskipi vissa aðferð, a. m. k. ekki án þess að fá umsögn eða tillögur forstöðumanns rannsóknardeildarinnar áður.

Ég veit ekki heldur, hvort þessi tillaga, ef samþ. yrði, mundi þýða það, að það þyrfti stóraukið starfslið við þessa stofnun. Um það skal ég ekki fullyrða. En a. m. k. á þessu stigi, þangað til fengin hefur verið umsögn ríkisskattstjóra og forstöðumanns rannsóknardeildar um till., treysti ég mér ekki til að mæla með henni.

Ég vil aðeins bæta því við, að að sjálfsögðu fjallar þessi rannsóknardeild ekki aðeins um framtöl vegna tekju- og eignarskatts og útsvara, heldur einnig og ekki síður um söluskattinn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 199) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við þessa tillögu vil ég aðeins taka fram eftirfarandi:

Almannarómur telur, að veruleg undanbrögð viðgangist í landinu í sambandi við skil á söluskattinum. Þetta hefur komið fram í umræðum hv. alþm., fleiri en eins og fleiri en tveggja. En ég vil benda á, að í þessum efnum hefur verið lagt inn á nýja braut við stofnun eftirlitsdeildar hjá embætti ríkisskattstjóra, og það er svo skammt um liðið, síðan það embætti tók til starfa, að það er ekki ástæða til að draga í efa eða tortryggja, að innheimta komist í viðhlítandi horf.

Ég tel ástæðu til að taka fram, að það er af minni hálfu alger forsenda fyrir stuðningi við þetta frv. um hækkun söluskattsins, að eftir því sé gengið af hálfu ríkisvaldsins, að álagður skattur verði innheimtur og komist til skila til ríkissjóðs. Og ég vona, að það sé afstaða allra hv. alþm. og um það þurfi ekki að hafa mörg orð, að innheimtum og álögðum skatti sé skilað og það sé ríkt eftir því gengið af embættismönnum ríkisvaldsins, að svo sé gert.

Með þessar forsendur í huga tel ég óþarft enn sem komið er að samþykkja þá till., sem fyrir liggur, enda þótt það sé eðlileg málsmeðferð og mætti gjarnan athuga síðar meir, ef ástæða þætti til að aðstoða þennan nýja embættismann við vinnubrögð. En að svo stöddu máli tel ég ekki ástæðu til að leggja þeim embættismanni starfsreglur og mun því ekki greiða atkv. með þeirri tillögunni.

ATKVGR.

Brtt. 199,1 felld með 11:7 atkvgr.

— 199,2 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, AG, ÁB, BJ, GilsG, HB, HermJ, KK.

nei: ÞK, AuA, BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SÓÓ.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég átti fyrir örfáum vikum ýtarlegt viðtal við hinn nýskipaða forstöðumann rannsóknardeildarinnar hjá ríkisskattstjóraembættinu einmitt um þetta atriði, hvort það væri skynsamlegt að setja þessa reglu, sem hér er verið að leggja til, og kom reyndar fram á þingi í fyrra svipuð regla og þessi í sambandi við tekjuskattinn. Hann tjáði mér þá, að hann væri mjög andvígur slíkri reglu, og hann sagði, að ástæðan væri sú, að með þessum útdrætti mundu alltaf koma upp nöfn ýmissa aðila, einstaklinga og fyrirtækja, þar sem skattyfirvöldin vissu fyrir fram, að ekkert væri við að athuga, en þau væru samt sem áður skyldug til þess að láta þar fara fram ýtarlega rannsókn á bókhaldi og öllum gögnum, sem væri auðvitað tímafrekt, þó að þau reyndar vissu það fyrir fram, að þar mundi allt vera í lagi. Þess vegna teldi hann réttara að beina kröftunum að öðrum aðilum og vera ekki bundinn við þennan útdrátt. Hins vegar tók hann fram, að síðar meir, eftir nokkur ár, þegar skattaeftirlitið væri komið í betra horf en það er í dag, væri full ástæða til að setja svona reglu. Og á grundvelli þess, sem ég hef hér vitnað til um samtal við forstöðumann rannsóknardeildarinnar hjá ríkisskattstjóra, þá segi ég nei.

Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., 19. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í júnímánuði s. l. var gert samkomulag milli ríkisstj., A. S. Í. og Vinnuveitendasambands Íslands um samning varðandi kaup og kjör til eins árs. Með þeim samningi var að því stefnt að reyna að koma á kyrrð í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og var meginefni þessa samnings það, að grunnkaup skyldi í meginatriðum óbreytt þetta ár að öðru leyti en því, að nokkuð skyldi hækka hjá þeim, sem lægst væru launaðir. Í sambandi við þetta samkomulag var ákveðið, að ríkissjóður skyldi greiða niður vísitöluna fram á haust, þangað til þing kæmi saman, eða jafnvel allt fram undir áramót. Þetta var síðan gert, og voru

síðan í júnímánuði þrisvar sinnum auknar niðurgreiðslur. Stærsta aukningin var sú, sem gerð var í september, þegar haustverðlagning landbúnaðarafurða lá fyrir. Landbúnaðarafurðir hefðu þá hækkað um um það bil 4½ vísitölustig, ef ekki hefði verið tekið til þess ráðs að greiða þessa hækkun einnig niður.

Þó að ákveðið væri að halda vísitölunni óbreyttri fyrst um sinn, mátti það öllum vera ljóst, að til lengdar er ekki hægt að halda vísitölunni óbreyttri með niðurgreiðslum nema með gífurlegum nýjum skattaálögum. Þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir, var sú upphæð, sem þar var veitt til niðurgreiðslna, miðuð við þær niðurgreiðslur, sem voru fyrir júnísamkomulagið. Hins vegar var tekið fram í aths. við fjárlagafrv. um 19. gr., að um hitt, hversu færi um þessar niðurgreiðslur, sem auknar hefðu verið síðan í júní, það mál þyrfti að kanna sérstaklega og yrði svo Alþingi að lokum að marka þar frambúðarstefnuna.

Það hefur orðið niðurstaðan hjá ríkisstj. að leggja til, að nú um áramótin verði gerðar ráðstafanir til þess að halda niðurgreiðslunum áfram fyrst um sinn, en þó þannig, að vegna þeirra skattálaga, sem lögleiða þarf til að standa undir þessum útgjöldum, hlýtur vísitalan að hækka nokkuð. Auk þess er gert ráð fyrir, að á næstunni hækki vísitalan um tæplega 1½ stig af ýmsum öðrum ástæðum, sem snerta ekki niðurgreiðslur eða skattálagningu. Það er gert ráð fyrir því, að á næstunni muni vísitalan hækka að því marki, að nemi um 3% kauphækkun í landinu. Til þess að halda niðurgreiðslunum áfram þarf 207 millj. kr. í nýjar tekjur á næsta ári. Auk þess eru till. þær, sem fjvn. bar fram og samþ. voru við 2. umr. og hún mun bera fram við 3. umr., alls um það bil 55 millj. kr. Í þriðja lagi aukast útgjöld ríkissjóðs vegna þeirrar vísitöluhækkunar og 3% kauphækkunar, sem ég gat um, um sem næst 42 millj. kr., sem stafar bæði af hækkuðum launagreiðslum til opinberra starfsmanna, af hækkun almannatrygginga, sem að sjálfsögðu eiga að hækka að sama skapi, og ýmsum öðrum útgjöldum, sem af þessu leiðir.

Það fé, sem þannig þarf að afla á móti þessum útgjöldum, er sem næst 311 millj. kr. Það var að sjálfsögðu athugað gaumgæfilega, hvort fært þætti að hækka verulega tekjuáætlun fjárl. fyrir næsta ár, þannig að komast mætti hjá nýjum skattaálögum að einhverju eða öllu leyti. Sú athugun leiddi í ljós, að ekki þætti varlegt að hækka tekjuáætlunina frá því, sem hún er í frv., nema að því er snertir aðflutningsgjöldin, sem talið er fært að hækka um 34 millj., og svo að hækka smávægilega liðinn: gengismismunur frá gjaldeyrisbönkunum, um 3 millj. Ég skal taka það fram einnig í þessu sambandi, að það er álit Efnahagsstofnunarinnar, sem hefur komið fram bæði við ríkisstj. og við fjvn., að tekjuáætlunin sé í fjárlagafrv. og með þessum breytingum spennt það hátt, að ekki komi til mála að hækka hana, og jafnvel sé hún í hæsta lagi. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að til þess að mæta þessum útgjöldum komi í fyrsta lagi þessir tveir liðir, sem talið er fært að hækka um samtals 37 millj. kr. Í öðru lagi verði hækkuð gjöld af innfluttum bifreiðum um 25%, þannig að það nemi um 28 millj. kr. Og í þriðja lagi er svo hækkun söluskatts úr 5½% upp í 7½%, sem á að gefa 246 millj. kr. Það er sama áætlun eins og fjárlagafrv. byggir á, að hver prósenta í söluskatti skili um 123 millj. kr. Samtals nemur þetta svipaðri upphæð, eða um 311 millj. kr.

Ég vil að öðru leyti vísa til grg. frv., sem því fylgdi, og þeirra miklu umr., sem þegar hafa farið fram um málið. Sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt nú, en vil aðeins bæta því við, að frá frv., eins og það var upphaflega, hefur verið gerð sú breyting, að söluskatturinn er ½% lægri en frv. gerði ráð fyrir. Þar er 7½% í staðinn fyrir 8%, og var sú breyting gerð af ástæðum, sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir í Ed. í gær og hv. þm. eru kunnar.

Það er ekki gert ráð fyrir því, að hluti þessarar söluskattshækkunar renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og gildir að þessu leyti hið sama og við hækkunina í janúar s. l., að sú hækkun var ekki látin að neinu leyti renna til jöfnunarsjóðs. Ástæðurnar fyrir því, að þetta er ekki gert nú, eru augljósar. Þessi söluskattshækkun á fyrst og fremst og að meginefni til að standa undir niðurgreiðslum, sem koma auðvitað sveitarfélögunum eins og öðrum til góða, því að ef ekki væri aflað þessa fjár til að halda vísitölunni niðri, mundi kaupgjaldið auðvitað hækka þeim mun meira og ýmiss konar kostnaður, sem mundi bitna á sveitarfélögunum eins og öðrum. Efnisástæður þær, sem lágu til þess að veita sveitarfélögunum hluta af söluskatti 1960, eiga ekki við um þennan söluskattsauka.

Í þessu frv. og sömuleiðis frv. um breytingu á l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er næst á dagskrá, er formbreyting varðandi útreikning þess hluta söluskattsins, sem á að renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Í l. er nú svo ákveðið, að hann skuli fá 20% af 3% smásöluskattinum, en nú er ákveðið, að jöfnunarsjóður skuli fá 8% af 7½% heildarskattinum, en hvort tveggja gefur nákvæmlega sömu upphæð.

Ég legg svo til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, eins og það er núna, að bæta hátt á 3. hundrað millj. við álögur til ríkisins, en áður á þessu hausti hefur hæstv. ríkisstj. gert ráðstafanir til þess að draga inn í ríkissjóð nálega 100 millj. kr., sem áður runnu til sjávarútvegsins og lagðar voru á í upphafi ársins, í janúarmánuði, með því fororði, að þær ættu að ganga til þess að greiða uppbætur á fiskverð og til

fiskiðnaðarins til að stuðla að aukinni framleiðni í fiskiðnaði. En þessar tæpar 100 millj. hefur ríkisstj. nú dregið inn í ríkissjóð og vill svo til viðbótar bæta við með þessu frv. nálega 300 millj. í nýjum álögum og þá fyrst og fremst með því að hækka söluskattinn gífurlega.

Hæstv. fjmrh. segir, að allt þetta fé, allar þessar 400 millj. nálega af nýju fé, þurfi nú enn í ríkissjóðinn til að standa undir ríkisútgjöldunum og þá sérstaklega niðurgreiðslum, sem auknar hafa verið mjög á þessu ári. En það liggur síður en svo nokkuð fyrir um það, að þessar nýju álögur þurfi að samþykkja til að halda áfram niðurgreiðslunum eða upp í ríkisútgjöldin. En á hinn bóginn er það margyfirlýst af hendi hæstv. ríkisstj. og þ. á m. hæstv. fjmrh., að einn meginkjarninn í þeirri efnahagsmálastefnu, sem þeir hafa verið að reyna að fylgja og þeir kalla viðreisn, sé sá að hafa verulegan greiðsluafgang til þess að draga þannig fé úr umferð inn í peningakerfið og halda þannig því, sem þeir kalla jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þetta er þýðingarmikill þáttur í stefnu þeirra, og m. a. liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. fjmrh., sem tekur af allan vafa í þessu efni og sýnir, að það er ekki neitt áróðursbragð af stjórnarandstæðingum að draga athyglina að þessum þætti í stjórnarstefnunni í sambandi við nýjar álögur. Haustið 1963, þegar rætt var um fjárl., þ. e. í sjálfri fjárlagaræðunni, lýsti hæstv. fjmrh. þessu yfir enn einu sinni og sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiðsluafgangur hefur orðið á hverju ári hjá ríkissjóði, sem var eitt af grundvallaratriðum þess, að viðreisnin tækist."

Því er sem sagt margyfirlýst af hendi hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj., að það sé einn meginkjarninn í stjórnarstefnunni að hafa álögurnar meiri en ríkisútgjöldin til þess að draga þannig úr kaupgetunni og ná fjármagninu inn í bankakerfið, nota síðan ekki þennan greiðsluafgang, heldur leggja hann inn í bankakerfið til jafnvægis á móti því, sem þeir kalla ofþenslu. Enda er þetta fjármálastefna, sem víða annars staðar er fylgt, og m. a. er sterklega mælt með þessari fjármálastefnu og henni mjög haldið að öllum þeim ríkisstj., sem eiga þátt í efnahagssamvinnu Evrópu. Í ársskýrslu frá þeirri stofnun, sem samin er í samráði við starfsmenn hæstv. ríkisstj. hér á landi, er kafli, sem fjallar um Ísland og efnahagsmál á Íslandi, og þar er það látið í ljós sem, að því er manni virðist, sameiginleg skoðun stofnunarinnar og stjórnar Íslands eða a. m. k. skoðun stofnunarinnar, að minni greiðsluafgangur en sem svarar 1½% af þjóðartekjunum eigi ekki að koma til mála, miðað við efnahagsaðstæður á Íslandi, eða m. ö. o., að minni greiðsluafgangur en 200—250 millj. kr. eigi ekki að geta komið til greina. Það verði sem sé, til þess að nokkur von sé á jafnvægi eftir þeirri leið í efnahagsmálum, sem þrædd er, að hafa álögurnar 200—250 millj. meiri en útgjöldin.

Vegna þess, hve dýrtíðin hefur vaxið stórkostlega og hvernig ástatt er, virðist hæstv. ríkisstj. feimin við að gefa hreinar stefnuyfirlýsingar í þessu efni og láta koma hreinlega fram, hvað hún er að fara. En það, sem ég hef nú sagt og reynsla undanfarinna ára, þar sem stefnt hefur verið að stórfelldum greiðsluafgöngum með því að hafa álögurnar hærri en útgjöldin, talar sínu máli glögglega.

En það hefur aldrei verið hafður greiðsluafgangur á fjárl. Hins vegar hefur verið hafður sá háttur á að hafa álögurnar meiri, en áætla þær viljandi lægri en gera má ráð fyrir að þær yrðu í framkvæmdinni, og þannig hefur komið þessi greiðsluafgangur, sem hefur átt að hjálpa til að framkvæma stjórnarstefnuna.

Þetta er einn liður í þeirra höftum í ríkisbúskapnum, sem sé sá að takmarka peningamagnið í umferð með hærri álögum en ríkisútgjöldunum nemur. Jafnhliða hefur svo verið tekin upp, eins og kunnugt er, ný lánapólitík og ný vaxtapólitík, sem er angi af sama meiði og hefur miðað að því að gera lánsféð dýrt, til að reyna að draga þannig úr framkvæmdum og minnka lánsfé í umferð frá því, sem það ella væri.

Með þessum ráðstöfunum hefur verið hugsunin að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En það hefur vitanlega alls ekki tekizt, því að með þessum aðförum öllum saman hefur verðlagið farið sihækkandi og ríkisstj. misst öll málin gersamlega úr böndunum. En það er önnur saga. Það, sem hér skiptir máli, er þetta, að ríkisstj. virðist enn ekki af baki dottin með að reyna þessar sömu aðferðir, og efnir hún því til nýrra álaga í þessu skyni enn á ný og reisir þar með nýja dýrtíðaröldu í landinu.

Ef ríkisstj. hefði viljað breyta um stefnu og komast inn á farsælli leiðir, átti hún að forðast nú eins og heitan eld nýjar álögur og þá alveg sérstaklega þær, sem gátu orðið til þess að hækka verðlagið. En vegna þess að meginstefna ríkisstj. er fólgin í því að reyna sífellt að hækka verðlagið meira en kaup og aðrar tekjur með það fyrir augum að hafa þannig hemil á efnahagsmálunum, — vegna þess að þetta er meginstefna hennar, sem hún heldur sér enn við, þá sjáum við enn þá fjarstæðu, að ríkisstj. ætlar að lækna meinið með því að efna nú enn til nýrrar verðhækkunaröldu í landinu með nýjum álögum, sem ganga beint inn í verðlagið því til hækkunar.

Þetta er beinlínis hagstjórnaraðferð og liður í þeirri stefnu, sem byggð er upp á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að leitast við að koma í framkvæmd nú síðustu 5 árin. En með þessum aðförum læknar ríkisstj. vitaskuld aldrei verðbólguna og kemst aldrei út úr þessum vítahring, því að einkafjármagnið í landinu leikur gersamlega lausum hala og verður svo umbrotamikið þrátt fyrir þessar hömlur ríkissjóðs á almenningi og þeim, sem þurfa að taka lán, — verður svo umbrotamikið, að það ræðst ekki við neitt. Þetta stafar einnig af því, að menn hafa reynslu fyrir

því, að þessar hagstjórnaraðferðir skapa ekki jafnvægi. Verðbólguhjólið heldur áfram að snúast, dýrtíðin heldur áfram að aukast, og þannig gengur þetta koll af kolli, því að dýrtíðarvöxturinn ýtir aftur undir verðbólgufram-kvæmdir þeirra, sem peningana hafa, og ríkisstj. ræður ekki við neitt.

Ef hér hefði átt að gera alvarlega tilraun í framhaldi af samningunum, sem náðust s. l. vor, og hefði þurft að gera, hefði átt að breyta um stefnu í lánamálunum, í vaxtamálunum og umfram allt forðast að leggja á nokkrar nýjar álögur, sem gátu orðið dýrtíðaraukandi.

Með þessu frv. segir ríkisstj. launastéttum landsins og nálega öllum almenningi í landinu á ný stríð á hendur eftir það vopnahlé, sem þó varð upp úr samningunum á s. l. vori. En þá varð vopnahlé eftir 5 ára látlaust stríð. En heildarniðurstaðan af þeirri styrjöld varð sú, að enda þótt þjóðartekjurnar hefðu vaxið stórkostlega ár frá ári, hafði kaupgjaldið í landinu hækkað, þ. e. a. s. það raunverulega kaupgjald, það, sem menn gátu keypt fyrir endurgjald fyrir venjulegan vinnudag. Mun slíkt einsdæmi meðal Evrópuþjóða, að þannig hafi til tekizt á síðustu árum, og sýnir, að ríkisstj. hafði frá sínu sjónarmiði í raun og veru sigrað í þeim átökum, sem hún hafði átt við almenning í landinu að þessu leyti, því að almennt kaupgjald hafði á þessu góðæristímabili lækkað. En að sama skapi hafði náttúrlega fjármagn safnazt á hendur einstakra aðila í landinu, sem fésterkastir voru fyrir, því að þessi pólitík ríkisstj. kom verst við almenning. Það var þar, hjá almenningi, sem átti að draga inn, og hjá þeim, sem þurftu að nota mikið lánsfé. En hinir, sem áttu meira eigið fé, hafa grætt á þessari stefnu og þessari pólitík í sívaxandi mæli, og síðan hefur verðbólgugróðinn bætzt við, eftir að hún fór að vaxa enn hraðari skrefum, vegna hernaðarástandsins, sem af þessu leiddi. Því hefur tekjuskiptingin farið þannig, að tekjumismunur hefur farið vaxandi. Almenningur og þeir, sem eru að fást við framleiðslu og önnur störf og nota mikið lánsfé, búa við erfiðari hag, en hagur þeirra fésterku hefur að sama skapi batnað.

Enda þótt svona sé ástatt í landinu, heldur ríkisstj. því fram, og því er enn lýst yfir með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að kaupgjaldið sé of hátt og að vandkvæðin stafi af því, að kaupið hafi verið spennt of hátt samanborið við þjóðartekjurnar.

Það er furðulegt, að þessu skuli vera haldið fram, þegar það liggur skjallega fyrir sem staðreynd, að kaupgjaldið fyrir venjulegan vinnudag hefur raunverulega farið lækkandi þrátt fyrir stórhækkandi þjóðartekjur. Á hinn bóginn hefur verið þannig farið að, að ýmsar framleiðslugreinar, sérstaklega þær, sem þurfa mikið á dýru lánsfé að halda, eru sjálfsagt ekki mjög aflögufærar til að borga hærra kaupgjald. Fjármunirnir hafa runnið annað í þessum sviptingum, eins og ég var að enda við að lýsa.

Á þessa lund eru málin komin í slíka sjálfheldu, að á s. l. vori varð ríkisstj. að játa, að ómögulegt væri að koma saman nokkrum kjarasamningum í landinu, nema ríkisvaldið yrði þar dregið inn í málin og tæki þátt í samningunum. Það lá sem sé fyrir, að það varð að breyta stjórnarstefnunni í einhverjum atriðum, ef hugsanlegt átti að vera að ná nokkrum samningum. Þessir samningar fóru fram og þar voru knúnar fram vissar breytingar á stjórnarstefnunni, t. d. sú, að framvegis yrði kaup hækkað í samræmi við hækkun dýrtíðarvísitölu, og enn fremur voru þvingaðar fram ráðstafanir til að lækka vexti á íbúðarlánum, eftir að það hafði árum saman verið sýnt fram á það hér á Alþingi, að þau mál stefndu beint í vegg. Það var óhugsandi, að það kaupgjald gæti staðizt, sem var í landinu, miðað við húsnæðiskostnað og þau lánskjör, sem menn áttu við að búa. Þessi mál voru tekin inn í samningana í vor og knúnar fram stefnubreytingar í þeim, og varð það til þess, að þetta vopnahlé náðist, sem ég minntist á áðan. En nú er ætlunin að raska algerlega því, sem þar varð að niðurstöðu, og byrja sama leikinn á ný.

Því miður verður einnig að segja það eins og er, að sá friður, sem þá náðist, stóð ekki lengi, því að í sumar urðu þau tíðindi, að skattar á öllum almenningi höfðu verið hækkaðir gífurlega frá því, sem áður var, og gerðir nær óbærilegir. Kom þá í ljós, að segja mátti, að hæstv. ríkisstj. hafði að því leyti hnífinn í erminni, þegar samningarnir voru gerðir við alþýðusamtökin s. l. vor, þar sem skattarnir voru í rauninni óviðráðanlegir. Voru þá samtök um að reyna að fá sköttunum breytt og reiknaða að nýju með það fyrir augum, að þeir gætu orðið viðráðanlegri, en þótt um það hafi staðið umleitanir og barátta mánuðum saman, hefur ekkert áunnizt í því efni. Ríkisstj. hefur haldið áfram að innheimta skattana með fullum krafti og ekki viljað ljá máls á neinni tilslökun. En í stað þess að ljá máls á því að slaka til á beinu sköttunum, eins og menn höfðu þó vonazt eftir, þá er þetta frv. nú lagt fram, sem gerir ráð fyrir nálega 300 millj. nýjum álögum í ríkissjóð.

Það er skemmst frá því að segja, að þetta kemur mönnum mjög á óvart, því að menn höfðu haldið, að nú væri ætlunin að nema nokkuð staðar á þeirri braut, sem farin hefði verið. Stjórnir launþegasamtakanna hafa látið í ljós álit sitt á þessu máli, og segir miðstjórn Alþýðusambandsins m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórnin telur, að með slíkum aðgerðum til stórfelldra nýrra verðhækkana sé rift þeim grundvelli, sem lagður var með samkomulagi ríkisstj., verkalýðssamtaka og atvinnurekenda hinn 5. júní s. l.“

Og miðstjórn Alþýðusambandsins segir, að þessu frv. megi líkja við „eitur í ógróin sér.“ Og þar er vafalaust sumpart átt við það, að þetta kemur nú ofan á skattaálagningarnar s. l. sumar.

Það er auðséð, að sumum í stjórnarherbúð-

unum er nú nóg boðið, og kemur það m. a. fram í Alþýðublaðinu, því að þar kemur fram eftirfarandi, þegar búið er að ræða nokkuð um þennan nýja skatt, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Verður óhjákvæmilegt fyrir ríkisstj. að taka fljótlega upp viðtækar viðræður við launþegasamtökin og leita að nýju samkomulagi, sem forðaði þjóðinni frá nýrri verðbólguöldu. Benti Alþfl. í samþykktum flokksþingsins í nóv. á, að leita yrði víðtæks samkomulags við verkalýðssamtökin til þess að leysa þessi mál."

Þetta segja þeir, að flokksþing Alþfl. hafi bent á í nóv. En flokksþingmenn Alþfl. eru ekki nema rétt aðeins komnir heim, þegar þessum nýju álögum er dembt yfir, án þess að nokkuð sé rætt um það við launþegasamtökin í landinu. M. ö. o.: það er starfað í beinu ósamræmi við samþykktir Alþýðuflokksþingsins. Þær eru hafðar að engu. Enn fremur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsmál þjóðarinnar hafa verið yfirspennt síðustu tvö ár. Tókst að spyrna nokkuð við fæti s. l. vor, en þó varð að grípa til aukinna niðurgreiðslna með haustinu. Nú eru komin reikningsskil, og hefur ekki verið bent á neina raunhæfa leið til að komast hjá þeirri söluskattshækkun, sem gripið hefur verið til. Það mun þurfa traust tök á stjórnpalli þjóðarinnar á næstunni, og aðeins víðtækt samkomulag getur á komandi vori forðað þjóðinni frá nýrri verðbólguöldu."

Það er ómögulegt að komast hjá því að hugsa, þegar maður les þessi ummæli, að viturlegra hefði verið og drengilegra fyrir hæstv. ríkisstj. að taka upp samræður við launþegasamtökin nú í haust um þessi vandamál, áður en þetta högg var látið ríða, og reyna í alvöru að finna úrlausnir og komast hjá því að demba nýju verðbólgu- og dýrtíðarflóði yfir þjóðina. En þessar aðfarir, sem nú eru viðhafðar, eru nánast þannig, að fyrst er friðmælzt með nokkrum hætti í vor, síðan er réttur vænn kinnhestur með þessu frv., sem hér er lagt fram, og síðan á að friðmælast á ný. Þá er álitið, að búið sé að skapa góðan og heppilegan jarðveg fyrir viðtæku samkomulagi við almannasamtökin í landinu, eins og Alþýðublaðið ræðir um í sinni forustugrein

Auðvitað var ekkert annað sæmandi í framhaldi af því, sem fram fór á s. l. vori og átti að vera fyrsta stig, en taka upp viðræður nú á ný við þau samtök, sem þá var samið við, varðandi þær ráðstafanir, sem þyrfti að gera, og varðandi ástandið nú í haust, fyrst stjórninni sýndist nauðsynlegt að gera eitthvað sérstakt. Auðvitað var þetta skylt í framhaldi af því, sem gert var í vor. Þessi efni snerta beint kjaramálin, sem vitaskuld verður að ræða um í vor og ríkisstj. getur ekki komizt hjá að ræða um í vor, þó að hún vilji ganga fram hjá samtökunum núna. Það er þess vegna ástæða til að gagnrýna mjög sterklega meðferðina á þessu máli.

Að mínu viti hefur ekkert verið ofsagt í gagnrýni Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja á málsmeðferðinni á því, sem hér er á ferðinni. Um efni frv. sjálfs í einstökum atriðum er það að segja, að þar er gert ráð fyrir að hækka söluskattinn um 36% frá því, sem hann er nú, en upphaflega var ætlunin að hækka hann um 45%. En það sýnir svo hér um bil nákvæmnina í öllu þessu máli og öllum þessum reikningum, að hæstv. stjórn gat slegið af 60—70 millj. kr. á nokkrum mínútum, þegar hún fór að óttast þær afleiðingar, sem af þessu mundu verða. En augljóst var, að frv. braut að nokkru leyti beinlínis í bága við það samkomulag, sem gert var s. l. vor, eins og upplýst hefur verið.

En nú er sem sagt gert ráð fyrir 36% hækkun á söluskattinum, og verði þetta samþykkt, sem allar horfur eru á, hefur söluskatturinn verið hækkaður um 150% á einu ári, og er hann þá kominn upp í nálega 1 milljarð kr. En þar að auki hafa verið, eins og ég sagði í upphafi míns máls, dregnar 90—100 millj. inn í ríkissjóð af því, sem áður rann til sjávarútvegsins, og það er fróðlegt að geta þess í leiðinni, að sú fúlga, sem dregin hefur verið inn til ríkisins af því, sem áður rann til sjávarútvegsins, mundi geta staðið undir sem allra næst 20% kauphækkun í fiskiðnaðinum öllum. En þessa fúlgu hefur ríkisstj. rétt í leiðinni dregið frá sjávarútveginum og inn í ríkissjóð. Þannig býr ríkisstj. sjávarútveginn undir þá samninga, sem fram undan eru varðandi kaupgjaldsmálin, sumpart, að því er manni skilst, nú innan stundar, en þó aðallega á næsta vori. Hér eru því ekki neinir smámunir á ferðinni, eins og sýnt hefur verið fram á í þessum umr. Láta mun nærri, að allar álögur til ríkissjóðs komist upp í 3 milljarða og 800—900 millj. á næsta ári, þegar það fé er meðtalið, sem gengur til vegalagningar samkv. vegáætluninni, eða m. ö. o.: ríkisútgjöldin munu nálgast 4 milljarða, ríkisálögurnar munu nálgast 4 milljarða á næsta ári, ef þetta frv. verður samþykkt til viðbótar við þær álögur, sem fyrir eru.

Á öllu þessu fé segist ríkisstj. þurfa að halda til að halda fjársukki sínu gangandi. En ekkert liggur fyrir um, að sú fullyrðing ríkisstj. hafi við rök að styðjast, en þvert á móti, eins og ég sagði áðan, stefnuyfirlýsing um, að greiðsluafgangur þurfi að vera verulegur. Í þessu sambandi leyfi ég mér einnig að benda á, að 1962 reyndust ríkistekjurnar 302 millj. kr. hærri en þær voru áætlaðar, og var því þó haldið fram þá, í desembermánuði 1962, að sízt mundi veita af öllum þeim tekjum til að standa undir öllum ríkisútgjöldunum. Og 1963 fóru ríkistekjurnar 322 millj. umfram áætlun, og var því þá einnig haldið fram í desembermánuði 1963, að sízt mundi af þeim öllum veita til þess að standa undir ríkisútgjöldunum. Hreinn greiðsluafgangur, eftir að búið var að greiða afborganir af skuldum og allar framkvæmdir ríkissjóðs fyrir utan rekstrarútgjöldin, varð á 4. hundrað millj. á þessum

2 árum, og var það í beinu samræmi við stjórnarstefnuna og einn hornstein hennar, eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir, m. a. í fjárlagaræðunni haustið 1963, svo sem ég vitnaði til áðan og las úr, með leyfi hæstv. forseta.

Við höfum því enga ástæðu til þess að taka hátíðlega, þótt hæstv. fjmrh. haldi því nú fram, að tekjuáætlun sé einmitt núna þannig úr garði gerð, að í henni sé engin sveigja og þess vegna þurfi að leggja á stórfelldar nýjar álögur til þess að standa undir ríkisútgjöldunum og niðurgreiðslunum.

Við þetta bætist svo, að söluskatturinn er óvenjulega ranglátur skattur og sá, sem sízt ætti að grípa til að hækka svo mjög sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. gerir ráð fyrir, því að hann kemur jafnt á allar nauðsynjar og því þyngst á þá, sem mest þurfa að kaupa af nauðsynjavörum. Meira að segja hefur verið gengið svo langt í álagningu söluskattsins, að hann nær til innlendra matvæla, sem aldrei hafa áður verið skattlögð í sögu landsins, t. d. fisksoðningar og kjöts, svo að dæmi séu nefnd. Svo rækilega er að því gengið með þessum söluskatti að leggja á lífsnauðsynjar manna, og er það gert af ráðnum hug. Það er gert til þess, að það skuli ekki geta mistekizt að draga inn þá peninga, sem inn í peningakerfið eiga að koma með álagningu söluskattsins, að láta hann koma þannig á allt, sem menn þurfa að kaupa.

Hér við bætist svo, að innheimta söluskattsins er sérstaklega miklum örðugleikum bundin og meiri hætta á, að þar eigi sér stað mistök, en við nokkurn annan skatt, sem álagður er, og er þetta viðurkennt af öllum, sem komið hafa nærri þessum málum, og m. a. af þessum ástæðum var fyrir nokkrum árum afnuminn söluskattur í smásölu og sá háttur tekinn upp í staðinn að leggja söluskattinn á í heildsölunni og hjá iðnaðar- og þjónustufyrirtækjunum af því, sem framleitt var innanlands. Var þetta beinlínis gert vegna þess, hve miklir örðugleikar sýndu sig í framkvæmdinni á því að láta allan söluskattinn koma til skila, jafnvel þótt almenningur yrði að greiða hann í vöruverðinu.

Mér er sagt, að framkvæmdastjóri Efnahagsstofnunarinnar hafi upplýst í fjvn. nú í gær eða í fyrradag, að söluskatturinn hafi skilað sér verr í ríkissjóð nú á s. l. ári og þessu ári eftir þá miklu hækkun, sem á honum varð í ársbyrjun, en hefði vitanlega átt að koma mun betur út, vegna þess að öll vöruumsetning hefur farið í krónutali stórlega vaxandi og einnig þjónusta, og getur þetta ekki stafað af öðru en því, að eftir því sem skatturinn er meira hækkaður, eftir því verður erfiðara að sjá um, að hann komi til skila, ekki sízt þegar eftirlitið er í molum, eins og viðurkennt er og vitað, að hér hefur verið og er. Þetta bendir eindregið til verri skila en áður með hækkandi skatti.

Freistingin til þess að skjóta sér undan því að skila skattinum vex stórkostlega, eftir því sem hann verður hærri, og er orðin alveg óskapleg, þegar skattgjaldið er komið upp í 8% af umsetningunni. Hugsið ykkur, hvílík freisting þá er orðin til þess að viðhafa undanbrögð, þegar um er að ræða tekjuskattinn annars vegar, sem kemur á hreinu tekjurnar og æðihár á tekjutoppinn, og síðan söluskattinn á umsetninguna, 3%. Það er því sérstaklega illa til fallið að hækka þennan skatt, og hefði í stað þess að hækka skattinn átt að leggja stóraukna áherzlu á að innheimta þann söluskatt rækilega, sem fyrir er, og ég er alveg sannfærður um, að væri það gert rækilega, mundu hækka verulega þær tekjur, sem ríkissjóður hefur af söluskattinum.

Það var talað um það, þegar söluskatturinn var lögleiddur á nýjan leik 1960, að það ætti að setja öflugt innheimtukerfi, það ætti að ætla fyrirtækjunum viðskiptanúmer og síðan ætti að rekja viðskiptin fram og aftur milli fyrirtækjanna og gera dreifikannanir á einstöku fyrirtækjum, sem veittu stórkostlegt aðhald í því, að skilað væri söluskattinum til ríkissjóðs. En ég hygg, að þetta eftirlit hafi aldrei komizt í framkvæmd, og er það mikið tjón, og hefði átt, í staðinn fyrir að hækka söluskattinn, að brjótast í því, þótt það kosti verulegan mannafla, að koma á þessu kerfi og öflugum dreifikönnunum. Framsóknarmenn lögðu til í hv. Ed., að slíkri dreifikönnun yrði komið á með útdrætti fyrirtækja, til þess að styðja innheimtuna og til að koma þessu þannig fyrir, að enginn væri óhultur, allir gætu búizt við því að verða fyrir öflugri könnun í þessu sambandi, og mundi það hafa stórkostleg áhrif í þá átt að bæta skilin. En þessi till. var felld af stjórnarflokkunum. En það hefði þó verið skynsamlegt að samþykkja slíkar ráðstafanir, en hætta við að hækka söluskattinn.

Ég vil svo að lokum minnast á, að stjórnin gengur fast fram í því að innheimta beinu skattana af almenningi og hún hleður á nýjum álögum og nýjum söluskatti, en hún gengur ekki jafnvel fram í allri skattheimtu, því að upplýst hefur verið hér á hv. Alþingi, að stjórnin hefur nálega ekkert innheimt af stóreignaskattinum, sem lagður var á milljónamæringa landsins fyrir nokkrum árum og henni var trúað fyrir innheimtu á. Á sama tíma sem menn eru eltir með lögtökum og hvers konar ráðstöfunum og meginhluti kaupgjaldsins hjá mörgum er tekinn upp í skatta, þá er stóreignamönnunum, sem eiga að greiða stóreignaskattinn, hlíft. Þetta misrétti er ekki hægt að þola og verður ekki þolað til lengdar. Það er alveg víst, og það er full ástæða til að benda einmitt á þetta atriði í sambandi við þessar nýju álögur, sem nú á að samþykkja.

Ég vil svo að lokum segja þetta: Við framsóknarmenn erum algerlega á móti þessu frv., eins og fram hefur komið hjá talsmönnum okkar í hv. Ed. Við teljum, að með þessu frv. sé tekið til að kynda dýrtíðareldana á ný með auknu kappi og af því geti ekkert gott leitt. Það hefði átt að leggja megináherzluna á að gera nú engar ráðstafanir, sem gátu orðið til þess að auka dýrtíðina á ný. Við álítum, að

þetta frv. og aðrar ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. er nú að gera, sýni það enn á ný, að hún er algerlega búin að missa tökin á efnahagsmálunum, og hún notar því miður aðferðir, sem grafa undan sjálfu efnahagskerfinu, en styrkja það ekki. Þegar menn hittast nú um þessar mundir, berast þessi mál nálega ævinlega í tal, og venjulega viðkvæðið er þetta hjá mönnum: Hvar endar þetta? Mönnum er það ljóst, að stjórnin hefur misst tökin á málunum. En sannleikurinn er sá, að þessi óheillaþróun endar aldrei, nema skipt verði algerlega um meginstefnu í efnahagsmálunum. Þessi óheillaþróun stöðvast aldrei, meðan sú ríkisstj. situr, sem lætur verðbólgu- og fésýsluöflin í landinu leika lausum hala, en reynir að leysa vandann með því að skerða lífskjör almennings sífellt með nýjum álögum. Meðan þannig er haldið á þessum málum, verður áfram sama óheillaþróunin og við höfum átt við að búa síðustu 5 árin.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur nú fyrir til umr., er í raun og veru einn liður í afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. Þegar komið var að lokastiginu við afgreiðslu fjárl., kom í ljós, að hæstv. ríkisstj. leit svo á, að ekki væri hægt að afgreiða fjárl. að þessu sinni án þess að afla allverulegra nýrra tekna til viðbótar við þær tekjur, sem fyrir voru. Eins og frv. ber með sér, leit ríkisstj. svo á, að hún þyrfti að fá nýjar tekjur, sem nema samtals 335 millj. kr., á árinu 1965. En eins og fram hefur komið í þessum umr., hafði ríkisstj. áður ákveðið, og það kemur skýrt fram í fjárlagafrv. sjálfu, — ákveðið að taka til sín tekjustofn, sem öðrum stofni var ætlaður, þ. e. a. s. nokkrum greinum sjávarútvegsins, en sá tekjustofn nam 95.5 millj. kr. Ríkisstj. leit því svo á, að hún þyrfti að fá nýja tekjustofna til viðbótar þeim, sem fyrir voru, upp á rúmlega 430 millj. Nú hefur ríkisstj. lækkað þessa upphæð um 68 millj. kr., en telur sig enn þurfa raunverulega að fá nýja tekjustofna, svo að hægt sé að koma saman fjárl. að þessu sinni, upp á 362 millj. kr. Og þessa fjár ætlar ríkisstj. að afla aðallega með því að hækka söluskattinn allverulega frá því, sem hann hefur verið.

Mér sýnist eðlilegt, þegar þessar till. ríkisstj. eru hér til umr., að þá sé vikið með nokkrum orðum að aðdraganda þessa máls. Allir kannast við það, að á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um það, að verðlagið í landinu hækkaði allt of mikið, að dýrtíðarvandamálið væri alltaf að verða meira og meira. Ríkisstj. hefur mjög haldið því á loft, að ástæðan til þess, að verðlagið hefur hækkað svo mjög sem raun hefur orðið á, væri sú, að kaupgjaldskröfur hafi verið gerðar of miklar, að kaupið hafi verið spennt of mikið upp. Staðreyndir liggja nú fyrir um það, að verðlagið hefur hækkað svo gífurlega á undanförnum árum, að nú um þetta leyti segja útreikningar hagstofunnar, að matvörur hafi t. d. í tíð núv. ríkisstj. hækkað um nákvæmlega 100%, hiti, rafmagn og vefnaðarvörur og þjónusta hafi hækkað að meðaltali um 86% og að hækkunin á liðnum vörur og þjónusta í vísitölunni án húsaleigunnar hafi á þessum árum numið 86%, en framfærsluvísitalan hefur hins vegar hækkað um 64%. Um það verður hins vegar ekki deilt, að hið almenna dagkaup verkamanna hefur á þessum tíma aðeins hækkað um 55% eða um miklum mun minni upphæð en sem nemur dýrtíðarauknigunni á þessu tímabili. Það ætti því í rauninni að vera óþarfi að þræta lengi um það, að of mikil hækkun á hinu almenna kaupgjaldi er ekki ástæðan til þessarar miklu hækkunar á verðlagi á undanförnum árum, enda liggur það líka alveg greinilega fyrir, að á alllöngum tímabilum á undanförnum árum, t. d. á einu tímabilinu í samfellt 2½ ár, varð ekki um neina kauphækkun að ræða, en á því tímabili hækkaði þó hið almenna verðlag í landinu samkv. útreikningum hagstofunnar um 18%, þó að á sama tíma væri kaup fært niður með lögum um 5.4%. Kaupmáttur hins almenna tímakaups á þessu tímabili lækkaði því um 23%.

Á síðari hluta ársins 1963 varð um mjög öra hækkun á dýrtíðinni í landinu að ræða og sömuleiðis á fyrra hluta ársins 1964. Það var einmitt upp úr þessum miklu deilum, sem höfðu staðið um langan tíma og í framhaldi af þessum miklu verðlagshækkunum, sem yfir höfðu gengið, sem stjórn Alþýðusambandsins sneri sér til ríkisstj. í aprílmánuði á þessu ári og óskaði eftir því, að ríkisstj. tæki upp samninga við verkalýðshreyfinguna í landinu, fyrst og fremst um það að gera ráðstafanir til að stöðva þessa verðbólguþróun og til þess að reyna að finna ráð fyrir réttlátum kjarabótum til handa hinum lægst launuðu í landinu. Fyrsta atriðið í tilmælum verkalýðshreyfingarinnar til ríkisstj. var sem sagt um það, að samningar yrðu teknir upp um þetta atriði, um að stöðva verðbólguþróunina. Þessum tilmælum svaraði ríkisstj. mjög fljótlega og samþykkti að taka upp þessar viðræður og alveg sérstaklega um það að reyna að finna sameiginlegar ráðstafanir til að stöðva verðbólguþróunina. Þegar þessum samningum var lokið, var gefin út yfirlýsing, en í henni kom fram einmitt, og að yfirlýsingunni stóð að sjálfsögðu hæstv. ríkisstj., að alveg sérstaklega hafi verið rætt í þessum viðræðum um ráðstafanir til að stöðva dýrtíðarvöxtinn í landinu. Það kom líka alveg skýrt og greinilega fram í þeim fáu orðum, sem hæstv. fjmrh. hafði fyrir þessu frv. nú á þessum fundi, að hann taldi, að eitt meginatriðið í viðræðunum, sem fram fóru á s. l. vori á milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar í landinu, hafi einmitt verið það að reyna að finna ráð til þess að stöðva hið síhækkandi verðlag í landinu. Það getur því ekki farið neitt á milli mála, hvað það var, sem var verið að reyna að semja um í þessum viðræðum. Og samningarnir tókust, og því var mjög fagnað af í rauninni öllum aðilum í landinu, að samningar skyldu takast, sem einmitt miðuðu að því að stöðva áframhaldandi vöxt dýrtíðar-

innar. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í þessum samningum voru að vísu mjög óánægðir með það, að út úr samningunum skyldi ekki fást viðurkenning á réttmæti þess að hækka hið almenna kaup verkafólks í landinu. En ríkisstj. lagði einmitt á það megináherzlu í þessum viðræðum, að hún gæti ekki orðið við þeirri kröfu, ef takast ætti á næstunni að stöðva verðlagið, þar sem það var komið. Og þá var það, sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar féllust á það, til þess að samkomulagið mætti takast, að leggja þessa kröfu til hliðar og geyma hana í eitt ár, í fullu trausti þess, að þá yrði staðið við þetta meginatriði, sem um hafði verið rætt í samningunum, að gera ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguþróunina.

En nú liggur sem sagt þetta fyrir, sem glögglega kemur fram í þessu frv., að á miðju þessu tímabili, sem samningarnir áttu að standa, kemur hæstv. ríkisstj. fram með frv. um það, að hún verði að hlaupa frá grundvelli þessa samkomulags og leggja nú á allverulega nýja skatta, sem munu leiða af sér verulega verðlagshækkun á nýjan leik. Og þetta gerir hæstv. ríkistj., að leggja fram þessar till., án þess að bera sig saman, áður en hún leggur þær fram, við þá aðila, sem hún hafði gert við þetta samkomulag, sem hér hafði verið rætt um. Ríkisstj. lýsir því sem sagt yfir nú, að hún telji ekki lengur vera aðstöðu til þess að standa við þá stöðvunarleið, sem mörkuð hafði verið í samningunum í júní s. l. sumar.

Nú er vert að athuga það nokkru nánar, hvernig stendur á því, að um 6 mánuðum síðar verður ríkisstj. að gefast upp í þessu verkefni á þennan hátt, sem hún gerir. Hvernig stendur á því? Hafa aðstæður verið óhagstæðar fyrir ríkisstj. til þess að standa við samkomulagið að sínu leyti? Nei, ég tel alveg hiklaust, að allar aðstæður hafi verið mjög góðar fyrir ríkisstj. að geta staðið við samkomulagið, að geta staðið við stöðvunarstefnuna, a. m. k. það eina ár, sem samkomulagið átti að standa. Það liggur fyrir, að afkoman hjá þjóðarbúinu hefur verið mjög góð undanfarandi ár. Framleiðslan hefur orðið mjög mikil, bæði á árinu 1962 og 1963, og þó allra mest á því ári, sem enn er ekki að fullu liðið. Og verðlag hefur verið mjög hagstætt á útflutningsvörum þjóðarinnar á þessu tímabili, farið jafnt og þétt hækkandi. En hins vegar hefur verðlag á innfluttum vörum einnig verið mjög hagstætt. Viðskiptakjörin á þessu tímabili hafa farið jafnt og þétt batnandi. Ríkissjóður hefur búið við mjög rúman fjárhag á þessum árum, hafði mikinn greiðsluafgang árið 1962 og einnig árið 1963, og því verður ekki trúað, að afkoman hjá ríkissjóði sé ekki einnig hagstæð árið 1964, svo hagstætt sem árið hefur verið í hvívetna. Maður verður því að telja, að allar kringumstæður fyrir ríkið hafi verið mjög góðar til þess að geta staðið við það samkomulag, sem gert var í júnímánuði s. l.. En eigi að síður hefur þetta nú farið svo, að ríkisstj. lýsir því yfir, að hún geti ekki lengur haldið við stöðvunarstefnuna, það sé óhjákvæmilegt vegna afkomu ríkissjóðs að efna til nýrrar verðhækkunar með því að leggja á eða hækka söluskattinn.

Það leynir sér auðvitað ekki, þegar málið er athugað nokkru nánar, hvaða orsakir það eru, sem til þess liggja, að ríkisstj. gefst upp við stöðvunarstefnuna. Ástæðurnar eru þær, að útgjöld ríkissjóðs hafa farið jafnt og þétt vaxandi, útþenslan í ríkiskerfinu sem heild hefur verið gífurlega mikil og engar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ríkisstj. til þess að geta stöðvað sig. Sú afsökun, að nú verði að grípa til nýrra álaga, eins og hér er lagt til, vegna þess að niðurgreiðslur á vöruverði hafi hækkað á þessu ári um 68 millj. kr., sú afsökun fær ekki staðizt. Ef ekki hefði verið um annað að ræða en það, hefði ábyggilega verið auðvelt fyrir ríkissjóð að komast af án nýrra tekjustofna. Það liggur fyrir, að einn af tekjustofnunum á þessu ári hefur reynzt mun drýgri en ríkisstj. hafði reiknað með. Álagður tekju- og eignarskattur á þessu ári reyndist vera 46 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir tekjum af þessum lið á fjárlagafrv. Þetta kom til af því, að tekjur reyndust yfirleitt vera hærri en reiknað hafði verið með. Þarna er alveg tvímælalaust um að ræða verulegan tekjuauka hjá ríkissjóði, því að ríkisstj. hefur neitað því gersamlega að fallast á till. um það að slaka nokkuð til á þessari skattlagningu. Þegar svo þess er einnig gætt, að ríkisstj. gerir ráð fyrir því í till. sínum fyrir komandi ár, að 1965 muni tekju- og eignarskatturinn hækka enn um 125 millj. kr., og þegar þess er einnig gætt, að ríkisstj. gerir ráð fyrir því að taka til sín tekjustofn á næsta ári, sem aðrir aðilar höfðu, upp á 95 millj. kr., er greinilegt, að margt bendir til þess, að næsta ár ætli að verða allmiklu tekjudrýgra fyrir ríkissjóð heldur en yfirstandandi ár hefur verið. Það er ekki kunnugt um það, að einn einasti af tekjustofnum ríkisins hafi brugðizt á þessu ári. Þvert á móti benda þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið, til þess, að svo að segja allir tekjustofnar ríkisins muni á þessu ári skila fremur meiri tekjum en minni en áætlað hafi verið. Það er aðeins söluskatturinn einn, sem nú í nóvemberlok virðist hafa skilað minni tekjum en ráð var fyrir gert eða var á sama tíma árið á undan, og kemur það satt að segja spánskt fyrir, að söluskatturinn skuli hafa skilað minni tekjum nú í nóvemberlok en hann hafði gert í nóvemberlok árið á undan, þó að enginn efist um það, að umsetningin í landinu hafi verið mun meiri á yfirstandandi ári en hún var á árinu 1963. Hér getur ekki verið um annað að ræða en það, að annaðhvort hefur eitthvað verið slakað á innheimtunni, sem þó er fremur ótrúlegt, eða þá að hér eiga sér stað í stærri stíl en áður undanskot á þessum skatti.

Það er því ekki af þessu, sem ég hef sagt,

hægt að sjá, að það séu neinar beinar ástæður, sem hafi gert það óumflýjanlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að hverfa frá því samkomulagi, sem hún gerði á s. l. sumri um að reyna að stöðva hið sífækkandi verðlag í landinu. Þvert á móti bendir í rauninni allt til þess, að aðstæður hafi verið hagstæðar og það hafi átt að vera auðvelt fyrir hana að standa við samkomulagið. En hverjar verða svo afleiðingarnar af því, að ríkisstj. velur þennan kost? Jú, hún gerir ráð fyrir þeim afleiðingum sjálf, að hið almenna verðlag í landinu muni nú á næstu mánuðum hækka um 3% og af því verði að taka við 3% almennri launahækkun í landinu.

Nú er alveg augljóst, að bæjar- og sveitarfélög í landinu hljóta einnig að feta í fótspor ríkisins í þessum efnum. Þau verða að taka við hækkandi útgjöldum sem afleiðingu af þessari ákvörðun, og þau munu að sjálfsögðu einnig hækka sínar álögur. Hér verður því ekki aðeins um þessa beinu hækkun að ræða á álögunum, sem felst alveg beint í þessu frv. Það er alveg gefið mál, að aðrir aðilar munu hér á eftir koma, enda er alveg augljóst, hvert stefnir t. d. hjá bæjaryfirvöldunum í Reykjavík. Þau hugsa sér að hækka álögurnar, og ef að líkum lætur, hugsa ég, að það sé ekki allt komið fram enn, það megi jafnvel búast við aukahækkun vegna þessa frv., sem hér er á ferðinni.

Það er einnig alveg gefið mál, að bein afleiðing af samþykkt þessa frv. verður það, að landbúnaðarvörur hljóta að hækka. Almenn kauphækkun gengur yfir upp á 3%. Það þýðir, að bændur landsins eiga rétt á því samkv. gildandi l. að laun bóndans í verðlagsgrundvellinum hækki líka. Afleiðingin verður sú, að landbúnaðarvörurnar munu hækka í verði. Og þegar sú hækkun kemur út í verðlagið, segir hún að sjálfsögðu einnig til sín á vísitöluna.

Allar þessar hækkanir, sem munu ganga yfir í beinu framhaldi af samþykkt þessa frv., verða auðvitað til þess, að það koma fram áframhaldandi verðlagshækkanir í efnahagskerfinu. Ýmis fyrirtæki brjótast í gegn, eins og þau hafa jafnan gert áður, og knýja fram viðbótarhækkun sér til handa, þegar þau verða að taka á sig 3% almenna rekstrarkostnaðarhækkun. Hér er því ríkisstj. að ýta af stað verðhækkunaröldu, og hún verður að sjálfsögðu, eins og alltaf hefur verið, miklum mun meiri en þær tölur benda til, sem greindar eru í þessu frv., því að þar er aðeins um upphafið að ræða. Síðan mun þetta vefja upp á sig, þegar aðrir komast með inn í leikinn.

En hver verða svo áhrifin af þessum ráðstöfunum, t. d. fyrir útflutningsatvinnuvegi landsins? Það hefur verið á það bent í þessum umr., að snemma á þessu ári eða í janúarmánuði knúði ríkisstj. fram lagasetningu hér á Alþingi um allverulega hækkun á söluskattinum, og sú hækkun var réttlætt með því, að hún ætti að verða til stuðnings sjávarútveginum í landinu sérstaklega, til þess að hann gæti risið undir þeirri 15% kauphækkun, sem hafði verið samþykkt í desembermánuði árið á undan. Í sambandi við afgreiðslu þess máls voru lagðir fram hér á Alþingi útreikningar af Efnahagsstofnuninni, útreikningar frá Jónasi Haralz, sem sýndu, að 15% kauphækkun þýddi aðeins fyrir frystihúsin í landinu upphæð, sem næmi 62 millj. kr. Þessir útreikningar voru líka staðfestir af Fiskifélagi Íslands, og við þetta var miðað, þegar frv. þetta var samþykkt. Nú liggur hins vegar fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv., að ríkisstj. gerir ráð fyrir því að draga til sín ákveðna upphæð, sem veitt hafði verið til frystihúsanna í landinu til þess að standa undir þessum kostnaði, og þessi upphæð nemur, eins og segir í grg. fjárlagafrv., 43 millj. kr. Einnig gerir nú ríkisstj. ráð fyrir því að draga til sín hluta af þessum álögum, sem áttu að ganga til almennrar hækkunar á fiskverði. En sú hækkun nam 52.5 millj. kr. Nú má áætla það í beinum hlutföllum, að af þessari fiskverðshækkun, 52.5 millj. kr., hafi gengið til frystihúsanna í landinu a. m. k. 30 millj. kr. eða rúmur helmingur, en það er það hlutfall af fiskmagni, sem frystihúsin taka. Samkv. þessum ráðstöfunum var því málið þannig, að frystihúsinu í landinu fengu samkv. þessum ráðstöfunum um 73—75 millj. kr. Miðað við útreikning Efnahagsstofnunarinnar og Fiskifélagsins jafngildir þessi upphæð, þessar 73—75 millj. kr., 19% kauphækkun hjá frystihúsunum. Ég vil sérstaklega undirstrika það, að þessir útreikningar eru nákvæmlega byggðir á þeim tölum, sem fram hafa komið hjá Efnahagsstofnuninni og Fiskifélaginu. Það, sem er því verið að gera með afgreiðslu fjárl. að þessu sinni, er það, að ríkisstj. ákveður að taka ákveðnar fjárgreiðslur, sem gengu á þessu ári til frystihúsanna í landinu, upp á 73—75 millj. kr., og leggja þessa fjárhæð í ríkissjóð, en það jafngildir því, að frystihúsin eigi að skila í ríkissjóð á næsta ári um 19% kauphækkun. Um 19% viðbót á kaupgreiðslur á að leggja á frystihúsin og leggja til ríkissjóðs. Til viðbótar við þessi 19% eiga svo frystihúsin í landinu samkv. grg. þessa frv að taka við 3% almennri launahækkun.

Eins og kunnugt er, var samið um það á s. l. vori að leggja á sérstakan launaskatt upp á 1%, og hann var vitanlega lagður á frystihúsin í landinu eins og aðra atvinnurekendur. Þá var einnig samþykkt að hækka orlofsgreiðslu um 1%. Það var vitanlega lagt á frystihúsin í landinu eins og aðra aðila. Séu þessar hækkanir lagðar saman, kemur fram, að frystihúsunum í landinu er nú ætlað að rísa undir til viðbótar við það, sem verið hefur, sem nemur 24% beinni kauphækkun, — rísa undir 24% beinni kauphækkun. Og þessi 24% ganga ekki til fólksins, sem vinnur í frystihúsunum. Nei, meginhlutinn af þessu gengur beint í ríkissjóð eða verður vegna áhrifa frá hálfu ríkisstj.

Nú spyr ég: Álítur t. d. hæstv. fjmrh., að ein þýðingarmesta greinin í útflutningsiðnaði landsmanna, frystihúsin, geti tekið á sig sem nemur 24% kauphækkun alveg bótalaust?

Álítur hann það? Þegar hann ákvað að taka beint í ríkissjóð frá þessum aðilum sem nemur 19% kauphækkun, verður maður að álykta, að hann hafi litið svo á, að þau gætu þetta.

Svipaðar álögur og þarna er um að ræða í dæminu um frystihúsin eru einnig gagnvart öðrum fiskiðnaði í landinu. Það hefði heyrzt hljóð úr horni, ætla ég rétt að segja, hefðu launasamtökin í landinu komið fram með kröfur um það og knúið þær í gegn, að frystihúsin í landinu ættu t. d. að hækka kaupið við fólkið, sem þar vinnur, í einu vetfangi um 24%. Þá hefði ekki staðið á aðilum innan ríkisstj. að segja: Auðvitað getur engin framleiðsla staðið undir slíkri gífurlegri kauphækkun. Auðvitað þolir engin framleiðsla slíkt. — Ætli það hafi ekki heyrzt stundum áður? En þegar ríkisstj. sjálf á í hlut, þegar fjmrh. vantar peninga, þá getur hann gengið til þessara sömu aðila, frystihúsanna, og sagt: Veskú, látið mig hafa 19% í kassann hjá mér til viðbótar við þá launagreiðslu, sem þið innið af hendi til fólksins, sem vinnur í húsunum.

Í sambandi við þetta vakna auðvitað þær spurningar, hvað meiningin sé að gera. Er e. t. v. meiningin að koma á eftir fyrir hönd frystihúsanna og annarra þátta framleiðslunnar og segja í janúarlok, þegar þingið kemur saman á ný: Það er útilokað, að þeir geti rekið sína þjóðarnauðsynlegu starfsemi, nema þeir fái hjálp. — Á þá kannske að koma með nýjar álögur? Þessari spurningu verður að svara. Það er alveg útilokað að afgreiða þetta mál án þess, að spurningunni um þetta sé svarað.

En það bætist í rauninni meira við, því að málið er ekki einu sinni svona einfalt, að hér sé aðeins um þessi 24% að ræða. Við vitum, að í ársbyrjun þessa árs var samþykkt gegnum þær ráðstafanir, sem gerðar voru hér á Alþingi, að hækka fiskverð til báta í landinu um 6% með sérstökum ráðstöfunum. Sjómennirnir á þorskveiðunum gátu þá samkv. þessu fengið 6% kauphækkun, þegar aðrir fengu þó 15% og töldu sig greinilega fá of lítið, af því að þeir fengu ekki til jafnaðar við það, sem verðlagið hefði hækkað, — en sjómennirnir, sem stunda hér á vetrarvertíðinni, gátu fengið 6% fiskhækkun með sérstökum ráðstöfunum. Nú er gert ráð fyrir því, að samkv. þessu frv. verði um almenna 3% verðhækkun í landinu að ræða og sem afleiðing af því 3% launahækkun. Nú spyr ég: Dettur nokkrum manni það í hug núna, að sjómennirnir, sem eiga að vinna á næstu vetrarvertíð, eigi engar launabætur að fá? Eiga þeir ekki að fá 3% eins og aðrir? Jú, mér dettur ekki í hug að búast við því, að það geti nokkur sanngjarn maður neitað því, að þeir hljóta að verða að fá 3% hækkun ekki síður en aðrir, því að þeir fengu minna síðast. Og ég efast ekkert um það, að þeir, sem reka fiskibátana, koma til með að segja: Þessi 3% hækkun skellur á alla rekstrarliði bátsins. Það hækkar allt um 3%, eins og við vitum. Hér verður því um mun óhagstæðari rekstur hjá útgerðinni að ræða heldur en verið hefur, og þeir, sem bátana eiga, koma auðvitað til með að gera kröfur um það, af því að það hallar verulega á þá núna, alla þá, sem stunda þorskveiðar, þeir koma til með að gera kröfur um það að fá bætur á móti þessum útgjöldum. Nú standa málin þannig í dag, að sjómennirnir eru búnir að segja upp sínum kjarasamningum og þeir eru búnir að gefa sínum samningamönnum umboð til þess að boða til vinnustöðvunar um áramótin. Ég spyr nú: Dettur nokkrum manni í hug undir þessum kringumstæðum, að það sé hægt að halda sig t. d. við óbreytt fiskverð til sjómannanna í samningunum, sem gerðir verða nú um áramótin? Nei, auðvitað verður fiskverðið að hækka, og það er viðurkennt einnig af sjálfum fiskkaupendunum. Þeir hafa gert um það samþykktir. Þeir vita, að það er alveg útilokað að reikna með því, að það geti orðið eðlileg útgerð á komandi vertíð hjá þeim bátum, sem eiga að stunda veiðar með línu og eiga að stunda veiðar með net, án þess að um verulega fiskverðshækkun verði að ræða. Þessir aðilar geta því ekki tekið á sig verri aðstöðu en þeir hafa haft. Þeir geta ekki tekið á sig þessar álögur, og þeir, sem þar vinna, verða vitanlega að fá sambærilega hækkun og aðrir. Þessa liði vantar alla inn í dæmið. Það er því enginn vafi á því, að frystihúsin og aðrar greinar útflutningsiðnaðarins verða að taka á sig meira en sem nemur þessum 24%, sem ég var að benda á, að engin leið er þó að þræta um. Mér er líka kunnugt um það, að þeir frystihúsamenn vilja auðvitað ekki viðurkenna það, að hér sé aðeins um þessi 24% að ræða, sem ég nefndi. Þeir álíta, að það hafi verið um allverulegar kauphækkanir að ræða í sambandi við alls konar tilfærslur á ýmsum launaliðum, sem gerðir voru líka í síðustu samningum, og þeir álíta, að hér sé ekki um 24% að ræða, heldur nokkuð yfir 30%. En það skiptir ekki máli. Hitt er höfuðatriðið: Álítur hæstv. ríkisstj. það, því að hún hlýtur vitanlega að hafa kynnt sér svona þýðingarmikinn þátt í efnahagslífi þjóðarinnar eins og rekstur útgerðarinnar í landinu, — álítur hún, að það sé hægt að leggja slíkar byrðar sem þessar án nokkurra sérstakra bóta t. d. á frystihúsareksturinn í landinu og rekstur þeirra báta, sem eiga að stunda veiðar með línu og net á þorskvertíð, — álítur hún það, að þetta sé hægt? Ég hefði gaman að þessu sinni að fá að sjá úreikninga Efnahagsstofnunarinnar, frá Jónasi Haralz og öðrum, um það. Ef þeim tekst að reikna það einnig út, að það sé hægt fyrir þessa aðila, miðað við fyrri útreikninga sína, — ef þeim tekst að reikna það út núna, að þeir geti þetta allt bótalaust, þá eru þeir miklir sérfræðingar í útreikningum. En ég held, að það sé ekki hægt, nema þá að hrinda öllum sínum fyrri útreikningum.

Þá er auðvitað komin þessi spurning: Er virkilega meiningin, þegar menn standa frammi fyrir afleiðingum þess, sem hér er verið að gera með því að hverfa frá stöðvunarstefn-

unni og ryðja á stað nýrri verðhækkunaröldu, sem vitanlega vefur upp á sig, — er þá meiningin, þegar afleiðingarnar eru komnar fram, að halda bara áfram, leggja á nýjan skatt til stuðnings sjávarútveginum, svo að hann geti haldið áfram, og síðan koll af kolli? Ég held, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi í þessu tilfelli staldrað við það, að útreikningar, að mínum dómi reyndar mjög vafasamir útreikningar, sýndu, að ríkissjóður þyrfti að fá nokkurn tekjuauka, og þó að hún hafi strax gripið til þess ráðs að reyna að afla teknanna á þennan hátt, virðist það vera svo, að hún hafi ekki hugsað þetta dæmi til enda, hún hafi ekki gert sér fulla grein fyrir afleiðingunum, sem hlytu að verða af því að fara þessa leið. Á það hefur réttilega verið bent, að meira að segja miðað við þær tölur, sem fram koma frá hæstv. ríkisstj. um tekjuþörf ríkissjóðs, er raunverulega, eins og hún hefur stillt upp dæminu nú, eftir að hún hefur gefið eftir hluta af þeim skatti, sem hún ætlaði að innheimta, þá er raunverulega um nettókröfu að ræða fyrir ríkissjóð upp á 197 millj. kr. Ríkisstj. hafði gert ráð fyrir því að þurfa að leggja á söluskatt upp á 307 millj., fellst nú á að lækka hann um 68 millj. Þá er söluskatturinn kominn niður í kringum 239 millj. Og hún viðurkennir, að 42 millj. kr. af þörfinni stafi beinlínis af skattinum sjálfum. Sé það dregið frá, má segja, að nettóþörf ríkisins sé í kringum 197 millj. kr., miðað við þessar tölur stjórnarinnar. Þá er aðeins spurningin: Sjá menn enga aðra leið til þess að komast yfir þennan vanda heldur en grípa til þess óyndisúrræðis, sem þessi skattur er? Sjá menn enga aðra leið? Er það virkilega svo, að það hafi verið athugað gaumgæfilega hjá hæstv. ríkisstj., að ekki sé t. d. hægt að hækka nokkuð þær áætlanir, sem fyrir liggja um tekjuliði fjárl.? Hefur það ekki verið viðurkennt nú af hæstv. ríkisstj., að það standi a. m. k. til að gera allróttækar ráðstafanir til þess að sjá um betri innheimtu á álögðum beinum sköttum en verið hefur? Og reiknar hún ekki með því, að hún mundi fá talsvert meiri tekjur, ef þessar nýju leiðir verða viðhafðar, og reiknar hún ekki með því, að söluskatturinn mundi gefa nokkru meira, ef hún beitti þessum nýju aðferðum? Eða á hreinlega ekkert út úr því að koma nema fanga 1—2 menn og sekta þá um nokkrar krónur? Nei, auðvitað er verið að efna til þessa nýja eftirlits í sambandi við innheimtu skattanna, vegna þess að menn vita og viðurkenna í rauninni allir, að skattarnir koma ekki allir í ríkissjóð. Skattarnir, sem á eru lagðir eða á ættu að leggjast, sumir hverjir, eru ekki lagðir á, og aðrir, sem eru lagðir á, eins og söluskatturinn, koma ekki allir til skila. Og nýjar ráðstafanir, sem eiga að herða á þessu, eiga vitanlega að skila sér í hækkuðum fjárhæðum í ríkissjóð.

Ég teldi því ekki óeðlilegt, að við nánari athugun gæti ríkisstj. fallizt á að hækka nokkuð tekjuáætlun fjárlagafrv. og þannig mætti mæta þessum mismun að einhverju leyti. Og ekki vil ég heldur trúa því, að ef ríkisstj. virti fyrir sér þennan gífurlega vanda, sem hlýtur að fylgja því að samþ. þetta frv., fyndi hún ekki með góðum vilja einhverja liði, sem mætti lækka á fjárl. Það er enginn vafi á því, að þar má lækka allverulega ýmsa rekstrargjaldaliði, en einnig væri ástæða til þess að taka eitthvað af beinum framkvæmdakostnaði ríkisins, þar sem um stórframkvæmdir er að ræða eða mjög dýrar framkvæmdir, og leggja ekki útgjöldin eins mikið á tekjurnar á þessu ári, jafnvel þó að ríkið hugsaði sér álíka hraðar framkvæmdir, því að það má vel hugsa sér það, að ríkið taki eitthvað að láni, þegar um stórframkvæmdir er að ræða, og dreifi framlögum sínum til þessara stórframkvæmda og fjárfestingar á lengra tímabil. Þetta er viðurkennt hjá öðrum þjóðum, og þetta er gert. Það er vitanlega engin ástæða til þess í því tilfelli, að ríkið efnir til byggingar á stórhýsi upp á 40 millj. kr. á einu ári, að leggja alla þá tölu inn á tekjur viðkomandi árs og afskrifa allt á einu ári. Full ástæða væri til þess að miðla þessum kostnaði á nokkur ár og gera þá hreinlega ráð fyrir lántöku þar á móti, á meðan er verið að dreifa þessu á lengra tímabil.

Ráðstafanir eins og þessar væru vitanlega færar, ef menn vildu stefna að því að lækka útgjaldaliðina. Og ef hæstv. ríkisstj. metur þennan vanda eitthvað í líkingu við það, sem ég met hann og ég hef verið að draga hér upp mynd af, finnst mér ekki heldur goðgá að hugsa til þess, að eitthvað af þeim beina greiðsluafgangi, sem ríkisstj. hefur enn í sínum höndum frá góðu árunum, 1962 og 1963, en upplýst hefur verið í þessum umr. að ríkisstj. geymi enn óráðstafað af greiðsluafgangi áranna 1962 og 1963 um 220 millj. kr., — það hefði ekki heldur verið nein goðgá að taka nokkurn hluta af þessu til þess að reyna að komast fyrir þennan vanda, ef menn vildu eitthvað til vinna að velta ekki hjólinu af stað á nýjan leik. Og enn mætti benda á það, að ef þarf að grípa til þess að afla meiri tekna, þá koma líka til greina aðrir skattar, sem ekki verka eins og söluskatturinn. Það kæmi auðvitað til greina, að við gerðum meira að því en nú er gert að reyna að skattleggja eyðsluna, þar sem hún færi fram. Ég man eftir því, að fyrir ekki löngu hlustaði ég á ágæta ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti einmitt um það atriði, það væri einmitt leiðin, sem ætti að fara, að skattleggja eyðsluna. Þar sem eyðslan færi fram, þyrfti að hafa þannig gjaldstiga á, að þeir, sem eyddu í meiri og minni óþarfa eða umfram brýnustu þarfir, væru á þann hátt látnir greiða. Þessi leið er vitanlega fær og miklu betri en að leggja á söluskatt. Það kæmi líka alveg fyllilega til greina hjá okkur eins og hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum að leggja t. d. á verðhækkunarskatt. Það er vitað mál, að ýmsir aðilar í landinu hafa grætt mikið fé bara á verðbólgunni, bara á verðhækkunum á fasteignum. Það kæmi vissulega til greina að innheimta nokkurt gjald af slík-

um gróða, og það er vitanlega allt annað að leggja hann til grundvallar í sambandi við tekjuöflun til ríkisins heldur en ákveða að innheimta tekjurnar í ríkissjóð á þann hátt að hækka brýnustu daglegar lífsnauðsynjar. Og það skulu menn vita, að það er ekkert uppfundið af þeim, sem nú eru í stjórnarandstöðu, að benda á það, að söluskatturinn er einhver óréttlátasti og ósanngjarnasti skatturinn, sem á landsmenn er lagður. Hér hefur verið á það minnzt, að sumir af núverandi ráðh. hafa kveðið allmyndarlega að orði í þessum efnum, af því að Alþfl. hefur oftlega á það bent á undanförnum árum, að söluskatturinn er einhver allra ósanngjarnasti skattur, sem þekkist hér hjá okkur.

Ég minnist þess t. d., að hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, viðhafði þessi orð í umr. um söluskattinn á Alþingi í lok ársins 1954, — hæstv. ráðh. sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þeim sköttum, sem íslenzka ríkið innheimtir nú af borgurunum, má telja söluskattinn óvinsælastan allra og að flestu leyti líka óréttlátastan. Það, sem fyrst og fremst er ranglátt við söluskattinn, er, að hann leggst hlutfallslega jafnt á allar vörur, sem hann er innheimtur af, hvort sem þær eru nauðsynjavörur eða algerar óhófsvörur.“

Svipaðar yfirlýsingar þessum hafa verið gefnar æðioft áður. Nú hlýtur maður auðvitað að spyrja: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að hæstv. viðskmrh. skuli standa sérstaklega að því að velja ósanngjarnasta skattinn, óeðlilegasta skattinn, sem á er lagður, og reyna að hækka hann? Hvernig stendur á því, að ríkisstj. skuli einmitt velja þennan skatt, sem veldur meiri almennri verðhækkun en aðrir skattar gera? Hvernig stendur á því, einmitt þegar átti að stöðva verðlagið? Og hvernig stendur á því, að ríkisstj. skuli einmitt velja þennan skatt, sem meira að segja aðalefnahagssérfræðingar hennar eru að vara hana við. Jóhannes Nordal skrifar nýlega forustugrein í Fjármálatíðindi, sem er að meginmáli til aðvörun til ríkisstj. um það, að nú megi ekki fara lengra á söluskattsbrautinni, því að það hafi orðið reynslan hér eins og annars staðar, þar sem hann hafi verið hækkaður verulega, að hann innheimtist illa og hann sé því mjög varhugaverður skattur. Hér hefur verið upplýst í þessum umr., að Jónas Haralz, aðalsérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, hafi beinlínis lýst því yfir á fjvn.-fundi hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum, að hann teldi þetta óheppilegan skatt og aðrar leiðir hefði átt að fara. Nú spyr maður: Hver er það, sem hefur ýtt ríkisstj. út í það að velja einmitt þennan skatt? Hvernig stendur á því?

Ekki efast ég um það, að ríkisstj. hlýtur að viðurkenna það, að enginn skattur verkar eins til almennrar verðhækkunar og söluskatturinn og enginn skattur kemur í rauninni verr við almenning í landinu en söluskatturinn. En samt hefur þessi skattur verið valinn. Það virðast öll rök mæla gegn því, miðað við yfirlýsingar ríkisstj., að velja þennan skatt, fara þessa leið. En hinu er auðvitað ekki að leyna, og það hefur líka glögglega komið fram í þessum umr., að það eru til ýmsir aðilar í landinu, sem ekki eru á móti því, að söluskatturinn sé hækkaður. Það er enginn vafi á því, að margir af hinum fjölmörgu innheimtumönnum skattsins, milliliðirnir í landinu, eru ekkert óánægðir með þetta. Sé það tilfellið, sem ég álít og flestir viðurkenna í umr. um þetta mál, að skatturinn komi ekki allur til ríkisins, er auðvitað sýnilegt, að innheimtumennirnir hafa ekkert lakar af því, það verður ekkert verra fyrir þá, þó að skatturinn sé hækkaður.

Ég held, eins og ég hef vikið að, að það sé enginn vafi á því, að ríkisstj. hefði getað, jafnvel þó að hún hefði haldið sér við það, sem ég álít að sé nú ekki þörf á, — jafnvel þótt hún hefði haldið sér við það, að afla þyrfti nettótekna til ríkissjóðs, sem nemur 197 millj. kr. til viðbótar við það, sem ríkissjóður er búinn að fá eftir öðrum leiðum, — jafnvel þótt hún hefði haldið sig við þá tölu, hefði hún auðveldlega getað komizt yfir slíka upphæð, bæði gegnum sparnað á útgjöldum ríkisins og einnig með því að nota nokkuð af greiðsluafganginum, sem fallið hefur til á undanförnum árum, og svo með því að fara aðrar skattaleiðir, hefði hún getað losað sig við mikinn hluta af þeim stóra vanda, sem hlýtur að ganga yfir hann, eins og alla þjóðina, með því að velja þessa leið.

Ég vildi nú að lokum alveg sérstaklega óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. gefi hér einhverjar yfirlýsingar um það, hvernig hún lítur á það vandamál, sem hlýtur að skapast hjá sjávarútveginum í beinu framhaldi af samþykkt þessa frv. Ég vil alveg sérstaklega fara fram á það, að ríkisstj. geri einhverja grein fyrir því, hvernig hún lítur á þessi mál, vegna þess að það skiptir vitanlega höfuðmáli í þessum efnum, hvort afleiðing af samþykkt þessa frv. á að verða það, að annað af svipuðu tagi verði eftir nokkra mánuði að fylgja á eftir. Ég vil benda á, að þó að á margan hátt hafi verið hagstætt árferði hjá sjávarútveginum, fer því þó víðs fjarri, að þetta hagstæða árferði komi öllum greinum sjávarútvegsins jafnt til góða. Það fer ekkert á milli mála, að t. d. framleiðsla eins og skreiðarverkun á mjög erfitt nú og fær ekki risið undir neitt svipað því jafnmiklum tilkostnaði og aðrar verkunaraðferðir mundu þó gera. Það fer heldur ekkert á milli mála, að smærri bátar og miðlungsbátar búa margir við tiltölulega kröpp kjör nú, og það er heldur enginn vafi á því, að við línuútgerð í landinu yfirleitt og eins netaútgerð er um knappan rekstur að gera. En vitanlega nær engri átt, að hægt sé að reka þjóðarbúið stórskakkafallalaust, ef til þess ætti að draga, að þessir framleiðsluþættir ættu að dragast verulega saman. Þetta eru einhverjir þýðingarmestu þættirnir í okkar útflutningsframleiðslu. Þó að síldveiðarnar sem heild hafi gefið góða raun, einkum og sérstaklega hjá vissum aðilum, fer því mjög fjarri, að sá hagn-

aður, sem kann að koma fram hjá ýmsum, nái til allra. En þær ráðstafanir, sem hér er gripið til, mundu einmitt, og þar ræði ég um afgreiðslu fjárl. sem heild, mundu einmitt bitna með miklum þunga á þorskveiðunum og þeim aðilum, sem vinna þá vöru til útflutnings.

Það hefur verið á það minnzt hér í þessum umr., að það komi með nokkrum hætti fram, m. a. í skrifum Alþýðublaðsins, að innan ríkisstjórnarliðsins sé ekki fullkomin samstaða um að velja þessa leið, sem hér hefur verið valin. Og ég held, að það sé enginn vafi á því. Ég tók t. d. eftir því, að í leiðara Alþýðublaðsins í dag, en þar var aðallega verið að ræða um afgreiðslu á hliðstæðum málum þessum í borgarstjórn Reykjavíkur, var komizt að orði á þessa leið, orðrétt tekið upp úr blaðinu, með leyfi hæstv. forseta, — Alþýðublaðið sagði:

„Nú virðast þeir (þ. e. a. s. íhaldið í borgarráðinu í Reykjavík) ekkert hafa lært, því að borgarreksturinn er enn aukinn og lagðir tugir millj. á íbúa höfuðstaðarins til viðbótar því, sem áður var komið. Því miður er afgreiðsla fjárl. að ýmsu leyti sama marki brennd."

Já, afgreiðsla fjárl. virðist vera með því marki brennd samkv. þessu, að þeir hafa ekkert lært frekar en íhaldið í borgarstjórn Reykjavíkur. Útgjöldin hækka og hækka, álögurnar á almenning keyra úr hófi fram, þeir virðast ekkert hafa lært. Því miður er sama sagan á Alþingi.

Þessi orð eru auðvitað alveg augljós merki um það, ef eitthvað má lesa út úr þeim um það, að þeir, sem skrifa leiðara Alþýðublaðsins, eru andvígir þessari leið, sem hér hefur verið farin. Þeir eru andvígir fjármálastjórninni í núv. ríkisstj. Þeir telja, að hér hefði átt að fara aðrar leiðir. Það vitanlega hlýtur að leiða til þess, að maður beinir því sérstaklega til hæstv. forsrh., þegar þetta liggur nú fyrir í fyrsta lagi um móttökur þær, sem leið þessi fær frá stjórnarandstöðunni og frá launþegasamtökunum og hann hlýtur að heyra og sjá að þessi leið fær einnig frá samstarfsflokki Sjálfstfl. í ríkisstj., þá taki hann nú málið til nýrrar endurskoðunar, þá hugsi hann sig um enn einu sinni.

Ég held, að það sé mikið glapræði að velja þá leið, sem hér á nú að fara, og hún geti ekki leitt til annars en þess, að á næsta ári verði harðar og miklar deilur m. a. á milli launþegasamtakanna í landinu og ríkisvaldsins og vinnuveitenda. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að eftir þann frest, sem gefinn var með samkomulaginu á s. l. sumri, ætlast verkalýðshreyfingin í landinu til þess, að í næstu samningum, sem fram fara á næsta vori, verði samið um kauphækkun. Öll rök mæla með því, að hægt sé að veita launþegunum í landinu kauphækkun. Framleiðslan vex jafnt og þétt, og þjóðarbúskapurinn sem heild er mjög hagstæður. Eftir þennan frest, sem gefinn var, verður ekki undan því vikizt að samþykkja einhverja kauphækkun. Hins vegar er auðvitað alveg gefið mál, að eftir að svo hefur verið haldið á málunum eins og hér er gert, t. d. gagnvart útflutningsframleiðslunni, að leggja á hana slíkar byrðar eins og ég hef gert hér að umtalsefni, þá er auðvitað alveg gefið mál, að útflutningsframleiðslan segir: Meira en þetta get ég ekki tekið á mig með nokkru móti. — Samningar takast ekki, og afleiðingarnar verða auðvitað stórátök, stórframleiðslustöðvanir, og ég verð að segja það, að ég get ekki séð, hvernig ríkisstj. getur ímyndað sér það, að hún geti sloppið lifandi út úr slíkum átökum.

Ég held því, að hæstv. ríkisstj., sjáandi það, hvernig þessi mál standa, ætti að taka málið til nýrrar athugunar og gefa sér tíma, jafnvel þó að það taki eins og einn mánuð, taki janúarmánuð, til að leita að nýjum leiðum út úr þessum vanda, sem skapazt hefur, og ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti, að það er hægt að finna miklu betri leiðir en hér er stungið upp á.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. eða tefja mjög lengi við þetta mál. En þó langar mig til þess að koma hér að vissum sjónarmiðum, sem hafa vaknað upp hjá mér, eftir að þetta mál kom fram hér á hv. Alþingi.

Ég efast um, að hv. alþm. hafi áður orðið slegnir slíkri undrun eins og nú, þegar söluskattshækkunin var lögð fram hér fyrir nokkrum dögum. Þetta frv. kom svo á óvart, að ég veit ekki til, að nokkrum þm., hvort heldur var í stjórnarliðinu eða í stjórnarandstöðunni, hafi dottið þetta í hug eða átt von á því, að þetta væri á döfinni. Um þetta hefur t. d. aldrei verið rætt í fjvn., og er ég sannfærður um, að engum fjvn.-manni úr hópi stjórnarsinna var kunnugt um, hvað var að gerast, fyrr en hríðin var skollin á. Þaðan af síður virtust blöð ríkisstj. hafa leitt hugann að þessu, því að ekki minnist ég þess, að þau hafi rætt eða boðað fyrir fram nauðsyn þess að stórhækka skattaálögur með skyndiráðstöfunum milli fjárlagaumr. og í önnum og umróti síðustu daganna fyrir þinghlé og fyrir jól. Hér er um svo fáheyrð vinnubrögð að ræða, að þau eiga sér áreiðanlega engin fordæmi. Þessi vinnubrögð eru svo vítaverð, að ef hér á landi ríkti yfirleitt venjulegt pólitískt siðgæði, hefði ríkisstj. hlotið að segja af sér þegar í stað. Hún hefði orðið að gera það, vegna þess fyrst og fremst, að fylgismenn hennar í þinginu hefðu neytt hana til þess. En hér á landi ríkir yfirleitt alls ekki pólitískt siðgæði. Það verður að segja hlutina eins og er, að ríkisstj. hefur ekkert aðhald af flokksmönnum sínum á Alþingi. Hún virðist geta komizt upp með hvað sem henni sýnist. Sannleikurinn er sá, að núv. ríkisstj. lafir í völdum sínum af þeirri einu náð, sem þinglið hennar veitir henni, en úti á meðal þjóðarinnar á ríkisstj. engu trausti að fagna, heldur sætir hún algerri fyrirlitningu alls þorra manna í landinu, og það er fullkomlega réttlætanlegt.

Núv. stjórnarflokkar hafa hangið í völdum s. l. 6 ár, og þótt kannske hafi ekki alltaf verið vakurt riðið í íslenzkri pólitík undanfarna áratugi, hefur þó fyrst keyrt um þvert bak á stjórnarferli þeirra flokka, sem nú fara með stjórn í landinu. Engin ríkisstj. hefur setzt að völdum með meira yfirlæti en núv. ríkisstj. Hún þóttist hafa ráð við hverjum vanda. Hún ætlaði að stjórna svo, að það skipti sköpum í íslenzku efnahagslífi. Haftakerfið átti að afnema, uppbóta- og styrkjastefnan var fordæmd, kaupgjaldsmál skyldu leyst með frjálsu samkomulagi launþega og vinnuveitenda, og umfram allt skyldi verðgildi gjaldmiðilsins og verðbólgan stöðvuð. En hvað hefur gerzt þessi 6 ár, sem ríkisstj. hefur verið að völdum? Er styrkja- og uppbótakerfið úr sögunni? Það er síður en svo. Allt, sem ríkisstj. hafði um það að segja í upphafi, hefur reynzt blekking, enda mestan part byggt á furðulegum misskilningi á íslenzku efnahagslífi. Það er hægt að fordæma styrkja- og uppbótakerfið, og það er hægt að finna því flest til foráttu. En íslenzkir stjórnmálaforingjar ættu að hætta að heimska sig á því að fullyrða, að það sé auðvelt að komast út úr því. Það er nefnilega alls ekki auðvelt, enda hefur hæstv. ríkisstj. algerlega mistekizt það. Út af fyrir sig ætla ég ekki að lá henni það, en taumlaus blekkingarvaðall í þessu máli er alveg ófyrirgefanlegur. Hefur ríkisstj. staðið við það fyrirheit að láta launþega og vinnuveitendur frjálsa í samningum sínum um kaup og kjör? Nei, sannarlega ekki. Það er eitt þeirra stefnuskráratriða, sem *hún hefur brotið hvað freklegast og aldrei* látið afskiptalaust. Og hvað um verndun gjaldmiðilsins. Ekki annað en það, að ríkisstj. hefur tvívegis a. m. k. með beinum aðgerðum fellt gengi krónunnar og rýrt gjaldmiðilinn í verði með ýmsum öðrum aðgerðum. Og haldið þið, að það sé búið að stöðva verðbólguna og dýrtíðina? Í því efni hafa orð og efndir stangazt hvað mest á, þannig að verðbólguvöxturinn hefur aldrei verið ægilegri en þau 5—6 ár, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Þessi vöxtur hefur áreiðanlega aldrei verið meiri, og ríkisstj. kann þar engin ráð, þegar á reynir. Það má m. a. vitna til ræðu hæstv. forsrh. nú fyrir nokkrum dögum hér í hv. Alþingi, þegar hann var að velta vöngum yfir verðbólgunni og játaði, að hann kynni engin ráð við henni og vissi ekkert, hvað hann ætti að gera í þeim efnum né ríkisstj. Að sjálfsögðu var þessi hreinskilni hæstv. forsrh. mjög virðingarverð út af fyrir sig. En það veit ég, að hann skilur manna bezt, að þegar svo er komið, að æðsti stjórnmálaforingi landsins og sá, sem hefur forsæti í ríkisstj., játar í eyru alþjóðar, að hann kunni engin ráð í stærsta efnahagsböli þjóðarinnar, þá á hann að víkja úr forsætisráðherrasessi. Bjarni Benediktsson mundi ekki minnka við það að segja af sér ráðherradómi, eins og nú er komið málum fyrir honum og stjórn hans. Það er sjálfsögð skylda hans að fara frá völdum. Ef hann gerir sér þess ekki grein sjálfur, ættu flokksmenn hans að leiða honum það fyrir sjónir og hætta þessu vesældarkukli, sem viðgengst í stjórn landsins nú. Því fyrr sem það gerðist, því betra. En eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, er venjulegt, pólitískt siðferði ekki til í þessu landi, og meðan svo er, geri ég mér ekki heldur háar hugmyndir um, að ríkisstj. hafi þá reisn og þann myndarskap að segja af sér og leggja málin undir dóm kjósendanna, sem er þó það eina rétta, sem hægt er að gera.

Það er að mínu viti alveg augljóst, að ríkisstj. á sér ekkert annað markmið en lafa í völdum með öllum mögulegum og ómögulegum ráðum, og þegar svo er komið, á ríkisstjórnin einskis manns virðingu, sem varla er heldur von. Slík ríkisstj. er bæði hrein þjóðarógæfa og hrein þjóðarsmán. Ég segi fyrir mig, að ég get unnt hæstv. forsrh. og samráðh. hans betra hlutskiptis en þess að koðna niður í fyrirlitlegu valdabrölti og pólitísku siðleysi. Ég vil benda á það í fullri vinsemd, að íslenzk þjóð hefur ekki efni á því að sóa þannig góðum mannsefnum. Okkur er nauðsyn að einbeita kröftum okkar og nota þá til góðra hluta og einkum að virða heiðarlegt framferði í pólitík sem öðru. En ég kalla það m. a. óheiðarleika í pólitík og pólitískt siðleysi að viðurkenna ekki ósigur sinn.

Núv. ríkisstj. hefur beðið ósigur, hæstv. forsrh. hefur beðið persónulegan ósigur, og hæstv. fjmrh. hefur beðið sinn persónulega ósigur. Trausti almennings hafa þeir glatað, og virðingu almennings munu þeir glata, ef *þeir halda áfram að negla sig fasta við* ráðherrastólana, eins og nú er komið. Söluskattshækkunin, sem nú er fyrirhuguð, er einhver ósvífnasta till., sem um getur í sögu Alþingis nú um langt skeið. Skattar hafa farið síhækkandi á þessu ári, og jafnvel blöð ríkisstj. hafa kveðið fast að orði um nauðsyn skattalækkunar, og almenningur hefur trúað því, að það væri ætlun ríkisstj. að létta skattabyrðar. Almenningur hefur haft fulla ástæðu til þess að álíta, að svo yrði. Skattahækkun var nokkuð, sem fólk átti sízt von á eftir þær umr., sem orðið hafa um skattamál í sumar og haust. Þess vegna kemur söluskattshækkunin nú eins og hnefahögg í andlit þjóðarinnar, hvers einasta manns, hvar í flokki sem hann stendur. Forsendurnar fyrir söluskattshækkuninni eru heldur ekkert annað en blekking. Því er haldið fram af hæstv. ríkisstj., sem ber þetta frv. fram, að ekki sé hægt að ná endum saman á fjárlagafrv. án skattahækkunar. Miðað við reynslu síðustu ára er þetta alveg rangt. Það er hægt að afgreiða hallalaus fjárlög nú án skattahækkunar, og það er skylda Alþingis að sjá um, að svo verði. Umframtekjur ríkissjóðs hafa skipt hundruðum millj. undanfarin ár, en það er stefna ríkisstj. að innheimta árlega sem mest af sköttum til þess að hafa umframtekjurnar sem allra hæstar. Stefna ríkisstj. í skattamálum hefur til þessa verið og er enn ofsköttunarstefna, og hún heldur fast við þá

stefnu sína þrátt fyrir gefin loforð um skattalækkanir. Skattahækkunarfrv., sem hér liggur fyrir, sannar þetta bezt.

Tilgangurinn með þessu frv. er ekki sá að afla nauðsynlegra tekna til þess að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum. Tilgangurinn er einfaldlega sá að fá mörg hundruð millj. í öruggar umframtekjur. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkistj. að blekkja einn eða neinn í sambandi við þennan tilgang sinn. Það liggur alveg ljóst fyrir, að hverju er stefnt. Ríkisstj. er að svíkja sín eigin loforð um skattalækkanir. Hún er að ganga á orð og eiða, sem hún hefur svarið frammi fyrir alþjóð. Þess vegna er ekki einasta rétt að fella þetta frv., heldur ætti ríkisstj. sjálf að falla á málinu.

En því miður er hætt við, að svo verði nú ekki, því að enn einu sinni mun bresta það pólitíska siðferðisþrek, sem vantar á Íslandi í dag. En ef slíkt siðferðisþrek væri fyrir hendi, hlyti þessi ríkisstj. að kolfalla á verkum sínum. Ellegar þá að sjálfstæðismenn skipti um forustu í flokki sínum, sem einnig er viss leið út úr þessari kreppu, sem við erum nú í. En hér á landi viðgengst sá ósiður, sem þykir óhæfa í öðrum lýðræðislöndum, að pólitiskir foringjar streitist við að sitja, löngu eftir að þeir eru fallnir að virðingu og trausti, og sökkva sífellt dýpra og dýpra, sjálfum sér til hneisu og öllum landslýð til ömunar. Sú ríkisstj., sem nú situr við völd á Íslandi, á völd sín eingöngu undir þessum þjóðarósóma, sem þolir pólitískum foringjum að gera hverja óhæfuna á fætur annarri, án þess að þeir þurfi að svara til saka í flokki sínum.

Mín persónulega skoðun er sú, að ástæða hefði verið til þess að flytja formlegt vantraust á ríkisstj. og ræða það í útvarpsumr. tvö kvöld, eins og venja er til. En vantrauststill., sem aðeins nýtur stuðnings stjórnarandstöðuflokkanna, er þó kannske ekki mikils virði í sjálfu sér, því að ríkisstj., hversu aum sem hún er, stendur slíkt af sér. Það eina vantraust, sem verulega munar um, er það, að óbreyttir liðsmenn í stjórnarflokkunum og þó einkum úr þingflokkunum rísi upp gegn ofurvaldi forustumanna sinna og setji þeim stólinn fyrir dyrnar. Í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, var gullið tækifæri til þess að láta að sér kveða í þessu efni. En því miður sjást þess ekki merki, að svo ætli að verða. Ég harma það, því að af því má glögglega sjá, hversu fátækir íslenzkir stjórnmálamenn eru að siðferðisþreki og sönnum pólitiskum manndómi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér sýnist svo sem þetta muni verða sú eina umr. um þetta stóra mál, sem hv. dm. almennt geta tekið þátt í, en mér skilst, að 2. umr. muni verða mjög stutt og 3. umr. verður útvarpsumr., þannig að ég vildi þess vegna nota tækifærið til þess að segja mitt álit á þessum hlutum.

Það var mjög mikil gleði í vissum hópum hér í bænum, þegar þetta söluskattsfrv. var lagt fyrir. Það færðist bros á vör hjá fasteignasölum. Þeir sögðu, að nú færi loksins eitthvað að lifna yfir bisnessinum aftur. Og þeir vonuðust til þess að geta nú heldur farið að koma mönnum til að kaupa hitt og þetta, vegna þess að menn vildu forða peningum sínum frá því að eyðast í eldi verðbólgunnar. Það var líka mikill fögnuður hjá bílasölunum hérna í bænum, sem áttu dálítið af bílum á lager og voru ekki alveg vissir um, hvernig ganga mundi að selja þá. Bílarnir fóru að renna út hjá þeim. Það var vitanlegt frá þeirra sjónarmiði, að eftir nýár mundi þetta allt saman vera hækkað. Þess vegna er um að gera að fá menn nú til þess að kaupa. M. ö. o.: hjá þeim hluta atvinnurekendastéttarinnar í Reykjavík, sem beinlínis stundar braskið sem sinn aðalgróðaveg, varð mikill fögnuður. Þessi braskarastétt, sem er rík og fjölmenn hérna í Reykjavík, situr raunverulega á herðum alls vinnandi fólks í landinu, græðir á þessu fólki, sem sjálft þrælar baki brotnu, féflettir það. Fyrir þessa braskarastétt er hvert frv. eins og það, sem hæstv. fjmrh. nú flytur, eins og eiturlyfjasprauta í sjúkling, sem er orðinn vanur við þetta. Hann tekur kipp og dugir eitthvað ofurlítið betur í sínu þokkalega starfi á næstunni, þangað til það er orðin brýn þörf fyrir hann að fá nýja eitursprautu. Raunverulega er þessi braskarastétt, sem grætt hefur fyrst og fremst á verðbólgunni og lifað á henni, eins og eiturlyfjasjúklingur, en bara ólíkt þeim, sem við þekkjum annars af slíkum í þjóðfélaginu, að þessi stétt drottnar yfir landslýðnum. Hún er fyrirhyggjulaus um, hvernig allt eigi að veltast, og hún álítur, að verkalýðurinn og sjávarútvegurinn eigi alltaf að bera sig uppi, og í hvert skipti sem hún þurfi að fá nýja eitursprautu, skuli bara verkamönnum og sjávarútveginum vera gert að blæða. Og hæstv. fjmrh. er einmitt með þessu frv. að gefa þessa eitursprautu. Hann er sá ekta fulltrúi fyrir þessa braskarastétt í Reykjavík.

Hann var ofurlítið búinn að hugsa um eitthvað af þessari stétt rétt áður. Það var verið hér að pína gegnum þingið að gefa út, — var það ekki 75 millj. kr. í skattsvikabréfum? — sem þyrfti ekki einu sinni að telja fram eða neitt slíkt, en fá bæði háa vexti og vísitöluarð. Það voru 75 millj. Það var búið að gefa þeim, sem þetta keyptu, 2 millj. bara með þessu frv. Hæstv. fjmrh. kann auðsjáanlega mjög vel að hugsa um sína. Svo er ekki að tala um aðfarirnar við innheimtu á þessu. Í Íslandssögunni lærðum við það í gamla daga, að það hefði verið frekar ljótt hjá þeim útlendu konungum, sem við þá heyrðum undir, þegar þeir seldu landið á leigu til skattheimtu, — það hefði þótt frekar ljótt fyrirbrigði. Þá var það sem sagt þannig, að viðkomandi skattheimtumenn, hinir og þessir aðalsmenn, ekki peningaaðalsmenn, eins og nú tíðkast, heldur aðalsmenn, með fínar nafnbætur venjulega. fengu að heimta eins mikinn skatt af þjóðinni og þeir gátu, en áttu svo að skila til kóngsins einhverjum ákveðnum hluta. Ef þeir voru

mjög duglegir, heimtu þeir kannske 30% meira inn en þeir skiluðu. Þeir voru jafnvel enn þá harðvítugri, kannske 50%, og þetta þótti ein mesta niðurlægingin í íslenzkri sögu, þegar landið var þannig selt á leigu til skattheimtu. Það er þessi aðferð, sem er tekin upp í dag. Og hún er sérstaklega kærkomin auðsjáanlega þeim mönnum, sem fyrst og fremst treysta á hæstv. fjmrh. til forsjár. Hann virðist ekki mega um neina aðra aðferð hugsa heldur en þessa, að selja sínum skattheimtumönnum þjóðina á leigu til þess að innheimta hjá henni eins og þeir geta og stela undan eins og þeim þóknast. Það er það, sem er að gerast.

Það er ósköp eðlilegt, að allir þessir menn, allur þessi hluti verzlunarauðvaldsins í Reykjavík, hafi orðið mjög glaður við að sjá svona frv. Fyrir þessa menn er hæstv. fjmrh. að vinna, hann er þeirra maður. Hins vegar hafa orðið nokkur önnur viðbrögð hjá öllum þorra manna. Forusta verkalýðssamtakanna hefur þegar látið í ljós viðbrögð verkalýðsins. Hjá verkamönnum hefur gripið um sig reiði út af þessu frv. Verkalýðsstéttin í landinu og starfsmannastéttin hugsa ábyrgt um framvindu þessa þjóðfélags og færðu fórnir í sumar til þess að reyna að tryggja, að hér væri hægt að skapa heilbrigt þjóðfélag, en ekki sjúkt eiturlyfja- og braskþjóðfélag. Og verkalýðsstéttin gerði samkomulag um að stöðva verðbólguna, vegna þess að hún áleit, að hún væri að verða þjóðhættuleg. Hjá verkalýðssamtökunum og þeirra forustu, stjórn Alþýðusambandsins, eru þess vegna vonbrigði. Þau höfðu haldið, að hæstv. ráðh. mundu reynast menn til að reka þá pólitík, sem var óhjákvæmileg afleiðing af júnísamkomulaginu. Þess vegna lýsti stjórn Alþýðusambandsins þessu söluskattsfrv. hæstv. fjmrh. alveg réttilega sem eitri í ógróin sár. Það, sem er eiturlyfjasprauta fyrir sjúkan braskslíkama braskstéttarinnar í Reykjavík, er eitur í ógróið sár hjá þeim verkalýð landsins, sem heldur þjóðfélaginu uppi með sinni vinnu og ætlast til þess, að stjórnendur landsins reyni að stjórna því sem sæmilega heilbrigðu þjóðfélagi.

Og svo er hitt, að þessi verkalýður, sem í júní í sumar lagði fram sinn skerf til þess að reyna að skapa friðsamlega sambúð í okkar þjóðfélagi, sér nú, að hann á einskis annars úrkostar en að vígbúa sig til harðrar baráttu. Og það er annar aðili við hliðina á verkalýðnum, sem lítur líka áreiðanlega með óhug og ótta til framtíðarinnar, og það er sá hluti atvinnurekendastéttarinnar, sem rekur sjávarútveginn. Eins og fram kom greinilega áðan í ræðu hv. 5. þm. Austf., er engum efa bundið, að hjá sjávarútveginum og þeim, sem finna til ábyrgðarinnar af rekstri hans og fiskiðnaðarins, er nú reiði og vonbrigði yfir þessum ráðstöfunum.

M. ö. o.: sá hluti atvinnurekendastéttarinnar, sem ekki rekur þá pólitík og getur ekki rekið hana að velta alltaf af sér, heldur verður að standa í samkeppni við útlenda aðila og selja út úr landinu, sá hluti atvinnurekendastéttarinnar sér, að með þessum eiturlyfjasprautum handa braskstéttinni er verið að vega að honum og spilla fyrir honum. Það er þess vegna óhjákvæmilegt fyrir okkur að taka það til alvarlegrar athugunar, hvað hér er að gerast og hvað hér þurfi að gera, hvað þurfti að gera strax í vor, þegar búið var að gera júnísamkomulagið, sem svo að segja allir landsmenn hafa fagnað, líka sá verkalýður, sem fékk þó allt of lítið út úr því samkomulagi, sem vildi leggja það á sig að gera vopnahlé til eins árs, ef það væri hægt að gera þjóðfélagið eitthvað heilbrigðara, þannig að það þyrfti ekki að standa í stríði þrisvar sinnum á ári, eins og seinast var orðið, til þess að koma alltaf út með lægra kaup en áður eftir 3 mánuði frá verkföllunum. Það, sem þurfti að gera strax eftir júnísamkomulagið, var, að hæstv. fjmrh. skildi það, að nú þurfti hann að taka fjárl. til endurskoðunar. Ef það er meining að stöðva verðbólguna og hætta þessari óábyrgu pólitík, þá voru fjárl. það fyrsta, sem varð að taka til endurskoðunar. Og ef hæstv. fjmrh. hefur ekki skilið þetta, hefur hann annaðhvort ekki skilið anda júnísamkomulagsins eða er ekki fær um að framkvæma þann anda, og það þýðir: ekki fær um að vera fjmrh.

Ég tók eftir því í Alþýðublaðinu nýlega, að það voru taldir í leiðara þrír möguleikar, sem höfðu staðið fyrir með afgreiðslu fjárl., og fyrsti kosturinn var talinn, að þar hefði þurft að skera niður. Ég kom líka stuttlega inn á þetta við 2. umr. fjárl., að það hefði verið nauðsynlegt, ef menn ætluðu sér að framkvæma þá stefnu, sem lagður var grundvöllur að með júnísamkomulaginu. Í þessum leiðara Alþýðublaðsins var talað um, að stjórnarandstaðan hefði ekki komið fram með neina till. í þá átt. Það er mikill misskilningur, ef menn halda, að það sé stjórnarandstaðan, sem eigi að undirbúa fjárl. Það er verk fjmrh., og það er mjög slæmt, ef maður er búinn að sitja mjög lengi í embætti fjmrh., sem er enn þá ekki farinn að skilja það verkefni sitt. Það, sem fjmrh. bar að gera eftir júnísamkomulagið, var hins vegar í fyrsta lagi að byrja sjálfur að undirbúa fjárl. og í öðru lagi að ræða þá þegar við verkalýðssamtökin um, hvort þau e. t. v. vildu standa að afgreiðslu fjárlaga, sem væru í anda júnísamkomulagsins.

Það, sem þurfti að gera, var í fyrsta lagi sparnaður í rekstri, eins og oft hefur verið talað um. En ég verð að segja, að meðan menn eru að gera eins veigamiklar breytingar og það er að lækna verðbólguna, sem búin er að geisa í 20—25 ár, og taka upp stöðvunarstefnu, þá getur ósköp vel verið, að menn séu ekki búnir að finna út allan þann sparnað eða treysta sér til þess í einu vetfangi. Og þá er það líka annar hlutur, sem vel er hægt að taka þó nokkuð meira út úr fjárlögunum en gert er, og það er fjárfestingin. Það er ekkert spursmál um það, hv. 5. þm. Austf. kom nokkuð inn á það áðan, og ég vil taka mjög

undir það, — það er ekkert spursmál um það, að við almennt, bara þessi kynslóð, sem nú er uppi á Íslandi, er látin spara miklu, miklu meira en góðu hófi gegnir. Með þeirri fjárfestingu, sem við framkvæmum, upp undir 30% af öllum þjóðartekjunum, er verið að safna óhemjuauði handa komandi kynslóðum, og þessum auði er safnað með því að láta verkalýðinn vinna lengst allra vinnandi stétta í Evrópu og bera minna úr býtum en í nokkru landi í kring. Og það er verið að láta hann þræla svona til þess að safna eign, sem hann nýtur ekki að neinu leyti að heita má. Menn, sem búnir eru að þræla 20 ár t. d. til þess að koma sér upp íbúð hér, eignast bíl máske líka, hafa unnið máske flesta sunnudaga í árinu og aldrei tekið orlof árum saman og eru orðnir útslitnir menn, ekki einu sinni færir um að njóta þess, sem þeir hafa eignazt, — þetta er nokkurn veginn myndin af lífi svo og svo stórs hluta úr þessari kynslóð. Og þetta stafar af vitlausri fjárfestingarpólitík. Hún gildir í þjóðarbúskapnum yfirleitt og gildir um ríkið líka. Bara á einni einustu grein fjárl., 20. gr., eru núna 200 millj., ef ég man rétt. Það væri ekki nokkur vandi að taka 100 eða 150 millj. af þessu út af 20. gr., skella því inn á heimildagr. og taka lán út á það og fyrirskipa Seðlabankanum að lána með 1—2% vöxtum. Engu að síður, þó að allt væri tekið út af 20. gr., sem heita má, þá eru samt stórkostlegar eignaraukningar eftir í frv., allir barna- og gagnfræðaskólarnir og annað slíkt, fyrir utan þorrann allan af öðrum framfararáðstöfunum.

Ef við ætlum að reyna að stöðva okkur á þessari verðbólgubraut, verðum við að þora að horfast í augu við að gera praktískar ráðstafanir. Og það verður að vera sá maður í fjármálaráðherraembættinu, sem hefur hugrekki til þess eða a. m. k. einhvern vilja til þess að ráðgast við aðra um, hvort það sé hægt. Ef hæstv. fjmrh. hefði, á sama máta og hæstv. forsrh. var búinn að gera áður, snúið sér til verkalýðssamtakanna og talað við þau, sagt við þau beinlínis, sagt við Alþýðusamband Íslands: Treystið þið ykkur til þess að standa að því, ef ég vil reyna að útbúa fjárl. þannig, að þetta verði ekki verðbólgufjárlög og hrindi nýrri skriðu af stað, — treystið þið ykkur til að standa að því? — Það hefði verið það skynsamlega af honum að gera. Verkalýðssamtökin eru mjög sterk hér á þingi. Þau hafa hér mikil áhrif. Og með slíku móti er máske einmitt hægt að halda áfram í anda júnísamkomulagsins. Hvað gerir hæstv. fjmrh. í staðinn? Hann er allt of finn maður til að vera að tala við verkamenn og verkalýðssamtök. Hann bara lætur sína embættismenn útbúa sín fjárlög, útbúa sitt söluskattsfrv. og kasta svo stríðshanzkanum inn í þingsalina.

Það er ekki gott ástand, þegar hægt er fyrir einn aðila, eins og hæstv. fjmrh. í þessu efni, að spilla og eyðileggja allt, sem aðrir eru að reyna að byggja upp. Þegar verkalýðssamtökin og sá hluti ríkisstj., sem stóð að því að koma júnísamkomulaginu á, hafði reynt að skapa vopnahlé í landinu, þá rýkur nú hæstv. fjmrh. fram og kastar stríðshanzkanum til verkalýðssamtakanna. Þar með byrjar gamla kapphlaupið. Ég skal ekki segja endilega, að það verði skæðara en það væru ólögleg verkföll. Við sjáum, að ólöglegu verkföllin voru byrjuð áður. En hitt er gefið, að þar er um leið stílað upp á harðvítuga stéttabaráttu í landinu á ný og vopnahlé rofið. Er virkilega þörf á að láta fara svona? Er þörf á að láta þá menn, sem fyrst og fremst finna sig sem fulltrúa braskaranna í Reykjavík, en ekki heilbrigðs atvinnulífs í landinu, — er þörf á að láta þá ráða um, hvað gert er hér á Alþ.?

Hv. 5. þm. Austf. kom hér áðan með áskorun til ríkisstj. um að fresta nú þessu máli, og ég vil taka undir þá áskorun. Það er það eina af viti, sem hægt er að gera núna, ef ekki á að taka hvern kollhnísinn á fætur öðrum. Það er að fresta þessu máli núna, og nota tækifærið í janúar til þess að taka upp þá samninga, sem átti að taka upp strax og júnísamkomulagið var gert til að semja við verkalýðssamtökin um framvinduna, um afgreiðslu fjárl. og slíkt.

Ég tek eftir, að í málgagni Alþfl., í Alþýðublaðinu, er talað um nauðsyn á viðtæku samkomulagi. Það víðtæka samkomulag þarf vissulega að gera, en það þarf að gera það áður en þessir hlutir eru afgreiddir. Það þarf að byrgja brunninn, áður en barnið dettur ofan í. Það þarf að semja um áframhaldið af þessu, áður en verðbólgunni er hleypt af stað. Ég held, að það hafi líka staðið í Alþýðublaðinu, að það hafi þurft traust tök á þessum málum, — þar með gefin í skyn þessi línu tök á fjárl. Þetta á að láta reka fyrir vindi, í staðinn fyrir að reyna að stjórna því. Það er rétt, það vantar traust tök. Og þau tök eru ótraust vegna þess, að ríkisstj. er of veik til þess að framkvæma þá pólitík, sem byrjað var á í júnísamkomulaginu. Þegar byrjað er á að reyna að stöðva verðbólgu, sem búin er að geisa svona lengi, þá þarf oft að gera ráðstafanir, sem kunna að vera dálítið óvinsælar hjá mönnum. Deyfilyfjasprautur geta verið mjög vinsælar, þær geta meira að segja skapað alls konar fjörkippi, en mönnum er ljóst, að til lengdar eru þær skaðlegar. Og þegar menn byrja að venja sig af þeim, getur það verið dálítið erfitt fyrst og máske alveg sérstaklega erfitt fyrir braskstéttina í Reykjavík, sem er vön að safna til sín óhemjuauðæfum með þessari verðbólgu. Þess vegna þurfti að vera sterk ríkisstj. Það þurfti sterka ríkisstj. til þess að geta skapað framhaldið af júnísamkomulaginu í vor. Og ef menn vildu ekki gera þá ríkisstj. sterkari með því að breyta sjálfri ríkisstj., þá þurftu menn að gera hana sterkari með því að reyna að tryggja samninga við verkalýðssamtökin, samninga við verkalýðssamtökin um stjórnina á efnahagslífinu, því að það var það, sem verið var að gera í vor. Það er þetta, sem ekki hefur verið gert, og það er hart, að tækifærinu skuli hafa verið sleppt. Og því er sleppt, nema því aðeins að

þetta frv. sé stöðvað nú og janúarmánuður notaður til þess að taka upp þá samninga, sem átti að vinna að síðari hluta þessa árs. Það væri hægt að afgr. fjárl. með einhverju gati í þau, sem stundum hefur verið gert áður, og lokið við þau í janúarlok. Það væri enginn vandi, ef vilji væri fyrir hendi að reyna að afstýra þeirri ógæfu, sem hér er að skella yfir.

Hvað gerir svo hæstv. fjmrh. með þessu frv. gagnvart verkalýðssamtökunum? Hæstv. fjmrh. stingur með þessu frv. í sinn vasa 3% kauphækkun alls þorra launþega á Íslandi. Atvinnurekendastéttinni á Íslandi má vera sama, hvort hún borgar þau 3%, sem hér er gengið út frá að kaup eigi að hækka um, sem hækkun vegna vísitölu á kaupgjald eða sem raunverulega grunnkaupshækkun. Það kemur í sama stað niður fyrir atvinnurekandann, en fjmrh., sem stundum áður hefur látið þung orð falla til verkalýðshreyfingarinnar um, að hún væri að heimta og setja fram kröfur, sem þjóðfélagið þyldi ekki, hann kemur nú, fer í vasa hvers atvinnurekanda, tekur úr vasa hans 3% kauphækkun til sín frá hverjum einasta verkamanni í landinu, sem atvinnurekendur síðan sjá um raunverulega innheimtu á. Hann er ekki smátækur, hæstv. fjmrh. Hann mótmælir víst ekki, þegar verkamenn koma og heimta 10—20%, þegar hann einn í sinn eyðslusjóð heimtar 3% kauphækkun þarna, og hvað sjávarútveginn snertir, eins og var sýnt fram á áðan, miklu, miklu meiri, upp í 25%. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að í vor, þegar verkalýðssamtökin leggja fram sinn reikning, sem þau frestuðu í júní síðasta ár, þá koma þau ekki aðeins til með að leggja fram þessi 3%, sem fjmrh. er í dag að taka af þeim, heldur miklu, miklu hærri kauphækkun, sem atvinnurekendur verða að borga ofan á það, sem fjmrh. gerir ráð fyrir að láta borga nú. Og þá stendur líklega ekki á hæstv. fjmrh. að hrópa upp: Nei, þetta þolir þjóðfélagið ekki.

Verkalýðssamtökin í landinu sýndu mikið langlundargeð í júnísamningunum í vor, — svo mikið langlundargeð, að margir undruðust. En ég býst við, þykist vita það með vissu, að það var misskilningur verkalýðssamtakanna þá, að það væri vilji innan ríkisstj. fyrir að reyna að stöðva verðbólguna. Hins vegar er okkur öllum, sem þekkjum pólitík auðmannastéttarinnar í Reykjavík, ljóst, að þar eru skiptar skoðanir. Þar eru menn, sem búnir eru að græða á verðbólgu áratugum saman, og þeir vilja ekki sleppa þeim gróða, og þeir eiga líka sína fulltrúa í ríkisstj. Ég býst þess vegna við, að þó að það hafi verið erfitt fyrir verkalýðssamtökin að knýja fram að ganga að því samkomulagi, sem gert var í vor, þá hafi líka verið erfitt fyrir ýmsa innan ríkisstj. að koma því í gegn í sínum hóp. Og það sér maður á því, sem nú gerist með þessum söluskatti. Þarna eru öfl að verki, sem áreiðanlega voru undir niðri á móti því að gera júnísamkomulagið í sumar, þó að þau yrðu undir. Nú ætla þau að ná sér niðri, nú ætla þau að hleypa sinni verðbólgu af stað aftur, nú ætla þau að ræna af verkalýðnum og gera honum erfiðara fyrir um að fá raunverulega grunnkaupshækkun fram í vor, og hæstv. fjmrh. virðist vera foringinn fyrir þeim hóp braskstéttarinnar í Reykjavík.

Ég verð að segja það, að svona er ekki hægt að stjórna einni þjóð. Þegar sú stétt landsins, sem þarna á um sárast að binda og verkalýðurinn, sú stétt landsins, sem býr við 10% raunverulega lægri kaupmátt dagvinnukaups en gerðist fyrir 20 árum, leggur það á sig að gera vopnahlé til eins árs til þess að reyna að fá verðbólguna stöðvaða, þá skuli vera innan yfirstéttarinnar sjálfrar svo óábyrg öfl, að þau leiki sér að því, eins og með þessu söluskattsfrv., að eyðileggja það samkomulag.

Þjóðfélagið, okkar litla þjóðfélag, þolir ekki svona vitlausa fjármála- og efnahagspólitík. Þessir hlutir verða að breytast, og menn voru að vona í vor, að þeir væru að breytast. Ég heyri meira að segja sagt, að sérfræðingar ríkisstj., þessir blindu kettlingar, sem hún hefur treyst á, væru farnir að sjá. Ég hef sagt, að bæði Jóhannes Nordal hafi skrifað í Fjármálatíðindin um, að nú þyrfti að leggja á aðra skatta en söluskatta, skatta, sem kæmu jafnvel við eignastéttina, og Jónas Haralz hafi sagt á fjvn.-fundi, að nú þyrfti jafnvel að leggja á skatt eins og benzínskatt heldur en að fara að leggja á söluskatt á ný. Blindu kettlingarnir virðast bara vera eftir í fjmrn. Það er anzi hart, þegar þeir, sem hafa mikið til stjórnað verðbólgupólitíkinni fram að þessu, eru nú loksins farnir að sjá, að þetta gangi ekki lengur, þá skuli hæstv. fjmrh. gera sig sekan um að halda áfram þessari vitlausu pólitík, þegar þó ríkisstj., sá meiri hl. hennar, var þó búinn að staldra við og var búinn að taka höndum saman við verkalýðshreyfinguna um að reyna að stöðva þessa óheillaþróun. Að vísu, svo að maður láti allt gaman til hliðar, — ég veit, að hæstv. fjmrh. er enginn blindur kettlingur. Hann veit það alveg hreint, hvað hann er að gera með þessu söluskattsfrv. Það er tvennt, sem fyrir honum vakir. Það er í fyrsta lagi að reka þá hagsmunapólitík, sem braskarastéttin í Reykjavík heimtar án tillits til sjávarútvegsins og tillits til verkalýðsins. Og það er í öðru lagi, það sem fyrir honum vakir, að eyðileggja þá pólitík hæstv. forsrh., sem var tekin upp með júnísamkomulaginu í vor, það samstarf stéttanna, það samstarf verkalýðsins í landinu og sjávarútvegsins og allra heilbrigðra atvinnurekenda í landinu, sem þá var reynt að skapa. Það er þetta, sem hæstv. fjmrh. er að gera með þessu söluskattsfrv. Við vitum ósköp vel, að innan yfirstéttarinnar hér í Reykjavík eru og hafa verið á undanförnum árum og áratugum hagsmunamótsetningar. Það hefur annars vegar verið hér það braskaravald, sem lifir sníkjudýralífi á þessu þjóðfélagi, fólk, sem krefst þess, að verðbólga sé rekin af fullum krafti og það miklum krafti, að það sé rænt jafnóðum öllum þeim kjarabótum af verkamönnum, sem þeir eru að afla sér með stéttabaráttu sinni. Og við vitum,

að það er hins vegar sá hluti atvinnurekendastéttarinnar, fyrst og fremst í sjávarútveginum, sem getur ekki velt af sér á sama máta og braskararnir gera, en á sjávarútveginum byggist öll afkoma Íslands. Þess vegna hefur það verið svo hvað eftir annað á undanförnum áratugum, að verkalýðshreyfingin og sjávarútvegurinn hafa orðið að taka höndum saman og reyna að skapa heilbrigt þjóðfélag á Íslandi í baráttu við þá braskarastétt hér í Reykjavík, sem alltaf hefur skapað alla spillinguna í okkar þjóðfélagi.

Ég álít, að hæstv. fjmrh. komi fram með því frv., sem hér liggur fyrir, sem fulltrúi þessarar rótlausu braskarastéttar í þjóðfélaginu, sýni þar með algert skilningsleysi, ekki bara á þörfum verkalýðsins, þess náttúrlega gat maður ekki ætlazt til af honum, en á þörfum sjávarútvegsins. Er máske einn liður í þeim fyrirætlunum, sem þetta braskaravald hefur, að reyna að brjóta niður þá þjóðlegu atvinnuvegi Íslendinga og reyna að koma útlendu auðvaldi hér inn í landið, en láta það innlenda drepast. A. m. k. er það engin tilviljun, þó að slíkum mönnum sé ekki samhengið ljóst, að hæstv. fjmrh. skuli vera fylgjandi hvoru tveggja.

Það er um tvær leiðir að ræða í pólitíkinni hér hjá okkur, eins og nú standa sakir. Önnur leiðin er að halda áfram þá leið, sem hafin var með júnísamkomulaginu. Það er leið samstarfs á milli stéttanna í okkar þjóðfélagi, samstarfs á milli verkalýðs- og starfsmannasamtakanna annars vegar og þess, sem heilbrigt er í íslenzkri atvinnurekendastétt, hins vegar. Sú leið þýðir stöðvun verðbólgunnar. Af því að fara þá leið hlýtur alltaf að leiða í fyrsta lagi festu og sparnað í fjármálum ríkisins. Í öðru lagi hlýtur af því að leiða, að það verður að hafa yfirsýn, sem raunverulega þýðir yfirstjórn samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum á okkar þjóðarbúskap í stað þeirrar ringulreiðar, sem annars er. Það er óhugsandi að ætla að stöðva verðbólguna öðruvísi en að stjórnarvöldin sjálf hafi yfirsýn yfir þróunina í landinu. Verðbólgan er annars vegar sem hættan, atvinnuleysið er hins vegar sem hættan. Það eru þessir tveir klettar, sem þjóðarskútan rekur upp í, annan hvorn þeirra, ef alltaf er látið reka fyrir öldum og vindi. Ef þjóðarskútuna á ekki að reka upp í annan hvorn klettinn, verður að vera stjórn á henni. Þá verða að vera hugsandi menn við stýrið, sem verða að vita, hvert þeir ætla að fara, og gera sér sínar áætlanir um, hvert þeir séu að stefna, en rekur ekki á einhverjum öldum framboðs og eftirspurnar eða einhvers brasks upp í annan hvorn klettinn.

Ég ræddi hér nýlega, þegar ég var að sýna fram á ýmislegt, sem verðbólgan hefði skapað, um fjörkipp, sem hún hefði valdið í þjóðfélaginu, og sýndi fram á hætturnar, sem gætu orðið af atvinnuleysi, og það er alveg gefið, að hjá svo lítilli þjóð eins og okkur verður að varast þetta hvort tveggja, og það er ómögulegt án þess að hafa stjórn á þjóðarskútunni. Þetta verða menn að gera sér ljóst. Það þýðir, að það verður smátt og smátt að breyta um þá stjórnarstefnu, sem verið hefur, að láta reka fyrir vindi. Það verður að skapa ákveðna fyrirhyggju og móta fyrirætlanir um, hvað menn ætla að gera í þessum efnum. Júnísamkomulagið var aðeins lítið upphaf að því að fara slíka leið, og það þurfti að halda því áfram. Í svona litlu þjóðfélagi eins og okkar er góð sambúð á milli sterkustu stéttanna í þjóðfélaginu alveg lífsspursmál og eina leiðin til öruggra framfara og til raunverulegra bættra kjara hjá verkalýðsstéttinni. Þess vegna er það, að verkalýðshreyfingin hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum einmitt af þessu frv. Með þessu frv. er farið að hverfa frá þeirri leið, sem hafin var með júnísamkomulaginu. Maður getur ósköp vel skilið, að það geti gengið nokkuð skrykkjótt til að byrja með fyrir þá aðila, sem hafa staðið í verðbólgunni öll þessi undanförnu ár og áratugi jafnvel, að hverfa frá því. En þá þurfti að taka því betur höndum saman um að reyna að halda áfram þá leið, sem byrjað var á með júnísamkomulaginu.

Hver er svo hin leiðin, sem verið er að fara inn á núna með þessu frv. Það er leið verðbólgunnar á ný. Það er leið harðnandi stéttastríðs hjá þjóðinni. Það er leið þeirra kippa í þjóðarbúskapnum, í braskinu, þegar sprauturnar eru gefnar. Það er leið braskaravaldsins, sem ögrar þjóðinni, um leið og það arðrænir hana. Það er leið þess ófarnaðar, sem endar með efnahagslegu ósjálfstæði þjóðarinnar. Og það var einmitt það sérstaklega, sem verkalýðshreyfingin gerði, þegar hún féllst á júnísamkomulagið í vor. Hún sá fram á, að með áframhaldandi verðbólgu mundi þetta allt saman enda með því, að Ísland missti fyrst sitt efnahagslega sjálfstæði og síðan sitt pólitíska sjálfstæði, því að þau lögmál, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa oft ráðlagt henni að beita hér á Íslandi, það eru lögmál, sem aðeins eiga við í stórum, voldugum auðvaldssamfélögum, eins og t. d. Bandaríkjunum eða efnahagssamvinnu Evrópu. Og innlimun Íslands í slíkar stórar efnahagsheildir var eina rökrétta afleiðingin af því að reyna að framfylgja þeirri pólitík að láta kapitalismann „kontrolera" sig sjálfan.

Fyrir okkur á Íslandi, er ætlum að halda áfram efnahagslegu sjálfstæði okkar, er enginn annar möguleiki en að reyna að stjórna Íslandi sem sjálfstæðri efnahagslegri heild, og til þess þarf sú heilbrigða atvinnurekendastétt í landinu og verkalýðs- og starfsmannasamtökin að geta tekið höndum saman. Þess vegna harma ég það ákaflega mikið, að þetta frv. skuli hafa komið fram. Eftir að það hefur komið fram, ef það verður samþykkt, þá á verkalýðurinn og starfsmannastéttin enga aðra leið en að herða nú baráttuna um allan helming, fátækari að vísu að jarðneskum munum en menn voru, þegar þeir háðu hana seinast, en ríkari af reynslunni. Og það er hart, því að við þurfum einmitt í okkar þjóðfélagi að geta tekið höndum saman. Þess

vegna vil ég enda þessi orð með því að taka undir enn á ný þá áskorun, sem kom fram hér hjá formanni okkar þingflokks, hv. 5. þm. Austf., að hæstv. ríkisstj. stöðvi nú þetta frv., hún taki þetta mál til endurskoðunar, hún geri það, sem hæstv. fjmrh. vanrækti að gera, að tala við verkalýðssamtökin og vita, hvort hægt er að fá samkomulag um slíka afgreiðslu mála hér á Alþ., að við förum ekki aftur að steypa okkur hvern kollhnísinn á fætur öðrum. Við vorum byrjaðir að standa á tveim fótum og ganga eins og menn. Nú á sem sé að byrja fyrsta kollhnísinn og síðan þann næsta í sambandi við sjávarútveginn og svo hvern á fætur öðrum. Þetta er ekki okkar virðingu samboðið. Þetta er í beinni andstöðu við alla hagsmuni íslenzku þjóðarinnar, og þetta er stórhættulegt fyrir hennar efnahagslega sjálfstæði, ef þannig á að ganga.

Ég þykist sjá það, að hæstv. fjmrh. álítur sig ekki þurfa að tala við Alþ. og vera hér við, þegar verið er að ræða hans mál, frekar en honum fannst hann þurfa að tala við verkalýðssamtökin, eftir að júnísamkomulagið var gert í sumar. En hann má vita það, að verkalýðssamtökin koma samt sem áður til með að tala við hann, þegar þar að kemur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Sú hækkun söluskatts, sem þetta frv. boðar, hefur vakið mikið umtal utan þings, aftur á móti minna innan þings, því að þeir, sem flytja það og ætla að samþykkja það, hafa ekkert um það að segja, og þeir bíða eftir því í ofvæni, eins og krakkar eftir jólagjöf, að umræðunum ljúki. En hvar sem menn hittast utan þings, þá er ekki um annað meir talað en þetta frv., þessar nýju álögur. Það vaknaði von hjá mönnum s. l. vor eftir samningana, sem þá voru gerðir, að nú mundi eiga að fara a. m. k. hægar á verðbólgustefnunni en áður. Sú von dofnaði nokkuð í ágúst, þegar skattseðlarnir komu, en þó dó hún ekki út, sérstaklega eftir að fulltrúi ríkisstj. var búinn að koma í útvarp og tilkynna það, að hann vildi lækka skattana aftur. En þegar á reyndi og átti að fara að lækka þá fyrir árið 1964, brást það. En hafi einhver von lifað enn fram í þennan mánuð, að nú ætti eitthvað að hægja ferðina í verðbólgumálunum, þá er sú von a. m. k. dauð nú, þegar *menn sjá framan í þetta frv.* Það hefur enginn stuðningsmaður ríkisstj. mótmælt því einu orði mér vitanlega, að söluskattur er ranglátasti skatturinn, sem hægt er að finna til þess að afla tekna í ríkissjóð. Hann hefur fyrst og fremst það einkenni, að hann leggst þyngst á þá, sem flesta hafa að fæða og klæða, en þar að auki er hann þeirrar náttúru, ef á að nota hann til að greiða niður vöruverð, að hann hækkar vöruverðið sjálfkrafa aftur, hann vindur upp á sig. Það er því eins og að hella vatni í hrip að nota söluskatt til þess að greiða niður vöruverð.

En hvernig stendur á því, að stjórnarflokkarnir, — eða forustumenn stjórnarflokkanna, er bezt að hafa það, — eru tiltölulega ánægðir með að flytja slíkt frv. sem þetta? Ég held, að ástæðan hljóti að vera sú, að þeir telji sig yfirleitt ekki vera þunghenta á þjóðinni í skattaálögum, og málgögn þessara flokka hafa lagt mikla áherzlu á það, að munur sé á viðreisnarstjórninni eða t. d. vinstri stjórninni í álögum á þjóðina, það sé ólíkt. Og þegar þeir túlka þennan nýja skatt í blöðum sínum, stjórnarflokkarnir, þá nota þeir ekki fyrirsögnina um hækkun skatta, ekki heldur að fjárl. t. d. eigi að hækka um rúmar 1000 millj. á einu ári, ekki að vísitala framfærslukostnaðar muni hækka um 5 stig, nei, ekkert af þessu tagi, heldur nota þeir fyrirsögnina: 3% kauphækkun. Það er boðskapurinn, sem þeir telja að þjóðin eigi fyrst og fremst að taka eftir.

En er það svo, að stjórnarflokkarnir hafi efni á því að ásaka stjórnarandstæðinga fyrir þunga skatta á þjóðina, eins og þeir hafa gert, blöð þeirra hafa gert svo að segja vikulega og árlega að undanförnu? Þetta hefur verið yfirgnæfandi, þessi áróður flokkanna um vinstri stjórnina, hvað hún hafi lagt miklar álögur á þjóðina, og telja sig svo að segja alveg syndlausa og heilaga í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir, að það sé vegna þessarar sannfæringar hjá stjórnarflokkunum, sem þeir taka sér þetta svo ósköp létt, þótt þeir flytji frv. um 2% hækkun á söluskatti. Og allir kannast við, hvernig þeir hafa túlkað skattalækkanirnar að undanförnu. Ég man ekki betur en stjórnarflokkarnir hafi talið sig hafa afnumið skatta af almennum launatekjum þrisvar sinnum, alltaf eru þeir að afnema skattana, sem þeir voru áður búnir að afnema. Þetta hefur verið heildarsvipurinn á túlkun þeirra í skattamálum. Síðast í gær var klausa í Morgunblaðinu, að vísu ekkert óvenjuleg, en ein af þessu tagi, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á það mætti einnig minna, þegar framsóknarmenn látast nú vera miklir andstæðingar hárra skatta, að enginn fjmrh. hefur gengið lengra í skattpíningu á Íslandi, fyrr og síðar, en Eysteinn Jónsson, núv. formaður Framsfl.“ Mér sýnist því kominn sannarlega tími til að gefa málgögnum stjórnarflokkanna kost á að sýna það með einhverjm tölum, að þeir hafi eitthvað fyrir sér í þessu, því að ég man ekki eftir, að þeir hafi nokkurn tíma birt eitt einasta dæmi um það í tölum, að skattar hafi verið þyngri á þjóðinni í tíð vinstri stjórnarinnar heldur en nú, heldur bara sagt þetta órökstutt. Nú vil ég hjálpa þeim að láta einhver rök í té, svo að þeir geti flutt málið þannig hér eftir, sem þeir hafa vanrækt hingað til.

Mælikvarði á álögur á þjóðina eru ríkisreikningarnir, að vísu ekki tæmandi, en þó nokkuð mikilsverður mælikvarði á það, hvernig álögur hafa verið á þjóðina að undanförnu, og enginn rengir ríkisreikningana, býst ég við, svona að öllum jafnaði. En tekjur ríkissjóðs skv. ríkisreikningunum eru allar fengnar með álögum á þjóðina, fyrst og fremst sköttum og tollum.

Og hvernig hafa þessar álögur verið á undanförnum árum? 1956 voru þær 752.5 millj., 1957 848.6 millj., 1958 voru þær 913.7 millj., 1959 fara þær upp í 1059.9 millj., en þá voru líka stjórnarflokkarnir núverandi teknir við. 1960 verða þær 1487.7 millj., þá er viðreisnin hafin. 1961 verða þær 1664.6, 1962 eru þær 2051½ og 1963, síðasta árið, sem ríkisreikningur er til yfir, eru þessar álögur 2517.4 millj. Hækkanirnar á álögunum, sem koma fram í ríkistekjunum samkvæmt ríkisreikningum, eru þá þessar: 1957 hækka þær um 96.1 millj. frá árinu áður, 1958 um 65.1 millj. frá árinu áður, 1959 um 146.2, 1960, þegar viðreisnin kom til, 427.8 millj., 1961 er hækkunin 176.9 millj., 1962 hækka álögurnar um 386.9 millj. og 1963, þá er met, 465.9 millj. Þannig hafa þá álögurnar „lækkað" eða hitt þó heldur, síðan þessi ríkisstj. tók við. Hækkanirnar urðu að meðaltali á árunum 1957 og 1958, þegar vinstri stjórnin var við völd, 80.6 millj. á ári, en hækkanirnar hin árin, frá 1959 til 1963, þegar þessir stjórnarflokkar voru teknir við, eru ekki 80.6 millj. að meðaltali á ári, heldur 320.7 millj. að meðaltali á ári eða fjórfalt á við það, sem áður var. Þetta segja ríkisreikningarnir, hvernig núverandi stjórnarflokkar hafa minnkað álögurnar á þjóðina.

En það er til annar mælikvarði á álögurnar, enn þá nákvæmari en þetta, því að ríkisreikningur segir ekki allt. Það er hægt að leggja álögur á þjóðina, án þess að þær komi fram í fjárl. eða ríkisreikningi, og það hefur verið gert. Eg tel því mjög æskilegt fyrir stjórnarflokkana sjálfa, að þeir reyni að bera saman árin 1958 og 1965, að því leyti sem hægt er að sjá þessar álögur, hverjar þær verða 1965, og það er hægt að sjá það þó nokkuð vel. Ég nefni árið 1958, vegna þess að viðreisnarflokkarnir hafa talið það ár einna svívirðilegast í skattpíningu á þjóðina. Þeir ættu því að þola vel samanburðinn við þetta ár, núverandi stjórnarflokkar. 1958 voru ríkistekjurnar skv. ríkisreikningi 913.7 millj., eins og ég sagði áðan, en við það má bæta söluskatti, sem gekk í útflutningssjóð og ekki kom inn í fjárl., um 75 millj., og auk þess má bæta við þessa upphæð 7 millj., sem var hluti af stríðsgróðaskatti og gekk þá til bæjar- og sveitarfélaga.

Ég held, að þá sé ég í aðalatriðum búinn að nefna álögurnar á þjóðina árið 1958. Þetta verður þá samtals 995.7 millj. En hvernig eru horfurnar um árið 1965? Mér virðist, að væntanleg fjárl. muni nema, eftir því sem ég kemst næst, um 3540 millj., og er ég þá búinn að taka tillit til hækkunarinnar, sem búið er að samþ. á söluskattinum hér í hv. Alþingi, — 3540 millj., sýnist mér, að fjárl. muni verða, eftir því sem nú horfir. En verða nú álögurnar ekkert meira en það, sem fjárl. segja? Jú, þær hafa orðið það a. m. k. undanfarin ár. 1962 urðu þær 302.6 millj. kr. hærri en fjárl., eða 17%, og 1963 urðu tekjurnar 322 millj. kr. hærri en fjárl. sögðu til, eða 15%. Er það þá nokkur goðgá að gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs, þar með álögur á þjóðina, fari eitthvað fram úr áætlun fjárl. 1965? Er hæstv. ríkisstj. allt í einu orðinn svona lélegur búmaður, miðað við það, sem hún var, þegar hún hefur verið að undirbúa fjárlfrv., að hún hafi ekki ætlað sér einhvern afgang? Ég er ekki að segja, að hún ætli sér 17% afgang. Ég þori ekki heldur einu sinni að áætla henni 15% afgang. En væru það nokkrar öfgar að áætla henni helminginn af þessu, eða um 8%? Mér finnst það ekki. En hvað yrði það mikið? Mér sýnist, að það yrðu um 283 millj., sem leggjast þá við fjárlagaupphæðina.

En það er fleira en þetta, sem má bæta við fjárlagaupphæðina, ef maður á að sjá álögurnar, sem nú eru orðnar á þjóðina og ekki voru 1958, álögur, sem eru utan við öll fjárlög og ríkisreikning. Launaskattur var lagður á í sumar, og skv. upplýsingum, sem fyrir liggja frá ríkisstj. sjálfri, mun hann nema a. m. k. um 64 millj. á aðra en ríkissjóð sjálfan, því að hlutur ríkissjóðs er að sjálfsögðu í fjárl. Til er stofnun, sem heitir Póstur og sími. Þessi stofnun hefur allríflegar tekjur, og allar eru þær tekjur teknar með gjöldum af notendunum. Þessar tekjur Pósts og síma hafa hækkað frá 1958 um 239 millj. Það er eitt fyrirbrigðið af álögum, sem ekki voru 1958, þessi hækkun á póst- og símagjöldum. Þá má nefna framlag til vega og brúa í landinu. Skv. þeirri vegáætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið, kemur ekki inn á fjárl. nema eitthvað 47 millj. af heildarupphæðinni, hitt kemur allt í sköttum á þjóðina utan við fjárl. og ríkisreikning, og það eru skv. þessari áætlun 215 millj. Þá kemur sá hluti söluskatts, sem ekki rennur í ríkissjóð, heldur til bæjar- og sveitarfélaga. Sá hluti er ekki inni í fjárl. Það eru um 150 millj.

Og loks kem ég að einum lið, sem er fyrirferðarmeiri en aðrir, en það er sú hækkun, sem orðið hefur á útsvörum, fasteignagjöldum og aðstöðugjöldum hjá bæjar- og sveitarfélögum í landinu. Allir vita, að bæjar- og sveitarfélög hafa orðið að hækka þessi gjöld stórkostlega vegna þeirra álaga, sem ríkið hefur lagt á þessi sveitarfélög, og vegna þeirrar verðbólgu, sem ríkt hefur að undanförnu. Þar hef ég ekki samanburð við árið 1958, af því að fullnægjandi upplýsingar skortir um það, hvernig þessar álögur voru þá, en ég hef aftur á móti samanburð við árið 1960, svo að líklegt er, að hækkunin frá 1958 sé eitthvað meiri, og það er þá ekki ríkisstj. í óhag, þótt ég noti árið 1960 í þessu sambandi. Ég hef fengið yfirlit yfir það, hvað þessi útgjöld hafa verið undanfarin 5 ár, þ. e. öll útsvör, fasteignaskattur og aðstöðugjöld, þar með talin veltuútsvör, sem áður voru. 1960 voru þau 440.7 millj. Ég nefni tölurnar aðeins í heilum hundruðum þúsunda, en ég hef þær, held ég, bæði í krónum og aurum, ef á þarf að halda. Já, 1960 voru þessar álögur á fólkið af hálfu bæjar- og sveitarfélaga 440.7 millj. Árið eftir eru þær komnar upp í 499.4, 1962 eru þær orðnar 588.6, 1963 eru þær komnar í 781.3, og 1964 eru þær 1021.8 millj. Hvað verða þær 1965? Þessar álögur bæjar- og sveitar-

félaga hafa vaxið frá 1960 um 132% eða hér um bil um 33% að meðaltali á hverju ári. Ef maður gerir nú ráð fyrir, að þær hækki miklu minna á næsta ári, eða um 20%, verða þær a. m. k. orðnar um 1226 millj. eða í kringum 785 millj. kr. meiri en þær voru 1960.

Þó að ég nefni þessar tölur um álögur á þjóðina utan fjárl., þá er ekki þetta tæmandi. Ég get minnt á nokkrar álögur, sem ég hef alls ekki tekið með, eins og skatt á landbúnaðarafurðir, skatt til iðnlánasjóðs, skatt af ríkisábyrgðarlánum, hækkun á afnotagjöldum útvarps og síðast, en ekki sízt, vaxtahækkunina í landinu. Ég þori ekki að gera neina áætlun um, hvað þetta nemur miklu, og sleppi því þess vegna. Hinu, sem ég taldi, bæti ég við fjárlagaupphæðina, sem ég geri ráð fyrir að verði. Þá eru þessar álögur orðnar um 5312 millj. á móti 995 millj. árið 1958. Það er ekki svo, að álögurnar séu fjórfaldar, eins og ríkisreikningarnir gefa þó í skyn, heldur eru þær svo að segja fimmfaldar.

Til þess að gera sér betur grein fyrir þessari þróun í álögum, í sköttum á þjóðina, í byrðum á fólkið, hef ég skipt þeim niður á 5 manna fjölskyldur í landinu og farið eftir mannfjölda, eins og hann var 1958 og verður væntanlega 1965 og ég hef gert áætlun um. Auðvitað leggjast byrðarnar mjög misjafnlega á fólk, en svo að gleggri mynd fáist af því, hvernig álögurnar eru, hvernig þróunin hefur verið, þá er rétt að finna út, hvað þetta samsvarar mikilli upphæð á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu að meðaltali.

1958 voru landsmenn 170156. Það samsvarar því, að 5 manna fjölskyldur hafi verið 34031, og álögurnar þá, eins og ég nefndi hér áðan, um 995.7 millj., — það samsvarar því, að það hafi verið 29259 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. En upphæðinni 1965, sem ég hef gert hér áætlun um og ég hef greint allýtarlega frá, hef ég skipt líka niður á 5 manna fjölskyldur. Mannfjöldinn ætti að verða á næsta ári, með sams konar fjölgun og frá því í fyrra, um 194500. Það samsvarar því, að fimm manna fjölskyldur væru 38900. Hvað verða þá álögurnar að meðaltali á hverja 5 manna fjölskyldu? Þær verða ekki 29 þús. rúm eins og 1958, heldur um 137 þús. kr. Að þessu athuguðu finnst mér, að ég hafi gefið málgögnum stjórnarflokkanna umhugsunarefni núna í jólaleyfinu, svo að þau geti velt því fyrir sér, hverjir séu meiri skattpíningarmenn, framsóknarmenn eða viðreisnarmenn.

Alþfl. hélt flokksþing fyrir stuttu. Hann samþ. þar nýja stefnuskrá fyrir flokkinn og birti hana í Alþýðublaðinu fyrir skömmu. Flokkurinn valdi það form á þessari nýju stefnuskrá, að hún er að ytra útliti nokkuð svipuð tíu boðorðum guðs, þ. e. a. s. stefnuskráin er sett upp í tíu punktum. Fyrirsögnin í leiðaranum í Alþýðublaðinu, þar sem skýrt er frá stefnuskránni, er: Tíu punktar. Móse hafði það tíu boðorð, en það skiptir ekki höfuðmáli, þetta gæti verið vegna þess, að flokkurinn sé orðinn svo vanur því að setja punkt við gömlu stefnuskrána, að hann noti þetta hugtak. Tíu boðorð Móse eru orðin gömul. Ég heyri nefnt, að þau séu orðin jafnvel 4—5 þúsund ára gömul. Tíu punktar Alþfl. eru nokkru yngri, ég held ekki nema eitthvað fjögurra eða fimm vikna. Boðorð Móse hafa reynzt vel, svo vel, að ég held, að flestir geti skrifað undir hér um bil allt í þeim tíu boðorðum enn í dag. Hins vegar er ekki komin nægjanleg reynsla á tíu punkta Alþfl., en þó virðist mér, að nú séum við að fá ofurlitla hugmynd um, hvernig eigi að framkvæma þá, hvað felist í þeim. Fyrsti punkturinn, fyrsta boðorðið hjá Alþfl. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, það sem flokkurinn leggur mesta áherzlu á: „30. flokksþing jafnaðarmanna samþykkti, að þátttaka Alþfl. í ríkisstj. skuli miðast við þessi markmið: Fyrsti punktur: Víðtækt samkomulag um kaupgjalds- og kjaramál og frið á vinnumarkaðinum ásamt stöðvun verðbólgunnar.“ Þetta er fyrsta boðorðið. Það er ekki hægt að gera kröfu til þess, að Alþfl. sé búinn að framkvæma alla þessa tíu punkta, því er ekki hægt að búast við. En ég fæ ekki betur séð en þeir séu núna að byrja að framkvæma fyrsta punktinn, stöðvun verðbólgunnar. Byrjunin er þetta frv. um hækkun söluskattsins. Verði framkvæmdin á hinum punktunum níu eins og þetta, þá veit ég ekki, hvað lengi Alþfl.-menn geta verið í þessari ríkisstjórn. Ég veit ekki nema það verði að fara að gefa þeim vegabréf strax, enda verða vegabréf bráðum gefin út, að því er ég bezt veit.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Enn leggur ríkisstj. skattahækkunarfrv. fyrir þingið. Skv. því á söluskatturinn að hækka um hundruð milljóna. Þetta í ofanálag við allt, sem fyrir er, virðist benda til þess, að hræðslan, sem greip hv. stjórn s. l. sumar, þegar almenningi urðu kunnar gerðir hennar í skattamálum á síðasta þingi, sé nokkuð tekin að dvína. Þá varð hún skelfd í bili, enda mátti verða það; skattaálögurnar voru þannig í sumar, að meiri hlutinn af launum fjölda manna síðari hluta ársins var hrifsaður af þeim í opinber gjöld. Reiði fólks var svo mikil og almenn yfir þessum aðförum, að stjórnin sá sig til neydda að gefa í skyn, að hún vildi taka skattaálögurnar til endurskoðunar.

Hún skipaði nefnd til að skoða málin. Auðvitað gætti hún þess að skipa nefndina þannig, að hún gæti sjálf haft þar bæði tögl og hagldir.

Nefndin komst þó að þeirri niðurstöðu, að eitthvað þyrfti að gera til að afstýra neyðarástandi af völdum stjórnarstefnunnar. Hún lagði til, að veitt yrði kreppulán til þeirra, sem verst voru staddir, til að gera þeim mögulegt að greiða skattakröfur ríkisstj. Það er í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar, sem slíkri tillögu er hreyft, og þetta gerist í mesta góðæri hvað aflabrögð snertir, sem gengið hefur yfir landið.

Trúlega hafa ýmsir menn, sem báru einhvern snefil af trausti til ríkisstj., gert sér vonir um, eftir að nefndin var skipuð, að eitt-

hvað ætti að gera til að létta lítið eitt mestu skattaplöguna, t. d. nú fyrir jólin. En nú lítur út fyrir, að það hafi aldrei verið ætlun stjórnarinnar að gera nokkurn hlut í þessu máli og ekki einu sinni að veita kreppulánin. Að minnsta kosti sjást enn þá engir tilburðir í þá átt. Í staðinn fá menn þetta, sem hér liggur fyrir, stórkostlega hækkun söluskattsins.

Um þetta stjfrv. má segja, að það sé beint áframhald á verkum stjórnarinnar á liðnum árum. Hennar aðalstefnumál og viðfangsefni hefur verið frá fyrstu tíð að magna dýrtíðina í landinu og auka álögur á almenning. Hún hefur alltaf verið að lækka ísl. krónuna í verði og orðið mjög vel ágengt í því efni, enda beitt sér fyrst og fremst að því. Segja má, að krónan hafi lækkað með hverri tunglkomu, síðan núverandi stjórn kom til valda.

Íslenzka krónan á nefnilega einn erkifjanda. Sá höfuðóvinur hennar er Sjálfstfl. Um þetta vitnar Íslendingasagan síðasta aldarfjórðung.

Sumarið 1942 voru sjálfstæðismenn einir í ríkisstjórn í fáeina mánuði. Framsfl. var þá í stjórnarandstöðu, en hinir þingflokkarnir veittu stjórninni stuðning og hlutleysi. Á þessum stutta tíma tókst stjórninni að lækka krónuna gífurlega mikið í verði.

Tveim árum síðar hófst stjórnartímabil þriggja flokka, annarra en Framsfl., en sú stjórn lifði í tvö ár. Þar hafði Sjálfstfl. forustu, og á þeim tíma varð verðfall krónunnar alveg gífurlegt.

Árið 1959 kemur svo ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl., sú er enn hjarir, og allir vita, hvernig farið hefur um verðgildi okkar peninga síðan.

Sé þessi saga skoðuð, kemur í ljós, að verðgildisrýrnun ísl. krónunnar hefur orðið langsamlega mest á þeim tímum, þegar Sjálfstfl. hefur ráðið stjórnarfarinu.

Sjálfstfl. hefur valið fín nöfn á ríkisstjórnir sínar, bæði 1944 og 1959, ekki vantar það. Það er gamalt og þekkt bragð óprúttinna kaupahéðna að velja falleg nöfn á lélega vöru. En réttnefni á þær ríkisstjórnir, þar sem Sjálfstfl. er hæstráðandi, væri: Krónulækkunarstjórnir.

En þrátt fyrir allan þeirra fjármálaferil, þykjast ráðherrarnir og stuðningsmenn þeirra allaf vera stútfullir af ábyrgðartilfinningu í efnahagsmálum og umhyggju fyrir hag ríkissjóðsins. Hins vegar saka þeir aðra um ábyrgðarleysi í þeim efnum.

Talsmenn stjórnarflokkanna eru nú t. d. byrjaðir að kyrja sönginn um ábyrgðarleysi framsóknarmanna, af því að þeir báru fram nokkrar brtt. við fjárlagafrv. fyrir nokkrum dögum. Um hvað voru þessar tillögur framsóknarmanna? Hæsta útgjaldatillagan, sem fulltrúar flokksins í fjvn. báru fram, var um 60 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til vegamála. Þetta var borið fram af brýnni þörf. Nýlega hefur verið lagður allhár skattur á landsmenn, sem verja á til vegaframkvæmda, en hann hrekkur skammt. Það er mjög mikil vöntun á fé til nýbyggingar vega og viðhalds vegum. Bifreiðum fjölgar stöðugt, og þær verða stærri en áður, og um leið þarf meira fé til að halda vegunum við. Það hefur skort mjög á, að vegaviðhaldið væri í lagi að undanförnu.

Þá fluttu framsóknarmenn tillögu um hækkun á framlagi til raforkusjóðs um rúmar 15 millj. Ríkisframlagið til þess sjóðs hefur ekkert hækkað að krónutölu síðan fyrir daga núv. stjórnar þrátt fyrir allar verðhækkanir og margföldun fjárlaganna á þessu tímabili. Öllum er ljós þörfin á meira fé til raforkuframkvæmda.

Enn má nefna tillögur framsóknarmanna um aukið framlag til hafnargerða. Aukin útgerð fiskiskipa er víða því aðeins möguleg, að hafnarskilyrði séu bætt til stórra muna.

Þeir fluttu einnig tillögu um nokkra hækkun á framlagi til bænda skv. samningi, er gerður var við verðlagningu landbúnaðarvara á s. l. hausti.

Þá báru þeir fram tillögu um aukið framlag til fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna og aukið framlag til ýmiss konar rannsókna í þágu atvinnuveganna, einkum á vegum atvinnudeildar háskólans, og til byggingarannsóknastofnunar fyrir landbúnaðinn.

Enn fluttu þeir tillögu um framlag til kaupa á fiskirannsóknaskipi og aukið framlag til flugvallagerðar og flugöryggistækja. Enn má nefna tillögur framsóknarmanna um hækkun á framlögum til styrktar námsmönnum og einnig til Iðnaðarmálastofnunarinnar og til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis.

Að lokum vil ég nefna tillögu framsóknarmanna úr Reykjavík um 5 millj. kr. fjárveitingu til byggingar nýs menntaskóla í Reykjavík.

Ég hef hér nefnt helztu tillögur framsóknarmanna við gjaldabálk fjárlagafrv. Við athugun á þeim sést, að þær eru um framlög til nauðsynlegra framkvæmda og aukna rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, ásamt auknum framlögum til námsmanna. En auknar rannsóknir og aukin menntun ungra, dugandi manna, einkum á sviði vísinda og tækni, eru höfuðnauðsyn um þessar mundir. Þetta er nauðsynlegur grundvöllur undir framfarasókn þjóðarinnar á komandi tímum. Og hvað námu brtt. framsóknarmanna miklu? Mér reiknast, að tillögur þeirra um hækkun á gjaldabálki fjárlagafrv. nemi alls um 5½% af tekjum ríkissjóðs á næsta ári, eins og þær eru áætlaðar á fjárlagafrv. nú, eftir 2. umr. þess, áður en sú mikla skattahækkun, sem nú er verið að ræða um, er komin inn í tekjubálk frv. Þetta er ekki mikið eða óvarlegt, þegar þess er gætt, að árið 1962 fóru ríkistekjurnar um 17.3% fram úr áætlun fjárlaga og um 14.7% árið 1963. Þetta sýnir allt annað en ábyrgðarleysi af hálfu framsóknarmanna. Fulltrúar Framsfl. í fjvn. báru einnig fram tillögur um, að 20 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkisins undanfarin ár skyldi nú varið til styrktar nýjum síldariðnaði og markaðsleitar í því sambandi. Hér er hreyft stórkostlegu nauðsynjamáli. Það er beinlínis skylda yfirvaldanna að reyna að finna markaði erlendis fyrir síld til mann-

eldis, öðruvísi en saltaða í tunnum. Ef þetta tækist, gæti það öðru fremur skapað mjög aukna atvinnu í verstöðvum víða um land og stóraukið útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Það fé, sem notað væri í þessu skyni, mundi þá koma margfalt aftur inn í þjóðarbúið.

Einnig fluttu framsóknarmenn í fjvn. tillögu um, að öðrum 20 millj. af greiðsluafgangi undanfarinna ára skyldi varið til félagsheimilasjóðs, til greiðslu eftirstöðva vangoldinna framlaga til félagsheimila.

Á síðasta þingi var samþ. fyrir þinglokin þingsályktun um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs. Tillaga þessi var flutt af 5 hv. þm. Fyrsti flm. hennar var hv. forseti þessarar deildar, 2. þm. Vestf., en flm. voru 3 sjálfstæðismenn, 1 Alþýðuflokksmaður og 1 Framsóknarflokksmaður. Og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa þál., eins og hún var samþ. á Alþingi 13. maí s. l.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili, með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis."

Nú er komið á þriðja mánuð, frá því að Alþ. kom saman, og ekkert hefur enn heyrzt um þessa endurskoðun, sem ríkisstj. var falið að láta framkvæma. Það var því ekkert óeðlilegt við það, þó að á þetta mál væri minnt í sambandi við meðferð fjárlaga, því að það er alveg rétt, sem hv. flm. þessarar till. sögðu í greinargerð með henni á síðasta þingi, að það veldur mörgum byggðarlögum erfiðleikum og stendur félagslífi þeirra fyrir þrifum, að þau hafa svo til engan stuðning hlotið frá félagsheimilasjóði þrátt fyrir löggjöf, sem um það gildir.

Ég hef með þessu viljað sýna fram á það, að ásakanir hv. stjórnarflokka um ábyrgðarleysi framsóknarmanna eru ekki á neinum rökum reistar, ekki minnstu.

En hvernig taka stjórnarflokkarnir því, þegar andstæðingar þeirra leggja fram brtt. við fjárlagafrv., sem stefna að því að bæta hag ríkissjóðs? Um þetta vil ég nefna dæmi.

Við 2. umr. fjárlaganna fyrir fáum dögum bar ég fram brtt. Hún var um það, að áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins skyldi hætta að selja mönnum áfengi og tóbak á kostnaðarverði. Sá ósiður hefur lengi legið hér í landi, að nokkrir menn, þar á meðal æðstu valdamenn í þjóðfélaginu, svo sem ráðh., hafa fengið vörur hjá áfengis- og tóbakseinkasölunni til eigin nota fyrir kostnaðarverð, en mjög mikill munur er á kostnaðarverði og útsöluverði á þessum einkasöluvörum. Forsetar Alþingis hafa einnig notið þessara fríðinda hjá einkasölunni, en þó eru þau takmörkunum háð hjá deildarforsetum og varaforsetum þingsins. Með till. minni var stefnt að því, að allir landsmenn skyldu njóta sömu viðskiptakjara hjá þessari ríkisverzlun, sem er augljóst réttlætismál. Og einnig mátti vænta þess, að samþykkt till. hefði í för með sér auknar tekjur í ríkissjóð af verzlunarrekstrinum. En hvernig var till. tekið? Var því ekki fagnað af ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, þegar flutt var till. um að bæta hag ríkissjóðs? Nei, langt frá því. Þegar till. kom fram á Alþingi, kom ólundarsvipur á hæstv. ráðh., og sá svipur birtist einnig fljótlega á ásjónum annarra þm. stjórnarflokkanna. Þar með var umhyggja þeirra fyrir ríkissjóði skyndilega rokin út í veður og vind. Þeir greiddu allir, stjórnarflokksmenn á Alþingi, hver einasti, atkv. gegn till. minni. Það kom fyrir ekki, þótt styrkþegum áfengis- og tóbakseinkasölunnar, ráðh. og þingforsetum, væri bent á ákvæði í þingsköpum, sem leggur bann við því, að þm. greiði atkv. með fjárveitingu til sjálfs sín, en það voru einmitt atkv. þessara styrkþega sjálfra á Alþingi, sem réðu úrslitum um það, að till. mín var talin felld.

Af hverju stafar þetta? Er hagur þessara manna svo bágborinn, að þeir geti ekki borgað sama verð og aðrir landsmenn fyrir vörur, sem þeir kaupa hjá einkasölum ríkisins? Ekki verður fallizt á, að svo sé. Ráðh. vorir fengu verulega kauphækkun í fyrra, eins og aðrir opinberir starfsmenn. Ég tel, að þeir hafi átt að fá þessa kauphækkun, því að ráðherralaun höfðu lengi verið óeðlilega lág hér á landi í samanburði við launagreiðslur til ýmissa annarra. Í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir, að ráðherralaun verði alls 1 millj. 872 þús. kr. á næsta ári, 1965. Sé deilt í þessa upphæð með ráðherratölunni 7, koma út um 267 þús. kr. í hlut hvers þeirra. Þessi laun eru rúmlega 150 þús. kr. hærri á hvern mann en ráðherralaunin voru fyrir 6 árum. Og eftir að ráðh. hafa fengið þessa launaviðbót, held ég, að óhætt sé að álykta, að þeir geti keypt mat og drykk og aðrar nauðsynjar handa sér og sínum án þess að njóta framfærslustyrks hjá einni af stofnunum ríkisins. En ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar eru á öðru máli. Atkvgr. á Alþingi um till. mína leiðir í ljós, að ráðh. og allir stuðningsmenn þeirra á þingi líta svo á, að ráðh. og þingforsetum sé alveg nauðsynlegt að hafa sem greiðastan aðgang að áfengi hjá ríkiseinkasölunni til þess að hressa sig á því annað veifið eftir amstur dægranna. Víst er það, að ráðh. hafa í mörgu að snúast og oft er þeim vandi á höndum. Starf þeirra getur oft verið dálítið lýjandi. Trúlega eru þeir líka mestir ferðamenn allra Íslendinga, ráðh. vorir, a. m. k. sumir þeirra Það er löng leið

frá Íslandi til Japans og Kína, og þó að farið sé í flugvélum, geta slíkar langferðir verið þreytandi og tekið á taugarnar. Auk slíkra ferðalaga um óravegu eru svo ákaflega tíðar ferðir ráðh. héðan til annarra Evrópulanda og Ameríku. Í því sambandi má minnast þess, að þegar einn af ráðh. kom úr síðustu Norðurlandaferð sinni fyrir nokkrum dögum, var hann óvenjulega léttbrýnn. Hann hafði sem sé orðið fyrir stórhappi á ferðalaginu, fundið nýjan skatt, sem ekki var farið að nota hér á landi. Stjórnin á aðeins eftir að finna fallegt íslenzkt nafn á skattinn. Og hver vill svo halda því fram, að allar fyrirmannaferðir til útlanda séu þýðingarlausar?

Stjórnarflokksmenn á Alþingi, 32 að tölu, eru ekki aðeins sammála um það, að ráðh. og forsetar þurfi að hafa greiðan aðgang að áfengi hjá einkasölunni. Þeir eru líka allir hjartanlega sammála um, að áfengið, sem þessir menn kaupa, þurfi að vera hræódýrt, þannig að þeir borgi aðeins lítinn hluta af því verði, sem aðrir viðskiptamenn greiða fyrir sömu vörutegundir. Sú nauðsyn er að þeirra dómi svo rík, að fyrir henni verður annað að þoka. Þá er ekki verið að hugsa um ríkisfjárhirzluna. Víst mætti spyrja þessa menn, hvers vegna þeir setja dálitlar fjárveitingar inn á fjárlagafrv. til eflingar bindindisstarfsemi í landinu, úr því að þeir telja áfengið svo nauðsynlega neyzluvöru, að sjálfsagt sé að veita æðstu mönnum þjóðarinnar opinberan styrk til að kaupa það og drekka. Það sýnist ekki gott samræmi í þessu.

Jólin eru bráðum komin. Það er oft mikið verzlað á jólaföstunni, jafnvel meira en á öðrum tímum árs. Þá kaupa menn ýmiss konar varning, og ekki verður því neitað, að margir fara gálauslega með peninga. Þeir meta lítils þær litlu krónur, sem stöðugt eru að verða minni og minni vegna aðgerða yfirvaldanna. Til dæmis um óviturlega peningaeyðslu eru kaup manna á áfengi og tóbaki. Sjálfsagt er mikil ös í vínbúðum ríkisins þessa dagana, en dálítill hópur viðskiptamanna fer bakdyramegin inn í þær búðir. Skyldu það vera svonefndir rónar, sem ekki vilja sýna sig á almannafæri við aðaldyr hinna fínu búða? Nei, ekki verður þessi hópur talinn í þeim flokki manna. Í þessum hópi eru fínir menn, ráðh. og forsetar. Það eru þeir, sem laumast inn um bakdyrnar til þess að kræsja sér í glaðning fyrir ósköp litla borgun, og m. a. til þess að bakdyraferðir þeirra og sérstæðu viðskipti geti haldið áfram, á nú að hækka stórlega söluskatt á nauðsynjavörum almennings. Þannig er jólaboðskapur hæstv. ríkisstj. á því herrans ári 1964.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er bakað til jólanna í hverju eldhúsi á Íslandi og í eldhúsi hæstv. ríkisstj. er auðvitað stærsti jólabaksturinn. Hann er líka ætlaður allri þjóðinni, og allir verða að fá eitthvað af honum, því hnossgæti. Mig langar til að leggja hér nokkur orð í belg um þennan ágæta jólabakstur hæstv. ríkisstj. og kann þó eiginlega illa við mig í ræðustólnum, horfandi upp á auðan stól hæstv. yfirbakara ríkisstj. Mér fyndist, að hæstv. bakari ætti að vera hér í bakaríinu, þangað til búið er að matreiða réttina alveg og skila þeim til þjóðarinnar.

Það er kunnugt, að allt frá því að stjórnarstefnan „viðreisn" var mótuð, var það augljóst mál, að hún gekk mjög öndvert gagnvart hagsmunum launþegastéttanna í landinu. Það er því saga þessa tímabils, að það hefur verið látlaust stríð milli launþegasamtakanna í landinu og ríkisstj. Árekstrarnir hafa verið tíðir. Það hafa skipzt á nýjar skattálögur, upptaka nýrra skatta, gengisfellingar og hvers konar úrræði, sem ágengt ríkisvald hefur til þess að skerða hlut launastétta þjóðarinnar. Og mikil hugvitssemi hefur verið sýnd í því að finna nýjar og nýjar leiðir. Þetta hafa launþegasamtökin í landinu auðvitað ekki getað látið afskiptalaust og hafa svarað með því að gera kröfur um hækkað kaup í krónutölu með það markmið fyrir augum að reyna að varðveita raungildi vinnulaunanna, til þess að lífskjörin rýrnuðu sem allra minnst, og hafa talið sig hafa góðan grundvöll í þessari baráttu með tilliti til þess, að þjóðarauðurinn færi vaxandi, þjóðartekjurnar hækkandi og þannig úr meira að skipta. Og við höfum litið svo á, að fólkið, sem framleiðslustörfin vinnur í þjóðfélaginu, ætti nokkurn siðferðilegan rétt á því að fá aukinn raunverulegan kaupmátt launa sinna með vexti þjóðartekna. En sá skilningur hefur ekki fengizt viðurkenndur af núv. hæstv. ríkisstj., það verð ég að segja. Þar hefur verið litlum skilningi að mæta. Aldrei hefur þessi barátta verið harðari og þessir árekstrar milli launþegasamtaka og ríkisstj. tíðari en á árinu 1963. Þá voru endurskoðuð laun þrisvar sinnum á einu og sama ári. Og eftir því sem lengra leið á árið, harðnaði þessi barátta. Hún náði hámarki sínu, þegar ríkisstj. hafði á miðju árinu fært upp laun opinberra starfsmanna allt frá 20 og upp í 90% eða fast að 100% hjá þeim hæst launuðu, og þar á meðal voru auðvitað hæstv. ráðh. sjálfir. En þegar þeir höfðu þetta gert, sem voru allmyndarlegar sárabætur til hinna opinberu starfsmanna fyrir rýrnandi kaupmátt þeirra launa í hraðvaxandi dýrtíð, sem ríkisvaldið hafði búið til, fannst hæstv. ríkisstj. vera viðeigandi að tala til þeirra lægst launuðu í landinu héðan frá Alþingi. Það gerðist í lok októbermánaðar 1963, þá gerðist sú ótrúlega saga, að ríkisstj. lagði fram frv. til l. um að lögbinda óbreytt kaup verkafólks, banna því alla samninga um endurskoðun á sínu kaupi og banna öll verkföll, taka verkfallsréttinn af launþegasamtökunum.

Þetta var eitthvert fávíslegasta viðbragð og seinheppilegasta úrræði, sem nokkurri ríkisstj. gat dottið í hug. Ranglætið var svo augljóst, að þjóðin öll, líka þeir, sem voru nýbúnir að taka við 90% kauphækkun, töldu þetta vera svo ofstopalegt ranglætisverk, að þeir gætu ekki stutt það, og meginþorri þjóðarinnar snerist til varnar með launþegasamtökunum og

launastéttunum, sem svo grálega átti að leika. Og þegar þetta mál hafði verið lengi rætt á Alþingi Íslendinga, verður það að játast, að hæstv. ríkisstj. fékk sjálf skilning á því, að þetta hefði ekki verið heppilegt hjá henni. Og þá bætti hún að verulegu leyti fyrir sitt heimskupar með því að bjóða að fresta lokaafgreiðslu þessa óhappamáls um sinn og reyna heldur að leysa málin yfir samningaborði. Ef menn halda, að hæstv. ríkisstj. hafi misst af sér gullhringa við þetta tiltæki eða lækkað í áliti hjá þjóðinni, fara menn villir vegar, því að það er alveg áreiðanlegt, að þarna valdi hún þó þann skynsamlegasta kost, sem fyrir hendi var. Hún hvarf af braut þeirrar fávizku að ætla sér að ganga frá slíkri löggjöf í byrjun desembermánaðar 1963 og sá, að það var í raun og veru ekki ómaksins vert, því að slík lagasetning hefði aldrei verið virt af þjóðinni. Á henni hefði verið traðkað og hún hefði verið niður brotin á skömmum tíma, það er ég sannfærður um. Hæstv. ríkisstj. lét ekki á þetta reyna og hvarf frá þessari óskynsamlegu lagasetningu, og það var hennar vitið meira, og hennar sómi er meiri af, eftir að hún gerði þetta.

Það gekk svo sem ekki þrautalaust, þegar við gengum að samningaborðinu, fulltrúar ríkisvalds, atvinnurekenda og svo launþegasamtakanna í desembermánuði 1963. En þó fór svo að lokum, að menn stóðu upp sáttir að kalla og sömdu um að skilja ekki láglaunastéttirnar með öllu eftir. Þær fengu í þeim samningum um 15% kauphækkun. En það þótti svo ófullnægjandi lausn á þeirra málum, bæði samanborið við aðra og miðað við þá brýnu nauðsyn, sem var fyrir hækkaðar tekjur hjá þeim lægst launuðu í landinu, að þessir samningar voru aðeins til naumra bráðabirgða, og það blasti við, að næsta vor yrði að taka til að fást við þennan vanda á ný, vorið 1964. Og þá var það, að alþýðusamtökin skrifuðu ríkisstjórninni bréf, í aprílmánuði núna s. l. vor, og lýstu þróun málanna undanfarin ár með föstum rökstuðningi, sem sýndi það, að dýrtíðarstefna stjórnarinnar hafði verið „prímus mótor" í allri ógæfuþróuninni í verðlags- og dýrtíðarmálum, að launþegasamtökin höfðu alltaf reynt að ná sínum rétti eftir á og þó aldrei náð honum til fulls.

Við vorum því, þegar við litum yfir þetta svið, forustumenn launþegasamtakanna, ekkert ánægðir með árangur þessarar hörðu baráttu, sem átt hafði sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum árum, og við skrifuðum því hæstv. ríkisstj. um það, hvort við ættum nú ekki að reyna önnur vinnubrögð. Og það má hæstv. ríkisstj. eiga, að hún tók í þá útréttu hönd og tilnefndi hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. sem sína fulltrúa til að eiga í þessum samningum við launþegasamtökin, og svo áttu launþegasamtökin auðvitað einnig í samningum við sinn eðlilega viðsemjanda, atvinnurekendasamtökin í landinu. Með þessum þríhyrndu samningum nú s. l. vor var að ýmsu leyti farið inn á nýjar brautir, og skal ég ekkert rekja það. En það er sannfæring mín, að fulltrúar ríkisstj., forsrh. og félmrh., gengu heils hugar að þessu vandasama verki og reyndu alls staðar, þar sem þeir gátu, að koma til móts við okkur og leysa úr örðugustu hnútunum og flækjunum, og það fékkst lausn, sem báðir aðilar sættu sig nokkurn veginn við, í nokkru lengri tíma en áður hafði gerzt, því að nú var samið um að reyna að búa við þessa niðurstöðu um eins árs skeið. Það var samið um lausn nokkurra aðkallandi þjóðfélagsvandamála, sem vitanlega hefði fyrst og fremst heyrt undir hv. Alþingi að leysa, en fékkst þó lausn á, eftir að Alþingi hafði lokið störfum og eftir að Alþingi hafði raunar neitað að leysa ýmis af þessum málum, fellt till. þar um. Og í launamálunum gerðist það, að á það var fallizt að taka upp aftur vísitölu á laun og tengja þannig verðlagsþróunina og kaupgjaldsþróunina saman á ný. Það var í raun og veru stærsta atriðið, sem gerðist í launamálunum. En í kjaramálunum að öðru leyti var sammæli beggja aðila um að vinna að því í áföngum að stytta hinn óhóflega langa vinnutíma í landinu. Ég hélt, að hér væri ekki verið að prófa þessa nýju leið bara fyrir þetta eina ár, 1964, og fram á vordaga 1965. Ég stóð í þeirri meiningu og hélt, að það væri ætlun hæstv. ríkisstj., að hér væri aðeins fyrsti kapítuli og hér ætti að reyna til þrautar að halda áfram á þessari braut og vita, hvort ekki næðist árangur, sem affarasælli reyndist fyrir þjóðfélagið með slíkum vinnubrögðum heldur en hinum, sem við höfðum reynt árum saman, stríðsaðferðinni.

En ég vil segja það, að þegar skattskráin birtist s. l. sumar, fannst mér sem þau öfl hefðu komið hér við, sem vildu, að þessi leið yrði dæmd úr leik og ekki fetuð miklu lengra. Það var áreiðanlega grundvöllur fyrir þessu samkomulagi, sem gert var í júnímánuði 1964, að ríkisvald og önnur öfl þjóðfélagsins byndust um það samtökum, að kjör launþegastéttanna yrðu ekki rýrð á þessu friðar- eða stéttatímabili — eða þessu vopnahléstímabili, sem kannske er réttara að kalla það. En það varð öllum ljóst, að við þær skattálögur, sem blöstu við mönnum á blöðum skattskrárinnar sumarið 1964, var sannarlega haggað lífskjaragrundvelli launastéttanna og á hann gengið. Það var opinbert, að þær skattabyrðar, sem þar höfðu verið lagðar á menn, jafngiltu verulegri kauplækkun, en áður hafði verið samið um, að kaup skyldi óbreytt haldast út þetta ár. Það var að vísu ekki riftað hinum nýgerðu kaupgjaldssamningum, enda var ekki á færi neinna illra afla í þjóðfélaginu að gera það, en það var farin þessi leið, að skerða launin með skattaráni.

Það má kannske segja það, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki þarna verið sökudólgurinn. Það, sem þarna var fyrst og fremst gert, var að seilast ofan í vasa launþeganna frá stjórnarvöldum Reykjavíkurborgar. En grundvöllurinn á bak við það var þó lagasetning, sem hæstv. ríkisstj., hæstv. fjmrh. hafði knúið hér gegn-

um Alþingi og haldið um fjálgar ræður að væri fyrst og fremst til þess sett, sem breyting á eldri skattalöggjöf, að létta skattabyrðar á láglaunafólki og fólki með miðlungstekjur. En svartari lygi hefur sjaldan verið sögð úr ræðustól á Alþingi, og það sáu menn fyrst bezt, þegar skattskráin blasti við augum.

Það varð ókyrrð mikil í landinu, og það er ekki til neins að halda því fram, að það hafi verið stjórnarandstöðublöðin, sem hafi búið til þann æsing, sem varð út af skattaráninu s. l. sumar. Nei, það var ekki neitt uppgerðarvæl hjá skattþegnunum. Þar var komið ónotalega við marga, svo marga, að það varð í raun og veru samstemmt neyðaróp þjóðarinnar, að skattpíningin væri komin út í svo miklar öfgar, að ekki næði neinu tali. Og það fór svo, að jafnvel steinarnir töluðu. Alþýðublaðið fór jafnvel að bera hag launþeganna sem skattþegna fyrir brjósti og Morgunblaðið jafnvel líka annan hvern dag, auk þess sem stjórnarandstöðublöðin veittu rúm náttúrlega kvalastunum skattþegnanna, sem kváðu við úr öllum áttum.

Það var með hæstv. fjmrh. þá eins og sagt er um fálkann, hann kenndi til, þegar kom að hjartanu, og hann var afskaplega ljúfur viðmælis um það, að jú, það væru nú þarna misfellur á, hefði jafnvel orðið óvart, að skattarnir hefðu orðið þyngri en til hefði staðið, og það væri sjálfsagt að koma til móts við launþegana í þessu. Og hann sagði, að við skyldum setja sérfræðinganefnd til þess að kanna þetta og sjálfsagt að leiðrétta öll mistök og líklega koma til móts við kröfur launþegasamtakanna um að lækka, gefa eftir. Svo var starfað í nefnd. Það tók langan tíma. Það var liðið fram á haust, þegar sú nefnd hafði lokið störfum, og hún taldi á því ýmis tormerki að finna leiðir til lagfæringar eftir á, þegar sveitarfélögin væru búin að fá þessa skatta að sumu leyti innheimta, að sumu leyti búin að nota þá og þar fram eftir götunum, og vissulega voru mörg vandkvæði á því, því var ekki að neita. En þegar menn höfðu heyrt boðskap þessarar starfsnefndar, kom aftur til kasta launþegasamtakanna, og þau voru engan veginn ásátt um það, að þarna væri hægt að láta málið niður detta. Þau voru þess fullviss og höfðu sannfærzt um það enn betur, eftir því sem tíminn leið, að hér var ekki aðeins brýn þörf, heldur brýn nauðsyn að bæta úr á þann veg að létta eitthvað á skattabyrðum almennings, einkanlega hinna tekjulægri. Þar kom þó um síðir, að við fengum algera neitun hæstv. fjmrh., enda var þá liðið mjög á skattárið, — algera neitun um nokkrar lækkanir. En hins vegar stóð til boða að veita þeim sárþjáðustu og verst meðförnu skattþegnum lán, tveggja ára lán með fullum vöxtum, til þess að dreifa þessari ofurþungu byrði á lengra tímabil og taka þá pinklana frá árinu 1964 á sig ofan á milli með þeim skattapinklum, sem mönnum verða búnir á árunum 1965 og 1966.

Þetta var úrræðið, sem boðið var. Ekki var þetta gott, en samt töldum við í forustu launþegasamtakanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og stjórn Alþýðusambandsins, að hversu magurt sem þetta væri, þessi kreppulánaleið, og ógeðfellt, hefðum við varla efni á því fyrir okkar umbjóðendur að neita jafnvel þessu, og gerðum það kunnugt í byrjun nóvembermánaðar, biðum svo eftir svari. Það leið mánuður eða meir, ekkert heyrðist frá hæstv. fjmrh., hann virtist vera að bíða eftir því, að síðasti gjalddagi liði hjá. Annað var ekki hægt að ætla. En þá, — og ég hygg þó jafnvel fyrir milligöngu hæstv. forsrh., þegar hann kom frá Jerúsalem, — þá var þó málið tekið upp aftur, og þá komu frá hæstv. fjmrh. reglur, sem menn geta nú fengið lánin eftir, og þegar við höfðum athugað þessar reglur, kom í ljós, að þær voru þannig úr garði gerðar, að helzt gátu þó þeir hæst launuðu í landinu fengið einhverja kreppuhjálp eftir þessum reglum, en þeir lægst launuðu nærri því útilokaðir frá því og þeir, sem harðast höfðu orðið fyrir barðinu af skattaráninu, mjög fáir. T. d. af þeim 1600, sem höfðu sárast borið sig upp við stjórnarvöldin í Reykjavík í sumar og óskað eftir að fá að nota sér fleiri gjalddaga á sköttunum, 1/5 af þeim gat komið undir þessar nýju reglur um kreppulánin, 20%. Þetta töldum við algerlega ófullnægjandi og vildum ekki standa að þessu kreppulánakerfi á grundvelli þessara reglna, og þannig standa málin enn, að ekki er búið að fá nein vilyrði fyrir því, að þessi kreppulán verði veitt á neinum þeim grundvelli, sem þeim, sem mest þyrftu á því að halda, kæmi að verulegu gagni.

En áður en þetta er útkljáð, kemur hér fram á Alþingi frv. til l. um nýjan skatt, hækkun söluskatts, eitthvað rúmar 300 millj. kr., og það er þessi jólabakstur, sem við erum nú hérna að fást við. Ég hefði haldið, að eftir júnísamkomulagið í vor hefði það verið augljóst hverjum meðalgreindum manni, að ef það samkomulag átti að bera árangur, allra helzt ef það átti að gefa einhver framtíðarfyrirheit, var rétt hjá ríkisstj. að verja af fé ríkisins til niðurgreiðslna til þess að halda vöruverði í skefjum fyrstu mánuðina eftir samkomulagið, til þess að skapa, þó að það væri falskt stöðvunarástand, sem kostaði fé úr ríkissjóði, en búa sig frá undirskriftadegi samkomulagsins í vor undir það, að þegar búið væri að framkalla þessa stöðvun með niðurgreiðslum af hendi ríkisins út þetta ár, væri búið að afgreiða fjárlög á þann veg, og það átti að vera auðvelt í því góðæri, sem við búum við, að ekki þyrfti að verja fjárfúlgum til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, heldur sníða þann ramma, sem fjárl. og ríkisbúskapnum væri ákveðinn, þannig, að jöfnuður næðist án niðurgreiðslna, herða sem sé á öllum taumum í höndum fjmrh. að því er snertir útgjöldin og stefna að því, að jafnvægisástand næðist, án þess að það væri falskt, án þess að það væri gert með niðurgreiðslum. En þetta var ekki gert. Það var látið vaða á súðum eftir sem áður, alveg eins

síðari hluta ársins 1964 og fyrri hlutann, og að engu leyti stefnt að því að breyta neinu í hófsemdarátt eða jafnægisátt, að því er nú er augljóst. E. t. v. hafa umframgreiðslur ríkissjóðs aldrei verið óhóflegri en á árinu 1964. Mundi það vera rétt, að þær séu eitthvað um eða yfir 500 millj., umframgreiðslur ríkissjóðs? Þó að sú upphæð væri ekki svo há, gæti það verið ærið, en það skyldi nú ekki vera, að svona lítils hafi verið virt síðustu fjárlög og látið vaða á súðum svona óhóflega?

Um þetta frv. vil ég segja það, að ég veit aðeins eitt í þingsögunni, sem hefur af hæstv. ríkisstj. verið gert óskynsamlegra en þetta, og það er þegar hún reyndi að setja þvingunarlagafrv. Ég játa, að það var stærra mál, en það var eins óskynsamlegt að flytja það mál eins og nokkuð gat verið. Og þó að hér sé um smærra mál að ræða, er vitleysan eins stór, — barnaskapurinn, glópskan, að bera slíkt mál inn á Alþingi, er eins stór. Og mér er nær að halda, að hafi ríkisstj. riðað til falls út af þvingunarlagafrv., geti þetta, þessi vala hérna, orðið hæstv. ríkisstj. eins hættuleg og hitt stóra málið, og þess vegna væri eins mikil ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að kunna fótum sínum forráð og grípa til þess sama skynsamlega úrræðis, sem hún notfærði sér haustið 1963, þegar hún tók þvingunarlagafrv. aftur. Það er enn eins og þá skynsamlegasta úrræðið, sem hæstv. ríkisstj. getur gripið til, og það á hún að gera. Nú kynni hæstv. fjmrh. að segja, ef hann væri hér við, eins og hann á að vera: Já, en það er eyða, það er gat, og þess vegna er þetta frv. fram borið. Við þurfum auknar tekjur. — Já, maður skyldi ætla það, að þetta frv. hafi verið borið fram af nauðsyn, illri nauðsyn. En það er ég alveg sannfærður um, að þar hafa hæstv. ráðh. villt alveg um fyrir sjálfum sér. Hér er um enga nauðsyn að ræða. Í frv. er farið fram á að afla tekna vegna þeirra 55 millj. kr., sem fjárlagafrv. hafði hækkað í meðförum þingsins. Það var í frv., þegar það var lagt fram, farið fram á að fá 68 millj. kr. til þess að endurborga með niðurgreiðslur á síðari hluta ársins 1964, og það var farið fram á 207 millj. kr. hækkun á söluskattinum til þess að geta haldið niðurgreiðslum óbreyttum frá því, sem nú er. Og svo er játað í raun og veru, að þessar aðgerðir, tekjuöflun í því formi, sem ég hef nú nefnt, mundi leiða af sér 43 millj. kr. tekjuþörf til þess að standast þær hækkanir, sem þessi tekjuöflun leiðir af sér, það hækki kaup við þetta og það verði að hækka tryggingar og annað þess konar og til þess þurfi 43 millj. vegna þessarar skattlagningar.

Þegar maður lítur á þetta mál, eru tæpar 200 millj. kr., sem þarna er um að ræða, sem ríkisstj. sjálf telur að hún þurfi að afla með nýjum tekjustofni. Nú eigum við fjmrh., sem er hinn mesti hagleiksmaður í sparnaði í munninum. Ég veit engan, sem er meiri hagleiksmaður í sparnaði í munninum heldur en hann. Og ég er að vona, að slíkur snillingur í sparnaðartali hljóti að kunna eitthvað til sparnaðar í verki. Og ef hann er jafnsnjall í verki og í orði, þegar kemur til sparnaðar, þá held ég, að það hefði verið hægt að finna leiðir til þess að spara í öllum fjárl. 200 millj. Ég trúi ekki öðru. Ef það hefði verið vilji til að spara ofan frá og niður í gegn á fjárl. og e. t. v. færa eitthvað af þeim 200 millj. framkvæmdum, sem nú eru færðar á 20. gr., yfir á heimildagr. og sjá til þannig, t. d. með 100 millj. þar, þegar kæmi fram á árið 1965, hvort árferðið væri þannig og þróun efnahagsmála, að ástæða væri til að fara í þessar framkvæmdir, og gera það þá, eða hvort ástæða væri til þess að láta sér takast stöðvun, og það er ekkert smáræði, að fresta þá einhverju af þessum framkvæmdum fram á næsta ár eða svo, eða þá, eins og sagt var hér áðan, að taka að einhverju leyti lán til þeirra. Þar að auki er upplýst, að það er búið á undanförnum árum að skattleggja íslenzka skattþegna umfram rekstrarþarfir ríkissjóðs, svo að nemur mörgum hundruðum millj. kr., og það hefur verið sagt, að það sé til af þessu skattafé, sem tekið hefur verið umfram þarfir, það er sagt, að við eigum 100 millj. kr. á bók, og það mun rétt vera, og það er enn fremur upplýst nú nýskeð af hæstv. fjmrh., að við eigum 220 millj., að ég hygg, einnig af þessu afgangsfé óráðstöfuðu. Það hefði því ekki þurft annað, þegar maður sparaði sér 43 millj. af setningu þessarar löggjafar, heldur en taka þetta óráðstafaða afgangsfé í staðinn fyrir að leggja á nýjan söluskatt.

Sparisjóðsbókin með 100 millj. á að vera geymd til mögru áranna. (**Gripið fram í:** Það er heilög kýr.) Heilagar kýr á náttúrlega ekki að drepa, það á ekki að farga þeim. En hvað er magurt ár? Er ekki góðæri, sem veldur því, að stórkostlegt þjóðfélagsvandamál skapast? Þjóðfélaginu liggur við að farast í verðbólgu- og dýrtíðarflóði. Er það ekki góðæri, sem er búið að snúa upp í hallæri af manna völdum, og ástæða til þess að verja einhverjum peningum til að reyna að varðveita það sem góðæri? Ég held það. Ég held, að það að reyna að brjóta í blað og stöðva dýrtíðar- og verðbólguþróunina, það sé þess virði að taka jafnvel þessa heilögu kú hæstv. fjmrh. og leggja fallið af henni á borðið til þess að bjarga þessu. Og það hefði verið miklu skynsamlegra en vaða að þjóðinni núna eftir skattarán sumarsins og segja: Nú tökum við af ykkur 300 millj. kr. í hækkuðum söluskatti. — Það er ekkert vit.

Það má vel vera, að það sé erfitt að finna sameiginlega lausn um sparnað og niðurskurð á fjárlögum. Hæstv. stjórn vildi kannske skera niður allt annað en fulltrúar stjórnarandstöðunnar vildu skera niður og þannig fengist ekkert samkomulag. En ég er alveg sannfærður um það, að ef gengið hefði verið í haust að því verki með ámóta góðum hug frá báðum hliðum eins og gengið var að vandamálunum s. l. vor, hefði það líka tekizt. Og það hefði verið skammar nær að reyna þá leið heldur en hella yfir okkur hér á jólaföstunni þessu

óburðarfrv., sem hér er búið að taka marga daga þingsins að ræða. Það er alger misskilningur, að það sé rétt aðferð málanna að skella fyrst inn þessu frv., gera það að l., velta sköttunum þannig á yfirhlaðnar herðar skattþegnanna og byrja svo að tala saman um vandamálin, sem búið er að skapa, og bæta við lögfestingu á frv. eins og þessu. Það er að búa fyrst til erfiðleika og fara svo að glíma við þá.

Ég held því fram, að það hafi verið til fleiri en ein leið til þess að leysa þennan vanda, sem við er að glíma hjá hæstv. ríkisstj., og öll úrræði betri en ný álagning söluskatts. Ég held því, að þetta frv. verði ekki afsakað með hinni brýnu, óumflýjanlegu nauðsyn, sem höfð hefur verið að yfirvarpi. Ég hef haft gaman af því að líta í stjórnarblöðin núna undanfarna daga, eins og oft. Einmitt á því, sem eru ósannindin í málinu, er hamrað. Á forsíðu Vísis segir: „Söluskattsfrv. nauðsynlegt.“ Í leiðaranum stendur: „Nauðsynleg ráðstöfun.“ Og svo í innrammaðri grein utan um hæstv. fjmrh. og helztu atriðin í framsöguræðu hans um söluskattinn stendur á miðri síðunni með stórkarlaletri: „Söluskattshækkun nauðsynleg til þess að halda áfram niðurgreiðslum.“ Það var þá líka tilgangurinn: Nauðsynleg til þess að halda áfram niðurgreiðslum. Þetta sannfærir mig ákaflega vel um það, einmitt þegar búið er að þrítaka þetta í málgagni hæstv. fjmrh., að það væri nauðsynlegt, af hverju þeir segja þetta. Það er af því að þeir vita, að þetta var ónauðsynlegt með öllu, og eru að reyna að fela það fyrir þjóðinni með stórkarlaletri. En það, sem mér finnst miklu stærra í þessu máli, er, að það var ekki aðeins ónauðsynlegt, heldur var það fyrst og síðast óskynsamlegt að setja þetta frv. fram, leggja það fram og ætla að lemja það gegnum Alþingi. Ef hæstv. ríkisstj. hefði ekki fundið neinar aðrar leiðir, held ég, neinar leiðir til þess að komast hjá nýrri skattlagningu, vil ég halda því fram, að sérhverjir aðrir skattar en söluskattur hefðu verið heppilegri, eins og nú stóð á. Söluskatturinn er fyrst og fremst umfram alla aðra skatta verðbólguaukandi og hrindir dýrtíð af stað. Og ég veit ekki betur en sú kenning sé ekki ein af öfgakenningum stjórnarandstöðunnar, hún hafi a. m. k. um alllangt skeið verið kenning annars stjórnarflokksins, Alþfl. Og ég veit ekki, í hvaða gleymskudá hann hefur fallið, þegar hann nú stendur fyrst og fremst að því að velja söluskatt sem úrræði. Það var á dögum Haralds Guðmundssonar, sem hann lýsti afstöðu sinni og Alþfl., sagði hann, til söluskatts. Hann sagði um söluskattinn, að hann væri af öllum tollum, sem væru á lagðir hjá okkur, ranglátastur og óskynsamlegastur. Og hann rökstuddi þetta vandlega: ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili. Og það þarf ekki að eyða orðum að því, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda. Aðrir tollar ýmsir, — ég vil ekki segja flestir, — eru þó á lagðir með það sjónarmið fyrir augum, sagði Haraldur Guðmundsson, að þeir séu mismunandi þungir, eins og t. d. verðtollur eftir því, hvaða vörur eiga í hlut og hvort hægt er að komast af án þeirra eða ekki. En til þessa sjónarmiðs er ekki tekið tillit við álagningu söluskatts, heldur þvert á móti. Í öðru lagi, sagði hann, liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina, a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum, og það er kannske ekkert lítill hluti í viðbót. Sú aukna dýrtíð, sagði Haraldur Guðmundsson, enn fremur, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði, og af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vígi í samkeppni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum. Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar. Og hver treystir sér til þess að hnekkja þessum orðum Haralds Guðmundssonar? Mundi hæstv. viðskmrh. vera nú orðinn svo lærður, að hann gæti hnekkt þessu?

En það er meira blóð í kúnni, eins og þar stendur. Hæstv. viðskmrh. hefur sjálfur borið vitni um söluskatt, og það er í þingtíðindunum eftir honum haft á þennan veg:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Þetta er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin á söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum, en þó er margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru alveg gífurleg í söluskattinum.“

Þetta er tekið upp úr þingtíðindum og haft eftir hæstv. núv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, varaformanni eða ritara Alþfl. Og til þess að fullkomna það er ekki ágreiningur innan forustu Alþfl. um þennan skatt, því að formaður Alþfl., núv. hæstv. félmrh. og sjútvmrh., Emil Jónsson, hefur líka vitnað um söluskattinn og eðli hans og segir samkv. Alþingistíðindum:

„Og hann (þ. e. Alþfl.) vill allra sízt, að versti skatturinn úr dýrtíðarl. sé framlengdur, því að ég fullyrði, að sá af sköttum dýrtíðarl., sem almenningi er tilfinnanlegastur, er sölu-

skatturinn, og hann kemur allra verst við, en það er einmitt hann, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að framlengja," sagði hann þá.

Og nú á að framlengja söluskatt og ekki aðeins að framlengja, nú á að hækka hann. Og hversu hófsamlega er að verki verið á árinu 1964 með Alþfl. með 3 ráðh. í ríkisstj. og með svona álit á söluskatti? Jú, hann var í ársbyrjun 1964, söluskatturinn, bara 3%. Hann var 3%. Í byrjun þessa árs eða snemma á því er hann hækkaður í 5½%. Og nú var ætlunin að skella honum upp í 8%.

Og það er fyrst þegar við úr forustuliði A. S. Í. núna fyrir 2—3 dögum ræðum um það við hæstv. forsrh., að við teljum a. m. k. 68 millj. kr. í þessum skatti vera beina brigð við samkomulagið frá því í júní í vor, að því fæst til vegar komið, að hæstv. ríkisstj. tekur aftur 68 millj. kr. upphæð af þessu söluskattsfrv. og flytur um það brtt. Að vísu skal það fram tekið, að hæstv. forsrh. taldi sig vera eins vissan í sinni sök og við í okkar um það. Við töldum, að það hefðu verið gefnar skýlausar yfirlýsingar um, að það yrði ekki bætt á nýjum sköttum til að standa undir niðurgreiðslum á vísitölu út árið 1964. Hæstv. ráðh. taldi sig jafnvissan í sinni sök um það, að yfirlýsingar hefðu verið gefnar, sem við hefðum mátt skilja á þann veg, að þetta kynni að verða tekið til ákvörðunar, þegar Alþingi kæmi saman. En hann beitti sér þrátt fyrir þetta fyrir því, að þessi tekjuöflun væri nú lækkuð um 68 millj. kr., og það skal hér tekið fram af mér, að ég virði það mikið, að hæstv. forsrh. vill vinna nokkuð mikið til, að það sé hafið yfir allan efa, að hann standi við orð sín frá samningagerðinni s. l. vor. Það hefur hann gert með sínum afskiptum af þessu máli. Mér þykir líka næsta ólíklegt, að hæstv. forsrh. fylgi þessu máli í hjarta sínu. Og hverjir geta það þá verið, sem fylgja því? Það getur ekki verið, að Emil Jónsson fylgi því. Það getur ekki verið, að Gylfi Þ. Gíslason fylgi því, með það álit, sem hann hafði a. m. k. fyrir nokkrum árum á söluskatti, ranglátasta skatti, sem auðveldast væri að fremja skattsvik með. Það væri ólíklegt, að þriðji ráðh. Alþfl., hæstv. utanrrh., væri skattinum fylgjandi, þegar öll forusta Alþfl. hefur svo fordæmt söluskatt sem ég hef nú gert grein fyrir. Ég get ekki séð nokkra minnstu skynsamlega ástæðu til þess, að hæstv. landbrh. sé ginnkeyptur fyrir söluskatti. Það kynni þá að vera, að þetta væri ástfóstur hæstv. fjmrh. eins. Og hvers vegna ástfóstur, þegar unnt er að sanna það, að enga brýna nauðsyn ber til þess að knýja þetta lagafrv. fram og það er hægt að leysa allt málið með ýmsum öðrum leiðum og fullur vilji til þess a. m. k. hjá mörgum í stjórnarandstöðunni.

Ég heyrði það líka frá umr. í Ed., að tveir Alþfl.-menn hefðu eitthvað hikstað á því að eiga að greiða atkv. með söluskattsfrv. þar, og þeir munu hafa gert þann fyrirvara um sinn stuðning, að þeir fylgdu þessu frv. því aðeins, að það yrðu reistar við því rammar skorður, að skatturinn yrði 100% innheimtur. En hver treystir sér til þess að innheimta söluskatt 100%? Hefur ekki einn aðalfjármálaráðunautur hæstv. ríkisstj. nýlega sagt það, að þegar söluskattur hækki, sé það alls staðar segin saga um allar jarðir, að þá sé erfitt að ná honum inn og svik fari vaxandi, og þessa aðvörun gaf hann, meðan skatturinn var 5½%? Nú á hann að verða 7½%, og hættan á að svíkja skattinn eykst, ef hann hækkar mjög. Er þetta þá bara gert fyrir skattsvikarana, en til þess að egna alla einstaklinga þjóðarinnar aðra upp á móti hæstv. ríkisstj.?

Ef þessir tveir Alþfl.-menn hefðu nú lagt fram till. t. d. um það, að jafnframt þessari hækkun söluskattsins yrði sérhverjum kaupsýslumanni gert að skyldu að gefa nótu og setja á hana söluskattsmerki, sem sýndi það við hverja einustu nótu, að söluskatturinn væri greiddur til fulls, þeir tækju á móti söluskattsmerkjunum og yrðu að skila fullu andvirði þeirra og kæmu þannig ekki undandrætti við um einn einasta eyri eða krónu, ef þessir hv. Alþfl.-menn hefðu borið fram einhverja slíka till. og gert framgang hennar að skilyrði fyrir sínu atkv., þá teldi ég, að þeir hefðu unnið fyrir mat sínum þann daginn. En að tala um þann möguleika, að söluskattur 7½% skili sér án skattsvika, er ofan í alla vitneskju, bæði þeirra og annarra, enda kemur þar niður, að ef einhverjar ráðstafanir væru gerðar til þess, að söluskattur, sem nú er bundinn í lögum, innheimtist 100%, þyrfti hæstv. fjmrh. engar viðbótartekjur og ekkert nýtt frv. um hækkaðan söluskatt, það er alveg fullvíst. Þá hefði hann a. m. k. 197 millj. kr. í viðbót, á því er enginn vafi.

Ég kem aftur að því. Það var ein leið, sem blasti við eftir júnísamkomulagið, og aðeins ein þá, sem sjálfsagt var að reyna til þrautar, og það var sparnaðarleið, — sparnaðarleið í öllum undirbúningi fjárl. og að þrautreyna það, hvort stjórnarandstæðingar fengjust ekki með í það að styrkja þjóðfélagið í efnahagsmálum með sparnaðarpólitík. Ef við hefðum sýnt það ábyrgðarleysi að neita því samstarfi, þá a. m. k. stóð stjórnin miklu betur að vígi um að bera fram slíkt frv. eins og hún hefur nú gert. En þetta reyndi hún ekki, því miður.

Hæstv. fjmrh. var ekki búinn að sitja lengi í sínum þægilega fjmrh.-stól, þegar hann sagðist hafa komið auga á, að það væru til ýmsar leiðir til sparnaðar í fjármálabúskap ríkisins. En þegar hann hafði fyrst orð á þessu, sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þeim skamma tíma, sem liðinn er frá myndun stjórnarinnar," — þetta var meðan stjórnin var í vöggu, var að stíga sín fyrstu spor, — „hefur mestur hluti dagsins að jafnaði farið í að undirbúa efnahagsmálafrv. Tími hefur því ekki unnizt til að koma fram sparnaði í einstökum greinum, og er fjárlagafrv. því að verulegu leyti byggt á og reiknað út með kostnaði og útgjöldum við ríkisreksturinn eins og hann er nú. Margir eru þeir útgjaldaliðir í þessu frv., sem ríkisstj. telur sjálfsagt

að reyna að lækka, en slíkt krefst undirbúningsvinnu, og það þýðir ekki að áætla þá lægri á fjárl., fyrr en komin er niðurstaða um hvert einstakt atriði varðandi nýtt skipulag og hvern sparnað það leiðir af sér. Nokkur slík atriði skal ég þó nefna hér, sem verður að endurskoða á árinu og ætti að vera hægt að lækka á fjárlögum næsta árs.“

Og nú er ekki aðeins það ár liðið. Nú hefur áreiðanlega unnizt tími til að vinna að þessum sparnaðaráformum og til þess að framkvæma þá undirbúningsvinnu, sem nauðsynleg var. En þarna bara á fyrstu stundunum, án nokkurrar undirbúningsvinnu og án þess að hafa nokkurn verulegan tíma kom hæstv. ráðh. auga á 10 atriði, þar sem ætti að koma sparnaði við. Það var í fyrsta lagi varðandi utanríkisþjónustuna. Er ekki sjálfsagt að athuga það, ef ekki er búið að framkvæma þar þann sparnað, sem hæstv. ráðh. sá strax að hægt væri að koma við, þegar hann settist í stólinn? Utanríkismálin eru allútgjaldafrek, og þar er e. t. v. hægt að spara nokkuð stórar fúlgur. Í öðru lagi var það framkvæmd skattamála, og framkvæmd skattamála er mjög útgjaldafrek. Og nú þætti a. m. k. góðra gjalda vert, ef innheimtu skatta og öllu því væri við komið fyrir svipaðar upphæðir og þá var. Það mundi spara a. m. k. einn milljónatug, bara að koma því í samt lag og var, þegar hæstv. ráðh. sagði, að þarna væri auðvelt að koma við sparnaði. Í þriðja lagi má nefna rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins. Ég er ekki viss um, að það sé svo auðvelt kannske, en hann sagði, að það væri það þriðja, sem væri hægt að framkvæma á sparnað, í fjórða lagi innflutningsskrifstofan og í fimmta lagi kostnaðurinn við skyldusparnað og alla skriffinnskuna í sambandi við hann. Það er vafalaust hægt að afnema þessa skriffinnsku. Í sjötta lagi kostnaður við framkvæmd orlofslaganna, og í sjöunda lagi kostnaður við eyðingu refa. Það væri alveg sjálfsagt, allir gætu orðið sammála um að spara eitthvað verulega í eyðingu refa. Í áttunda lagi að fyrirbyggja halla á rekstri póstsjóðs, í níunda lagi að endurskoða bílakostnað ríkisins og starfsmanna ríkisins, og í tíunda lagi hægt að leggja niður ýmsar launaðar nefndir. Eitthvað er nú til af þeim enn þá og hægt að leggja þær niður. Í ellefta lagi skal ég svo loks geta þess, sagði hæstv. ráðh., að bráðnauðsynlegt er að ganga fastar og betur eftir innheimtu ríkistekna og útistandandi skulda, eins og yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa bent á ár eftir ár svo greinilega.

Þetta var sparnaðarpistillinn, sem hæstv. ráðh. kom með, rétt þegar hann var setztur í stólinn og hafði ekki neinn tíma til þess að vinna að sparnaði. En síðan íhugaði hann málið miklu betur, og ein tvö ár eftir þetta lengdist sparnaðarlistinn, svo að hann var ekki lengur 10—11 atriði, hann var kominn a. m. k. upp í 29 atriði, og framsóknarmenn segja, að það séu 59 sparnaðarliðir, og kannske hafa þeir rétt fyrir sér í því. Og smáir eru þessir sparnaðarliðir, ef þeir 59 samtals eða þó að þeir væru ekki nema 29, — það man ég glöggt, að eitt sinn var ráðh. kominn upp í 29 sparnaðarliði, — ef ekki er hægt að ná út úr þessu hátt á 2. hundrað millj. og losna þannig við söluskattsfrv., sem flestum ber saman um, að að mestu leyti fari til skattsvikara.

En það, sem mestu máli skiptir í sambandi við þetta mál, er það, hvort hefði verið hægt að finna leiðir, sem hefðu leitt til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar eða komið þar á meira jafnvægi en verður, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Ég hef drepið á ýmis atriði, sem benda í þá átt, og ég held því enn fram, að það sé hægt að finna leiðir gegnum sparnað og niðurskurð og með því þá heldur en hækka söluskatt að grípa til sparisjóðsbókarinnar góðu og þeirra 220 millj., sem hæstv. ráðh. segir að enn séu til utan bókarinnar. Ég útiloka jafnvel ekki þann möguleika að ákveða að fresta einhverju af þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru og fé ætlað til af tekjum ársins á 20. gr., og setja þær á heimildargrein og sjá svo til, hvernig árar á árinu 1965 um þær framkvæmdir og hvort þannig þætti þá vera ástatt efnahagslega, að skaðlaust væri að taka lán til þeirra framkvæmda, eða þá að láta það ganga dálítið hægara og bíða eitthvað, 1—2—3 ár eða svo, hægja sem sé ganginn. Þegar mikill þrýstingur er í atvinnulífi þjóðarinnar á vegum einstaklinga, er helzt ástæða til þess, að hið opinbera dragi eitthvað úr framkvæmdum hjá sér, en herði um allan helming á framkvæmdum, þegar minni er athafnageta einstaklinganna í atvinnulífinu.

Ég tel, að það sé gengið að því opnum augum, og verður aldrei lagt út öðruvísi en ríkisstj. hæstv. gangi að því með ráðnum hug að hverfa frá stöðvunarstefnunni, sem hún gekk inn á að reyna s. l. vor, ef hún knýr þetta lagafrv. fram. Það er vitað, að dýrtíðarhjólið fer í gang, og það er ekkert auðvelt að stöðva það á ný, eftir að það er farið í gang, þegar ríkissjóður hefur gengið á undan að taka nýja skattstofna, svo að skiptir hundruðum millj. Sveitarfélögin koma næst á eftir, einkaatvinnureksturinn lætur líka vaða á súðum. Og hvernig ættu þá launþegasamtökin í landinu að sitja með krosslagða arma og aðhafast ekkert og bera ekki fram neinar kröfur um að fá eitthvað í sinn hlut líka? Það er ógerningur, og þá er öll vitleysan í gangi á ný. En þessi stefna er innleidd með samþykkt þessa frv., það getur engum dulizt.

Við vorum á fundi í miðstjórn Alþýðusambandsins nú fyrir fáum kvöldum, það var rétt eftir að frv. var komið fram, og ég minnist þess ekki, nema þegar við fjölluðum um þvingunarlagafrv., að annar eins hiti hafi verið í mönnum á miðstjórnarfundi eins og þetta kvöld, og þegar uppkast hafði verið lagt fram að ályktun, kom sífellt ný og ný till. um að herða á orðalaginu, og það, að ekki var haldinn útifundur um þetta mál hér í Reykjavík núna, var eingöngu af því, að komið er fast að jólum. Annars hefði enginn getað spornað við því,

að það yrði haldinn útifundur um þetta mál eins og um þvingunarlagafrv. En ályktunin, sem ég hygg að túlki skýrum orðum afstöðu Alþýðusambandsins og gerð var á miðstjórnarfundi 17. des., var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega frv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi um hækkun söluskatts og mun hafa í för með sér nýjar álögur, sem nema 300—400 millj. kr. á ári. Miðstjórnin telur, að með frv. þessu sé ýtt af stað nýrri verðbólguöldu, sem stefni hagsmunum launþega og eðlilegri þróun efnahagsmála þjóðarinnar í mikinn háska og torveldi stórlega alla möguleika á friðsamlegum samningum um eðlilegar kjara- og launabætur til handa vinnustéttunum. Miðstjórnin telur, að með slíkum aðgerðum til stórfelldra nýrra verðhækkana sé rift þeim grundvelli, sem lagður var með samkomulagi ríkisstj., verkalýðssamtaka og atvinnurekenda hinn 5. júní s. l. Alveg sérstaklega lýsir miðstjórnin mótmælum sínum við þá beinu brigð á þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru í sambandi við júnísamkomulagið um það, að engar nýjar álögur yrðu á lagðar vegna niðurgreiðslna á árinu 1964, en í frv. eru 68 millj. kr. áætlaðar í því skyni."

Þessi kafli þarna í ályktuninni er nú niður fallinn í rauninni vegna yfirlýsingar hæstv. forsrh. og þeirrar till., sem fram er borin á þeim grundvelli. En niðurlag ályktunarinnar er svo hljóðandi:

„Miðstjórnin telur, að skattahækkun nú ofan á skattrán sumarsins verki sem eitur í ógróin sár og brjóti niður trú manna á, að ríkisstj. vilji heils hugar vinna að stöðvun verðbólgu og vaxandi dýrtíðar. Þess vegna varar miðstjórnin alvarlega við því, að söluskattsfrv. verði samþykkt, og heitir á ríkisstj. að hverfa frá því óráði að gera það að lögum, en freista heldur að draga úr óhófseyðslu í rekstri ríkisins og leita sérhverra ráða til að hamla gegn verðbólgu og dýrtíð."

Ég er sannfærður um, að það hefði ekki staðið á fulltrúum Alþýðusambandsins á liðnum haustmánuðum að ræða við ríkisstj. um sérhverja leið til áframhaldandi stöðvunar, og það mun jafnvel ekki standa á henni enn að gera þetta, þó að nú sé á elleftu stundu, ef þetta frv. væri dregið til baka og svigrúm gæfist þannig til að hugleiða möguleika til lausnar á þessum smávægilega vanda.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, samtök hinna opinberu starfsmanna, samþykkti einnig sama kvöldið ályktun, sem markar afstöðu þess til þessa frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur rætt frv. ríkisstj. um hækkun á söluskatti. Bandalagsstjórnin telur það mjög miður farið, að frv. þetta skyldi lagt fram, án þess að fyrst væri haft samráð um þessi mál við launþegasamtökin. Opinberum starfsmönnum hefur verið synjað um leiðréttingu á launum sínum, og hafa þeir því orðið að taka á sig bótalaust allar verðhækkanir frá 1. júlí 1963, en síðan hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 23.5%. Eru þeir því illa við því búnir að taka á sínar herðar nýjar álögur. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skorar þess vegna á Alþingi að samþykkja ekki frv. um hækkun á söluskatti, heldur leita í þess stað úrræða til stöðvunar verðbólgu og hafa um það fullt samráð við launþegasamtökin."

Mér þykir það illa farið, ef horfið verður frá þeirri viðleitni, sem uppi var höfð s. l. vor og þjóðin fagnaði og spáði góðu, ef haldið væri áfram á þeirri braut, og hins vegar valin vitandi vits sú óheillastefna, sem áreiðanlega leiðir til verðbólgu, aukinnar dýrtíðar, ófarnaðar fyrir þjóðina og striðs um þau mál, sem bezt leysast með friðsamlegu samstarfi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að ég vil ekki lengja þessar umr., sé ekki ástæðu til þess, þar sem búið er að taka fram flest af því, sem ástæða er til að draga fram í sambandi við málið. En ég vil aðeins, eftir að hafa hlýtt á þessar umr., taka mjög sterklega undir þær áskoranir, sem hér hafa komið fram til hæstv. ríkisstj. um að draga þetta frv. til baka, a. m. k. í bili, og taka frest í janúarmánuði, til þess að þessi mál geti öll orðið endurskoðuð í tómi.

Ég vil vona, að þessar umr., sem hér hafa farið fram, hafi orðið til þess, að það hafi skýrzt fyrir mönnum, að það er hið mesta óráð að samþykkja þetta frv. vegna þeirra verðhækkana, sem af því stafa, og það hlýtur að vera hægt að finna leiðir, sem gera það að verkum, að ekki þurfi að rísa ný verðbólgualda. Ég er alveg sannfærður um, að það er hægt að finna slíkar leiðir, en þá þarf í staðinn fyrir að knýja málið fram að fá frest.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég hafði fyrr í þessum umr. beint ákveðinni spurningu til ríkisstj., sem var þess eðlis, að ég sætti mig ekki við að fá ekki einhver svör við henni einmitt nú við þessa umr., vegna þess að gert er ráð fyrir því, að 2. umr. málsins kunni að verða heldur stutt hér í þd. Ég beindi þeirri fsp. til ríkisstj., hvort hún teldi eftir þá athugun, sem ég tel alveg víst að hún hafi látið fara fram í þeim efnum, hvort hún teldi, að e. t. v. þyrfti að gera sérstakar efnahagsráðstafanir síðar í vetur til stuðnings sjávarútveginum vegna þeirra breyttu viðhorfa, sem nú skapast hjá honum við þessar ráðstafanir. Það er ekkert um það að villast, eins og ég gerði grein fyrir í minni ræðu, að t. d. frystihúsarekstrinum í landinu er gert að greiða með þeim ákvæðum, sem samþykkja á varðandi afgreiðslu fjárl., og svo þessu frv., — honum er gert að greiða stórfelldar fjárhæðir, sem ekki eru undir því, sem nemur 24% beinni launahækkun, án nokkurra sérstakra bóta og það án þess að reiknað sé með

sérstöku hækkunarverði á fiski, sem þó hlýtur að verða líka. Ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því, hvort þessi framleiðslugrein getur staðið án sérstakra ráðstafana undir slíkum álögum sem þessum, og því spyr ég um það: Telur ríkisstj., að til þess geti komið eftir áramótin, að afla þurfi nýrra tekna til stuðnings sjávarútveginum sem beinni afleiðingu af afgreiðslu fjárl. og afgreiðslu þessa frv., eða telur hún, að það þurfi ekki meira að koma til heldur en það, sem hér er nú lagt til að samþykkt verði? Ég legg sem sagt mjög ríka áherzlu á það að fá hér í stuttu máli einhver svör við þessari spurningu. Og um leið vildi ég svo varpa fram annarri spurningu, sem mér finnst afar eðlilegt að hér séu gefin svör við, hefði auðvitað verið miklu eðlilegra, að hæstv. fjmrh. hefði svarað þeirri spurningu, en hún er um það, að þegar nú á að afla fjár í jafnríkum mæli eins og hér er lagt til, til þess að standa undir niðurgreiðslum, þá spyr ég: Er ætlunin að halda uppi á næsta ári sams konar niðurgreiðslum og verið hefur, eða er meiningin, að breytingar geti orðið á þessum niðurgreiðslum? Þegar menn biðja um tiltekna fjárupphæð til niðurgreiðslna, er ofur eðlilegt, að um það sé spurt: Í hvaða niðurgreiðslur á þetta að fara, — því að það skiptir líka launafólk í landinu mjög miklu máli, hvernig niðurgreiðslurnar eru framkvæmdar. — Ég vænti nú, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært í örstuttu máli að svara þessum spurningum mínum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21:14 atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 212, 214 og 215).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en eins og fram kemur í áliti meiri hl. n. á þskj. 212, hefur hún ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess, og munu minni hl. skila séráliti um málið.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að söluskattur verði hækkaður úr 5½ í 7½ %, og auk þess nokkur breyting á hundraðshluta þeim, sem ætlaður er til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eins og gerð er grein fyrir í 1. gr. frv. Meiri hl. n. hefur, eins og fram kemur í nál., lagt til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 197 eftir afgreiðslu í Ed. Mér þykir það ekki ólíklegt, að þegar frá líður muni sú tilraun, sem hófst með svokölluðu júnísamkomulagi, verða talin merkileg og muni eiga eftir að marka nokkur spor í þróun efnahagsmála hér á landi. Af biturri reynslu undanfarinna ára og þá ekki hvað síst af því, sem gerðist í lok ársins 1963, og af þeirri þróun, sem þar fylgdi á eftir á fyrstu mánuðum ársins 1964, var mönnum orðið það ljóst og þá einnig forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, að hinar tröðnu slóðir í kaupgjaldsbaráttunnni lágu út í ófæru. Þegar þessir aðilar því sneru sér til ríkisstj. á s. l. vori, má að vissu leyti segja, að það hafi verið brotið blað í sögunni. Tilmæli þeirra voru þau, að teknar skyldu upp viðræður um efnahagsmálin, sem stefndu að því að stöðva þá verðbólguþróun, sem undanfarið hafði magnazt mjög og stefndi efnahagslífinu í hættu. Að sjálfsögðu var ríkisstj. mjög fús til slíkra viðræðna, enda taldi hún það höfuðnauðsyn, að ná mætti samkomulagi, er miðaði að því að stöðva verðbólguþróunina, en það var aftur frumskilyrði fyrir því, að sá árangur, sem náðst hafði í efnahagsmálum á undanförnum árum, yrði ekki að engu. Í þessu sambandi er manni reyndar spurn, hvaða ríkisstj. hefði ekki verið mjög fús til slíkra viðræðna, eins og á stóð.

Árangurinn af þessum viðræðum, sem hófust um vorið 1964, varð hið svokallaða júnísamkomulag. En það má segja, að það hafi verið aðeins upphafið. Með því voru ekki öll vandamál leyst, en e. t. v. var það merkilegast við samkomulag það, að það sýndi glögglega vilja aðilanna til að leita að færum leiðum í mjög viðkvæmum málum, vilja til þess að losa sig við ýmsa rótgróna hleypidóma og taka málin upp til endurmats á nýjum grundvelli. En slíkt endurmat og slík byrjunarlausn sem fólst í samkomulaginu í júní kallaði að sjálfsögðu líka fram ýmis ný vandamál, þótt síðar yrði. Það er einmitt eitt af þeim vandamálum, sem við erum nú að glíma við í sambandi við þetta frv. Þetta frv. er afleiðing af júnísamkomulaginu, þótt það á hinn bóginn raski ekki í neinu grundvelli þess samkomulags. Slíkir hlutir sem þessir gerast ekki í einni svipan, þeir gerast venjulega á lengri tíma, ef ná á verulegum árangri.

Í þeim umr., sem fram hafa farið hér á hv. Alþingi og raunar einnig utan þess, aðallega í dagblöðunum, er ekki laust við, að menn hafi hleypt sér í nokkurn hita. Að nokkru leyti má segja, að það hafi stafað af misskilningi, sem upp kom, þar sem báðir aðilar, fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj., voru þó í góðri trú um sinn skilning. En ríkisstj. sýndi þá enn, hversu ríka áherzlu hún leggur á gildi júnísamkomulagsins, og eins og hæstv. forsrh. tók fram í upplýsingum sínum um málið í Ed., taldi hann það höfuðnauðsyn, að hvorugur aðili hefði nokkra ástæðu til þess að ætla, að reynt væri að hlunnfara hann í sambandi við þetta mál. Svo er það einnig, að menn eru ávallt viðkvæmir fyrir því, þegar leggja þarf á nýja skatta eða hækka þarf skatta, og það er ekkert sérstakt nú, þegar nauðsynlegt reynist að hækka söluskattinn. Það er að sjálfsögðu engri ríkisstj. eða stuðningsmönnum hennar nein sérstök ánægja að slíkum aðgerðum, þótt þessir aðilar verði hins vegar að taka á sig ábyrgðina af því, þar sem þeim hefur af meiri hl. þjóðarinnar, meiri hl. kjósenda í landinu í frjálsum kosningum, verið falið að stjórna landinu.

Því hefur verið haldið fram hér og það með réttu, og hefur það verið gert með allmiklum þunga af sumum hv. þm., að þessar aðgerðir muni íþyngja atvinnuvegunum og þá sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum. Það má að vísu segja, að þetta komi að nokkru leyti úr ólíklegustu átt. Þessi rödd heyrðist ekki úr þessari átt t. d. í fyrra, þegar kaupgjaldið í landinu var hækkað á einu ári um 30—40%, en vissulega íþyngdi það líka útflutningsatvinnuvegunum óhóflega. En það er einnig gleðilegt tímanna tákn, að fleiri og fleiri virðast skilja — og ekki aðeins skilja, heldur líka viðurkenna, sem er raunar enn þá þýðingarmeira, viðurkenna þau meginlögmál, sem ráða í okkar efnahagskerfi. Einmitt um þetta er júnísamkomulagið mjög glöggt vitni. Það samkomulag lagði að sjálfsögðu einnig byrðar á útflutningsatvinnuvegina. Það var þá líka mikið í húfi, ekki síst fyrir þessa atvinnuvegi, að takast mætti að stöðva verðbólguþróunina, sem er tvímælalaust versti óvinur útflutningsatvinnuveganna. Öllum er líka auðvitað ljóst, að þessar aðgerðir, sem nú er verið að ræða, leggja einnig byrðar á útflutningsatvinnuvegina. Það er einmitt skuggahliðin við þær. En með þeim er einnig verið að gera það mögulegt að greiða niður vöruverð og draga þar með úr hækkun vísitölu, sem ella mundi leiða til enn meiri kauphækkunar, enn meiri hækkunar kaupgjaldsins, sem yrði þá enn þyngri byrði fyrir atvinnuvegina, á sama tíma og verðlagið er greitt niður á þýðingarmiklum neyzluvörum almennings. Er það að sjálfsögðu til hagsbóta fyrir neytendur. Þannig verður að skoða málið frá öllum hliðum, þegar það er rætt.

Það, sem nú er að gerast í þessu, er þó aðeins eitt atvik í lengri sögu, og mér er næst að halda, að síðar meir muni þetta verða talið eitt smáatvik í þeirri sögu, sem mönnum hættir þó nú til að mikla fyrir sér, kannske um of. Þetta má þó ekki verða til þess, að menn missi sjónar á því meginatriði, sem hér verður að horfa á, en það er sjálfur sá andi, sem kom fram og lá til grundvallar júnísamkomulaginu. Og þrátt fyrir allt það, sem hér hefur verið sagt við umr. um þetta mál hér í þinginu, vil ég nú leyfa mér að trúa því, að sá andi, sem þá réð, fái að lifa áfram og eigi eftir að bera þann ávöxt, sem menn höfðu gert sér vonir um.

Ég læt nú þessu máli lokið, en ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mér skilst, að um það hafi verið samið, að 2. umr. um þetta mál yrði mjög stutt, henni yrði mjög í hóf stillt, og ég vil fyrir mitt leyti verða við þeim áskorunum, en tel mér þó skylt að gera örlitla grein fyrir nál. okkar, minu og hv. 1. þm. Norðurl. v., sem skipum 1. minni hl. fjhn. um þetta mál.

Samkv. þessu frv. er lagt til, að söluskattur af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu verði hækkaður úr 5½% í 7½%. Af því mundi leiða samkv. áætlun fjárl. hækkun, er nemur 245.1 millj. kr. Fyrr á þessu ári var söluskatturinn, eins og kunnugt er, hækkaður úr 3% í 5½, og þannig nemur söluskattsviðbótin á þessu eina ári 150%, og má segja, að skammt sé nú stórra tíðinda á milli í skattheimtu hæstv. ríkisstj. Þó kemur þar vissulega fleira til, eins og oft hefur verið hér á drepið.

Þegar skattalagabreytingarnar voru hér til umr. í vor, lög um tekjuskatt og eignarskatt og breytingarnar á reglunum um útsvar, voru, eins og kunnugt er, felld niður þau ákvæði l., sem höfðu tryggt það, að skattþunginn væri nokkuð í hlutfalli við verðlagið. Afleiðingarnar urðu náttúrlega þær, að gjöldin urðu miklu þyngri en þau höfðu áður verið, hlutfallslega. Dýrtíðin óx hröðum skrefum árið 1963, og þar af leiddi verulegar launahækkanir, sem gerðu það að verkum, að menn lentu í miklu hærri skattstiga heldur en rétt og sanngjarnt var og heldur en að því er virtist um tíma a. m. k. ætlað var, að þeir gerðu. Breytingarnar, sem gerðar voru í vor á skattalögunum, nægðu til þess að afstýra þessari skattahækkun, og þær brtt., sem við framsóknarmenn bárum fram við skattafrv. og miðuðu að því að hækka persónufrádráttinn, fjölga skattþrepunum og taka upp á ný umreikninginn miðað við verðgildi tekna, voru ekki samþykktar, og afleiðingin varð sú, að þegar niðurstöður álagningarinnar lágu fyrir, var hún svo þung, að ég hygg, að ekki sé ofmælt, að öllum hafi ofboðið. Og þá virtust allir sammála um það, að leiðréttinga væri þörf. Stærstu launþegasamtökin, Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fóru fram á viðræður um þessi mál, fengu þær, og niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að ríkisstj. skipaði nefnd til þess, eins og þar segir, að athuga alla möguleika á því að veita afslátt og frekari greiðslufrest á álögðum opinberum gjöldum. Og ég hygg, að almennt hafi þetta verið skilið svo, að leiðréttíng á þessum mistökum, sem áttu sér stað, mundi fást. Ég hygg, að það hafi verið almenn skoðun, og ég býst við því, að flestir, sem urðu fyrir barðinu á skattal. að þessu sinni, hafi beðið með nokkurri óþreyju eftir því, að Alþingi kæmi saman, og átt von á því, að úrræði stjórnarinnar í þessum vanda yrðu með allra fyrstu málum, sem þetta Alþingi tæki fyrir. En það kom þó brátt í ljós, að svo varð ekki, og dagarnir liðu hér einn af öðrum, án þess að nokkuð heyrðist frá ríkisstj. um þessi mál, og þegar svo var komið, bárum við nokkrir þm. Framsfl. fram frv. til lækkunar skatta og útsvara. Þetta frv. lögðum við fram hér í hv. Nd. 19. okt., og eftir nokkurt þjark og þras var því vísað til fjhn. þann 5. nóv. s. l. Síðan höfum við á öllum fundum, sem fjhn. hefur haldið, reynt að fá afgreiðslu á þessu máli, en aldrei tekizt, og hv. meiri hl. hefur ávallt færzt undan því að afgreiða þetta mál, borið

við ýmsum ástæðum, sem ég get ekki nefnt annað en tylliástæður, þangað til á síðasta fundi eða á fundi n. 11. þ. m., þá var loksins kveðið upp úr með það, að meiri hl. teldi ekki, að afgreiða bæri þetta frv. fyrr en með væntanlegum breytingum á skattalögum einhvern tíma á næsta ári. Þessi afgreiðsla jafngildir því að sjálfsögðu að fella frv., og hefði auðvitað verið hreinlegra að gera það, því að þetta frv. okkar um lækkun skatta og útsvara fjallar um álögur yfirstandandi árs og lækkun þeirra, en ekki um framtíðarskipulag þessara mála.

Það er óhætt að fullyrða það, að þessi málalok urðu mörgum vonbrigði, því að eins og ég sagði upphaflega, áttu menn von á því, að lagfæring fengist. En út yfir tekur þó, að réttmætum óskum um sjálfsagða leiðréttingu skuli vera ekki aðeins neitað, heldur mætt með því að leggja á stórkostlegar nýjar álögur, eins og þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um.

Því hefur oft verið haldið fram af hálfu hæstv. ríkisstj., að beinir skattar hafi lækkað á undanförnum árum. Ég hygg þó, að mörgum muni finnast, að skattar og útsvör hafi verið þungbærari á þessu ári en oftast nær áður. A. m. k. er það í fyrsta skipti á þessu ári, 1964, sem stjórnskipuð n. gerir till. um eins konar kreppulán handa almenningi til þess að borga með beina skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1965 er tekjuskattur og eignarskattur áætlaður 375 millj. kr. á því ári. Þessi skattur var 135 millj. árið 1958. Hann hefur hækkað á þessu tímabili um 240 millj. kr. eða 176%. En hér er ekki öll sagan sögð. Réttan samanburð á skattþunga nú og fyrir daga þessarar hæstv. ríkisstj. er aðeins hægt að fá með því að taka saman beina og óbeina skatta, bæði tekjuskatt og eignarskatt og tolla og söluskatt. En eins og kunnugt er, hafa tekjur af hinum síðartöldu, tollum og sölusköttum, vaxið gífurlega síðustu árin og það eru þær álögur, sem leggjast með miklu meiri þunga á allan almenning heldur en þó tekjuskatturinn og þyngst á þá, sem flesta hafa að framfæra. Til þess að sýna þá hækkun á tollum og sköttum, sem orðið hafa á þessu umrædda tímabili, höfum við í 1. minni hl. fjhn. tekið saman yfirlit um þessar greiðslur samkv. ríkisreikningi 1958 og samkv. fjárlagafrv. 1965, eins og það nú liggur fyrir. Þá kemur í ljós, að þessi gjöld voru 608 millj. kr. árið 1958, en þau eru nú 2907 millj. Þannig hefur hækkunin á tollum og sköttum á þessu tímabili numið 2299 millj. kr. Við þennan samanburð er það þó að athuga, að nú á næsta ári eru niðurgreiðslur vöruverðs reiknaðar inn í fjárlög, en eins og kunnugt er, voru þær greiddar úr útflutningssjóði árið 1958. Til þess að gera samanburðinn réttan er því nauðsynlegt að draga frá væntanlegri fjárlagaupphæð 1965 það, sem áætlað er til niðurgreiðslna á því ári, en það er samkv. frv., eins og það nú liggur fyrir, 543 millj. kr. Ég dreg það því frá fyrrnefndum 2299 millj. kr. og fæ þá út hækkunina 1756 millj. eða 289%. Og það er þessi samanburður, sem einn gefur rétta mynd af því, hvað álögurnar hafa hækkað, en ekki tekjuskatturinn tekinn út af fyrir sig. Þó er þess að geta, að vafalaust verður þessi hækkun mun meiri en ég hef hér greint frá, og það er vegna þess, að miðað er við raunverulegar tekjur árið 1958, en fjárlagaáætlun fyrir árið 1965, en tekjur af þessum gjöldum til ríkissjóðs hafa á undanförnum árum farið svo að hundruðum milljóna skiptir fram úr áætlun, og ég tel enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði enn á næsta ári, þannig að munurinn verður enn þá meiri.

Hæstv. ríkisstj. segist þurfa að hækka söluskattinn til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög. Við, sem skipum 1. minni hl. fjhn. í þessu máli, höldum því fram, að þessi staðhæfing sé röng. Og við bendum á því til staðfestingar, að verulegar fjárhæðir eru óeyddar af greiðsluafgöngum fyrri ára, sem sjálfsagt er að grípa til, áður en nýir skattar eru lagðir á, að tekjuliðir fjárlagafrv. árið 1965 séu eins og áður of lágt áætlaðir, að aukið eftirlit eigi að tryggja betri skattheimtu, en aukið eftirlit hefur nú verið boðað og ráðstafanir gerðar til þess að koma því í framkvæmd, og með sparnaði og ráðdeild megi draga úr ríkisútgjöldunum. Hér er um fjárhæð að ræða, sem nemur 245 millj. kr. Þar af stafa um 42 millj. af álagningu þessa fyrirhugaða skatts sjálfs, svo að hér er um það bil 200 millj. kr. fjárhæð um að ræða, og við teljum, að henni sé hægt að ná með þeim ráðstöfunum, sem ég hef hér talið upp. Þess vegna teljum við umræddu skattheimtu óþarfa og erum frv. andvígir af þeirri ástæðu. En þó kemur þar fleira til. Með samningum verkalýðssamtakanna, ríkisstj. og atvinnuveganna, sem gerðir voru 5. júní í vor, vannst stundarfriður, sem gaf vonir um áframhaldandi samstarf til lausnar efnahagsvandans. En framkoma ríkisstj., bæði í þessu máli og tekjuskattsmálinu, er hins vegar á þann veg, að hún eyðir trausti og torveldar áframhaldandi samvinnu. Þess vegna er frv. líka hættulegt. Þá er þess enn fremur að geta, að söluskattur er að okkar dómi ákaflega óheppileg tekjuöflunarleið, ekki síst þegar hann verður svo hár sem hér er ráðgert. Söluskatturinn leggst jafnt á nauðsynjar sem óþarfa, og hann kemur þyngst niður á þeim, sem minnsta getuna hafa. Þar að auki er það á allra vitorði, að innheimtu söluskattsins er stórlega ábótavant hér á landi, og skal ég ekki tefja tímann með að fara lengra út í það að þessu sinni.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú í eins stuttu máli og ég taldi mér fært gert grein fyrir, leggjum við til, að frv. verði fellt. En verði ekki á þá skoðun fallizt, áskiljum við okkur rétt til þess að flytja við 3. umr. málsins brtt. um það að hækka hluta sveitarfélaganna af söluskattinum og um það, að inn í frv. verði tekin ákvæði um ýtarlegri rannsóknir á framtölum en það hefur nú að geyma.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Um þetta mál hafa þegar orðið allmiklar umr. hér á Alþingi. Afstaða manna og flokka hefur því komið mjög skýrt fram til málsins. Ég sé því ekki ástæðu til þess að lengja umr. um málið mikið nú við þessa umr., enda er þannig ástatt, eins og hv. þm. vita, að komið er að síðustu starfsstundum þingsins. 3. umr. fjárl. er þó eftir og útvarpsumr. í kvöld um þetta mál. Afstaða okkar Alþb.-manna er skýr til þessa máls. Við erum á móti frv. og leggjum til, að það verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:18 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20:18 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:17 atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (útvarpsumr.).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Skammt gerist nú stórra högga milli í skattheimtu ríkisstj. Í tilefni af frv. því um 36% hækkun á söluskatti, sem hér er til umr., þykir mér rétt að rekja með örfáum orðum helztu atriði þessara mála.

Í febrúar s. l. var söluskattur hækkaður um 80%, úr 3 í 5½%, og rúmar 300 millj. kr. þar með lagðar á þjóðina. Látið var í veðri vaka, að um þriðjungi af þessum fjármunum skyldi varið til fiskiðnaðarins til framleiðsluaukningar, en fljótlega var sú greiðsla felld niður og fjárhæðin látin renna til ríkissjóðs. Skömmu eftir þetta voru gerðar breytingar á l. um tekjuskatt og eignarskatt og álagningu útsvara. Dýrtíðin hafði árið 1963 vaxið meira en nokkru sinni fyrr, og urðu tekjur manna að krónutölu allmiklu hærri en verið hafði. Að óbreyttum álagningarreglum hlutu því tekjuskattur og útsvar að hækka langt umfram það, sem nokkur tök voru á að innheimta, og strax í upphafi var augljóst, að lagfæringar stjórnarfrv. voru alls ónógar. Þess vegna báru þm. Framsfl. fram brtt., sem voru aðallega fólgnar í því þrennu að hækka persónufrádrátt til samræmis við dýrtíðaraukningu, að fjölga skattþrepum og taka upp á ný umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans til þess að forða þeirri afskræmingu verðbólgunnar á álagningunni, sem að öðrum kosti var vís. Þessar till. voru allar strádrepnar af stjórnarsinnum og þeim valin hin háðulegustu eftirmæli af blaðakosti ríkisstj., kallaðar yfirboð, sem ekkert mark væri á takandi, og fleira af þessum venjulegu slagorðum, sem gripið er til, þegar rökin þrýtur.

Um þetta leyti var mikið um dýrðir hjá þeim stjórnarliðum. Væntanlegar skattalækkanir voru reiknaðar út af stjórnarblöðunum til þess að búa menn undir að meðtaka blessunina og sjálfur fjmrh. ritaði hverja greinina af annarri í blað sitt um það, hverju hann hefði til leiðar komið til hagsbóta fyrir almenning. Dagblaðið Vísir var meira að segja farið að ráðgera utanferðir skattborgaranna í stórum stíl, sem greiðast áttu af því fé, sem að öðrum kosti hefði gengið til hins opinbera. Voru margir farnir að sjá í anda þá tignarlegu sjón, þegar hinir skattfrjálsu meðaltekjumenn Íslands stigu skipsförmum saman á erlenda grund, væntanlega með vin sinn og velgerðarmann, hæstv. fjmrh., í broddi fylkingar. En á skammri stund skipast veður í lofti. Skattstofurnar luku útreikningum sínum og birtu þá öllum lýðum. Þá kom í ljós, að allt, sem við framsóknarmenn höfðum sagt um útkomuna úr skattadæminu, var rétt. Álögurnar urðu svo gífurlegar, að öllum hnykkti við. Jafnvel blaðamenn Morgunblaðsins gátu ekki orða bundizt, heldur lýstu því, hvernig menn handfjötluðu gjaldseðilinn hálfringlaðir, enda vitnaði hann um skattpíningu, sem ekki ætti sér hliðstæðu um mörg undanfarin ár, eins og þar er komizt að orði. Strax varð líka augljóst, að það yrði fjölmörgum heimilum algerlega um megn að rísa undir álögunum. Hófust nú miklar umr. og blaðaskrif um þau mistök, sem þarna höfðu átt sér stað. Hér í Reykjavík tóku öll dagblöðin þátt í því að fordæma álögurnar, og voru stjórnarblöðin engir eftirbátar í því efni. Hér er ekki tími til að rifja þessi skrif upp, enda gerist þess ekki þörf, öllum munu þau í fersku minni. Vísir var raunar lengst að átta sig á því, að draumurinn góði var á enda og veruleikinn kominn í staðinn. Þannig var aðalfyrirsögn blaðsins daginn, sem skattskráin kom út í Reykjavík, að menn væru ánægðir með gjöldin sín. Fljótlega fundu ritstjórarnir þó, að slík skrif mundu ekki falla í góðan jarðveg hjá þeim borgurum a. m. k., sem voru að fá vitneskju um það þessa dagana, að þeir teldust skulda ríki og bæ stóran hluta, ef ekki öll þau laun, sem þeir áttu ófengin til áramóta, og þeim því ætlað að lifa á kvittunum þangað til. Þess vegna var söðlað um og tekið undir það með hinum, að breytinga væri þörf í þessum efnum, en myndskreyttar ritsmíðar fjmrh. hurfu af síðum blaðsins.

Hinn 17. ágúst í sumar gerðu fulltrúar þingflokkanna grein fyrir afstöðu sinni til skattamálanna í útvarpinu. Við það tækifæri sagði fjmrh. m. a., að fleiri og fleiri kæmust of ört upp í hina hærri skattstiga. Hann taldi breytinga þörf á skattareglunum og nefndi þar til aðallega þrjú atriði: að hækka persónufrádrátt, breikka þrepin í skattstiganum og taka upp umreikning. Eins og sjá má, eru hér komnar till. okkar framsóknarmanna, sem ráðh. hafði þó sjálfur kallað óraunhæf yfirboð þrem mánuðum áður. Í útvarpsþættinum sagði viðskmrh., að tekjuaukning manna á árinu 1963 hefði ekki verið raunveruleg, heldur mynduð af verðbólgunni, og líklegt mætti telja, að skatta- og útsvarsstigarnir hefðu verið hafðir öðruvísi en reyndin varð, ef menn hefðu vitað um tekjuaukninguna á s. l. ári. Þannig var það allra manna mál, að of langt hefði verið gengið í

álagningu opinberra gjalda. Almennt mun hafa verið álitið, að ekki kæmi annað til greina en þessi mistök yrðu leiðrétt, og menn biðu vongóðir eftir því, að Alþingi kæmi saman, þar sem þeir bjuggust við, að úrræði ríkisstj. til lausnar þessum vanda yrðu með allra fyrstu málum þings.

Þegar í ljós kom, að þessi von hafði brugðizt, báru nokkrir þm. Framsfl. fram frv. um lækkun skatta og útsvara þann 19. okt. s. l. Engin leið hefur reynzt til þess að fá þetta frv. afgreitt þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni af okkar hálfu. Stjórnarliðar í viðkomandi nefnd hafa farið undan í flæmingi og borið við einni tylliástæðunni eftir aðra, án þess þó að hafa kjark til að fella frv. Illur grunur hafði læðzt að mönnum á síðustu vikum um, að sá áhugi, sem um tíma virtist fyrir því hjá ríkisstj. að leiðrétta mistökin frá því í sumar, væri í rénun, ef hann hefði þá nokkurn tíma verið annað en uppgerð. Staðfestingu þessa fengu menn síðan ótvírætt hjá fjmrh. fyrir nokkrum dögum, þegar hann lýsti því yfir, að engin lagfæring mundi fást.

Ég veit, að margur verður fyrir vonbrigðum með þessi málalok, ekki sízt þeir, sem fram undir þetta hafa treyst ríkisstj. og trúað orðum hennar. Hinir, sem varlegar fara í þær sakir, hafa sjálfsagt getað búizt við því, að svona mundi fara. En ég er sannfærður um, að enginn — enginn — hefur átt von á þeirri ósvífni, sem nú er í ljós komin. Með því að svara réttmætum óskum um sjálfsagðar leiðréttingar á sköttum, ekki aðeins með neitun, heldur líka með nýjum sköttum, er gengið lengra í vægðarleysi og storkun við þjóðina en nokkur maður hefði að óreyndu viljað ætla. Hér hefur verið sett það met í skattpíningu, sem lengi mun standa, þar sem á þessu eina ári hafa tekjuskattur og útsvör verið hækkuð stórlega og söluskatturinn vaxið um 150% auk vegaskatts, launaskatts og fjölda annarra liða, sem lagðir hafa verið á til viðbótar. Þessi hækkun er því alveg fráleit, auk þess sem hún er gersamlega óþörf, eins og ég mun koma að síðar.

En málið er alvarlegt af enn fleiri ástæðum. Stærstu launþegasamtök landsins hafa haldið fundi um það. Í ályktun stjórnar A. S. Í. er því lýst yfir, að með slíkum aðgerðum til stórfelldra nýrra verðhækkana sé rift þeim grundvelli, sem lagður var með samkomulaginu 5. júní s. l., og sagt, að skattahækkun nú ofan í skattránið í sumar verki sem eitur í ógróin sár og brjóti niður trú manna á því, að ríkisstj. vilji stöðva verðbólgu og dýrtíð. Og stjórn BSRB harmar, að ekki skyldi vera haft samráð við launþegana, og skorar á Alþingi að fella frv.

Með samningunum í vor vannst stundarfriður, sem gaf vonir um áframhaldandi samstarf til lausnar efnahagsvandans, en framkoma ríkisstj. síðan, bæði í sambandi við tekjuskattinn og söluskattinn, er öll á þann veg að eyða trausti og torvelda nauðsynlega samvinnu þessara aðila. Af hálfu ríkisstj. er því oft haldið fram, að beinir skattar hafi verið lækkaðir á undanförnum árum. Hitt mun þó mörgum finnast, að skattar og útsvör hafi verið þeim þungbærari á þessu ári en áður. A. m. k. er það í fyrsta skipti árið 1964, að stjórnskipuð nefnd gerir till. um nokkurs konar kreppulán handa almenningi til þess að borga með beina skatta til ríkis og sveitarfélaga. Samkv. fjárlagafrv. 1965 er áætlað, að tekju- og eignarskattur á næsta ári verði 375 millj. kr. Hann var 135 millj. kr. árið 1958, og nemur hækkun hans því 240 millj. eða 176%. En réttur samanburður á álögum nú og fyrir daga núv. ríkisstj. fæst aðeins með því að taka saman beina og óbeina skatta, þ. e. tekju- og eignarskatt og tolla og söluskatt, en síðustu árin hafa tekjur ríkissjóðs af tollum og sölusköttum aukizt gífurlega. Þær álögur leggjast með miklu meiri þunga á allan almenning og þyngst á þá, sem flesta hafa að framfæra. Sé borið saman, hver þessi heildartala var í ríkisreikningi 1958 og hver hún er áætluð í fjárlagafrv. 1965, og fullt tillit tekið til niðurgreiðslna, kemur í ljós, að hækkunin er 1756 millj. kr. eða 289%, og það er þessi tala ein, sem gefur rétta mynd af álögunum.

Ríkisstj. segist þurfa að hækka söluskattinn til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög. Við framsóknarmenn höldum því fram, að þessi staðhæfing sé röng. Fyrir því færum við fram þessi rök: Óeyddar eru verulegar fjárhæðir af greiðsluafgöngum fyrri ára, sem sjálfsagt er að grípa til, áður en nýir skattar verða lagðir á. Reynslan undanfarið hefur sýnt, að tekjur hafa farið fram úr áætlun svo að hundruðum millj. skiptir ár hvert, og með hliðsjón af því teljum við þær einnig of lágt áætlaðar nú. Sjálfsagt er að grípa til þeirra sparnaðarúrræða, sem ríkisstj. hefur mikið rætt um, en hvergi sýnt í verki. Sukk og óráðsía verður að hverfa, en ráðdeild að koma í staðinn. Með tilkomu rannsóknardeildar í skattamálum standa vonir til þess, að betri heimtur verði á ríkistekjunum en verið hefur. Auk þess er hér sýnilega um fullkomlegan handahófsútreikning að ræða á því, hvað talið er vanta í ríkissjóð. Þetta kemur fram á margan hátt. T. d. er því slegið föstu í aths. frv., að 68 millj. kr. vanti til þess, að tekjur og gjöld standist á árið 1964. Uppgjör þessa árs liggur þó ekki fyrir, og þess vegna er ekkert hægt um þetta að segja að svo stöddu og allar fullyrðingar út í hött. Þá tala síðustu viðbrögðin skýru máli um þetta. Eins og kunnugt er, greindi forsrh. á um það við viðsemjendur sína frá í vor, hvort í samkomulaginu hefði falizt heimild til nýrrar skattálagningar til að afla tekna á móti niðurgreiðslum þessa árs eða ekki. Þegar horfið var að því ráði að falla frá umræddri tekjuöflun, var það gert á þann hátt að lækka söluskattinn um ½%. Ekki er nú minnzt á það einu orði, að ríkissjóður geti ekki misst þessar 68 millj., sem þarna er slakað til um. Milli þess, að ágreiningurinn reis og lækkunin var

kunngerð, leið aðeins ein nótt, og væri vissulega ástæða til að óska þess, að hæstv. forsrh. eyddi í það fleiri nóttum að rannsaka, hvort ekki væri hægt að slaka meira til. Mætti þá hæglega svo fara, að unnt yrði að fella söluskattsaukann alveg niður. Ef svo gæti til tekizt, er óhætt að fullyrða, að næturverk forsrh. hefði ekki í annan tíma borið gifturíkari ávöxt.

Við framsóknarmenn erum á móti hækkun söluskattsins vegna þess, að við teljum hana óþarfa, eins og ég hef nú lýst. Fleira kemur þar einnig til. Söluskattur er óheppilegur vegna þess, að hann leggst jafnt á því sem næst alla vöru og alla þjónustu, nauðsynjar sem óþarfa, og hann kemur þyngst niður á þeim, sem minnsta getuna hafa. Söluskattinn verða allir að greiða og í því ríkara mæli sem þeir hafa fyrir þyngri heimilum að sjá. Auk þess vita allir, að innheimta söluskatts er hér stórlega ábótavant og skortir áreiðanlega mikið á, að hann komi allur til skila. Í ritstjórnargrein Fjármálatíðinda er um þetta sagt, að mikið af söluskattskyldri starfsemi sé þess eðlis, að nákvæmt, opinbert eftirlit sé vandkvæðum bundið, svo að freistingin til skattsvika er þar af leiðandi veruleg. Enn fremur er á það bent, að eftir að söluskattur hér á landi hefur verið hækkaður í 5½%, sé full ástæða til að fara varlega, svo að ekki skapist á þessu sviði sama vandamálið og nú er við að glíma varðandi hina beinu tekjuskatta. Þessi aðvörun er áreiðanlega ekki úr lausu lofti gripin, og munu íslenzk yfirvöld hafa fengið að reyna þetta eins og aðrir, sérstaklega eftir hækkun þá á söluskattinum, sem gerð var í febr. s. l. Þegar söluskattur á nú að hækka í 7½%, er augljóst, að þær freistingar, sem hér um ræðir, vaxa enn stórkostlega, og eru þær þó mörgum fullerfiðar fyrir. Það er því fullkomið ábyrgðarleysi að láta þá hækkun koma til framkvæmda án þess að stórherða eftirlit með framtölunum, en engin ákvæði í þá átt er að finna í frv. og allar till. um það hafa verið felldar.

Þá er enn fremur á það að líta, að hér er til þess ætlazt, að sveitarfélögin fái ekkert af þessum söluskatti í sinn hlut. Augljóst er þó, að vegna hans verða þau fyrir talsverðri útgjaldaaukningu. Því er það engum vafa undirorpið, að sveitarfélögin munu m. a. af þessum sökum hækka útsvörin enn þá, enda eru fréttir þegar farnar að berast af því. Borgarstjórn Reykjavíkur afgreiddi fjárhagsáætlun sína þann 17. þ. m., og eru útsvörin á næsta ári áætluð 47 millj. kr. hærri en í ár, þrátt fyrir mjög mikla hækkun á öðrum liðum, svo sem fasteignagjöldum, vatnsskatti og gatnagerðargjöldum. Um þetta segir Alþýðublaðið í ritstjórnargrein þann 19. þ. m., með leyfi forseta:

„Stjórnendur Reykjavíkurborgar virðast kæra sig kollótta um fjárhag þjóðarinnar. Þeir hafa stórhækkað álögur á borgarbúa og átt meginsök á þeirri megnu óánægju, sem spratt upp í fyrrasumar, er skattgreiðendur fengu seðla sína. Nú virðast þeir ekkert hafa lært, því að borgarreksturinn er enn aukinn og lagðir á tugir millj. á íbúa höfuðstaðarins til viðbótar því, sem áður var komið. Því miður er afgreiðsla fjárl. að ýmsu leyti sama marki brennd."

Þetta er vissulega hárrétt athugað hjá Alþýðublaðinu og fullkomin þörf á að undirstrika, að íhaldið hefur ekkert lært, hvorki í borgarstjórn Reykjavíkur né á Alþingi. Hitt er verra, að sama daginn og framangreind ummæli eru rituð, rétta Alþfl.-menn á Alþingi upp hönd til þess að samþykkja með íhaldinu aukna skattheimtu.

Fyrir nokkrum dögum var borin á borð þm. ný útgáfa af Skólaljóðum. Ég vona, að hæstv. ráðh. hafi einnig fengið hver sitt eintak og þeir dragi lærdóm af einhverjum þeirra hollu leiðbeininga, sem þar er að finna. Sérstaklega vil ég leyfa mér að benda á þetta heilræði Hallgríms Péturssonar:

„Hugsa um það helzt og fremst,
sem heiðurinn má næra.
Aldrei sá til æru kemst,
sem ekkert gott vill læra."

Árið 1964 er nú senn á enda runnið. Jafnan mun þess verða minnzt sem eins gjöfulasta árs, sem þjóðin hefur lifað. T. d. hefur fiskaflinn verið um 30% meiri en árið 1963, sem þó einnig var metár að aflabrögðum, og aðrir atvinnuvegir hafa líka yfirleitt átt góðu að mæta frá náttúrunnar hendi. Því hörmulegra er til þess að vita, að þróuin skuli að ýmsu leyti hafa verið aftur á bak í efnahagsmálum okkar. Á þessu einmuna veltuári hefur ríkissjóður haft um 3 milljarða í tekjur. Þrátt fyrir það segir ríkisstj. nú, að sig skorti fé. Þessi er sú mynd, sem þjóðinni er birt af fjármálastjórninni. Er hægt að hugsa sér ömurlegri uppgjöf, og er það ofsagt, að sú ríkisstj., sem þannig heldur á málum, sé búin að glata trausti þjóðarinnar? Ég held ekki. Það er skylda alþm. að láta þjóðarheill jafnan ráða atkv. sínu. Bitur reynsla undanfarinna ára hefur sýnt og sannað, að efnahagsúrræði viðreisnarinnar henta ekki íslenzkum staðháttum og verða ævinlega til ills, en aldrei til góðs. Ég skora því á alla hv. alþm., hvar í flokki sem þeir standa, að láta sér vítin til varnaðar verða og fella þetta frv., því að um þm. ekki síður en ráðh. gildir hið fornkveðna, að

„aldrei sá til æru kemst,
sem ekkert gott vill læra."

Góða nótt.

Jón Skaftason: Gott kvöld, góðir hlustendur. Mér kemur ekki á óvart, þótt einhverjir ykkar kynnu að hugsa sem svo, að eitthvað óvenjulegt sé nú á ferðinni, úr því að útvarpsumr. frá Alþingi eigi sér stað tæpum þrem sólarhringum fyrir jól. Þetta er rétt. Nú er verið að leggja síðustu hönd á afgreiðslu fjárl. ríkisins fyrir árið 1965, og er söluskattsmálið í raun réttri einn þáttur þeirrar afgreiðslu. Í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar hefur það gerzt, að álögur ríkisins á þjóðina hækka um 900—1000 millj. á einu einasta ári. Sé haft í huga, að heildarfjárlög ríkisins námu 882 millj. árið 1958,

síðasta árið áður en núv. stjórnarsamsteypa tók völdin, sést, hversu alvarlegir hlutir eru á ferðinni nú. Þetta eina dæmi sýnir í hnotskurn, hversu til hefur tekizt um stjórn efnahagsmála þjóðarinnar í tíð hæstv. ríkisstj. Tærandi verðbólgueldur eyðir innviðum þjóðfélagsbyggingarinnar, sem komin er að falli, og hart er að þurfa að segja það, að stjórnendur landsins kynda þar vel undir. Í lýðræðisþjóðfélagi sem okkar ber brýna nauðsyn til þess, að þegnarnir geri sér vel ljóst, hvert stefnir um landsstjórnina hverju sinni, greini á milli orsaka og afleiðinga og þekki sjálfan kjarna málanna, en láti ekki blindast af sjónhverfingum þeirra, sem vondan málstað þurfa að verja. Hver skyldi vera dómur sögunnar um landsstjórnina á valdatímabili núv. hæstv. ríkisstj.? Ég vil reyna að ráða í hann í ljósi leiðbeininga, sem fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, sá reyndi stjórnmálaforingi, gaf í síðustu áramótaræðu sinni í árslok 1962. Hann sagði þá m. a.:

„Hins vegar játa ég það hispurslaust, að enn hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, enda þótt rétt sé, að þjóðin standi í dag betur að vígi en fyrir 3 árum til að fást við hana. En takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum."

Hér er skýrt og skorinort talað af hálfu hæstv. forsrh. Takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt, segir hinn aldni stjórnmálaforingi. Og hann gerði meira og það, sem ólíkt mennilegra er en framferði samráðh. hans. Hann viðurkenndi ósigur sinn í verki og sagði af sér stjórnarforustu, er verðbólguglíman var töpuð og stjórnin stóð uppi ráðalaus og gat ekki komið fram löggjöf á þingi, sem hún hafði bundið heiður sinn við að framkvæma.

Nóvemberdagarnir á s. l. ári voru dimmir dagar fyrir stjórnarliðið í fleiri en einum skilningi. Ef höfð er í huga sú hreinskilna játning, sem fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum fyrrv. forsrh., verður lágkúran í sjónarspili eftirmanna hans og samráðh. öllum auðsæ. Þeir rembast líkt og rjúpan við staurinn við að telja þjóðinni trú um, að stjórnarstefnan hafi reynzt vel og allt það, sem aflaga hafi farið, sé stjórnarandstæðingum að kenna. Væri ekki svo mikið í húfi fyrir þjóðina alla, mundu tilburðir þessir vekja aðhlátur hjá flestum og í hæsta lagi meðaumkun yfir því, hvernig valdasýkin fer annars með mæta menn. Þannig skrifar hæstv. forsrh. í sitt Reykjavíkurbréf í gær:

„Fjárlögin hækka að þessu sinni nokkuð eins og oftast áður. Fjölbreyttari þjóðfélagsstarfsemi hefur í för með sér aukin útgjöld hins opinbera. Þjóðin krefst fullkomnari þjónustu á öllum sviðum, nauðsynlegra framkvæmda í þágu atvinnu- og menningarlífs. Sjálf fjölgun landsmanna krefst aukinna útgjalda, t. d. til menntastofnana, heilbrigðisstofnana, trygginga og lýðhjálpar."

Hér eru augljós sannindi sett fram um vissar staðreyndir í bland við gróf ósannindi, en varazt umfram allt að geta um aðalorsakir hækkunar fjárl., sem er verðbólgustefna stjórnarinnar. Fjárl. hækka að þessu sinni nokkuð, eins og oftast áður, segir hæstv. forsrh. Hlustendur geta sjálfir dæmt um sannleiksgildi þessa í ljósi þessara upplýsinga. Fjárlög 1958 námu 882 millj. kr., fjárlög 1959 1146 millj. kr., fjárlög 1960 1501 millj. kr., fjárlög 1961 1588 millj. kr., fjárlög 1962 1752 millj. kr., fjárlög 1963 2189 millj. kr., fjárlög 1964 2696 millj. kr. og væntanleg fjárlög ársins 1965 nær 3600 millj. kr.

Á árum vinstri stjórnarinnar, 1957 og 1958, var árleg meðaltalshækkun fjárl. samkv. niðurstöðum ríkisreikningsins 80.6 millj. kr., en árið 1959—1963 um 320.7 millj. kr., og fyrirsjáanlegt er, að árin 1964 og 1965 munu stórhækka þetta meðaltal. Þó eru fjárveitingar til verklegra framkvæmda hlutfallslega lægri síðustu árin af heildarútgjöldum fjárl. en oftast áður. Sannleikurinn er sá, að ofvöxt fjárl. í tíð núv. ríkisstj. má að langsamlega stærstum hluta rekja til verðbólgustefnu hennar, hvað sem ráðh. vilja þar um villa. En upphaf þeirrar stefnu má rekja til ársins 1960, er samtímis var ákveðin stórfelld gengislækkun og vaxtahækkun. Að tvær svo veigamiklar og mótverkandi efnahagsaðgerðir séu framkvæmdar í senn, mun einsdæmi í hinum siðmenntaða heimi, en má e. t. v. finna hliðstæðu meðal frumstæðra þjóða í hinni svörtu Afríku eða Suður-Ameríku.

Fyrir nokkrum vikum þurfti brezka verkamannastjórnin að framkvæma róttækar efnahagsráðstafanir vegna svipaðra aðstæðna og hér voru til staðar 1960. Hún lét vaxtahækkun nægja, en leit ekki við því að fella gengi pundsins, enda hefði það nægt til þess að fella hana strax.

Óðaverðbólgan er staðreynd. Fjárlög ríkisins hafa hækkað á stjórnartímabilinu langt umfram vöxt verðlags, kaupgjalds og þjóðartekna, og ber það sérstakri snilli hæstv. fjmrh. gott vitni, enda mun sagan sennilega minnast hans sem stórtækasta skattinnheimtumanns á íslenzkan almenning. Undan skulu þó teknir gjaldendur stóreignaskattsins, en af þeim hefur hann aðeins innheimt um 400 þús. kr. á þessu ári og endurgoldið þeim 360 þús. kr. á árinu á undan af innheimtum skatti.

Vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað um 100 stig á stjórnartímabilinu, framfærsluvísitalan um 64 stig, en kaupgjaldsvísitalan aðeins um 55 stig, enda vantar 5 manna verkamannafjölskyldu um 30 þús. kr. á ári til þess að hafa nægilegt til lífsframfæris samkv. framfærsluvísitölunni, sem þó er óraunhæf. Ólafur Thors hefur, eins og áður er um getið, kveðið upp dóm um slíka stjórnarstefnu. Ráðh. eru þrátt fyrir þetta ekki af baki dottnir. Þeir forherðast bara í syndinni. Bjarni Benediktsson skrifar síðast í Morgunblaðið í gær, að framkoma stjórnarandstæðinga geti ekki skapað þeim traust. Þvert á móti afhjúpi hún ábyrgðarleysi þeirra og getuleysi til þess að marka jákvæða stjórnarstefnu.

Það er furðulegt að sjá hæstv. forsrh. rita

um jákvæða stjórnarstefnu, eða hvað finnst hv. hlustendum?

Á miðju þessu ári tókst allvíðtækt samstarf milli ríkisstj. annars vegar og samtaka launþega og atvinnurekenda hins vegar um ráðstafanir til stöðvunar óðaverðbólgunni. Almennt var júnísamkomulaginu fagnað af landsmönnum, en ýmsir drógu heilindi ríkisstj. í efa, ekki síst verðbólgukónganna í Sjálfstfl., sem þar eru ráðamiklir valdamenn og hafa nærzt á verðbólgu líkt og púkinn á fjósbitanum forðum. En lengi skal manninn reyna, og tilraun þessi var sjálfsögð. Árangur hennar lét ekki á sér standa. Verðlag hefur haldizt óbreytt síðari hluta ársins og vinnufriður ríkt. Samkomulagið varð hins vegar fyrir alvarlegu áfalli, er skattar og útsvör voru birt á s. l. sumri, svo há og óvænt voru þau gjöld. Launþegar mótmæltu, fengu vilyrði um lækkun eða aðstoð við greiðslu gjaldanna, sem munu nú endanlega svikin. Launþegasamtökin hafa þó haldið samkomulagið að fullu. Með frv.-flutningi um stórfellda hækkun söluskattsins og fleiri gjalda er aftur vegið að grundvelli júnísamkomulagsins á hinn ófyrirleitnasta hátt og með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hæstv. ríkisstj. lætur sér nægja að kasta fyrirvaralaust inn í þingið frv. um nýjar skattaálögur á almenning, sem nema milli 300 og 400 millj. kr., án þess að ræða við eða láta samningsaðila júnísamkomulagsins vita. Aðferðin er henni lík. Þegar samningamenn launþegasamtakanna mótmæla efni frv. sem svikum við gert samkomulag og vara við afleiðingunum, eru 68 millj. kr. af viðbótarsöluskattsreikningnum, sem nam upphaflega 308 millj., niður felldar og það svo útbásúnað í ræðum og blöðum stjórnarinnar sem sérstakt eðallyndi og góðmennska. Ekki veit ég, hversu margir trúa þeirri skýringu. Ég get ekki trúað henni, m. a. af því, að ég var áhorfandi að atburðum þeim, sem áttu sér stað innan veggja þessa virðulega húss í nóvembermánuði fyrir rúmu ári, er þvingunarlögin voru dregin til baka við síðustu umr. í síðari deild. Þá réð óttinn við valdamissinn og hyggindi þess, sem veit sig sigraðan, gerðum hæstv. ríkisstj. Svipuð ástæða mun enn þá ráða mestu um söluskattslækkunina. Seglin eru rifuð af hagkvæmnisástæðum.

En er hæstv. ríkisstj. neydd til þess að hverfa frá stöðvunarstefnunni? Lítum á dæmið, eins og það blasir nú við, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem er að finna í grg. og ræðum hæstv. ráðh. Til þess að halda óbreyttum niðurgreiðslum á næsta ári og greiða 3% kauphækkun hjá því opinbera, sem stafar af hækkun söluskattsins, segir í grg., að afla þurfi 239 millj. kr. Væri söluskatturinn ekki hækkaður, yrði engin kauphækkun hjá því opinbera, sem þýddi, að fjárhæð þessi lækkaði um 42 millj. kr. Vandinn er þá sá að fá 197 millj. til aukinna niðurgreiðslna á næsta ári. Er slíkt ómögulegt með hærri áætlun ríkistekna eða sparnaði? Af ríkisreikningum 4 ára af valdatímabili stjórnarinnar sést, að ríkistekjurnar hafa samtals farið 690 millj. fram úr áætlun, og þó hefur því stöðugt verið haldið fram við hverja fjárlagaafgreiðslu af talsmönnum stjórnarinnar, að henni sé fjár vant. Hæstv. fjmrh. hefur og upplýst í umr., að 220 millj. af þessum umframtekjum séu enn þá handbærar. Enn fremur hefur sami ráðh. upplýst, að álagður tekju- og eignarskattur 1964 fari 46 millj. fram úr fjárlagaáætlun. Innflutningsáætlunin fyrir árið 1962, sem samin var í Efnahagsstofnuninni, reyndist vera 23% of lág, enda fóru ríkistekjur það árið um 17% fram úr tekjuáætlun fjárl. Ég nefni þetta sem dæmi um nákvæmnina við áætlun ríkistekna á fjárl. En fleira kemur til um möguleika á hærri tekjum en fjárlagafrv. 1965 ráðgerir. Á næsta ári sparast ríkissjóði útgjöld, sem þar eru nú upp á 95.5 millj. kr., þar sem niður á að falla hagræðingarstyrkur frystihúsanna og uppbætur á fiskverðið, en tekjur ríkissjóðs vegna þessara útgjalda haldast áfram. Enn fremur mætti koma við nokkrum sparnaði í ríkisútgjöldum, og vil ég til upplýsingar aðeins nefna, að ýmis kostnaður vegna ráðuneytanna hefur vaxið úr 820 þús. kr. árið 1958 í 10 millj. árið 1963, kostnaður vegna ferðalaga á ráðstefnur úr 2.2 millj. kr. í 6.3 millj. kr. og kostnaður vegna gestamóttöku úr 630 þús. í 1.8 millj. Eru hér aðeins fá dæmi nefnd, sem vel mætti spara á, og bæði Jónas Haralz og Jóhannes Nordal hafa bent á sparnaðarleiðina sem færa leið til þess að ná endum saman.

Ég þykist með þessu hafa fært að því sterk rök, að ríkissjóður þurfi ekki þær viðbótartekjur, sem frv. þetta ráðgerir, til þess að halda óbreyttum niðurgreiðslum á næsta ári. Þar til liggja aðrar orsakir. Gerum hins vegar ráð fyrir því versta, að þetta reynist rangt hjá mér og ríkissjóður verði að fá auknar tekjur. Þá hefði ég mjög alvarlegar athugasemdir fram að færa við sjálfa tekjuöflunarleiðina, sem ég tel að hleypi óhjákvæmilega nýrri verðbólguskriðu af stað. Fyrir því er löng reynsla, að almennur söluskattur hefur hækkað vöruverð og þjónustu um margfalt hærri upphæð en sjálfum söluskattinum nemur. Ekkert verðlagseftirlit hefur getað komið í veg fyrir þetta. Mér er tjáð, að Reykjavíkurborg undirbúi nú hækkun rafmagns, hitaveitu og strætisvagnagjalda og meira en vafasamt sé, hvort hún láti sér nægja þá hækkun, sem af viðbótarsöluskattinum leiðir, úr því að hún fær tækifæri til þess að fara af stað. Svipað munu aðrir gera. Mér er því spurn: Hefði ekki verið betra að láta óhjákvæmilega verðhækkun koma fram á fáum tilgreindum vörutegundum, reyna að halda varnarlínunni í verðbólgustríðinu og koma þannig í veg fyrir, að allt færi af stað? Ég óska sérstaklega eftir því, að einhver hæstv. ráðh., sem á eftir mér tala, svari þessari spurningu. En fleira er athugavert við söluskattinn en að hann sé óskynsamlegur, eins og á stendur. Hann hefur hér reynzt óréttlátastur allra skatta, og það er á almannavitorði, að hann kemst illa til skila í ríkissjóðinn. Þannig hef ég fengið upplýst, að söluskatturinn

skili sér verr í ár en í fyrra, þrátt fyrir aukna veltu.

Í 1. hefti Fjármálatíðinda þ. á. ritar aðalefnahagsráðunautur ríkisstj. grein, þar sem hann varar við frekari hækkun söluskattsins, þar sem mikil hætta sé á undanbrögðum frá söluskattsgreiðslu, ef skatturinn hækkar nokkuð verulega, eins og hann segir orðrétt. Þá var söluskatturinn 5½%, en verður 7½% eftir samþykkt þessa frv. Þá má ekki gleyma varnaðarorðum hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, að vísu nær 10 ára gömlum, sem hélt þá grátklökkva fordæmingarræðu um söluskattinn, kvað hann skatta ranglátastan og að skattsvik væru hvergi meiri en í sambandi við hann. Getur það verið, að hæstv. ráðh. hafi nú skipt um skoðun, jafnskoðanafastur og hann er að eðlisfari?

Hæstv. ríkisstj. virðist staðráðin í að knýja mál þetta fram í krafti síns meiri hluta. Ég vil þó á síðustu stundu ítreka þau viðvörunarorð, sem stjórnarandstæðingar hafa haft uppi í báðum deildum gegn slíku framferði. Verði frv. þetta samþykkt, mun fleira á eftir fylgja. Sveitarfélögin munu öll sigla í kjölfarið, enda kemur aukin verðbólga ekkert síður við rekstrarútgjöld þeirra en ríkissjóðsins. Árið 1960 fengu sveitarfélögin um 56 millj. úr jöfnunarsjóði af söluskatti, sem þá nam 280 millj. kr. í allt. Á næsta ári eiga þau að fá 74 millj. af 900—1000 millj. kr. söluskatti. Hlutdeild sveitarfélaganna í söluskatti hefur þannig vaxið um 32% á þessum tíma, en hlutur ríkissjóðs yfir 320%. Er þetta réttlátt? Landbúnaðarvöruverð mun hækka vegna kauphækkunarinnar, og öll þjónustu- og framleiðslufyrirtæki, sem vinna fyrir innlendan markað, munu hækka sína vöru og þjónustu. Aðeins útflutningsframleiðslan og þá sérstaklega sjávarútvegurinn, sem sæta verður erlendu markaðsverði á hverjum tíma, getur ekki velt byrðunum af sér á aðra. Fiskiðnaðurinn missir á næsta ári fjárhagsstuðning, sem hann nýtur nú, sem jafngildir 10% vinnulaunahækkun. Þar við bætist 3% væntanleg kauphækkun, 1% launaskattur og orlofshækkun. Fróðir menn meta þetta á við 24% kauphækkun a. m. k. hjá þessum eina atvinnuvegi. Þar á ofan bætist, að kjarasamningum sjómanna hefur víðast verið sagt upp frá næstu áramótum og sjómenn munu ekki sætta sig við óbreytt fiskverð á næsta ári. Hnúturinn er því riðinn fast að þessum undirstöðuatvinnuvegi, og ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst furðulítið geð þeirra forsvarsmanna sjávarútvegsins, sem sitja á Alþingi fyrir Sjálfstfl. og þegja eins og steinninn, þegar þannig er fram farið.

Ég hef reynt, eftir því sem tími og geta leyfir, að aðvara hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta hennar við afleiðingunum af því að samþykkja þetta frv. Ég er sannfærður um, að aðrar og betri leiðir eru til í þeim vanda, sem til staðar er, eins og ég hef bent á. Mín skoðun er sú, að ein alvarlegustu mistök hæstv. ríkisstj., sem orðin eru þó býsna mörg, hafi verið gengisfellingin í ágúst 1961, sem allt færði úr böndunum. Lærði hæstv. ríkisstj. virkilega ekkert af þeim mistökum? Svo er ekki að sjá af framlagningu þessa frv. Skattaálögur hæstv. ríkisstj. eru nú komnar á það stig, að lengra verður ekki haldið án stórfelldra stéttaátaka. Skattastefna, sem í því er fólgin að hækka sífellt byrðarnar á þeim efnaminni í þjóðfélaginu, en hlífa þeim ríku, eins og gert er í sambandi við innheimtu stóreignaskattsins og með flestum þeim skattalagabreytingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur fengið samþykktar undanfarið, felur auk þess í sér hróplegt ranglæti. Þetta finnur hver sæmilegur maður og viðurkennir og ekkert síður þeir, sem veittu stjórnarflokkunum brautargengi í síðustu kosningum. E. t. v. má segja, að engir hafi orðið fyrir jafnmiklu áfalli og einmitt þeir í sambandi við meðferð stjórnarinnar í skattamálunum, því að við í andstöðufylkingunni bjuggumst aldrei við miklu úr þeirri áttinni. Þessu til sönnunargildis get ég ekki stillt mig um að skýra frá því, að rétt áður en ég fór í þessar umr., hringdi til mín vel metinn sjálfstæðismaður í útgerð og sjómannastétt, búsettur í Reykjaneskjördæmi, og bað mig blessaðan að gera mitt til þess að fella þessa stjórn. Til þess hefur hún margfaldlega unnið.

Ég vil svo að endingu óska landsmönnum á landi og á sjó gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þeim tveim ræðum, sem hér hafa verið haldnar af tveim hv. þm. Framsfl., voru mörg mishermi. Ég ætla að láta nægja í upphafi þessa máls míns að leiðrétta fjögur þeirra.

Annar hv. þm. sagði, að ég hefði upplýst, að tekjuskattur yrði í ár a. m. k. 40 millj. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þetta er misskilningur. Fjárlögin gera ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur nemi 275 millj., og það er gert ráð fyrir, að hann verði 11—12 millj. hærri í reynd.

Í öðru lagi sagði síðasti hv. ræðumaður, að ríkisstj. hefði gefið vilyrði um að lækka hin álögðu gjöld, tekjuskatt og útsvar, á þessu ári. Þetta er ekki rétt. Það hafa aldrei verið gefin nein slík vilyrði. Að till. ríkisstj. var sett á 4 manna nefnd í ágústmánuði til þess að kanna möguleika á slíku. Alþýðusamband Íslands tilnefndi einn mann í þessa n. og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja annan. Í þessari 4 manna nefnd var eftir rækilegar athuganir sameiginleg niðurstaða ágreiningslaust. Hún lagði ekki til, að farið yrði í endurskoðun eða lækkun á útsvörum eða tekjuskatti, sem búið var að leggja á. Hitt er svo annað mál, hvort þessi tvö bandalög hafa síðar viljað afneita þessum fulltrúum, sem þau sjálf tilnefndu.

Í þriðja lagi sagði hv. síðasti ræðumaður, að stóreignaskattsgreiðendum væri hlíft og jafnvel endurgreitt. Þetta mál hefur verið skýrt hér áður og þessar staðhæfingar hraktar. Í rauninni er það furðulegt, að framsóknarmenn

skuli sjá sóma sinn í því að rifja upp þetta stóreignaskattsmál, annað eins hneyksli og það er allt. Á tímum vinstri stjórnarinnar voru sett lög um svokallaðan stóreignaskatt, sem þá var þegar ljóst eða allar líkur til að ekki fengi staðizt samkv. stjórnarskrá landsins. Sú varð líka raunin á. Álagður stóreignaskattur var í upphafi yfir 130 millj., en þegar dómstólar og skattayfirvöld höfðu fjallað um skattinn, var búið að ógilda meira en helming af þessum skatti. Hann á því algera sérstöðu hér og er einsdæmi í íslenzkri skattasögu.

Varðandi innheimtu þessa skatts, hefur hann ýmist verið greiddur í reiðufé eða í skuldabréfum, eins og lögin sjálf gerðu ráð fyrir, og lögtök hafa að sjálfsögðu verið gerð fyrir öllum eftirstöðvum hans, þannig að ríkissjóður er að fullu tryggður varðandi þá hluta skattsins, sem dómstólarnir að endingu telja að geti staðizt. Hitt vita svo allir, að þar sem þessi skattur á að renna m. a. til húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Búnaðarbankans og lánaður þaðan út, er enginn greiði gerður með því að innheimta þann skatt, sem þyrfti svo að endurgreiða kannske í stórum stíl, og mundi það skapa mikinn vanda fyrir þessar stofnanir eða þá aðila, sem væru búnir að fá þessar greiðslur. Því fer svo fjarri, að hér hafi verið einhverjum hlíft, heldur er innheimta þessa skatts bein afleiðing og óhjákvæmileg af þeim lögbrotum og stjórnarskrárbrotum, sem vinstri stjórnin þannig stofnaði til með þessari löggjöf.

Í fjórða lagi er svo það mishermi hjá hv. síðasta ræðumanni, að opinber gjöld hafi í tíð þessarar stjórnar hækkað hlutfallslega meira en þjóðartekjurnar. Þetta er ekki rétt. Ég sýndi fram á það við 1. umr. fjárl., í fjárlagaræðu minni, að hluti opinberra gjalda eða skatta af þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum er lægri nú en áður en núv. ríkisstj. tók til starfa og enn fremur lægri en í okkar nágrannalöndum. Leiðréttingu á þessum fjórum mishermum læt ég nægja hér, þó að af mörgu fleira væri að taka, sem tími leyfir þó ekki að sinni.

Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það að hækka söluskatt úr 5½% í 7½% og afla þannig ríkissjóði tekna, sem áætlað er að nemi 246 millj. kr. á næsta ári. Þessar tekjur eru að áliti ríkisstj. nauðsynlegar til þess að standa á næsta ári undir kostnaði við þær auknu niðurgreiðslur á vöruverði, sem ákveðnar voru fyrr á þessu ári, og til þess að mæta þeim útgjöldum, sem leiðir af væntanlegri 3% hækkun launa og almannatrygginga snemma á næsta ári. Þar sem niðurgreiðslur úr ríkissjóði til lækkunar á vöruverði eru nú einn stærsti vandi ríkisfjármálanna og aðalorsök þessa frv., tel ég rétt að gera hér fyrst nokkra grein fyrir niðurgreiðslunum.

Nú eru greiddar niður þessar vörur: Dilkakjöt, nýmjólk, smjör, smjörlíki, saltfiskur, nýr þorskur, ný ýsa. Hvað kosta þessar vörur nú í smásölu, hver er niðurgreiðslan á hverja einingu og hvað mundi verðið á þessum vörum verða, ef niðurgreiðslurnar væru felldar niður? Ég vil taka það fram, að ég rek þetta ekki vegna þess, að nokkrar till. liggi fyrir um að fella allar niðurgreiðslur niður með öllu, heldur til þess að sýna myndina, því að það er einn annmarki á niðurgreiðslum á vöruverði, sá, að þær leyna og fela fyrir öllum almenningi, hvað þessar vörur í raun og veru kosta, þar sem fólkið borgar hluta þessara vara óbeint með sköttum.

Þegar menn gera sér grein fyrir þessu, þarf að hafa það í huga, að hækkun á verði niðurgreiddra vörutegunda mundi verða meiri en svarar niðurgreiðslum í krónum á vörueiningu, vegna þess að bæði smásöluálagning og söluskattur kemur á hækkunina, og að því er snertir nýjan fisk, er þessi mismunur tiltölulega mikill vegna mikillar rýrnunar fisksins hjá smásala. En dilkakjöt kostar nú í smásölu 51.20 kr. kg. Það er niðurgreitt um 17.30 kr. og mundi hækka í útsölu upp í 73.75 kr., ef niðurgreiðslan væri felld niður. Flöskumjólk kostar nú 6 kr. lítrinn, niðurgreiðslan er 4.77 kr. Ef niðurgreiðslan væri felld niður, mundi lítrinn hækka upp í 10.77 kr. Smjör kostar í útsölu 90 kr. Niðurgreiðsla á hvert kg er 84.96 kr. Smjörkg mundi hækka upp í 190 kr., ef niðurgreiðsla er niður felld. Smjörlíki kostar 17.80 kr. Niðurgreiðslan er 9.15 kr. Það mundi hækka upp í 28.90 kr. Saltfiskur kostar 17 kr. kg, niðurgreiðslan er 9.15 kr. Hann mundi hækka upp í 29.50 kr. Nýr þorskur kostar 5.60 kr. kg, niðurgreiðslan er 2.30 kr. Hann mundi hækka í 9 kr. Ný ýsa kostar 7.50 kr., niðurgreiðslan er 2 kr., mundi hækka í 11 kr., ef niður væri felld niðurgreiðslan.

Þetta er aðeins lítil mynd af því, hversu þessar niðurgreiðslur eru stór og þýðingarmikill liður í verði þessara nauðsynjavara. Árskostnaður við niðurgreiðslur er nú samtals 543 millj. kr. Þar af kosta hinar auknu niðurgreiðslur, sem hófust á þessu ári í framhaldi af júnísamkomulaginu og ætlunin er að haldi áfram á næsta ári, 207 millj. kr. yfir heilt ár. Til þess að gera sér grein fyrir áhrifum þessara niðurgreiðslna á vísitölu og kaupgjald í landinu má geta þess, að ef allar niðurgreiðslur væru felldar niður, mundi vísitalan hækka um 19.4 stig og allt kaup í landinu hækka af þeirri ástæðu um tæp 12%. Ef hins vegar haldið væri hinum eldri niðurgreiðslum, en aðeins hinar nýju eftir júnísamkomulagið væru felldar niður, mundi vísitala þess vegna hækka um 7½ stig og kaup um nær 5%. Af þessum 19.4 stigum, sem niðurgreiðslurnar alls nema, eru 16 stig vegna landbúnaðarvara.

5. júní s. l. var undirritað samkomulag milli ríkisstj., A. S. Í., Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Með því var stefnt að stöðvun verðbólgu og kjarabótum fyrir verkafólk. Samið var til eins árs. Grunnkaup skyldi í meginatriðum óbreytt nema hækka nokkuð til þeirra lægst launuðu. Verðlagstrygging kaupgjalds skyldi upp tekin að nýju, þannig að kaup skyldi breytast árs-

fjórðungslega, ef vísitala hækkaði eða lækkaði um 1 stig eða meira. Jafnframt var ákveðið, að með niðurgreiðslum úr ríkissjóði skyldi vísitölunni haldið óbreyttri fyrst um sinn fram á haust, er þing kæmi saman. Það er gert ráð fyrir, að þessar auknu niðurgreiðslur í ár kosti ríkissjóð um 68 millj. kr., en muni á ársgrundvelli, eins og ég gat um, kosta 207 millj.

Júnísamkomulaginu var fagnað, enda mikilvægt spor stigið með eins árs samningi um vinnufrið. En það fól einnig í sér vissar hættur, m. a. þá að þyngja mjög byrðar ríkissjóðs vegna aukinna niðurgreiðslna. Það hlaut hverjum manni að vera ljóst, sem eitthvað fylgdist með þessum málum, að tekna yrði að afla, ef ætti að halda þessum niðurgreiðslum áfram, eða í stað tekjuöflunar að skera stórlega niður útgjöld ríkisins sem þessum kostnaði svarar. Það eru því látalæti, þegar stjórnarandstæðingar láta eins og þeim hafi komið þetta frv. algerlega á óvart, að niðurgreiðslunum þyrfti að mæta.

Nú er því haldið fram af stjórnarandstæðingum, að tekjuöflun sé óþörf, og þessi staðhæfing er rökstudd þannig, að árin 1962 og 1963 hafi tekjur ríkisins farið langt fram úr áætlun, þess vegna hljóti ríkistekjurnar einnig að fara fram úr áætlun í ár og næsta ár, ríkisstj. hefði því fyrir sig að áætla tekjurnar í fjárl. miklu lægri en rétt er til þess að fá sem mestan greiðsluafgang. Þessi er rökfærslan í stórum dráttum. Við skulum nú athuga hana nokkru nánar.

Tekjuáætlun fjárl. er þannig undirbúin, að unnið er vandlega úr þeim gögnum, sem fyrir liggja um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, horfum fram undan í atvinnu- og efnahagslífi. Tekjuáætlun er byggð á margvíslegum upplýsingum frá hagstofu, ríkisskattstjóra, Efnahagsstofnun og Seðlabanka. Langstærsti tekjuliður ríkissjóðs er aðflutningsgjöld eða tollar, en upphæð þeirra veltur á því, hve innflutningurinn verður mikill á næsta ári. Í meginatriðum er stuðzt við innflutningsáætlun Seðlabankans, en vitanlega getur enginn fullyrt fyrir fram, hvernig þróunin verði á næsta ári. Í tíð núv. ríkisstj. hefur tekjuáætlun fjárl. verið gerð af samvizkusemi og meiri nákvæmni en áður. Til glöggvunar og því til sönnunar, sem ég sagði, er rétt að líta yfir það, hvernig tekjuáætlanir fjárl. hafa staðizt undanfarinn hálfan annan áratug. Síðustu 5 ár eða frá 1959—1963, að báðum meðtöldum, hafa tekjur reynzt fyrsta árið 3% umfram fjárlög, annað árið 1% undir áætlun fjárl., þriðja árið 5% yfir, fjórða árið 18% yfir, fimmta árið 15% yfir áætlun fjárl. Ef við tökum meðaltal þessara 5 ára, er útkoman sú, að tekjurnar hafa farið til jafnaðar um 9% umfram áætlun fjárl. Berum þetta nú saman við reynsluna frá 1950—1958 eða þau næstu 9 ár, sem núv. formaður Framsfl. fór með fjármálastjórn ríkisins. Þau árin fóru tekjur fram úr áætlun fjárl. eitt árið um 5%, þrjú ár milli 14 og 17%, þrjú ár 20—27%, eitt árið 47% og eitt árið 96% fram úr áætlun fjárl. Og ef við nú tökum meðaltal þessara ára, fóru tekjur 24% fram úr áætlun fjárl. að meðaltali, en undanfarin 5 ár 9% að meðaltali. Ef sú staðhæfing Framsfl. er rétt, að tekjur séu oft áætlaðar of lágar af ráðnum hug, hefur hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, verið miklu slyngari í þeirri íþrótt.

Ástæðan til þess, að tekjur fóru svo verulega fram úr áætlun fjárl. árin 1962 og 1963, var fyrst og fremst sú, að innflutningur var bæði árin talsvert miklu meiri en hinar opinberu stofnanir höfðu gert ráð fyrir og áætlað, og skiluðu þeir meiri tolltekjum í ríkissjóðs en reiknað hafði verið með. Þessi tvö ár varð greiðsluafgangur hjá ríkissjóði samtals nær 300 millj. kr. Nú er deilt á ríkisstj. fyrir þennan greiðsluafgang, í fyrsta lagi, að tekjurnar hafi verið af ráðnum hug áætlaðar allt of lágt til þess að hafa næga peninga úr að spila. Ég hef þegar svarað þessu. Í öðru lagi er því haldið fram, að það sé óforsvaranlegt og í rauninni fordæmanlegt að hafa greiðsluafgang, sem einhverju nemi, það sé skattpíning af versta tagi. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að þegar mikil þensla er í efnahagslífinu og hætta á verðbólgu, sé það háskalegt, ef ríkissjóður væri rekinn með halla, og í slíkum tilfellum væri æskilegt, að hann hefði greiðsluafgang til þess að vinna á móti verðbólguhættunni. En það er ekki aðeins ríkisstj. og þeir hagfræðingar og aðrir sérfræðingar, sem hún hefur sér til ráðuneytis, sem halda þessu fram. Ég vildi gjarnan leiða hér til vitnis fyrrv. fjmrh., Eystein Jónsson. Í fjárlagaræðu sinni 15. okt. 1954, fyrir um það bil 10 árum, ræddi hann sérstaklega um nauðsyn þess, að ríkissjóður hefði greiðsluafgang, og segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, í fjárlagaræðu í B-deild Alþingistíðinda 1954, bls. 174:

„Það verður að teljast mjög mikilsvert, að ríkissjóður hafði greiðsluafgang á þessu ári. Er augljóst, að slíkt vegur nokkuð á móti þeirri miklu þenslu, sem nú er í öllu fjármálalífi landsins, og dregur úr þeirri hættu, að verðbólga myndist og ný verðhækkunaralda skelli yfir."

Síðan heldur hann áfram:

„Þá er ekki síður ánægjulegt og þýðingarmikið, ef ríkissjóður gæti í slíku góðæri sem nú er eignazt einhverja fjármuni, sem hægt væri að leggja til hliðar og nota til nauðsynlegra framkvæmda síðar, þegar þörf væri á ráðstöfunum af hendi þess opinbera til þess að halda uppi nægilegri atvinnu í landinu. Verður áreiðanlega seint metinn til fulls sá hagur, sem þjóðinni gæti af því orðið, ef ríkissjóður gæti haft greiðsluafgang í góðærum, sem nota mætti, þegar á móti blési, til þess að koma þá í veg fyrir samdrátt verklegra framkvæmda og til þess beinlínis að auka þá verklegar framkvæmdir ríkisins og tryggja sem jafnasta atvinnu fyrir landsmenn. Fjármálastefna, sem á þessu væri byggð, mundi einnig að sjálfsögðu reynast öflugt tæki til þess að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapn-

um, tryggja stöðugt verðlag, auka sparnaðinn og verða á allan hátt örvandi fyrir framkvæmdir og framleiðslustarfsemi."

Svo hljóða orð Eysteins Jónssonar frá 1954.

Nú er mér ánægja að taka það fram, að ég er alveg sammála Eysteini Jónssyni fjmrh. ársins 1954 um þetta efni. En manni rennur til rifja, að maður, sem lýsti svo vel og skynsamlega þýðingu greiðsluafgangs ríkissjóðs á verðþenslutímum og nauðsyn þess að leggja til hliðar fé til að geyma til erfiðu áranna, skuli nú prédika skaðsemi þeirra ráðstafana, sem hann vegsamaði áður. Af þessum nær 300 millj. kr. greiðsluafgangi áranna 1962—1963 hefur meginhlutanum þegar verið ráðstafað. 100 millj. voru lagðar í jöfnunarsjóð ríkisins samkv. 30 ára gömlum lögum, sem aldrei hafa verið notuð í tíð hv. 1. þm. Austf., þótt alltaf væru þau í gildi, og þetta var lagt fyrir einmitt með hliðsjón af því að geyma frá góðærinu nokkurt fé til notkunar á erfiðum árum síðar. Auk þessara 100 millj. voru tæpar 40 millj. notaðar til að greiða gamla skuld vegna togara við Seðlabanka Íslands, og 40 millj. voru notaðar til þess að létta á vangoldnum framlögum ríkisins til sjúkrahúsa og hafnargarða. Þarna eru komnar um 180 millj., en rúmar 100 millj. af þessum greiðsluafgangi standa inni í ríkissjóði sem rekstrarfé. Þrátt fyrir það er skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nú hærri en undanfarin ár á þessum tíma.

Hvernig eru þá horfurnar um afkomu ríkissjóðs nú í ár? Má búast við verulegum greiðsluafgangi, eins og hv. stjórnarandstæðingar telja öruggt? Því miður horfir ekki svo. Afkoma ríkissjóðs í ár verður allt önnur en tvö undanfarin ár, og ber þar margt til. Í fyrsta lagi, að umframtekjur ríkisins verða tiltölulega mjög litlar í ár, og stafar það af því fyrst og fremst, að innflutningur og þar með tolltekjur hefur í ár aukizt miklu minna en 2 ár næst á undan. Tekjuskatturinn er talið að muni reynast 11—12 millj. umfram það, sem áætlað er í fjárl., og sumir tekjustofnar ríkisins virðast ekki ætla að ná áætlun. Í síðustu áætlun, sem Efnahagsstofnunin hefur gert um þetta efni, telur hún, að tekjur ríkissjóðs í ár í heild muni aðeins fara sáralítið fram úr tekjuáætlun ársins. Á hinn bóginn hafa í ár fallið verulegar umframgreiðslur á ríkissjóð umfram áætlun fjárl., og eru þar stærstu upphæðir hinar auknu niðurgreiðslur, sem ákveðnar voru í framhaldi af júnísamkomulaginu, um 68 millj., og hitt, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir verða væntanlega 40 millj. meiri en áætlað var í fjárl. Til viðbótar má svo bæta því við, að þegar athugaðar eru tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrstu 11 mánuði ársins í ár og borið saman við árið í fyrra, kemur í ljós, að afkoma ríkissjóðs er nær 350 millj. kr. lakari í nóvemberlok í ár en í fyrra gagnvart Seðlabankanum. Þegar allar þessar aðstæður eru athugaðar, er óvarlegt að reikna með greiðsluafgangi á þessu ári, og má það kallast heppni mikil, ef tekst að ná jöfnuði á ríkisbúskapinn í ár.

Í sambandi við þetta mál er því haldið fram af þm. stjórnarandstöðunnar, að söluskatturinn sé óhæft og ranglátt skattform. Einn hv. þm. Framsfl. hefur sagt í þessum umr., að þetta sé ákaflega óheppileg tekjuöflunarleið að dómi framsóknarmanna. Annar hefur sagt, að skatturinn sé bæði óskynsamlegur og ranglátur og lítt innheimtanlegur, svo að í lagi sé. Nú skyldu menn af umr. og ummælum hér í þingi ætla, að söluskatturinn sé nýtt fyrirbæri og í rauninni uppfinning þessara vondu stjórnarherra, sem nú sitja í ríkisstj. En svo er ekki. Söluskattur hefur verið á Íslandi í nær 20 ár. Hann hefur verið með ýmsu formi. Fyrsta tilraunin var veltuskattur. Hann var fjölstigaskattur með öllum þeim ókostum, sem slíkum skatti fylgja. Hann reyndist erfiður og stundum ósanngjarn í framkvæmd. Á næstu árum voru gerðar ýmsar breytingar, sumar til bóta, aðrar vafasamar. Eftir 3 ár var skatturinn t. d. afnuminn í heildsölu, en í þess stað lagður á innflutningssöluskattur, sem var í rauninni ekkert annað en viðbótarverðtollur og hafði sömu áhrif. Árið 1956 var söluskattur af smásölu felldur niður, en söluskattur á iðnaðarframleiðslu og þjónustu hélzt og hækkaði upp í 9%. Af þessari breytingu leiddi m. a., að fyrirtæki reyndu að breyta rekstri sínum til þess að komast hjá skattinum. Og allt eftirlit varð miklu erfiðara en fyrr, misrétti og undandráttur í stórum stíl. Þegar núverandi stjórn tók við störfum, var strax hafin endurskoðun á þessum málum með frambúðarlausn fyrir augum. Það var ljóst, að með söluskatti í einhverju formi yrði að afla tekna, því að ríkisstj. hafði ákveðið að beita sér fyrir lækkun á tollum og tekjuskatti, sem þá hafði verið hækkaður undanfarin ár í fjáröflunarskyni. Upp úr þessari rækilegu athugun kom svo 3% smásöluskatturinn, sem í jan. s. l. var hækkaður í 5½% og nú er lagt til að hækka í 7½%. Þessi smásöluskattur er byggður upp með svipuðum hætti og er í Svíþjóð og Noregi, og norska ríkisstj. er ekki hræddari en svo við þennan smásöluskatt, að hún hefur nýlega fengið hann hækkaðan úr 10 upp í 12%.

En ef söluskattur er svona óheppileg, óskynsamleg og óhæfileg tekjuöflunarleið að áliti Framsfl., er ástæða til þess að spyrja, hvaða tekjuöflunarleið hann mundi fara til þess að tryggja hag ríkissjóðs, ef sá flokkur kæmist í þá aðstöðu að ráða aftur í þessu landi. Engum manni dettur í hug, og miða ég þá við reynsluna af till. Framsfl. í sambandi við fjárlög og önnur mál hér á þingi, — engum dettur í hug, að ríkisútgjöldin í heild mundu lækka við tilkomu Framsfl., þvert á móti líkur til, að þær mundu hækka verulega. Til þess benda allar till. þeirra, nema þeir ætlist til þess, að till. þeirra í sambandi við fjárl. séu ekki teknar alvarlega, en á það hafa þeir ekki viljað fallast hingað til. En ef þeir vilja fella niður söluskattinn, sem nú er helzt að heyra, er varla annað fyrir hendi en það yrði annaðhvort að hækka aftur tollana eða tekjuskattinn.

Eftir því að dæma, sem liggur fyrir á þessu

þingi, er afstaða Framsfl. í stórum dráttum þessi: Hann hefur flutt till. um að hækka útgjöld ríkisins um rúmar 200 millj. í sambandi við fjárlög. Hann hefur engar till. lagt fram til sparnaðar eða niðurfærslu á útgjöldum. Hann hefur flutt frv. um það að gefa eftir tekjuskatt þann, sem er 7000 kr. eða lægri, hjá öllum gjaldendum, einstaklingum, og enn fremur 20% af öllum álögðum útsvörum. En þetta á ríkissjóður að borga á árinu í ár, og mundi þetta frv. leiða af sér útgjöld fyrir ríkissjóð, sem nemur um 270 millj. kr. á þessu ári. Þannig mætti lengi telja og í rauninni er ekki annað að skilja en þessi flokkur vilji halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem nú eru, og jafnframt auka þær, til þess að visitalan hækki ekki.

Í rauninni ber hér allt að sama brunni. Þetta minnir vissulega á ummæli, sem eru í nýútkominni bók eftir hinn reynda og greinda drengskaparmann, Bernharð Stefánsson, í 2. bindi æviminninga hans. Hann lítur þar yfir farinn veg og talar um stjórnarandstöðu, ekki aðeins andstæðinga hans, heldur stjórnarandstöðu yfirleitt, og segir svo:

„Verst hefur mér líkað það við stjórnarandstöðuna, að hún hefur oftast gert fyllstu fjárkröfur á hendur ríkissjóði til ýmissa framkvæmda, en jafnframt barizt á móti því að afla ríkissjóði tekna til að standast útgjöldin af því.“

Ég ætla, að þessi orð geti ekki sízt átt við afstöðu Framsfl. nú. Þegar maður lítur yfir afstöðu þess flokks í fjármálum og efnahagsmálum nú, dettur manni helzt í hug saga af dönskum stjórnmálaflokki, sem nú er raunar dauður. Það var einhvern tíma spurt um það, hver væri stefnuskrá þess flokks, og það var kunnugur maður, sem sagði: „Það eru mjög fáir, sem vita það, og þeir fáu, sem vita það, geta ekki útskýrt það.“ Og í rauninni ber hér allt að sama brunni eins og ella í málflutningi og umr. Framsfl. nú um fjármál, að það virðist enginn vita, hvað flokkurinn vill, og allra sízt leiðtogarnir sjálfir.

Í umr. um þetta mál hér í þingi hefur verið spurzt fyrir um, hvernig framkvæmt væri eftirlit með söluskatti. Eftirlit með söluskatti og yfirumsjón þess er í höndum skattstjórans í Reykjavík, og hefur hann látið mér í té greinargerð um það, sem ég vil lesa hér nokkurn kafla úr. Hann segir þar:

„Segja má, að eftirlit með álagningu söluskatts sé með fernu móti:

1) Reyna að tryggja, að allir, sem söluskattskyldir eru, komist á söluskattskrá. Reynt hefur verið af öllum skattstjórum að veita sterkt aðhald í þessu efni.

2) Hinar ársfjórðungslegu skýrslur eru yfirfarnar af skattstofum jafnóðum, áætlaðar viðbætur þar, þar sem efni standa til, og skattur áætlaður hjá þeim, sem ekki telja fram. Skattstofan í Reykjavík hefur hlutazt til um, að sem mest samræmi gæti orðið milli einstakra skattumdæma.

3) Rannsókn á heildarsöluskattskýrslum eftir árið. Er þar fyrst um að ræða samanburð á söluskattskýrslum og tekjuskattframtali, ellegar samanburður við ársreikninga þeirra, sem ekki eru taldir skattskyldir. Sérstakra sundurliðana er krafizt, einkum hjá þeim aðilum, þar sem hluti heildarveltunnar er undanþeginn söluskatti eða atvinnureksturinn margþættur.

4) Sá þáttur eftirlitsins, sem mesta þýðingu hefur, eru bókhaldsrannsóknir. Þær hafa verið framkvæmdar árlega í flestum skattumdæmum landsins, aðallega af mönnum, sem skattstofan í Reykjavík hefur lánað skattstjórum á þeim árstíma, sem hún hefur helzt mátt sjá af starfsliði. Þetta hefur borið árangur og skapað verulegt aðhald og ýmis misferli komið í ljós. Þessa starfsemi verður þó að auka verulega. Það verður að senda fleiri menn, og þeir þurfa að vera lengur á hverjum stað en unnt hefur verið.“

Þessi voru ummæli skattstjórans í Reykjavík, sem um margra ára skeið, víst frá upphafi vega, frá því að söluskattur var fyrst lögleiddur, hefur haft umsjón og eftirlit með álagningu söluskattsins. Þessu til viðbótar vil ég geta þess, að vitanlega má vænta þess, að af hækkun söluskatts hverju sinni geti leitt aukna viðleitni til að komast fram hjá skattgreiðslum með einum eða öðrum hætti. Þetta er skattyfirvöldum og rn. að sjálfsögðu ljóst. Þessari fyrirhuguðu hækkun söluskattsins verður því að fylgja sterkara aðhald með framkvæmd l. og í öllum þáttum eftirlitsins jafnt, hvað varðar tímabundin söluskattsskil og hvers konar rannsóknir á rekstri og bókhaldi söluskattsgreiðenda almennt. Nú hefur verið undanfarið til sérstakrar athugunar í rn. og hjá skattyfirvöldum, hverjar ráðstafanir eða hugsanlegar skipulagsbreytingar gætu bezt tryggt örugga skattheimtu. Verður sjálfsagt óhjákvæmilegt að fjölga því starfsliði, sem beinlínis vinnur að eftirliti með söluskattinum. Í þessu sambandi má geta þess, að með l. frá síðasta þingi var stofnuð rannsóknardeild hjá ríkisskattstjóra, sem m. a. á að hafa eftirlit og rannsóknir varðandi söluskatt með höndum. En nágrannaþjóðir okkar eru nú í æ ríkara mæli að flytja skattbyrðina yfir í söluskattsform og hafa öðlazt margháttaða reynslu um framkvæmd þessara mála. Verður sérstaklega lögð áherzla á það, að notaðar séu sem bezt og eftir því sem við á hér þær aðferðir, sem hjá þessum þjóðum hafa bezt gefizt, til þess að söluskatturinn innheimtist eins og lög standa til.

Herra forseti. Tími minn er nú á enda. Skal ég fara að ljúka máli mínu. Því er haldið fram, að þessar fyrirætlanir ríkisstj., sem hér eru til umr., muni valda verðbólgu. Hér er málinu gersamlega snúið við. Ef till. stjórnarandstæðinga væri fylgt, er tvennt til: annaðhvort að lækka stórlega niðurgreiðslur, sem þýddi mikla hækkun á mjólk, kjöti, fiski og öðrum nauðsynjum, sem nú eru niðurgreiddar, og vísitalan mundi hækka verulega og kaupið einnig, eða hin leiðin, að reka ríkissjóð með

stórfelldum halla á næsta ári, sækja þá peninga í Seðlabankann og dæla þeim þaðan út í viðskiptalífið, sem er örugg leið til að auka verðbólguna.

Eins og málum er nú háttað, er engin leið fær önnur en sú, sem ríkisstj. hefur lagt til að farin verði.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að óska öllum hlustendum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hvers vegna útvarpsumr. frá Alþingi nú, komið fast að jólum? Já, það er von, að menn spyrji. Slíkt er nýlunda. Ástæðan er sú, að núna rétt fyrir jólin lagði hæstv. ríkisstj. fram á Alþingi frv. til l. um hækkun söluskatts úr 5½% í 8%, en í krónum nemur sú hækkun a. m. k. 307.5 millj. kr. og þó áreiðanlega miklu hærri upphæð úr vösum skattþegnanna.

Í byrjun ársins 1964 var söluskatturinn 3%. Þegar skammt var á árið liðið, var söluskatturinn hækkaður í 5½%. Með þessu frv. var ætlunin að hækka hann, áður en árinu lyki, í 8%. Fari þessu fram, svo sem stjórnin ætlast til, væri hinn illræmdi söluskattur hækkaður á einu ári um hvorki meira né minna en 167% eða 652 millj. kr. miðað við eins árs innheimtu. Segi menn svo, að stjórnin láti ekki að sér kveða á neinu sviði. Þetta þýðir, að ríkissjóður ætlar sér að taka með söluskatti nokkuð yfir 900 millj. kr. á ári. En hitt vita allir, að raunveruleg gjaldabyrði á skattgreiðendum verður þó miklu meiri vegna þess stórkostlega skattþjófnaðar, sem á sér stað í viðskiptalífinu í sambandi við skil og innheimtu skattsins. Þessa þróun mála töldu stjórnarandstöðuflokkarnir svo alvarlega, að skylt væri að gera grein fyrir henni í alþjóðar áheyrn, áður en lokaákvörðun væri tekin. Þess vegna eru útvarpsumr. nú, þótt komið sé fast að jólum.

Stjórnarstefnan „viðreisn" hefur frá öndverðu reynzt hagsmunum launastéttanna óhagstæð og fjandsamleg. Löggjafarvaldi var í fyrstu beitt til að lækka umsamið kaup vinnustéttanna. Gengislækkun var hvað eftir annað beitt til þess að brjóta niður í einu vetfangi árangur áralangrar kaupgjaldsbaráttu. Þegar svo samkomulag var komið á liðnu sumri um stöðvun verðlags og óbreytt kaup um eins árs skeið, var árás gerð á lífskjörin úr launsátri skattamálanna. Auðvitað jafngilti skattaránið beinni kauplækkun. Söluskatturinn hefur svo jafnan verið eitt af árásarvopnum ríkisvaldsins gegn launastéttunum, en herkostnaður stjórnarstefnunnar við launa- og framleiðslustéttirnar hefur orðið óstjórnleg óðaverðbólga og æðisgengin dýrtíð, sem allir finna til. Tala opinberar tölur þar um skýru máli.

Viðreisnarstjórnin lofaði hátíðlega í upphafi að stöðva verðbólgu og dýrtíð. Þegar kaup var lækkað og vísitala á laun afnumin, var fullyrt, að verðlag mundi aðeins hækka í byrjun um örfá stig, 3—5 stig, en svo kæmi alger stöðvun. En reynslan, hver er hún? Framfærsluvísitalan hækkuð um 64 stig, sem jafngilda 128 stigum eftir fyrri mælikvarða, og vísitala vöru og þjónustu hefur nú hækkað um 100 stig, sem jafngilda 200 stigum samkv. mælikvarða eldri vísitölu. Þetta er sannarlega uggvænleg og raunar þjóðhættuleg þróun.

Gegn þessari rangsnúnu stjórnarstefnu hafa launþegasamtökin jafnan háð látlausa varnarbaráttu í 5 ár og hafa þó ekki haldið fyllilega hlut sínum óskertum. Hörðust var þessi barátta á árinu 1963. Á fyrri hluta þess árs urðu tvennar kaupgjaldsbreytingar. Kjaradómurinn hækkaði svo laun opinberra starfsmanna á miðju árinu um 20—90%. En þá um haustið hugðist ríkisstj. greiða verkalýðshreyfingunni rothöggið. Í október um haustið lagði hún fram frv. til l. um að lögbinda óbreytt allt kaup verkafólks, banna alla kjarasamninga um hækkað kaup og banna öll verkföll, — þvingunarlagafrv. Þetta var eitt fávíslegasta tiltæki, sem íslenzkir valdhafar hafa nokkru sinni gripið til, enda sagði nú sameinað afl verkalýðssamtakanna til sín á eftirminnilegan hátt. Kom þar einnig til öflugur stuðningur almenningsálitsins. Út brutust víðtækustu verkföll íslenzkrar verkalýðssögu. 57 verkalýðsfélög með um 22 þús. félagsmenn hófu verkfall, og nokkru síðar bættust fleiri við, svo að um skeið voru það 60 verkalýðsfélög, sem stóðu saman og háðu verkfallsbaráttuna samtímis. Þetta nálgaðist allsherjarverkfall. Stjórnendur verkfallsins tryggðu Reykvíkingum neyzlumjólk, benzínundanþágur voru veittar lögreglu, slökkviliði, læknum og slíkum aðilum, en að öðru leyti lömuðust allar samgöngur og viðskipti og útgerðin stöðvaðist einnig. Fljótlega gætti áhrifa verkfallsins einnig á þeim stöðum, sem ekki voru í verkfalli, jafnvel í fjarlægum landshlutum. Það var á þessum haustnóttum, sem Ólafur Thors, þáv. forsrh., greip til þess viturlega úrræðis að draga þvingunarlagafrv. til baka og freista þess heldur að leysa deilumálin við samningaborðið. Ekki gengu þeir samningar þrautalaust, það skal játað, en árið endaði þó með friði og sáttagjörð. Samið var um 15% kauphækkun, og hefði það betur verið gert strax þann 15. okt. í stað þess að reyna lögþvingunarleiðina, sem allt setti í bál og brand. Samið var að þessu sinni aðeins til hálfs árs, og þurfti því brátt að búast til leiks á ný.

Alþýðusambandið lét ekki reka á reiðanum. Þann 17. apríl í fyrravor ritaði það ríkisstj. bréf ásamt óhrekjandi greinargerð um þróun verðlags- og kaupgjaldsmála seinustu 5 árin og bauð samstarf um lausn vandamálanna. Og að þessu sinni svaraði ríkisstj. greiðlega, að hún væri reiðubúin til þess að hefja þegar viðræður á þeim grundvelli, sem óskað var. Samningaviðræður hófust, og samningar tókust. Hvorugt verður hér rakið, en þjóðin fagnaði því vopnahléi, sem þá var samið. Enginn getur því efazt um, að það er vilji þjóðarinnar, að haldið sé áfram á stöðvunarleiðinni. Og það er öndvert þjóðarvilja að setja verðbólguvélina aftur í gang, en til þess neytir nú hæstv. ríkisstj. hvers þess færis, sem gefst, og þau eru mörg. Og alltaf er það hæstv. fjmrh., sem

forustuna hefur í þessum málum. Þetta gerði hann með seinustu skattalagabreytingu, sem menn kynntust í framkvæmd s. l. sumar. Vantaði þó ekki fyrir fram útmálun hans á því, að þar væri á ferðinni stórkostleg skattalækkun, a. m. k. hjá fólki með lægri tekjur og miðlungstekjur. En hver varð reynslan? Það mál verður rakið af öðrum, og sleppi ég því hér.

Nú er aftur gengið í berhögg við anda júnísamkomulagsins með hækkun söluskattsins. Verði þetta frv. samþ., er aftur hrundið af stað nýrri verðbólguöldu. Hér er nefnilega á ferðinni lagasetning til verðbólguaukningar. En er ekki stjórnin í miklum vanda stödd, á hún nokkurra annarra kosta völ en að leggja á nýja skatta? kunna menn að spyrja. Ég fullyrði í fyrsta lagi, að þessi fjármálavandi stjórnarinnar er smávægilegur og auðleystur. Í annan stað fullyrði ég, að margra annarra betri kosta er völ. Með söluskattshækkuninni er versti kosturinn valinn. Skal nú hvort tveggja rökstutt nánar.

Stjórnin segist þurfa 55 millj. kr. vegna hækkunar á fjárl. í meðförum Alþingis. Þá sagðist stjórnin þurfa 68 millj. kr. til að standast niðurgreiðslur á þessu ári vegna júnísamkomulagsins. En þessu var strax mótmælt af forustumönnum verkalýðssamtakanna. Þeir töldu sig hafa fengið um það skýrar yfirlýsingar í samningunum í vor, að engar álögur yrðu á lagðar vegna aukinna niðurgreiðslna á þessu ári. Ekki var þessi skilningur okkar að fullu viðurkenndur, en samt beitti hæstv. forsrh. sér fyrir því, að skattheimtan af þessum sökum yrði niður felld og söluskatturinn lækkaður úr 8% í 7½% eða um röskar 60 millj. kr. Þetta ber að þakka, og er sá þáttur þessarar alþýðurfu skattheimtu þannig úr sögunni. Þá kveðst ríkisstj. í þriðja lagi þurfa um 207 millj. kr. umfram það, sem áætlað er í fjárlagafrv., til þess að geta haldið óbreyttum niðurgreiðslum áfram fyrst um sinn. Í fjórða lagi segist ríkisstj. þurfa 42 millj. vegna þeirrar hækkunar á launagreiðslum ríkisins og hækkunar almannatrygginga, sem af hækkun söluskattsins og dýrtíðaraukningar af hans völdum leiðir. Takið eftir, hlustendur: 42 millj. þarf ríkisstj. vegna söluskattsinnheimtunnar sjálfrar. Það er ekki öll vitleysan eins.

Af þessu er ljóst, að miðað við fjárlagafrv. fyrir 1965 getur hin raunverulega aukna tekjuþörf ríkissjóðs ekki verið meiri en 197 millj. Er þá auðvitað við það miðað, að skattinnheimtuaðferðin sjálf leiði ekki af sér nýja skatta. Þetta eru nú öll ósköpin, og er þá byggt á talnauppsetningu sjálfs fjmrh. Dettur nú nokkrum í hug, að ekki sé unnt að mæta þessari smávægilegu tekjuþörf öðruvísi en með nýrri skattlagningu? Ég skal benda á 4—5 leiðir.

Það er þá fyrst sparnaðarleiðin. Það, sem fjmrh. átti auðvitað að gera strax eftir júnísamkomulagið, var að draga úr öllum lítt nauðsynlegum útgjöldum og umframgreiðslum. Ætli hann hafi ekki gert það? Nei, hann lét útgjöldin vaða á súðum meira en nokkru sinni. Er nú t. d. upplýst, að rekstrarútgjöld ríkisins fram til nóvemberloka í ár hafa orðið 530 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra. Ef hann aðeins hefði látið sér nægja 330 millj. kr. umframgreiðslur, hafði allur vandinn verið leystur og söluskattsfrv. verið óþarft með öllu.

Önnur leið: Á tveimur seinustu árum hafa um eða yfir 600 millj. kr. verið teknar af skattþegnunum umfram nauðsyn. Af þessu skattránsfé er nú upplýst, að 220 þús. kr. sé enn þá óráðstafað. Þetta fé nægir fyllilega til að mæta þeirri fjárþörf, sem flutningur söluskattsfrv. er nú rökstuddur með. Er vandséð, að hægt væri að verja því fé betur á annan hátt en einmitt til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar.

Þriðja leið: Allt bendir til þess, að forsvaranlegt væri að hækka tekjuáætlun fjárl. um þá upphæð, sem hér um ræðir. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt það, að tekjuáætlunin hefur verið rammvitlaus, nefnilega allt of lág. Árið 1962 reyndist hún t. d. 28% eða fast að þriðjungi of lág. Hafði fjmrh. þá samt fullyrt eins og alltaf og eins og hann raunar gerir nú, að hún væri þanin til hins ýtrasta og þyldi enga hækkun. Mætti undarlegt heita, ef meira væri nú en áður að marka þann barlómssöng, sem reynslan hefur árlega afsannað. Og það er nú einu sinni svo, að sjaldan bregður mær vana sínum.

Fjórða leið: Ef á annað borð væri þörf nokkurrar nýrrar skattheimtu, liggur í augum uppi, að þá skatta hefði nú átt að leggja á hin breiðu bök þjóðfélagsins, sem létt hefur verið á sköttum frá ári til árs, síðan núv. stjórn komst til valda.

Og að síðustu bendi ég á sem fimmtu hugsanlega leið, að ef ríkisstj. féllist á að setja bara reglur, sem tryggðu, að þær söluskattsfúlgur, sem þjóðin nú greiðir að óbreyttum lögum, kæmust svikalaust til skila í ríkissjóð, væri óheillafrv. það, sem við erum að ræða um í dag, um hækkaðan söluskatt, óþarft með öllu.

Með þessu þykist ég rækilega hafa sannað, að skattheimta sú, sem í söluskattsfrv. felst, er þarflaus og óverjandi með öllu.

Þá kem ég að því að rökstyðja þá fullyrðingu mína, að hin versta leið hafi verið valin, og skal ég í því efni leita nokkurra ekki ómerkra vitnisburða. Allra manna rækilegast hefur fyrrv. formaður Alþfl., Haraldur Guðmundsson, fordæmt söluskatt sem ranglátan skatt gagnvart þeim, sem greiða hann, og þar að auki óskynsamlegan frá sjónarmiði þjóðfélagsins. Haraldur sagði:

„Ég álít, og Alþfl. er sömu skoðunar, að af mér liggur við að segja öllum tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og þarf ekki að eyða orðum að því, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er á innheimtu opinberra gjalda.

Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina, a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði. Af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vígi í samkeppni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum. Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar."

Þetta var skoðun Haralds Guðmundssonar á eðli söluskattsins, og er hún eins og töluð væri út úr mínu hjarta. En máske fá slíkar skoðanir ekki rúm lengur undir merkjum hinnar nýju jafnaðarstefnu Alþfl. Og þó, Alþingistíðindin geyma einnig vitnisburð annars Alþfl.-leiðtoga um söluskattinn sem tekjustofn. Sá vitnisburður er orðrétt á þessa leið:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Þetta er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með, að hann sé ranglátur í eðli sínu, framkvæmdin á söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er þó margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru alveg gífurleg í söluskattinum."

Þarna er ekki hálfvelgjan í afstöðunni gegn söluskatti, ranglæti hans og gífurlegum skattsvikum, sem séu fylgifiskar hans. Og hver haldið þið svo, að sé höfundur þessara snjöllu, tilvitnuðu orða? Það er enginn annar en núv. hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, einn af flytjendum söluskattsfrv., sem hér er til umr. Furðulegt! Eitilharður móti söluskatti og þó flm. að söluskattsfrv.

Og enn er ekki góðra vitna vant gegn söluskatti. Að þessu sinni verður vitnað til hæstv. félmrh., Emils Jónssonar, formanns Alþfl. Eftir honum hafa Alþingistíðindin þessi ummæli:

„Og hann (þ. e. Alþfl., segir hann) vill allra sízt, að versti skatturinn úr dýrtíðarlögunum sé framlengdur, því að ég fullyrði, að sá af sköttum dýrtíðarlaganna, sem almenningi er tilfinnanlegastur, er söluskatturinn, og hann kemur allra verst við, en það er einmitt hann, sem ríkisstj. gerir nú ráð fyrir að framlengja."

Já, versta skattinn og almenningi tilfinnanlegasta ætlar ríkisstj. þá að framlengja, sagði Emil Jónsson. En það var nú þá. En nú er Emil Jónsson sjálfur ráðh. í ríkisstj., sem ekki aðeins framlengir, heldur líka stórhækkar söluskattinn, svo að nemur hundruðum millj. kr., og það að þarflausu.

Tímarnir breytast og mennirnir með. Það má nú segja. En við skulum muna það, að án stuðnings og atfylgis þessara tveggja ráðh. Alþfl. getur söluskattsfrv. nú ekki orðið að lögum.

Alþýðublaðið ljóstrar því upp í forustugrein nú fyrir nokkrum dögum, að stjórnarflokkarnir hafi komið auga á þrjár leiðir til þess að fylla með það gat, eins og ritstjórinn segir, sem söluskattinum er nú ætlað að fylla. Þessar leiðir segir Alþýðublaðið vera: Fyrst: að skera niður ríkisútgjöld og lækka gjaldahlið fjárlaga. Annað: að afnema niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, smjörlíki og nýjum fiski. Já, var það ekki anzi freistandi aðferð frá sjónarmiði Alþfl.? Og þriðja leiðin var svo sú að hækka söluskattinn. Þetta er sú leið, sem ríkisstj. valdi, segir ritstjóri Alþýðublaðsins, og það er ekki á honum að sjá, að neinnar tregðu hafi gætt af hendi Alþfl. við það val. Æ, mér finnst afstaða Alþfl. vera eiginlega brjóstumkennanleg í þessu máli.

Enn meiri furðu vekur þó þessi söluskattsleið nú, þegar það er upplýst, að efnahagsmálaráðunautar ríkisstj., bæði Jónas Haralz og Jóhannes Nordal, munu hafa verið henni andvígir og ráðlagt miklu fremur lækkunarleið. Í júlíhefti Fjármálatíðinda skrifar Jóhannes Nordal grein, sem hann nefnir: „Um skattamál". Varar hann þar ákaft við aðsteðjandi hættum af ofsköttun, segir, að öll undanbrögð fari að borga sig því betur sem skattarnir verði hærri. Hann segir það almennt álit, að þær skattareglur, sem nú gildi, hafi bæði leitt til hærri skattabyrðar á launþegum en þeir vilji sætta sig við og jafnframt því hafi stórfellt ranglæti átt sér stað vegna útbreiddra skattsvika. Hann telur augljóst, að úr þessu verði ekki bætt nema með verulegri lækkun beinna skatta. En um söluskattinn sjálfan segir Jóhannes Nordal þetta í nefndri ritgerð:

„Á hinn bóginn er það viðurkennt í öllum löndum, sem reynslu hafa í þessu efni, að mikil hætta sé á undanbrögðum frá söluskattsgreiðslu, ef skatturinn hækkar nokkuð verulega. Mikið af söluskattskyldri starfsemi er þess eðlis, að nákvæmt opinbert eftirlit er vandkvæðum bundið, svo að freistingin til skattsvika er þar af leiðandi veruleg. Eftir að söluskatturinn hér á landi hefur verið hækkaður í 5,5%, er full ástæða til að fara varlega, svo að ekki skapist einnig á þessu sviði sama vandamálið og nú er við að glíma varðandi innheimtu hinna beinu tekjuskatta. Niðurstaða þessara hugleiðinga er því sú," segir Jóhannes Nordal, „að hækkun tolla og söluskatts sé ekki heppileg leið."

Þetta voru aðvaranir Jóhannesar Nordals í Fjármálatíðindum s. l. sumar. En samt rýkur ríkisstj. einmitt nú til þess að hækka söluskattinn í 7½%. Verður ekki annað séð en hún sé

öllum heillum horfin, þegar hún traðkar á leiðbeiningum efnahagsráðunauta sinna, þá loksins er þeir gáfu henni góð ráð og heil.

Nú vill enn fremur svo til, að í þessu efni gat ríkisstj. stuðzt við reynslu yfirstandandi árs. Söluskatturinn hafði verið hækkaður í ársbyrjun. Samt blasa þessar tölur við: Í nóv. 1963 voru inn komnar af söluskatti 329 millj., en í nóv. 1964 aðeins 215 millj. Hann hafði þannig eftir hækkunina skilað ríkissjóði 114 millj. kr. lægri upphæð en árið áður. Og athyglisvert er, að söluskatturinn var einasti tekjustofninn, sem náði ekki áætlun. Allir aðrir tekjustofnar fjárlaga fóru fram úr áætlun. Þarna virðist því sem skattsvikararnir hafi ekki kunnað sér hóf. Og hvað mundi þá, þegar freistingin eykst og hann verður hækkaður enn um 2%?

Hér ber því allt að sama brunni. Söluskattsleiðin var ekki aðeins óþörf, heldur og versta skattheimtuleið, sem fundizt gat að allra dómi, andstæðust hagsmunum hinna verst settu í þjóðfélaginu, óhagstæðust heilbrigðum atvinnurekstri og hættulegust efnahagsþróuninni í landinu.

Hér kemur svo til álita enn eitt atriði, sem e. t. v. er þó verst af öllu við söluskattsleiðina. Skal nú að því vikið. Með sjálfu söluskattsfrv. og ráðstöfunum, sem standa í beinu sambandi við það, svo og afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni verður hagur útgerðar og fiskiðnaðar stórlega skertur. Útgerðin fær ekki aðeins á sig 3% launahækkun, fiskiðnaðurinn er nú einnig sviptur 95.5 millj. kr. aðstoð, sem hann naut á þessu ári, og skal nú sú upphæð á næsta ári renna í hinn gíruga og alltaf óseðjandi ríkissjóð til almennrar eyðslu. Hefur verið reiknað út, að þessi breyting jafngildi því, að kaup við fiskiðnaðinn hefði verið hækkað um 22%. Auk þess hlýtur hann svo að verða að taka á sig eðlilega hækkun fiskverðs. Það liggur í augum uppi. Það verður því hvorki meira né minna en jafngildi 25—28% kauphækkunar, sem hæstv. ríkisstj. ætlar útgerðinni og fiskiðnaðinum að bera. Vita þó allir, að einmitt þessi atvinnuvegur er þannig settur, að hann getur ekki hrundið byrðunum af sér, eins og millilíðirnir gera.

Nú spyr ég hæstv. ríkisstj., og ég tel mig eiga heimtingu á skýru svari, svo mikið sem hér er í húfi! Telur ríkisstj., að útgerðin rísi undir þessu af eigin rammleik? Ágætt, ef svo er. Eða er hitt kannske ætlunin, að leggja á enn nýja skatta til hjálpar útgerðinni, þegar við komum saman eftir áramótin? Þessu hlýtur hæstv. ríkisstj. að svara. Hitt er augljóst, að með svo þungum búsifjum verða möguleikar útgerðar og fiskiðnaðar til að standa undir eðlilegum og óhjákvæmilegum kjarabótum og launahækkunum stórlega rýrðir. Þetta er því að öllu leyti hið versta frv. Það er til þess fallið að hindra eðlilega samningagerð milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka á vori komanda. Og sú mikla verðlagshækkun, sem það veldur, hlýtur að reisa verðbólguölduna á ný. Á því ber hæstv. ríkisstj. ein ábyrgð og engir aðrir.

Herra forseti. Ég lýk senn máli mínu, en vil að lokum segja þetta: Launþegasamtökin í landinu, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, standa einhuga gegn söluskattsfrv. og mótmæltu því harðlega, strax þegar það kom fram. Í mótmælum BSBR segir m. a.:

„Bandalagsstjórin telur það mjög miður, að frv. þetta skyldi lagt fram, án þess að fyrst væri haft samráð um þessi mál við launþegasamtökin. Skorar stjórn BSRB þess vegna á Alþingi að samþykkja ekki frv. um hækkun á söluskatti, heldur leita í þess stað úrræða til stöðvunar verðbóigu og hafa um það fullt samráð við launþegasamtökin."

Í mótmælaályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins sagði hins vegar m. a.:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega frv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi um hækkun söluskatts, er mun hafa í för með sér nýjar álögur, sem nema 300—400 millj. kr. á ári. Miðstjórnin telur, að með frv. þessu sé ýtt af stað nýrri verðbólguöldu, sem stefni hagsmunum launþega og eðlilegri þróun efnahagsmála þjóðarinnar í mikinn háska og torveldi stórlega alla möguleika á friðsamlegum samningum um eðlilegar kjara- og launabætur til handa vinnustéttunum. Miðstjórnin telur, að með slíkum aðgerðum til stórfelldra nýrra verðhækkana sé rift þeim grundvelli, sem lagður var með samkomulagi ríkisstj., verkalýðssamtaka og atvinnurekenda hinn 5. júní s. l."

Að lokum sagði í ályktun Alþýðusambandsins:

„Miðstjórnin telur, að skatthækkun nú ofan á skattarán sumarsins verki sem eitur í ógróin sár og brjóti niður trú manna á, að ríkisstj. vilji heils hugar vinna að stöðvun verðbólgu og vaxandi dýrtíðar. Þess vegna varar miðstjórnin alvarlega við því, að söluskattsfrv. verði samþ., og heitir á ríkisstj. að hverfa frá því óráði að gera það að lögum, en freista heldur að draga úr óhófseyðslu í rekstri ríkisins og leita sérhverra ráða til að hamla gegn verðbólgu og dýrtíð."

Slík er afstaða almannasamtakanna í landinu til þessa óheillafrv. Í henni felast alvarlegar aðvaranir og eindregin tilmæli til hæstv. ríkisstj. Verkalýðssamtökin buðu samstarf til viðnáms gegn verðbólgu og dýrtíð. Þau fórnuðu réttmætum kröfum s. l. vor um beina kauphækkun, meðan stöðvun væri að nást. En þetta gerðu þau í fullu trausti þess, að verðstöðvunarstefnu yrði trúlega framfylgt áfram af ríkisstj. og að í kjölfar hennar gætu síðan fengizt fram eðlilegar og raunhæfar kjarabætur. En nú hefur þróunin orðið slík, að nauðsyn beinna kauphækkana er orðin enn brýnni en s. l. vor. Þá sýnir og rannsókn, sem gerð hefur verið á vinnutíma ýmissa starfsstétta og starfshópa, að vinnutíminn heldur enn þá áfram að lengjast óhugnanlega. Meðal-

talstölur um vinnutíma hafnarverkamanna eru t. d. þessar: 1962 var vinnutími þeirra að meðaltali 2918 stundir. Það þýðir, að yfirvinna þessara manna er 2½ mánuður á ári. 1963 var vinnutíminn 3017 stundir. Yfirvinnan var orðin 3 mánuðir. 1964, það var reiknað með hálfu árinu og margfölduð sú tala með 2, var vinnutíminn orðinn 3150 stundir eða yfirvinnan tæpir 4 mánuðir. Aðgætið, að þetta er meðaltalsvinnutími heillar starfsgreinar, sem þýðir auðvitað, að margir hafa unnið enn þá lengri vinnutíma. Það óhugnanlega er sem sagt, að vinnutíminn er alltaf að lengjast frá ári til árs. Einstakir starfshópar fara jafnvel upp í 3804 stundir samkv. þessari rannsókn. Það þýðir rúmlega 7 mánaða yfirvinnu á ári. Ég get bætt við, að samkv. þessari rannsókn á vinnutímanum er til, að meðaltal heillar starfsgreinar fari upp í 3678 stundir og menn hafi þannig fullra 6 mánaða aukavinnu á ári. Hér er slíkt vandamál á ferðinni, að fyllsta þörf er góðs samstarfs við að leysa það. En nú virðist stefnt í aðra átt. Samstarfs hefur ekki verið leitað í þessu máli. Góðum úrræðum hefur verið hafnað. En sú eina leiðin, sem stefnir þráðbeint til ófarnaðar í efnahagsmálum, hefur verið valin. Slíkt er gæfuleysi hæstv. fjmrh. í þessu máli.

Að lokum skorar Alþb. enn einu sinni á hv. þm. stjórnarflokkanna að hugleiða nú vandlega, hvílíkum framtíðarmöguleikum er spillt með samþykkt þessa skaðlega og alóþarfa frv., og til hæstv. ríkisstj. beinir Alþb. þeim eindregnu tilmælum enn á ný að bregða nú á hið viturlegasta ráð og draga frv. um söluskatt til baka, eins og gert var með þvingunarlagafrv. fyrir ári og allir, sem að þeirri athöfn stóðu, höfðu sóma af, en ekki vansa. Verði frv. mót vonum ekki tekið aftur og samkomulags leitað og komi það því til atkv., leggur Alþb. til, að frv. verði fellt.

Góðir hlustendur. Ég býð góða nótt og leyfi mér að óska hlustendum nær og fjær gleðilegra jóla og góðs komandi árs.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Verðbólga hefur tröllriðið íslenzku efnahagslífi síðustu áratugina tvo og raunar lengur þó. Allar ríkisstj. á þessu tímabili hafa komizt í kast við þessa óvætti og lengst af beðið ósigur í þeirri viðureign, sumar meiri, en aðrar minni. Verðlag og kaupgjald hefur hækkað á víxl. Sá ávinningur, sem almenningur hefði átt að hafa af aukinni framleiðslu þjóðarinnar, hefur horfið í verðbólguhítina. Sparifé landsmanna hefur verið stórlega skert. Gengi krónunnar hefur verið fellt æ ofan í æ og vantrú manna á sparifjáreign stundum aukizt stórkostlega, en sparifjársöfnun er þó, eins og kunnugt er, undirstaða heilbrigðs efnahagslífs. Allt þetta er gömul saga, sem flestir þekkja. Það var því mikill viðburður, þegar stærstu launþegasamtök landsins, Alþýðusamband Íslands, gáfu kost á því s. l. vor að ganga til samstarfs við ríkisstj. í baráttunni við þetta fyrirbrigði. Ríkisstj. tók þessu boði fegins hendi, og samkomulag var gert og undirritað 5. júní s. l. um þetta. Að þessu samkomulagi stóðu 3 aðilar: Alþýðusambandið, vinnuveitendasamtökin og ríkisstj. Voru því allar líkur til, þar sem þrír svo sterkir aðilar stóðu að þessu, að árangur mundi nást. En nú er ríkisstj. borið á brýn, að hún hafi rofið þetta samkomulag með þeirri hækkun á söluskatti, sem farið er fram á í því frv., sem nú er verið að afgreiða. Þetta eru þungar ásakanir, ef réttar væru, og því sjálfsagt að athuga þær nokkuð.

Vísitala framfærslukostnaðar var, þegar samkomulagið var gert, 163 stig. Hún var enn í októbermánuði s. l. 163 stig eða óbreytt frá því að samkomulagið var gert, en þá var því lofað af hálfu ríkisstj. að halda verðlagi óbreyttu með niðurgreiðslum, ef þörf krefði, þangað til Alþingi kæmi saman, enda tæki það þá málið í sínar hendur til ákvörðunar. Við þetta loforð hefur því verið fyllilega staðið. En hvernig var hægt að gera þetta? Öllum var ljóst, að búvöruverð hækkaði mjög mikið á s. l. hausti, eða um 11.7%, samkv. þeim lögum, sem um það gilda, en þau kveða á um sjálfvirka hækkun þessara vara, þannig að kaup bóndans hækki til jafns við kaup verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Þessa hækkun varð því að greiða niður. Er talið, að þessi niðurgreiðsla til áramóta eða kannske réttara auknar niðurgreiðslur ríkissjóðs þetta tímabil hafi kostað um 68 millj. kr. Á ársgrundvelli er talið, að þær mundu nema um 228 millj. kr.

Er nú komið til kasta Alþingis, hvað gera skuli. Á að hætta þessum niðurgreiðslum og láta hækkunina á landbúnaðarvörunum fara út í verðlagið? Það mundi hækka framfærsluvísitöluna um 7.40 stig eða um 4½—5%. Eða á að halda niðurgreiðslunum áfram, og á hvern hátt á að afla ríkissjóði tekna til þess að mæta þessum gjöldum? Ég held, að það samrýmist hagsmunum allra bezt að halda niðurgreiðslunum áfram. Þó að tekna verði aflað í þessu skyni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá hækkar vísitalan og framfærslukostnaðurinn miklu minna en ef niðurgreiðslunum verður hætt, og hin rétta hækkun á búvörunum fer út í verðlagið. Launþegar fá hækkunina uppborna í kauphækkun í báðum tilfellum í samræmi við hækkun framfærsluvísitölunnar, en kauphækkunin verður minni, ef niðurgreiðslunum verður haldið áfram, vegna þess að verðlagið hækkar minna. Kauphækkanir, sem atvinnuvegirnir verða að greiða, verða því minni og möguleikarnir til þess að komast af meiri. Með því að halda verðinu á búvörunum niðri aukast líka möguleikarnir á sölu þeirra innanlands og útflutningsbætur ríkissjóðs þeirra vegna verða eitthvað minni.

Að mínu viti ber því allt að sama brunni. Niðurgreiðslunum ber að halda áfram. Spurningin er í mínum huga aðeins sú, hvernig ríkissjóður eigi að afla tekna á móti. Það, sem fyrst kemur til álita, er, hvort tekjuáætlun fjárlaganna sé of lág, eins og stjórnarandstaðan hefur haldið fram, þannig að ef hún væri rétt

áætluð, þyrfti engar nýjar tekjur á móti. Þetta er fráleitt, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert hér grein fyrir fyrir stundu. Þó að tekjuafgangur hafi orðið nokkur árin 1962 og 1963, þá er allt útlit fyrir, að jafnvel halli muni verða á árinu 1964, og tekjuáætlunin, eins og hún nú er í fjárlagafrv. fyrir árið 1965, er svo þanin, að ég er mjög hræddur um, að hún muni ekki standast, hvað þá, ef hún væri hækkuð, svo að nokkru nemi, svo að maður nefni ekki ósköpin að bæta við hana yfir 200 milljónum króna.

Þá hefur verið minnzt á að nota tekjuafganginn frá 1962 og 1963, eins og hér hefur komið fram í umr., sem lagður hefur verið í jöfnunarsjóð og geymdur er. Það er einnig fráleitt að mínu viti. Fjárlög á ekki að semja með vísvitandi greiðsluhalla og alveg sérstaklega ekki á góðæristímabilum eins og þeim, sem við höfum átt við að búa upp á síðkastið. Til jöfnunarsjóðsins á fyrst að grípa, þegar hallar undan fæti eða þegar ófyrirsjáanleg óhöpp steðja að. Til þess að standast fyrirsjáanleg útgjöld ríkisins verður að afla tekna á móti. Alltaf getur eitthvað það komið fyrir, sem gerir það að verkum, að grípa þurfi til varasjóðsins, og þá er ekki gott, að búið sé að éta hann upp. Ég tel því þessa leið ekki heldur færa.

Þá hefur verið spurt: Er ekki hægt að draga úr útgjöldum ríkisins, spara, svo að á þann hátt megi fá peninga til þess að standa undir hinum nýju niðurgreiðslum? Þetta er hægt, a. m. k. fræðilega séð. En því miður er þetta aðeins fræðilegur möguleiki. Útgjöld ríkisins til heilbrigðismála, menntamála, almannatrygginga og félagsmála nema litlu minna en helmingi af öllum útgjöldum ríkisins. Þessi útgjöld þyrfti miklu fremur að auka en minnka. Í beinum rekstrarútgjöldum ríkisins og ríkisstofnana eru sjálfsagt liðir, sem orka tvímælis. En þeir nema ekki nema svo litlu broti úr heildarútgjöldunum, að þeir hafa mjög takmarkaða þýðingu í þessu sambandi. Þá er vart annað eftir en opinberu framkvæmdirnar, en framlög til þeirra munu í heild nema um 500 millj. kr. Úr þeim mætti að sjálfsögðu draga og kannske sérstaklega þegar eftirspurnin eftir vinnuafli er jafnmikil og nú. En þörfin fyrir þessar framkvæmdir er brýn, og því fer víðs fjarri, að hægt sé með þessari upphæð að verða við nema broti af þeim óskum, sem fram hafa komið í þessu efni. Enda er það svo, að þeir, sem hafa þetta sparnaðartal mest uppi nú, þ. e. a. s. Framsfl., þeir báru fram á einu þskj. nú við 2. umr. fjárl. till. um hækkun um rúmar 200 millj. kr. án þess að gera ráð fyrir nokkrum tekjum á móti. Þetta voru auðvitað óábyrgar yfirboðstill., sem engum af tillögumönnunum hefði dottið í hug að flytja, ef þeir hefðu verið í stjórnaraðstöðu og þurft að bera ábyrgð gerða sinna. En nákvæmlega sömu afstöðu taka þeir nú í þessu máli, sem halda því fram, að hægt sé í einu vetfangi að hækka niðurgreiðslur úr ríkissjóði um rúmar 200 millj. kr., án þess að nokkurra tekna sé aflað á móti.

Sá tekjuauki, sem fæst af hækkun söluskattsins um 2% samkv. því frv., sem fyrir liggur, er næstum því alveg sama upphæðin og hækkun niðurgreiðslnanna nemur, fyrst og fremst vegna verðhækkana landbúnaðarins s. l. haust. Þegar því er slegið föstu, að þessar niðurgreiðslur séu nauðsynlegar, er nauðsynlegt að afla tekna á móti, og söluskatturinn er að mínu viti ódýrasta og að mörgu leyti hagkvæmasta leiðin.

Hv. þm., sem síðast talaði hér, Hannibal Valdimarsson, las nokkur ummæli, sem Alþýðuflokksmenn hefðu áður haft um söluskattinn, og það má vel vera, að það sé rétt með farið. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á, að það, sem er rétt í einn tíma, þarf ekki alltaf að vera það, og ég vil líka benda á, að Alþfl. bæði hér og annars staðar hefur í seinni tíð hallazt meira að því að afnema beinu skattana og færa þá yfir á hina óbeinu skatta. Þetta er ekki einasta skoðun okkar hér í þessu landi, þar sem bæði ég hef borið fram þáltill. um, að þetta mál verði rækilega athugað, en þetta er skoðun Alþfl.-manna í öllum nágrannalöndum okkar. Ég veit ekki betur en að á Norðurlöndunum öllum sé tekinn hár söluskattur, og eins og hér kom fram áður í umr., hækkaði Alþfl.-stjórnin í Noregi sinn söluskatt nú í þessum mánuði úr 10% og upp í 12% og taldi rétt, og svo að ég fari nú enn lengra og nær hv. þm. sjálfum, vil ég geta þess, að söluskatturinn í Sovétríkjunum er enn miklu hærri, og stendur kannske það stjórnarfar og efnahagskerfi þó nær honum en mér a. m. k.

Þessi leið, söluskattsleiðin, hækkar framfærslukostnaðinn minnst og gefur atvinnuvegunum minnsta útgjaldahækkun, eða um 2%, en launþegar fá framfærslukostnaðarauknguna uppborna. Þegar ég nefni 2%, þá er það hækkun, sem verður vegna söluskattsins. Þegar talað er um 3%, eins og heildarhækkunin verður, koma þar líka aðrar hækkanir til greina.

Að hér sé um nokkra brigð á júnísamkomulaginu að ræða, er fjarri sanni að mínu viti og öll brigzl í því sambandi úr lausu lofti gripin. Niðurgreiðslurnar voru í fjárlagafrv. áætlaðar 336 millj. kr. Nú bætast við 207 millj., og verður þá niðurgreiðsluupphæðin 543 millj., þar af til annarra vörutegunda en landbúnaðar 57 millj. Til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum fara því 486 millj. kr. Þar við bætast svo útflutningsbæturnar á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem í fjárlagafrv. eru áætlaðar 188 millj. kr. og hafa hækkað gífurlega síðan í fyrra. Verður þetta samtals, niðurgreiðslur og útflutningsbætur, 731 millj. kr. á móti 336 millj. í ár eða hækkun um 400 millj. Þetta eru athyglisverðar tölur. Því er að vísu haldið fram, að niðurgreiðslurnar séu gerðar vegna neytendanna, og er að vissu leyti rétt. En neytendurnir verða samt sem áður að borga fyrir þessar neyzluvörur sínar miklu hærra verð en sams konar vörur eru seldar fyrir í nágrannalöndunum, þrátt fyrir þessar gífurlegu niðurgreiðslur. Við skulum t. d. taka smjörið. Mér

er tjáð, að verðið til framleiðandans hér sé 157 kr. fyrir kg. Verð til neytenda innanlands mun vera 90 kr. Verðið, sem fæst fyrir útflutt smjör, mun vera 34 kr. fyrir kg. Ríkissjóður verður því að borga 67 kr. með hverju kg, sem selt er innanlands, en samt er það 56 kr. dýrara en fæst fyrir það erlendis. Með því, sem út er flutt, verður ríkissjóður að borga 123 kr. með hverju kg, og söluverðið til útlanda er aðeins 21% af kostnaðarverðinu. Svipað mun vera um aðrar mjólkurafurðir. Og út á þetta er svo verið að byggja hvert mjólkurbúið eftir annað um allt land. Sauðfjárafurðirnar munu ekki vera jafnþungar á fóðrum hjá ríkissjóði, en allþungar þó, og skal það ekki frekar rakið hér nú.

Það er ekki óeðlilegt, að ýmsir séu áhyggjufullir yfir þessari þróun mála, þegar heildarútgjöld ríkisins vegna niðurgreiðslna og útflutningsbóta landbúnaðarins eru orðin 674 millj. kr. á ári, eða meira en 100 þús. kr. á hvert einasta býli í landinu að meðaltali, og vörurnar þó seldar neytendum hér fyrir miklu hærra verð en þær eru seldar í nágrannalöndunum. Ég er ekki með þessu að halda því fram, að bændur séu ofhaldnir af því verði, sem þeir fá fyrir afurðir sínar. En spurningin er aðeins sú, hvort þjóðarbúskapur Íslandinga þoli þessar miklu niðurgreiðslur og útflutningsbætur úr ríkissjóði og tilsvarandi skattheimtu af landsfólkinu án þess að ríða slig á aðra atvinnuvegi, eins og t. d. sjávarútveginn. Það er allt of auðvelt svar að stimpla þá, sem áhyggjur hafa út af þessu, sem óvini landbúnaðarins og að allt sé í lagi, ef þeir bara þegi. En það eru miklu fleiri menn í landinu heldur en bændur. Það þarf líka að hugsa um afkomu neytendanna og um afkomu annarra atvinnuvega, sem líða undir þessu kerfi landbúnaðarins, og mér finnst sannast sagna furða, hversu lengi þeir hafa þagað möglunarlaust. Og þó þykir mér skörin færast upp í bekkinn og raunar vera kaldhæðni örlaganna, þegar sá flokkur, sem hér á Alþingi telur sig mestan forsvarsmann bænda og landbúnaðar yfirleitt, telur sig þess umkominn að berjast hatrammlega á móti því, að þjóðin leggi á sig nokkra skatta, til þess að ríkissjóður geti með einhverjum hætti staðið undir þessum hundruðum millj. til niðurgreiðslna og útflutningsbóta landbúnaðarins, því að það er óumdeilanleg staðreynd, að sú hækkun, sem hér er verið að gera á söluskattinum nú, á rót sína að rekja og er bein afleiðing af hækkun landbúnaðarvöruverðsins s. l. haust og af þeim hækkuðu niðurgreiðslum, sem ríkissjóður tók á sig í því sambandi. Sú upphæð, sem söluskattshækkunin gefur, er nálega alveg sú sama og landbúnaðarvörurnar hækkuðu um s. l. haust og ríkissjóðurinn greiddi niður. Ef þess vegna hefði ekki komið til þessarar hækkunar á búvörunum s. l. haust, hefðum við ekki heldur þurft að leggja á neinn nýjan skatt nú.

Þessi landbúnaðarpólitík, sem nú er rekin, og það kerfi, sem við hana er bundið, stenzt ekki miklu lengur. Hvað á að koma í staðinn, get ég ekki sagt, en hvort sem núverandi stjórn situr lengur eða skemur eða önnur tekur við, hlýtur það að verða verkefni íslenzkrar ríkisstj. í mjög náinni framtíð að finna einhverja raunhæfa lausn á þessum málum, lausn, sem gerir hvort tveggja í senn, tryggir bændum sæmilega afkomu og fellur að öðrum þáttum þjóðarbúskaparins, án þess að ríða á þá slig.

Það hefur oft komið fram í umr. um þetta mál og nú síðast hjá Hannibal Valdimarssyni, hv. 5. þm. Vestf., sem síðast talaði, að hlutur sjávarútvegsins væri smár hjá þessari ríkisstj. Og satt er það, að þegar niðurgreiðslur og útflutningsbætur landbúnaðarins eru bornar saman við framlög til sjávarútvegsins úr ríkissjóði, er þar allmikill munur á. En á það vil ég benda í því sambandi, að ríkissjóðsframlög til atvinnuveganna eru ekki réttur mælikvarði á afkomuna. Sá atvinnuvegur, sem kemst sæmilega af, þarf ekki á ríkisframlagi að halda. Og hvar er íslenzka þjóðin stödd, ef allir atvinnuvegir eru orðnir háðir framlögum úr ríkissjóði, og hver á þá að greiða ríkissjóði þær tekjur, sem afla þarf á móti? Auðvitað á það að vera markmiðið, að búið sé þannig að höfuðatvinnuvegunum, að þeir geti staðið undir sér og þurfi ekki á framlögum úr ríkissjóði að halda.

Á þessu yfirstandandi ári, sem nú er bráðum á enda, voru þrenns konar framlög veitt sjávarútveginum: í fyrsta lagi frystihúsunum, í öðru lagi sjómönnum og í þriðja lagi togurunum. Allir þessir styrkir voru um 40—50 millj. kr. hver um sig, eða samtals í kringum 140 millj. eða tæplega það. Frystihúsunum var veittur þessi styrkur vegna þess, að vinnulaun höfðu hækkað á árinu 1963 um ekki 3%, eins og nú er gert ráð fyrir, heldur 30%, sem skapaði þeim mikla örðugleika. Styrkurinn var þó ekki veittur sem rekstrarstyrkur, heldur til útvegunar á vélum og tækjum, til vinnuhagræðingar, þannig að kostnaðurinn við vinnsluna gæti lækkað. Hann var ekki hugsaður sem varanlegur styrkur, heldur í þetta skipti og í þessu ákveðna augnamiði. Annar liðurinn var ákveðinn til sjómannanna vegna þess, að talið var nauðsynlegt að bæta fiskverðið, og var það hækkað með þessu um 6% fyrri hluta ársins og 4% síðari hlutann. Ekkert er enn vitað um, hvert fiskverðið verður næsta ár, og því útilokað á þessu stigi að fara að gera ráð fyrir að bæta það, sem maður veit ekkert, hvað er eða verður. Þriðja liðnum, styrknum til togaranna, er haldið svipuðum og áður, þar sem því miður er vitað um hina lélegu afkomu togaranna nú eins og fyrr. Sú upphæð er tekin á fjárlögum. Það er raunar furðulegt, að þeir menn, sem stóðu að því í fyrra að hækka kaupið hjá frystihúsunum um 30%, skuli nú hafa svo þungar áhyggjur af kauphækkun vegna söluskattsins o. fl. um rúm 2%. Það sýnir alvöruna, sem í þessum bægslagangi felst.

Það er alveg sama, hvernig þessu máli er

velt og snúið. Eftir þá hækkun, sem varð á landbúnaðarvöruverðinu s. l. haust, var ekki unnt að komast hjá því að afla ríkissjóði tekna til að greiða þessa verðhækkun niður. Hefði henni verið sleppt út í verðlagið og ekkert gert, hefði vísitalan hækkað um 7.40 stig. Niðurgreiðslurnar koma ekki af sjálfu sér, og söluskattshækkunin um 2% veldur þó ekki meiri hækkun en sem svarar 3% af kaupi með annarri hækkun, sem ekki hefur verið hægt að komast hjá. Andmæli stjórnarandstöðunnar gegn þessari leið eru að minu viti óraunhæf og ekkert tillit takandi til þeirra. Þau eru aðeins óraunhæfur áróður og verða að skoðast samkv. því. — Ég óska svo öllum gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýárs.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er stórkostleg fáfræði hjá hæstv. félmrh., að dýrtíðin stafi af landbúnaðinum eða of góðum kjörum bændastéttarinnar. Dýrtíðin stafar af hagsmunum og hagsmunabaráttu stórgróðamanna, en ríkisstj. er vesæll þjónn þeirra, eins og ég mun síðar víkja að.

Hæstv. fjmrh. gekk illa að verja slælega innheimtu stóreignaskattsins. Öllum þeim dómstólamálum, sem risið hafa út af skattinum og einhverju skipta, er nú lokið. Því ætti að innheimta eftirstöðvar hans, sem eru 25 millj., með sama hætti og aðra skatta. Fjmrh. hefur látið sér nægja að innheimta aðeins 400 þús. kr. á þessu ári. Það sýnir, að fjmrh. innheimtir öðruvísi af stóreignamönnum en launamönnum, sem margir hverjir hafa aðeins fengið kvittanir í launaumslögum sínum nú fyrir jólin.

Hæstv. ráðh. hafa mjög reynt að gera það tortryggilegt í þessum umr., að framsóknarmenn hafi við 2. umr. fjárlaganna flutt till. um nokkra hækkun á framlögum til verklegra framkvæmda og ýmissa rannsókna í þágu atvinnuveganna. Hæstv. ráðh. hafa sagt, að það geti ekki samrýmzt að flytja till. um hækkun þessara útgjalda og vera jafnframt á móti hækkun skatta. Af þessu gæti ekki annað *hlotizt en tekjuhalli hjá ríkinu*. Þessu er mjög auðvelt að mótmæla. Framsóknarmenn hafa sýnt fram á það með glöggum rökum, að samkv. venju áætlaði ríkisstj. tekjurnar of lágt á fjárlagafrv. og því væri hægt að hækka nokkuð framlög til umbótamála, án þess að hækka þyrfti skatta eða láta verða halla á ríkisrekstrinum. Reynsla undanfarinna ára styrkir vissulega þessi rök framsóknarmanna. Þegar framsóknarmenn fluttu svipaðar till. við afgreiðslu fjárlaga 1962 og 1963, sögðu talsmenn stjórnarflokkanna, að þetta mundi leiða til tekjuhalla. Hæstv. fjmrh. sór þá og sárt við lagði, alveg eins og nú, að það væri búið að athuga tekjuáætlunina vandlega og hún gæti alls ekki verið hærri. Framsóknarmenn sögðu hins vegar, að hún væri of lágt áætluð. Reynslan hefur staðfest, að framsóknarmenn höfðu rétt fyrir sér. Bæði þessi ár fóru tekjurnar svo langt fram úr áætlun fjárlaga, að það hefði ekki aðeins verið hægt að fullnægja öllum hækkunartillögum framsóknarmanna, heldur einnig að lækka skattana nokkuð til viðbótar, án þess að halli yrði hjá ríkinu. Ástæðan til þess, að framsóknarmenn hafa flutt umræddar hækkunartill. nú og á undanförnum þingum, hefur verið sú, að þeir hafa talið rétt að binda umframtekjur ríkisins fyrir fram og verja þeim til gagnlegra framkvæmda og reyna þannig að girða fyrir, að þær færu í sukk og eyðslu hjá ríkisstj.

Það er ekki óeðlilegt að athuga í framhaldi af þessu, hvers vegna hæstv. ríkisstj. hefur kappkostað svo mjög ranga tekjuáætlun fjárlaganna á undanförnum árum, en 1962 voru tekjurnar of lágt áætlaðar um 303 millj. kr. og 1963 um 323 millj., og í ár munu umframtekjurnar einnig skipta hundruðum millj. kr. Ástæðan fyrir þessari röngu tekjuáætlun ríkisstj. er sú stefna hennar að hafa hemil á kauppgetunni í landinu með því að leggja á hærri opinberar álögur en ríkið raunverulega þarf og hafa þannig ríflegan greiðsluafgang hjá ríkinu. Það hefur hins vegar ekki þótt heppilegt að láta það sjást á fjárlögum, að stefnt var að því að hafa skattana úr hófi fram, og því hefur verið horfið að því ráði að áætla tekjurnar allt of lágt. Það er bersýnilegt af því skattafrv., sem hér liggur fyrir, að ríkisstj. hefur enn ekki fallið frá áðurnefndri stefnu sinni.

Þeirri skattahækkun, sem hér er til umr., er fyrst og fremst ætlað að tryggja greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Athyglisvert er, að í greinargerð um efnahagsmál Íslands, sem Efnahagssamvinnustofnunin í París hefur nýlega birt, er bent á það sem aðalúrræðið gegn verðbólgu á Íslandi, að íslenzka ríkið hafi ekki minni tekjuafgang á árinu 1965 en sem svarar 1½% þjóðartekna, en það er álíka upphæð og skattahækkunin, sem felst í þessu frv., eða um 300 millj. kr. Það er opinbert leyndarmál, að skýrslur og till. Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París eru fyrst og fremst byggðar á upplýsingum og till. viðkomandi ríkisstj. Það kom líka glöggt fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að hann taldi nauðsynlegt að hafa ríflegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Því skal ekki neitað, að það getur stundum verið hyggilegt að hafa nokkurn greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Þetta gildir þó einkum, þegar greiðsluafgangurinn er fenginn með aukinni hagsýni í rekstri og sparnaði, sem verður til á þann hátt. Þetta er hins vegar ekki aðeins óhyggilegt, heldur stórhættulegt, þegar greiðsluafgangurinn er fenginn með nýjum sköttum, sem auka dýrtíð og verðbólgu og leiða til nýrra kauphækkana. Þess vegna er erfitt að hugsa sér öllu meira óhappaverk en það, sem hæstv. ríkisstj. er hér að vinna. Það sýnir líka þá sorglegu staðreynd, að hæstv. ríkisstj. hefur ekkert lært af reynslu seinustu ára, en sú reynsla sýnir glöggt, að óðaverðbólga hefur öðru fremur stafað af því, að ríkið hefur lagt á hærri skatta en þörf hefur verið fyrir. Þetta hefur skert hag almennings og knúið hann til kauphækkana og kjarabaráttu.

Hæstv. ríkisstj. tilkynnti, þegar hún kom til valda, að hún ætlaði sér mörg og stór verkefni, en eitt var sett ofar öllu öðru. Það var stöðvun verðbólgu og stöðugt verðgildi peninga. Í þessu fremur öllu öðru skyldi fólgin sú viðreisn, sem hæstv. stjórn talaði hátt og mikið um. Stjórnarformaðurinn sagði líka réttilega, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, væri allt annað unnið fyrir gýg. Þess vegna yrði stöðvun hennar að ganga fyrir öllu öðru. Ég hygg, að í dag séu ekki margir menn í stjórnarflokkunum, sem haldi því fram, að stjórninni hafi tekizt að efna þetta loforð sitt. Oft hefur íslenzka þjóðin búið við dýrtíð og óðaverðbólgu, en aldrei þvílíka sem í valdatíð núv. ríkisstj. Ég hygg jafnframt, að erfitt væri að finna ríkisstj. í öðru lýðræðislandi, sem væri ekki löngu búin að segja af sér eftir að hafa svo fullkomlega vanefnt meginloforð sitt. Í hverju öðru lýðræðisríki eru gerðar slíkar kröfur til orðheldni forustumanna, að þeir verða að segja af sér, ef þeir bregðast mikilvægustu loforðum sínum. Það er ein mesta hættan, sem vofir yfir frjálsu þjóðfélagi á Íslandi í dag, að menn gera orðið allt of litlar kröfur til orðheldni og loforða stjórnmálamanna. Meðan kjósendur gera ekki meiri kröfur í þeim efnum, geta þeir ekki gert sér vonir um heiðarlegt stjórnarfar. Þekktur brezkur stjórnmálamaður svaraði ekki út í bláinn, þegar hann var spurður um, hver ætti að vera meginkrafa til stjórnmálamanns, og hann svaraði: „Orðheldni.“

En hvers vegna hefur hæstv. ríkisstj. misheppnazt að framfylgja þessu meginloforði sínu? Ekki verður kennt um erfiðu árferði, því að aldrei hefur góðæri af hálfu náttúrunnar verið meira á Íslandi né hagstæðara verðlag á útflutningsvörum en einmitt á undanförnum árum. Engin íslenzk ríkisstj. hefur því fengið betra tækifæri til að koma fótum undir traustan og heilbrigðan efnahag. Það er kaldhæðni örlaganna, að á tíma þessa mikla góðæris skuli menn vera kvíðafullir og spyrja: Hvar endar þetta? Hvenær stöðvast verðfall krónunnar? Fer þetta á sömu leið hér og í Þýzkalandi eftir fyrri styrjöldina? Í þessum ugg og ótta, sem er sízt minna áberandi meðal stjórnarsinna en stjórnarandstæðinga, felst meira vantraust á stjórnina og stefnu hennar en með orðum væri lýst. En hvers vegna er þetta svona? Hæstv. ráðh. segja, eins og hæstv. félmrh. hér áðan, að framsóknarmenn og kommúnistar hafi espað upp bændur og verkalýð og fengið þessar stéttir til að gera óhóflegar kröfur og stjórnin hafi ekki fengið rönd við reist. Hvað segja hagskýrslur um þessar fullyrðingar hæstv. ráðh.? Hagskýrslur segja, að bændastéttin sé tekjulægsta stétt landsins. Hagskýrslur segja, að eini þátturinn í framleiðslukostnaði atvinnuveganna, sem er lægri hér en í nágrannalöndum okkar og það miklu lægri, er kaup verkalýðsins. Fleira þarf ekki vitnanna við um það, að það er ekki kaup bænda og verkalýðs eða óhóflegar kröfur þessara stétta, sem valda því, hvernig komið er. En hverjar eru þá orsakir sívaxandi öngþveitis í íslenzkum efnahagsmálum þrátt fyrir góðæriö? Orsökin er framar öllu öðru röng stjórnarstefna. Hæstv. ríkisstj. byggir stefnu sína á þeirri úreltu íhaldshagfræði, að lausn efnahagslegra vandamála sé fólgin í því að halda sem mest niðri kaupgetu almennings, en láta fjáraflamenn hafa sem mest olnbogarými til athafna, þótt það þrengi að framtaki hinna mörgu, sem hafa minni fjárráð og minni aðgang að lánsfé. Til þess að halda kaupgetu almennings í skefjum hefur verið nokkurn veginn föst regla, að sérhverjum kauphækkunum væri mætt með enn meiri verðhækkun í formi gengisfellingar eða hækkandi skatta. Afleiðing þessarar stefnu hæstv. ríkisstj. er sú, að kaupmáttur daglauna verkamanns er minni nú en hann var fyrir 6 árum þrátt fyrir stórauknar þjóðartekjur. Til þess að tryggja útvöldum fjáraflamönnum sem mest athafnafrelsi hefur stjórnin tekið upp stórfellda lánsfjárhöft, sem hafa dregið úr framtaki hinna mörgu, sem ekki hafa notið náðar í bönkunum, og jafnhliða hefur hún fellt niður allar hömlur gegn ónauðsynlegum og ótímabærum framkvæmdum einstaklinga og fyrirtækja. Afleiðingin hefur orðið sú, að einstakir fjáraflamenn hafa getað skapað sér stórfellda gróðaaðstöðu og algjört handahóf og ringulreið hefur skapazt í framkvæmdamálum. Þessi stefna dýrtíðar, lánsfjárhafta og skipulagsleysis í fjárfestingarmálum hefur leitt til þess, að þjóðarauðurinn og þjóðartekjurnar hafa lent æ meira á fáar hendur, en fjöldinn allur borið skertan hlut frá borði, eins og bezt sést hér í Reykjavík, þar sem eru hinar miklu skrifstofuhallir og lúxusbyggingar milljónamæringanna annars vegar, en samdráttur í íbúðarhúsabyggingum almennings hins vegar. Ofan á allt þetta hefur svo bætzt hin nýja stefna í skattamálum, sem hefur verið fólgin í því að færa byrðarnar af breiðu bökunum yfir á veiku bökin, en enginn skattur þjónar betur þeim tilgangi en söluskattur, en leggst á allar vörur í smásölu. En þetta hefur ekki aðeins verið gert með söluskattinum, heldur með breytingum á öðrum sköttum. Hlutur fyrirtækja og stóreigna í tekjuskatti og útsvörum hefur farið síminnkandi undanfarin ár, en hlutur launafólks aukizt að sama skapi. Svo langt hefur verið gengið í þessum efnum, að eitt stjórnarblað, Alþýðublaðið, gat ekki orða bundizt 31. júlí s. l., eða rétt eftir að skattskráin birtist, en þá fórust því svo orð í forustugrein:

„Annað atriði vekur vaxandi gagnrýni borgara í öllum flokkum. Hlutur fyrirtækja, annarra en Loftleiða, í skattabyrðinni er ótrúlega lítill, og fjöldi fyrirtækja með milljónaveltu greiðir ekki meira en miðlungs fastlaunamenn af opinberum gjöldum. Góðæri hefur verið mikið, og hvers kyns fyrirtæki hafa fengið að styrkja sig til muna síðustu ár. Byggingar og aðrar framkvæmdir þeirra sýna ótrúlega fjár-

hagsgetu. Þessir aðilar verða hér á landi eins og annars staðar að bera mun meira af þunga skattabyrðanna.“

Þetta voru ummæli Alþýðublaðsins 31. júlí í sumar, þegar verið var að róa launþega vegna háu skattanna. Af þessum ummælum hefði vissulega mátt ætla, að fyrsta skattafrv., sem ríkisstj. lagði fram á eftir, hljóðaði ekki um hækkun söluskatts, sem leggst með hlutfallslega miklu meiri þunga á fátæka en ríka. Sú hefur þó orðið reyndin.

Hæstv. ríkisstj. stendur enn sem fyrr trúan vörð um hagsmuni hinna ríku, og hennar eina stóra stefnumið er enn sem fyrr að skerða kaupgetu almennings.

Ég hygg, að það sé næstum öllum ljóst, nema ef vera kynni hæstv. ráðh., að með því frv., sem hér er til umr., hefur verið höggvið í hinn sama knérunn oftar en gæfulegt er. Fyrir verkalýðsstéttir landsins er ekki hægt að una því, að þeim samstarfsvilja, sem þær sýndu á s. l. vori, sé svarað á þennan hátt. Ég tek því eindregið undir þá áskorun til ríkisstj., að hún fresti afgreiðslu þessa frv. og hefji samninga við stéttasamtökin og andstöðuflokkana um lausn efnahagsmála á breiðum grundvelli. Geri ríkisstj. það ekki, þá sýnir hún, að hún vill stríð, en ekki samninga við verkalýðshreyfinguna, og hún mun þá líka fá stríðið. Ef verkalýðshreyfingin sættir sig við þá stefnu, sem felst í þessu frv., getur hún alveg eins vel hætt starfsemi sinni. Það munu margir spyrja: Ef ríkisstj. velur stríðsleiðina með því að samþ. þetta frv., hvar endar þetta? Ég skal játa, að ég er ekki réttur maður til að svara þeirri spurningu, hver verði endir þeirrar óðaverðbólgu, sem þá er verið að magna. En eitt þori ég að fullyrða. Þetta endar ekki vel, nema það takist að draga úr hagsmunaátökum og efla meiri einhug hjá þjóðinni um sjálfstæði hennar og sókn til betri lífskjara. Þessi nauðsynlega eining getur hins vegar aldrei náðst, á meðan sérhagsmunir gróðamanna skipa öndvegi hjá stjórnendum landsins. Hennar stóru og fjölmennu stéttir geta ekki og mega ekki una því að búa við miklu lakari kjör en eðlilegt er vegna þess eins, að fjáraflamenn og braskarar eru látnir leika lausum hala. Því er það grundvallaratriði þeirrar endurreisnar, sem hér þarf að verða, að hnekkt verði þeirri sérhagsmunastefnu, sem fylgt er af núverandi ríkisstj. Það er ekki síst verkefni þeirra manna í stjórnarflokkunum, sem sjá þetta og skilja, að vinna að slíkri stefnubreytingu. — Ég óska svo öllum áheyrendum mínum gleðilegra jóla.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Flestir minnast þess, að ekki var vænlegt um að litast í efnahagslífi landsins rétt fyrir jólin í fyrra. Þá hafði að vísu tekizt að ná samningum og þó einungis til skamms tíma í víðtækustu verkföllum, sem hér hafa verið háð, en með þeim árangri, að almennt kaupgjald hafði hækkað um nær 30% á árinu. Var það langt umfram gjaldgetu atvinnuveganna, og munu fæstir hafa búizt við, að komizt yrði hjá verðfalli á íslenzku krónunni og nýjum stórátökum á þessu ári. Allt snerist þetta á betra veg. Vinnufriður hefur verið að mestu og krónan haldið gildi sínu. Hér hafa ýmsar orsakir verið að verki: góð aflabrögð, ýmsar ráðstafanir stjórnvalda og síðast, en ekki síst, júnísamkomulagið. Til að ná því lögðu ýmsir aðilar sig alla fram, og hafa þeir hlotið þakkir flestra fyrir, en ekki allra. Af mismunandi ástæðum gera þó ýmsir of lítið úr þeim kjarabótum, sem í því samkomulagi voru fólgnar, og virðast gleyma annmörkum og kostnaði, sem af því hlaut að leiða. Hér við bætist, að til eru þeir menn, einnig innan veggja Alþingis, sem með öllu móti hafa reynt að gera samkomulagið tortryggilegt. Svo er að sjá sem einn armur Alþb. hafi ætíð verið andvígur samkomulaginu. Í Þjóðviljanum var frá upphafi gert lítið úr þeim ráðstöfunum til styttingar vinnutíma, sem um var samið. Og það voru fleiri en gallhörðustu línukommúnistar, sem voru óánægðir. Á Alþingi hefur talsmaður Framsfl. ögrað umboðsmönnum Alþýðusambandsins með því, að vinnutímastyttingin hafi verið allsendis ónóg, sjálfsagt hefði verið að knýja umsvifalaust fram a. m. k. átta tíma raunverulegan vinnudag. Var þá jafnvel hv. þm. Hannibal Valdimarssyni nóg boðið og sagði, að slíkt yrði ekki gert nema í áföngum á alllöngum tíma. „Tíminn“ hefur engu að síður haldið áfram ögrunum sínum, og í kvöld hafa menn heyrt, að málflutningur hv. framsóknarmanna er mun hófminni en hv. þm. Hannibals Valdimarssonar. Er þessi málflutningur hv. framsóknarmanna gott dæmi hinna gegndarlausu yfirboða, sem eiga sér stað meðal hv. stjórnarandstæðinga og gera þeim þeirra, sem ábyrgir vilja vera, erfitt um að fara sínu fram. Vill þá því miður stundum svo fara, að viljinn reynist helzt til veikur.

Þó að gengið væri til júnísamkomulagsins í góðum hug, væri ofmælt að segja, að tekizt hafi að fylgja því í öllu. Einstakir stéttahópar hafa neytt aðstöðu sinnar sér til framdráttar umfram aðra, án þess að forvígismenn Alþýðusambandsins hafi við það ráðið. Ekki kemur mér þó til hugar að bera þeim á brýn nein brigð, hvað þá svik í því sambandi, en meiri varúð mættu sumir málsvarar Alþýðusambandsins hafa sýnt í þessum efnum.

Það er með öllu fráleitt, að því skuli haldið fram, að skattaálagningin á s. l. sumri hafi rofið grundvöll eða anda júnísamkomulagsins, eins og þó kom fram hjá hv. þm. Hannibal Valdimarssyni áðan. Tekjuskattslögin voru samþ. nokkrum vikum áður en júnísamkomulagið var gert. Hvað sem menn segja um gildandi skattstiga, er það óvefengjanlegt, að þeir voru kunnir og öllum tiltækir, þegar samið var í júníbyrjun. Svipuðu máli gegnir um útsvarsstigann í Reykjavík. Þegar til kom, var afsláttur frá honum nokkru meiri en gert hafði verið ráð fyrir í þeim útreikningum, sem aðilar höfðu undir höndum við gerð júnísamkomulagsins.

Ástæðurnar til þess, að skattlagningin kom

illa við menn á s. l. sumri, voru einkum hinar miklu verðlagsbreytingar, sem orðið höfðu frá fyrra ári, stórhækkað raunverulegt kaupgjald t. d. hjá opinberum starfsmönnum, sem ekki höfðu áttað sig á, hversu miklu meira er tekið í skatta af þeim, sem há laun hafa en lág, og loks, að af þessum sökum höfðu menn greitt hlutfallslega mun minna fyrir fram en ella. Um öll þessi atriði og ýmis fleiri geta menn bollalagt fram og aftur, en ekkert þeirra hafði í sér fólgin nein brigð hvað þá svik á júnísamkomulaginu.

En sumir hafa ekki einungis tilhneigingu til að tengja júnísamkomulaginu mál því með öllu óviðeigandi, heldur sýnast hafa gleymt auðsæjum afleiðingum þess. Þá duldist engum, að einmitt vegna þess hlyti verðlag að hækka á næstu mánuðum til viðbótar öðrum verðhækkunum, sem voru fyrirsjáanlegar. Um þetta voru lagðir fram ágizkunarútreikningar, sem aðilar fengu til athugunar, og þó að ekki væri samið um viðbrögð gegn hækkunum, var ýtarlega rætt um, hver viðbrögð kæmu helzt til greina. Ríkisstj. lýsti yfir því, að hún mundi í fyrstu greiða verðhækkanir niður. Enga fasta ráðagerð um slíkt kvaðst hún þó hafa lengur en þangað til þing kæmi saman. Ágreiningur hefur risið um það, hvort nógu ljóst hafi verið, að stjórnin áskildi sér þá að velja hvern kostinn sem væri: hætta þá þegar hinum nýju niðurgreiðslum eða halda þeim áfram til áramóta án nýrrar skattheimtu til að standa undir þeim eða fá nýja skattstofna þegar í stað í því skyni.

Það var eingöngu til þess að eyða öllum ágreiningi um skilning á þessu, sem ég beitti mér fyrir því, að skattgjald skv. frv. þessu væri lækkað úr 8% í 7½%. Sú fjárhæð sker ekki úr, þótt hún hafi sína þýðingu. En hitt er frumskilyrði, að afsakanlegur misskilningur snúist ekki upp í svikabrigzl, sem engan vanda leysa, en eitra öll samskipti.

Um hitt hefur aldrei verið neinn ágreiningur, að stjórnin hafi berum orðum sagt, að til áframhaldandi niðurgreiðslna eftir áramót mundi þurfa nýjar tekjur í ríkissjóð og mundi ákvörðun tekin um slíka tekjuöflun, hvort hennar yrði óskað eða ekki, og yrði sú ákvörðun tekin í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Þetta er höfuðatriði, því að þar með er sannað, hvílík fjarstæða það er að halda því fram, að það geti verið á móti anda júnísamkomulagsins að innheimta slíka skatta. Það er þvert á móti viðurkennt, að ég hafi fyrir undirskriftirnar í júní aðvarað menn um þetta. Hið umdeilda aukaatriði, sem nú er úr sögunni, sýnir enn betur en ella, að um sjálft meginmálið gat enginn verið í vafa.

En hversu miklar hafa þá orðið þær hækkanir, sem menn sáu fyrir og ræddu um viðbrögð gegn, þegar júnísamkomulagið var gert, og af hvaða orsökum eru þær?

Um þær hef ég fengið yfirlit frá Efnahagsstofnuninni, og segir þar, að vísitala framfærslukostnaðar hefði hækkað um 8.4 stig frá 1. maí til 1. nóvember 1964, ef engin breyting hefði orðið á niðurgreiðslum. Af þessari hækkun stafa 5.7 stig af hækkun á verði landbúnaðarafurða í september, en þá hækkaði afurðaverð bænda um 11.7%, auk þess sem vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði. Enn fremur hækkaði vísitalan um 1.3 stig vegna hækkunar opinberra gjalda, en sú hækkun kom inn í vísitöluna 1. sept. Munaði hér mest um hækkun iðgjalda almannatrygginga um 1.26 stig, sem hins vegar var afleiðing kauphækkananna á árinu 1963, og hækkun söknargjalda. Á móti þessu kom nokkur lækkun tekjuskatts og útsvars. Þá hækkaði húsnæðisliðurinn um 0.3 stig. Er hér um að ræða hækkanir á ýmsum matvörum og fatnaðarvörum. Stafa þær að nokkru af kauphækkunum á árinu 1963, sem ekki koma fram fyrr en þetta, en einnig af verðhækkunum erlendis, einkum á kaffi. Á móti vegur svo veruleg verðlækkun á sykri.

Á því tímabili, sem hér um ræðir, hafa niðurgreiðslur verið auknar sem svarar 7.4 stigum, en það jafngildir 207—228 millj. kr. árlegum kostnaði eftir því, hvaða vörur eru teknar.

Af þessu er ljóst, að langsamlega mestur hluti þeirra hækkana, sem hér um ræðir, er vegna hækkana landbúnaðarafurða. Og beri menn nú þessar óhagganlegu staðreyndir saman við það, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson leyfði sér að fullyrða hér áðan. En þessi hækkun landbúnaðarafurða var umsamin af fulltrúum neytenda og framleiðenda, raunar með fyrirgreiðslu ríkisstj. Er þá þess að minnast, að af hálfu framleiðenda hafði í fyrstu verið krafizt miklu meiri hækkana. Þær hækkanakröfur voru mjög studdar í „Tímanum", enda hljóta þeir, sem skrif hans taka alvarlega, að hafa orðið fyrir gífurlegum vonbrigðum yfir, að hækkunin varð þó ekki meiri en raun ber vitni.

Framsóknarmenn þykjast vera öðrum mönnum meiri bændavinir. En það er vissulega grár leikur í garð bændastéttarinnar að róa nú að því öllum árum að magna tortryggni og fjandskap út af þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til að milda þessa hækkun. Framsóknarmenn vita vel, að ekki sízt innan verkalýðshreyfingarinnar er það býsna almenn skoðun, að slíta verði tengslin milli kaupgjalds og landbúnaðarvöruverðs, því að í þeim tengslum sé að finna aflvaka verðbólguþróunarinnar. Á bak við þessa skoðun býr sú trú ýmissa, að landbúnaðinn beri að draga saman, vegna þess að Íslendingar hafi ekki efni á að veita þeim, sem hann stunda, við núverandi aðstæður sambærileg lífskjör á við aðra, einkum sökum hins mikla kostnaðar, sem strjálbýli og vegalengdir skapa. Við, sem teljum, að hér sé ekki eingöngu eða jafnvel fyrst og fremst um fjárhagsmál að ræða, heldur viðhald eins helzta eðlisþáttar íslenzku þjóðarinnar, hljótum að undrast skammsýni framsóknarmanna, þegar þeir nú gera sér leik að því að efna til hatramms ófriðar einmitt af þessum sökum.

Ég segi: við hljótum að undrast, en senni-

lega hef ég ofmælt og bið afsökunar á því. Eftir að hafa heyrt talsmann Framsóknar hér í þingsalnum ögra hv. þm. Hannibal Valdimarssyni og hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni með því, að þeir séu ekki nógu skeleggir í því að krefjast styttingar vinnutíma, og heyrt hinn sama talsmann fagna með fögrum orðum frv. hv. þm. Einars Olgeirssonar um verkfallsrétt til handa opinberum starfsmönnum og eftir að hafa lesið till. hv. framsóknarmanna um 220 millj. kr. aukin útgjöld á fjárl., án þess að ætla til þess einn eyri í auknum tekjum, — eftir allt þetta getur enginn undrazt ábyrgðarlausa hegðun hv. framsóknarmanna. Fyrir þeim vakir það eitt að koma núv. ríkisstj. á kné. Til þess að ná því takmarki svífast framsóknarmenn einskis.

Nú vilja framsóknarmenn t. d. bæta þeim 207 eða 228 millj., er þarf á næsta ári í auknar niðurgreiðslur, fyrst og fremst vegna landbúnaðarvöruverðshækkunarinnar í haust, ofan á hinar 220 millj., sem framsóknarmenn hafa flutt hækkunartill. um við sjálf fjárl., allt án nokkurs tekjuauka. Um slíka tillögugerð þarf ekki að fjölyrða. Hún dæmir sig sjálf. Slíkt hið sama gerir sparnaðarhjal þeirra. Þeir flytja sjálfir ekki eina einustu sparnaðartill., og í málflutningi sínum linna þeir aldrei á kröfum um nýjar framkvæmdir og stofnun nýrra embætta í ólíkustu greinum. Sjálfir eiga þeir svo sökum langrar valdasetu áður fyrr meiri þátt í skipan og uppbyggingu núverandi embættiskerfis en nokkur annar flokkur.

Mér kemur ekki til hugar annað en að ýmislegt megi spara og koma hagkvæmar fyrir í ríkisrekstri. En það verður ekki gert, svo að verulega þýðingu hafi, nema á löngum tíma og með markvissu, samfelldu starfi, sem minna ber á en ella vegna eðlilegrar þenslu í þjóðfélagi, sem er ört vaxandi að fjölda og velmegun, en allt hefur þurft að byggja upp að nýju á örfáum áratugum. Á það ber einnig að líta, að sums staðar, þar sem auðvelt virðist að skera niður útgjöld, er með öllu óvíst, hvort það borgi sig. Glöggt dæmi um það er utanríkisþjónustan. Ég segi það af því, að ég veit, að það er vegna utanríkisþjónustunnar og fyrir atbeina hæstv. utanrrh., að Loftleiðadeilan leystist okkur í vil á s. l. hausti. Svo mætti lengi telja. En efni málsins er það, að enginn vandi verður leystur með lausu hjali, heldur ákveðnum athöfnum.

Sú mikla aukning, sem framsóknarmenn oft tala um að orðið hafi á útgjöldum fjárl. í tíð núv. stjórnar, hefur ekki orðið vegna þess, að stjórnin hafi ausið í botnlausa eyðsluhít sína, eins og þeir segja, heldur vegna þess að með tryggingum og niðurgreiðslum hefur hinn verr setti og fátækari hluti þjóðarinnar fengið stórkostlega lífskjarabót og öryggi, sem hann áður bjó ekki við. Með þessu hefur, eins og Páll heitinn Hermannsson sagði fyrir, þegar hann skarst úr liði flokksbræðra sinna og greiddi tryggingarlöggjöfinni atkvæði, tekizt að skapa nýtt og betra þjóðfélag. Margt hefur farið verr en skyldi, og verst af öllu er, að enn hefur okkur ekki tekizt að ráða við verðbólguna. En við skulum ekki þess vegna gleyma því, sem vel hefur tekizt fyrir okkar kynslóð, og þar á meðal ber að telja það, sem áunnizt hefur með tryggingunum. Sumir segja, — við heyrðum það í dag hér á þingi hjá einum framsóknarmanni, — að þær séu of víðtækar og þar megi mikið spara. E. t. v. má það að vissu marki. En þótt hinir betur stæðu njóti þeirra einnig, en út á það er einkum sett, þá greiða þeir jafnvel öðrum fremur til trygginganna, en fyrst og fremst eru það hinir fátækari, sem nú búa við allt annan hag en ella vegna trygginganna.

Þeirri gerbreytingu er oft gleymt, þegar verið er að telja fram, hversu kaupgildi tímakaups almennra verkamanna sé nú lakara en stundum áður. Allur er sá samanburður meir en lítið villandi, hæpinn viðmiðunartími valinn og ýmsu sleppt, sem er skilyrði þess, að rétt mynd fáist, eins og margoft hefur verið sýnt. Það er algerlega rangt hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að kaupmáttur dagkaups sé minni nú en fyrir 6 árum. Það er líka rangt hjá honum, að hlutur verkamanna í þjóðartekjum sé nú minni en áður. Á tímabilinu 1958—1963 hafa hreinar þjóðartekjur á mann aukizt um 15.6%, á sama tíma hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna kvæntra verkamanna í Reykjavík hækkað um 18.5% frá árinu 1958 til ársins 1963, og ef sjómenn og iðnaðarmenn eru taldir með, er meðalhækkunin 23.3%. Á öllu landinu munu þessar tölur vera lítið eitt lægri, en þessar stéttir hafa fyllilega haldið sinni hlutdeild í þjóðartekjunum og þó heldur betur.

Mjög ber á milli um þessar tölur, sem hinir fróðustu menn hafa látið mér í té, og hinar, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa á milli tannanna. Almenningur á að vonum erfitt með að gera sér grein fyrir, hvernig stendur á þessum mikla mun á útkomu dæmisins, en um allt þetta mál má lesa stórfróðlega ritgerð í 13. hefti ritsins Úr þjóðarbúskapnum, sem út kom á þessu ári, og hafa niðurstöður hennar ekki verið vefengdar. Þræta um þessar tölur skiptir og ekki öllu máli. Almenningur veit bezt af eigin raun, hvílík gerbreyting til hins betra hefur orðið á kjörum hans undanfarna áratugi og þá ekki sízt s. l. 3 ár, þó að stórátak þurfi að gera til þess að stytta vinnutíma, því er ég sammála. En stjórnmálamenn og verkalýðsleiðtogar eiga vafalaust minni hlut að máli um þessar kjarabætur, bæði til góðs og ills, en bæði þeir sjálfir og aðrir oftast láta. Mestu veldur tækniþróun, dugnaður almennings og framtak athafnamanna. En víst er, að stjórnmálamenn og verkalýðsleiðtogar geta bæði greitt fyrir og tafið.

Öllum kemur okkur nú orðið saman um, að kaupgjaldsbarátta undanfarinna áratuga hefur verið einstaklega ófrjó og síður en svo skilað erindi sem erfiði. Við allir, sem hlut áttum að júnísamkomulaginu, teljum okkur menn að meiri fyrir þá hlutdeild. Við erum ósammála um margt, og eðli málsins samkvæmt eru viðhorf okkar harla ólík. Stjórnmálabaráttan er

keimlík í flestum lýðræðislöndum. „Hlutverk stjórnarandstöðu er að vera í andstöðu," er haft eftir Taft heitnum, foringja íhaldssamari arms Repúblikana í Bandaríkjunum. Hv. þm. Framsóknar og Alþb. fylgja þessu boði hins alræmda íhaldsgarps dyggilega og vilja þar frekar fara að hans ráðum heldur en kenningu Bernharðs Stefánssonar, sem hér var áður vitnað til.

Gagnrýni er öllum holl, er ríkisstjórn má ekki hverfa frá skyldu sinni, einungis af því að hún veit, að hún á von á gagnrýni og skömmum. Við vissum ofur vel, þegar við gerðum júnísamkomulagið, að allir mundu vilja taka sinn hlut af hrósinu fyrir það. En við vissum einnig, að því fylgdi sitthvað, sem ekki var líklegt til vinsælda, en ríkisstj. yrði engu að síður að annast um framkvæmd á. Engir sjá betur en við annmarkana á söluskattshækkun nú. En annmarkarnir á því að skjóta sér undan að afla nauðsynlegs fjár eru enn þá meiri. Þá fyrst yrði með öllu vonlaust að ráða við verðbólguna. Við höfum sannfærzt um, að eins og horfir er þessi skattlagning eina færa leiðin til óhjákvæmnilegrar fjáröflunar, — óhjákvæmilegrar, ef ekki á að verða halli á ríkissjóði og þar með enn ný verðbólguorsök bætast við hinar, sem fyrir eru.

Þeir, sem tekið hafa að sér að vera í ríkisstj., verða að vera við því búnir, að á þeim mæði, þegar taka verður óþægilegar, óvinsælar ákvarðanir. Undan þessari skyldu munum við ekki skjóta okkur. En við treystum því, að áður en yfir lýkur, muni gæfa Íslands endast til þess, að á ný verði leitað sameiginlegrar lausnar á vanda, sem steðjar að allri íslenzku þjóðinni og okkur ber því öllum að gera allt, sem við megnum, til að leysa. — Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt og gleðileg jól, allur landslýður.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvarvetna í landi okkar fer nú fram undirbúningur fyrir jólahátíðina, þessa hátíð ljóssins í dimmasta skammdeginu. Allir keppast um að fegra og prýða heimili sín, en fyrst og fremst vilja menn gleðja aðra á jólum og kosta gjarnan miklu til. Friður og kærleikur milli mannanna er hinn mikli boðskapur jólanna. Hér á hinu háa Alþingi eru einnig miklar annir þessa dagana, og er þá ekki eðlilegt að álykta, að sjálfir landsfeðurnir gangi á undan í friðarboðun og kærleiksverkum? Jú, auðvitað. En því miður er ekki svo. Hér eru þessir síðustu dagar fyrir jól notaðir til myrkraverka, sem auka enn á ranglætið og spillinguna í þjóðfélaginu og boða ófrið og harðnandi stéttaátök. Slíkur er jólaboðskapur ríkisstjórnarinnar.

Hún hefur nú lagt fyrir Alþingi frumvarp um nýjar álögur á þjóðina, sem nema hátt í 300 millj. kr. á ári, og þessa upphæð á að taka af fólkinu með því að hækka hinn rangláta og óvinsæla söluskatt úr 5½% í 7½%. Rökin, sem fram eru færð fyrir þessari nýju skattheimtu, eru þau, að afla verði fjár í ríkiskassann, til þess að hægt sé að standa við júnísamkomulagið margnefnda, sem gert var við verkalýðshreyfinguna á s. l. vori um kaupgjalds- og kjaramál. Það er því ekki úr vegi að athuga nánar sjálft júnísamkomulagið og aðdraganda þess

Fyrst af öllu vil ég þó leiðrétta þá rangtúlkun á samkomulaginu, sem fram hefur komið í stjórnarblöðunum, að verkalýðsfélögin hafi í vor samið um auknar niðurgreiðslur á vöruverði. Þetta er auðvitað ekki rétt. Hið sanna er, að verkalýðsfélögin sömdu um verðtryggingu á kaupið, þ. e. að kaupið skyldi hækka skv. vísitölu, ef vöruverð hækkaði og vísitalan þar með. Það er svo ákvörðun stjórnarvaldanna, hvort kaupið er látið hækka, ef verðhækkanir verða, eða verðlaginu haldið óbreyttu með auknum niðurgreiðslum. Ríkisstj. valdi sjálf síðari kostinn.

Aldrei hefur verð á almennum nauðsynjavörum hækkað jafngífurlega og á valdatímabili núv. stjórnar. Var þó eitt af helztu stefnumálum hennar að kveða niður verðbólgu og dýrtíð. Svo vel hafa viðreisnarloforðin staðizt á þessu sviði, að á rúmum 4 árum hefur verðlag á brýnustu neyzluvörum almennings tvöfaldazt. Það, sem áður fékkst fyrir 100 kr., kostar nú 200 kr. og það þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur einmitt á þessum vörum.

Ríkisstj. ætlaðist til, að launastéttirnar bæru verðhækkanir viðreisnarinnar bótalaust, því að hennar fyrsta verk var að ónýta með lagaboði þau ákvæði í samningum verkalýðsfélaganna, að kaup skyldi hækka skv. vísitölu, ef verðlag hækkaði. Það var skákað í því skjólinu, að verkalýðshreyfingin væri ekki nægilega sterk til að brjóta þá fjötra af sér. Uppskeran af þessari stefnu ríkisstj. hefur orðið meiri ófriður og ókyrrð á vinnumarkaðinum en áður. Verkalýðsfélögin hafa hvað eftir annað orðið að leggja út í kaupgjalds- og verkfallsbaráttu til þess að hækka kaupið til samræmis verðlaginu. Hámarkinu var náð á s. l. ári, þegar þrívegis voru gerðir nýir kaupsamningar og sá síðasti í desember í fyrra eftir hart verkfall. Fjandskapur hæstv. ríkisstj. í garð verkalýðshreyfingarinnar náði þá einnig hámarki, þegar hún í fyrrahaust lagði fram frv. sitt um þvingunarlög, sem banna áttu til áramóta öll verkföll og kauphækkanir. En í þessu efni mætti ríkisstj. einhuga verkalýðshreyfingu og almenningsáliti, sem kom í veg fyrir þetta ofbeldisverk. Hinir vitrari menn í ríkisstj. sáu, að stefnt var í stórstyrjöld við fólkið í landinu, og gerðu því samkomulag um að draga frv. til baka, og setzt var að samningaborði við verkalýðshreyfinguna. Í þeim samningum í lok desemberverkfallsins í fyrra var samið um 15% kauphækkun, en eins og ávallt áður var sú kauphækkun að engu orðin, þegar fram á vorið kom, vegna nýrra verðhækkana. Þrátt fyrir kaupgjaldsbaráttu undanfarinna ára, hefur ekki tekizt að halda í við verðlagið. Kaup-

máttur tímakaupsins hefur sífellt minnkað, og menn hafa orðið að bæta við sig fleiri vinnustundum til þess að hafa sömu rauntekjur. Verkafólkið, launþegarnir í landinu, hefur ævinlega tapað á dýrtíðar- og verðbólguþróuninni.

Það var með þessar staðreyndir í huga, sem miðstjórn Alþýðusambandsins sendi ríkisstj. ályktun sína um kjaramál í aprílmánuði s. l. Í þessari orðsendingu var þróunin rakin og sýnt fram á, að kauphækkanir hafa alltaf orðið minni en verðhækkanirnar og komið á eftir þeim, það væri því fjarstæða að telja orsakir dýrtíðarinnar liggja í of miklum kauphækkunum verkafólks, verkalýðshreyfingin hefði verið í varnarbaráttu, og bent var á, að frá því í febr. 1960 hefði kaup verkamanna hækkað um 55%, en á sama tíma hefði vöruverð og þjónusta hækkað um 84%. Með þessari orðsendingu bauð Alþýðusambandið samstarf um lausn hinna mikilvægustu mála. Það lagði til, að þegar yrðu teknar upp viðræður milli ríkisstj. og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar um tilraunir til stöðvunar verðbólguþróunarinnar og um réttlátar og óhjákvæmilegar launa- og kjarabætur, sem nánar voru tilgreindar. Ríkisstj. tók þessari áskorun, og viðræður voru teknar upp, er leiddu til þess samkomulags, sem gert var 5. júní s. l. milli Alþýðusambandsins, ríkisstj. og atvinnurekenda.

Það er ekki ætlun mín að rekja hér júnísamkomulagið, aðeins minna á það helzta.

Verkalýðshreyfingin frestaði að mestu kröfum sínum um beina kauphækkun, en samið var um nokkrar kjarabætur á öðrum sviðum. Veigamesta atriði samkomulagsins er, að á ný var tekin upp verðtrygging á kaup, sem á að tryggja kaupmátt launanna, ef verðlag hækkar, og einnig að vera aðhald fyrir stjórnarvöldin til að halda verðlaginu í skefjum. Samningar þessir voru gerðir til eins árs, og auðvitað voru þeir gerðir í trausti þess, að ríkisstj. héldi það grundvallaratriði þeirra, að kjör verkafólks versnuðu ekki á tímabilinu, og gerði að öðru leyti ráðstafanir til að hefta verðbólguna. Við, sem stöndum í forustu fyrir verkalýðsfélögunum, höfum skilgreint júnísamkomulagið sem vopnahlé, og við höfum lagt áherzlu á, að bæði ríkisstj. og atvinnurekendur notuðu samningstímann vel og rækilega til að vera við því búin í vor að verða við óhjákvæmilegum kröfum verkalýðsfélaganna um beina kauphækkun. Og hver eru svo viðbrögð ríkisstj. til þess að gera vandann auðleystari í vor? Skattheimtan á fjárlögum er nú um 900 millj. kr. hærri en á fjárlögum í fyrra. Þar er meðtalin hækkun á söluskatti nú. Þar með er skattheimta ríkisins komin í röska 3 milljarða kr. á ári og þar af um þriðjungur í söluskatti. Slík gífurleg skattheimta er ekki til þess fallin að draga úr verðbólgu, allra síst þegar engin tilraun er gerð til að draga úr óhófseyðslu ríkissjóðs, heldur þvert á móti. Samþykkt frv. um hækkun á söluskattinum verkar beinlínis til þess að hrinda af stað nýrri verðbólguöldu vegna þeirra verðhækkana, sem af því leiðir. Þannig hafa viðbrögð ríkisstj. verið þveröfug við það, sem þau þurftu að vera. Það var nauðsynlegt að draga úr eyðslu ríkisins og stilla skattheimtunni í hóf. Hér við bætist svo, að með afgreiðslu fjárlaga og þessu frv. er sérstaklega þrengt að hag sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins. Þessar atvinnugreinar eru nú sviptar aðstoð, sem þeim var veitt í byrjun þessa árs og nam röskum 95 millj. kr. Hæstv. fjmrh. tekur nú þessa fúlgu beint í eyðslu ríkissjóðs.

Í þessum umræðum hefur verið sýnt fram á, að missir þessarar aðstoðar og hækkun söluskattsins þýðir fyrir fiskiðnaðinn hið sama og hann hefði þurft að standa undir 22% beinni kauphækkun. Í hvert sinn er verkalýðsfélögin gera kröfur um hækkað kaup, er þeim sagt, að útflutningsframleiðslan beri ekki hærra kaup, hún sé bundin af verðlagi á erlendum markaði. Af þessum sökum viðgengst það hneyksli, að fólkið, sem vinnur að þessari framleiðslu, er nú með lægsta tímakaup alls verkafólks í landinu, og væri því vitið meira að hækka kaup þessa fólks en að fleygja peningunum í eyðsluhít ríkisstj. En hefur nú hagur þessarar atvinnugreinar allt í einu batnað svo, að hún geti borið sem svarar til 22% kauphækkunar? Því miður er það víst ekki almennt svo. Þess vegna er þessari ráðstöfun beinlínis stefnt að því að koma í veg fyrir eðlilega samninga við verkalýðssamtökin í vor. Þannig ber allt að sama brunni, að stefna og aðgerðir ríkisstj. eru í beinni mótsögn við það, sem þurft hefði að gera, ef framhald átti að verða á þeirri stefnu, sem mörkuð var með júnísamkomulaginu.

Enn eru þó ótaldar þyngstu búsifjarnar, sem launafólkið hefur orðið að þola að undanförnu. Ég á hér við þá gífurlegu hækkun, sem varð á sköttum og útsvari í sumar. Sjaldan mun fólki hafa brugðið jafnilla við að sjá skattskrána og nú varð. Skattahækkanirnar komu eins og reiðarslag yfir launastéttirnar eftir hinar hátíðlegu yfirlýsingar, einkum hæstv. fjmrh., um hinar miklu skattalækkanir, sem í vændum væru. Hann lét einkamálgagn sitt, Vísi, reikna út, hvað menn gætu veitt sér fyrir allar þær þúsundir króna, sem spöruðust í skattgreiðslum. Sjálfsagt þótti m. a., að menn færu í orlofsferðir til annarra landa, svo mikill yrði afgangurinn. Sjaldan mun meira hafa verið logið að Íslendingum.

Strax og skattskráin kom út, sendi miðstjórn Alþýðusambandsins harðorð mótmæli og minnti á, að andi júnísamkomulagsins hefði verið sá, að lífskjör launþega skyldu ekki skert á samningstímanum, en slíkar drápsklyfjar skatta sem launþegum væri nú ætlað að bera röskuðu þeim grundvelli. Var óskað viðræðna við ríkisstj. um leiðréttingar launþegum til handa. Sams konar beiðni kom einnig frá BSRB. Þessir aðilar hófu svo viðræður við hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, sem þá gegndi einnig störfum forsætisráðherra, og Emil Jónsson, hæstv. félmrh. Fjmrh. hæstv. viðurkenndi, að ýmis mistök hefðu átt sér stað við álagninguna, sem leiðrétta mætti, og einnig mætti at-

huga möguleika á að leiðrétta þessi mál almennt. Varð síðan samkomulag um, að aðilar skipuðu sérstaka starfsnefnd til þess, eins og segir í erindisbréfi nefndarinnar, að athuga alla möguleika á því að veita afslátt og frekari greiðslufrest á álögðum opinberum gjöldum og kanna nánar önnur þau atriði, sem fram hafa komið í viðræðunum. Nefndin átti að hraða störfum og leggja tillögur sínar fyrir aðila. Þetta var í ágústmánuði, en það var kominn miður október, þegar nefndin skilaði áliti. Var það langt mál ásamt mörgum fylgiskjölum. Ekki taldi nefndin fært að lækka álögð gjöld, en gera þyrfti ráðstafanir til að aðstoða allfjölmennan hóp skattgreiðenda, svo að þeir gætu greitt opinber gjöld sín. Áttu menn að fá til þess eins konar kreppulán með víxilvöxtum. Stjórnir og viðræðunefndir Alþýðusambandsins og BSRB töldu þessa lánastarfsemi ófullnægjandi með öllu og að brýn nauðsyn væri á beinni eftirgjöf á álögðum gjöldum. Enn fóru fram viðræður og orðsendingar gengu á víxl. Loks var það á viðræðufundi hinn 5. nóv., að fjmrh. neitaði endanlega allri lækkun á álögðum gjöldum. Strax daginn eftir sendu samtökin ríkisstj. eftirfarandi bréf, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Á viðræðufundi fulltrúa ASÍ og BSRB með fulltrúum ríkisstj. 5. þ. m. var kröfu launþegasamtakanna um lækkun tekjuskatts og útsvara á árinu 1964 hafnað. Jafnframt kom það fram í skriflegu svari ríkisstj., að hún væri fús til þess að gera ráðstafanir til að draga úr erfiðleikum skattgreiðenda á þessu ári með lánveitingum í samræmi við tillögu starfsnefndar aðila. Nefndir ASÍ og BSRB telja leið þessa alls ófullnægjandi, en vilja þó eigi hafna aðild að henni, ef eftirfarandi skilyrðum fæst fullnægt:

1. Lánin verði vaxtalaus og án vísitölubindingar.
2. Lánstími verði 3. ár.
3. Lánveitandi verði ríki og/eða sveitarfélög.
4. Lánin séu talin jafngilda greiðslu á útsvari fyrir áramót og því frádráttarbær á næsta ári."

Þetta bréf var afhent 6. nóv. og síðan ekki söguna meir, fyrr en nú þann 12. þ. m., eftir rösklega 5 vikna algera þögn, að hæstv. fjmrh. tilkynnti símleiðis, að ríkisstj. féllist á öll okkar skilyrði varðandi lánin. Ég vissi ekki þá, að eitthvað mundi undir búa. En sama daginn og frv. um hækkun söluskattsins var lagt fyrir Alþingi, var okkur afhent uppkast að reglum um, hverjir skyldu verða aðnjótandi skattalánanna Þessar reglur voru þá svo úr garði gerðar, að við töldum þær ekki nothæfar. Þær eru nú í endurskoðun, og engu vil ég spá um niðurstöður.

Ég hef tekið þátt í öllum þessum viðræðum, og ég leyfi mér að fullyrða, að vísvitandi hefur allt málið verið dregið á langinn í von um, að reiðiölduna lægði og að innheimtan á sköttunum væri langt komin. Fyrst eru höfð góð orð um lagfæringar og síðan öllu neitað. Dregið er vikum saman að svara bréfi samtakanna, og þegar svarið berst, er síðasti gjalddagi liðinn. En meðan þessu hefur farið fram, hefur óspart verið hirt af kaupi manna í skattana. Mörg dæmi eru þess, að hið fasta kaup fyrir dagvinnu hefur allt farið í skattgreiðslur og menn hafa aðeins haft aukavinnuna til lífsframfæris. Ef hæstv. fjmrh., þessi loforðagleði maður, hefði verið í sporum þessara manna, hefði hann kannske ekki dregið málið jafnmikið á langinn og nú hefur verið gert. Nú fyrir jólin hefur þó fyrst keyrt um þverbak með innheimtuna. S. l. föstudagur var víða síðasti útborgunardagur fyrir jól, og hér eru nokkur dæmi um innheimtuna: Maður hafði röskar 1900 kr. fyrir vikuna, hann fékk 13 kr. í umslaginu. Annar hafði unnið fyrir röskum 2000 kr., hann hélt eftir 200 kr. Sá þriðji átti að fá 1950 kr., en fékk 300 kr. Allt voru þetta fjölskyldumenn, og þeir voru allir að inna af hendi síðustu skattgreiðsluna. Og dæmin eru miklu fleiri. Ég ætla, að það væri hollt fyrir hæstv. fjmrh. og reyndar fyrir alla ráðherrana að reyna að setja sig í fótspor þessara manna, þegar þeir komu heim til fjölskyldna sinna með tóm umslögin. Það verður naumast ríkulegt jólaborðið á þeim heimilum.

En á sama tíma og gengið er svo nærri launafólki í skattheimtu, að margir hafa ekkert eftir til að lifa á, er ekki einu sinni reynt að innheimta þá tugi millj., sem enn eru útistandandi af stóreignaskattinum. Það er ekki nóg með, að gróðafyrirtækjum og auðmönnum sé hlíft við álagningu og þeir látnir komast upp með stórfelld skattsvik ár eftir ár, heldur virðist ekki vera gerð tilraun til að innheimta þann réttlátasta skatt, sem á þá hefur verið lagður, stóreignaskattinn. Hæstv. fjmrh. kallaði áðan þennan skatt hneykslí og lögleysu. Já, það heitir á hans máli hneykslí og lögleysa að leggja sérstakan skatt á stóreignamenn. En hann hefur engin slík orð um það hróplega ranglæti og ofsalegu skattpíningu, sem ég hef hér lýst. Það er fullljóst, hverra hagsmuni hæstv. fjmrh. ber fyrir brjósti.

Þegar minnzt er á skattsvikara, kemur mér í hug, hvers vegna ríkisstj. velur endilega söluskattinn sem fjáröflunarleið. Nú er það vitað og viðurkennt af sérfræðingum hennar, að enginn skattur skilar sér jafnilla í innheimtu og söluskatturinn. Innheimtumenn söluskattsins eru milliliðirnir. Vitað er, að þar eru skattsvik mikið iðkuð. Þó að þessir menn jafnvel vildu skila söluskattinum öllum, gætu þeir það ekki, því að með því væru þeir að gefa upplýsingar um veltuna, sem gæti komið þeim í koll varðandi aðra skatta. Getur það átt sér stað, að verið sé að hygla þessum mönnum sérstaklega með því að láta þá hafa meira úr að moða? Er söluskattsleiðin valin þess vegna?

Góðir áheyrendur. Á nýloknu þingi Alþýðusambandsins var einróma samþykkt krafa um

verulega kauphækkun, þegar samningar renna út í vor. Það er óhjákvæmilegt, að verkalýðssamtökin reisi kröfu um slíka kauphækkun, sem ekki verði látin fara út í verðlagið. Verkafólkið gerir kröfu til að fá aukna hlutdeild í sívaxandi þjóðartekjum, og það vill fá þá hlutdeild án þess að gjalda fyrir það með fleiri vinnustundum. Samtökin munu áfram berjast gegn aukinni dýrtíð og verðbólgu, en verði nýrri skriðu hleypt af stað, munu verkalýðsfélögin ekki halda að sér höndum, heldur verja hagsmuni félagsmanna sinna með öllu atfylgi sínu.

Engin samráð hafa verið höfð við verkalýðssamtökin um efni þessa frv., er hér liggur fyrir. Hefði slíkt þó verið eðlilegt eftir júnísamkomulagið. Þetta er hættulegt mál fyrir þjóðarheildina og óskynsamleg málsmeðferð. Þess vegna ber hæstv. ríkisstj. að draga frv. til baka og leita annarra úrræða, en verði það ekki gert, þurfa allir launþegar og verkalýðssamtökin sem heild að fylkja liði gegn afleiðingum þess og til varnar hagsmunum sínum.

Ég óska svo hlustendum gleðilegra jóla og farsæls árs.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hefur fallið í minn hlut að vera síðastur ræðumanna við þessar umræður. Af þeim sökum mun ég reyna að haga orðum mínum þannig, að stjórnarandstæðingar þurfi ekki að telja sig hafa ástæðu til beinna andsvara. Ég mun því fyrst og fremst leitast við að skýra aðalatriði þess máls, sem hér er deilt um.

Frv., sem hér er til umr., er um hækkun söluskatts um 2%. Þessari hækkun söluskattsins er ætlað að auka tekjur ríkissjóðs um 246 millj. kr. Og nú er von, að menn spyrji: Er þessi hækkun söluskattsins nauðsynleg? Hvers vegna er hún nauðsynleg? Það er skoðun ríkisstj. og þeirra flokka, sem hana styðja, að þegar árferði og efnahagsástand er eins og það er nú hér á Íslandi, sé nauðsynlegt, að ríkisbúskapurinn sé a. m. k. hallalaus. Ríkisbúskapurinn er einn mikilvægasti þáttur þjóðarbúskaparins. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eru um það bil 1/5 hluti allra tekna og gjalda þjóðarbúsins. Ef tilhneiging er til ofþenslu í þjóðarbúskapnum, þá er hægt að draga úr henni eða koma í veg fyrir skaðleg áhrif hennar með því að hafa greiðsluafgang í ríkisbúskapnum. Hliðstæðu máli gegnir, ef eftirspurn er of lítil í þjóðfélaginu í heild, framkvæmdahugur lítill og atvinnuleysi ríkjandi, þá ætti ríkið að leggja sérstaka áherzlu á að halda uppi framkvæmdum og auka atvinnu og eftirspurn, jafnvel þótt af því hlytist halli á ríkisbúskapnum. Þannig verður jafnan að líta á ríkisbúskapinn sem þátt í þjóðarbúskapnum öllum, en ekki eins og atvinnufyrirtæki eða heimili, sem heilbrigt er að gæti þess, að á hverju ári sé sem mest samræmi í gjöldum og tekjum. Á ríkisbúskapnum á að vera greiðsluafgangur á svonefndum uppgangsárum eða þensluárum. Á ríkisbúskapnum á að vera halli á atvinnuleysisárum og krepputímum. Greiðsluafgang frá góðum árum á að leggja til hliðar og ráðstafa honum á mögrum árum. Á þensluárum á aldrei að ráðstafa tekjuafgangi frá fyrri árum, þótt hann sé fyrir hendi, það eykur þensluna.

Á árunum 1962 og 1963 varð verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Á því ári, sem nú er að líða, er afkoma ríkissjóðs hins vegar miklu lakari en undanfarin ár, enda þótt góðæri sé nú sízt minna í landinu en var á þessum árum. Sést það m. a. á því, að ríkissjóður hefur meiri hluta þessa árs verið í mikilli skuld við Seðlabankann. Það er margt, sem hefur valdið því, að afkoma ríkissjóðs er á þessu ári miklu verri en undanfarin ár. Í fyrra jókst innflutningur mjög verulega í kjölfar hinna miklu kauphækkana, sem urðu á árinu. En á árinu 1963 hækkuðu laun hvorki meira né minna en um 30%, samtímis því sem þjóðarframleiðslan jókst um 7%. Þess vegna varð í fyrra mikill halli á greiðsluviðskiptunum við útlönd, en þessi halli færði ríkissjóði auknar tekjur af innflutningsgjöldum og söluskatti. Launahækkanirnar juku einnig skatttekjur ríkissjóðs. Á yfirstandandi ári hefur hins vegar orðið miklu meira jafnvægi í þjóðarbúskapnum en í fyrra. Tekjuaukningin innanlands hefur verið í meira samræmi við raunverulega aukningu þjóðartekna, og í ár verður ekki halli í greiðsluviðskiptunum við útlönd, en það hefur á hinn bóginn valdið því, að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum og söluskatti hafa ekki haldið áfram að vaxa eins mikið og áður. Hins vegar hafa ýmis útgjöld ríkissjóðs vaxið mjög á þessu ári frá því, sem var í fyrra. Má þar til dæmis nefna hinar auknu niðurgreiðslur innlendrar landbúnaðarvöru, sem ákveðnar voru á s. l. hausti til þess að koma í veg fyrir þá hækkun landbúnaðarvörunnar, sem fulltrúar framleiðenda og neytenda sömdu þá um. Þessar auknu niðurgreiðslur nema um 68 millj. kr. á þessu ári. Þá hafa útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir aukizt um hvorki meira né minna en 73 millj. kr. á þessu ári, samanborið við árið 1963. Þær hafa með öðrum orðum næstum tvöfaldazt. Þessir tveir liðir einir hafa því hækkað um allt að 150 millj. kr. á yfirstandandi ári umfram það, sem var í fyrra, og þetta hefur gerzt samtímis því, sem tekjur ríkissjóðs hafa ekki vaxið nema tiltölulega lítið, einmitt vegna þess, að í ár hefur tekizt að koma í veg fyrir halla í greiðsluviðskiptunum við útlönd.

Í sambandi við söluskattshækkunina nú skiptir auðvitað ekki afkoma ríkissjóðs á undanförnum árum og ekki einu sinni á yfirstandandi ári höfuðmáli, heldur hitt, hvernig horfurnar eru á næsta ári. Liðinn tími er liðinn, og því, sem þá hefur gerzt, verður ekki breytt úr þessu. Söluskattshækkunin á að koma til framkvæmda á næsta ári, og aðalatriðið er auðvitað, hvort ríkissjóður þarfnast hinna auknu tekna á því ári eða ekki.

Þegar ákvörðun var tekin um það að láta

hækkun innlendu landbúnaðarafurðanna ekki koma til framkvæmda á s. l. hausti, heldur auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði, voru engar ráðstafanir gerðar til þess samtímis að auka tekjur ríkissjóðs, sem hinum auknu niðurgreiðslum svaraði. Þetta hlaut öllum að vera ljóst, stjórnarandstæðingum jafnt sem stuðningsmönnum ríkisstj., meðlimum verkalýðsfélaganna og forustumönnum þeirra jafnt sem atvinnurekendum. Ef ríkisstj. hefði ekki ákveðið að auka niðurgreiðslurnar á s. l. hausti, heldur hefði látið umsamda hækkun landbúnaðarverðsins valda hækkun verðlags, þá hefði vísitala framfærslukostnaðar af þeim sökum hækkað um 6 stig og kaupgjald þar af leiðandi um 3—4% síðar um haustið. Slíka þróun mála taldi ríkisstj. þó óheppilega vegna júnísamkomulagsins, sem hún hafði beitt sér fyrir milli launþegasamtakanna og vinnuveitenda. Sú mikla hækkun, sem raunverulega varð á verði innlendra landbúnaðarafurða í sept. s. l., skapaði hins vegar í raun og veru alveg nýtt viðhorf í íslenzkum efnahagsmálum vegna þess ákvæðis júnísamkomulagsins, að kaupgjald skyldi upp frá því á ný háð breytingum á framfærslukostnaðarvísitölunni. Síðan í september hefur öllum, sem fylgjast með aðalatriðum íslenzkra efnahagsmála, hlotið að vera ljóst, að í síðasta lagi nú fyrir áramótin yrði að taka mjög mikilvægar ákvarðanir varðandi þróun efnahagsmála á árinu 1965. Enginn, sem taka vill tillit til staðreynda, getur borið á móti því, að algerlega er útilokað að láta ástand það, sem ríkt hefur síðan í sept. s. l., haldast á árinu 1965. Ríkissjóður getur ekki á næsta ári haldið áfram að standa straum af hinum nýju niðurgreiðslum frá í sept., án þess að annaðhvort tekjur hans aukist eða gjöld hans minnki, þar eð um engan greiðsluafgang er að ræða á þessu ári, og ef ríkissjóður hætti niðurgreiðslum, mundi verðlag og vísitala framfærslukostnaðar og þá um leið kaup að sjálfsögðu hækka.

Öllum viti bornum mönnum hefur því hlotið að vera ljóst, að eitt af þrennu hlyti að gerast í síðasta lagi nú um áramótin. Í fyrsta lagi, að verðlag innlendra landbúnaðarafurða stórhækkaði, í öðru lagi, að lagðir yrðu á einhverjir nýir skattar til þess að standa undir hinum auknu niðurgreiðslum, og í þriðja lagi, að dregið yrði verulega úr útgjöldum ríkissjóðs. Að sjálfsögðu hefði svo einnig komið til greina að fara allar þessar leiðir að einhverju marki. Þessar þrjár leiðir hafa verið til umhugsunar og umræðu allar götur síðan í sept. s. l. Hver þeirra hefur sína kosti og sína galla. Án efa hefði það verið hyggilegast að leggja fyrst og fremst áherzlu á að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og þá fyrst og fremst til ýmiss konar fjárfestingar, bæði í fjárlögum og utan fjárlaga. Það hefði verið í mestu samræmi við þá heildarstefnu, sem tvímælalaust ber að fylgja varðandi ríkisbúskapinn í veltuárum eins og þeim, sem nú eru á Íslandi, að takmarka opinberar framkvæmdir og reyna að hafa áhrif á alla aðra opinbera aðila og þá fyrst og fremst bæjar- og sveitarfélög um að gera slíkt hið sama, þar eð eftirspurn virðist vera eftir tiltæku vinnuafli og fjármagni í atvinnuvegum þjóðarinnar. En hér er hægara um að tala en framkvæma. Langmestur hluti útgjalda fjárlaganna er bundinn af sérstakri lagasetningu, svo sem tryggingalöggjöf og fræðslulöggjöf. Heildarfjárveitingar til opinberra framkvæmda eru á fjárlögum ekki meiri en 500—600 millj. kr., og þegar það er haft í huga, að verðhækkun landbúnaðarafurðanna á s. l. hausti kostar ríkissjóð hvorki meira né minna en 228 millj. kr. í auknum niðurgreiðslur á einu ári, þá gefur auga leið, hversu torvelt er að mæta allri aukningu niðurgreiðslnanna með lækkuðum útgjöldum einum saman.

Ýmsir þingmenn hafa sagt fullum fetum, bæði í þessum umræðum í kvöld og undanfarna daga hér á hinu háa Alþingi, að þeir telji, að leysa beri allan vandann með útgjaldalækkun hjá ríkissjóði, og látið eins og það sé bókstaflega enginn vandi. Engar ákveðnar tillögur hafa þó komið fram af þeirra hálfu um það, hvaða útgjöld ætti að lækka. Þau fáu atriði, sem nefnd hafa verið, nema nokkrum millj. kr., en eins og ég hef margsagt, nemur hækkun niðurgreiðslnanna í sept. s. l. 228 millj. kr. á næsta ári. Enginn hefur komizt neitt nálægt því að nefna möguleika á slíkum sparnaði. Það ætti og að vera augljóst mál, að ákvarðanir um nokkur hundruð millj. kr. lækkun á útgjöldum ríkisins verða ekki teknar í skyndingu, heldur þurfa þær langvarandi undirbúnings, ef þær eiga að vera framkvæmanlegar, og ef draga ætti úr opinberum framkvæmdum eða fresta þeim, þarf að vera um það víðtæk samstaða á Alþingi, þar eð opinberu framkvæmdirnar eru yfirleitt allar mjög nauðsynlegar í sjálfu sér og þess vegna ekki hægt að draga úr þeim eða fresta þeim, nema víðtækur skilningur sé á því, að önnur markmið í efnahagsmálum séu enn mikilvægari. Í þessu sambandi verður að segjast alveg umbúðalaust, að á Alþingi hefur ekki verið og er ekki samstaða um að hafa opinberar framkvæmdir öllu minni en þær hafa verið á þessu ári og eru fyrirhugaðar á næsta ári. Öllum skynsömum mönnum hlýtur því að vera ljóst, að allan vandann, sem við er að etja, hefði verið ógerningur að leysa eingöngu með útgjaldalækkun hjá ríkissjóði, en auðvitað má segja, að fyrst og fremst hefði átt að leggja áherzlu á þá leið. Ef ríkisstj. hefði gert það, er þó enginn efi á því, að það hefði sætt enn þá meiri andspyrnu hér á hinu háa Alþingi en sú leið, sem ríkisstj. leggur nú til að farin verði. Hver efast um það, hvað stjórnarandstaðan hefði sagt, ef ríkisstj. hefði lagt til að fresta verklegum framkvæmdum sem næmi tugum millj. kr., en án slíks hefði útgjaldalækkunarleiðin aldrei getað leyst vandann?

Varðandi hitt, hvort réttara hefði verið að láta verðlag landbúnaðarafurðanna hækka nú um áramótin eða hækka söluskattinn, eins og ríkisstj. hefur lagt til, er það að segja, að miðað við sömu áhrif á verðlag bætir hækk-

un söluskatts hag ríkissjóðs mun meir en afnám niðurgreiðslna. Afnám allra niðurgreiðslna frá því í sumar og haust hefði hækkað vísitöluna um 7.4 stig eða um 4½%. Hætt er við, að atvinnuvegunum hefði reynzt erfitt að standa undir slíkri hækkun. En bein áhrif hækkunar söluskattsins á framfærslukostnaðarvísitöluna eru hins vegar ekki nema 2½ stig eða 1½%. Þess vegna valdi ríkisstj. þann kost.

Þetta eru meginatriði þess máls, sem fyrir liggur. Í sept. s. l. varð samkomulag um það milli fulltrúa bænda og neytenda að skrifa reikning á þjóðarbúið, sem á næsta ári nemur 228 millj. kr., vegna aukinna niðurgreiðslna. Auk þess tók ríkissjóður á sig í sambandi við samkomulagið önnur útgjöld vegna landbúnaðarins, sem nema allt að 30 millj. kr., og enn fremur aukast útflutningsbætur vegna samkomulagsins um allt að 25 millj. kr. Þennan næstum 300 millj. kr. reikning verður að greiða. Það þýðir ekkert að láta eins og hann sé ekki til, og það þýðir ekkert að reyna að skjóta sér undan að greiða hann. Hann er orðinn til í samræmi við löggjöf, sem á sínum tíma var sett með samþykki allra flokka, bæði þeirra, sem eru nú í stjórn, og hinna, sem eru nú í stjórnarandstöðu.

Það, sem ég hef verið að reyna að segja, er, að þennan reikning hefði á næsta ári mátt greiða með þrennum hætti: Mikilli verðhækkun landbúnaðarvaranna og þá um leið meiri kauphækkun en atvinnuvegirnir hefðu þolað, mikilli lækkun ríkisútgjalda, sem óframkvæmanlegt hefði verið að fá fullnægjandi samstöðu um, og í þriðja lagi með öflun nýrra tekna í ríkissjóð með hækkun skatta. Það er þessi þriðja leið, sem ríkisstj. vill fara. Stjórnarandstöðuflokkarnir vilja, að framleiðendur landbúnaðarvaranna fái reikninginn greiddan, en vilja hvorki, að landbúnaðarvörur hækki í verði, né heldur, að útgjöld ríkisins séu lækkuð eins og þyrfti, né heldur, að skattar séu hækkaðir til þess að greiða reikninginn. Það getur vel verið, að þeir menn séu til á Íslandi, sem taka þennan málflutning stjórnarandstöðunnar sem góða og gilda vöru og telja ríkisstj. ekkert hafa þurft að gera nú fyrir áramótin. Ég held þó, að þessir menn séu ekki mjög margir og þeim fari sem betur fer fækkandi.

En þótt deilt sé nú hart um hækkun söluskattsins, megum við samt ekki láta þessa deilu verða til þess, að við gleymum verkefnunum, sem fram undan eru á fyrri hluta næsta árs. Um mitt næsta ár eiga að fara fram nýir launasamningar á milli launþegasamtakanna og vinnuveitenda. Niðurstaða þeirra samninga mun algerlega skera úr um, hver heildarefnahagsþróunin verður á næsta ári og næstu árum. Júnísamkomulagið í ár sýndi ljóslega, hversu mikið getur áunnizt, þegar bæði ríkisvald, verkalýðsfélög og vinnuveitendasamtök einbeita sér að því að leysa vanda með raunhæfum kjarabótum, í stað þess að laun séu hækkuð í krónutölu með þeirri afleiðingu einni, að verðlagshækkun sigli í kjölfarið. Það er afar mikilvægt, bæði fyrir hag launþega og fyrir alla efnahagsþróun landsins, að áfram sé haldið á þessari braut og reynt sé að ná aftur samningum á næsta ári, er séu svipaðs eðlis. En til þess að svo megi verða, þurfa viðræður og athuganir að hefjast með góðum fyrirvara.

Mér virðast einkum vera fjögur atriði, sem athuga þurfi í sambandi við lausn þessara mála.

Í fyrsta lagi er mikilvægt, að reynt sé að halda áfram viðleitni í áttina til styttingar vinnutímans, eins og gert var í síðustu samningum. Öllum ber saman um, að vinnutími hér á landi sé lengri en góðu hófi gegnir og sé því eðlilegt, að aukin velmegun þjóðfélagsins komi fram í styttri vinnutíma. Þar við bætist, að stytting vinnutímans getur stuðlað að aukinni framleiðni og þar af leiðandi orðið miklu kostnaðarminni fyrir þjóðfélagið en beinar launahækkanir, sem hefðu ekki á sama hátt í för með sér aukna framleiðni.

Annað atriði er endurskoðun skattalöggjafarinnar. Það er óþarfi að undirstrika, hversu ábótavant núverandi skattakerfi er. Það, sem gera þarf í þessum málum, er þrennt. Í fyrsta lagi þarf að endurskoða núgildandi tekjuskatts- og útsvarsstiga. Athuga þarf, hvernig skattbyrðin skiptist á gjaldendur eftir tekjuflokkum og fjölskyldustærð, og þarf í því sambandi að taka tillit til allrar skattbyrðarinnar, þ. e. útsvara, tekjuskatts og nefskatta, sem greiddir eru, svo sem tryggingagjalds. Í öðru lagi þarf að athuga, hvort ekki sé tímabært og nauðsynlegt að breyta skattakerfinu í þá átt að auka fasteignaskatta og breyta tekjuöflun sveitarfélaganna úr útsvörum í fasteignaskatta að verulegu leyti. Hér á landi eru fasteignaskattar miklu lægri en sennilega í nokkru öðru landi veraldar. Bendir margt til þess, að erfitt sé að koma hér á réttlátu og heilbrigðu skattakerfi án hækkunar á fasteignasköttum. Hins vegar hafa fasteignaskattar hér verið lágir svo lengi, að erfitt er að gera hér snöggar breytingar. Þess vegna væri að öllum líkindum skynsamlegast að framkvæma slíkar breytingar í áföngum og ætla sér til þess góðan tíma. Í þriðja lagi þarf svo að gera ráðstafanir til þess, að álagning verði réttlátari en verið hefur og torveldara fyrir skattgreiðendur að skjóta sér undan skattgreiðslu. Margvíslegar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar í þessa átt, og verður að halda þeim áfram.

Þriðja atriðið, sem athuga ætti í sambandi við væntanlega launasamninga, er lækkun tolla. Tollar eru hér á landi mjög háir og miklu hærri en víðast hvar annars staðar í heiminum. Frá almennu efnahagssjónarmiði væri mjög skynsamlegt að lækka tolla. Við þurfum á því að halda, að aðrar þjóðir lækki tolla á útflutningsvörum okkar, en því getum við varla komið til leiðar, nema við séum reiðubúnir til þess að lækka tolla á þeim vörum,

sem við flytjum inn. Enn er þess að geta, að hinir háu tollar valda ríkissjóði í raun og veru miklum erfiðleikum vegna smygls, sem þeir hafa í för með sér. Þá eru tollarnir auðvitað mikill baggi á herðum launþega, þar sem þeir valda hærra vöruverði en annars þyrfti að eiga sér stað.

Fjórða atriðið, sem ég tel að verði að koma til athugunar í sambandi við undirbúning launasamninganna, er endurskoðun stefnunnar, sem fylgt er í landbúnaðarmálum. Hinn sívaxandi stuðningur við landbúnaðinn úr ríkissjóði er orðinn eitt af helztu efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Enginn ágreiningur er um það, að Íslendingar eiga að stunda landbúnað. Hins vegar getur íslenzkur landbúnaður eflaust ekki orðið samkeppnisfær við landbúnað helztu útflutningsþjóða á landbúnaðarvörum. Þess vegna er óhjákvæmilegt og sjálfsagt að vernda íslenzkan landbúnað fyrir samkeppni af hálfu helztu landbúnaðarþjóðanna, en landbúnaðurinn verður þá að endurgjalda þá vernd með því að leggja allt kapp á að halda framleiðslukostnaði eins lágum og mögulegt er, jafnframt því sem framleiðslan sé fyrst og fremst miðuð við þarfir innanlandsmarkaðsins. Á hvoru tveggja er þó mikill misbrestur. Landbúnaðarframleiðslan vex hröðum skrefum, án þess að þörf sé fyrir aukninguna innanlands. Hún er þess vegna flutt út. En útflutningsverð á kjöti er um það bil 2/3 hlutar af því, sem kostar að framleiða það hér innanlands, og útflutningsverð mjólkurafurða er ekki nema 1/3 hluti af framleiðslukostnaðinum innanlands. Á næsta ári mun ríkissjóður greiða yfir 180 millj. kr. í bætur á útfluttar landbúnaðarvörur, og er það um 10% af heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar. Miðað við það, að bændur séu um 6000 að tölu, lætur nærri, að útflutningsbæturnar úr ríkissjóði nemi um 30 þús. kr. á hvern bónda í landinu, og það er ekki aðeins, að greiða þurfi þetta mikla fé með þeirri aukningu landbúnaðarframleiðslunnar, sem flutt er út, heldur er hátt í 200 millj. kr. samhliða varið samkv. fjárlögum til þess að auka landbúnaðarframleiðsluna. Alla stefnuna í landbúnaðarmálunum þarf þess vegna að endurskoða vandlega. Gera verður skynsamlega framtíðaráætlun um stækkun býla og aukna tækni í landbúnaðinum, sem lækki framleiðslukostnaðinn, samtímis því sem framleiðslan sé í ríkara mæli en nú á sér stað miðuð við þarfir innanlandsmarkaðsins, þannig að þörfin á útflutningsbótum minnki. Þá verður og að endurskoða reglurnar, sem nú gilda um verðlagningu landbúnaðarafurðanna. Þær hafa verið gallaðar frá upphafi og eru nú að ýmsu leyti orðnar algerlega úreltar.

Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar, að stytting vinnutíma, endurbætur í skatta- og tollamálum og skynsamlegar breytingar á stefnunni í landbúnaðarmálum mundu vera íslenzkum launþegum miklu raunverulegri og varanlegri kjarabót en óraunhæf hækkun kaupgjalds í krónum. Ég tel það fyrst og fremst vera hagsmunamál launþeganna sjálfra, að í kjölfar launasamninganna á miðju næsta ári sigli ekki ný verðbólgualda. Ef laun hækka ekki meira en efnahagskerfið þolir, eru ótvírætt skilyrði fyrir hendi fyrir áframhaldandi vaxandi velmegun hér á landi, ört vaxandi þjóðarframleiðslu samfara sterkri stöðu út á við.

Ég sé þó enga ástæðu til þess að draga dul á það, að ýmsir erfiðleikar eru fram undan í íslenzku efnahagslífi. Svo virðist sem hver hópurinn af öðrum telji nú kominn tíma til að skara eld að sinni köku. Þetta á sér oft stað í góðæri, og það er skuggahliðin á góðærinu, því að hætt er við, að í heild verði kröfurnar svo miklar, að ekki geti allir fengið allt, sem þeir vilja, heldur verði allir fyrir tjóni, ef þeir reyna allir að knýja kröfur sínar fram. Á þessu hefur verið vaxandi skilningur á þessu ári. Það er mjög mikilvægt, að hann verði ekki minni á næsta ári.

Þetta eru vandamálin, sem þarf að einbeita sér að, þegar storminn, sem nú hefur verið um söluskattshækkunina, lægir, og hann lægir áreiðanlega innan skamms. En þá verða allir þeir, sem áhuga hafa á því, að jafnvægi haldist í íslenzku efnahagslífi, að halda vöku sinni.

Ég lýk þessum orðum mínum með einlægri ósk um það, að sem fyrst á næsta ári megi hefjast samstarf ríkisstjórnar, launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka um að undirbúa þess konar launasamninga á miðju næsta ári, sem tryggi launþegum raunverulegar kjarabætur vegna vaxandi þjóðarframleiðslu og sterkrar gjaldeyrisstöðu. Í íslenzkum efnahagsmálum yrðu ekki meiri gæfuspor stigin á næsta ári en þau, að áframhaldandi friður héldist með launþegasamtökunum og vinnuveitendasamtökunum á grundvelli ráðstafana til verndunar jafnvægis í efnahagsmálum og þess konar breytinga á kjörum, sem eru ekki verðbólgureykur einn, heldur traust undirstaða aukinnar velmegunar, vaxandi afkomuöryggis og bætts menningarlífs. — Góða nótt og gleðileg jól.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 220) leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 220,1 felld með 21:18 atkv.

— 220,2 felld með 21:19 atkv.

Frv. samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, SB.

nei: RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk, LJós.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 225).

11. Tekjustofnar sveitarfélaga (hluti jöfnunarsjóðs af söluskatti).

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [107. mál] (stjfrv., A. 174).

Á 31. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga stendur í beinu sambandi við þá breytingu á lögum um söluskatt, sem hér var til umræðu og ég skýrði þá, og þarf ekki við að bæta öðru en því að undirstrika, að hér er lagt til, að ríkissjóður greiði 7½% af 8% söluskattinum í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og er það hliðstætt við 20% af 3% söluskattinum samkv. l. frá 1960.

Ég legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og fjhn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þetta frv. er afleiðing af frv. því, sem verið var að vísa til n. áðan. Það er dilkur með því frv. Söluskattshækkunarfrv. er móðir þess. Ég kann ekki við annað en vekja athygli á því, að þessi dilkur er ekki á vetur setjandi, eins og hann er á sig kominn. Mér þykir það í raun og veru hálfraunalegt, að hæstv. fjmrh. skuli leggja fram og mæla með svona frv., sem felur það í sér, að söluskattshluti sá, sem á að ganga til sveitarfélaganna, á að standa í stað í þeirri miklu dýrtíð, sem nú er, og jafnframt því, að álögur til ríkisins eru hækkaðar, álögur, sem leiða af sér hækkun á tekjuþörf sveitarfélaganna m. a. Eitt sinn var það, að hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir því, að sveitarfélögin fengju 1/5 af söluskatti. Ég fylgdi honum fast í því máli.

Það er nú svo með hæstv. ríkisstj., að það er eins og hún sé alltaf á flótta nú orðið. Og undan hverju? Ja, menn segja: Hún er á flótta undan skugganum af sjálfri sér. Dýrtíðin hrekur hana. Menn hafa hér í sambandi við móðurfrv. þessa frv. lagt áherzlu á það með ýmsu móti, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur beðið ósigur og hrökklazt frá markmiðum þeim, sem hún í upphafi síns starfs lýsti yfir, að hún hefði, og kallaði þá stefnu sína viðreisnarstefnu. Í hug minn hefur sérstaklega komið undir þessum umr. kvæði eftir Davíð Stefánsson, eitt af sterkustu kvæðum hans. Það heitir „Skriftamál gamla prestsins." Gamli presturinn leit yfir ævi sína og var nú hættur prestsskap. Og hann taldi upp mistök sín, stór og mörg, og sagði m. a.: „Ég barst eins og flak fyrir bylgjum og straumi." Mér finnst það eiga við um þessa hæstv. ríkisstj., að hún berist eins og flak undan bylgjum og straumi. Presturinn var orðinn hempulaus, þegar hann gerði sín skriftamál, og ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti sem fyrst að fara úr hempunni, þegar svona er komið. Ég veit það, þó að hún geri ekki sínar skriftir nú, þá mun sá tími koma, að hún skriftar eins og gamli presturinn og sér þá eftir því, hvað hún hékk lengi í embætti sínu.

Eins og ég gat um áðan, var hlutur sveitarfélaganna af söluskatti upphaflega fimmtungur, og fyrir því beitti hæstv. fjmrh. sér. Þetta hefur gilt hingað til um þann skatt, 3% söluskattinn. En þegar skattur þessi var hækkaður upp í 5½% í fyrra, á síðasta þingi, var ekki við það komandi, að sveitarfélögin fengju fimmtung af honum. Á flótta sínum hafði þá hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. týnt áhuga á því að láta sveitarfélögin njóta síns hlutfalls af söluskattinum.

Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að söluskatturinn verði 677.4 millj. kr. 1965. Og á hinu nýja frv. er gert ráð fyrir, að rúmlega 300 millj. kr. bætist þar við. Segja má því öfgalaust, að líkur séu til, að stofnað sé til þess að innheimta með þessum söluskatti 1 milljarð. Eftir gömlu hlutaskiptareglunni ættu sveitarfélögin að fá af þessari upphæð 1/5 eða 200 millj. Hins vegar er nú með frv. þessum, sem lögð hafa verið fram, aðeins gert ráð fyrir, að í hlut sveitarfélaganna komi 75 millj. eða nálega alveg sama upphæð og í fjárlagafrv., áður en viðbótarsöluskattur sá, sem nú er á döfinni, er á lagður. En til þess að sýna ríkisstj. fulla sanngirni, og það er sjálfsagt að gera það, — það á að sýna öllum sanngirni, gömlum poka- og syndaprestum líka, — þá er rétt að geta þess, að 76.65 millj. eru hluti sveitarfélaganna af aðflutningsgjöldum á fjárl. Þessi hluti fékkst þannig, að þegar bráðabirgðasöluskatturinn, sem eitt sinn var á lagður og margendurtekinn til bráðabirgða, var látinn hverfa, til eilífrar þjónustu, vil ég segja, inn í tollheimtuna, var ákveðið, að jöfnunarsjóður sveitarfélaganna skyldi fá 5% af aðflutningsgjaldatekjunum og þær gera 76.65 millj. samkv. fjárlagafrv. Og þess vegna er það svo, að samkv. fjárlagafrv. og samkv. þeim nýju frv., sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin fái alls 151 millj. 650 þús. í sinn hlut af þessum afla. Ég vil telja, að þetta sé fráleitt tillitsleysi við sveitarfélögin. Dýrtíðin bitnar á sveitarsjóðunum ekki síður en á ríkissjóði. Og þeirra hlutverk eru ekki síður þýðingarmikil á sínum sviðum en hlutverk ríkissjóðsins.

Mikið hlutfall af útgjöldum sveitarfélaganna er bundið með löggjöf og hreyfist til hækkunar, án þess að þau fái við það ráðið. löggjöf sú, sem nú á að setja um hækkun söluskatts, bitnar hreint og beint á þeim, vegna þess að starfsemi þeirra er að verulegu leyti þjónusta, sem skatturinn fellur á. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann vilji ekki taka þátt í því eða beita sér fyrir því að breyta frv. þessum á þá leið, að sveitarfélögum verði tryggt að fá í sinn hlut alls ekki minna en einn fimmtung af sölusköttum, eins og áður var. Þá skilst mér, að sá hluti, sem sveitarfélögin fá gegnum jöfnunarsjóðinn, gæti orðið

yfir 1000 kr. á mann, auk þess sem jöfnunarsjóðurinn héldi svo töluverðu eftir af skatti til sinna þarfa, t. d. til þess að hlaupa sérstaklega undir bagga hjá þeim sveitarfélögum, sem eiga í þröngri vök að verjast, en það þarf jöfnunarsjóðurinn að geta gert. Ég mun sennilega við 3. umr. gera brtt. á þessa leið, þ. e. a. s. ef hæstv. fjmrh. tekur ekki af mér ómakið, þegar hann hefur hugsað sig um og gert smávegis skriftir. Og ég er viss um það, að sveitarstjórnarmenn munu taka undir það, að hér sé verið að beita rangindum, og óska þess, að hlutur sveitarfélaganna verði réttur frá því, sem er í þessu frv.

Mér virðist, að þótt hæstv. ríkisstj. eigi bágt, eins og hæstv. fjmrh. hefur í raun og veru lýst í ræðum sínum, sé ekkert vit í því af hæstv. ríkisstj. að taka ekki til greina till. um það, að jöfnunarsjóðurinn fái sama hlutfall og áður af aðflutningsgjöldum og söluskatti samanlagt, sem sé 1/5, eins og byrjað var með. Mér virðist, að hin botnlausa ráðleysis- og flóttasaga hæstv. ríkisstj. í sambandi við álagningu skattanna og útsvaranna 1964 geri hæstv. ríkisstj. enn þá skyldugra en ella, þótt fullskylt væri að vísu annars, að lækka ekki söluskattshlut sveitarfélaganna, en með því að ætla að láta hann standa í stað að krónutölu, er hann stórlega lækkaður að gildi.

Ég lít svo á, að það uppþot, sem varð í sumar sem leið út af sköttum og útsvörum, hafi verið réttmætt og þær undirtektir, sem þær kvartanir og klögumál, sem fram komu í þessum efnum, fengu, hafi gefið það í skyn, að á einhvern hátt yrðu léttar byrðar þeirra, sem þessi gjöld féllu óvænt á, óvænt segi ég, vegna þess að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkum hafði tekizt með gyllingum að koma þeirri skoðun inn hjá almenningi, að byrðarnar yrðu léttari en áður, það væri verið að létta af fólki byrðum. Og ég lít svo á, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v., að í ræðu hæstv. fjmrh. í ágúst í sumar hafi verið sá andi, sem réttmætt var að fólk liti svo á að boðaði það, að á einhvern hátt mundi stjórn landsins stuðla að því á þessu ári, að menn yrðu ekki ofreyndir undir þeim álögum, sem fallnar voru á herðar þeim. Það má vera, að hæstv. ráðh. geti sýnt fram á það með því að leggja fram þessa ræðu, að engin bein loforð hafi í henni falizt. En allur andinn var sá. Ég kann ekki þá ræðu, þó að ég hlustaði á hana, en hún verkaði þannig á mig og ég fann það greinilega, að hún verkaði almennt á þá leið, að menn töldu það gamla prestinum til heiðurs að taka þannig undir við sóknarbörnin. Ég tel þess vegna, að skyldan sé fullkomin og ríkisstjórninni beri fullkomlega skylda til að gera eitthvað og megi ekki minna vera en að láta sveitarfélögin fá 1/5 hlut af söluskattinum, svo að þau geti verið vægari í álögum á næsta ári en á þessu ári, sem nú er að líða.

Ég endurtek það, að ég vildi mega vænta þess, að hæstv. fjmrh. athugaði, hvort hann getur ekki fallizt á að breyta frv. á þá leið, sem ég hef bent á að er skylt og nauðsynlegt, hef svo ekki um þetta fleiri orð, því að frv. kemur í þá nefnd, sem ég á sæti í.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 186, 194).

Afbrigði um brtt. 194, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, er frv. þetta fylgifrumvarp frv. um söluskatt. Fjhn., sem hefur haft þetta til meðferðar, hefur eðlilega haft sömu afstöðu til þessa máls og söluskattsfrv., sbr. nál. meiri hl. á þskj. 186. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til þeirra skýringa við þetta frv., sem hæstv. fjmrh. gaf, þegar hann lagði það fyrir. En ég vil þó aðeins leyfa mér að vekja athygli á brtt. við frv. frá ríkisstj., sem flutt er á þskj. 194, af því að ég minnist þess ekki, að fyrir henni hafi verið talað sérstaklega, en þessi brtt. er eðlileg afleiðing þeirrar brtt., sem hæstv. ríkisstj. hafði flutt við söluskattsfrv., þannig að lækkun söluskattsins kemur fram sem tilsvarandi hækkun á þeim hundraðshluta, sem sveitarfélögunum er ætlaður. En þetta breytir ekki því grundvallarsjónarmiði, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir, sem er það, að hlutur sveitarfélaganna í söluskattinum verði sem næst óbreyttur að krónutölu.

ATKVGR.
Brtt. 194 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 198).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., 19. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 213).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 213 er að finna álit meiri hl. fjhn. um þetta frv., en n. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, eins og þar kemur fram. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það var eftir afgreiðslu Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 226).

---

12. Fjáraukalög 1963.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1963 [92. mál] (stjfrv., A. 133).

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1963 hefur verið lagt fyrir hv. Nd. og vísað til n. Að venju er svo lagt fram hér í sameinuðu þingi um leið frv. til fjáraukal. fyrir sama ár, og er það samið eftir till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 168).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1963 er að venju samið skv. till. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins, og hefur fjvn. yfirfarið frv. Sú yfirferð er eingöngu fólgin í því að bera saman tölurnar í frv. og í ríkisreikningnum. Höfum við ekkert fundið athugavert og leggjum til, að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1963 verði samþykkt, eins og það liggur fyrir. — Einn nefndarmaður, hv. 2. þm. Austf. (HÁ), var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru skekkjur í þessu frv. Hv. þm. stjórnarflokkanna hafa nýlega samþykkt hér á Alþingi frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963. Það var sýnt fram á það fullgreinilega, að sá reikningur var rangur, og það voru fluttar brtt. til leiðréttingar á honum, en þær voru felldar. Hv. þm. stjórnarflokkanna munu hafa talið sig vera að gegna þar skyldum sínum við ríkisstj., að vinna þetta fyrir hana að samþykkja rangan reikning, þó að það væri til lítillar sæmdar þeim sjálfum. Nú hefði vitanlega verið rétt að bera fram einnig brtt. við þetta frv. Ég ætla þó ekki að gera það, því að ég veit, að þeir mundu einnig fella hana eins og þær leiðréttingartillögur, sem bornar voru fram við ríkisreikninginn. Ég tel víst, úr því að þeir samþykktu rangan ríkisreikning, að þá mundu þeir ekki heldur víla fyrir sér að samþykkja þetta frv. með þeim villum, sem í því eru, og læt ég þess vegna niður falla að trufla þá nokkuð í þeirri iðju með því að bera fram brtt. við frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27:4 atkv.
2. gr. samþ. með 27:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36:1 atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 231).

---

13. Fjárlög 1965.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. er hagað þannig, að fyrstur talar fjmrh. Gunnar Thoroddsen, og er ræðutími hans ekki takmarkaður. Síðan hafa fulltrúar annarra flokka en Sjálfstfl. til umráða 30 mín. hver í þessari röð: Framsfl., Alþfl., Alþb. Og að lokum hefur fjmrh. stundarfjórðung til andsvara. Ræðumenn auk fjmrh. verða

þessir: Eysteinn Jónsson af hálfu Framsfl., Birgir Finnsson af hálfu Alþfl. og Lúðvík Jósefsson af hálfu Alþb.

Nú hefst umr., og tekur hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, til máls.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Áður en rætt verður um frv. til fjárl. fyrir árið 1965, vil ég víkja að afkomu ríkissjóðs á árinu 1963 og afkomuhorfum hans í ár.

Í meginatriðum varð afkoma ríkissjóðs á árinu 1963 þessi: Í fjárl. voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 2198 millj. kr. Þær urðu 2523 millj. og fóru þannig 325 millj. fram úr áætlun. Helztu liðirnir voru þessir: Aðflutningsgjöld í ríkissjóð af innfluttum vörum fóru 215 millj. fram úr áætlun. Á árinu 1963 gekk í gildi ný tollskrá, sem fól í sér nokkrar lækkanir á aðflutningsgjöldum margra vörutegunda, en hins vegar varð innflutningur það ár miklu meiri en menn höfðu gert ráð fyrir. Þegar fjárlög voru samin, var reiknað með því, að innflutningur yrði um 5% meiri en árið áður. Flugvélar og skip eru ekki talin með, enda engin aðflutningsgjöld af þeim greidd. En innflutningsverðmætið reyndist um 18% meira en árið áður eða 23% meira, ef flugvélar og skip eru talin með. Þessi mikli innflutningur vara olli hærri tolltekjum en fjárlög gerðu ráð fyrir. Af innflutningi bifreiða eru greidd sérstök gjöld, og urðu þau 123 millj. eða 58 millj. yfir áætlun. 3% söluskattur af vörum og þjónustu fór 16½ millj. og tekjur af rekstri ríkisstofnana nær 36 millj. fram úr áætlun fjárl. Tekju- og eignarskattur fór rúmar 17 millj. fram úr áætlun.

Útgjöld ríkissjóðs voru áætluð í fjárl. 1963 2189 millj. Þau urðu 2310 millj. og fóru því 121 millj. fram úr fjárl. Aðalástæða þessarar umframgreiðslu er launahækkun opinberra starfsmanna frá 1. júlí 1963. Sú hækkun hefur kostað ríkissjóð á síðari helmingi ársins 90—100 millj. kr. Nokkrir útgjaldaliðir urðu að öðru leyti umfram áætlun, svo sem landhelgisgæzla. Skipaútgerð ríkisins, kostnaður við toll- og skattheimtu, lögreglukostnaður vegna nýrra laga, er létta af sveitarfélögunum nokkru af þeim tilkostnaði. Sumir útgjaldaliðir urðu undir áætlun, einkum vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Þær urðu tæpur helmingur þess, sem áætlað var, 4.4 millj. eða 6 millj. rúmar undir áætlun.

Eins og áður er getið, fóru tekjur 325 millj. fram úr áætlun fjárlaga, en gjöldin 121 millj. umfram. En auk útgjalda samkv. fjárlagaliðum eru jafnan ýmsar útborganir hjá ríkissjóði, sem hafa áhrif á greiðslujöfnuðinn. Það eru hreyfingar á geymslufé, aukið rekstrarfé stofnana, veitt lán, fyrirframgreiðslur o. fl. Þegar öll þessi atriði eru gerð upp, verður greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1963 124½ millj. kr. eftir þeirri aðferð, sem Seðlabanki Íslands og ýmsar alþjóðlegar stofnanir nota, en 139 millj. eftir þeim reglum, sem ríkisbókhaldið hefur haft. Í fjárlagaumr. á síðasta þingi skýrði ég frá því, að ríkisstj. teldi rétt að nota hluta af þessum greiðsluafgangi til þess að inna af hendi vangoldin framlög ríkisins vegna hluta þess í kostnaði við hafnargerðir og sjúkrahúsbyggingar. Hluti ríkisins er lögbundinn, en greiðslurnar hafa ekki verið gjaldkræfar til þessara framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárl. Í samræmi við þetta er tekin upp í 22. gr. fjárlagafrv. fyrir 1965 heimild til þess að greiða af greiðsluafgangi ársins 1963 20 millj. kr. upp í framlög ríkisins til sjúkrahúsa og 20 millj. upp í framlög til hafnargerða. Í árslok 1963 skuldaði ríkissjóður engar lausaskuldir og er það þriðja árið í röð.

Í fjárl. fyrir árið 1964 voru tekjur áætlaðar 2696 millj. kr., gjöldin 2677 millj. og greiðsluafgangur þannig rúmar 19 millj. Um þær mundir, sem fjárl. voru afgreidd skömmu fyrir síðustu jól, var samið um kauphækkanir, sem námu yfirleitt 15%. Hin margvíslegu áhrif þessara kauphækkana var því ekki unnt að taka inn í fjárl. En ríkisstj. undirbjó og lagði fyrir Alþingi í janúarmánuði till. um ráðstafanir, greiðslur og fjáröflun, sem nauðsynlegar þóttu vegna þessara atburða. Þessi lög lögðu á 2½% viðbótarsöluskatt, er skyldi gilda frá 1. febr. Var áætlað, að hann skilaði á árinu í ár 262½ millj. kr., en því fé skyldi varið til uppbóta á fiskverð, stuðnings við frystihús, togara, fiskileit og fiskveiðasjóð, til niðurgreiðslu á vöruverði í innanlandssölu og til hækkunar á bótum almannatrygginga. Um leið og fjárlög voru afgreidd, voru samþ. ný vegalög. Samkv. þeim skyldi vegasjóður frá áramótum taka við innflutningsgjaldi af benzíni og við bifreiðaskatti, er runnið hafði til ríkissjóðs og var áætlað í fjárlögum á 104 millj. kr. Hins vegar skyldi vegasjóður taka að sér útgjöld að upphæð 92 millj. kr. á 13 gr. A í fjárl. Þegar fjárl. fyrir 1964, vegalög og janúarlögin um aðstoð við sjávarútveginn o. fl. eru skoðuð í samhengi, gera þau ráð fyrir tekjum til ríkissjóðs í ár að upphæð 2849 millj., útgjöldum 2842 millj. og þannig greiðsluafgangi um 7 millj. kr.

Um afkomu ríkissjóðs í ár verður ekkert fullyrt að svo komnu. En greinilegt er þó, að hún er miklum mun erfiðari en undanfarin ár. Veldur þar miklu um, að verulegar fjárhæðir hafa verið greiddar til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstj. og Alþýðusambandsins í júní s. l. Þá hafa uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir reynzt miklu meiri á árinu en upphaflega var gert ráð fyrir. Stafar það fyrst og fremst af auknum útflutningi mjólkurafurða og af hækkuðu verðlagi á þeim vörum innanlands. Þótt tekjur fari í heild eitthvað fram úr áætlun, er hæpið, að sumir tekjuliðir nái fjárlagaáætlun, svo sem tekjur af ríkisstofnunum.

Frv. til fjárl. fyrir árið 1965 er hér til 1. umr. Tekjur þess eru áætlaðar 3219 millj. kr. Það er hækkun tekjuáætlunar um 523 millj. frá gildandi fjárl., en um 370 millj. frá þeirri tekjuáætlun ársins, sem ég nefndi áðan og leiðir af vegal. og l. um aðstoð við sjávarútveginn.

Hvernig er nú þessa fjár aflað, sem fjárl. gera ráð fyrir að taka til þarfa ríkisins? Langstærsti tekjuliðurinn eru tollar eða aðflutningsgjöld af innfluttum vörum, samtals 1566 millj. eða sem næst helmingi af öllum ríkistekjunum. Þótt tollstigar hafi verið lækkaðir á mörgum vörum í þrem áföngum á árunum 1961—1964, koma þó fleiri krónur í ríkissjóð en áður af tollum, bæði vegna vaxandi innflutnings ár frá ári og hins, að dregið hefur stórum úr ólöglegum innflutningi á móti því, sem áður var, áður en fyrstu tollalækkanirnar voru framkvæmdar. En í sambandi við tollamálin vil ég geta um tvennt. Annað er það, að endurskoðun tollskrár heldur stöðugt áfram, og er nú einkum unnið að endurskoðun vélatolla til lækkunar. Hitt er það, að undirbúið hefur verið frv. til nýrra laga um tolleftirlit, til þess að skapa fastari framkvæmd og öflugra aðhald í þeim efnum. Í þessari upphæð aðflutningsgjalda til ríkissjóðs eru meðtalin gjöld af innfluttum bifreiðum, 110 millj., en hins vegar ekki hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af aðflutningsgjöldum, 77 millj.

Annar hæsti tekjuliðurinn er söluskattur af vörum og þjónustu. Hann er áætlaður 603½ millj. til ríkissjóðs, en auk þess um 74 millj. til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Miðað er við óbreyttan söluskatt, 5.5%, þ. e. a. s. að sú hækkun um 2½%, sem ákveðin var ótímabundið með 5. gr. l. nr. 1 frá 1964, haldist. Verulegur hluti þeirra útgjalda, sem henni var ætlað að standa undir, hefur verið tekinn í frv. Auk þess hafa svo margvísleg önnur óhjákvæmileg útgjöld hækkað, sem gera þessar tekjur nauðsynlegar.

Þriðji tekjustofninn er tekjur af áfengis- og tóbaksverzlun, 430 millj.

Fjórði tekjustofninn er tekju- og eignarskattur áætlaður 375 millj. kr. Að óbreyttum lögum um tekjuskatt og eignarskatt er áætlað, að þeir gætu reynzt 480—500 millj. kr. á árinu 1965. Það er unnið að endurskoðun l. með það fyrir augum að hækka persónufrádrátt og gera ýmsar aðrar lagfæringar til hagsbóta fyrir gjaldendur, sem leiða til lækkunar. Ráðstafanir hafa verið gerðar til að herða eftirlit með framtölum. Þjóðartekjur aukast hröðum skrefum, og með hliðsjón af þessum atriðum, sem ég nú nefndi, hefur eftir atvikum þótt rétt að áætla þennan tekjulið 375 millj. kr.

Þá er stimpilgjald 75 millj., gjald af innlendum tollvörum 55 millj., aukatekjur 48 millj. og ýmsir smærri tekjuliðir samtals um 66 millj. kr. En niður falla tveir tekjuliðir úr fjárl., innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur, en þeir hafa verið afhentir vegasjóði samkv. hinum nýju vegalögum.

Þegar litið er þannig yfir helztu tekjustofna ríkissjóðs, sést, að svokallaðir beinir skattar, tekju- og eignarskattur, eru aðeins rúmur 1/10 hluti teknanna í heild. Um tekjuskattinn ætla ég ekki að ræða frekar nú, en fyrir Alþingi verður lagt frv. til breytinga á tekjuskattsl., sem nú er í undirbúningi, og verður þá nánara rætt um skattamálin. En það er rétt í þessu sambandi að athuga álögur hins opinbera í heild. Ég á þá við álögur ríkisins og sveitarfélaga til samans, bæði beina og óbeina skatta. Það er mikilvægt að athuga einnig með samanburði við önnur lönd, hve stóran hluta af þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu hið opinbera tekur til sinna þarfa.

Þegar athugaðar eru í heild tekjur hins opinbera, er það ekki krónutalan, sem skiptir aðalmáli, því að eðlilegt er, að tekjurnar í krónutölu aukist ár frá ári vegna fólksfjölgunar og sívaxandi þjóðartekna. Það, sem meginmáli skiptir, er, hvert hlutfallið er, hve há hundraðstala af heildarframleiðslu þjóðarinnar er tekin til hinna opinberu þarfa. Í þeim samanburði, sem hér fer á eftir og gerður er af Efnahagsstofnuninni, eru taldar beinar og óbeinar tekjur hins opinbera, ríkissjóðs og sveitarfélaga, en útflutningsuppbætur dregnar frá.

Tekjur eða álögur hins opinbera voru í hundraðstölu af þjóðarframleiðslu sem hér segir: 1958 28%, 1959 28.4%, 1960 31.3%, 1961 27.8%, 1962 26.9%, 1963 26.6% og áætlað 1964 25.8%. Á fyrsta ári efnahagsaðgerðanna 1960 hækkaði hundraðstalan þannig upp í 31.3, en hefur síðan farið lækkandi með hverju ári og er nú 25.8% móti 28% fyrir 6 árum. Nýjustu tölur tiltækar frá nokkrum öðrum löndum eru fyrir árið 1962. Þær eru þessar: Danmörk 28½%, Bretland 33.1%, Noregur 35.9%, Vestur-Þýzkaland 37.4%, Svíþjóð 38.6%. Þessi samanburður leiðir tvennt í ljós. Heildarálögur hins opinbera á Íslandi miðað við þjóðarframleiðslu hafa farið lækkandi undanfarin 4 ár, þær eru lægri nú en áður en viðreisnin hófst, og þær eru lægri hér en í fyrrnefndum 5 löndum. Útgjöldin samkv. fjárlagafrv. eru áætluð 3209 millj. Það er hækkun frá gildandi fjárl. um 532 millj., en frá endanlegri útgjaldaáætlun með hliðsjón af vegal. og janúarl. nemur hækkunin 367 millj.

Til hverra hluta er nú öllu þessu fé varið? Langstærsti útgjaldaliðurinn er til félagsmála, þ. e. almannatrygginga, eftirlauna o. fl. 824 millj. eða þriðjungur allra ríkisútgjaldanna. Annar stærsti útgjaldaliðurinn er fræðslumálin, röskar 520 millj. Þá kemur ýmiss konar stuðningur við atvinnuvegina, um 440 millj., þar af 180 millj. vegna landbúnaðar, 140 millj. vegna sjávarútvegs, 90 millj. til rafvæðingar landsins. Þá eru niðurgreiðslur á vöruverði innanlands 336 millj. kr. Þær vörur, sem nú eru niðurgreiddar, eru kindakjöt, mjólk, smjör, smjörlíki, ýsa, þorskur, saltfiskur. Til uppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur 188 millj. Til dómgæzlu og lögreglustjórnar 187 millj., þar af kostar landhelgisgæzlan 65 millj. Til heilbrigðismála um 175 millj. Samgöngumál o. fl. samkv. 13. gr., þ. e. vegamál, samgöngur á sjó, hafnargerðir, flugmál, veðurþjónusta, um 196 millj. auk benzínskatts og annarra tekjustofna vegasjóðs. Þessir eru stærstu útgjaldaliðir fjárlagafrv.

Nú skal greint nokkru nánar frá helztu hækkunum frá síðustu fjárl.

Kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn hækkar um 30 millj. Það stafar einkum af kostnaði við landhelgisgæzlu, sem hækkar um 17 millj., og við löggæzlu, en samkv. l. frá síðasta ári tekur ríkissjóður að sér stærri hluta þess kostnaðar en áður og léttir þannig útgjöldum af sveitarfélögunum.

Framlög til heilbrigðismála hækka á 12. gr. um 37 millj. og á 20. gr. til byggingar sjúkrahúsa og til stækkunar hjúkrunarskólans um tæpar 34 millj. Rekstrarhalli ríkisspítalanna hækkar um 18 millj., einkum vegna aukins sjúkrarýmis, sem verið er að taka í notkun. En á næsta ári verða teknar í notkun þrjár nýjar sjúkradeildir í viðbótarbyggingu landsspítalans, og starfsemi eldri deilda eykst nokkuð af þeim sökum. Hinar nýju deildir eru barnadeild með 30 rúmum, sem væntanlega tekur til starfa um næstu áramót, lyflæknisdeild með 25 rúmum, sem á að taka til starfa 1. marz, og taugasjúkdómadeild með 25 rúmum 1. apríl. Vegna þessara breytinga á starfsemi landsspítalans þarf að fjölga starfsliði um 80 manns. Þá er gert ráð fyrir, að 1. júní taki til starfa ný deild við fávitahælið í Kópavogi, og verður starfsliði hælisins fjölgað um 6 manns. 4 millj. hækkun verður á liðnum rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa vegna breytinga á sjúkrahúsal., sem gerðar voru á síðasta þingi. Framvegis ber að greiða styrkinn til héraðssjúkrahúsanna hálfsárslega eftir á í stað árlega áður, og gjaldfellur því eins og hálfs árs rekstrarstyrkur á næsta ári. Vegna breytinga á sjúkrahúsal. hækkar einnig byggingarstyrkur til sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða héraðanna, þ. e. a. s. annarra en ríkissjúkrahúsa, um 12.8 millj. Til viðbyggingar landsspítalans eru veittar 16 millj. kr., sem er 7.7 millj. kr. hærra en framlag yfirstandandi árs í fjárl. Til áhaldakaupa í viðbyggingu landsspítalans er nýr liður að upphæð 4½ millj. Þá er gerð till. um framlag til sérstakrar byggingar, sem verður eldhús fyrir sjúklinga og starfsfólk þeirra stofnana, sem nú eru starfræktar eða eru í byggingu á spítalalóðinni, auk annarra deilda, sem fyrirhugað er að reisa síðar. Þegar nýja eldhúsið verður fullgert, verður núverandi eldhús lagt niður, og húsið mun notað af röntgendeild landsspítalans. Þá er gerð till. um 4 millj. framlag til byggingar þvottahúss fyrir ríkisspítalana hér í borginni og fyrir borgarsjúkrahúsið. Það verður sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar, og er í dag áætlað, að það muni kosta um 15 millj. kr. fullgert. Framlag til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi hækkar um 600 þús. Til stækkunar hjúkrunarskólans er áætlað að verja á næsta ári 7 millj. kr. Erfiðleikar hafa verið á rekstri sjúkrahúsa og heilsuhæla landsmanna undanfarið vegna skorts á lærðum hjúkrunarkonum og viðbúið, að þeir erfiðleikar fari vaxandi, þegar ný sjúkrarými verða tekin í notkun á næstunni. En núverandi húsakynni hjúkrunarskólans sníða honum svo þröngan stakk, að synja hefur orðið mörgum umsækjendum um skólavist. Það er bráðnauðsynlegt að auka húsnæði hjúkrunarskólans hið fyrsta.

Kostnaður við kennslumál samkv. 14. gr. frv. hækkar um 53 millj. Kemur þar einkum til árleg kennarafjölgun, hækkaður rekstrarkostnaður vegna nemendafjölgunar, aukin framlög til skólabygginga, stofnun tækniskóla o. fl. Gjöld vegna starfsemi háskólans hækka um 2.3 millj. Gert er ráð fyrir stofnun prófessorsembættis í læknadeild, í lífeðlisfræði. Til tannlæknastofu hækkar úr 500 þús. í 750 þús., en síðan fjárlagafrv. var samið, hefur aðsókn reynzt svo mikil að tannlæknadeildinni, að nauðsynlegt verður að hækka þetta framlag enn meira í meðförum Alþingis. Fé til bókakaupa fyrir háskólann kom áður frá sáttmálasjóði, en hin síðustu ár hefur afkoma hans ekki leyft þau framlög. Eru því veittar nú í samræmi við óskir háskólarektors 400 þús. kr. í fjárl. til bókakaupa fyrir háskólann. Vegna skorts á kennslubókum við sumar háskóladeildir eru nú veittar 250 þús. til útgáfu kennslubóka.

Til norðurljósarannsókna er nýr liður að upphæð 200 þús. Íslenzkir vísindamenn hafa um skeið rannsakað norðurljós og skyld fyrirbæri, að nokkru í samvinnu við erlenda starfsbræður. Vísindasjóður hefur veitt 250 þús. kr. styrk á þessu ári til rannsóknanna og mun væntanlega einnig veita fjárhagslegan stuðning á næsta ári. Þar sem lega Íslands er sérstaklega heppileg með tilliti til þessara rannsókna og mikilsvert er, að Íslendingar taki þátt í þeim, er gerð till. um þetta framlag.

Styrkur til félagsstarfsemi stúdenta er hækkaður um 40 þús. og til byggingar hins væntanlega félagsheimilis stúdenta er hækkað úr ½ millj. upp í 1 millj. kr.

Á s. l. vori var hafin bygging húss fyrir raunvísindastofnun háskólans, sem ráðgert er að taka í notkun á næsta ári. Eðlisfræðistofnun háskólans mun hafa þar aðsetur sitt, en auk þess er gert ráð fyrir, að þar verði til húsa efnafræðideild, stærðfræðideild, væntanlega einnig jarðeðlisfræðideild og rafeindareiknideild. Byggingarkostnaður sjálfs hússins er áætlaður nú 13.3 millj. kr. Er þá talinn kostnaður við að búa húsið húsgögnum, tækjum, o. fl., sem til rekstrar þarf. Til byggingarinnar hefur verið varið gjöf Bandaríkjastjórnar í tilefni af 50 ára afmæli háskólans, en sú gjöf nam með vöxtum um 6 millj. kr. á s. l. vori. Í fjárlagafrv. er lagt til, að veitt verði 4 millj. kr. framlag til byggingarinnar. Með tilkomu þessa húss og tækja, sem því þurfa að fylgja, batnar mjög hagur þeirra raunvísindadeilda, sem fyrir eru, auk hins, að aðstaða skapast fyrir nýjar deildir á sviði rannsókna og mennta, sem illt er án að vera.

Framlög ríkisins til byggingar barna- og gagnfræðaskóla hækka um 17½ millj. kr. og nema nú samtals um 94 millj. Til skólahalds, þ. e. stofn- og rekstrarkostnaður skóla, er samkv. fjárl. 1965 veittur um 1/2 milljarður úr ríkissjóði, og framlög sveitarfélaga í sama skyni nema mjög stórum fjárhæðum. Það er afar mikilsvert, að þetta mikla fjármagn nýtist sem bezt, bæði að því er snertir stofn- og

rekstrarkostnað skólanna. Hitt er samt enn þá mikilvægara, að menntun sú, sem skólarnir veita, svari þeim kröfum, sem breytilegar þjóðfélagsaðstæður gera til þeirra. Það er nauðsynlegt, að gaumgæfileg athugun fari fram á því, hvernig skólamálum okkar verði bezt komið í það horf, að menntun landsmanna verði í samræmi við þarfir þjóðfélagsins á hverjum tíma. Það á jafnt við um uppeldishlutverk skólanna í nútíma þjóðfélagi sem og hagnýtt gildi þeirrar menntunar, sem þeir veita fyrir atvinnuvegi landsmanna. Breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla stöðugt á þróun og umbætur í skóla- og menntamálum. Á þeim sviðum getum við hagnýtt okkur margt af reynslu annarra þjóða og aðhæft það okkar staðháttum. Við þurfum að koma á fót skipulegum, vísindalegum rannsóknum í skóla- og menntamálum og því fyrr því betra.

Með lögum frá síðasta þingi um breytingu á tollskránni var ríkisstj. heimilað að ákveða að verja aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau til stofnkostnaðar sjónvarps. Þessa heimild ákvað ríkisstj. að nota frá 1. júlí 1964, og er fé því þegar farið að safnast til sjónvarpsins. Ríkisútvarpinu hefur verið falið að hefja undirbúning að því að koma á fót sjónvarpi, og er áætlun um tekjur þess og gjöld nú tekin í fyrsta sinn í fjárlagafrv., 3. gr.

Til skálda, rithöfunda og listamanna eru veittar 3 millj. og 100 þús. kr. Í fjárl. hefur um allmörg ár verið ákvæði um, að af þessu fé skuli Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness njóta heiðurslauna, sem í ár eru 75 þús. kr. til hvors þeirra. Í þessu frv. leggur ríkisstj. til, að listamennirnir Jóhannes Kjarval, Páll Ísólfsson og Tómas Guðmundsson skuli einnig njóta 75 þús. kr. heiðurslauna hver.

16. gr. frv. fjallar um atvinnumál. Landbúnaðarmál hækka um 55 millj. kr. Valda þar langmestu um stórhækkuð jarðræktarframlög auk sérstakra framlaga til landbúnaðar, en um þau var samið, er verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara var ákveðinn á þessu hausti. Þá hækka og framlög til sauðfjárveikivarna verulega, einkum vegna fjárskipta í Dalasýslu. Í fjárlagafrv. er algerlega fylgt till. sauðfjársjúkdómanefndar eða meiri hl. hennar, þar sem ekki var full samstaða innan nefndarinnar.

Framlög til þess að græða landið eru hækkuð verulega, sandgræðslan um rúmlega 1 millj. og 200 þús. og skógrækt um 1 millj. og 800 þús., en sú hækkun er nauðsynleg, til þess að unnt sé að framkvæma þá áætlun að gróðursetja árlega 1½ milljón plantna.

Fjárframlög til sjávarútvegsmála hækka stórlega, ef miðað er við fjárlög yfirstandandi árs, eða um 93 millj. króna. En þá verður að hafa í huga, að þeirri hækkun valda að langmestu þrír liðir, sem ákveðnir voru í l. nr. 1 frá 1964, um aðstoð við sjávarútveginn o. fl., framlag til fiskveiðasjóðs á móti útflutningsgjaldi af útfluttum sjávarafurðum 36 millj. kr., framlag til aflatryggingasjóðs vegna togara 40 millj. kr. og til fiskileitar fyrir togara 4 millj. Auk þessa hækkar framlag til aflatryggingasjóðs um 7½ millj. kr.

Raforkumál hækka um 39.6 millj., vegna þess að lagt er til, að halli rafmagnsveitna ríkisins verði nú greiddur úr ríkissjóði af fjárl.

Útgjöld til félagsmála hækka um 76 millj. Ber þá að athuga, að 27 millj. kr. hækkun á greiðslum ríkissjóðs til almannatrygginga var ákveðin á þessu ári með janúarlögunum. Annars stafar hækkunin einkum af hækkun sjúkratrygginga og á ríkisframfærslu sjúkra manna svo og hækkun framlags til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Enn fremur er framlag til atvinnubótasjóðs, 10 millj. kr., nú flutt af 20. gr. á 17. gr., en þar þykir það eiga betur heima, eftir að sett voru lög um þann sjóð.

Gjöld skv. 19. gr. hækka um 145 millj. Munar þar mest um niðurgreiðslur vöruverðs og útflutningsuppbætur. Niðurgreiðslur vöruverðs innanlands eru áætlaðar 336 millj. Er þá miðað við niðurgreiðslur eins og þær voru áætlaðar í maí s. l. á ársgrundvelli, að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Á hinn bóginn er hér ekki gerð tillaga um, hversu fara skuli á næsta ári um þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var í júní milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands. Verður að telja eðlilegt, að Alþingi marki þá frambúðarstefnu, sem fylgt verður í því máli. Útflutningsuppbætur eru í frv. áætlaðar 188 millj., og er þá miðað við nýjustu áætlun, sem gerð hefur verið um þetta efni.

Þá eru þrjú atriði í 20. gr. frv., sem ég vildi nefna til viðbótar þeim fjárveitingum þeirrar greinar, sem ég hef nefnt í öðrum samböndum.

Fyrst eru það kaup á jörðinni Skaftafelli. Það er sameiginlegt álit vísindamanna í náttúrufræðum, innlendra og erlendra, svo og áhugamanna um náttúruvernd, að nauðsyn beri til að vernda jörðina Skaftafell í Öræfum, eins og náttúran hefur skilað henni í hendur nútímans. Kemur þar til einstök náttúrufegurð, furðulegt samspil uppbyggjandi og niðurrífandi náttúruafla, gróðurfar, sem ekki á sinn líka, m. a. vegna einangrunar í árþúsundir. Náttúruverndarráð hefur fyrir alllöngu samþykkt einróma, að stefnt skuli að því að gera jörðina að þjóðgarði. Ráðið leitaði fjárhagsstuðnings frá alþjóðlegri stofnun áhugamanna, sem hefur það verkefni að veita fé til kaupa á landssvæðum, sem áhugi er á að friða. Þessi stofnun hefur af mikilli rausn samþykkt að veita 750 þús. kr. framlag til kaupa á Skaftafelli í því skyni að gera jörðina að þjóðgarði. Í fjárlfrv. er nú lagt til að greiða úr ríkissjóði með jöfnum framlögum í nokkur ár það, sem á skortir til að greiða kaupverð jarðarinnar, og er fyrsta greiðsla, 60 þús. kr., tekin upp í frv. nú. Þess skal getið hér, að í 14. gr. frv. er gerð till. um verulega aukið framlag til friðunarstarfs náttúruverndarráðs, úr 65 í 200 þús. kr.

Ákveðið hefur verið að reisa á háskólalóðinni handritahús. Það er ætlað fyrir handritastofn-

unina, orðabók háskólans og ýmsa aðra starfsemi skólans í þágu íslenzkra fræða. Þetta hús verður byggt með sérstöku tilliti til varðveizlu hinna fornu handrita. Með tilkomu þess batnar öll aðstaða til rannsókna, útgáfustarfs og fræðslu um tungu, bókmenntir og sögu íslenzku þjóðarinnar. Undirbúningur þessarar byggingar er hafinn. Í fjárl. ársins í ár eru veittar 3 millj. til hennar, og í frv. því, sem hér er til umr., er lagt til, að framlagið verði hækkað í 4 millj. kr.

Á fulltrúafundi allra norrænu félaganna, sem haldinn var í Reykjavík árið 1960, kom fram sú hugmynd að reisa norrænt hús á Íslandi. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa síðan eftir tillögu norrænu félaganna, norrænu menningarmálanefndarinnar og Norðurlandaráðs ákveðið að reisa í Reykjavík norrænt hús og reka í því undir norrænni stjórn starfsemi til aukinna kynna Norðurlandaþjóða. Þar verður miðstöð norræns samstarfs á Íslandi með starfsaðstöðu fyrir háskólakennara í norrænum tungum og bókmenntum, safni norrænna bóka og hljómlistar og aðstöðu til bókmennta- og listkynningar og margvíslegrar annarrar upplýsinga- og kynningarstarfsemi. Húsinu hefur verið valinn staður á háskólalóðinni, suðaustur af Nýja garði. Hinn frægi finnski arkitekt, Alvar Aalto, hefur gert uppdrætti að því. Byggingarkostnaður er nú áætlaður 22—23 millj. kr., og hefur íslenzka ríkisstj. boðizt til þess, að áskildu samþykki Alþingis, að greiða 1/6 hluta hans. Þar sem fyrirhugað er að hefja framkvæmdir á næsta ári, er í frv. þessu gerð till. um 1.9 millj. kr. framlag til hússins, en það er helmingur af áætluðu framlagi Íslands.

Þegar núverandi ríkisstj. tók til starfa fyrir nærri fimm árum, setti hún sér það mark að leysa þjóðina úr viðjum haftabúskapar og uppbótakerfis í því skyni, að lagður yrði grundvöllur vaxandi velmegunar samfara jafnvægi í efnahagsmálum. Eitt vandamál yfirskyggði þá öll önnur. Það var hin síversnandi staða þjóðarbúsins út á við. Látlaus skuldasöfnun og gjaldeyrisskortur hafði lamandi áhrif á allt atvinnulíf og stefndi jafnvel efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða.

Þegar nú er litið yfir farinn veg, fer það ekki á milli mála, að mikið hefur á unnizt. S. l. 3—4 ár hafa verið eitt mesta grósku- og athafnatímabil í sögu þjóðarinnar. Þjóðartekjur og velmegun hafa farið ört vaxandi, eðlilegur gjaldeyrisforði verið byggður upp að nýju og lánstraust þjóðarinnar erlendis endurheimt. Á hinn bóginn verður að horfast í augu við það af fullkominni hreinskilni, að ekki hefur tekizt á þessum árum að tryggja það jafnvægi í kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem nauðsynlegt er til að tryggja áframhaldandi vöxt þjóðartekna og velmegunar. Ég mun nú gera nokkru nánari grein fyrir aðalatriðum þróunarinnar undanfarin ár.

Aukning þjóðarteknanna hafði verið lítil á árunum frá 1955 til 1960, að árinu 1958 undanteknu. Er enginn efi á því, að þessi óhagstæða þróun stafaði að verulegu leyti af vaxandi misræmi í verðlagskerfinu, höftum og óheilbrigðu uppbótakerfi. Núverandi ríkisstj. hefur leitazt við að gefa atvinnuvegunum heilbrigðari starfsskilyrði. Með því að skrá rétt gengi íslenzku krónunnar var stefnt að því að tryggja sjávarútveginum eðlilegan starfsgrundvöll, jafnframt því sem öllum greinum hans var gert jafnhátt undir höfði. Með því að afnema gjaldeyrishöft og gera innflutning framleiðslutækja og neyzluvarnings frjálsan var atvinnuvegunum í fyrsta skipti um langan aldur gefið það athafnafrelsi um kaup véla og tækja, sem er forsenda fyrir auknum afköstum. Á sama hátt gerði afnám fjárfestingareftirlits og leyfisveitinga fyrirtækjum kleift í fyrsta sinn í meir en áratug að skipuleggja framkvæmdir sínar og fjárfestingu eftir eigin mati og án afskipta pólitískra úthlutunarnefnda. Loks hafa verið gerðar viðtækar endurbætur á skattalögum og tollum í því skyni að veita atvinnufyrirtækjunum betri starfsskilyrði og auka áhuga þeirra og möguleika til framleiðsluaukningar.

Með öllum þessum ráðstöfunum hefur tekizt að leysa úr læðingi mikið afl með þjóðinni til framtaks og aukinnar framleiðslu. Þannig var lagður grundvöllur mestu alhliða efnahagsframfara, sem átt hafa sér stað hér á landi á jafnskömmum tíma. Hér hafa hagstæðar ytri aðstæður, góður afli og síðustu tvö til þrjú ár hagstæðir markaðir átt mikinn þátt. Hinu mega menn þó ekki gleyma, að hagstæð ytri skilyrði verða því aðeins til búbótar, að menn geti gripið tækifærin, þegar þau gefast, en þá er athafnafrelsið öllu öðru dýrmætara.

Þetta hefur líka komið fram undanfarin 2—3 ár, þegar á það er litið, hve tækniframfarir hjá íslenzkum atvinnuvegum hafa verið örar og fjárfesting mikil til framleiðsluaukningar. Hér hefur mjög skipt um frá því, sem var seinni helming síðasta áratugs. Í staðinn fyrir tiltölulega lítinn hagvöxt árin 1955—1960 hafa þjóðartekjurnar aukizt mjög ört undanfarin þrjú ár. Á árinu 1962 jukust þjóðartekjurnar þannig um 8%, árið 1963 um 7%, og líklegt er, að aukningin verði svipuð á þessu ári. Hér er því um að ræða nærri því fjórðungsaukningu þjóðarteknanna á þriggja ára tímabili, miðað við sama verðlag. Árið 1962 fór verulegur hluti hinna auknu þjóðartekna til þess að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við, en drjúgur og sívaxandi hluti hefur farið til þess að auka fjárfestingu og framkvæmdir og búa þannig í haginn fyrir framtíðina.

Eins og ég gat um áðan, hefur á þessum árum orðið gerbreyting á stöðu þjóðarbúsins út á við. Íslendingar hafa eignazt í fyrsta sinn síðan í stríðslok viðunandi gjaldeyrisforða. Það er rétt að fara um það nokkrum orðum, þar sem því hefur einatt verið haldið fram, að staðan út á við hafi raunverulega ekkert batnað síðan í árslok 1958. Því til sönnunar er bent á, að nettóskuld þjóðarinnar út á við, ef saman eru teknar skuldir til langs tíma, vörukaupalán og gjaldeyriseign, — að nettó-

skuld þjóðarinnar út á við hafi verið 300 millj. kr. hærri í árslok 1963 en í árslok 1958. Þótt slíkur samanburður sé tölulega réttur, gefur hann ranga mynd af stöðunni. Áhrif efnahagsaðgerða ríkisstj. fóru ekki að koma fram fyrr en á árinu 1960, en á árinu 1959 versnaði staðan út á við um 640 millj. kr., og var það bein afleiðing þeirrar hafta- og uppbótastefnu, sem rekin hafði verið árin á undan. Síðan í árslok 1959, þegar núv. ríkisstj. tók við, og til ársloka 1963 batnaði heildarstaðan út á við um 340 millj. Á árunum 1956—1958 versnaði hins vegar heildarstaða þjóðarbúsins út á við um 1240 millj., mest vegna aukinnar skuldasöfnunar. Þessi sífellda skuldasöfnun og vaxandi greiðslubyrði, sem henni var samfara, var eitt meginvandamálið, sem núverandi ríkisstj. átti við að glíma í öndverðu. Góð mynd af þessu fæst með því að bera saman heildarskuldastöðu þjóðarinnar út á við á hverjum tíma, bera hana saman við heildartekjur hennar í erlendum gjaldeyri, bæði af útflutningi og duldum greiðslum.

Árið 1955, áður en vinstri stjórnin tók við völdum, nam nettóskuld þjóðarbúsins út á við 22.5% af gjaldeyristekjunum. Árið 1958 var þessi tala komin upp í 50%, 1959 upp í 65% og hæst komst hlutfallið 1960 nærri 70%, enda voru þá tekin mikil lán vegna skipakaupa erlendis. En síðan hefur þetta hlutfall farið stöðugt lækkandi. Það var komið niður í 38% á árinu 1963 og mun vafalaust enn lækka á þessu ári. Miðað við greiðslugetu þjóðarinnar og tekjur í erlendum gjaldeyri, eru skuldir hennar út á við nú því mun lægri en nokkru sinni á síðustu sjö árum og fara enn lækkandi. Í stað sífelldrar skuldasöfnunar og vaxandi gjaldeyrisörðugleika hefur komið lækkandi skuldabyrði og vaxandi traust út á við.

Þessar tölur, sem ég nú hef nefnt, ættu að nægja til að staðfesta það, sem reyndar öll þjóðin veit af eigin reynslu, að tekizt hefur að ná þeim tveim meginmarkmiðum að tryggja stöðu þjóðarbúsins út á við og auka vöxt þjóðarteknanna.

Þriðja markmiðinu, að tryggja sæmilega stöðugt verðlag í landinu, hefur hins vegar því miður ekki tekizt að ná. Undanfarin þrjú ár og þá einkum 1963 áttu sér stað miklar hækkanir kaupgjalds og verðlags í landinu. Þessar hækkanir áttu sér fleiri en eina orsök. Tvær eru þó mikilvægastar: annars vegar of mikil eftirspurn eftir vörum og vinnuafli vegna stóraukinna tekna í útflutningsatvinnuvegum og mikillar fjárfestingar, hins vegar miklar og óraunhæfar kaupkröfur í skjóli ofþenslu á vinnumarkaðinum. Ríkisstj. hafa lengi verið ljósar þær hættur, sem vaxandi þensla í efnahagskerfinu skapaði. Hún hefur því viljað vinna á móti þenslunni með aðhaldi í peningamálum, þ. e. útlánum lánsstofnana, og með greiðsluafgangi hjá ríkissjóði. Þótt verulegur árangur næðist í þessum efnum og mikill greiðsluafgangur yrði hjá ríkissjóði á árunum 1962 og 1963, nægði þetta engan veginn til að koma í veg fyrir óeðlilega mikla þenslu. Verði ríkisstj. sökuð fyrir eitthvað í þessum efnum, er það því of lítið aðhald, en ekki samdráttur.

Því miður hefur mikið vantað á almennan skilning á því, hve nauðsynlegt er að gæta hófs í peninga- og fjármálum, ef koma á í veg fyrir verðbólgu. Það kemur bezt fram í því, að ráðizt skuli hafa verið látlaust á ríkisstj. fyrir samdráttarstefnu, á meðan hver vinnufær maður hefur fullt verkefni og margir meira en þeir geta annað.

Önnur meginorsök verðbólgunnar hefur legið í kröfum um kauphækkanir án tillits til raunverulegra hagsmuna launþega og þjóðarbúsins. Á árinu 1963 hækkaði kaupgjald í landinu um 30% eða meira hjá svo að segja öllum launþegum. Þessi mikla kauphækkun hafði ekki eingöngu í för með sér verðhækkanaskriðu, heldur kippti hún um stund fótum undan því trausti til framtíðarinnar, sem menn höfðu öðlazt á árunum 1960—1962, og ýtti þannig undir óeðlilega mikla fjárfestingu og spákaupmennsku.

Þegar svo var komið, lá við borð, að óstöðvandi skriðu yrði velt af stað og á skömmum tíma að engu gerður sá mikli árangur, sem náðst hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar undanfarin ár. Svo fór sem betur fer ekki. Með auknu aðhaldi í peningamálum tókst að koma í veg fyrir frekari aukningu eftirspurnar. Jafnframt tókst í júní s. l. að gera heildarsamninga milli launþega, atvinnurekenda og ríkisstj., sem hafa tryggt launþegum raunhæfar kjarabætur og jafnframt tryggt vinnufrið og stöðugt grunnkaup í eitt ár. Samningar þessir eru vissulega mikilvægur áfangi í þá átt að koma á heilbrigðri stefnu hér á landi í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

En jafnframt því sem þessum árangri í kaupgjaldsmálum er fagnað, er óhjákvæmilegt að benda á, að hinar miklu kaup- og verðhækkanir undanfarið hálft annað ár hafa skapað ríkissjóði vandamál, sem erfitt er að leysa. Kauphækkanirnar á árinu 1963 og sú mikla leiðréttíng, sem opinberir starfsmenn þá fengu á launakjörum sínum, hafa valdið mjög mikilli útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði. Hin mikla hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða bæði á árinu 1963 og þessu ári hefur einnig valdið ríkissjóði auknum útgjöldum og þá fyrst og fremst í hækkandi útflutningsbótum. Í launasamkomulaginu í júní s. l. var farið inn á þá braut að nýju að verðtryggja laun. Sú ráðstöfun hefur kallað á auknar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Jafnframt þessari aukningu hafa tekjur ríkissjóðs, einkum af innflutningi, aukizt mun minna á þessu ári en undanfarið. En á það vil ég leggja þunga áherzlu, að fjárlög fyrir 1965 verður að afgreiða hallalaus, enda háskalegt fyrir þjóðina, ef ríkissjóður væri rekinn með halla, eins og nú horfir í efnahagsmálunum.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að þessari umr. verði frestað og frv. vísað til hv. fjvn.

Eysteinn Jónsson: Gott kvöld. Á árunum 1962 og 1963 fóru ríkistekjurnar 560 millj. fram úr áætlun samtals. Af þessari fúlgu eyddi ríkisstj. umfram fjárlög 170 millj., en greiðsluafgangur var 160 millj. fyrra árið og rúmlega 130 síðara árið, eða samtals 300 millj.

Það er yfirlýst stefna ríkisstj. að hafa álögurnar meiri en útgjöldin og efna til greiðsluafganga, ekki til þess að leggja afgangana í almannaframkvæmdir, sem mest eru aðkallandi, heldur til þess að draga með álögunum úr kaupmætti, ná fé úr umferð og leggja inn í bankakerfið, eins og hæstv. fjmrh. var að lýsa hér áðan að væri nauðsynlegt til að auka jafnvægið. Þetta er liður í þeirra höftum og á að vera til þess að stuðla að jafnvægi, en þessi kjaraskerðing hefur þó ekki stuðlað að neinu jafnvægi, en orðið til þess eins, að innkaup til heimilanna og framkvæmdir almennings hafa orðið að víkja fyrir öðrum framkvæmdum og eyðslu þeirra, sem mest hafa haft peningaráðin og sumir hverjir hafa komið sér undan að borga lögmæt gjöld.

Ekki hafa greiðsluafgangar orðið fyrir aukna ráðdeild eða sparnað, því að þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur eyðsla farið hraðvaxandi og ríkiskerfið þanizt út með ofsahraða. Það er ekki heldur mikið talað núna síðustu missirin um þessi 59 sparnaðarfyrirheit sem fjmrh. og hans menn gáfu, á meðan þeir voru brattastir á fyrstu árum viðreisnarinnar, sællar minningar. Af handahófi tek ég dæmi.

Það átti að spara einhver ósköp í kostnaði við álagningu skattanna og af því tilefni var sá kostnaður áætlaður í fjárlögum 1963 tæplega 8½ millj. kr. En reikningurinn sýnir á hinn bóginn núna, að kostnaðurinn varð 18½ millj. kr. í stað 8 og er í flugvexti.

Þá átti að minnka kostnaðinn við eyðingu minka og refa, þó að enginn vissi í raun og veru, hvernig átti að fara að því, og var þetta boðað með því að áætla þennan kostnað í fjárlögum 1963 1½ millj. kr., en nú sýnir reikningurinn, að hann nálgaðist 3 millj. kr. Svona fór það, og þannig mætti lengi telja.

Nefndum átti að fækka, en kostnaður við nefndir hefur vaxið tröllaskrefum, en þeirri brellu beitt að kalla nefndavinnuna í mörgum dæmum vinnuundirbúning þessa eða hins. Er sparnaður af því tagi táknrænn fyrir hagsýslu núv. ríkisstj.

Þetta er sjötta fjárlagafrv. þeirra viðreisnarmanna, og nú eru þeir búnir að koma því upp á 4. þús. millj. kr. Hækkunin er núna hvorki meiri né minni en 530 millj. frá fjárlögum þessa árs. Verður því stjórnin sífellt stórstígari og stórstígari og er nú farin að hafa meir en hálfan milljarð í skrefinu. Ekki gefur þó einu sinni þetta fullnægjandi mynd af ráðleysisöngþveiti ríkisstj. í efnahags- og fjármálum og afleiðingum þess, sem hún hefur aðhafzt, því að á fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir kostnaði við viðbótarniðurgreiðslur, sem ríkisstj. lætur nú framkvæma til þess að halda verðlaginu í skefjum í bili.

Sýnir þetta svo glöggt sem verða má, að ekki hefur ríkisstj. getað gert það upp við sig, þegar hún samdi fjárlagafrv., hvað skyldi næst til bragðs taka, heldur staðið ráðþrota. Kemur það ekki flatt upp á neinn, því að augljóst er orðið, að ríkisstj. hrekst nú mjög fyrir sjó og vindi.

Til þess að halda núgildandi niðurgreiðslum áfram og núgildandi uppbótum vegna landbúnaðar og sjávarútvegs þarf a. m. k. 850 millj., en á frv. eru 524 eða 300 millj. minna en þyrfti til að halda áfram eins og horfir.

Vegaútgjöldin eru að mestu utan fjárlaga, og í vegáætlun vantar væntanlega á þriðja hundrað millj., en væru þær í fjárlögunum og niðurgreiðslurnar og uppbæturnar, sem gilda núna, mundu fjárlögin komast upp í 3700—3800 millj. kr., og sýnir þetta, hvert stefnir. En þetta fjárlagafrv., þrátt fyrir allt, sem á það vantar, er nálega 4 sinnum hærra en fjárlögin voru fyrir 6 árum.

Það er ekki að furða, þótt aðalfundur Sjálfstfl. á dögunum fagnaði því, hve vel hefði tekizt að vernda íslenzku krónuna.

Það vekur eftirtekt, að söluskatturinn nýi, sem lögleiddur var í fyrra og mestmegnis átti að renna til sjávarútvegsins, á nú að renna í ríkissjóð. En uppbætur á fiskverð og framleiðniframlög til fiskvinnslustöðva eru ekki tekin með á fjárlögin. Þannig er nýjum álögum til venjulegra útgjalda bætt á undir fölsku yfirskini, og er það ekki ný bóla nú, sbr. innflutningssöluskattinn upp á nokkur hundruð millj., sem lögfestur var á byrjun viðreisnar með hátíðlegum loforðum um afnám hans eftir eitt ár, en hann stendur enn.

Allir sjá, hvernig fjárlögin hækka risaskrefum, og álögurnar finna menn í dýrtíðinni og á skattseðlum gjaldheimtunnar. Allt er þetta meira en lítið alvörumál, og tekur þó steininn úr, að þrátt fyrir þetta skatta- og tollaflóð tekst ekki að leysa á viðunandi hátt mörg þýðingarmikil verkefni, sem ríkið verður að leysa.

Skólaskortur er í landinu, og hefur ástandið í þeim málum farið hraðversnandi síðustu árin. Verður að vísa ungu fólki frá skólavist í hópum, og horfir þó til enn vaxandi öngþveitis. Á næstu missirum verður að efna til nýrra stórátaka í menntamálum, bæði varðandi skólakost til almennrar menntunar, og þá ekki síður til að koma upp lífsnauðsynlegum tækniskólum, og endurskoða verður alla tækni- og vísindalega kennslu frá rótum með þarfir atvinnulífsins og nútímasamfélags í huga. Auknar fjárveitingar að krónutölu, sem veittar hafa verið og lítið eitt fyrirhugaðar í þessu fjárlagafrv., hverfa eins og dögg fyrir sólu í verðbólguhít ríkisstj.

Svipaða sögu er að segja í spítalamálum landsins, þótt fjárveitingar hækki að krónutölu. Er það ömurlegur vottur um stefnuna, að í þessum málum og fleiri hliðstæðum skuli safnast fyrir óleyst verkefni í mestu góðærum, sem þjóðin hefur nokkru sinni lifað, og við harðsnúnustu skattheimtu, sem þekkzt hefur, síðan landið fékk forráð mála sinna.

Af þeim 3200 millj., sem innheimta á samkv. þessu fjárlagafrv., er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að sjá af einum eyri til nýrra sérstakra ráðstafana til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins eða til uppbyggingar í þeim byggðarlögum, þar sem skilyrði eru góð, en lítið fjármagn heima fyrir, og engan eyri til stuðnings á þeim stöðum, þar sem ástandið er verst.

Áður en stofnað var til núverandi öngþveitis og fjárl. voru ekki nema 800 millj. eða svo, var varið 13—15 millj. á ári sérstaklega til uppbyggingar viðs vegar um landið, þar sem skilyrði voru góð, en heimafjármagn af skornum skammti. Þannig var grundvallað sumt af því, sem nú mjólkar drýgst í þjóðarbúið: síldarverksmiðjur, fiskiðjuver o. fl., þótt Sjálfstfl. teldi þessar framkvæmdir þá bera vott um pólitíska spillingu, enda er nú svo komið, að framlög í þessu skyni nema á fjárl. litlum hluta af 10 millj., sem kallað er atvinnubótafé. Í þessu skyni ættu þó að vera í fjárl. a. m. k. 50—60 millj., miðað við margföldun þeirra og rýrnun krónunnar.

Framsóknarmenn flytja hér þing eftir þing frv. um nýja stofnun, sem hafi veruleg fjárráð til að sinna þessu þýðingarmesta verkefni í öllum þjóðarbúskapnum, þ. e. a. s. skipulegri uppbyggingu atvinnulífsins í landinu, þar á meðal skynsamlegum ráðstöfunum til eflingar þéttbýlisstöðvum, þar sem því verður við komið. Úr öðrum löndum berast nú þær fréttir, að einmitt þvílíkar ráðstafanir séu fyrirhugaðar í hverju landinu af öðru og taldar lífsnauðsynlegar. En ríkisstj. hérna og hennar lið hefur fram að þessu fellt frv. framsóknarmanna með þeim formála, að þessi hégómlega lágu framlög þeirra úr atvinnubótasjóðnum væru fullnægjandi ráðstafanir í þessu skyni.

Framsfl. mun halda áfram baráttu sinni í þessu máli, unz undan verður látið, eins og í fleiri málum, sem dæmi gerast um nú þessi missirin. Máske hjálpa okkur þær fréttir, sem úr öðrum löndum berast nú um þessi efni, því að kunnara er það en fram þurfi að draga, að fúsastir sýnast forráðamenn stjórnarflokkanna að hlusta á það, sem heyrist erlendis frá. Ættu landsmenn fyrir því, að sú árátta þeirra kæmi sér einu sinni vel.

Framlög af ríkistekjum til að dreifa raforkunni standa í stað ár eftir ár þrátt fyrir stökkhækkun fjárl. og rýrnun krónunnar.

Til aukinna átaka í húsnæðismálum telur ríkisstj. ekki hægt að verja neinu af þessum 3200 millj., enda þótt ástandið í húsnæðismálum hafi farið síversnandi undanfarin uppgripaár og sé nú orðið með öllu óþolandi. Minnstu íbúðir eru nú orðið leigðar á 4000—6000 kr. á mánuði, ef þær fást, sem er raunar fágætt. Fjöldamargir borga nú þessa mánuðina í húsaleigu allt það, sem eftir er af mánaðarkaupinu, þegar ríkisstj. hefur tekið af þeim upp í skattana, og margir miklu meira, og enn aðrir eru hreinlega á götunni. Það er svo táknrænt, að ofan á þetta ástand eru það helztu ráðstafanir ríkisstj. til að draga úr fjárfestingunni að hræða menn frá því að leggja út í nýjar íbúðabyggingar á þessu hausti. Það er þáttur í þeirra höftum, og þá fannst þeim sanngjarnast að draga úr fjárfestingunni með því að minnka íbúðabyggingarnar. Skilningur valdhafanna á húsnæðisvandamálinu, sem augljóslega hefur verið að skapast undanfarin ár, sést á því, að í framkvæmdaáætlun þeirri, sem gefin var út í fyrra, segir ríkisstj. orðrétt:

„Nú er hins vegar svo komið, að hið mikla húsnæðisvandamál, sem fyrir lá í lok styrjaldarinnar, er í aðalatriðum leyst og sérstakra átaka í húsnæðismálum af því tagi, sem gera varð á síðasta áratug, er ekki lengur þörf."

Með þessa speki að leiðarljósi hefur ríkisstj. látið íbúðamálin verða að stórfelldu þjóðfélagsvandamáli þrátt fyrir betri kringumstæður til að gera stórátök í þeim málum en nokkur ríkisstj. hefur áður haft.

Í verkalýðssamningunum í vor var ríkisstj. loks þvinguð til að gera nokkrar endurbætur á lánakjörum íbúðalána, og kostaði það nýjan skatt og sennilega þó fleiri en einn nýjan skatt, því að á fjárl. telur ríkisstj. sig ekki hafa pláss fyrir framlög til húsnæðismála, eins og þetta fjárlagafrv. sýnir.

Húsnæðismálin standa nú orðið þannig, að skammt mun það hrökkva til að leysa þau, sem fékkst fram í vor. Mun þar ekkert minna duga en ráðstafanir til að gera byggingu hentugs íbúðarhúsnæðis ásamt öðru hliðstæðu í almannaþágu að hreinum forgangsframkvæmdum í landinu.

Framlög til landbúnaðarmála eru nokkuð hækkuð í krónutölu í þessu frv., og er það mest vegna þess, að stéttasamtökum bændanna tókst að knýja fram í afurðaverðsamningunum í haust ýmis atriði, sem áttu að vera sjálfsögð, en synjað var gersamlega að samþykkja með eðlilegum hætti. Vantar þó mikið á, að hlutur landbúnaðarins varðandi framlög til uppbyggingar og lánskjör hafi verið réttur miðað við það, sem áður var, hvað þá bættur, sem brýn nauðsyn krefur. Verður þeirri baráttu haldið áfram.

Vegamálin verða eitt gleggsta dæmið um, hvernig stjórnarstefnan leikur framfaramálin og hvernig verðbólgan étur framkvæmdafé. Til vegaframkvæmda og brúa voru samþ. 100 millj. kr. í nýjum álögum í fyrra. Samt var ekki hægt að halda vegunum viðhlítandi við í sumar og fé til nýlagningar varð svo ódrjúgt, að furðu sætti, miðað við verkefnin, því að þau eru sístækkandi í vegamálum. Horfir nú enn til vandræða með vega- og brúaframkvæmdir. Ríkissjóður tekur til almennra þarfa stórfé af því, sem lagt er á umferðina, og mun Framsfl. halda áfram baráttu sinni fyrir því að fá það fé í vaxandi mæli til vega- og brúargerða.

Þetta fjárlagafrv. er í sannleika sagt ófögur mynd af rangri stjórnarstefnu, örlagaríkum mistökum veikrar ríkisstj. Veruleikinn er þó verri en frv. sýnir, því að þar er leynt, hvernig

komið er, eins og glöggt hefur þegar komið fram í þessum umr.

Ofan á allt annað er ríkisstj. komin algerlega í hring, þar sem hún streitist nú við að borga niður með ríkisfé sívaxandi verðhækkanir, sem hún hefur beinlínis sjálf kallað fram skipulega með stefnu sinni, sem byggð var á því að láta verðlag og framkvæmdakostnað hækka meira en kaup og aðrar tekjur almennings. Af því sýpur ríkisstjórnin nú seyðið sjálf, síðan vísitalan fékkst loks sett í samband við kaupgjaldið á ný.

Ég kem að skattamálunum, sem efst hafa verið á baugi um sinn, og kemur það ekki til af góðu. Ríkisstj. lýsti því yfir 1960, að stefna hennar væri sú að afnema tekjuskatta á almennum tekjum. Og þegar skattal. frá 1960 voru sett, var því lýst yfir hátíðlega, að búið væri að afnema tekjuskattinn á almennum launatekjum. Brátt fóru menn þó að finna, að hér var ekki allt með felldu, enda fór svo fjarri því, að þetta væri satt, að síðan þessu var lýst hátíðlega yfir, að skattar þessir væru úr sögunni, er sagt, að þeir hafi í tvígang verið lækkaðir, en samt eru þeir nú þyngri miðað við gjaldgetu manna en nokkru sinni fyrr.

Hér var sem sé þannig frá gengið, að umreikningsreglan gamla var numin brott úr skattal. 1960 og beinir skattar hækkuðu því óðfluga með vaxandi dýrtíð og verðbólgu. Einkum var augljóst, að í hreint óefni stefndi á þessu ári, því að ríkisstj. lagði til í vetur sem leið að hækka skattstigana á meðaltekjum ofan á annað og taka þannig til baka að mestu leyti leiðréttinguna, sem gerð var á persónufrádrættinum. Stefndi hér sýnilega í mikinn vanda.

Lögðu framsóknarmenn því þrennt til málanna í vetur, sem hefði getað bjargað: að hækka meira persónufrádráttinn, að till. ríkisstj. um að hækka skattstigann á meðaltekjum yrðu felldar og að umreikningurinn yrði tekinn í lög á ný. En stjórnarflokkarnir máttu ekki heyra þetta nefnt og létu aðvaranir framsóknarmanna sem vind um eyru þjóta og felldu till. okkar og kölluðu yfirboð, eins og þeir eru vanir. Fjmrh. taldi, að fullyrðingar framsóknarmanna um, að fram undan væri gífurleg skattahækkun, ef ekki yrði meira að gert til þess að leiðrétta skattalögin, — fjmrh. taldi þessa yfirlýsingu glöggt dæmi þess, hve lágt væri hægt að leggjast í heiðarlegum málflutningi, og dæmi um pólitískt siðleysi. Minna mátti það ekki heita. Þvert á móti væri nú enn von á verulegri skattalækkun, sagði ráðh. Undir þetta tók svo allur stjórnarkórinn, og hámarki sínu náði þessi þokkalega blekking, þegar blað fjmrh. lýsti því með sterkum orðum, rétt áður en skattskrár fóru að koma, að nú mundu beinir skattar lækka svo rækilega, að menn gætu hópum saman siglt í sumarfríunum fyrir það, sem sparaðist í skattgreiðslunum.

En þá féll reiðarslagið. Skattskrá höfuðborgarinnar kom út. Áróðursmoldviðrið féll til jarðar. Sannleikurinn um skattana stóð allt í einu svartur á hvítu, ekki bara í Tímanum, heldur líka á sjálfum skattseðlunum. Þúsundir manna sáu nú tvennt í senn, að þeir réðu ekki við að borga skattana, sem áttu að vera ýmist úr sögunni eða orðnir fisléttir, enn fremur, hvers virði málflutningur fjmrh., ríkisstj. og stjórnarblaðanna var, þegar hægt var að finna kvarða til að mæla á sannleiksgildið. Hefur síðan að ýmsum hvarflað máltækið, að „fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott", því að þessum býsnum fylgdi þýðingarmikil reynsla af því, hvers virði áróður stjórnarflokkanna er og hve mikið þeim er að treysta. Gæti sú reynsla komið að gagni síðar.

Skipti nú engum togum, að allir sáu, hvernig í pottinn var búið. En stjórnarblöðin ætluðu samt ekki að láta sig, og blað fjmrh. byrjaði t. d. á því að segja þær fréttir, að menn væru núna óvenju ánægðir með skattana. En almenningsálitið og hvernig raunverulega er ástatt sést bezt á því, að ekki liðu margir dagar, unz það stóð í Alþýðublaðinu t. d., að ranglæti í skattamálum væri nú í fyrsta sinn í sögunni svo hróplegt, að við það yrði alls ekki unað, og í Morgunblaðinu mátti finna — innan um afsakanirnar, að skattalögin líktust mest óðs manns æði í framkvæmd, en samt var því haldið fram blákalt, að skattur og útsvar hefðu lækkað.

Jók það enn réttmæta reiði manna, að skattundandráttur virtist mönnum nú meiri en nokkru sinni, og voru það efndirnar á mörgum hátíðlegum skrumyfirlýsingum margendurteknum undanfarin missiri um, að skattsvik væru að verða úr sögunni. Var þetta því allt hvað eftir öðru.

Framkvæmdastjórn Framsfl. hófst strax handa, því að líklegt var, að nú hefði jarðvegur skapazt, sem gæti orðið til að knýja fram þær réttmætu skattalagabreytingar, sem felldar voru fyrir flokknum í fyrravetur. Enn fremur var augljóst, að þessar álögur sköpuðu þúsundum heimila lítt eða alveg óleysanlegan vanda, og varð því að reyna að knýja einnig fram lækkun á álögðu sköttunum.

Framsfl. stakk strax upp á því, að efnt yrði til samstarfsnefndar stjórnmálaflokkanna, sem beitti sér jöfnum höndum að því að finna leiðir til að lækka álagða skatta og tillögugerð um gagngerðar endurbætur á skatta- og útsvarskerfinu til frambúðar. Till. flokksins og forusta í málinu höfðu feikna hljómgrunn. Það var auðfundið, en ríkisstj. vildi ekki nota tækifærið og efna til samstarfs um málið, sem þó hefði verið skynsamlegast. Hún neitaði því þessu samstarfi og reyndi að bera sig vel í fyrstu.

En augljóst var, að nú var stjórninni brugðið, og á öllu sást, að fjmrh. fann, að hann var ósvinnur orðinn. Er skemmst af að segja, að þegar ráðh. var ásamt okkur fleirum kvaddur í útvarpsþátt til að segja álit sitt á þessum málum, gaf hann þessi fyrirheit, orðrétt: „Að hækka persónufrádrátt, að breikka þrepin í skattstiganum og að setja í skattalögin ákvæði

um breytingu á persónufrádrætti og skattstiga með hliðsjón af kaupgjalds- og framfærsluvísitölu.“

Eins og allir mega heyra, eru þetta einmitt þau þrjú meginatriði, sem framsóknarmenn gerðu till. um í fyrravetur, en stjórnarflokkarnir felldu þá og létu fylgja svigurmæli um yfirboð og ábyrgðarleysi. En ávarp fjmrh. í ágúst til landsmanna hefði alveg eins mátt orða þannig: Verið ekki reið, við lofum nú að gera það, sem Framsfl. vildi í vetur, en við felldum þá.

Nú er það hlutverk almennings að vera á verði með okkur og sjá um, að ekki verði hlaupið frá því, sem lofað hefur verið núna og lofað var, þegar almenningsálitið brann heitast á ríkisstj., enn fremur, að herferð verði hafin gegn skattsvikum og þá ekki síður á söluskatti en öðrum sköttum og endurbætur gerðar á útsvarslöggjöfinni. Þetta lýtur að framtíðinni, og við verðum að telja, að nú hafi tekizt að skorða ríkisstj. varðandi veigamikil atriði með þessu lagi.

En erfiðlega gengur með lagfæringu á álögðum sköttum, sem eru mjög mörgum alveg gersamlega ofviða, eins og nú er komið húsnæðisokri og dýrtíð hins vegar. Fyrst í sumar virtist lát á ríkisstj. einnig í því máli, en nú er helzt að heyra, að það eitt standi til að gefa kost á eins konar kreppulánum til stutts tíma með viðreisnarvöxtum til að greiða ríkisstj. upp í skattana. Leysir það ekki vanda manna, sem augljóst er. En sögulegur atburður má það teljast, að ríkisstj. sér sér þann kost helztan fyrir hendi að stofna hjálparlánasjóð handa mönnum til að greiða álögur hennar sjálfrar, og ekki verða þetta minni tíðindi, þegar í hlut á sú ríkisstj., sem hafði hátíðlega heitið því að afnema beina skatta á almennum tekjum og margsagt og það alveg fram á síðustu stund, að hún væri búin að því.

Í stað þess að lækka álögðu skattana, sem þeir hafa neyðzt til þess að játa með loforðum um breytingu næst, að engri átt nái nú, er nú enn byrjað á alls konar vífilengjum og farið að framleiða óskiljanlega talna-„rebúsa“ með gamla laginu, sem eiginlega eiga helzt að sýna, að ekkert óvenjulegt hafi gerzt. Manni skilst helzt, að menn hljóti að hafa lesið skakkt á skattseðlunum. Inn í þetta er svo blandað getgátum um, hvað menn hefðu þurft að borga, ef í gildi hefðu verið skattalög, sem giltu fyrir 6 árum, og þetta kallaðir útreikningar, en eru blekkingar einar, því að enginn getur þar fundið réttan samanburð, þegar verðlagskerfi, peningagildi og fjármálakerfi landsins hefur verið gersamlega umturnað og persónufrádrættir og skattstigar frá þeim tíma gætu því alls ekki komið til mála nú. Allur slíkur samanburður er í þeim eina tilgangi gerður að draga frá því athyglina, að það á að reyna að innheimta álögðu skattana þrátt fyrir allt, því miður, nema stefnunni verði breytt frá því, sem horfir nú í dag.

Framsóknarmenn hafa nú lagt fram frv. um að fella niður tekjuskatt undir 7000 kr. og 7000 kr. hjá hverjum einstaklingi, sem meira á að borga, og lækka álögð útsvör um 20%, enn fremur lögskipa sérstaka rannsókn á framtölum ársins 1963 og efna til samstarfs um endurskoðun skatta- og útsvarslaga. Sveitarfélögum verði bætt upp af ríkisfé lækkun útsvaranna. Þetta er hægt að gera og verður að gera til að létta undir með greiðslum hjá þeim, sem alls ekki ráða við þessar álögur.

Umframtekjur ríkissjóðs af tekjuskattinum einum munu nægja til að mæta þessari lækkun á tekjuskattinum sjálfum, og af öðrum sköttum í ár fær ríkissjóður feikna umframtekjur, en nú verður enn eitt metár í framleiðslu, eins og hæstv. fjmrh. lagði sjálfur áherzlu á áðan. Hér við bætist, að greiðsluafgangur tveggja síðustu ára nam um 300 millj. kr.

Vafalítið verða till. okkar í þessum málum kallaðar yfirboð. En við tökum það ekki nærri okkur, og enginn mun taka slíkt alvarlega framar. Það var líka kallað yfirboð t. d. að leggja til, að aukið jarðræktarframlag næði til 25 ha. túna, en nú er það komið í lög. Það var líka kallað yfirboð að krefjast og gera till. um lækkun á vöxtum af íbúðalánum, og það var sagt, að slíkt væri með öllu óframkvæmanlegt, enda væru vextirnir léttbærir. En þegar stjórnin stóð frammi fyrir óleysanlegum kjaramálum í vor og ráðherrastólarnir voru farnir að rugga, þá reyndist hægt að lækka íbúðalánavextina um helming eða um 4%. Það var líka kallað yfirboð að leggja til þær breytingar á skattalöggjöfinni í fyrra, sem felldar voru fyrir okkur framsóknarmönnum þá. En 17. ágúst í sumar gaf fjmrh. þau fyrirheit í útvarpinu, að þessi atriði skyldu tekin til greina og gerð að lögum á þessu þingi. Við tökum því ekki nærri okkur, þó að till. okkar kynnu að verða kallaðar yfirboð af stjórnarliðinu.

Sumir kunna að halda, að óheilindi hæstv. ríkisstj. í skattamálum, sem nú blasa við allra augum, séu einsdæmi. En svo er ekki. Það er miklu nær, að þetta sé einkennandi fyrir ráðlagið allt, því miður. En menn sjá þetta með beinu skattana betur en margt annað, af því að það snertir menn meira beint. Flest hliðstætt dylst fremur, en er þó engu síður áhrifarikt, enda hefur það ekki gerzt sjálfkrafa að umturna tekjuskiptingunni í landinu, eins og gert hefur verið á fáum árum og ég drep á í örfáum orðum hér á eftir.

Lítum að lokum á nokkra höfuðþætti stjórnarstefnunnar aðra en þá, sem ég hef þegar rætt í beinu sambandi við fjárlagafrv.

Því var hátíðlega heitið, að uppbótakerfið skyldi hverfa með öllu. En núgildandi uppbætur og niðurgreiðslur mundu nema 850 millj., ef þeim verður haldið áfram í gildi. Þetta eru efndirnar á því að afnema uppbótakerfið. Það átti að koma á stöðugu verðlagi með sjálfvirku efnahagskerfi. Dýrtíðarvöxturinn hefur þó orðið nálega fjórfalt hraðari á þessum árum en áður. Það átti að koma á stöðugu verðgildi peninga og viðhalda gildi krónunnar og sparifjárins. En aldrei hefur verðgildi peninga

og kaupmáttur sparifjár rýrnað jafnóðfluga og á þessum árum. Það var lofað frelsi. En í framkvæmdinni hefur það orðið frelsi þeirra einna, sem hafa fullar hendur fjár, en lánsfjárhöftum og kjaraskerðingarpólitík óspart beitt til þess að hefta hina. Baggana átti að binda þjóðinni, til þess að hún gæti greitt niður og lækkað skuldir sínar við útlönd. En þrátt fyrir mestu uppgripaár, mörg í röð, hafa skuldir þjóðarinnar út á við, að frádregnum innstæðum og að frádregnum hinum margumtalaða gjaldeyrisvarasjóði, hækkað stórkostlega, en ekki lækkað, og lausaskuldir til stutts tíma eru hærri en nokkru sinni fyrr vegna rekstrarlánanna stuttu, sem menn hafa orðið að grípa til vegna rekstrarfjárskortsins.

En ofan á þetta allt saman bætist, að þrátt fyrir óvenjulegt góðæri og vaxandi þjóðartekjur hefur raunverulegt endurgjald vinnandi fólks fyrir hvern vinnudag farið minnkandi í stað þess að fara eðlilega vaxandi.

Nú er nálega engum kleift að sjá sér og sínum farborða með endurgjaldi fyrir venjulegan vinnudag, og þrátt fyrir góðæri til lands og sjávar og fágæt uppgrip standa framleiðsluatvinnuvegirnir einnig höllum fæti. Koma þar fyrst og fremst til greina hagstjórnaraðferðir núv. ríkisstj., sem koma þungt niður á þessum undirstöðugreinum í þjóðarbúskapnum. Sést búskaparlagið bezt á því, að þannig skuli vera háttað afkomu þessara undirstöðuatvinnuvega, enda þótt kaupgjald sé lægra hér en í nálægum, sambærilegum löndum og raunverulega lægra nú en það var fyrir 6 árum. Samt er því haldið hér blákalt fram og síðast nú fyrir nokkrum mínútum úr þessum stól, að það séu óeðlilegar hækkanir á kaupgjaldi, sem séu undirrót þeirrar verðbólgu, sem þjóðin hefur búið við á síðustu árum.

Höfum við ekki sögur af því, að nokkur ríkisstjórn önnur en þessi hér haldi þannig á málum, að endurgjald fyrir venjulegan vinnudag, þ. e. a. s. kaupgjald og tekjur í landbúnaði, hafi farið lækkandi þrátt fyrir vaxandi þjóðartekjur. Slík frammistaða mun nálega heimsmet í ráðleysi og óstjórn, og svo eiga menn að þakka þá mola, sem stjórnin lætur falla á flóttanum og eiga að koma í staðinn fyrir mannsæmandi búskaparlag.

Kjarni meinsemdarinnar er sá, að ríkisstj. er alltaf að reyna að koma á jafnvægi og lækna verðbólguna með því að draga úr kaupgetu manna með auknum tollum og sköttum og minni kauphækkunum og minni hækkunum á tekjum bænda en dýrtíðaraukningunni nemur og með því að halda niðri almennum bankaútlánum og útlánum til framleiðslunnar og halda háum lánavöxtum. Þetta eru hagstjórnaraðgerðirnar, sem reyndar hafa verið núna nálega um 6 ára skeið og skapað hafa það ástand, sem blasir við í efnahagslífi þjóðarinnar, og enn er haldið dauðahaldi í þessar aðferðir.

Um þetta stendur hið eilífa stríð við almenning og framleiðendur út af kaupgjaldi, dýrtíð, vöxtum, rekstarlánum og stofnlánum. Ríkisstj. kemur þó aldrei til fulls fram vilja sínum vegna samtaka fólksins og stuðnings stjórnarandstöðunnar við þau, sem af og til verður að taka tillit til. En jafnvægið næst auðvitað ekki og næst aldrei með þessum aðferðum, og verðbólgan dunar áfram og svikamyllan malar. Gífurlegar verðbólguframkvæmdir þeirra, sem mest hafa peningaráðin, sitja fyrir. Verðbólgugróðinn eykst hröðum skrefum og sogar til sín sívaxandi hluta af þjóðartekjunum og vinnuafl frá framleiðslunni og íbúðabyggingum t. d. Sú gífurlega eyðsla, sem á þessu byggist, á sinn ríka þátt í því að viðhalda sjálfum vandanum. Á þessum slóðum er að leita þess fjár, sem vantar til að framleiðslan skili góðum arði á þessum árum og geti borgað viðunandi kaup. En stjórnarstefnan er beinlínis byggð á því, að þetta verði svona að vera, peningaöflin verði að leika lausum hala, en jafnvægi skuli ná með takmörkunum á kaupgetu almennings, háum útlánsvöxtum og harðvítugri lánsfjárskömmtun, sem kemur þyngst niður á framleiðslunni, því að þessi stefna lamar rekstur fjölda þýðingarmikilla fyrirtækja í landinu vegna rekstrarfjárskorts, sem henni fylgir.

Verðbólgan stafar ekki af of miklum kauphækkunum á undanförnum árum. Verðbólgan er herkostnaðurinn við að láta peningavaldið rótfesta sig í landinu með framkvæmdum sínum og umsvifum, sem komast fram fyrir annað, þegar kjör annarra eru skert og dregið úr lánsfé og það gert dýrara og dregið úr stuðningi ríkisins við þýðingarmestu framkvæmdir. En þessi verðbólguumbrot peningavaldsins eru svo fyrirferðarmikil í þjóðarbúskapnum, að á meðan þau eru höfð í forgangsflokki, verður ætíð hernaðarástand í atvinnu- og efnahagsmálum.

Nálega allir finna nú, að eitthvað meira en lítið er bogið við stjórnarstefnuna. Það er ávinningur. En það þarf þó meira til. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að blaðinu verður að snúa alveg við. Líta verður á allt þetta frá nýjum sjónarhól, kasta úreltum hagstjórnaraðferðum, þar sem handahófið og verðbólgueyðslan er látið sitja í öndveginu, taka þess í stað upp þá stefnu að beina fjármagni landsmanna, vinnu og vélaafli að því að efla sjálfa framleiðsluna, auka framleiðni og vélvæðingu og borga mannsæmandi kaup fyrir venjulegan vinnudag, láta þær framkvæmdir sitja fyrir, sem þýðingarmestar eru, og rista þannig meðal annars fram úr húsnæðisvandamálinu og rekstrarfjárvandamáli atvinnuveganna. Stefna verður að skipulegum hagvexti og réttlátri skiptingu þjóðarteknanna, eðlilegu jafnvægi í byggð landsins, beita vísindalegum starfsaðferðum, efla rannsóknir og leiða vinnu, þekkingu og skipulag til sætis við háborðið í stað handahófs og úreltra hagstjórnaraðgerða, sem draga niður á við og nágrannaþjóðir okkar telja ekki nothæfar lengur.

Stefnubreytingu verður að knýja fram. Hægt er að þvinga fram nokkrar lagfæringar í einstökum atriðum, sumum þýðingarmiklum, og fyrirbyggja sumt af því versta með jákvæðri

baráttu stjórnarandstöðunnar, einkum í samvinnu við almannasamtökin og með stuðningi almenningsálits, eins og glögg dæmi sanna. En aðkallandi, raunar lífsnauðsynleg breyting á grundvallarstefnu og viðhorfum fæst ekki, nema nægilega margir landsmenn sameinist um að fylgja fram nýrri stefnu í stað þeirrar, sem fyrir allra augum hefur gengið sér til húðar. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar fjárlög eru til umr., verður mönnum oftast fyrst fyrir að geta um heildarhækkun tekna og gjalda ríkissjóðs samanborið við árið á undan, því að undanfarna áratugi hefur ekki verið um annað að ræða en að fjárlög hækkuðu frá ári til árs. Þessi þróun á sér fleiri en eina skýringu, og má í því sambandi nefna fjölgun þjóðarinnar, sem að skiljanlegum hætti hefur í för með sér aukna starfsemi á vegum ríkisins. Þannig útheimtir fjölgunin t. d. fleiri og stærri sjúkrahús, víðameira fræðslukerfi, auknar almannatryggingar, aukna löggæzlu og margvíslegar opinberar framkvæmdir. Í annan stað má nefna, að stundum eru nýir liðir teknir inn á fjárlög, sem hafa ekki verið þar áður, og stuðla þeir þá einnig að hækkun niðurstöðutalna. Þannig var ríkissjóði með l. nr. 1 frá 31. jan. s. l., um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., gert að greiða til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í freðfisksframleiðslu 43 millj. kr., til aflatryggingasjóðs vegna togara 51 millj. kr., til fiskileitar í þágu togara 4 millj. kr., til uppbótar á ferskfiskverð 52½ millj. og til fiskveiðasjóðs á móti útflutningsgjaldi af sjávarafurðum 30 millj. kr. Tekna til að mæta þessum auknu útgjöldum var svo aflað með því að hækka söluskatt úr 3% í 5½%, og var þeirri hækkun tekna einnig ætlað að standa undir hækkun á greiðslum ríkissjóðs til almannatrygginga, að upphæð 27 millj. kr., og auknum niðurgreiðslum á vöruverði, sem talið var að mundu nema um 55 millj. kr. Flestir þessir útgjaldaliðir, svo og hækkun söluskattsins teknamegin, sem þannig voru ákveðnir með sérstökum l., eftir að fjárlög ársins 1964 höfðu verið afgreidd, eru nú, með nokkrum breytingum þó, að undanskildu framlagi til framleiðniaukningar í freðfiksiðnaði og uppbótum á ferskfiskverð, teknir upp í fjárlagafrv. ársins 1965, og verður að hafa þetta í huga, þegar samanburður er gerður á niðurstöðutölum frv. og fjárl. þessa árs, eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni. Að þessu sinni hækka einnig t. d. dómgæzla og lögreglustjórn, m. a. vegna þess, að Alþingi hefur áður ákveðið að auka þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við löggæzlu, þannig að á árinu 1965 greiðast 50% af kostnaðinum í stað lægri prósentu áður. Þá hækka heilbrigðismálin, m. a. vegna aukins styrks úr ríkissjóði til annarra sjúkrahúsa en þeirra, sem ríkið rekur. Landbúnaðarmál hækka í heild um 55 millj. kr., og er verulegur hluti þeirrar hækkunar vegna samkomulags um aukinn stuðning við landbúnaðinn, sem gert var nú nýlega, þegar verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara var ákveðinn. Loks hækka t. d. raforkumál um 39.6 millj. kr., svo til eingöngu vegna þess, að frv. gerir ráð fyrir, að rekstrarhalli rafmagnsveitna ríkisins verði nú greiddur úr ríkissjóði, en á fjárl. undanfarinna ára hefur verið gert ráð fyrir, að sá halli væri jafnaður með lántöku.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, eru nokkur dæmi um það, hvernig fjárlög hækka milli ára, þegar ný útgjöld koma til sögunnar, og þriðja meginorsökin til síhækkandi fjárlaga, sem ég vil nefna, er hækkað kaupgjald og vaxandi dýrtíð, sem eykur útgjöld ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja engu síður en útgjöld einstaklinga og einkafyrirtækja. Ríkið og stofnanir þess, sem þetta frv. nær til, munu hafa um 5000 manns í þjónustu sinni, sem taka hjá því föst laun, og nema þær greiðslur samkv. launaskránni með frv. um 630 millj. kr. Við þessar kaupgreiðslur bætast svo stórar upphæðir, sem greiddar eru fyrir aukavinnu og margvíslega aðkeypta þjónustu, t. d. greiðslur til iðnaðarmanna, er vinna fyrir ríkið. Það er þannig verulegur hluti af þeim fjármunum, sem renna í ríkissjóð og til stofnana ríkisins, sem greiddur er þaðan út aftur sem laun. Fyrir þær þúsundir manna, sem hjá ríkinu vinna eða hafa við það viðskipti, er áríðandi, að hagur ríkissjóðs og ríkisstofnana sé slíkur, að hægt sé að bjóða starfsfólkinu mannsæmandi laun og góðan aðbúnað og atvinnuöryggi. Þessu markmiði verður bezt náð með því, að ríkisbúskapurinn sé í jafnvægi og fjárlög afgreidd greiðsluhallalaus, og er þetta raunar hagsmunamál þjóðarinnar allrar.

Þau ár, sem stuðningsflokkar núv. ríkisstj. hafa staðið að afgreiðslu fjárl., hefur tekizt að halda vel í horfinu að þessu leyti, og hin góða afkoma ríkisins hefur leyft meiri kjarabætur til handa opinberra starfsmanna en þeir hafa áður fengið á svo skömmum tíma. Einnig hefur verið unnt að stórauka framlög ríkisins til almannatrygginga og menntamála og til margvíslegra opinberra framkvæmda, jafnframt því að hlaupið hefur verið undir bagga með atvinnuvegunum, þegar þess hefur þurft með. Allar hrakspár um „móðuharðindi af manna völdum" hafa orðið spámönnunum til skammar, þótt Eysteinn Jónsson telji sig alls staðar sjá eymd og vesaldóm, eins og berlega kom fram í ræðu hans áðan.

Ég er þeirrar skoðunar, að blómlegt atvinnulíf í landinu, hinar miklu framkvæmdir og almenna velmegun geri það að verkum, að enn þá beri að fylgja sömu stefnu við afgreiðslu fjárlaga og gert hefur verið að undanförnu, þ. e. a. s. að afgreiða þau greiðsluhallalaus og helzt með sem ríflegustum greiðsluafgangi. Það kæmi því aðeins til greina að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla, að atvinnuleysi hefði skapazt í landinu og framkvæmdir dregizt saman. En því fer svo fjarri, að svo sé um þessar mundir, að eitt helzta umræðuefni manna er það, hvernig unnt verði að stytta þann langa vinnutíma, sem nú er tíðkaður.

Það kannast allir við það, hvernig verðbólgan leikur alls konar áætlanir, og undanfarin ár hafa tekjur og gjöld ríkissjóðs í fjárl. yfirleitt reynzt hærri en áætlað var og tekjuafgangur verið meiri. Þetta varð til þess, að unnt var að leggja 100 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1962 í jöfnunarsjóð ríkisins, sem stofnaður var með l. nr. 41 1932 og er ætlaður til þess að taka við framlögum í góðæri, er unnt verði að grípa til síðar, ef örðugleikar steðja að. Er þetta fyrsta framlag til þessa sjóðs frá stofnun hans, og talar það sínu máli um afkomu ríkisbúsins og raunar þjóðarbúsins í heild á liðnum viðreisnarárum. Einnig er nú lagt til í heimildagrein þessa frv., að af greiðsluafgangi 1963 verði 20 millj. kr. greiddar upp í vangoldin framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa í smíðum, svo og aðrar 20 millj. kr. upp í vangoldin framlög til hafnargerða. Af þessu má þó alls ekki draga þá ályktun, að óhætt sé að hafa áætlun fjárl. óvarlegri en áður, þ. e. a. s. að hækka útgjöldin stórlega án þess að gera ráð fyrir hækkuðum tekjum á móti. Það gæti ég trúað, að væri ráð hv. stjórnarandstæðinga eins og oft áður. En með slíkum till. er það háttur þeirra að reyna að leiða stjórnarflokkana í þá gildru að tefla á tæpasta vað um afkomu ríkissjóðs. Þeir munu að vísu benda á, að sagan geti endurtekið sig hvað það snertir, að greiðsluafgangur fari fram úr áætlun. En hvort tveggja er, að meiri útgjöld eru nú ráðgerð en nokkru sinni fyrr í þessu frv., og svo hitt, að tekizt hefur að koma á vinnufriði og draga úr hinum öra vexti dýrtíðarinnar, þannig að af þeim sökum eru nú minni líkur til en áður, að fjárl. fari til muna fram úr áætlun. Við þetta bætist, að ríkisstj. ráðgerir till. um lækkun beinna skatta, sem e. t. v. munu ganga svo langt, að taka verði til athugunar einhverja lækkun útgjaldaliða til að vega á móti skattalækkuninni. Talið er í aths. með frv., að áætla megi, að tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti gætu reynzt 480—500 millj. kr. á árinu 1965 að óbreyttum skattal., en í frv. sjálfu er þessi tekjuliður áætlaður 375 millj. kr., og er því ráðgerð skattalækkun samkv. því 105—125 millj. kr.

Að undanförnu hefur margt verið rætt og ritað um skattamálin, bæði að því er snertir tekjuskatt og útsvar, og halda stjórnarandstæðingar því óspart fram, að þessir skattar hafi hækkað stórlega. Sú fullyrðing er rétt að því leyti, að nú greiðir, sem betur fer, allur sá fjöldi manna, sem hækkað hefur í kaupi, einnig hærri skatta en hann áður gerði, meðan kaupið var lágt. Sé hins vegar miðað við óbreyttar tekjur milli ára, er það ómótmælanlegt, að beinu skattarnir hafa lækkað. Hvað tekjuskattinn varðar, náði lækkunin, sem gerð var með lagabreytingu á s.l. vori, til allra nema einstaklinga með 140 þús. kr. nettótekjur eða hærri. Hjá þeim var skatturinn óbreyttur. Lækkunin var gerð með því að hækka fjölskyldufrádrátt þannig: fyrir einstakling úr 50 þús. kr. í 65 þús. kr., fyrir hjón úr 70 þús. kr. í 91 þús. kr., fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs úr 10 þús. kr. í 13 þús. kr. Til dæmis um þá lækkun, sem af þessu leiddi, vil ég nefna, að hjón með 1 barn og 140 þús. kr. nettótekjur greiða nú engan tekjuskatt, en hefðu áður þurft að greiða 1900 kr. Eftir eldri reglunum þurftu hjón með 1 barn og 80 þús. kr. nettótekjur að greiða 500 kr. í skatt. Í ár ber hjónum með 1 barn og 160 þús. kr. nettótekjur að greiða 8800 kr. í tekjuskatt, en s. l. ár hefðu þau orðið að greiða 12000 kr. af sömu tekjum.

Hvað útsvörin snertir, er samanburður milli ára nokkru erfiðari. Veldur þar mestu um, að enda þótt stuðzt sé við einn útsvarsstiga við álagningu útsvaranna, hafa sveitarfélögin heimild til að bæta ofan á hann prósentvís eða veita afslátt frá honum eftir því, hver tekjuþörf þeirra er. Álag eða afsláttur getur þannig verið mjög mismunandi hjá einstökum sveitarfélögum, en algengast hefur þó verið, að þau veittu afslátt, en mismunandi mikinn. Á s. l. vetri var l. um tekjustofna sveitarfélaga breytt á þann veg, að útsvarsskalinn veitti minni möguleika til afsláttar en áður, vegna þess að afslátturinn raskar í raun og veru því hlutfalli milli gjaldenda, sem reiknað er með, þegar persónufrádráttur er ákveðinn. Samtímis var horfið frá því að veita persónufrádrátt í álögðu útsvari, en í þess stað ákveðinn persónufrádráttur frá nettótekjum, eins og gert er við álagningu tekjuskatts. Nemur sá frádráttur samkv. lagabreytingunni frá í vor 25 þús. kr. fyrir einstakling, 35 þús. kr. fyrir hjón og 5 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs. Með þessu var stigið spor í þá átt að sameina beinu skattana og innheimta þá í einu lagi jafnóðum af kaupi, en það er breyting, sem margir telja æskilega. Margt þarf þó fleira til að koma, áður en sú breyting getur komið til framkvæmda. Þrátt fyrir það að lagabreytingin frá s. l. vori veitti sveitarfélögunum, eins og ég sagði áðan, minni möguleika en áður til að gefa afslátt frá útsvarsstiganum, þá hafa flest þeirra veitt afslátt á þessu ári, en sárafá þurft að grípa til heimildarinnar til að bæta prósentálagi ofan á útsvörin. Kaupstaðirnir munu yfirleitt hafa veitt frá 5—20% afslátt og einn þeirra 30% afslátt. Í sveitunum hefur afslátturinn numið frá 30—40% og sums staðar frá 50—60%. Nokkrir staðir á Norðurlandi notuðu hins vegar lágt prósentuálag, en þó ekki hærra en við hafði verið búizt.

Eins og ég sagði áðan, er samanburður á útsvörum í fyrra og í ár erfiðari en samanburður á tekjuskatti af þeim ástæðum, sem ég nú hef tilgreint. Þó má fullyrða um útsvörin, engu síður en um tekjuskattinn, að miðað við sömu tekjur bæði árin er um lækkun á útsvörunum að ræða á lágtekjum og miðlungstekjum, og skal ég ekki fara frekar út í þann samanburð. En það vil ég segja í þessu sambandi, að menn verða að gera sér ljóst, að eigi útsvörin að lækka á einhverjum hópi gjaldenda, hlýtur jafnframt að þurfa að hækka

þau á öðrum. Sveitarstjórnirnar verða lögum samkvæmt að jafna niður upphæðum, sem fyrir fram eru ákveðnar í fjárhagsáætlunum, og sé útsvarsgreiðendum fækkað, t. d. með því að stórhækka persónufrádrátt, verða hinir, sem eftir verða, að greiða þeim mun meira.

Með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á skatta- og útsvarslögum í tíð núv. þingmeirihluta, hefur verið stefnt að því að létta skattabyrðina frá því, sem áður var, en ástandið í þeim efnum var satt að segja ekki glæsilegt. Skattpíningin á þeim árum, sem Eysteinn Jónsson var fjmrh., var mikil og engrar miskunnar að vænta. Þá þótti ekki tiltökumál, þótt dregið væri undan skatti. Nú er viðhorfið annað. Skatta- og útsvarsgreiðendur hafa fundið, að fullur vilji er fyrir hendi til þess að stilla sköttum og útsvörum í hóf og sýna gjaldendum fulla sanngirni, og af þessu leiðir, að nú keppast menn við að fordæma skattsvikin og krefjast þess, að þau séu tekin föstum tökum. Augu manna hafa opnazt fyrir því, að skattsvik eru glæpsamlegt athæfi, og þeirri reiðiöldu, sem reis á þessu ári vegna skattsvikanna, verða að fylgja róttækar aðgerðir til þess að hafa upp á skattsvikurunum. Ráðstafanir í þá átt hafa verið undirbúnar, sbr. það, að stofnuð hefur verið skattarannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra, og er kostnaður við hana á árinu 1965 áætlaður um 3.6 millj. kr. samkv. fjárlagafrv. Ljóst er, að þessi deild fær í hendur mjög vandasamt verkefni, en meðan almenningsálitið styður hana í störfum, er árangurs að vænta.

Stjórnarflokkarnir munu einnig halda áfram á þeirri braut að létta skattana, og eftir því sem skattsvikin verða minni, er hægt að ganga lengra í því efni. Sennilegast er, að sú skattalækkun, sem nú er fyrirhuguð, verði framkvæmd með því að hækka persónufrádrátt og fjölga þrepum í skattstiganum. En það er margt fleira, sem til greina kemur að athuga, og þá e. t. v. fyrst og fremst að gera framtölin sem einföldust og úrvinnslu úr þeim fljótlegri en nú er. Framteljendur eiga nú rétt á alls konar frádrætti, áður en hreinar tekjur eru fundnar, og er áreiðanlega misjafnt, hvernig mönnum tekst að tína þar allt til, sem þeir kunna að eiga rétt á. Frádráttarliðirnir eru m. a. kostnaður við húseignir, þ. e. fasteignagjöld, fyrning og viðhald, vextir, eignarskattur, eignaútsvar, iðgjald af lífeyristryggingu, iðgjald af lífsábyrgð, sjúkrasamlagsgjald, almannatryggingagjald, stéttarfélagsgjald, fæðisfrádráttur sjómanna, hlífðarfatakostnaður plús aukafrádráttur, skyldusparnaður, 50% af aukatekjum konu og frádráttur vegna starfa konu við atvinnurekstur hjóna. Loks koma svo aðrir frádráttarliðir, sem eru óteljandi. Fæstir einstaklingar eiga rétt á öllu þessu, og er þannig mjög misjafnt, hvað einstakir gjaldendur hafa gott af þessum frádrætti, og á skattstofunum kostar það óhemjumikla vinnu að yfirfara þetta allt saman. Ég tel því, að við endurskoðun skattalaga hljóti að koma mjög til athugunar að fella niður alla þessa frádráttarliði, en auka þess í stað persónufrádrátt eða lækka skattprósentuna, sem lögð yrði eftirleiðis á brúttótekjur. Þessi breyting mundi verða til mikilla þæginda fyrir framteljendur, og starfslið á skattstofum mundi fá meira svigrúm til að kanna önnur atriði í sambandi við framtölin en alla hina margbreytilegu frádráttarliði. Ég held, að framtölin yrðu betri við þessa breytingu.

Annað atriði, sem þarf að athuga mjög vandlega í sambandi við endurskoðun skattalaga, eru gildandi reglur um risnu, ferðakostnað og bifreiðakostnað fyrirtækja, þannig að eigendur eða forstöðumenn fyrirtækjanna geti ekki dulið kaupgreiðslur til sjálfra sín á þessum liðum.

Ég drap á það áðan, að menn gerðu sér nú vonir um, að meiri festa kæmist á verðlag í landinu en verið hefur um langt skeið. Þessar vonir byggja menn á júnísamkomulaginu svonefnda, en með því samkomulagi kom verkalýðshreyfingin að verulegu leyti inn á þá braut í samningagerð um kaup og kjör, sem stjórnarflokkarnir hafa lengi beitt sér fyrir, gegn því, að tekin var upp á ný verðtrygging á kaupi og heitið úrbótum í húsnæðismálum. Samið var til eins árs án hækkunar á grunnkaupi, en kaupgjaldsvísitölu skal reikna út fjórum sinnum á ári. Gerðar voru umbætur á kjörum verkafólks á viku- eða mánaðarkaupslaunum og gerðar breytingar á eftirvinnutíma og eftirvinnuálagi. Orlof skyldi hækka úr 6% í 7%, og einnig lofaði ríkisstj. að beita sér fyrir setningu laga um vinnuvernd. Til húsnæðismála skyldu útvegaðar 250 millj. kr. á þessu ári og fyrri hluta næsta árs, og á árinu 1965 skyldi komið á kerfisbreytingu íbúðarlána þannig, að á næstu árum verði unnt að lána til a. m. k. 750 íbúða eigi lægri lán en 280 þús. kr. á íbúð eða 2/3 kostnaðar. Lánin verða með 4% vöxtum, en á hverja ársgreiðslu reiknast full vísitöluuppbót. Enn fremur hét ríkisstj. því að vinna að útvegun lánsfjár til verkamannabústaða. Meðal tekjuöflunarleiða til að standa straum af fjáröflun til húsnæðismálanna var gert ráð fyrir 1% launaskatti, sem atvinnurekendur greiða af greiddum launum, og á hann að renna í byggingarsjóð ríkisins sem stofnframlag, og til viðbótar var gengið út frá, að sjóðurinn fengi 40 millj. kr. sem árlegt framlag úr ríkissjóði með álagningu nýs fasteignaskatts eða með öðrum hætti.

Í samræmi við júnísamkomulagið, sem ég hef nú stuttlega lýst, eru þegar komin fram hér á Alþingi 4 lagafrv., en þau eru frv. til l. um verðtryggingu launa, frv. til l. um breyt. á l. um orlof, frv. til l. um breyt. á l. um verkamannabústaði og frv. til l. um launaskatt. Frv. um verkamannabústaði felur í sér, að lána megi allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þús. kr. Önnur lagafrv., sem af samkomulaginu leiðir, eru í undirbúningi. Í framhaldi af júnísamkomulaginu hefur ríkisstj. aukið niðurgreiðslur á vöruverði frá því, sem ráðgert var í fjárl. þessa árs, og er ekki í því fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem hér ligg-

ur fyrir, gerð till. um, hvort þessum viðbótarniðurgreiðslum skuli haldið áfram. Kemur það til kasta Alþingis að ákveða, hvort afla skuli nýrra tekna til að standa undir hinum auknu niðurgreiðslum eða hvort dregið verði úr þeim á ný, en það mundi þýða, að breyting kæmist á kaupgjaldsvísitöluna, og uppbætur yrðu þá að greiðast á öll laun, tryggingabætur og lífeyri. Þótt júnísamkomulagið hafi þannig verið mikilvægt spor í rétta átt og með því sé tryggður meiri vinnufriður og jafnvægi í efnahagsmálum en við höfum átt að venjast, þá hefur það samt ekki leyst allan vanda, og að svo stöddu er athugun fjárlagafrv. ekki svo langt komið, að unnt sé að segja, hvernig brugðizt verði við þessu vandamáli varðandi niðurgreiðslurnar.

Skömmu fyrir þingbyrjun náðist einnig þýðingarmikið samkomulag um málefni landbúnaðarins. Bændur fengu rúmlega 11% hækkun á afurðum sínum, og ákveðið var að gera ýmsar veigamiklar ráðstafanir þeim til stuðnings. Má þar til nefna, að styrkur til uppsetningar á súgþurrkun verður 1/3 kostnaðar, og skal verja í þessu skyni 5 millj. kr. á ári í næstu 5 ár. Jarðræktar- og búfjárræktarlög verða endurskoðuð og jarðræktarframlög hækkuð um allt að 30% miðað við 1963. Næstu 5 ár verður varið 5 millj. kr. á ári til að aðstoða þá bændur, sem verst eru settir, og afurðalán og viðbótarlán við þau verða hækkuð til samræmis við það, sem tíðkast í sjávarútvegi. Þetta samkomulag er tvímælalaust til verulegra hagsbóta fyrir bændur, og með því er rækilega hnekkt þeirri fullyrðingu framsóknarforingjanna, að stjórnarflokkarnir hafi engan skilning á málefnum bænda.

Viðbrögð Framsóknar við öllu, sem frá stjórninni kemur, eru alltaf þau sömu. Hún hefur allt á hornum sér, sbr. ræðu Eysteins Jónssonar áðan, og bregzt önuglega við, þótt allir aðrir fagni hlutum eins og júnísamkomulaginu og samningunum við bændur. Það er sjálfsagt erfitt fyrir skapstóra menn að vera utan gátta og finna til þess, að þeir eru ekki hafðir með í ráðum, en þeir geta sjálfum sér um kennt og heimskulegum vinnubrögðum í stjórnarandstöðunni. Væru vinnubrögð framsóknarforingjanna önnur og betri en raun ber vitni, væri meira tillit til þeirra tekið. Við úrlausn vandasamra mála er varða þjóðarheildina, er að sjálfsögðu mikilvægt, að sem víðtækast samstarf náist á milli allra flokka, og stjórnarflokkarnir hafa sýnt það í verki, að ekki stendur á þeim að taka þátt í slíku samstarfi, án þess að það boði annað og meira en úrlausn tiltekinna mála. Þetta hefur forustumönnum Framsóknar ekki skilizt enn þá, og þess vegna standa þeir utan gátta og hafa fengið á sig þann stimpil, að þeir séu óþarfir. Þetta eru ill örlög fyrir menn, sem áður höfðu mikil áhrif á gang þjóðmálanna.

Það eru að sjálfsögðu mörg verkefni, sem bíða úrlausnar þessa þings, auk þeirra, sem hér hafa verið rædd. Sum eru nýlega til komin og athugun þeirra því skammt á veg komin. Þannig er t. d. um vandamál þeirra staða á Vestfjörðum og Norðurlandi, sem eiga í örðugleikum vegna aflabrests. Þeir erfiðleikar stafa af síldarleysi við Norðurland í sumar, en einnig af því, að útgerð margra þessara staða samanstendur af bátum af þeirri stærð, sem ekki þykir lengur samkeppnisfær við nýjustu og fullkomnustu fiskiskipin. Veit ég, að margir útvegsmenn á Vestfjörðum eiga nú í erfiðleikum með að standa í skilum með vexti og afborganir stofnlána af bátum, sem þannig er ástatt með, og hafa þeir því sótt um gjaldfrest á afborgunum lánanna. Tel ég sjálfsagt að verða við þeirri ósk. En einnig þarf að kanna, hvort ekki séu til úrræði til að gera mönnum kleift að halda slíkum bátum úti, sem hér er átt við, og það vandamál nær raunar til landsins alls, því að mikið er til af 40—100 rúml. bátum víðs vegar um land, sem eru ágæt skip og nýleg, og munu mikil verðmæti fara forgörðum, ef útgerð þeirra stöðvast með öllu. Einn staður á Vestfjörðum hefur nýlega beðið óbætanlegt tjón, og þarf ekki að lýsa því, að þar munu þing og stjórn veita alla þá hjálp, sem á þeirra valdi stendur, í framhaldi af því, sem þegar hefur verið gert. Nokkrar lagabreytingar mun þurfa að gera í framhaldi af samkomulaginu við bændur, og málefni dreifbýlisins eru nú í rækilegri athugun en oft áður, eins og fram kom í umr. hér á Alþingi s. l. miðvikudag. Þá má geta þess, að fram er komið í þriðja eða fjórða skipti frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem er mikill lagabálkur og nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu til. Rannsóknirnar verða stöðugt þýðingarmeiri þáttur í þjóðlífinu, og framfarir á því sviði hljóta fyrst og fremst að grundvallast á skynsamlegri lagasetningu. Þá má geta þess, að fram er komið frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna. Slík aðstoð hefur að vísu áður verið veitt, en verður samkv. frv. veitt í öðru formi en áður, og er frv. samið í samráði við fulltrúa leikfélaganna.

Þannig eru mjög mörg verkefni þessa þings ýmist í undirbúningi eða fram komin í frv.-formi, og margt á eftir að bætast við, þegar frá líður, ef að vanda lætur. Þau störf, sem hér eru unnin á sviði lagasetningar, eiga síðar eftir að móta allt þjóðlífið. Þess vegna skulum við vona, að þau störf verði farsællega af hendi leyst.

Við athugun á fjárlagafrv. kemur í ljós, að það er dýrt fyrir fámenna þjóð að halda uppi sjálfstæðu ríki í stóru landi, og oft hefur verið á það bent, að allir Íslendingar gætu rúmazt við eina götu í stórborg. En við kærum okkur ekki um að breyta þessu, því að landið er okkur kært og það veitir okkur margt, sem hvergi er annars staðar að finna. Við viljum eiga vinsamleg samskipti við allar aðrar þjóðir, og til þess að greiða fyrir því, höldum við uppi utanríkisþjónustu okkar, þó að það kosti ærna fjármuni á okkar mælikvarða. Þetta eru flestir

sammála um, nema þingfulltrúar kommúnista, sem leggja til á hverju ári í sambandi við afgreiðslu fjárl., að dregið verði úr utanríkisþjónustunni á Norðurlöndum og í París. Þeir vilja m. ö. o. draga úr samskiptum okkar við aðrar lýðræðisþjóðir. Þessar till. hafa ekki til þessa náð fram að ganga, enda hefur utanríkisþjónusta okkar á þessum stöðum sannað gildi sitt ábreifanlega, fyrst í landhelgismálinu og nú síðast lausninni á deilu SAS við Loftleiðir. Auk kostnaðarins við sjálfa utanríkisþjónustuna ber íslenzka ríkið kostnað við þátttöku í ýmsum alþjóðastofnunum, svo sem Sameinuðu þjóðunum og ýmsum stofnunum þeirra. Sá kostnaður nemur nú alls 7½ millj. kr., og þar á meðal er framlag Íslands til friðargæzlu Sameinuðu þjóðanna, 350 þús. kr. Þennan kostnað neita aðrar og ríkari þjóðir en við að greiða, en þær eru ekki heldur eins friðsamar og við. Á morgun er dagur Sameinuðu þjóðanna, og af því tilefni skulum við óska þeim góðs árangurs við friðargæzlu um heim allan.

Að lokum vil ég segja þetta: Alþfl. tók þátt í því með Sjálfstfl. að leysa kjördæmamálið, sem var mikið sanngirnis- og mannréttindamál. Síðan hefur samstarf þessara tveggja flokka haldizt í rökréttu framhaldi af þeirri lausn, sem á því máli fékkst, og í framhaldi af upplausn vinstri stjórnarinnar. Úr hennar höndum var tekið við þrotabúi og viðreisn hafin. Árangur þeirrar viðreisnar má nú sjá á ýmsum sviðum. Almannatryggingarnar hafa verið efldar meira en nokkru sinni fyrr og m. a. afnumin skerðing á ellilífeyri og skipting landsins í verðlagssvæði. Með hjálp tryggginganna á sér stað stórkostleg tekjujöfnun í þjóðfélaginu, og hlutskipti aldraðs fólks, örkumla, einstæðra og sjúkra er gert betra en áður var. Launajafnrétti kvenna og karla hefur verið lögfest og þegar fært vinnandi konum miklar kjarabætur. Gengisskráningin hefur verið leiðrétt og haldið uppi fullri atvinnu. Fjárl. hafa verið greiðsluhallalaus öll árin og þess gætt að hygginna manna hætti, að lánveitingar fari ekki fram úr sparifjáraukningu. Myndaður hefur verið gjaldeyrisvarasjóður, sem nú er 1200—1300 millj. kr., og tekizt hefur að ná hagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd nema árið 1963, þrátt fyrir mikinn innflutning. Skólabyggingar hafa verið meiri en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar og stórátök verið gerð í húsnæðismálum, þ. á m. í byggingu verkamannabústaða. Einnig hefur þjóðin verið losuð við höft á verzluninni, og vöruskorti hefur verið útrýmt. Gífurleg aukning og endurnýjun bátaflotans hefur átt sér stað, og eru afköst fiskiflotans nú meiri en nokkru sinni fyrr. Sjaldan eða aldrei hefur meira verið gert í hafnarmálum og samgöngumálum, og fylgt hefur verið farsælli stefnu í utanríkismálum. Allt horfir þetta til aukins lýðræðis, jafnréttis og öryggis borgaranna og stuðlar ekki að því að gera þá ríku ríkari, eins og stjórnarandstæðingar segja, heldur hefur það þau áhrif að jafna kjörin og gera fleiri Íslendinga efnalega sjálfstæða og vel menntaða. Ég vil fyrir mitt leyti treysta því, að báðir stjórnarflokkarnir beri gæfu til þess að vinna áfram saman í þessum anda.

Ég þakka hv. hlustendum fyrir áheyrnina. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þá hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs fyrir s. l. ár, 1963, og fyrir fjárlagafrv. næsta árs, 1965. Það fer ekki á milli mála, að fjárhagsleg afkoma ríkissjóðs hefur verið góð 1963, eins og hún hefur reyndar verið nokkur undanfarin ár. Rekstrarafgangur var hjá ríkissjóði árið 1961 154.8 millj. kr., árið 1962 var rekstrarafgangurinn 295.6 millj. kr., og árið 1963 var rekstrarafgangur ríkissjóðs 339.7 millj. kr. Greiðsluafgangur var að sjálfsögðu nokkru minni, en þó mikill öll árin. Þessi hagstæða afkoma ríkissjóðs stafar ekki af sparnaði í rekstri ríkisins eða lágum útgjöldum. Útgjöldin hafa þvert á móti stóraukizt frá ári til árs og hækkað meira en sem nemur hækkuðu verðlagi í landinu. Það, sem úrslitum ræður um þessa hagstæðu afkomu ríkissjóðs, eru miklar og sívaxandi tekjur. Sú stefna hefur ráðið að hækka tekjur ríkisins jafnt og þétt með það fyrir augum, að drjúgur rekstrarafgangur yrði örugglega hjá ríkissjóði.

En hvernig eru hinar miklu ríkistekjur fengnar? Þær eru að yfirgnæfandi meiri hluta tollar og skattar. Tollarnir eru lagðir á innfluttar vörur og vörur framleiddar innanlands. Tollarnir hafa stórhækkað hin síðari ár, en þó mest á almennum nauðsynjavörum. Næsthæsti tekjustofn ríkisins er söluskattur, sem lagður er svo að segja á alla vörusölu í landinu og alla selda þjónustu. Söluskatturinn hefur margfaldazt í tíð núv. ríkisstj. Þannig hafa hækkandi tekjur ríkissjóðs orðið til þess að hækka allt verðlag í landinu, orðið til þess að auka dýrtíðina og þann vanda, sem hann fylgir. Núv. ríkisstj. hefur verið óspör á auknar ríkisálögur. Þrátt fyrir ríflegan afgang í rekstri ríkisins hefur hún ekki fengizt til að samþykkja eðlilegar og sanngjarnar fjárveitingar til aðkallandi málefna nema með því skilyrði, að nýjar álögur kæmu til. Þannig varð á síðasta þingi að samþykkja nýja hækkun á benzínskatti, sem nemur 100 millj. kr. á ári, til þess að hægt væri að knýja fram umbætur í samgöngumálum. Á sama þingi samþykkti stjórnarmeirihl. hækkun á söluskatti, sem nemur 300 millj. kr. á ári, undir því yfirskini, að hækka ætti lítillega bætur til almannatryggginganna og veita nokkurn styrk til sjávarútvegsins. Nú rennur öll þessi söluskattshækkun í ríkissjóð, en samkv. fyrirliggjandi fjárlagafrv. fyrir næsta ár eiga styrkirnir til sjávarútvegsins að falla niður að verulegu leyti. Þannig hefur stefnan verið og er enn.

Árið 1960, sem var fyrsta ár viðreisnarinnar, voru öll útgjöld ríkissjóðs samkv. fjárl. 1501 millj. kr. Á fjárlagafrv. fyrir 1965, sem hér liggur fyrir til umr., eru útgjöld ríkissjóðs áætluð 3200 millj. og eru þó yfir 200 millj.

kr. af útgjöldum vegamála nú teknar út úr fjárlagafrv. Það er því augljóst mál, að útgjöld og tekjur ríkisins hafa hækkað miklum mun meir en sem nemur almennri verðlagshækkun í landinu og t. d. hækkun kaupgjalds fjölmennustu launastéttanna.

Stórauknar ríkistekjur, sem jafnframt eru stórauknar álögur á almenning í landinu, gefa tilefni til þess, að skattheimta ríkisins sé athuguð nokkru nánar og þá um leið sú stefna, sem ríkjandi hefur verið í skattheimtumálum hins opinbera síðustu árin.

Skattheimta ríkisins hefur ekki aðeins verið að aukast í tíð núv. ríkisstj., hún hefur einnig verið að breytast í grundvallaratriðum. Nefskattar, sem ganga jafnt yfir ríka og fátæka, hafa verið að stórhækka. Söluskattur, sem lagður er með jöfnum þunga á brýnustu lífsnauðsynjar og glysvarning, hefur hækkað meira en aðrir skattar. Sú lækkun, sem átt hefur sér stað á tollstigum, hefur eingöngu náð til þeirrar vöru, sem hæst var tolluð áður og yfirleitt telst til munaðarvöru. Vísitala hagstofunnar sýnir á ótvíræðan hátt, að verðhækkun á matvörum hefur orðið miklu meiri á s. l. 5 árum en t. d. á vefnaðarvörum og ýmsum öðrum vörum. Toll- og söluskattsinnheimta ríkisins hefur hækkað hlutfallslega mest á matvörum og daglegum nauðsynjavarningi. Beinir skattar ríkisins á félögum og hvers konar atvinnurekstri hafa hins vegar lækkað. Heimildir slíkra aðila til skattfrádráttar hafa verið auknar, og meiri brögð en áður eru að því, að þeir, sem rekstur stunda, sleppi undan réttlátri skattlagningu. Útsvars- og skattstigar á hæstu tekjum hafa verið lækkaðir, en gjöld af almennum miðlungstekjum launafólks hafa aukizt. Það hefur sem sagt átt sér stað mjög veruleg breyting í skattinnheimtu opinberra aðila á undanförnum árum. Þessi tilfærsla skattanna af atvinnurekstri og hæstu tekjum yfir á herðar þeirra, sem lægri hafa tekjurnar, hefur verið framkvæmd samkv. stefnuyfirlýsingu viðreisnarinnar. Því hefur verið haldið fram, að kaupmáttur almennra launa væri of mikill og orsakaði jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum. Jafnframt hefur hinu verið haldið fram, að efla þyrfti fjárhagslega vel stæða atvinnurekendur til þess að tryggja efnahagslegar framfarir.

Á s. l. vetri urðu miklar umr. og allhörð átök um skatta- og útsvarsmálin á Alþingi. Þá kom þessi stefna ríkisstj. skýrt og ótvírætt fram. Hæstv. fjmrh. beitti sér þá gegn till. um hækkun persónufrádráttar umfram það, sem þá var samþ. Hann barðist gegn því, að vísitöluumreikningur yrði tekinn upp við skattlagningu, þannig að komið yrði í veg fyrir, að aukin dýrtíð leiddi af sér hækkandi skattgreiðslur. Og till. okkar Alþb.-manna um raunhæft eftirlit með framtölum og alveg sérstaklega með framtölum þeirra aðila, sem hafa mesta möguleika til að sleppa undan réttlátum sköttum, lét hæstv. ráðh. stuðningsmenn sína á Alþingi fella. Nú er hins vegar hljóðið í hæstv. fjmrh. nokkuð breytt varðandi þessi mál. Sú breyting varð fyrst eftir að mikil og mögnuð óánægja gaus upp meðal almennings í landinu á s. l. sumri, þegar skattar þessa árs lágu fyrir. Þá kom í ljós betur en oftast áður, hvílíkt misrétti á sér stað í álagningu opinberra gjalda. Þá áttuðu margir sig á því, að það var rétt, sem við Alþb.-menn höfðum sagt í umr. á Alþingi um þessi mál, að í rauninni er það svo, að allir þeir, sem hafa með höndum einhvern rekstur, hafa sjálfdæmi um, hve háa opinbera skatta þeir greiða. Framtöl þeirra sæta engri athugun, sem heitið getur. En hins vegar er allvel um það séð, að tekjur launafólks komi til skatts. Nú er því ástandið þannig, að launafólk er látið greiða allt of há opinber gjöld til ríkis og bæja, vegna þess að margir aðilar í landinu komast hjá því að greiða sinn eðlilega hluta af gjöldunum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða hér nánar um fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þess í stað þykir mér rétt að víkja nokkuð að stöðunni í efnahagsmálum, eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Þegar litið er á efnahagsmál þjóðarinnar í heild, verður því ekki neitað, að margir og mikilvægir þættir efnahagsmálanna hafa orðið mjög hagstæðir hin síðari ár. Þjóðarframleiðslan hefur aukizt með hverju ári og sum árin mjög verulega. Talið er, að aukning þjóðarframleiðslunnar hafi orðið um 8% árið 1962 og um 7% árið 1963, og allt bendir til, að aukning þjóðarframleiðslunnar í ár verði þó enn þá meiri. Við þetta bætist hækkandi verð á útflutningsvörum landsins. svo að þjóðartekjurnar munu hækka nokkru meir en þjóðarframleiðslan. Til samanburðar við þessar tölur má benda á, að talið er, að meðaltalsaukning þjóðarframleiðslu í Vestur-Evrópulöndunum hafi orðið 3.5—4% árið 1963, en aukning þjóðartekna þó lægri í þessum löndum en 3.5—4%. Þessi hagstæða þróun hefur skiljanlega stóraukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar, skapað mikla atvinnu í landinu og hækkandi almennar atvinnutekjur.

Allir landsmenn vita, að það er stóraukinn sjávarafli, sem fyrst og fremst hefur leitt til þessarar þróunar. Á árunum 1957, 1958 og 1959 var grundvöllur lagður að gerbreytingu fiskibátaflota landsmanna. Þá voru fyrstu stóru stálbátarnir keyptir, og á þeim árum voru miklir samningar gerðir um kaup á fiskiskipum af hinni nýju gerð. Á þessum árum var einnig hafizt handa um uppbyggingu síldariðnaðar á ýmsum stöðum á landinu, sem lítt eða ekki höfðu komið við þá sögu áður.

Þegar núv. ríkisstj. kom fram með hina nýju stefnu sína í efnahagsmálum árið 1960, brást hún mjög öndverð við þessum ráðstöfunum til uppbyggingar í sjávarútveginum. Sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum töldu, að erlendar skuldir vegna fiskiskipakaupa stefndu efnahagsmálum þjóðarinnar í óefni og að óhjákvæmilegt væri að draga úr frekari fjárfestingu í sjávarútvegsmálum engu síður en í öðrum greinum.

Vantrú ríkisstj. og sérfræðinga hennar á uppbyggingu sjávarútvegsins kom fram með

ýmsum hætti. Hér skulu nefnd nokkur dæmi. Á Alþingi fluttu 7 af þm. Sjálfstfl. till. um að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að hin nýju 150—250 rúml. fiskiskip, sem keypt hefðu verið, yrðu send til tilraunafiskveiða við strendur Afríku, þar sem, eins og stóð í grg. till., fyrirsjáanlegt væri, að þessi skip yrðu ekki rekin með árangri til veiða við Ísland. Þannig var bjartsýnin og framsýnin í þessum málum á íhaldsbænum þá. Árið 1962 sagði Jónas Haralz, aðalsérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, í ræðu, sem hann flutti á ráðstefnu íslenzkra verkfræðinga, m. a. eftirfarandi orðrétt:

„Vegna þeirra aðstæðna, sem ég hef hér nefnt, má ekki gera ráð fyrir, að framleiðsla sjávarútvegsins, þ. e. a. s. fiskveiða og fiskvinnslu, aukist samanlagt um meira en 4.5% árlega að meðaltali á næstu árum."

Og síðar í ræðu sinni sagði Jónas Haralz orðrétt sem hér segir:

„Ég hef reynt að sýna fram á, að þær atvinnugreinar, sem hingað til hafa verið meginstoðir þjóðarbúskaparins, landbúnaður, sjávarútvegur og framleiðsla iðnaðarvöru fyrir innlendan markað, veiti ekki næstu árin nægilegt svigrúm til þess vaxtar þjóðarframleiðslu, sem æskilegur er. Til þess að sá vöxtur geti átt sér stað, verður að fara nýjar leiðir."

Þetta var speki hans þá. Reynslan hefur gert þessa útreikninga Jónasar Haralz hlægilega, því að framleiðsluaukning sjávarútvegsins hefur orðið margfalt meiri en Jónas gerði ráð fyrir. Sama skoðun og fram kom hjá Jónasi Haralz kom fram hjá Jóhannesi Nordal bankastjóra Seðlabankans snemma á árinu 1962, þegar hann í viðtali við blöð í Danmörku gaf þá skýringu á tilraunum sínum til að fá erlend auðfélög til þátttöku í atvinnurekstri á Íslandi, að talið væri, að útflutningstekjur sjávarútvegsins gætu í hæsta lagi hækkað um 5% á ári næstu árin og slík aukning hjá aðalatvinnuvegi landsins nægði ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu, eins og það var orðað. Og eitt dæmi skal enn nefnt um mat ríkisstj. á aðalatvinnuvegi landsins, sjávarútveginum. Dagblaðið Vísir skýrði frá því 28. febr. á þessu ári, að forsrh., Bjarni Benediktsson, hefði sagt á þingi ungra sjálfstæðismanna orðrétt það, sem hér fer á eftir, að hann, forsrh., „efaðist um, að nokkurt annað sjálfstætt ríki byggði velgengni sína á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpin."

Þegar þessar staðreyndir um viðbrögð viðreisnarmanna til uppbyggingar hins nýja fiskiskipaflota og síldariðnaðar og mat þeirra á möguleikum sjávarútvegsins er haft í huga, verða fullyrðingar ríkisstj. nú og stuðningsmanna hennar um það, að hin hagstæða efnahagsþróun, stóraukin framleiðsla og ört vaxandi gjaldeyristekjur séu að þakka viðreisnarstefnu ríkisstj., þá verða slíkar fullyrðingar að naprasta háði. Það eru ekki reglur viðreisnarinnar um takmarkalitla afhendingu gjaldeyris til hvers, sem um hann biður, sem leitt hefur til gjaldeyrissóunar, eins og allir vita, — það eru ekki þær reglur, sem myndað hafa þann gjaldeyrissjóð, sem nú er státað af, heldur mikil útflutningsframleiðsla og hagstætt verðlag á erlendum mörkuðum.

Viðreisnarstefnan hefur reynzt röng í öllum grundvallaratriðum. Reynslan hefur dæmt til dauða flestar hagfræðilegar kenningar hennar. Þegar hin nýja efnahagsmálastefna stjórnarinnar, viðreisnarstefnan, var upp tekin snemma á árinu 1960, var því haldið fram, að erlendar skuldir þjóðarinnar væru orðnar allt of miklar og þær yrði að lækka. Eftir fjögurra ára viðreisn sýndu opinberar skýrslur, að erlendu skuldirnar höfðu hækkað, en ekki lækkað. Þegar ráðstafanir viðreisnarinnar voru lögfestar í febr. 1960, var því haldið fram með tilheyrandi hagfræðilegu yfirlæti, að vísitöluákvæðin í launasamningum væru stórhættuleg og orsökuðu víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags og væru því ein meginorsök dýrtíðarvandamálsins. Eftir rúmlega 4 ára reynslu virðist ríkisstj. hafa sannfærzt um, að þessar fullyrðingar séu þvættingur, en ekki hagfræðileg vísindi, því að einmitt nú þessa dagana er ríkisstj. að flytja frv. á Alþingi um að lögfesta vísitöluákvæðin um kjarasamninga á nýjan leik. Og nú á að taka upp aftur vísitöluútreikninga á öllu kaupi til þess að draga úr óróleika á vinnumarkaði og þeim sífelldu víxlhækkunum á verðlagi og kaupgjaldi, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum.

Þegar viðreisnarstefnan hóf göngu sína, var því hátíðlega lofað, að ríkisvaldið skyldi ekki skipta sér af samningum launþega og atvinnurekenda. Jafnframt var því lýst yfir, að samningar þessara aðila um kaupgjaldsmál yrðu að vera á þeirra eigin ábyrgð og ekki mundi verða leyft að velta afleiðingum þeirra út í hið almenna vöruverðlag. Frá þessu loforði hefur ríkisstj. vikið, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur margoft á undanförnum 4 árum. Og hún hefur í hvert skipti, sem samið hefur verið um launahækkun, velt henni út í hið almenna vöruverðlag, eins og allir vita.

Í upphafi viðreisnar var sagt, að allir styrkir og uppbætur til atvinnuveganna yrðu niður felldir. Nú eru uppbóta- og niðurgreiðslufjárhæðir hærri en nokkru sinni áður og munu vera um 800 millj. kr. á ári.

Lækkun skatta á almennum launatekjum, sem lofað var, hefur lítið orðið úr. Nú bera launþegar í landinu sig verr undan opinberum sköttum en nokkru sinni áður.

Og hvað hefur orðið um það grundvallaratriði viðreisnarinnar að koma á stöðugu verðlagi? Fjárlagafrv., sem hér er til umr., vitnar um árangurinn í þeim efnum. Fyrstu fjárlög viðreisnarinnar, 1960, eftir að hinu nýja efnahagskerfi hafði verið komið á, voru að upphæð 1501 millj. kr. Fjárlagafrv. fyrir 1965 gerir ráð fyrir 3200 millj. kr. útgjöldum — og 3400 millj., ef vegaútgjöldin eru talin með. Þannig hefur farið um hið stöðuga verðlag, sem lofað var.

Nei, sannleikurinn er sá, að öll meginatriðin á loforðalista viðreisnarinnar eru fokin út í veður og vind og hinar hagfræðilegu kenningar hennar hafa reynzt rangar. Afleiðingar viðreisnarstefnunnar koma hins vegar enn þá

fram víða í þjóðlífinu. Verstu afleiðingar hennar eru ranglát skipting þjóðarteknanna, enn þá ranglátari en áður var, og skipulagsleysið í uppbyggingu atvinnuveganna. Viðreisnarstefnan hefur miðað að því að halda niðri launakjörum vinnandi fólks, en hyglað milliliðum, kaupsýslumönnum og ýmsum braskaralýð. Stefna viðreisnarinnar hefur verið handahóf og skipulagsleysi, stefna, sem óhjákvæmilega hefur leitt af sér sóun og eyðslu.

Stefna okkar Alþb.-manna er andstæð stefnu viðreisnarinnar. Við leggjum áherzlu á, að tekið verði upp skipulag á þjóðarbúskapnum í heild, að útflutnings- og innflutningsverzlun landsins verði stjórnað samkv. hagsmunum þjóðarheildarinnar og uppbygging og þróun atvinnulífsins fari fram í meginatriðum eftir áætlun. Við leggjum áherzlu á heilbrigt samstarf ríkisvalds og samtaka launastéttanna um skiptingu þjóðartekna. Og við krefjumst þess, að vaxandi þjóðartekjur komi vinnustéttunum til góðs í hækkandi kaupi, ekki aðeins í hækkandi kaupi fyrir lengri vinnutíma, heldur í hækkandi kaupi fyrir hverja unna vinnustund. Við Alþb.-menn teljum, að breyta eigi skattheimtu opinberra aðila í grundvallaratriðum, að létta þurfi gjöldum af nauðsynjavörum og almennum þurftartekjum, en auka að sama skapi gjöldin á eyðslu og gróða. Við teljum óhjákvæmilegt að gerbreyta um stefnu í húsnæðismálum. Braskinu þarf að útrýma úr byggingarmálum og íbúðabyggingar að komast á félagslegan grundvöll. Húsbyggingalán til einstaklinga og félaga þarf að hækka og veita til lengri tíma með lægri vöxtum, en reglur þarf að sjálfsögðu að setja, sem fyrirbyggja, að hægt sé að braska með slíkar íbúðir.

Á s. l. sumri tókust samningar á milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og ríkisstj. um launa- og kjaramál, sem á ýmsan hátt marka tímamót í þeirri baráttu, sem átt hefur sér stað um þessi mál undanfarin ár. Það var fyrir forgöngu Alþýðusambandsins, sem þessir samningar voru teknir upp. Þó að ekki tækist að fá fram neinar teljandi beinar kauphækkanir í samningunum s. l. sumar, var þó samið um ýmis önnur þýðingarmikil hagsmunamál vinnandi fólks. Þannig var nú samið um að verðtryggja allt kaup, jafnt kaup verkamanna, kaup bænda, kaup sjómanna sem kaup annarra launþega, þ. e. a. s. um það var samið, að kaup skuli breytast í samræmi við breytt verðlag í landinu á hverjum tíma. Þetta ákvæði hefur þegar komið í veg fyrir stórfelldar verðlagshækkanir, sem annars hefðu skollið yfir á s. l. sumri og nú í haust. Verðtryggingin á kaupi kemur í veg fyrir, að hægt verði, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, að hækka í sífellu söluskatt, verzlunarálagningu eða aðrar álögur, án þess þá að slíkt komi stjórnarvöldum landsins eða atvinnurekendum í koll. Í samningunum í sumar var samið um mikilvægar breytingar í húsnæðismálum. Lánin verða nú hækkuð og vextir lækkaðir mikið. Þá var einnig samið um nokkra styttingu á vinnutímanum og loforð gefin um, að frekar skyldi unnið að þeim málum og löggjöf um vinnuvernd undirbúin. Samið var um nokkra lengingu orlofs og mikla samræmingu á kaupi þeim verkalýðsfélögum til hagsbóta, sem dregizt höfðu aftur úr í ýmsum sérákvæðum. Samningarnir s. l. sumar marka tímamót í þeim efnum, að með þeim hefur ríkisstj. viðurkennt, að hin harða og óbilgjarna stefna hennar í kaupgjalds- og verðlagsmálum fær ekki staðizt. Með samningunum hefur ríkisstj. viðurkennt, að fara verði samninga- og samkomulagsleiðina við launaþegasamtökin í landinu, til þess að viðunandi lausn geti fengizt í mikilvægum greinum efnahagsmálanna.

Eins og kunnugt er, voru þessir samningar milli verkalýðsfélaganna, atvinnurekenda og ríkisstj. gerðir aðeins til eins árs. Þann 5. júní á næsta sumri renna samningarnir út. Fyrir þann tíma þarf að gera nýjan samning, og þá verður ekki undan því vikizt að semja um allverulega hækkun á kaupi verkafólks og um styttingu vinnutímans. Rökin fyrir kauphækkun eru öllum ljós. Kaupmáttur tímakaupsins hefur farið minnkandi á undanförnum árum þrátt fyrir aukna framleiðslu og vaxandi þjóðartekjur. Árstekjur verkamanna fyrir 8 stunda dagvinnu eru nú um 77 þús. kr. Heildarútgjöld meðalfjölskyldu eru hins vegar samkv. vísitölu hagstofunnar talin vera um 108 þús. kr. á ári. Í þeim útgjöldum er þó ekki reiknað með nema 1000 kr. húsaleigukostnaði á mánuði, sem allir vita að er allt of lágt. Um það ættu því ekki að standa deilur, að brýn nauðsyn er á að hækka almennt kaup verkafólks.

Samningarnir við verkalýðshreyfinguna frá s. l. sumri, sem ríkisstj. var aðili að, voru vissulega mikilvægir. Þeir gáfu bendingu um það, að ríkisstj. væri að skipta um stefnu í ýmsum atriðum. Í vetur og á næsta vori mun á það reyna, hvort svo er í raun og veru. Þá hlýtur að koma fram, hvort ríkisstj. er reiðubúin til þess að falla frá kjaraskerðingarstefnunni og breyta um stefnu í efnahagsmálum í grundvallaratriðum.

Verkefnin, sem nú blasa við í efnahagsmálum þjóðarinnar, eru mörg og stór. Möguleikarnir til að stórauka enn þjóðarframleiðsluna eru fyrir hendi, ef rétt er á málunum haldið. Sjávarframleiðslan getur enn aukizt með risaskrefum. Afkastageta síldveiðiflotans er ekki nýtt nema að nokkrum hluta. Á beztu afladögum sumarsins liggur síldveiðiflotinn aðgerðarlaus í höfn og bíður löndunar eða sendist á milli landsfjórðunga með aflann. Yfirgnæfandi hluti síldaraflans fer í verðminnstu vinnslu, sem þekkist. Með aukinni og bættri vinnslu síldaraflans, sem auðvelt ætti að vera að koma í framkvæmd, mætti auka útflutningsverðmæti hans um 500—600 millj. kr. á ári eða miklu hærri fjárhæð en hugsanlegt er að öll þau stóriðjufyrirtæki, sem ýmsir menn hafa verið að leika sér að tala um að koma hér upp, gætu gefið Íslendingum á sambærilegum tíma. Möguleikar til framfara í landbúnaði eru einnig miklir og til aukinnar vinnslu úr framleiðsluvörum landbúnaðarins. Íslenzka ullin er eftirsótt gæðavara, sem margfaldast í verði við fullvinnslu. Óhjákvæmilegt er að leggja fram

mikið fé til stuðnings íslenzkum landbúnaði. Því fé þarf fyrst og fremst að verja til þess að hafa æskileg áhrif á þróun landbúnaðarins, til aukinnar félagslegrar framleiðslu og til útrýmingar á smábúskap. Ýmsar greinar iðnaðarins hafa líka mikið þjóðhagslegt gildi og á að efla með auknum fjárframlögum. Þar skipta mestu máli þær iðngreinar, sem eru í nánustum tengslum við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. En grundvallarskilyrði þess, að þessir og aðrir möguleikar til stórfelldrar aukningar þjóðarframleiðslunni séu nýttir, er það, að tekin verði upp skipuleg stjórn á þjóðarbúskapnum sem heild og unnið samkvæmt áætlunum um uppbyggingu og þróun atvinnuveganna.

Allt vinnuafl þjóðarinnar verður að nýtast. Sú skömm má ekki lengur standa, að fjöldi fólks í heilum landsfjórðungi sé atvinnulítill mánuðum saman. Þar er hægt að koma upp fiskiðnaði, sem ekki byggir á daglegum afla, og þar væri einnig hægt að koma upp framleiðslu, sem byggist á hráefnum landbúnaðarins. Það, sem vantar, er forusta ríkisvaldsins og skilningur og trú á því, sem hægt er að gera. Mikil þjóðarframleiðsla og vaxandi þjóðartekjur eru að sjálfsögðu markmið, sem keppt er að. En þjóðartekjunum þarf að skipta réttlátlega. Hlut vinnustéttanna má ekki bera fyrir borð. Sú efnahagsmálastefna, sem miðar að því að skerða hlut framleiðslustéttanna, verkafólks, sjómanna og bænda og annarra launþega, en skarar eld að kökum milliliða og gróðabrallsmanna, á ekki rétt á sér. Sú efnahagsmálastefna, sem leiðir til endurtekinna árekstra á milli ríkisvalds og launþegasamtaka og leiðir af sér sífellt aukna dýrtíð, fær ekki staðizt. Sú efnahagsmálastefna, sem grundvölluð er á vantrú og skilningsleysi á aðalatvinnuvegum þjóðarinnar og treystir á óljósar vonir um að fá erlenda auðjöfra til þess að bjarga við atvinnulífi landsins, á engan rétt á sér. Frá slíkri stefnu þarf að hverfa hið allra fyrsta. Upp þarf að taka stefnu skipulagðra framkvæmda og framfara, stefnu, sem byggist á samstarfi vinnandi fólks og ríkisvaldsins. — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Aðaluppistaðan í ádeilum stjórnarandstæðinga á fjárlagafrv. er sú, að fjárlagaupphæðin hækki og hækki verulega. Fyrsta spurningin hlýtur þá að vera sú: Er það óeðlilegt, að fjárlög hækki frá ári til árs? Hv. þm., sem hér talaði fyrir Alþfl., Birgir Finnsson, gerði þessum málum nokkur skil og benti á það, að vegna fólksfjölgunar í landinu og vaxandi þjóðartekna væri eðlilegt, að fjárlög hækkuðu, bæði tekjur og útgjöld, frá ári til árs. Þetta þarf því engan að undra. Það þarf engan að undra, að þegar við höfum þjóðartekjur, sem nema um 17 milljörðum kr., þá er eðlilegt, að tekjur og gjöld ríkisins séu í krónum hærri en þegar þjóðartekjurnar nema 8 milljörðum eða tæpum helmingi þeirrar upphæðar.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði, að hækkunin í fjárl. frá síðasta árs fjárl. væri 530 millj., og er það rétt. Að vísu sleppti hann janúarlögunum, sem ég rakti hér í minni frumræðu og hækkuðu verulega bæði tekjur og gjöld ríkisins. En látum það nú vera, þótt hv. þm. sleppti því. En hann átti varla nógu sterk orð til að hneykslast á því, að á einu ári skyldu fjárlög hækka um þessa upphæð. Mér finnst undarlegt, að þetta skuli koma honum spánskt fyrir. Þessi hækkun frá gildandi fjárlögum til fjárlagafrv. nemur um það bil 20%. En það var fyrir nokkrum árum, sem þessi hv. þm. var fjmrh. og hann lagði fram haustið 1956 frv. til fjárl., þar sem hækkun var á einu ári úr 516 millj. upp í 662 millj. eða um ca. 28%. Nú er að vísu dálítið svipað, sem gerðist á því ári, eins og á s. l. ári, að kauphækkanir urðu mjög miklar í landinu, þó ekki eins miklar þá og á síðasta ári, en hvort tveggja olli verulegri hækkun fjárl. En mér finnst, að hv. þm., sem lagði sem fjmrh. fram frv. um 28% hækkun fjárl. á einu ári, ætti ekki að hneykslast stórkostlega á því, að fjárlög hækki nú um 20% á einu ári, þegar þess er þó gætt, að í ársbyrjun var bætt við með janúarlögunum miklum tekjum og gjöldum.

En fyrst þessi hv. þm., Eysteinn Jónsson, hneykslaðist svo mjög á því, að fjárl. skuli hækka, er ekki óeðlilegt, þótt hv. þm. og hlustendur hafi beðið þess í ofvæni, hverjar till. hann bæri fram og ábendingar um að lækka fjárl., fyrst þau voru svona óhóflega há. En þann hálftíma, sem hv. þm. talaði, fyrirfannst ekki í hans ræðu ein einasta till., ein einasta ábending um lækkun útgjalda. Og það var ekki nóg með það, að engin ábending um útgjaldalækkun fyrirfyndist í hans ræðu, heldur var ræða hans full af kröfum um hækkanir útgjalda. Hann sagði, að það yrði að fá miklu meira fé í skóla, það væri lífsnauðsynlegt að fjölga tækniskólum og verja meira fé til menningar þjóðarinnar en nú er. Hann heimtaði miklu meira fé á fjárl. til spítalabygginga. Hann heimtaði stórhækkuð framlög til atvinnubótasjóðs til þess að efla atvinnulífið víðsvegar úti á landi. Og hann heimtaði stóraukið fé í fjárl. til íbúðabygginga og komst svo að orði, að ekki virtist pláss í fjárlagafrv. fyrir nein framlög til íbúðabygginga. Nú missýnist honum að vísu í þessu efni. Í fjárlagafrv. er nú m. a. einn liður, sem hv. þm. hefði þó átt að staldra við, en það er framlag að upphæð 25 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Ég segi: hann hefði átt að staldra við þennan lið, því að hann hefur hækkað frá árinu 1958, síðasta árinu, sem hv. þm. var fjmrh., hækkað úr 3.8 millj. upp í 25 millj. Þessi liður, þetta framlag til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, sem ætti þó að koma þeim til góðs, sem verst eru staddir í þessum efnum, hefur þannig á þessu tímabili hækkað um og yfir 500% eða milli sex- og sjöfaldazt, en byggingarkostnaður hefur þó ekki hækkað nema um rúmlega 60% á þessu tímabili. Það er annað mál. En hitt skiptir þó mestu í þessu sambandi, að þannig er borin fram hver krafan eftir aðra frá hv. þm. um það að hækka útgjöld fjárl. frá þessari og umfram þessa ofboðslegu hækkun, sem ríkisstj. leggi til. Og

það er ekki nóg með þessi fjögur dæmi, sem ég nefndi, heldur má nefna enn eitt. Hv. þm., málgagn hans og flokkur hafa krafizt þess eindregið, að laun opinberra starfsmanna yrðu miklu hærri en þau eru. Það kom berlega fram í samningstilraunum á s. l. ári milli BSRB og ríkisstj. um laun opinberra starfsmanna, hvernig *málgagn Framsfl. átti ekki nógu sterk orð* til að lýsa þeim smánarboðum, sem ríkisstj. bæri fram, þegar ríkisstj. lagði þó til, að laun opinberra starfsmanna yrðu hækkuð miklu meira en þekkzt hafði áður í sögu ríkisins og margfalt meira en þessum hv. þm. hafði nokkurn tíma dottið í hug að bjóða opinberum starfsmönnum, meðan hann var við völd.

Því er ekki að neita, að þetta kemur dálítið einkennilega fyrir allt saman, annars vegar þessi mikla hneykslan á því, að fjárl. skuli hækka, þegar þess er gætt í fyrsta lagi, að hann þekkir fordæmi úr sinni eigin sögu um miklu meiri hækkun milli fjárl. tveggja ára, og þegar maður gætir þess, að hann hefur engar till. að gera um lækkun útgjalda, en ber fram hverja kröfuna eftir aðra í þessari hálftíma ræðu sinni um *stóraukin framlög*. Þessi hv. þm. hefur oft verið talinn slyngur taflmaður í tafli stjórnmálanna, en manni verður það á að detta í hug, hvort hann sé nú orðið sleginn skákblindu.

Hv. þm. taldi, að ríkisstj. hefði nú gengið á bak orða sinna í mörgum efnum og ekki staðið við fyrirheit sín. Hann nefndi sem dæmi um brigðmæli ríkisstj., að á sínum tíma hefði verið lagður hér á bráðabirgðasöluskattur með hátíðlegum loforðum um að afnema hann eftir eitt ár. Þetta er tilbúningur einn. Það hefur verið margsinnis sýnt fram á það í umr. hér á Alþingi, að engin slík loforð, fyrirheit eða ádráttur í þá átt hafa verið gefin, þegar bráðabirgðasöluskatturinn var lögleiddur 1960. Og nú heldur hv. þm. því fram, að það séu brigðmæli af *hendi ríkisstj. að gera í fjárlagafrv. ráð fyrir*, að 2½ % söluskatturinn, sem var lagður á í janúarmánuði, eigi að haldast áfram. Þetta er líka rangt, enda skýrt tekið fram í janúarlögunum, að söluskattshækkunin er ekki bundin við árið 1964, heldur ótímabundin. Því er haldið fram, að það sé fráleitt að halda þessari söluskattshækkun, vegna þess að mikið af þeim útgjöldum, sem hún átti að standa undir, sé ekki tekið í þetta frv. Þetta er líka misskilningur. Þeir liðir, sem söluskattshækkunin samkv. janúarl. átti að standa undir, voru styrkur til togaranna, styrkur til frystihúsanna, uppbót á fiskverð, hækkun á almannatryggingum, fiskileit, framlag til fiskveiðasjóðs og niðurgreiðslur. Flestir af þessum liðum eru áfram í fjárlagafrv. Þeir standa allir í fjárlagafrv. áfram og þörf fyrir allar þessar greiðslur nema tvær, hagræðingarstyrkurinn til frystihúsanna og uppbótin á fiskverðið, hins vegar sumir þeirra hækkað, eins og t. d. framlagið til fiskveiðasjóðs.

Sami hv. þm. nefndi enn sem dæmi í þessa sömu átt, að ríkisstj. og *stuðningsmenn hennar* hefðu gefið 59 sparnaðarfyrirheit á sinni tíð og lítið sem ekkert af því verið efnt. Þetta er ekki rétt heldur. Á sínum tíma vöktu bæði fjvn. og ég athygli á því í mörgum liðum, að ýmis atriði í ríkisrekstrinum þyrftu athugunar við og það þyrfti að kanna, hvort mögulegt væri að breyta fyrirkomulagi í sparnaðarátt eða til bættrar starfsemi í ýmsum greinum. Það er tæpast sómasamlegur málflutningur að kalla það *loforð og fyrirheit* um sparnað, ef bent er á, að tiltekin atriði þurfi að kanna og athuga, hvort möguleikar séu á að draga þar úr kostnaði. Hér hefur áður á Alþingi, m. a. í fjárlagaræðum, verið gefið yfirlit um mörg þessara atriða. Mörg þeirra, sem átti að kanna, hafa verið könnuð og hafa leitt til betra skipulags og verulegs sparnaðar. Önnur atriði hafa við könnun sýnt, að ekki hefur verið hægt að koma við sparnaði eða breyttu skipulagi. Í sumum tilfellum hafa breytingar mætt andstöðu frá ýmsum aðilum og af þeim ástæðum ekki getað komizt í framkvæmd.

Á þessu þingi verður lagt fram frv. til l. um hagsýslu ríkisins og í sambandi við það frv. verður gerð ýtarlega grein fyrir öllu því starfi, sem í þeim efnum hefur verið unnið á síðustu 4—5 árum.

Hér hafa skattamálin verið gerð mjög að umtalsefni. Hér er ekki tími í þessari síðustu ræðu að fara rækilega út í þau mál. En ég vil þó aðeins rifja það upp, að þegar núverandi stjórn tók til starfa í nóvember 1959, var hér almenn og mögnuð óánægja með beinu skattana, og gagnrýnin beindist þá að tvennu, annars vegar því, að skattar á hverjum gjaldanda væru of þungbærir, og hins vegar, að skattsvik væru stórfelld. Ríkisstj. ákvað að endurskoða skattalögin til að reyna að ráða bót á þessum meinsemdum, og með skattalögum frá 1960 var tekjuskattsl. gerbreytt og skattur afnuminn af almennum launatekjum. Þessar lagabreytingar féllu í góðan jarðveg hjá öllum almenningi, sem taldi þær verulega hagsbót og réttarbót. Þær urðu einnig til að bæta framtöl og draga úr skattsvikum að dómi allra, sem gerst þekkja. Þannig liðu fram 3 ár, og varð ekki teljandi vart gagnrýni og óánægju varðandi tekjuskattinn. En á árinu 1963 varð hér gerbreyting í launamálum, launahækkanir meiri en þekkzt höfðu áður, og var því ljóst, að lina þyrfti tekjuskattslögin vegna hækkandi verðlags og hækkandi tekna. Ríkisstj. flutti því og fékk samþykktar á síðasta Alþingi breytingar á tekjuskattsl., sem fólu það í sér aðallega, að skattfrjálsar tekjur voru hækkaðar um 30%. Í því sambandi var því haldið fram af ríkisstj. í fyrsta lagi, að tekjuskattur gjaldenda yrði í ár lægri en hann hefði orðið að óbreyttum lögum, og í öðru lagi, að tekjuskatturinn mundi skila í ríkissjóð a. m. k. 80 millj. minna en ef lögin hefðu staðið óbreytt. Hvort tveggja þetta hefur staðizt fyllilega. Hitt er ekki rétt, að af stjórnarinnar hálfu hafi því nokkru sinni verið lofað, að gjaldendur með stórhækkandi tekjur fengju lægri skatt en árið áður. Hitt er svo annað mál, að vegna þeirra miklu verðlags- og kaupgjaldsbreytinga, sem orðið hafa, þarf enn að breyta skattal., enda gat ég um það í framsöguræðu minni,

að frv. til breytinga á þeim yrði lagt fyrir þetta þing.

Í þessu sambandi hafa báðir hv. stjórnarandstæðingar talað mjög um skattsvikin. Þau eru engin ný bóla, heldur hafa vafalaust lengi verið landlægur sjúkdómur. Ég efa það ekki, að á þeim tíma, sem þeir Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson fóru með völd, og Eysteinn Jónsson var yfirmaður skattamálanna í mjög langan tíma, þá hafi skattstjórar og starfsmenn skattstofa unnið að því af samvizkusemi að reyna að koma í veg fyrir skattsvik í landinu. En einkennilegt er að heyra ádeilur í þessum efnum úr þessum herbúðum, vegna þess að þótt vafalaust hafi verið af samvizkusemi unnið að þessu af hálfu skattstarfsmanna áður, hafa þó fyrst nú verið gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að uppræta skattsvikin, m. a. með stofnun rannsóknardeildar, með því að veita skattstarfsmönnum auknar heimildir og rýmri til rannsókna og með því að þyngja refsingar. Áður var aðeins heimilt að dæma í sektir fyrir skattsvik. Nú hefur það verið lögleitt, að við ítrekuð og stórfelld skattsvik megi dæma í fangelsi. Var það hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sem beitti sér fyrir þessum málum? Nei, þess hefur ekki orðið vart, að hann beitti sér fyrir neinu þeirra.

Hv. 1. þm. Austf. taldi mikla nauðsyn á því að veita mikinn afslátt af álögðum tekjuskatti og útsvari í ár og flokkur hans hefur nú lagt fram frv. í þessa átt. Það á að veita hverjum einstaklingi 7 þús. kr. afslátt af tekjuskatti, en öll tekjuútsvör á einstaklinga skulu lækkuð um 20%. Látum það nú vera, þótt Framsfl. vilji lækka útsvarið á verkamanninum, sem borgar 10 þús. kr., lækka það um 2 þús., en lækka um 20 þús. útsvarið á hátekjumanninum, sem hefur 100 þús. kr. útsvar, það er mál út af fyrir sig. En hitt er nokkru furðulegra, að nú ber þessi hv. þm. svo mikla umhyggju fyrir sveitarfélögunum og fjárhag þeirra, að sá afsláttur eða lækkun, sem þau kynnu að veita, á að bætast upp að fullu af ríkissjóði. Við minnumst þess nefnilega, ýmsir þm., að ekki eru ýkjamörg ár síðan samþykkt var í Nd. Alþingis að afla sveitarfélögunum nýs tekjustofns með því, að þau fengju hluta af söluskatti. Þá var samstjórn Framsóknar- og Sjálfstfl. og Eysteinn Jónsson fjmrh. Hann lýsti því þá yfir fyrir hönd síns flokks, að stjórnarsamstarfið væri úr sögunni, það væri rofið af hálfu Framsfl., ef þessi firn ættu fram að ganga. Nú hefur þetta í tíð núv. stjórnar orðið að lögum, að sveitarfélögin hafa fengið sinn tekjustofn, hluta af söluskatti og verðtolli. En nú er áhuginn svo brennandi hjá þessum sama hv. þm., að hér má ekki láta staðar numið, heldur á að veita stórfé til sveitarfélaganna í viðbót úr ríkissjóði. Trúi hver sem vill á alvöruna og heilindin í þessari afstöðu.

Í sambandi við skattamálin vil ég aðeins að lokum nefna hér eitt atriði. Hagstofa Íslands hefur reiknað það út nú eins og áður, hverjar væru meðaltekjur verkamanna í Reykjavík á s. l. ári, 1963. Það er m. a. til afnota við ákvörðun landbúnaðarverðs. Það eru tæpar 118 þús. kr., sem hagstofan telur vera meðaltekjur verkamanna, eða nánar tiltekið 117 870 kr., nettótekjur kvænts verkamanns í Reykjavík í því úrtaki skattframtala, sem gert var fyrir árið 1963. Þessi verkamaður, kvæntur með tvö börn, mundi engan tekjuskatt borga í ár. Ef tekjuskattsl. hefði ekki verið breytt á s. l. þingi, þá mundi hann borga nú í ár 2280 kr., og sýnir það, að nokkur linun hefur þó verið gerð með tekjuskattslagabreytingunni frá s. l. vori. En ef skattalög Eysteins Jónssonar og Lúðvíks Jósefssonar væru nú í gildi, þ. e. a. s. þau skattalög, sem voru í gildi, þegar stjórn þeirra lét af völdum, einnig með umreikningsreglunni, sem þeir guma svo mjög af, mundi þessi verkamaður með tvö börn og tæplega 118 þús. kr. tekjur í ár þurfa að borga 6785 kr. í tekjuskatt til ríkissjóðs.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Tími minn er á enda og vinnst því ekki tækifæri til að svara fleiri atriðum, sem hér hafa fram komið. — Þökk þeim, er hlýddu. Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (BF): Í samræmi við venju allmörg undanfarin ár hefur orðið samkomulag um það milli þingflokkanna að fresta þar til síðar á þinginu hinum svokölluðu eldhúsdagsumr., sem samkv. þingsköpum eiga að fara fram við framhald 1. umr. Ég mun nú leita afbrigða frá þingsköpum um þessa frestun eldhúsdagsumr.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun almennra umræðna (útvarpsumr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Fjvn. sér ekki ástæðu til þess að gera aths. við fjárlagafrv., en leggur til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 154, 156, 157 og 160, 148, 149, 150, 159).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 154, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrv., þannig að fulltrúi Alþb. í n. og fulltrúar Framsfl. skila sérstökum nál. í tvennu

lagi. Allt fyrir það, þótt n. sé þannig þriklofin, stendur hún sameiginlega að öllum brtt., sem fluttar eru á þskj. 148.

Eins og um getur í nál. meiri hl., áskilja minni hlutar n. sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við einstaka liði frv. eða hinar sameiginlegu till. n. Ég vil taka það fram, að innan n. hefur verið hin bezta samvinna um afgreiðslu málsins, en það hefur að sjálfsögðu auðveldað störfin, og vil ég sérstaklega þakka meðnm. mínum þetta ágæta samstarf. Eins og fram kemur í nál. minni hl. og þeim brtt. um fjárveitingar, sem þeir hafa borið fram á sérstökum þskj., er augljóst, að n. gat ekki átt samleið um allt, sem um var að ræða, enda ekki við því að búast.

Fjvn. hóf störf sín 19. okt. s. l. Hefur hún alls haldið 37 fundi, en þegar á 2. fundi hóf hún athugun sína á fjárlagafrv., bar saman einstaka liði þess við fjárlög yfirstandandi árs og ríkisreikning ársins 1963. Auk sjálfs fjárlagafrv. hefur n. haft til afgreiðslu 525 erindi, sem henni hafa borizt frá ýmsum aðilum. Hefur n. leitazt við að setja sig inn í mál þessi, eftir því sem kostur hefur verið á. Hér er í mörgum tilfellum um fjárbeiðnir að ræða, sem ætlaðar eru til margvíslegra þjóðnýtra framkvæmda, stuðning við fjölbreytt félagsmálastarf þjóðarinnar og ýmis önnur málefni. Hefði n. vissulega kosið að geta verið ríflegri í till. sínum um auknar fjárveitingar en fram kemur í till. n. En í þessum efnum sem öðrum verður að sníða stakk eftir vexti, ef ekki á illa að fara. Til viðbótar því kemur svo sá vandi, þegar þarfirnar eru miklar, en það er að vega og meta, hvað á að samþykkja og hverju á að hafna.

Í viðræðum, sem n. átti við forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana, kom það yfirleitt fram, að þeir töldu, að í fjárlagafrv. fyrir 1965 væri komið meira til móts við óskir þeirra en átt hefði sér stað í flestum tilfellum áður. Þrátt fyrir það varð ekki hjá því komizt að gera ýmsar breytingar, sem höfðu í för með sér verulegar hækkanir á útgjöldum frv., eins og brtt. á þskj. 148 bera með sér, en þær eru samtals að upphæð 48 538 758 kr. Er þar stærstur hlutinn til skólamála, sem nemur um helmingi af hækkuninni eða 24 611 758 kr., og mun ég koma nánar að því síðar. Af þessum breytingum, ef samþykktar verða, leiðir, að í stað þess að fjárlagafrv. er nú með 10 305 331 kr. tekjuafgangi á sjóðsyfirliti, verður það nú með 38 233 427 kr. greiðsluhalla, ef aðrar breytingar koma ekki til.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., er á það bent, að í aths. við 19. gr. fjárlagafrv. kemur í ljós, að niðurgreiðslur á vöruverði innanlands, sem eru áætlaðar 336 millj. kr., séu aðeins til þess að mæta niðurgreiðslum eins og þær voru í maímánuði s. l. á ársgrundvelli að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Hins vegar er ekki gerð till. um það, hversu skuli á næsta ári fara með þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri um sinn, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstj. og A. S. Í. í júnímánuði s. l. Er talið eðlilegt, að Alþingi sjálft marki þá stefnu, sem fylgt verður til frambúðar í þeim efnum. Ríkisstj. hefur nú mál þessi til athugunar, og er gert ráð fyrir, að till. hennar liggi fyrir við 3. umr. málsins. Með hliðsjón af þessu, sem ég hef nú minnzt á, hefur fjvn. ekki enn þá tekið endanlega afstöðu til tekjuliða frv.

Það hefur verið venja undir afgreiðslu fjárlagafrv., að n. hefur átt viðtal við forstöðumann Efnahagsstofnunar ríkisins og ráðuneytisstjóra fjmrn., fengið hjá þeim yfirlit um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, hvernig hinir einstöku tekjuliðir fjárl. hafa reynzt á fyrstu 10 mánuðum ársins og hvers sé að vænta, að þeir skili ríkissjóði við lok ársins. Þessar upplýsingar munu n. verða látnar í té nú í þessari viku eða áður en 3. umr. fjárlagafrv. hefst.

Af einstökum málum eða málaflokkum, sem n. hefur ekki enn afgreitt, er m. a. skipting á fjárveitingu og tillögur um byggingu nýrra skólahúsa, skólastjóraíbúða og skólabifreiða. Þá er einnig eftir að gera till. um fyrirhleðslur og breytingar eða viðbótartill. við 18. gr. frv., sem jafnan hefur beðið afgreiðslu til 3. umr. Samvn. samgm. mun skila till. um styrki til flóabáta og vöruflutninga á landi og gera grein fyrir till. sínum þar að lútandi. En auk þessa eru fleiri mál hjá n., sem hún hefur enn ekki tekið endanlega til afgreiðslu, og gera má ráð fyrir því, að ekki verði hjá því komizt að auka enn nokkuð útgjaldabálkinn umfram það, sem n. hefur þegar gert till. um og fyrir liggur á þskj. 148.

Á 3. gr. A í fjárlagafrv. eru ýmsar ríkisstofnanir, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Þar á meðal er Póstur og sími, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. N. ræddi við forstöðumenn þessara stofnana og fékk hjá þeim margvíslegar upplýsingar. Leiddu þær til þess, að n. taldi rétt, að gerðar væru nokkrar breytingar á rekstraráætlunum þeirra, eins og fram kemur í brtt. n. Varðandi Póst og síma nema þær breytingar tekna og gjalda 15 millj. kr. hvort fyrir sig. Það hefur komið í ljós, að eftir því sem hin aukna sjálfvirkni landssímans eykst, aukast tekjurnar verulega. Sú hækkun, sem nú á sér stað frá því, sem er í fjárl. yfirstandandi árs, er um 21 millj. 900 þús. kr. Það hefur sýnt sig, að rekstrartekjur Pósts og síma eru þess megnugar að standa að fullu undir þeim kostnaðarsömu framkvæmdum, sem stofnunin hefur með höndum, en að því er stefnt að breyta öllu símakerfi í landinu á tiltölulega skömmum tíma í sjálfvirkt símakerfi.

Um Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins er það að segja, að fallizt var á að taka til greina nokkra hækkun á framleiðslukostnaðarliðum stofnunarinnar, eða um 1600 þús. kr., og skrifstofukostnaður var hækkaður um 875 þús. kr. Var n. á einu máli um að hækka tekjuáætlun stofnunarinnar um sömu upphæð, svo að segja má, að breytingar þær, sem lagt er til að gerð-

ar verði á báðum þessum áætlunum, raski ekki niðurstöðutölum eða mismun tekna og gjalda frá því, sem nú er í fjárlagafrv.

Mun ég nú víkja nokkuð að einstökum brtt. n., og er þar fyrst 100 þús. kr. hækkun á öðrum kostnaði við sendiráðið í Washington, en það er vegna viðgerða á húsnæði sendiráðsins. — Launaliður sendiráðsins í Osló hækkar um 90 þús. Er það vegna veikindaforfalla eins starfsmanns. — Á 10. gr. er till. um tvo nýja liði: 500 þús., sem hugsað er sem byrjunarframlag vegna þátttöku Íslands í heimssýningu, sem haldin verður í Kanada 1967. Er heildarkostnaður af hálfu Íslands áætlaður um 2 millj. kr. og þá gert ráð fyrir, að Norðurlöndin hafi þar sameiginlegt sýningarsvæði. Verði hins vegar um það að ræða, að Ísland verði með sérstaka deild, verður kostnaður miklum mun meiri. — Loks er till. um 100 þús. kr. framlag vegna bráðabirgðaaðildar að GATT. Þessi upphæð hefur misritazt. Hún á að vera 108 þús., eins og fram kemur í nál., og verður það leiðrétt við 3. umr. Samtals eru því till. um 835 þús. kr. til hækkunar útgjalda á 10. gr.

Á 11. gr. er lagt til, að liðurinn til útgáfu hæstaréttardóma hækki um 45 þús., ljósprentun hæstaréttardóma um 100 þús. Og í sambandi við lögreglukostnað er lagt til, að liðurinn ýmis annar lögreglukostnaður hækki um 400 þús. kr., en það er vegna fjölgunar á lögregluþjónum í Kópavogi, og enn fremur nýr liður, 200 þús. kr., vegna þess að óhjákvæmilegt er talið að auka frá því, sem nú er, umferðarlögreglu á Kópavogshálsi vegna þeirrar miklu umferðar, sem þar er, ef það mætti verða til þess að fyrirbyggja slys og auðvelda umferð á þessari fjölförnu umferðaræð. — Liðurinn til byggingar fangahúsa hækkar um 125 þús., og er það vegna byggingar fangahúss á Patreksfirði, og til fangahjálparinnar hækkar um 40 þús. kr. Alls eru till. til hækkunar útgjalda á 11. gr. A um 910 þús. kr.

Frá síðustu fjárl. hafa átt sér stað miklar hækkanir á 12. gr. eða úr 102 millj. 319 þús. kr. í fjárl. yfirstandandi árs í 139 millj. 844 þús. í fjárlagafrv. fyrir árið 1965. Hér er um 37 millj. 524 þús. kr. hækkun að ræða. En til viðbótar eru svo brtt. fjvn., ef samþ. verða, 2 millj. 330 þús. kr., þannig að heildarhækkun 12. gr. hefur þá orðið um 40 millj. frá síðustu fjárl. Jafnhliða þessari hækkun á útgjaldaliðum heilbrigðismálanna samkv. 12. gr. hafa daggjaldatekjur ríkisspítalanna nú verið hækkaðar úr 300 kr. á dag í 400 kr. og heilsuhælanna úr 200 í 250 kr. á dag. Daggjaldahækkanir til ríkissjúkrahúsanna leiða svo aftur af sér stóraukin útgjöld á 17. gr., og mun ég koma að því síðar. Hinar nýju sjúkradeildir landsspítalans leiða það af sér, að starfsfólki hefur verið fjölgað mikið, sem hefur að sjálfsögðu í för með sér stóraukin útgjöld. Út af þessum málum átti n. ýtarlegar viðræður við Georg Lúðvíksson, forstöðumann ríkisspítalanna, og Sigurð Sigurðsson landlækni. Gáfu þeir n. margvíslegar upplýsingar um rekstrarafkomu ríkisspítalanna og annarra sjúkrahúsa, sem eru á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Brtt. n. um hækkun útgjalda á 12. gr. eru í fyrsta lagi til geðveikrahælisins á Kleppi, nýr liður, að upphæð 1 millj. kr. til húsgagna- og áhaldakaupa. Er það sama upphæð sem varið var í þessu skyni til hælisins í fjárl. yfirstandandi árs. Hafði fjvn., sem kynnti sér mál þessi sérstaklega á síðasta ári, talið nauðsynlegt, að samtals yrði varið til ákveðinna umbóta á Kleppsspítalanum samtals um 2 millj. kr. Er hér um síðari hluta þeirrar fjárveitingar að ræða. Með tilliti til 1 millj. kr. fjárveitingar í þessu skyni nú taldi n., að liðurinn annar kostnaður mætti lækka um 250 þús. kr. — Þá er lagt til, að byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík hækki um 1 millj. kr., en það er 1/5 hluti þess, sem byggingarstyrkur til þess spítala hækkar frá því, sem áður var ákveðið. — Að þessu sinni er í fyrsta skipti tekinn upp sá háttur, að byggingarstyrk til sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða er skipt milli staða, og tekinn inn í frv. 1/8 hluti af áætluðum byggingarstyrk til sjúkrahúsa og sjúkraskýla og 1/5 hluti til læknisbústaða. Er það í samræmi við hin nýju sjúkrahúsalög, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Það var mikið nauðsynjamál að koma þessum fjármálum sjúkrahúsanna á traustan grundvöll. Í frv. er þessi liður hækkaður frá gildandi fjárl. um 12 millj. 757 þús. kr., og til viðbótar er brtt. frá n. um 300 þús. kr. til hækkunar. Er það vegna stækkunar á sjúkrahúsi, sem nú er í byggingu á Húsavík.

Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar frá er lagt til að hækki um 50 þús. kr. — Þá er lagt til, að styrkur samkv. ákvörðun landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, hækki um 200 þús. kr. Er þar m. a. haft í huga að styrkja sjúkling frá Ísafirði, sem nú verður öðru sinni að leita til lækninga erlendis við hjartasjúkdómi, sem reynast mun mjög kostnaðarsamt. — Þá er samkv. ósk landlæknis lagt til, að liðurinn til námskeiða fyrir embættislækna hækki um 30 þús. kr.

Samtals eru brtt. n. við 12. gr. um hækkun gjalda, sem nemur, eins og fyrr segir, 2 millj. 330 þús. kr.

Eftir tilkomu hinna nýju vegalaga hefur sú breyting orðið á 12. gr. A, að útgjöld til vegamála eru að mestu tekin út úr fjárlagafrv., en jafnframt vegasjóði afhentir tilteknir tekjustofnar, sem ríkissjóður hafði áður, þ. e. innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur. Þær 47 millj. kr., sem nú eru á þessari gr. fjárlagafrv. samkv. 89. gr. vegal., nr. 71 frá 1963, eru sama upphæð og ríkissjóðsframlagið verður raunverulega á yfirstandandi ári. N. er ekki með brtt. við þennan lið fjárlagafrv. En varðandi afgreiðslu hinnar nýju vegáætlunar, sem nýlega var lögð fram á Alþingi, mun n. taka hana til athugunar og afgreiðslu, þegar þing kemur saman eftir áramót.

Þær breytingar, sem n. leggur til að gerðar verði á 13. gr. A, eru, að hækkaður verði gjalda-

liðurinn styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum um 40 þús. kr. og inn komi nýir liðir: til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóbifreiðar 25 þús. kr., er það jafnmikið og Guðmundi var veitt í þessu skyni í gildandi fjárl., og þá einnig, að veittur verði 30 þús. kr. styrkur til rekstrar snjóbifreiðar á Fljótsdalshéraði og til nýbýlavega 200 þús. kr. Verður þá hækkun útgjalda á 13. gr. A, ef till. n. verða samþykktar, samtals 295 þús. kr.

13. gr. B fjallar um samgöngur á sjó. Það er um verulega hækkun að ræða til greiðslu á rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins, eða um 6 millj. kr. frá því, sem er í gildandi fjárl. N. átti tal við forstjóra Skipaútgerðarinnar, Guðjón Teitsson, og taldi hann, að rekstrarhallinn mundi reynast enn meiri eða samtals 28 millj. 695 þús. Samkv. rekstrarreikningi 1963 var tekjuhalli Skipaútgerðar ríkisins án fyrningar alls 20 millj. 317 þús. Gert er ráð fyrir, að kostnaður við endurbætur, sem fram þurfa að fara á næsta ári á m/s Heklu, muni kosta eitthvað yfir 5 millj. kr. Viðgerðarkostnaður m/s Esju, sem farið hefur fram á þessu ári, mun reynast nokkuð yfir 9 millj. kr., eftir því sem forstjórinn tjáði n. Þá taldi Guðjón Teitsson, að taka þyrfti til athugunar að skipta um skip útgerðarinnar, sérstaklega í stað Herðubreiðar og Skjaldbreiðar. Er rekstur þessara skipa mjög óhagstæður. Rekstur Skipaútgerðar ríkisins hefur að undanförnum verið til athugunar. Vonandi er, að niðurstöður þeirra athugana liggi sem fyrst fyrir og þá verði tekin ákvörðun um framtíðarskipan þeirra mála. Eins og nú er komið, situr útgerðin uppi með skipastól, sem verður með hverju árinu sem líður kostnaðarsamari í rekstri vegna síaukins viðhalds, sem leiðir eðlilega af aldri skipanna. Fjvn. gerir ekki till. um breytingu á liðnum til Skipaútgerðar ríkisins.

Samvinnunefnd samgöngumála mun gera till. um skiptingu á fé til flóabáta og vöruflutninga, og er við því að búast, að ekki verði hjá því komizt að hækka hann nokkuð frá því, sem nú er í frv., en gjaldaliður þar er óbreyttur frá því, sem er í gildandi fjárl.

13. gr. C fjallar um vita- og hafnarmál. Þar er lagt til, að laun vitavarða hækki um 240 þús. kr., rekstrarkostnaður vitaskipsins hækki um 600 þús., og í lið V er lagt til að fella niður úr textanum „og viðhald sæluhúsa". Vitamálastjóri upplýsti n. um, að þessi fjárveiting hefði jafnan gengið til viðhalds sjómerkja og til að setja ný sjómerki. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 1 millj. 950 þús. Fjvn. fékk vita- og hafnarmálastjóra tvisvar til viðræðna. Gerði hann n. grein fyrir viðskiptum hafnanna við ríkissjóð, framkvæmdum á yfirstandandi ári og fyrirhuguðum hafnarframkvæmdum á næsta ári. Samkv. upplýsingum vitamálastjóra er staða hafnanna þannig gagnvart ríkissjóði nú í árslok 1964, að ríkissjóður á vangreitt að sínum hluta til hafnanna 22 millj. 628 þús. kr. Þar má þó draga frá 5 millj. 953 þús., sem er ýmist geymt fé eða fyrir fram greitt, þannig að í lok yfirstandandi árs á ríkissjóður raunverulega ógreitt framlag, sem nemur 16 millj. 625 þús. kr. Í fjárlagafrv. eru hins vegar 8 millj. ætlaðar til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda. Þar við bætist framlag til hafnarbótasjóðs, 4 millj. kr., sem ætlazt er til m. a., að gegni sama hlutverki, og loks framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta að upphæð 17 millj. 550 þús. kr., að viðbættum brtt. n., eins og ég áðan gat um, sem eru að upphæð 1 millj. 950 þús. kr. Samtals eru þetta 31 millj. 500 þús. á móti 16 millj. 675 þús. vangreiddra ríkissjóðsframlaga. Ég ætla, að hlutur ríkissjóðs um lögboðið framlag til hafnarframkvæmda hafi ekki um langan tíma staðið jafnvel og nú.

Þetta má að sjálfsögðu m. a. þakka þeirri ákvörðun ríkisstj. að verja 15 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1962 til þess að greiða niður þann skuldahala, sem þá var fyrir hendi um lögboðið framlag til hafnarframkvæmda. Á yfirstandandi ári munu hafnarframkvæmdir hafa numið 81 millj. 450 þús. kr. og þá ríkissjóðshluti af því 32 millj. 563 þús. Á óskalista, sem hafnarmálastjóri lagði fram fyrir fjvn., er tillaga um að tvöfalda þessa upphæð til hafnarframkvæmda á næsta ári, og eru þá ekki teknar með framkvæmdir til landshafna og Þorlákshafnar, en þær einar út af fyrir sig eru áætlaðar um 46 millj. kr. Af þessu má sjá, að mikil verkefni eru fram undan í hafnarmálum og þrátt fyrir það, þó að nægilegt fjármagn væri fyrir hendi, hljóta þessar framkvæmdir að takmarkast af þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru í landinu á hverjum tíma með vinnuafl og annað, sem ekki má skerða, svo að leiði af sér samdrátt í framleiðslugreinum, en það er undirstaða þess, að þjóðin fái risið undir þessum fjárfreku framkvæmdum, jafnt á þessu sviði sem öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Aðrar brtt. n., sem eru til hækkunar gjalda á 13. gr. C, eru þrír nýir liðir: í fyrsta lagi 100 þús. kr. vegna þátttöku í ráðstefnu alþjóðasamtaka hafnarverkfræðinga, til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti 1 millj. 500 þús. og til ferjubryggna 515 þús. kr., en sá liður hafði fallið niður úr frv. að þessu sinni, og er skipting á því fé í brtt. n. á þskj. 148. Samtals eru till. n. um hækkun til útgjalda á þessari gr. 4 millj. 905 þús. kr.

Um 13. gr. D leggur n. til að breyt. verði gerðar á nokkrum liðum. Lagt er til vegna aukinnar umferðar í innanlandsflugi, að eftirtaldir liðir við flugmálastjórn hækki: Í Reykjavík: aukavinna hækki um 60 þús. kr., á Akureyri: annar kostnaður 105 þús. kr., til Egilsstaða: annar kostnaður 50 þús. kr. og til Ísafjarðar: annar kostnaður 50 þús. kr. Samtals hækkar 13. gr. D, ef till. n. verða samþ., um 265 þús. kr.

13. gr. E fjallar um veðurþjónustu. Þar leggur n. til, að launaliður Veðurstofunnar á Kefla-

víkurflugvelli hækki um 27 þús. kr. vegna tilfærslu starfsmanns milli launaflokka. Þá er einnig lagt til, að liðurinn aukavinna og vaktaálag hjá sömu deild hækki um 20 þús. kr. — Í sambandi við veðurfræðideild er lagt til, að liðurinn þóknun til veðurathugunarmanna hækki um 100 þús. kr. Og annar kostnaður einnig um 100 þús. — Við áhaldadeild er lagt til, að liðurinn til veðurathugana á hálendi Íslands hækki um 370 þús. kr. En samtals hækkar 13. gr. E, ef brtt. n. verða samþ., um 617 þús. kr.

Á 13. gr. F eru ýmis mál. Þar eru brtt. n. um að hækka eftirtalda gjaldaliði: Það er hækkun á rekstrarhalla Ferðaskrifstofunnar, sem nemur 300 þús. kr. Er það vegna breyttrar áætlunar um tekjur stofnunarinnar. Skipaskoðun ríkisins, þar er þóknun skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, hækkuð um 50 þús. kr. Liðurinn kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenzkra fiskiskipa er lagt til að hækki um 60 þús. kr. Stýrimannaskólinn, til námskeiða utan Reykjavíkur er lagt til að hækki um 150 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um sömu upphæð. Hér er um leiðréttingu að ræða, sem skólastjórinn vakti athygli á að nauðsynlegt væri að gera. Til sjómælinga og kortagerðar er lagt til að komi nýr liður: til kaupa á tæki til sjómælinga og kortagerðar. Sú upphæð er 200 þús. kr. Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. l. nr. 53 frá 1963 er lagt til, að launaliðir hækki um 40 þús. kr., en annar kostnaður lækki um 20 þús., þannig að fjárveiting til gisti- og veitingastaðaeftirlits hækkar raunverulega um 20 þús. kr. Samtals hækka gjaldaliðir 13. gr. F, ef till. fjvn. verða samþ., um 630 þús. kr.

14. gr. A er sú grein fjárlagafrv., sem n. gerir till. um langmesta hækkun á frá því, sem nú er í frv. Aðalhækkanirnar, sem hér eiga sér stað, eru, eins og í nál. segir, vegna leiðréttinga, sem talið er nauðsynlegt að gerðar séu, svo að haldið verði í horfinu með þá reglu, sem mörkuð hefur verið, en það er, að ríkið greiðir sinn þátt í byggingarkostnaði skóla og skólastjóraíbúða á 5 ára tímabili. Það er hvort tveggja, að þetta hefur raskazt nokkuð, vegna þess að skólahúsin hafa stundum verið stækkuð og teikningum breytt, meðan bygging hefur staðið yfir, en hins vegar vegna þess, að byggingarkostnaður hefur hækkað verulega á tímabilinu, og þátttaka ríkissjóðs, sem í upphafi var miðuð við þann kostnað, sem þá var þekktur, hefur ekki verið leiðrétt, jafnóðum og hækkanir hafa átt sér stað. Það var einróma álit n., að óhjákvæmilegt væri að horfast í augu við þessar staðreyndir og að leiðrétta bæri þann mismun, sem fyrir hendi væri í þessum efnum. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstaka liði, sem hér um ræðir, en mun aðeins gera grein fyrir heildarbreytingum á gr., eins og þær koma fram í till nefndarinnar.

Þar kemur fyrst háskólinn. Lagt er til, að launaliður hækki um 299 520 kr. Er það vegna tannlæknadeildar. Og til tannlæknastofu hækkar einnig um 540 þús. kr., aðallega vegna fjölgunar í deildinni. Launaliður við fræðslumálastjóraembættið hækkar um 23 790 kr. Til menntaskólans á Akureyri er lagt til að liðurinn viðhald húsa og áhalda hækki um 150 þús. kr. Vegna kennaraskólans er nýr liður, húsnæði utan skólans 300 þús. kr., en það er vegna íþróttaiðkana nemenda skólans. Til tækniskólans er lagt til, að liðurinn rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar í Reykjavík frá 15. sept. til 31. des. 1964 verði hækkaður um 540 þús. kr. Þá er till. um framlag til iðnskóla, að það hækki um 489 þús. kr. Og framlög til byggingar barnaskóla og skólastjóraíbúða í smíðum hækka um 11 411 746 kr., og vísast þar til þess, sem ég hef áður sagt. En till. um framlög til nýrra skólahúsa og skólastjóraíbúða munu bíða afgreiðslu til 3. umr. Þá leggur n. til, að framlög til byggingar gagnfræða- og héraðsskólahúsa í smíðum hækki um 3 751 033 kr. En till. um ný skólahús í þeim flokki munu einnig bíða til 3. umr. Til alþýðuskólans á Eiðum er lagt til, að liðurinn til viðhalds hækki um 394 þús. kr., og inn kemur nýr liður, heimtaugagjald 69 þús. kr. Lagt er til, að rekstrarkostnaður héraðsskóla hækki um 790 þús., og kostnaður við miðskólann á Brúarlandi hækkar um 100 þús. kr. Hluti ríkissjóðs vegna endurbóta á búningsklefum og sundlaug í Varmahlíð í Skagafirði er 345 þús. kr., og er lagt til, að sá liður verði tekinn inn. Til unglingafræðslu eftir till. fræðslumálastjóra er lagt til að hækka um 150 þús. kr. — Vegna íþróttaskóla ríkisins til námskeiða fyrir íþróttakennara er lagt til að hækka um 30 þús., og liðurinn lagning íþróttavalla hækkar um 100 þús. kr., og verður þá sá liður samtals 500 þús. kr., en það er nauðsynlegt vegna þess, að fyrirhugað er að halda á næsta sumri landsmót ungmennafélaganna að Laugarvatni. — Þá er lagt til, að liðurinn laun til Lárusar Rist sundkennara 20 970 kr. falli niður, en hann lézt á árinu. — Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum samkv. ákvörðun menntmrn. er lagt til að hækki um 31 500 kr. Samtals hækkar 14. gr. A, ef till n. verða samþ., um 19 433 583 kr.

14. gr. B fjallar um framlög til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi. Eins og jafnan áður lágu fyrir n. mörg erindi um fjárveitingar á þessari gr. Mun ég víkja að brtt. n. hér um. Landsbókasafnið, lagt er til, að launaliður lækki um 126 960 kr., við þjóðskjalasafnið, að launaliður hækki um sömu upphæð. Er hér um leiðréttingu að ræða á milli stofnananna. Þá er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður um landsbókasafnshúsið til endurbóta á húsnæði 536 þús. kr., og til kaupa á skjalaskápum og tækjum til viðgerðar á handritum hækkar um 200 þús. kr. — Launaliður við þjóðminjasafnið hækkar um 20 460 kr., og enn fremur til rannsókna og ferðalaga er till. um hækkun, 10 þús. kr. — Fræðslumyndasafnið, þar er lagt til, að liðurinn til kaupa, endurgerðar og framleiðslu á íslenzkum kvikmyndum og kyrrmyndum hækki um 50 þús. kr. — Framlag til bæjar- og héraðsbókasafna hækk-

ar um 200 þús. Til Fornleifafélagsins hækkar um 15 þús. kr. Til Hins íslenzka náttúrufræðifélags hækkar um 10 þús. kr. Til málnefndar til nýyrðasöfnunar og leiðbeininga, er miða að málvernd, hækkar um 25 þús. kr. Til orðabókar háskólans hækkar launaliður um 130 þús. Frádráttur um framlag frá sáttmálasjóði er lagt til að falli niður, þar sem talið er vonlaust, að sjóðurinn geti staðið undir umræddu framlagi. Er þessi leiðrétting gerð eftir eindregnum óskum háskólarektors. Þá kemur nýr liður: til náttúrugripasafns í Vestmannaeyjum 50 þús. kr. Til útgáfu á Ættum Austfirðinga hækkar um 30 þús. Til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfustarfsemi hækkar um 25 þús. kr. Lagt er til, að liðurinn til manntalsins frá 1890 30 þús. kr. falli niður. Til útgáfu handbókar fyrir kennara tornæmra barna er nýr liður að upphæð 40 þús. kr. Til Íslenzka stærðfræðifélagsins hækkar um 10 þús. Til skálda, rithöfunda og listamanna er lagt til að við bætist málsgrein, svo hljóðandi: „Að öðru leyti skal 7 manna úthlutunarnefnd, er Alþingi kýs hlutbundinni kosningu, annast skiptingu fjárveitingarinnar." Þetta er gert til þess, að ekki sé þörf á því að flytja, eins og jafnan hefur verið gert áður, sérstaka þáltill. um þetta efni. Til ritsins Icelandic Review er till. um hækkun að upphæð 30 þús. kr. Til að semja og gefa út æviskrár Vestur-Íslendinga hækkar um 50 þús. Til tónlistarskóla samkv. lögum hækkar um 200 þús. kr. Þá leggur n. til, að tekinn verði upp nýr liður: til tónlistarskóla til kaupa á hljómplötum o. fl. 50 þús. kr. Til Sambands íslenzkra karlakóra hækkar um 35 þús. kr. Til Kirkjukórasambands hækkar um 40 þús. Og til Bandalags íslenzkra leikfélaga hækkar um 50 þús. Til Sambands íslenzkra lúðrasveita hækkar um 30 þús., og til Vilhjálms Ögmundssonar á Narfeyri til stærðfræðiiðkana hækkar um 20 þús. kr. Þá er till. um hækkun til minningarlunda og skrúðgarða undir eftirliti og samkv. ráðstöfun skógræktarstjóra um 40 þús. Og til sýningar og vörzlu listagjafar Ásgríms Jónssonar er till. um hækkun, sem nemur 15 þús. kr. — Þá leggur n. til, að eftirtaldir nýir liðir verði samþ.: Tímaritið Eimreiðin í tilefni af 70 ára afmæli 25 þús. Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur landsins 50 þús. Til minnisvarða Ara fróða að Staðarstað 15 þús. kr. Til útgáfu æviskráa Borgfirðinga 30 þús. kr. Til kaupa á Linguaphone-námskeiðum Björns Björnssonar 50 þús. kr. Til Hauks Guðlaugssonar til starfa að tónlistarmálum 12 þús. Til umbóta að Reykhólum á Barðaströnd 25 þús. Til Félags íslenzkra myndlistarmanna, styrkur til sýningar í Þrándheimi 50 þús. kr. Til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsens í Hafnarfirði 100 þús. kr. Til að tryggja íslenzkum námsmönnum 2 herbergi í nýjum alþjóðastúdentagarði í París 105 þús. kr. Og til að varðveita gamla smiðju í Nýhöfn á Melrakkasléttu 50 þús. kr. Samtals eru till. n. um hækkun á gjaldaliðum við 14. gr. B, ef samþykktar verða, 2 393 460 kr.

15. gr. fjallar um fjárveitingar til kirkjumála. N. átti viðræður við biskup um málefni kirkjunnar. Enn fremur komu fulltrúar kirkjumrn. á fund n. og ræddu sérstaklega um brýna þörf fyrir auknar fjárveitingar til nýbyggingar prestssetra og enn fremur til greiðslu á nauðsynlegum viðhaldskostnaði eldri prestssetrshúsa. Lagði biskup sérstaka áherzlu á það við n., að auka þyrfti fjárveitingar í þessu skyni. Brtt. n. við þessa gr. eru, að hækkuð verði risna við biskupsembættið um 10 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 15 þús. Liðurinn til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækkar um 1½ millj., og húsaleigustyrkur presta hækkar um 180 þús. kr. Kostnaður við kirkjuráð hækkar um 15 þús. Til greiðslu álaga vegna afhendingar kirkna til safnaða hækkar um 200 þús. Til styrktar málgagni kirkjunnar hækkar um 4500 kr. Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækkar um 80 þús. Eftirlitsmaður með prestssetrum, laun hækka um 19 080 kr., sem er leiðrétting. Annar kostnaður við sama hækkar um 45 þús. Umsjónarmaður með kirkjugörðum, þar hækkar annar kostnaður einnig um 45 þús. kr. Til sjúkrahúsaprests hækkar um 12 þús. Til æskulýðssamtaka þjóðkirkjunnar í Hólastifti vegna framkvæmda við sumarbúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal hækkar um 50 þús. Og til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar á Suðurlandi vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti hækkar einnig um 50 þús. Alls eru till. n. um hækkun gjalda á 15. gr. 2 235 580 kr.

16. gr. fjárlaganna fjallar um framlög til atvinnuveganna. Hefst hún á fjárveitingu til landbúnaðar. Í því sambandi ræddi n. við búnaðarmálastjóra, forstöðumann Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og landnámsstjóra, Pálma Einarsson. Varðandi rekstur Búnaðarfélagsins var lögð á það megináherzla, að hækka þyrfti framlagið til þess, m. a. vegna aukins húsaleigukostnaðar, aukins ræstingarkostnaðar og launa til handa nýjum mjólkurfræðingi, sem starfar nú á vegum félagsins, einnig vegna aukins aksturskostnaðar, launaskatts og fleiri rekstrarliða. Þá hefur verið ráðinn nýr starfsmaður á vegum búreikningaskrifstofunnar, en hann ferðast á milli bænda til þess að koma bættu skipulagi á búreikningahald þeirra. N. samþ. að leggja til, að framlag til Búnaðarfélags Íslands hækki um 215 þús. kr. Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands er till. til hækkunar um 130 þús. kr. Og ferðakostnaður, húsaleiga o. fl. hækki um 110 þús. kr. Gjöld vegna l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, liðurinn kostnaður við athuganir og mælingar samkv. 5. gr. l., er lagt til að hækki um 40 þús. Til jarðræktartilrauna, d-liður, stofnkostnaður, lagt er til, að liðurinn hækki um 150 þús. — Eins og ég hef áður getið um, er frestað til 3. umr. að gera till. um skiptingu á fjárveitingu til fyrirhleðslna. En á þskj. 148 eru till. n. um skiptingu á fé til sjóvarnargarða. — Út af rekstri sandgræðslustöðvanna

mætti hjá n. forstöðumaður sandgræðslunnar, Páll Sveinsson. Gerði hann n. grein fyrir framkvæmdum sandgræðslunnar og rekstri búsins í Gunnarsholti. Nefndin leggur til, að framlag til sandgræðslustöðva hækki um 200 þús. Þá er enn fremur lagt til, að teknir verði inn 2 nýir liðir: til húsbygginga vegna bruna í Gunnarsholti 200 þús. og til fræ- og fóðurtilrauna í Gunnarsholti 400 þús. kr. — Varðandi veiðimálaskrifstofuna og rekstur fiskiræktarstöðvarinnar í Kollafirði ræddi nefndin við Þór Guðjónsson veiðimálastjóra. N. fór einnig og skoðaði fiskiræktarstöðina í Kollafirði og ræddi við stjórn hennar. N. leggur til, að framlag til útgáfukostnaðar veiðimálaskrifstofunnar hækki um 15 þús. kr., annar kostnaður hækki um 30 þús. og að liðurinn 27 skiptist þannig: a. kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit verði 170 þús. kr., og nýr liður: styrkir til fiskiræktar samkv. l. nr. 112 1941, verði 350 þús. Á þessum lið eru í frv. 300 þús. kr., svo að hækkun verður 220 þús. — Bændaskólinn á Hólum, til hans hefur á undanförnum árum verið varið allmiklu fé til viðhalds og endurbóta á skólahúsinu. Í frv. er þessi liður nú 500 þús. kr. N. leggur til, að þessi liður verði enn hækkaður um 600 þús. og að nýr liður verði tekinn upp: til borunar eftir heitu vatni 150 þús, kr. — Garðyrkjuskólinn á Reykjum, annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. — Til húsmæðraskóla í sveitum er lagt til, að rekstrarkostnaður skólanna verði hækkaður um 1 601 275 kr. og framlag til byggingar húsmæðraskóla í sveitum hækki um 2 807 900 kr. — Til Kvenfélagasambands Íslands er till. um 60 þús. kr. hækkun. Þá eru till. um tvo nýja liði: til Hússtjórnarkennarafélags Íslands vegna þinghalds sumarið 1965 40 þús. og til gróðurverndar í Búðahrauni 10 þús.

16. gr. B fjallar um sjávarútvegsmál. Í því sambandi ræddi n. við Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Þórð Þorbjarnarson forstöðumann rannsóknastofnunar Fiskifélags Íslands, Samþykkti n. að leggja til að hækka styrk til námskeiða í meðferð á fiskleitartækjum um 25 þús. kr. og upp verði tekinn nýr liður: til kaupa á tæki fyrir rannsóknastofur Fiskifélagsins 600 þús. kr. Einnig var samþ. samkvæmt ósk Landssambands ísl. útvegsmanna að taka inn nýjan lið: til starfsfræðsludags sjávarútvegsins 50 þús. kr. En samtals hækkar 16. gr. B eftir till. n. um 675 þús. kr.

Við 15. gr. C leggur n. til, að upp verði tekinn nýr liður: til kaupa á hávaðamæli 60 þús. kr.

16. gr. E fjallar um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Nefndin ræddi við forstöðumenn hinna ýmsu deilda stofnunarinnar og fékk hjá þeim margvíslegar upplýsingar varðandi rekstrinn. Leggur n. til, að eftirfarandi breytingar verði samþ. til hækkunar á gjaldalið 16. gr. E: Til atvinnudeildar háskólans, byggingadeildin, þar er lagt til, að launaliður hækki um 147 600 kr. Fiskideildin, launaliðurinn hækki um 117 360 kr. Búnaðardeildin, þar komi nýr liður: til rannsókna á lifnaðarháttum gæsa 30 þús. — Við löggildingarstofu hækkar annar kostnaður um 300 þús. Og til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur er lagt til, að liðurinn hækki um 20 þús. kr. Samtals eru till. fjvn. til hækkunar á 16. gr. E 614 960 kr.

Á 17. gr. eru fjárveitingar til félagsmála. Fyrir n. lágu mörg erindi um þau efni, sem tilheyra fjárveitingum á þeirri grein. Varðandi fjárveitingar á aðalgjaldaliðum greinarinnar átti n. viðtöl við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sverri Þorbjarnarson. Veitti hann n. ýmsar upplýsingar. Tjáði hann nefndinni m. a., að framlög til tryggginganna í fjárlagafrv. væru í samræmi við till. stofnunarinnar og þyrfti hann ekki að óska þar neinna breytinga. Þær brtt., sem n. flytur við þessa gr., eru við sveitarstjórnarmál. Þar er lagt til, að c-liður, mælingakostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs, hækki um 100 þús. kr., enn fremur d-liður, kostnaður við loftmyndatöku og útteiknun korta, helmingsþátttaka ríkissjóðs, hækkar um 450 þús., eða samtals 550 þús. kr. Lagt er til, að tekjur skipulagsins hækki um sömu upphæð.

Þá er lagt til, að inn komi eftirtaldir nýir liðir á 17. gr.: Til vatnsöflunar í Leirár- og Melasveit 50 þús. Til vatnsöflunar fyrir Grímsey 100 þús. Til vatnsöflunar fyrir býlin Furubrekku og Foss 30 þús. Til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum 1 millj. kr. — Lagt er til, að styrkur til Iðnnemasambandsins hækki um 20 þús. Til dagheimila eru till. um hækkun samtals að upphæð 225 þús. kr. Til Blindravinafélagsins er till. um 40 þús. kr. hækkun vegna útgáfu bóka með blindraletri. Þá er lagt til að veita Bandalagi íslenzkra farfugla styrk að upphæð 75 þús. kr., en það er vegna kaupa á húsnæði fyrir starfsemi bandalagsins. Til Félagsmálastofnunarinnar er lagt til, að liðurinn hækki um 25 þús. kr. Þá er hækkun til Ungmennafélags Íslands 50 þús. kr. og enn fremur til Ungmennafélags Íslands til skógræktar í Þrastaskógi, að liðurinn hækki um 15 þús. kr. — Þá leggur n. til, að inn verði teknir eftirfarandi nýir liðir á 17. gr.: Til Sviffflugfélags Íslands 75 þús. kr. Til sjúkraflugs í Árneshreppi á Ströndum 25 þús. kr. Til Fuglaverndunarfélags Íslands 25 þús. kr. Til sjómannaheimilis á Norðfirði 25 þús. kr. Til æskulýðsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25 þús. kr. Til hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði vegna fiskasýningar 100 þús. kr. Og til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði 100 þús. kr. Samtals eru till. n. til hækkunar á 17. gr. 3 millj. 515 þús. kr.

Við 18. gr. bíða brtt. n. til 3. umr., eins og ég áður hef sagt og venja er.

Um 19. gr. hef ég þegar nokkuð rætt. Við þessa umr. gerir n. ekki till. til breytinga. Það fer svo að sjálfsögðu eftir því, hvaða stefna verður mörkuð um áframhald niðurgreiðslna á vöruverði innanlands eftir áramótin, hvort eða að hve miklu leyti nauðsynlegt verður talið að gera breytingar á þeirri grein, en þá sérstaklega þann útgjaldalið greinarinnar, sem veitir fé í þessu skyni.

Um 20. gr. er það að segja, að eins og frv. liggur nú fyrir, eru hækkanir á þeirri gr. 42 -

799 567 kr. eða rúmlega 26% hækkun frá gildandi fjárl. N. leggur samt sem áður til, að samþykktar verði brtt., sem feli í sér hækkun um 1825 þús. kr. Eru það eftirtaldar brtt.: Lagt er til, að liðurinn til bygginga á prestssetrum hækki um 1 millj. Vísa ég í því sambandi til þess, sem ég hef áður sagt. En einnig vil ég taka það fram, að í sambandi við þessa hækkun hafði nefndin m. a. í huga byggingu íbúðarhúss á prestssetrinu í Vatnsfirði og byggingu prestsseturshúss í Grundarfirði. Liðurinn til byggingar dýralæknisbústaða er lagt til að hækki um 500 þús. Og ennfremur er lagt til, að inn komi tveir nýir liðir: til byggingar útihúss í Ólafsdal 200 þús. kr. og til kaupa á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni 125 þús. kr. Er það fyrri greiðsla. Alls kostar húsnæði þetta 250 þús. kr. Svo sem ég áður sagði, eru brtt. n. til hækkunar útgjalda á 20. gr. samtals 1825 þús. kr.

Verði till. n. á þskj. 148 samþ., leiðir það af sér, að rekstrarafgangur samkv. 21. gr. lækkar úr 207 121 165 kr. í 167 582 407 kr. Og á sjóðsyfirliti verður 38 233 427 kr. greiðsluhalli í stað tekjuafgangs 10 305 331 kr.

Að lokum vil ég vísa til þess, er hæstv. fjmrh. sagði í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv. við 1. umr. þess á Alþingi, en það var, að leggja beri áherzlu á, að fjárlög fyrir 1965 verði endanlega afgreidd hallalaus, enda væri háskalegt fyrir þjóðina, ef ríkissjóður væri rekinn með halla, eins og nú horfir í efnahagsmálum.

Herra forseti. Ég legg til, að þessar till. fjvn., sem ég hef nú lokið við að lýsa, verði samþ. og frv. síðan vísað að lokinni 2. umr. til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mér er ljúft að byrja mál mitt með því að þakka hv. formanni fjvn. og öðrum, sem í n. hafa starfað, fyrir samstarfið. Undan þeirra störfum í n. höfum við ekkert að kvarta, og hefur starfið gengið þar vel eftir atvikum. Hins vegar get ég ekki lýst yfir sömu ánægju í sambandi við afgreiðslu fjárl., þar sem nú er kominn 14. des. og gert er ráð fyrir að afgreiða fjárlög, áður en þinghlé verður gert fyrir jól. Og nú, þegar frv. fer til 2. umr., eru þó veigamiklir útgjaldaliðir ótaldir þar og ekki enn séð fyrir endann á heildarútgjöldunum eða hvernig þeim verður mætt.

Hér er ógert, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., út um það, hvernig farið verður með niðurgreiðslur, en eins og fram kom í aths. fyrir fjárlagafrv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh. í haust, vantar þar nokkra fjárhæð til þess að mæta þeim niðurgreiðslum, sem nú eru upp teknar. Enn fremur er eftir að ákveða og fjalla um þær nýju skólabyggingar, sem hefjast eiga á næsta ári, og fleiri stórútgjaldaliðir eru eftir. Það ætti öllum að vera ljóst, að fjárlagaafgreiðsla, sem þannig er seint á ferðinni og jafnmargt ógert og hér er, er mjög hæpin, og það getur ekki endurtekið sig þing eftir þing, eins og gerzt hefur nú síðustu þing og þó fyrst og fremst núna, að þm. hafi í raun og veru engan tíma til þess að átta sig á fjárlagaafgreiðslunni og um stórmál eins og niðurgreiðslur, skólabyggingar og aðra slíka málaflokka sé fjallað á síðustu dögum þingsins fyrir jól og raunverulega enginn tími til þess að fjalla um þau. Hér verður að verða á breyting.

Fjvn. hefur, eins og fram kom í ræðu hv. formanns, starfað flesta daga síðan þingið kom saman, en hins vegar hefur henni ekki borizt það frá ríkisstj., sem nauðsyn bar til, til þess að hægt hefði verið að hraða afgreiðslunni. Og nú, þegar farið er út í 2. umr. fjárlagaafgreiðslunnar, er svo, að við a. m. k. í stjórnarandstöðunni höfum ekki séð neitt yfirlit yfir tekjur og gjöld yfirstandandi árs eða hvernig það hefur staðið til loka októbermánaðar t. d. eða annars tíma. Það er ástæða til að vekja athygli á þessu, og það er í raun og veru ekki hægt að fara út í umr. um afgreiðslu fjárlaga án þess að hafa séð það til loka októbermánaðar, hvernig tekjur og gjöld yfirstandandi árs hafa staðizt. Enda þótt svo kunni að fara nú, að *fjárlög verði afgreidd fyrir jól, sem þó er* ekki fullvitað, þar sem óljóst er, hvað eftir á að koma, þá verður hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir því, að það er ekki hægt ár eftir ár að ætla hv. þm. að vinna svo veigamikið verk sem fjárlagaafgreiðsluna á jafnskömmum tíma og hér er gert. Með þessu móti er í raun og veru verið að draga þingræðið í landinu niður og afnema ríkisstj. og embættismönnum það vald, sem Alþingi á að hafa í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Ég vil mjög minna hæstv. ríkisstj. á að láta slíkt ekki endurtaka sig í æ ríkari mæli og enn þá verr ár eftir ár, eins og nú hefur gerzt. Hér er um svo veigamikið atriði að ræða í störfum Alþingis, að hv. þm. geta ekki látið svo stórt mál líða hjá, eins og þeir taki ekki eftir því. Hér verður að verða bót á og það veruleg, ef ekki á að lenda í algeru strandi.

Um þetta ætla ég svo ekki að segja fleira að sinni, vegna þess m. a., að við vitum ekki enn þá, hvað bíður í raun og veru 3. umr. og hversu fer um lokaafgreiðslu fjárlagafrv.

Út af sameiginlegum till. n., sem fluttar eru á sérstöku þskj. og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir, vil ég endurtaka það, sem hann sagði, að við fulltrúar Framsfl. í n. höfum óbundnar hendur um fylgi við þær og einnig rétt til þess að bera fram brtt. bæði við þær og fjárlagafrv. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma. Meginið af þessum till., sem formaður gerði hér grein fyrir, eru fyrst og fremst leiðréttingar á áætlunum fjárlagafrv., sem ekki var hægt að komast hjá, enn fremur aðsend erindi, sem n. tók til greina. Stærstu leiðréttingarnar á þessu fjárlagafrv., eins og það er nú, eru skólamálin, en eins og fyrr hefur orðið að gera þar stórfelldar leiðréttingar á eldri áætlunum.

Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði kostnað við skólabyggingu

á 5 árum og þá miðað við þá áætlun, sem upphaflega er gerð, þegar byggingin er samþ. inn á fjárl. Það hefur hins vegar komið í ljós og í æ ríkari mæli, að þessi ákvæði hafa reynzt í raun og veru haldlítil, vegna þess að áætlanir, sem á var byggt, hafa verið fjarri lagi. Hér kemur margt til og m. a. verðhækkanirnar, en einnig það, að þær áætlanir, sem upphaflega eru teknar og samþykktar, eru allt aðrar áætlanir heldur en sýnt er, þegar byggingin er hafin. Ég veit til þess nokkur dæmi, að þannig hefur verið að þessum málum staðið og jafnvel hefur það verið svo, að þó að um endurskoðaða áætlun hafi verið að ræða, hafa verið eftir nokkra mánuði, frá því að hún var gerð, samþykkt af forráðamönnum húsameistaraskrifstofunnar tilboð, sem hafa verið mun hærri en gert er ráð fyrir í áætluninni. Það er hins vegar ljóst, að það, hve áætlanirnar standa illa, kemur ekki fram fyrr en nokkuð fer að líða á bygginguna og það fer að sýna sig, að hér er um allt aðrar tölur að ræða en í upphafi var gert ráð fyrir. Þess vegna endurtekur þetta sig ár frá ári, og um stórfelldar tölur er að ræða, eins og nú á þessu fjárlagafrv. Hér þarf að ráða bót á. Það þarf að leggja meiri vinnu í áætlanirnar, og t. d. er ekki hægt að gera áætlun um skólabyggingu þannig, að ekki sé tillit tekið til þess, að skóli getur ekki starfað nema hafa húsbúnað, og eins þarf að laga lóðir og annað í kringum slíkar stofnanir, en oft og tíðum vantar þetta algerlega í áætlun um skólabygginguna. Herða þarf eftirlitið með þessum framkvæmdum og reyna að vinna að því, að slíkar áætlanir séu betur gerðar og haldmeiri en verið hefur.

En eins og áður hefur verið lýst í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, er ástæðan til þess, að leiðir skiljast hjá fjvn.-mönnum, þegar til afgreiðslu kemur, þó að samstarfið hafi verið eðlilega gott, sú, að annars vegar er þar ríkjandi stjórnarstefna, sem ræður fjárlagaafgreiðslunni, og svo hins vegar stefna þeirra, sem eru ekki fylgismenn stjórnarstefnunnar. Þetta fjárlagafrv. hefur sömu einkenni og fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum. Það er verðbólgan, það er eyðslan, og það er skattheimtan, sem einkenna fjárlagafrv. Öll fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. hafa verið með þessum einkennum, þó mismunandi mikið. Þessa gætir í fyrstu lítils, en hefur farið hraðvaxandi, svo að segja má með réttu, að af stað hafi verið farið með því að ganga brautina, síðan var farið að hlaupa við fót og svo hlaupa hratt og nú er farið að stökkva.

Nú ætla ég að breyta út af venju í sambandi við samanburð á fyrri árum og því fjárlagafrv., sem nú er hér á ferðinni, og ætla ekki að gera samanburð á því og niðurstöðu fjárlaga 1958. Mér hefur fundizt hæstv. fjmrh. ekki una því vel. Ég hef að sjálfsögðu enga löngun til þess að fara að gera honum að óþörfu gramt í geði. Þess vegna hef ég hugsað mér að þessu sinni að gera nú samanburð á hans eigin fjárlögum, þeim fyrstu og þeim, sem nú á að fara að afgreiða.

Fjárlagafrv. fyrir 1960 var að fjárhæð 1501 millj. kr. Fjárlagafrv., sem við erum að fjalla um í dag, er við 2. umr. 3 milljarðar 270 millj. kr. eða hefur hækkað á þessu 5 ára tímabili um 117%. En hér er því við að bæta, að ekki eru öll kurl komin til grafar, því að inn á þetta fjárlagafrv. vantar m. a. fjárveitingu til vegagerðar í landinu, sem nemur 47 millj. kr., en það var þó að öllu leyti í fjárlagafrv. 1960. Ef við bætum þeirri tölu við, er fjárlagafrv. orðið 3500 millj. kr. eða hefur hækkað um 134%. Og ef við gerum ráð fyrir, að inn á fjárlagafrv. verði tekið við lokaafgreiðslu þess það, sem vantar í niðurgreiðslur og önnur þau útgjöld, sem virðast eiga eftir að koma inn á fjárlagafrv., mun það vera orðið sennilega um 3800 millj. kr. eða hefur hækkað um 150%. Og ef við svo berum þetta fjárlagafrv. saman við fjárlagafrv., sem við vorum að fjalla um í des. s. l., við 2. umr. þá, hefur það hækkað með vegamálunum um 620 millj. kr. eða um 25%. Og hér þýðir ekki að vera að deila við dómarann, því að hér er samanburður á fjárlagafrv. núna og fjárlögum hæstv. núv. ríkisstj., þeim fyrstu, sem hér voru afgreidd. Hér þýðir ekki að tala um, að þetta eða hitt hafi vantað inn á fjárl. 1960, eins og hæstv. fjmrh. hefur notað í fyrri umr.

Hver er þá ástæðan fyrir þessum gífurlegu hækkunum? Ástæðan er ekki sú, að það hafi verið teknir stórfelldir nýir útgjaldaliðir inn á fjárlagafrv., nema sem afleiðing af stjórnarstefnunni, verðbólgunni. Ástæðan er ekkert annað en sú stjórnarstefna, sem hér var upp tekin 1960, og árangurinn speglar sig í fjárlagafrv. ár eftir ár og því betur sem lengra líður. Það er dýrtíðin og aftur dýrtíðin, eyðslan og aftur eyðslan, skattheimtan og aftur skattheimtan, sem er einkennið á þessari stjórnarstefnu og kemur fram í vaxandi mæli með hverjum nýjum fjárl.

Í framhaldi af þessu er ástæða til að fara að spyrja um árangurinn af þeirri bættu stefnu við fjárlagaafgreiðslu, sem boðuð var hér í fyrstu ræðu hæstv. fjmrh.

Eitt af því, sem þá átti að gera og ekki var hægt að koma í verk nema með nokkrum undirbúningi, var hagsýslan. Þegar hagsýslan væri búin að vinna hér sín verk, eins og hæstv. ráðh. stefndi að, og tími hefði unnizt til þess að koma því í framkvæmd, þá átti árangurinn að vera geysilegur. Til hagsýslunnar er búið að verja í árslok 1963 2.7 millj. kr., og nú skulum við heyra, hvað þeir menn, sem þar um fjalla, segja sjálfir um árangurinn af störfunum. Á bls. 280 í ríkisreikningi segir svo í svörum hagsýslunnar í sambandi við aths. ríkisendurskoðunarinnar, með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa hluta af svörunum, þegar hún gerir grein fyrir því, að af hagræðingarstörfum, sem þegar hafi borið árangur til sparnaðar, skuli nefna þetta:

„a. Sameining Áfengisverzlunar ríkisins og

Tóbakseinkasölu ríkisins. Kostnaðurinn við hina sameinuðu stofnun er án efa lægri en áætla mætti að hann hefði verið nú að óbreyttu fyrirkomulagi.

b. Stofnun Gjaldheimtu Reykjavíkur. Kostnaður ríkisins af þeirri stofnun er mun minni en áætla mætti, að hann hefði verið nú af innheimtu þeirra gjalda, sem hún annast, að óbreyttu fyrirkomulagi.

c. Hagsýsla ríkisins hefur beitt sér fyrir athugun á bifreiða- og vinnuvélakosti ríkisstofnana og skynsamlegri endurnýjun hans og nýtingu."

Þetta er nú það, sem hagsýslan segir um árangur af störfum sínum, og nú skulum við athuga þetta nokkru nánar.

Í fyrsta lagi var það sameining Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, sem sýndi árangurinn af hagsýslugerðinni. Það er ekki í fyrsta skipti, sem þessar stofnanir hafa verið nefndar, þegar hæstv. ríkisstj. hefur verið að verja gerðir sínar í sparnaðarátt. Árið 1958 var rekstrarkostnaður þessarar stofnunar sameiginlega 10.7 millj. kr. Eru þá ekki tekin með útsvör eða framlag til gæzluvistarsjóðs, heldur beinn rekstrarkostnaður. 1960 er hann 14.2 millj., en 1965 er hann áætlaður 27.9 millj. kr. Hann hefur því hækkað um 160% frá því 1958, og hann hefur hækkað um 96% frá því 1960, sem mun vera síðasta árið, áður en sameiningin átti sér stað. Þarna er nú glansnúmerið af hagsýslugerðinni og sparnaðinum í ríkisrekstrinum, eitt af þrennu, sem hagsýslustofnunin taldi sér til ágætis. Árangurinn er samt ekki meiri en þetta, að síðan 1960 hefur rekstrarkostnaðurinn nærri tvöfaldazt.

Tollstjóraembættið kostaði 6.9 millj. 1958, en tollstjóraembættið og innheimtustofnunin er áætlað að kosti 13 millj. 1965 eða hefur hækkað um 90%. Þetta er hitt atriðið um árangurinn af hagsýslugerðinni.

Þriðja atriðið var svo það að benda forstjórum ríkisstofnana á það, að hyggilegt væri að kaupa nýja bíla, þegar bifreiðar þeirra væru orðnar gamlar og nýjar vinnuvélar væri betra að nota en gamlar. Öll þau ár, sem ég hef setið hér á hv. Alþingi, hafa forstjórar ríkisstofnana sótt fast á það að fá að endurnýja bifreiðar sínar og vinnuvélar. Það hefur oftast nær staðið á hv. Alþingi að leyfa þetta, en ekki af því, að forstjórarnir hafi ekki áttað sig á því, að betra var að nota nýtt en gamalt.

Þetta var nú árangurinn af þessum 2.7 millj. kr., sem búið var í árslok 1963 að verja til hagsýslugerðarinnar.

Ef við höldum svo áfram og kynnum okkur sparnað hæstv. ríkisstj. og þau atriði, sem hagsýslugerðin hefði átt að taka til, hef ég dregið saman úr ríkisreikningum 1958 annars vegar og 1963 hins vegar nokkra liði, sem sýna, í hverja átt stefnir og hver hagsýslan þar hefur reynzt vera. Þessir liðir, sem ég hef tekið hér saman, eru annar kostnaður ráðuneytanna, kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra ráðuneyta en utanrrn., ýmislegur kostnaður, ferðakostnaður, samningar, þátttaka í ráðstefnum og gestir ríkisstjórnarinnar. 1958 voru þessir liðir samtals 3.8 millj. kr., en 1963 18.1 millj. kr. Það er árangurinn af hagsýslugerðinni og sparnaðinum í ríkisrekstrinum, sem þarna kemur fram. Hækkunin er tæp 500%. Hefði nú ekki verið verkefni fyrir hagsýslugerðina að skoða þessa liði? Það hefði kannske mátt koma við einhverjum sparnaði í sambandi við þá. Hagsýslugerðin hefur samt ekki talið ástæðu til að beina verkefnum sínum þangað, og væri ástæða til, að hún gerði það hér eftir.

Nú vil ég benda á það, að þessar tölur, sem ég er hér með, eru frá árinu 1963. Hvað ætli þessar tölur séu orðnar á árinu 1964 eða verða árið 1965?

Ég vil líka minna á það, að á árinu 1958 var varið 300 þús. kr. vegna lagafrv., en á árinu 1963 1.7 millj. kr. eða 460—470% hækkun. Hagsýslugerðin hefði e. t. v. getað bent hæstv. ríkisstj. á það, að þarna mætti koma sparnaði við eða a. m. k. reyna að koma því við, að útgjaldaaukningin yrði ekki svo stórstig sem þarna hefur reynzt.

Eitt af sparnaðarfyrirheitum hæstv. ríkisstj. var í sambandi við álagningu skatta. Þar átti að koma við miklum sparnaði með því að leggja niður nefndir, sem skiptu hundruðum. Árið 1958 var þessi kostnaður 7.4 millj., en 1963 er hann kominn upp í 18.6 kr. Hvað haldið þið, að hann sé orðinn 1964 eða verði 1965? Og hver er svo árangurinn af breytingunni, sem gerð var á skattamálunum 1960? Hafa skattar verið lækkaðir vegna framkvæmdarinnar? Síður en svo. Hafa skattamálin verið fyrr á ferðinni og þar af leiðandi betur af hendi leyst? Það var svo á yfirstandandi ári og mun vera svo, að það eru ekki allir sýslumenn landsins búnir að þinga, vegna þess að skattstofurnar skiluðu svo seint frá sér skattskránum, að óframkvæmanlegt var að þinga fyrr en eftir veturnætur. Og þeir sýslumenn, sem hafa komið því við að halda manntalsþing, munu flestir hafa farið út með skattheimtuna, áður en kærur voru úrskurðaðar. A. m. k. þar sem ég þekki bezt til, var það svo, að sveitarstjórnir gátu ekki lagt á fjallskil á eðlilegum tíma, vegna þess að skattskrárnar og skattframtölin voru ekki komin aftur frá skattstjóranum. Þannig hefur þetta farið allt á eina lund. Framkvæmdin hefur reynzt seinvirkari en nokkru sinni fyrr, skattaeftirlitið minna en áður og kostnaðurinn margfalt meiri. Þannig hafa reynzt í framkvæmd stóru fyrirheitin um sparnað og hagsýslugerðina. Okkur vantar allan árangurinn, en við sitjum eftir með margfaldan kostnað.

Ýmis ný embætti og nýjar stofnanir hafa orðið til í tíð hæstv. núv. ríkisstj. og mun ég ekki fara að telja það allt upp. En ég vil þó minna á, að embætti eins og saksóknaraembættið, Efnahagsstofnunin og Almannavarnir munu kosta a. m. k. 6 millj. kr. á næsta ári. Og í þessu fjárlagafrv., sem hér er á ferðinni, er nýtt embætti, sem kom, að ég held, flestum á óvart. Það er búið að stofna prests-

embætti í Kaupmannahöfn. Ég vil ekki draga úr því, að það sé reynt að sjá fyrir andlegri velferð manna, en hér held ég að sé um algera ofrausn að ræða, auk þess sem mig brestur kunnugleika og skilning til að átta mig á því, að fyrst þjóðkirkjan er farin að stofna nýtt prestsembætti, skuli það gert með þessum hætti. Hér erum við að breyta lögum til að stofna ný prestsembætti, og við erum að leyfa söfnuðunum að velja sér prestana sjálfir. En söfnuðurinn þarna úti í Kaupmannahöfn fær ekki slíkt, heldur er honum sendur prestur af náð hæstv. ríkisstj. Og það getur ekki farið hjá því, að þegar svona einstakur atburður gerist, læðist inn hjá manni sú skoðun, að það séu annarleg sjónarmið, sem ráði framkvæmdinni, en ekki nauðsyn kristinnar kirkju. Hér er vitanlega um algert hneyksli að ræða, að fara að stofna prestsembætti úti i Kaupmannahöfn, og þangað flytjum við nú 1/2 millj. kr. Mér þykir gaman að reyna á það, þegar við komum hér í till. okkar með 1/2 millj. kr. til nauðsynjamála eins og rannsókna í þágu atvinnuveganna og slíks til að reyna þá á fylgi hv. þm., þó að menn hiki ekki við að láta þetta gott heita. Hæstv. ríkisstj. virðist mér vera að verða nokkuð örlát á ýmsa þá liði, sem a. m. k. voru ekki áður taldir til sparnaðar.

Þá er það með skattana. Þar hafa ýmsir hlutir gerzt á hinum síðari árum, og ég minnist þess, að þegar hæstv. fjmrh. flutti sína fyrstu fjárlagaræðu, komst hann svo að orði í lok ræðunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. um efnahagsvandamál og frv. til fjárl. eru tvær greinar á sama stofni. Fleiri greinar munu vaxa á þeim meiði á næstu vikum: frv. til breytinga á almannatryggingalögum, frv. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og frv. um lagfæringu útsvars og fjöldamargt fleira.“

Mundu nú skattborgarar í landinu vera sammála hæstv. ráðh. um, að það sé búið að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum? Ég held, að umr., sem urðu um skattamálin á s. l. sumri, muni ekki staðfesta þá skoðun. Og ég held, að það muni vera skoðun þess fólks, sem fer með launaumslög sín heim, þar sem kvittanir eru aðaluppistaðan, það telji ekki, að lagfæring á tekjuskatts- og útsvarslögum hafi verið því hagkvæm. Hæstv. ríkisstjórn hefur verið allstórstig í sambandi við skattamálin, og kemur þar til greina fleira en fram kemur í fjárlagafrv. En eins og bent er á í nál. okkar, hafa skattar og tollar hækkað um yfir 300% frá 1958. Ég er ekki viss um, að ég hafi tölu á öllum þeim sköttum, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið á framfæri hin síðari ár. En ég hef verið að gera mér nokkra grein fyrir því, hvaða skattar það eru, sem hún hefur verulega hækkað, og hvaða skattar það eru, sem hún hefur nýjum komið á. Í því sambandi langar mig að minna á nokkur atriði, til þess að það falli ekki algerlega í gleymsku og dá, hvað hæstv. ríkisstj. hefur verið fundvís á það að koma með nýja skatta og hækka þá, sem fyrir voru. Stórstígust er hún í sambandi við söluskatt á vörum og þjónustu, en þar tók hún upp nýjan skatt, sem gefur nú hundruð millj. kr. Innflutningsgjaldið, sem áður féll í útflutningssjóð, heimti hún til sín. Benzínskatturinn hefur verið margfaldaður á tímabili núv. ríkisstj., þungaskattur á bifreiðum stórhækkaður og gúmmígjaldið, ríkisábyrgðasjóðsgjald á lagt, útflutningsgjald af sjávarafurðum stórhækkað, bændaskattur á lagður, launaskattur á lagður, skemmtanaskattur stórhækkaður, iðnlánasjóðsgjald lagt á, og stefnt er nú að því að leggja skatt á sement, timbur og steypustyrktarjárn. Og svo er hæstv. ríkisstj. búin að vera stórstíg í skattaálagningu, að hæstv. fjmrh., sem á margan hátt er hugkvæmur og snjall maður, fór til Norðurlanda nú fyrir stuttu til að leita uppi nafn á nýjum skatti og sagði frá því í blöðunum, þegar heim kom, að þeir þar ættu nafn á nýjum skatti, sem sennilega væri nothæft. Og í staðinn fyrir að afnema tekjuskatt af launatekjum ætlar hæstv. ríkisstj. sér að fá 325 millj. kr. af tekjuskatti og eignarskatti á næsta ári og segir frá því, að hún gæti fengið 500 millj., ef hún héldi við það, sem hún hefur haft áður. En þrátt fyrir þessa skattheimtu alla er það svo, að ef á að framkvæma eitthvað, sem heitir veruleg framkvæmd á vegum ríkissjóðs, þá er tekið lán, lán á lán ofan, ýmist erlend framkvæmdalán eða innlend lán, og öll eru þessi lán að sjálfsögðu til mikilla bóta fyrir fólkið i landinu og tekin vegna þess og fyrir það, þó að áður fyrr væru það ekki taldir stórir hlutir, þó að framkvæmdir væru gerðar fyrir ríkisfé, með þeim sköttum og tollum, sem þá voru af fólkinu teknir, og ekki verið að býsnast yfir því, hve mikið væri að gert í þá átt. Utan við fjárl. og allt það hafa svo ríkisstofnanirnar ýmsar stórhækkað svo tekjur sínar, að þær eru farnar að hafa tekjuáætlanir eins og ríkisfjárlögin voru fyrir 10—15 árum. T. d. er áætlun Pósts og síma nú 345 millj. kr. Það er eins og fjárl. voru á árunum eftir 1950. Þetta hefur tekizt með því að hækka þessa þjónustu svo gífurlega, að það er búið að margfalda tekjustofninn á nokkurra ára tímabili. Og í ræðu hv. formanns fjvn. var frá því sagt, að sjúkrahúsin mundu hækka daggjöld sín nú úr 300 í 400 kr. á dag, en áður er búið að hækka þessi daggjöld verulega í tíð hæstv. ríkisstj. Allir vita, að ríkisrafveiturnar eru búnar að marghækka sína taxta, og sömuleiðis er sömu sögu að segja um Skipaútgerð ríkisins og önnur þjónustufyrirtæki á vegum ríkissjóðs. Allt er þetta á eina bókina lært, og allt styður það þá gífurlegu verðbólgu, sem hér hefur að nokkru verið lýst og lýsir sér í öllu fjárlagafrv. Stefna hæstv. ríkisstj., verðbólgustefnan, hefur því borið verulegan árangur.

Þessar almennu hugleiðingar mun ég að mestu láta nægja í sambandi við þetta fjárlagafrv., vil þó geta þess, að við höfum ekki nú frekar en á síðasta þingi gert tilraun til þess að flytja hér till. til þess að lækka útgjöldin. Við reyndum það nokkuð á fyrstu árum hæstv. ríkisstj. og rökstuddum þær till.

og meira að segja tókum upp till., sem stjórnarflokkarnir höfðu lýst sig fylgjandi, eins og sameining sendiráðanna á Norðurlöndum. Ég vitna þar til ummæla hæstv. núv. utanrrh., þegar hann fór með fjármálin 1959. Allar slíkar tillögur hafa verið stráðrepnar af stjórnarliðinu, og þess vegna gerum við ekki tilraun í þessa átt nú, enda er nú svo komið, að nú þyrfti að gera veigamiklar breytingar á sjálfu fjárlagafrv., ef ætti að nást þar nokkur árangur. Við höfum líka látið ýmsa málaflokka eftir liggja, þó að okkur sé ljóst, að það þurfi að hækka fjárveitingu til þeirra, ef það á að vera nokkuð sönn mynd af fjárþörfinni. Í því sambandi vil ég nefna Skipaútgerð ríkisins, og þarf ekki að víkja mikið að því, þar sem hæstv. formaður fjvn. gerði grein fyrir því máli. En við viljum, fulltrúar Framsfl., eins og við gerum í nál. okkar, undirstrika það, að hjá því verður ekki komizt að taka rekstur þess fyrirtækis til athugunar, þar sem skipastóllinn er orðinn mjög gamall og úreltur og þess vegna ekki að kröfum tímans. Hér þarf að fara að vinna að því og það skjótlega að taka ákveðna stefnu og leysa það mál, ef ekki á illa að fara. Með því að láta það eiga sig, eins og nú er gert, og eyða milljónum og aftur milljónum í dýrar flokkunaraðgerðir á gömlum skipum, þá verður stórkostleg eyðsla, sem hægt væri að komast hjá, ef sú nauðsynlega breyting væri gerð að endurnýja flotann og selja gömlu skipin. Við höfum ekki heldur gert till. um að hækka framlagið til aflatryggingasjóðs, þó að fiskimálastjóri hafi gert grein fyrir því í fjvn., að hjá því yrði ekki komizt. Treystum við þar á, að hæstv. ríkisstj. muni gera breytingu í svo augljósu máli fyrir 3. umr.

Ég mun nú þessu næst snúa mér að þeim brtt., sem við flytjum á sérstöku þskj. Mér er það fullkomlega ljóst, að það svar, sem við fáum við flutningi þeirra till., mun verða þetta vanalega: Ykkur finnst fjárl. ekki nógu há. — Því er til að svara, að fjárlög undanfarin ár hafa alltaf skilað ríkissjóði 300—400 millj. kr. hærri tekjum en gert hefur verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Og við höfum engan áhuga á því að láta hæstv. ríkisstj. fá svo stórar fjárhæðir til þess að ráðstafa. Við vitum að vísu ekki, hvernig útkoman kann að verða á yfirstandandi ári, þar sem við höfum engin gögn fengið í hendur þar að lútandi. En gera má ráð fyrir, að í slíku góðæri sem þessu verði niðurstaðan á sama veg. Þess vegna endurtökum við það, að við kærum okkur ekki um það, að hæstv. ríkisstj. fái ein að ráða um svo stórar fjárhæðir. Þess vegna bendum við á málaflokka, sem nauðsyn ber til að sinna og láta hafa af þeirri fjárhæð, sem er umfram þær tekjur, sem ríkið gerir ráð fyrir að það fái. Við viljum líka að fenginni reynslu benda á í þessum till. okkar, hvaða málaflokkar það eru, sem við teljum mesta og brýnasta nauðsyn bera til að styðja að. Við fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári gerðum við till. um það, að af greiðsluafgangi ríkissjóðs yrði lagt til hafna og sjúkrahúsa til þess að greiða áfallnar skuldir ríkissjóðs við þessar stofnanir. Að sjálfsögðu var það fellt hér á hv. Alþingi af meiri hl. En það, sem gerðist, var, að það var greitt á árinu. Sjúkrahúsin og hafnirnar fengu fjárhæðina, og það skipti aðalmáli. Í þessu fjárlagafrv. biður hæstv. ríkisstj. Alþingi að gefa sér heimild til þess að framkvæma það, sem hún felldi í fyrra, af því að það kom frá Framsfl. Og við vonumst til, að eitthvað af þeim till., sem við berum fram núna, fái þó slíka afgreiðslu, og þá er málunum að nokkru borgið. Hitt vil ég svo segja, að ef þær till., sem við berum hér fram, þurfa allar að liggja úti, þá er fullkomin þörf á því að taka til gagngerðrar endurskoðunar fjárlög ríkisins, því að þar er greiðsla til margra málefnaflokka og það stórar greiðslur, sem síður skyldi heldur en þeirra, sem við berum hér fram. Vitna ég til þess, sem ég sagði hér áðan, og fleira mætti þar tína til.

Ein af þeim till., sem við berum fram hér á sérstöku þskj., er, að til vegamála verði fjárveiting upp á 107 millj. kr. í staðinn fyrir 47. Skal ég nú gera nokkra grein fyrir þessu.

Þegar við framsóknarmenn fluttum frv. til l. um breyt. á l. um vega- og brúarsjóð fyrir nokkrum árum, gerðum við þá ráð fyrir því í því frv., að vegagerðin fengi tekjur af benzínskatti og þungaskatti af bifreiðum til nýbyggingar þjóðvega eingöngu. Með þeirri stefnu, sem tekin var við afgreiðslu á vegamálum á s. l. ári, var þannig að staðið, að vegasjóðurinn á að standa undir öllum framkvæmdum í vegagerð. Ef þannig verður á haldið, að vegagerðin fær ekki nema þær 47 millj. kr., sem hún fékk í fyrra til sinna framkvæmda, lendir í sjálfheldu með þessi mál fyrr en varir. Vegaviðhaldið hlýtur að taka til sín stóraukna fjárhæð frá ári til árs, og ég er sannfærður um, að þar muni engar 5 millj. nægja á milli ára. Aukningin á umferðinni í landinu er það mikil, og bílarnir verða æ þyngri og því viðhald veganna meira, og það nægja engar 5 millj. til þess að koma viðhaldinu í eðlilegt horf. Ég vil líka benda á það, að ef við ætlum að gera eitthvert stórátak um varanlega vegi, þýða þar engin vettlingatök. Máli mínu til sönnunar vil ég svo bæta því við, að það er engin ástæða til að vera hér með nein vettlingatök. Tekjur ríkissjóðs af umferðinni eru ekki orðið neinn smápeningur. Ég hef um það skýrslu, hverjar tekjur ríkissjóðs af umferðinni urðu árið 1963. Það voru 557.2 millj. kr. Það hafa innan við 200 millj. farið í vegagerðina. Á s. l. ári bættum við með nýjum sköttum um 100 millj. kr. Það þýðir, að á árinu 1965 verður þetta 700—750 millj. kr. Er ástæða til, að vegagerðin sætti sig svo við 260 millj. kr.? Ég vil minna hv. þm. á það, að allt fram til ársins 1958 hafði ríkissjóður ekki tekjur af umferðinni í landinu og fram til 1953 eða 1954 var alltaf meiri fjárhæð varið til vegamála heldur en ríkissjóður hafði í tekjur af umferðinni aftur, þ. e. sérskatta og tolltekjur. Það, sem hér er á ferðinni, er ekki annað en það, að við gerum till. um, að vegagerðin haldi leyfisgjaldinu af bif-

reiðum og bifhjólum til vegamála, en ríkissjóður hafi þó eftir allar tolltekjur af bifreiðum og varahlutum til þeirra. Það er ekki hægt í landi, þar sem er jafnóvegað og jafnmikil þörf á góðum samgöngum eins og okkar, að ætlast til þess, að neinn annar aðili en vegagerðin sjálf hafi sérskattana af bifreiðunum. Þetta er sú skýlausa krafa, sem við verðum að vinna að, og á því verður ekkert hik, fyrr en við höfum náð henni. Það mun ekki breyta neinu um það, þótt hv. Alþingi beri ekki gæfu til að samþykkja till. okkar nú. Hér er mál, sem verður leyst fyrr eða seinna, enda er hér um algera lágmarkskröfu að ræða í sambandi við þessi mál.

Í sambandi við till. okkar um hafnarmálin vil ég fara nokkrum orðum.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., vannst nokkuð á s. l. ári um hluta ríkisins gagnvart höfnunum í landinu. Samkv. því yfirliti, sem vitamálastjóri gaf okkur í fjvn. um framkvæmdir í hafnarmálum, voru þær á yfirstandandi ári, þegar landshafnirnar eru teknar með, um 134 millj. kr., en um tæpar 100 millj. kr., þegar landshöfnunum er sleppt. Ríkissjóðshluti í þessum framkvæmdum, þ. e. fyrir utan landshafnirnar, var 39 millj. kr., og vangreidd fyrri framlög ríkisins voru 39 millj. tæpar. Ríkið greiddi hins vegar á því ári það mikið vegna 20 millj. af greiðsluafganginum, að þessi fjárhæð er nú komin niður í 22.6 millj. kr. Hitt er augljóst, að verði ekki meiri fjárveiting til hafnarmálanna á næsta ári en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. nú, mun sækja aftur í sama horfið um það, að ríkissjóður eykur skuldir sínar við hafnargerðirnar. Með þeirri 10 millj. kr. viðbótartill., sem við gerum á sérstökum þskj., væri hægt að gera ráð fyrir, að nokkuð yrði haldið í horfinu, en þó tæplega það, en ekkert þá greitt niður af eldri skuldum raunverulega.

Við höfum einnig í till. okkar gert nokkra breytingu til hækkunar á 14. gr. fjárlagafrv. Það var sótt um það að fá 2½ millj. kr. til viðhalds á stúdentagörðunum, og leidd voru rök að því, að nauðsyn bæri til að koma þessu í framkvæmd á næsta ári. Undir þetta var ekki tekið í fjvn., en við gerum till. um að taka þessa fjárhæð að mestu leyti. Vitað er, að að því er stefnt að hefja nýja framkvæmd í málum stúdentagarðanna, sem er að koma upp görðum með smáíbúðum, svo að hjón gætu búið þar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nú á síðari árum giftist fólk yngra en áður var, og það þýðir, að margir námsmenn eru í háskólanámi, sem giftir eru. Fyrir þá væri ómetanlegt, ef af þessari framkvæmd yrði. Þess vegna ber brýna nauðsyn til, að við nú drögum ekki viðhald á þeim eignum, sem eru í þessu, áður en hafinn er nýr áfangi, sem verður að gera fljótlega. Einnig höfum við tekið undir fjárveitingu vegna félagsheimilis stúdenta, en til þeirrar framkvæmdar var veitt á s. l. ári, og er þörf á að auka fjárveitinguna frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þeir aðilar, sem eru í stjórn þessara mála, hafa gert rökstuddar till. um fjárveitingu til þessara verka, og við höfum tekið undir þær.

Þá höfum við lagt til, að nokkuð verði bætt úr fjárþörf íþróttasjóðs. Þetta mál kemur ekki hér inn á hv. Alþingi í fyrsta skipti. Það er vitað, að um langt árabil hefur íþróttasjóður verið fjárvana, og það er svo komið, að í raun og veru er íþróttasjóður ekki orðinn fær um að sinna því hlutverki, sem honum er ætlað. Gleggst dæmi um það, að svo er, er það, að ætið er sótt á það meira og meira frá ári til árs að fá ýmis íþróttamannvirki, eins og sundlaugar, tekin inn sem skólaframkvæmdir. Þetta er af þeirri einföldu ástæðu, að þeim, sem fyrir þessum framkvæmdum standa, er orðið ljóst, að þeir geta ekki reiknað með fjárframlagi íþróttasjóðs, heldur verði þeir að reyna að ná sér í fjármuni annars staðar frá, og hafa þá gert það gegnum skólamálin. Farið var fram á 10 millj. kr. fjárveitingu til íþróttasjóðs að þessu sinni og þá miðað við að greiða niður eldri skuldir á næstu 5 árum. Við gerum till. um það, að fjárveitingin verði 8 millj. og til vara 6 millj. Okkur er ljóst, að till. stjórnar íþróttasjóðs var eðlileg og raunverulega sjálfsögð, en ef það mætti verða til samkomulags, er ekki gengið lengra í þessa átt en gert er í till. okkar.

Við 16. gr. fjárlagafrv. flytjum við nokkrar brtt., lítils háttar brtt. vegna rekstrar Búnaðarfélags Íslands, en hinar stærri eru aftur, að við höfum enn á ný leitað eftir vilja þingsins fyrir því að framkvæma lög um ræktunarsambönd og styrkja kaup ræktunarsambanda á stórvirkum jarðræktarvélum. Till. okkar er aðeins miðuð við að greiða það, sem nú er á fallið, svo að styrkurinn yrði árið eftir, ef hún næði fram að ganga. Við höfum ekki gengið lengra, þótt eftir því væri leitað, líka í von um, að hægt væri að ná samkomulagi um að koma þessari litlu fjárhæð í höfn.

Á s. l. sumri var um það samið í sambandi við afgreiðslu á verðlagsmálum landbúnaðarins, að 5 millj. kr. fjárveiting yrði til aðstoðar við þá bændur, sem verst eru settir fjárhagslega og mikið átak þurfa að gera til þess að koma búskap sínum inn á tæknisvið. Við athugun á því máli hefur komið í ljós, að lítt framkvæmanlegt er að skipta svo lítilli fjárhæð, hér er um það stórt verkefni að ræða. Meira fjármagn þarf til, ef raunverulega á að koma að notum. Þess vegna gerum við till. um að hækka þessa fjárveitingu nokkuð verulega, til þess að hún nái þeim tilgangi, sem að var stefnt. Ekki teljum við, að það eigi neitt að spilla því samkomulagi, sem gert var, þó að Alþingi styðji það með meiri fjárhæð.

Þá höfum við tekið upp þá till., sem þeir, sem standa fyrir fiskileit, síldarflutningum og umskipunum, fóru fram á að yrði flutt í sambandi við þessi mál. Við höfum því gert till. um að hækka þennan lið um 4 millj. kr. Við teljum, að það hafi sannazt, að aðstoð við þessa starfsemi á fullkomlega rétt á sér. Við

höfum á undanförnum þingum flutt till. til þess að reyna að fá þennan lið hækkaðan, en það hefur hins vegar ekki náð fram að ganga, en hefur þó borið þann árangur, að fjárveiting hefur hækkað ár frá ári, meðfram fyrir áhrif af flutningi þessara till.

Í till. okkar í sambandi við 16. gr. höfum við tekið upp þá fjárveitingu, sem raforkumálastjóri fór fram á í sambandi við jarðhitasjóð. Eitt af þeim verðmætum, sem fólgin eru í náttúru okkar lands, er jarðhitinn. Mikill og vaxandi áhugi er fyrir notkun hans og mikill áhugi fyrir að leita eftir jarðhita, láta rannsaka, hvar hann muni vera, og annað, er máli skiptir í sambandi við jarðhitann. Raforkumálastjórnin fór fram á það að fá fjárveitingu sjóðsins hækkaða nokkuð verulega, og höfum við tekið hana upp, að hún fari upp í 10 millj. kr. á ári.

Þá gerum við till. um, að aukið verði fé raforkusjóðs. Fjárveiting til raforkusjóðs hefur staðið í stað síðan 1959, en þá var hún lækkuð í sparnaðarskyni um 750 þús. kr., og hefur hæstv. ríkisstj. haldið þeirri sparnaðarráðstöfun. Við höfum hér á hv. Alþingi flutt till. til þál. um að hraða framkvæmd áætlunarinnar og dreifingu rafmagnsins. Því er borið við, að erfitt sé að koma því í verk núna vegna þess, að fé vanti til þess, og till. okkar er fram borin til þess að styðja að því með fjárveitingu, að framkvæmdum verði hraðað. Það er ljóst, að hér er það mál, sem fólkið þráir einna mest, enda ber nauðsyn til þess, og það er svo með ýmsar stofnanir, sem er nú verið að setja á fót, eins og skóla, að það er lítt framkvæmanlegt að taka slíkar stofnanir í notkun, nema þær fái rafmagn. Og það að geta flýtt raforku til þeirra um 1—2 ár getur kostað þessar stofnanir stórar fjárhæðir og sparað ríkinu verulega. Við gerum einnig till. um að hækka nokkra liði til atvinnudeildar háskólans, og förum við þar eftir till., sem koma frá deildarstjórum og framkvæmdastjóra rannsóknaráðsins. Eins og venjulega gerði þessi stofnun vel grein fyrir fjárþörf sinni, bæði því, sem hún óskaði sér, og því, sem hún taldi sig nauðsynlega þurfa til þess að halda eðlilegri starfsemi. Og þessar till. okkar eru miðaðar við það, sem talið var að brýna nauðsyn bæri til.

Við förum hér fram á að hækka framlag til iðnaðardeildarinnar vegna hagnýtrar jarðfræði um 400 þús. kr. Hér er um smáupphæð að ræða, en hins vegar telja forsvarsmenn þessarar stofnunar, að það geti skipt þá miklu máli, hvort þessi litla upphæð verður veitt eða ekki. Ungur maður vinnur nú að þessu verki, sem talinn er efnilegur til þeirra starfa og sækir mjög fast á að fá þessa fjárveitingu, svo að hann geti komið nokkuð áleiðis þeim hugðarefnum, sem hann stefnir að því að leysa í þessari fræðigrein.

Þá er nú verið að stofna sérstaka byggingadeild, og mun verða að taka við störfum þar sem deildarstjóri maður, sem áður starfaði hjá iðnaðardeildinni að byggingarefnarannsóknum. Eins og kunnugt er, erum við mjög skammt á veg komnir með byggingarefnarannsóknir. Hins vegar byggjum við mikið og byggjum dýrt og höfum af því mikinn kostnað. Ekki skal ég spá í eyðurnar um það, hverju slík starfsemi gæti skilað okkur aftur í sparnaði í sambandi við byggingarframkvæmdir, en því verður ekki heldur svarað, nema við leggjum fram fjármuni, til þess að hægt sé að hefja byggingarannsóknir. Og tillaga okkar er um 200 þús. krónur til sjálfstæðra byggingarannsókna. Hér er hálfur kostnaður eða ekki það á við prestinn úti í Kaupmannahöfn, og ég hygg, að fénu muni betur varið þarna.

Ég treysti því fastlega, að hv. meiri hl. sjái sér nú fært að samþykkja þessar litlu fjárhæðir, þó að það væri ekki tekið upp í fjvn. En hér er stórmál á ferðinni, sem við megum ekki sýna sinnuleysi.

Búnaðardeildin hefur mjög sótt á að fá að ráða til sín starfsmenn í ákveðin verk og gert grein fyrir þeim málum og rökstutt þau mjög vel. Hins vegar töldum við það ekki okkar að ákveða um fjölgun starfsmanna, en gerum hins vegar till. um að auka fjárveitingu í annan kostnað, þannig að deildinni væri þá kleift að ráða til sín lausráðna menn og hefði fjárveitingu, þegar hún fengi samþykkt að fjölga starfsmönnum, eins og brýna nauðsyn ber til.

Við höfum og sem síðustu till. í sambandi við atvinnudeildina lagt til að greiða 500 þús. í sameiginlegan kostnað, og það er vegna viðgerðar á húsi deildarinnar hér við Hringbraut. Á s. l. ári var þessi viðgerð hafin og veitt í það ein millj. kr., en nú liggur fyrir kostnaður við þessa viðgerð, sem mun reynast 1½ millj. kr. Ekki hefur deildin möguleika til þess að taka af rekstrarfé sínu til þess að greiða þessi 500 þús., og engin leið er önnur fær eða sæmileg en að veita þessi 500 þús. eins og þessa einu millj. kr., sem veitt var í fyrra, sem gerð var, þegar í raun og veru var komið að því að loka deildinni vegna húsakynnanna.

Og að síðustu leggjum við til, að tekin verði upp 500 þús. kr. fjárveiting til rannsóknaráðs ríkisins til þess að koma við tæknilegri upplýsingaþjónustu. Hér er nýtt mál á ferðinni, sem á eftir að ná fram að ganga, því fyrr því betra, og við treystum því, að það verði á þessu þingi, sem jákvæð afgreiðsla fæst á þessari litlu fjárveitingu.

Í sambandi við 17. gr. fjárlagafrv. gerum við ráð fyrir því að hækka fjárveitingu til atvinnubótasjóðs úr 10 millj. í 25 millj. kr. Ekki þarf að tala um það langt mál, hve fjárþörf sjóðsins er mikil, því að á hverju ári hefur það verið svo, að sjóðsstjórnin hefur fengið heimild hæstv. ríkisstj. til þess að mega ráðstafa meira fé en sjóðurinn hefur haft yfir að ráða, og nú á yfirstandandi hausti hefur hæstv. ríkisstj. veitt til sjóðsins nokkrar fjárhæðir vegna brýnna verkefna, sem ekki var hægt að komast hjá að leysa. Við teljum eðlilegra, að fjárveiting sé við það miðuð, að sjóðurinn geti leyst

sæmilega af hendi þau verkefni, sem honum eru ætluð, og það sé í alla staði betra en fá til þess fyrirheit ríkisstj. hverju sinni eða fá sérstaka fjárveitingu úr hendi hæstv. ríkisstj. í hvert skipti, sem eitthvað það kemur til, sem talið er nauðsynlegt að sjóðurinn verði að sinna. Eins og fjárveitingin er nú, er sjóðurinn í raun og veru ekki starfhæfur, og hér er ekki um annað að ræða en gera till. um að gera hann það.

Við 20. gr. fjárlagafrv. gerum við nokkrar brtt., og er það fyrst, að við leggjum til að hækka fjárveitingu til jarðeignadeildar ríkisins í 1 millj. kr. Er þá fjárveitingin í samræmi við þá till., sem deildarstjóri jarðeignadeildarinnar gerði um fjárveitingu. Virðist henni svo í hóf stillt, að ekki sé hægt fram hjá henni að ganga, því að vitað er, að sjóðurinn hefur ekki getað sinnt þeim verkefnum, sem hann átti að sinna, nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég hygg, þó að þessi fjárveiting verði veitt, þá verði tæplega hægt að sinna verkefnum sjóðsins og deildarinnar, svo að sæmilegt sé.

Þá höfum við lagt til, að fjárveiting til nýrra flugvalla verði hækkuð um 10 millj. kr. og einnig verði hækkað til sjúkraflugvallanna um 500 þús. Á síðari árum hefur flugið verið meira og meira tekið í okkar þjónustu, og krefst það að sjálfsögðu góðra flugvalla, og mikil verkefni bíða þar og hefur aldrei verið hægt að sinna þeim sem skyldi og verður ekki í þetta sinn, þó að þessi fjárveiting verði veitt.

Á undanförnum þingum höfum við flutt till. um fjárveitingu til fiskirannsóknaskips, og það er nú ljóst orðið, að allir eru búnir að átta sig á nauðsyn þeirrar framkvæmdar. Hins vegar skortir fjármagn til þess að hrinda verkinu svo fram sem þörf er á, og leggjum við til, að það verði aukið, með till. okkar á 20. gr.

Íþróttakennaraskóli hefur starfað á Laugarvatni um langt árabil. Þessi skóli hefur leyst mikil verkefni af höndum, og honum er það að þakka, að við höfum getað haldið uppi eðlilegri og nauðsynlegri íþróttakennslu í landinu. Ekki sízt hefur okkur verið það mikil nauðsyn, þegar svona mikil breyting hefur orðið á búsetu manna frá dreifbýli til þéttbýlis sem raun ber vitni um. Ég held, að það sé allra manna mál, að þessi stofnun hafi starfað vel, en við slæm skilyrði. Húsakynni skólans eru í raun og veru ein íbúð handa skólastjóra og svo skúr, sem byggður var yfir verkamenn, meðan verið var að byggja það hús. Upp var tekin fjárveiting til þessa skóla og honum leyft að hefja byggingu á yfirstandandi ári. Nú er aðeins gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að veita 700 þús. kr. til þessarar framkvæmdar. Það liggur fyrir í gögnum fjvn., að það er með öllu óhugsandi, að framkvæmdin geti á nokkurn hátt haldið áfram með svo litla fjárhæð. Formaður skólanefndar gerði grein fyrir því, og skólastjóri hefur einnig gert það, að til þess að hægt verði að gera þann áfanga, sem nú er stefnt að því að byggja, fokheldan á næsta ári, þarf 3 millj. kr. fjárveitingu. Till. okkar er miðuð við það, að hægt sé að koma þessari framkvæmd áleiðis. Hér er um mikið og gott verkefni að ræða, sem við getum ekki látið líða hjá lengur að leysa.

Hér uppi á Keldnaholti hefur atvinnudeild háskólans eða sá hluti hennar, sem tilheyrir landbúnaði, hafið framkvæmd á byggingu fyrir starfsemi sína. Þessi framkvæmd var hafin með þeim hætti, að samkv. heimild í fjárl. frá 1963 og ákvörðun hæstv. landbrh. og atvinnudeildar háskólans voru fjármunir þeir, sem Áburðareinkasalan átti, þegar hún var tengd áburðarverksmiðjunni, þeir voru notaðir til þess að hefja þessa byggingu, en það voru eitthvað yfir 6 millj. kr. Atvinnuleysistryggingasjóður lánaði einnig í þessa framkvæmd, og einhverjir sjóðir munu hafa komið til, til þess að styðja að henni. En þetta samanlagt mun ekki hafa verið nema í kringum 10 millj. kr., en framkvæmdin er hins vegar nú komin upp á einar 13 millj. Sótt hefur verið á það af forsvarsmönnum byggingarinnar, að ríkisstj. legði þessum málum lið, og gert hefur verið ráð fyrir því samkv. þeim samtökum, að það yrði gert. Hins vegar hefur ekkert komið fram enn þá úr hendi hæstv. ríkisstj., sem bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli að vinna að málinu áfram, þó að það sé með öllu óhugsandi, þar sem búið er að verja 13 millj. kr. í þessa byggingu. Hér skiptir það ekki máli, þó að skiptar skoðanir hafi verið um það, hvort byggja ætti yfir þessa stofnun þarna eða einhvers staðar annars staðar. Ákvörðun um það var tekin, þegar byggingin var hafin og fjármunum varið til verksins, auk þess sem landbúnaðardeildin hefur ásamt atvinnudeild háskólans starfað hér í tengslum að nokkru við háskólann, eins og lög þau, sem um þetta mæla, gerðu ráð fyrir. Það, sem till. okkar er miðuð við, er fyrst og fremst að greiða það, sem áfallið er, og hægt verði að halda áfram við bygginguna með nokkrum hraða á næsta ári. Það er í alla staði óforsvaranlegt að láta bygginguna, sem kostar 12—13 millj. kr., standa óhreyfða. Við höfum ekki efni á því að fara þannig með fjármuni, auk þess sem vitað er, að þörf deildarinnar fyrir húsnæði er mikil.

Um ekkert er nú meira rætt manna á meðal og í blöðum almennt heldur en auka þurfi menntunina, tæknina og vísindin í þágu atvinnuveganna. Við flytjum við þessa umr. nokkrar till. og þ. á m. þessa, sem stefna í þessa átt. Okkur er það ljóst, að slíkum hlutum eins og þessum, að taka vísindin og þekkinguna í þágu atvinnuveganna, verður ekki komið í framkvæmd nema að því verði unnið. Það er ekki nóg að tala um þetta eða skrifa. Það verður að gera þær nauðsynlegu ráðstafanir, til þess að hægt sé að hagnýta sér og vinna að því, að svo verði gert. Þess vegna höfum við flutt þessa till. og aðrar þær till. í sambandi við Háskóla Íslands og atvinnudeild háskólans.

Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, hafa tekjur ríkissjóðs undanfarin ár farið stórkostlega fram úr áætlun. Samkv. upplýsingum

hæstv. fjmrh. og samkv. ríkisreikningnum fóru þær 325 millj. kr. fram úr áætlun ársins 1963. Af þessu fór 121 millj. kr. í gjöld, sem fóru fram úr áætlun, en nokkuð er þó eftir enn þá óráðstafað. Munu það vera um 84 millj. kr., sem er óráðstafað af greiðsluafgangi ársins 1963, og svo er nokkuð af greiðsluafgangi ársins 1962.

Við leggjum nú til, að af greiðsluafgangi fyrri ára verði ríkisstj. heimilt að greiða til félagsheimilasjóðs 20 millj. kr. Félagsheimilasjóður hefur sömu sögu að segja og íþróttasjóðurinn, að það eru lög, sem mæla fyrir um, hvað þessi sjóður skuli styrkja félagsheimilin mikið. En framkvæmdin hefur orðið sú, að stuðningurinn hefur sama og enginn orðið. Þetta hefur sífellt verið að versna, og þeir, sem fóru út í að byggja félagsheimilin í þeirri góðu trú, að þeir gætu ráðið við sitt verkefni, ef þeir sæju fyrir fjármunum umfram það, sem ríkissjóður ætti að leggja til, standa nú uppi í vandræðum, kannske fyrst og fremst vegna þess, að framlagið frá félagsheimilasjóði skortir. Þess vegna höfum við lagt til, að úr þessu yrði bætt með því að heimila hæstv. ríkisstj. að verja 20 millj. kr. af greiðsluafganginum til þess að greiða félagsheimilasjóði.

Þá leggjum við einnig til, að inn á heimildagreinina verði teknar 100 millj. kr. til ábyrgðar fyrir síldarverksmiðjur og í sambandi við síldarflutninga og umskipun.

Enn fremur tökum við hér upp nýjan lið, sem er kaup eða smíði á tveimur síldarleitarskipum. Við leggjum hér til, að hæstv. ríkisstj. sé heimilt að taka lán þar að lútandi allt að 30 millj. kr. til þess að láta smíða eða kaupa þessi skip. Mjög er það augljóst öllum, sem fylgzt hafa með síldveiðum hin síðari ár, hve síldarleitin á mikinn þátt í þeim góða afla, sem verið hefur á síldarvertíðunum. Við höfum líka verið svo lánsamir, að við eigum þar hinum færustu mönnum á að skipa, og það á að vera okkar metnaður og við eigum að leggja á það kapp, að að þeim og þessari starfsemi sé þannig búið með skipakost, að fullur árangur náist.

Þá leggjum við einnig til, að tekið verði hér upp nýtt mál, sem er að verja allt að 20 millj. kr. af greiðsluafgangi undanfarinna ára til þess að styrkja nýjan síldariðnað og til markaðsleitar. Umr. um slík mál hafa oft farið hér fram á hv. Alþingi, og þá hefur það komið fram, að hvort tveggja þyrfti til, fjármagn til þess að koma á stofn auknum síldariðnaði og svo einnig, að óhugsandi væri að koma slíkri vöru inn á markaðinn nema verja nokkrum fjármunum til þess að kynna vöruna og leita eftir mörkuðum. Þessi till. er því flutt til þess að koma þessu nauðsynjamáli í framkvæmd.

Herra forseti. Ég mun nú fara að stytta mál mitt, enda hef ég í ræðu minni hér að framan gert grein fyrir í fyrsta lagi vinnubrögðum í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og aðstöðu til þess að leysa fjárlagaafgreiðsluna sæmilega af hendi, bent á þær veilur, sem sífellt fara vaxandi, í þá átt, að þingið tekur sér ekki eðlilegan vinnutíma eða skapar sér ekki eðlileg vinnuskilyrði til þess að leysa þetta mál sómasamlega af hendi, sem því ber þó brýn nauðsyn til. Í öðru lagi hef ég gert grein fyrir afstöðu okkar til till. n. í heild. Og í þriðja lagi hef ég lýst stefnu hæstv. ríkisstj. og áhrifum hennar á fjármál þjóðarinnar og fjárlagafrv. því, sem hér er til meðferðar, og sýnt fram á það, að verðbólga, eyðsla og óhóflegar skattaálögur eru árangurinn af stefnu hæstv. ríkisstj., og það speglar sig greinilega í þessu fjárlagafrv. Ég hef í fjórða lagi gert grein fyrir till. þeim, sem við flytjum á sérstöku þskj.

Að lokum vil ég svo segja það, að eins og nú er í pottinn búið, er í raun og veru erfitt að standa að fjárlagaafgreiðslu, þar sem meginið af tekjumöguleikunum liggur í raun og veru ekki fyrir nema að takmörkuðu leyti, þar sem fjvn. hefur ekki haft aðgang að yfirliti um tekjur og gjöld ríkissjóðs, eins og þau voru orðin, þegar síðasta mánaðaruppgjör fór fram. Þetta gerir það að verkum, að í raun og veru er ekki hægt til fullnustu að átta sig á stöðu fjármálanna við fjárlagaafgreiðsluna. Hitt má á benda, að ekki verður hægt með rökum að segja, að það sé reisn yfir fjárlagaafgreiðslunni nú við 2. umr. Fjárlagafrv. er með greiðsluhalla, eins og fram hefur verið tekið, og í raun og veru ekki sýnt fram á, hvernig á að brúa það bil, sem vantar, til þess að þeir útgjaldaliðir séu taldir með, sem þar vantar, og mæta því, sem búið er að samþykkja. Hins vegar er okkur ljóst, að í slíku góðæri eins og nú með þeirri álögustefnu, sem hæstv. ríkisstj. fylgir, muni henni takast að brúa þetta bil. En okkur er einnig ljóst, að hún stefnir að því að reyna sem fyrr að hafa fjárlagaafgreiðsluna þannig, að hún hafi verulega fjármuni til þess að ráðskast með utan við ákvörðun Alþingis. Þess vegna mun hún nú á síðustu stundu koma með þá tekjuáætlun, sem hún reiknar með að gefi í greiðsluafgang nokkur hundruð millj. kr., eins og verið hefur. Og meðan góðærið er slíkt sem nú er, má gera ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. takist þetta, þó að hins vegar verði ekki sagt, að henni takist það af því, að forsjálni sé fyrir að fara í störfum hennar í sambandi við ríkisreksturinn.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Eftir athugun fjvn. á frv. til fjárl. árið 1965 á 37 fundum skildi leiðir með fulltrúum flokkanna, og gefur hver nefndarhluti út sérálit, stjórnarflokkarnir sameiginlega, en stjórnarandstöðuflokkarnir hvor í sínu lagi. Þrátt fyrir að svo hafi farið sem fyrr, hefur n. afgreitt sem heild fjölmargar brtt. Um þær till. vil ég geta þess, að ég er þeim flestum sammála, en sá ekki ástæðu til þess að gera ágreining um nokkrar fjárveitingar, sem mér þykja óþarfar, og varðandi ýmsar aðrar hefði ég kosið hærri fjárveitingu en samkomulag náðist um. Ég hef að öðru leyti áskilið mér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við einstaka liði frv. eða þær till., sem n. flytur sameiginlega. Brtt. þær,

sem ég flyt, eru birtar á þskj. 150 og mun ég á eftir gera grein fyrir þeim. Afgreiðsla ýmissa veigamikilla mála bíður 3. umr., og mun ég ekki gera brtt. við þá liði fjárlagafrv., fyrr en sýnt er, hvaða afgreiðslu þau mál fá í fjvn.

Þegar fjvn. leggur frv. nú fram til 2. umr., vil ég flytja formanni n. og öðrum meðnm. mínum sérstakar þakkir fyrir samstarfið, sem, hvað sem öllum málefnaágreiningi líður, hefur verið mjög gott. Í n. hefur ríkt góður samstarfsandi, meiri og betri en ég hef kynnzt í öðrum nefndum þingsins, enda er starf fjvn. samfelldara og með nokkuð öðrum hætti en annarra n. Að sjálfsögðu hafa fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna verið bundnir við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur viljað fá fram, að svo miklu leyti sem henni er sjálfri ljóst, hvert hún ætlar að stefna. En á það virðist nokkuð skorta, þar sem 2. umr. fer fram, án þess að nokkur till. liggi fyrir frá ríkisstj., hvernig hún ætlar að brúa það bil, sem þegar er milli gjalda og tekna á frv., eftir að fjvn. hefur gert brtt. sínar, og getur það þó fyrst og fremst átt eftir að breikka, þar sem ýmsir hinir veigamestu gjaldaliðir eru enn óafgreiddir. Um framlag til niðurgreiðslna hefur ríkisstj. enga ákvörðun tekið, en inn á fjárl. mun vanta um 220 millj. kr. til að halda niðurgreiðslum á næsta ári hinum sömu og þær eru nú í dag.

Fjárlög eru því ekki lögð undir atkv. hv. þm. með nokkurri heildarmynd nú við 2. umr., heldur nánast alger vanskapnaður. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. hafa enn ekki, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, fengið upplýsingar um innborganir í ríkissjóð á þessu ári eða innflutningsáætlun fyrir næsta ár, svo að hægt sé að gera sér grein fyrir tekjuáætlun þess árs. Hygg ég, að slík vinnubrögð séu allóvenjuleg, ef ekki einsdæmi, og vil þó á engan hátt kenna fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í fjvn. um það. Það er því ekki hlaupið að því fyrir hv. þm. að gera sér endanlega grein fyrir því, hver verða þau áhrif, sem setning fjárl. mun hafa á efnahagsmálin, en þau verða vissulega sem fyrr og jafnvel fremur en nokkru sinni fyrr veigamikil. Á þessu stigi málsins er því naumast unnt að ræða fjárl. og áhrif þeirra á sama hátt og venja hefur verið við 2. umr., þegar heildarstefnan hefur að jafnaði verið fullmörkuð.

En það er sannarlega ekki nein tilviljun eða að ástæðulausu, að málum er nú svo komið, að ríkisstj. treystist ekki til að taka ákvarðanir um veigamestu atriði fjárl., þegar þau eru lögð fyrir til 2. umr. Sú uppgjöf er viðurkenning á þeirri staðreynd, að eftir 5 ára setu í ríkisstj. hefur stjórnarflokkunum ekki tekizt að framkvæma það, sem þeir töldu aðalverkefni sitt og aðalerindið, sem þeir ættu í valdastólana, að tryggja fast verðlag í landinu. — og ekki aðeins viðurkenning á, að þessu hlutverki hefur ríkisstj. algerlega brugðizt, heldur að stjórnarkerfi ríkisstj. hefur verið einhvers konar sjálfvirk verðbólguverksmiðja, svo að sú verðbólga, sem átti sér stað, áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók að sér að stöðva hana, er sem gári á sléttu vatni í samanburði við þær holskeflur dýrtíðar og verðbólgu, sem stefna ríkisstj. hefur vakið upp og nú er við að kljást. Ríkisstjórnarflokkarnir knúðu fram beina kauplækkun 1959, þeir leystu atvinnurekendur undan aðhaldi vísitölubóta á laun árið 1960, og kaupmáttur tímakaups er í dag lægri en hann var, þegar ríkisstj. tók að sér að vísa leiðina til bættra lífskjara. Til launa verkafólks verður verðbólguþróunin ekki rakin. Hún stafar af þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur sjálf haldið uppi með stöðugri aukningu skatta og tolla, sem hafa verið lagðir á langt umfram þarfir ríkissjóðs, eins og greiðsluafgangur á ríkisreikningum ber gleggstan vott um.

Árlegar stórhækkanir á sköttum og tollum létu sig vissulega ekki án vitnisburðar í þjóðlífinu og efnahagskerfinu. Þær ollu stórfelldum verðhækkunum, sem hlóðu á sig, einmitt vegna þess, að það aðhald, sem þeir, sem verðleggja vöru og þjónustu, höfðu áður af vísitölubótunum, var nú afnumið. Ofan á það verðlag, sem ríkisstj. hafði frumkvæðið að því að hækka með skattastefnu sinni, var stuðningslið hennar úti í þjóðlífinu ófeimið við að bæta, þegar það hafði ekki lengur vísitöluuppbæturnar að kljást við. Við setningu hverra nýrra fjárlaga blöstu því við verðbólguáhrif fyrri skatta- og tollahækkana. En með afgreiðslu fjárl. hverju sinni stóð ekki á ríkisstj. að leysa vandann með sínum venjulegu aðferðum. Þá var ekki einu sinni beðið með ráðstafanirnar til 3. umr. til þess að hugsa fyrir afleiðingunum. Með hraði og umfram allt fyrir áramót voru sett fjárlög með enn hækkuðum sköttum og tollum, sem hlóðu síðan á sig í viðskiptalífinu, og verðbólguþróunin varð sífellt örari. Þetta var einföld aðferð fyrir ríkisstjórnarflokkana, einkum þegar þeir hugsuðu til þess, að þótt verðlag hækkaði af þessum sökum, væri þó búið að afnema það kerfi, sem bætti launþegum kjaraskerðinguna með hækkun launa.

Sumarið 1961, þegar launþegar, sem höfðu búið við skert grunnlaun í 1½ ár og engar vísitölubætur í hinu stórfellda verðhækkanaflóði, samhliða auknum þjóðartekjum og bættum viðskiptakjörum, dirfðust að beita samtökum sínum til að fá að einhverju leyti bætta kjaraskerðinguna, þá hikaði ríkisstj. ekki við að fella gengið til þess að sýna verkafólki fram á, að það væru ekki aðeins vísitölubæturnar, sem búið væri að afnema, heldur ætti líka að taka fyrir, að kaupgjald yrði leiðrétt með hækkunum launa í samningum við atvinnurekendur. Þessi óþarfa gengislækkun jók enn á hraða verðbólgunnar, og enn var þeim afleiðingum mætt með auknum sköttum. Hækkun skatta og tolla við afgreiðslu fjárlaga hefur á undanförnum árum verið þannig: við setningu fjárlaga ársins 1961 48 millj. kr., 1962 176 millj., 1963 437 millj., 1964 430 millj.

Þegar ríkisstj. stóð frammi fyrir samanlögðum afleiðingum gerða sinna, við setningu núgildandi fjárl. við s. l. áramót, var það ljóst, að svo langt var ríkisstj. komin á verðbólgubrautinni, að hún gat ekki beðið í 12 mánuði

eftir því að hækka skatta á nýjan leik. Hraðinn var orðinn svo mikill, að stjórnin varð að komast aftur að með nýjar skattaálögur sínar, miklu fyrr en svo, að hún gæti beðið eftir setningu næstu fjárlaga. Þetta blasti við, er fjárlög voru afgreidd í fyrra. Hv. alþm. voru síðan kvaddir saman í snatri strax eftir áramót og söluskattur hækkaður um nálægt 300 millj. kr. á ári. Það er hækkun, sem ein svarar til um 3/4 af útsvörum allra Reykvíkinga. Enn valdi ríkisstj. þá einu leið, sem hún hafði frá byrjun viljað fara. Í stað þess að létta útgjöldum af útgerðinni, voru lagðar á nýjar álögur til þess að færa ríkissjóði tekjur, sem hann síðan greiddi útgerðinni. Með þessu fékk ríkisstj. tryggingu fyrir því, að þessar upphæðir bættust enn ofan á verðbólguna. Þótti nú flestum landsmönnum sýnt, að ríkisstj. var algerlega að missa alla stjórn á efnahagsmálunum, og verðbólguþróunin var svo ör orðin, að öllu efnahagskerfi þjóðarinnar var stefnt í hreinan voða, og þó ljósast af öllu, að enga aðra leið mundi ríkisstj. reyna af eigin hvötum en þá einu, sem hún jafnan hafði beitt, að mæta afleiðingum hækkaðra gjalda með enn hækkuðum sköttum. Þeir aðilar, sem mest höfðu goldið þeirrar verðbólguþróunar, sem ríkisstj. hafði kynt upp með stefnu sinni, verkalýðssamtökin í landinu, gerðu nú tilraun til að koma viti fyrir stjórnarflokkana og gripu í taumana í þeim tilgangi að gera úrslitatilraun til að fá tekna upp farsælli stefnu í þjóðmálum.

Þótt undanfarandi stórfelldar verðhækkanir og kjaraskerðing í mesta góðæri í sögu þjóðarinnar réttlæti fyllilega, að alþýðusamtökin hæfu baráttu fyrir hækkuðu kaupi, frestuðu þau þeirri baráttu, þar til sýnt yrði, m. a. við afgreiðslu þeirra fjárl., sem hér eru til umr., hvort ríkisstj. fengist til þess að breyta um stefnu, jafnframt því sem samið var um, að vísitölubætur á laun yrðu teknar upp aftur, orlof hækkað og úrbætur framkvæmdar í húsnæðismálum. En allt eru þetta málefni, sem ríkisstj. hafði ekki fengizt til að hlusta á innan veggja Alþingis.

Þjóðin fagnaði þessu samkomulagi þeirra aðila, sem mestu áhrifin hafa í þjóðfélaginu, og hún væntir sér mikils af því og gerir kröfu til þess, að áfram verði haldið á þeirri braut, sem þar var mörkuð, en gamla verðbólgustefnan lögð til hliðar. Það ætti því að vera hverjum hv. alþm. ljóst, að á miklu ríður við afgreiðslu þessara fjárl., að stefnan sé mörkuð í anda þess samkomulags, sem gert var í sumar, en ríkisstjórnarflokkarnir beiti ekki naumu meirihlutavaldi sínu til þess að halda áfram þá sömu verðbólguleið, sem þeir hafa jafnan farið við setningu fjárl. undanfarin ár. Nú er úrslitastundin og örlagarík tímamót. Nú gefst tækifæri til þess að móta stefnu, sem allur almenningur í landinu getur sætt sig við, — stefnu, sem hann sér að miðar í réttu áttina, þótt ekki vinnist allt í einu, — stefnu, sem miðar að því að feta sig til baka af þeirri óheillabraut, sem haldin hefur verið undanfarin ár. Nú gefst hv. Alþingi dýrmætt tækifæri til að móta stefnu, sem miðar að því að halda verðbólgunni í skefjum, — stefnu, sem miðar að því að tryggja verkafólki, að afrakstur af vinnu þess aukist, en minnki ekki í mestu góðærum í sögu þjóðarinnar, — stefnu, sem tryggir aukningu kaupmáttar launa í stað hinnar eyðileggjandi skattaukningarleiðar.

Þau fjárl., sem nú á að fara að afgreiða, þurfti því að undirbúa með alveg nýjum hætti, með það í huga að skera af festu niður allan óþarfa rekstrarkostnað, hverju nafni sem nefnist, til þess að hægt sé að mæta þeim greiðslum, sem inna þarf af hendi til þess að halda verðlagi niðri. Því er mjög miður farið, að þetta hefur ekki verið borið við, og ýmsir þættir, sem einu sinni var lofað sparnaði á, rjúka enn upp úr öllu valdi. Nægir þar að minna á, að kostnaður við skattstofur hefur t. d. aukizt í þessum mæli á fjárl.: 1963 8.5 millj., 1964 15.5 millj. og 1965 21 millj. kr. Fjárlagafrv. kemur fyrir hv. Alþingi með enn auknum rekstrarkostnaði, á ýmsum liðum án efa umfram þarfir. Sérstakar ráðstafanir hefði líka þurft að gera til þess að tryggja, að þeir, sem falið er að innheimta drjúgan hluta af ríkistekjunum, þar sem söluskatturinn er, skili þeim undanbragðalaust í ríkissjóð, en hirði þær ekki af almenningi og stingi hluta þeirra í eigin vasa, eins og nú á sér stað í stórum stíl. Sá söluskattur, sem áætlað er að skilað verði í ríkissjóð á næsta ári, nemur 677 millj. kr. Ef áætlað er, að það sé 70% af innheimtum söluskatti, þá nemur sá söluskattur, sem almenningur greiðir, 967 millj. kr. Það þýðir, að fái ríkissjóður aðeins 70% af álögðum söluskatti í sinn kassa, þá halda innheimtumenn söluskatts eftir um 290 millj. kr. á ári, og ég persónulega efast ekki um, að ríkissjóður fær ekki meira en 70% af söluskattinum. Ég hef spurt ýmsa þá, sem innheimta söluskatt, um, hvað þeir telji að miklu af söluskatti sé almennt skilað, og ég byggi ályktun mína m. a. á þeim umsögnum. Jafnvel þótt ríkissjóður fengi 85% af þeim söluskatti, sem innheimtur er af almenningi, þá vantar um 120 millj. kr. upp á, að honum sé skilað, og ég býst við, að fáir telji, að ríkissjóður fái svo stóran hluta.

Ef gerð væri sérstök gangskör að því að herða eftirlit með skilum á þeim söluskatti, sem á er lagður og almenningur greiðir, þá tel ég, að ríkisstj. ætti kost á að fá verulegan hluta þeirrar upphæðar, sem hana vantar nú til að standa undir niðurgreiðslunum. Stóraukið skatteftirlit mundi einnig hafa það í för með sér, að skattstiga væri hægt að lækka og bæta með því kjör þeirra, sem ávallt hafa orðið að greiða skatt af öllum sínum launum. Slík kjarabót væri jafnvirði talsvert mikilla niðurgreiðslna. Kostnaði við aukið skatteftirlit væri hægt að mæta með markvissum niðurskurði á rekstrarkostnaði ýmissa ríkisfyrirtækja, auk þess sem skatteftirlitið mundi að sjálfsögðu af sjálfu sér skapa stórauknar

tekjur frá þeim, sem til þessa hafa að meira eða minna leyti sloppið við skatta á kostnað annarra gjaldenda.

Það veit hvers mannsbarn, að í ríkisbákninu má margt skera niður, því hættir við að hlaða á sig óþarfakostnaði. Þetta á við, hvaða ríkisstj. sem fer með völd, þó að keyrt hafi um þverbak nú um skeið. Alkunna er, að í öllum þjóðfélögum hættir ríkisbákninu við að vaxa óhóflega. Það er sjálfsagður hlutur að taka þann rekstur til gagngerðrar athugunar alltaf öðru hverju, og nú var sérstakt tilefni til þess, áður en fjárlfrv. var lagt fram, vegna þess að ef nú á að setja fjárl. í anda þessa samkomulags, sem verkalýðsfélögin og ríkisstj. gerðu í vor í því skyni að draga úr verðbólguþróuninni, þá verður að taka á ýmsum málum.

Því miður hefur ekkert af þessu verið gert, og fjárl. eru lögð fyrir á sama hátt og áður, án nokkurrar tilraunar til sparnaðar á nokkru sviði, og byggð upp á sama hátt og hæstv. núv. ríkisstj. hefur jafnan gert áður, með þeirri sömu hugsun að mæta afleiðingum af hækkuðum sköttum og tollum með enn meiri skattheimtu en nokkru sinni fyrr. Hækkun skatta og tolla á fjárlfrv. ársins 1965 nemur hvorki meira né minna en 623 millj. kr. miðað við núgildandi fjárl. En á það ber að líta, að söluskattur var hækkaður um nálægt 300 millj. kr. eftir setningu núgildandi fjárl., en af þeirri skattaupphæð, sem þá var á lögð til ýmissa tiltekinna greiðslna, eru nú um 95 millj. kr. hirtar beint í ríkissjóð.

Þjóðin hefur fylgzt af mikilli athygli með þeim samningum, sem gerðir voru milli verkalýðssamtakanna og ríkisvaldsins í júní s. l., og hún bíður þess nú, hvernig þeim reiði af við setningu fjárl., sem sker úr um vilja ríkisstjórnarflokkanna til þess, að það samkomulag móti efnahagsþróunina á næstunni og leysi verðbólguna af hólmi.

Það virðist því miður blasa við nú við afgreiðslu fjárl., að í kjölfar þeirrar tilraunar, sem gerð var af hálfu verkalýðssamtakanna s. l. sumar til stöðvunar verðbólgunnar, fylgi frá hendi ríkisstj. mesta hækkun á sköttum og tollum, sem um getur við setningu fjárl. Margra ára verðbólgustefna ríkisstj. hafði hert svo að henni smám saman, að í fyrra var það sýnt, að þrátt fyrir stórfellda hækkun skatta og tolla, sem ákveðin var þá við setningu fjárl., þá mundi sú hækkun naumast endast ríkisstj. fram yfir áramótin. hvað þá lengur, enda var bætt ofan á klyfjarnar þegar í janúarmánuði.

Þegar ríkisstjórnarflokkarnir eru nú að kljást við afleiðingarnar af þeirri skattahækkun, sem þeir ákváðu við setningu síðustu fjárl. og með hækkun söluskatts í janúar s. l., eru þeir nú ráðalausari og í meiri erfiðleikum en nokkru sinni fyrr, þar sem samningarnir við verkalýðsfélögin um lögfestingu vísitölubóta á laun valda því, að hin gamla skattahækkunarleið er nú ekki eins greiðfær og ríkisstjórnarflokkunum hefur þótt hún til þessa. Nú stendur ríkisstj. frammi fyrir því, að verðhækkunarleiðin dugir henni enn síður en fyrr. En svo afvanir eru stjórnarflokkarnir að horfa á málin út frá því sjónarmiði, að tök séu á að leysa þau á annan hátt en með nýjum skattahækkunum, að þeir finna enga aðra lausn. Það blasir við, að til þess að halda niðurgreiðslum jafnmiklum allt næsta ár og þær eru í dag, þarf að bæta inn í frv. um 220 millj. kr., en séu niðurgreiðslur lækkaðar, veldur það að öðru jöfnu því, að launþegar eiga rétt á vísitölubótum.

Ástæðan til, að þetta atriði stendur nú í hæstv. ríkisstj., er m. a. sú, að hún hefur undirbúið fjárlfrv. með sama hætti og þau fjárl. undanfarinna ára, sem mest hafa aukið verðbólguna, og ekki fengizt til að taka tillit til þess, að samningarnir við verkalýðsfélögin s. l. sumar gera kröfu til allt annarra vinnubragða, gerbreyttra starfshátta. Þess vegna situr hæstv. ríkisstj. nú uppi með fjárlfrv., sem gerir ráð fyrir mörg hundruð milljóna króna hækkunum á tollum og sköttum, áður en að því er komið að sjá fyrir tekjum til þess að greiða 220 millj. kr. í niðurgreiðslur.

Hagsmunir allrar þjóðarinnar eru í húfi, að fjárl. verði nú afgreidd í anda þessa samkomulags milli þeirra aðila, sem mestu ráða um efnahagsþróunina í landinu, og þau verði afgreidd sem nýtt spor áfram í þá átt að ná sem viðtækustu samkomulagi um aðgerðir til þess að draga úr verðbólgunni. Eins og allt er í pottinn búið með undirbúning fjárl., miðað við þær kröfur, sem til þeirra þarf að gera, og þar sem augsýnilegt er, að fjárlfrv. hefur ekki verið samið með tilliti til þess mikilsverða samkomulags, sem gert var í sumar, þá tel ég, að ríkisstj. ætti að afla sér heimildar til greiðslu ríkisútgjalda eftir áramót, en fresta afgreiðslu fjárl. og taka þau til gagngerðrar endurskoðunar. Það varðar þjóðina ekki mestu, hvort fjárl. eru afgr. rétt fyrir áramót eða eftir þau. Öllu varðar, að þau séu þannig úr garði gerð, að þau tryggi farsæla stefnu, sem svipti þjóðfélaginu ekki út í eina hækkunarkollsteypuna enn, heldur verði yfirvegað spor í þá átt, að tímabili óðaverðbólgunnar ljúki sem fyrst.

Að svo mæltu vík ég að þeim brtt., sem ég flyt við fjárlfrv. á þskj. 150.

Eins og undirbúningi fjárlfrv. er háttað, tel ég vonlaust að leggja fram allar þær sparnaðartillögur, sem eiga rétt á sér og þyrfti að gera, en flyt þó nokkrar til þess að reyna á, hvort nokkur minnsti vilji finnst hjá hv. Alþingi í sparnaðarátt. Fyrstu fjórar till. fjalla um sama málefni, sameiningu sendiráða Íslands í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í eitt sendiráð. Þetta mál hefur alloft borið á góma og fulltrúar líklega flestra þingflokka lýst samþykki sínu við, að stefnt skuli að þessu. Vilji hefur þó í reynd ekki verið meiri en svo, að enn er lagt til að eyða um 6.2 millj. kr. í þrjá ambassadora á Norðurlöndum á næsta ári, þegar einn mundi fyllilega duga. Í tillögum mínum er gert ráð fyrir að veita 4½ millj. kr. á næsta ári til eins sendiráðs á Norðurlöndum, en sú upphæð ætti að geta lækkað niður

í um það bil 2—2½ millj. kr., þegar skipulagsbreytingin væri að fullu komin til framkvæmda, þannig að unnt ætti að vera að spara um 4 millj. kr. á ári með þessari ráðstöfun. Ég er viss um, að auk þess sem þm. almennt viðurkenna þörfina á þessum ráðstöfunum, þá á till. um þessa skipulagsbreytingu mikinn hljómgrunn meðal þess fólks, sem stendur undir kostnaðinum, sem þarf að greiða til starfsemi þriggja sendiráða á Norðurlöndum. Það er alger ofrausn af Íslendingum að ætla að keppa við stórþjóðirnar um úthald ambassadora. Við verðum að muna eftir því að taka tillit til þess, hversu mjög fáir gjaldendur eru hjá okkur til þess að standa undir þessum kostnaði, miðað við það, sem gerist meðal stórþjóða.

Núna þegar samtök verkalýðsfélaganna í landinu hafa sérstaklega beitt sér fyrir því, að þjóðin sameinist um ráðstafanir til þess að stöðva hina geigvænlegu verðbólgu, reynir á, að hv. Alþingi hagi setningu fjárl. og skattlagningu í samræmi við það, og eftir því yrði áreiðanlega tekið, ef nú væri samþ. að láta til skarar skríða um sparnað á óþörfum ambassadorsembættum. Á sama hátt er óhjákvæmilegt, að almenningur dragi sínar ályktanir, ef þessar till. verða nú enn felldar. Sama gildir um aðrar þær sparnaðartillögur, sem ég hef flutt til að kanna vilja hv. alþm. til sparnaðar í ríkisrekstrinum.

5. brtt. mín fjallar um að sameina kostnað utanrrn. af ferðalögum, samningum við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum í einn lið, sem yrði 2½ millj. kr. eða 1.2 millj. kr. lægri en þessir þrír liðir eru nú áætlaðir sameiginlega.

Eitt af því, sem án efa mætti mjög spara í fjárl., eru hvers kyns ferðalög og kostnaður af ráðstefnum um allan heim. Forráðamenn þjóðarinnar verða í þessum efnum sem öðrum að vera minnugir smæðar þjóðarinnar og gleyma því ekki, hversu miklu meira kemur í hlut hvers manns á Íslandi til greiðslu á slíkum kostnaði en um er að ræða hjá milljónaþjóðum. Kostnaður við ferðalög, þörf og óþörf, er dreifður víða um ríkisreikninginn og falinn með ýmsu móti. Víðar mætti spara en brtt. mín nær til að þessu sinni, en hún er aðeins sett fram til þess að reyna á það, þótt í litlu sé, hvort vilji til sparnaðar á rekstrarliðum og til hlífðar við skattgreiðendur sé nokkurs staðar fyrir hendi.

7. brtt. fjallar um lið sem heitir: Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins, en til hans eru áætlaðar 195 þús. kr. á fjárlfrv. Ég legg til, að **þessi kostnaður** verði sparaður með öllu og **liðurinn felldur** niður. Deila má um **gildi þess að senda fulltrúa á** ýmsar þær **ráðstefnur, sem veitt er fé til úr** ríkissjóði, **sumar eru án efa þarfar**, aðrar alls ekki, **en ég hygg, að almenningur** í landinu **muni mjög sammála um, að á** ráðstefnur hern**aðarbandalaga eigi** fulltrúar Alþingis ekkert erindi. **Viðbrögð** almennings við setu hinna herfróðu fulltrúa Íslands á ráðstefnum Atlantshafsbandalagsins munu yfirleitt vera vorkunnlátt bros eða fullkomin hæðni. En þetta mál er alvarlegra. Með því að senda sérstaka fulltrúa frá Alþingi á slíkar ráðstefnur hernaðarbandalags er óvirt þjóðþing hinnar örsmáu þjóðar, sem aldrei hefur borið vopn. Þess vegna er lagt til, að slíkar utanstefnur fulltrúa Alþingis verði niður lagðar.

Þótt íslenzka þjóðin hafi borið gæfu til að vera laus við að sinna hermennsku, þá hefur hún um árabil haft drjúgan kostnað við að gæta þess svokallaða varnarliðs, sem Íslendingar hafa mátt þola í landi sínu. Kostnaður af ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli er áætlaður á fjárlfrv. 6.2 millj. kr. á næsta ári, og er þó ekki með talin 1.3 millj. kr. við embætti lögreglustjóra á vellinum. Til þessarar gæzlu á verndurunum ver íslenzka ríkið því samtals um 7½ millj. kr. á ári, á sama tíma og það getur ekki séð af meira en 450 þús. kr. á ári til gæzlu allra barna á dagheimilum, vistheimilum og sumardvalarheimilum í landinu. Og á sama tíma og hent er hvorki meira né minna en 7½ millj. kr. í gæzlu á erlendum dátum, sem ekkert erindi eiga til landsins annað en að gera land okkar að skotmarki í hernaði, eru sveitarfélögin í landinu með æði misjöfnum árangri að reyna að kría út á fjárl. smáupphæðir, 10—25 þús. kr., til nauðsynlegrar sumarlöggæzlu. Sú upphæð, sem til gæzlu á herliðinu hefur verið varið, fer hækkandi með ári hverju. Stórveldin í heiminum eru nú að sameinast um að draga úr herkostnaði sínum. Og ég held, að við Íslendingar ættum að gera slíkt hið sama. Við höfum enn meiri þörf fyrir það. Ég hef því lagt til, að liðurinn ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli verði lækkaður um 2.2 millj. kr.

11. till. á þskj. 150 fjallar um almannavarnir. Það er óþarft, að eindæmin fari fram hjá hv. þingheimi. Hér er um að ræða lið, sem ríkisstj. hefur lagt til að sparað verði á, miðað við núgildandi fjárl., eða lækki úr 4 millj. kr. í 2 728 800 kr., sem auk þess er miklu vísindalegri tala og hlýtur að byggjast á nákvæmri sundurliðun, sem fjvn. hefur að vísu ekki enn séð. Ráðamenn ríkisstjórnarflokkanna virðast nú loks hafa áttað sig á því að einhverju leyti, frá því að lögin um almannavarnir voru sett og mest stóð til, að það bákn, **sem þá var** gert ráð fyrir, er Íslendingum **algerlega ofviða**, þótt þessir sömu ráðamenn **hafi því miður** enn ekki séð, að einfaldasta **ráðið til þess að** losna við allan kostn**að af almannavörnum** er að bægja frá þeim **hættum, sem helzt** kynnu að valda þörf á vörnum, **losa sig við** þau skotmörk, sem hættunni **geta valdið**, losa sig við erlendar herstöðvar á Íslandi. Á hinn bóginn er mjög vafasamt, að almannavarnir hafi nokkurn tilgang gagnvart þess konar hernaðaraðgerðum, sem að líkindum yrði beitt, ef til stríðs kæmi. Ég held því, að ríkisstjórnarflokkarnir ættu ekki að hika við að stíga sporið til fulls í þá átt að létta af skattborgurunum greiðslu til almannavarna. Ég legg til, að til þessa liðar verði aðeins ætlaðar 500 þús. kr.,

og hef þá í huga það hlutverk, sem almannavörnum er með lögum ætlað til varnar gegn hættum af völdum náttúruhamfara.

12. brtt. mín fjallar um heilsuhælið að Vífilsstöðum. Það er gamalt sjúkrahús og fullnægir engan veginn þeim kröfum, sem gerðar eru til sjúkrahúsa í dag. Ýmsar umbætur hafa verið framkvæmdar þar, en til þess að hægt sé að ljúka framkvæmdum við skolplögn, koma handlaugum fyrir í sjúkrastofum og kaupa sjúkrarúm, þarf liðurinn annar kostnaður að hækka um 1½ millj. kr., og legg ég til, að svo verði gert. Hlutskipti þeirra, sem dveljast verða langdvölum á sjúkrahúsum, er nógu ömurlegt, þó að þeir þar á ofan þurfi ekki að búa við alls ófullnægjandi aðbúnað.

13. till. á þskj. 150 fjallar um framlag ríkissjóðs til vegamála. Samkvæmt till. til þál. um vegáætlun árin 1965—1968 eru tekjur til vegamála á næsta ári áætlaðar 261.9 millj. kr. Þar af eru 14.9 millj. eftirstöðvar tekna frá 1964, svo að nýjar tekjur eru á næsta ári áætlaðar 247 millj. kr. En á vegáætlun fyrir yfirstandandi ár eru tekjur til vegamála áætlaðar 242.1 millj. kr. Áætla má, að kostnaður við vegagerð verði a. m. k. 15% hærri á næsta ári en í ár. Væri því miðað við hlutfallslega sama framkvæmdafé til vegamála á næsta ári og er á vegáætlun þessa árs, þyrftu samanlagðar tekjur til vegamála að nema 278.4 millj. kr. á næsta ári, og vantar þá 31.4 millj. inn á áætlun ársins 1965, til þess að um sambærilegt framkvæmdafé væri að ræða. Ég hef því gert till. um, að ríkissjóður jafni þetta bil, framlag ríkissjóðs til vegamála verði hækkað svo, að þessi upphæð náist, þ. e. a. s. hækki úr 47.1 millj. kr. í 78.5 millj. Ég tel það algert lágmark, að tillag ríkisins nemi því að tryggja, að til vegaframkvæmda á næsta ári verði áætlað fé, sem dugi til jafns við fjármagn, sem áætlað var til framkvæmda á því ári, sem nú er að ljúka. Er þá einungis miðað við upphaflega áætlun fyrir árið 1964. Sé miðað við endurskoðaða áætlun, sem gerð var í okt. s. l. og er um 13 millj. kr. hærri, ætti framlag ríkisins að nema um 95.6 millj. kr., ef það væri ákveðið á sama hátt. Að vissu leyti má þó telja upphaflega áætlun fyrir árið 1964 sambærilega við upphaflega áætlun fyrir árið 1965, þar sem óvíst er nema áætlun þess árs kunni einnig að líta öðruvísi út í október næsta ár. Þegar haft er í huga, að heildarsvipur fjárlfrv. er sem fyrr í valdatíð hæstv. núv. ríkisstj. útþensla á rekstrarliðum, en samdráttur og stöðnun á mikilvægum framkvæmdaliðum, þá hef ég ekki talið þess neina von, að framlag ríkissjóðs fáist samþ. hærra en svo sem lægst er hægt að reikna með að það þurfi að vera til þess að tryggja sambærilegar fjárveitingar til vegamála á næsta ári, miðað við það ár, sem nú er að líða. Ég hef því haldið mig við till. um þá minnstu hugsanlegu hækkun á framlagi ríkissjóðs til vegamála í þeirri von, að sú leiðrétting fáist þó á fjárlfrv. Þótt um sé að ræða 31.4 millj. kr. hækkunartillögur, þá er hér um svo brýnt mál að ræða, þar sem eru samgöngumál á landi, að erfitt er að sjá, hvernig hjá því verður komizt að samþykkja þá till., ef hv. alþm. vilja ekki beinlínis standa að því, að framkvæmdir í vegamálum dragist saman.

14. brtt. mín er sú að hækka liðinn til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 17 millj. 550 þús. kr. í 30 millj. Kostnaður við hafnargerðir mun hafa hækkað um 15% á árinu, og þarf fjárhæðin að hækka í 20.1 millj. kr. einungis til þess að vera sambærileg við þá upphæð, sem veitt var í fyrra, en þá vantaði um 2 millj. kr. á, að sú upphæð, sem samþ. var, væri sambærileg við þá fjárveitingu, sem var á þágildandi fjárl. Þannig hefur sífellt rýrnað það fé, sem veitt hefur verið á þessum lið undanfarin ár. Síaukinn bátafloti landsmanna gerir það óhjákvæmilegt, að lögð sé sérstök áherzla á auknar hafnarframkvæmdir, ekki sízt þar sem starf bátanna hefur aukizt mjög síðustu árin. Eðlilegt hlutfall verður að vera milli þess fjármagns, sem þjóðin ver til bátakaupa, og þess, sem veitt er til hafnarframkvæmda. Á það skortir mjög, að aðstaða í höfnum landsins hafi batnað að sama skapi og flotinn hefur stækkað. Er því brýn þörf á, að auknar séu fjárveitingar á þessum lið.

Varðandi störf fjvn. að skiptingu þess fjár, sem á fjárlfrv. er veitt til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, er rétt að taka það fram, að mjög hefur á það skort bæði í fyrra og í ár, að n. berist í tíma nauðsynleg gögn og upplýsingar. Nægjanlegt tóm hefur því alls ekki gefizt til þess að kanna þessi mál til hlítar. Þau eru drifin af á síðustu stundu, og er það alls óviðeigandi í svo mikilsverðu máli, og verður að gera kröfu til þess, að þetta endurtaki sig ekki enn á næsta ári.

Við 14. gr. flyt ég eina brtt. Hún er á þá leið, að liðurinn til listkynningar í skólum hækki úr 200 þús. í 300 þús. kr. og að hækkuninni verði varið til þess að stuðla að því, að myndlistarmenn, sem halda sýningar, taki á móti skólanemum og kynni þeim list sína. Þótt þessi liður sé undirliður í framlögum til gagnfræðamenntunar, lít ég svo á, að nemendur úr öðrum skólum, þ. á m. menntaskólum og háskóla, eigi að fá aðild að þessum þætti listkynningar. Nokkuð er gert að því að kynna skólanemum ýmsar listgreinar. Þeir fá sérstök kjör á aðgöngumiðum að leiksýningum og hljómleikum, og nokkur bókmenntakynning mun vera viðhöfð í skólum. Myndlist hefur orðið meira útundan. Ég legg til, að með sérstakri fjárveitingu verði úr þessu bætt, og um leið vinnst það, að tækifæri gefst til þess að styðja myndlistarmenn, sem ráðast í það að opna sýningar, sem getur verið alláhættusamt fjárhagslega, einkum fyrir nýliða. Höfuðgagnið af slíkri tilhögun væri þó bein, lifandi tengsl uppvaxandi skólaæsku bæði við hið nýjasta í myndlist og það, sem eldra er, bein kynni af listamönnunum sjálfum og án efa varanleg áhrif af aukinni fræðslu um myndlist, — áhrif,

sem gætu stuðlað að nánari tengslum næstu kynslóðar við það, sem á hverjum tíma er að gerast í myndlist, en á sér stað meðal þeirra, sem nú hafa lokið skólanámi. Þau tengsl yrðu myndlistarmönnum, þegar til lengdar léti, enn mikilsverðari en sá beini fjárhagsstuðningur, sem þeir í upphafi fengju til endurgjalds fyrir að kynna skólanemendum sýningar sínar. Þau tengsl yrðu varanlegasti árangurinn, sem fengist af því að samþ. þá brtt., sem ég flyt í þessu efni.

Við 16. gr. flyt ég þá brtt., að framlag til íþróttasjóðs ríkisins verði hækkað úr 4 millj. kr. í 6 millj. kr. Hagur íþróttasjóðs er í slíku óefni, að lengi enn getur hv. Alþingi ekki dregið að taka á málinu. Sú till., sem ég flyt að þessu sinni, er einungis um lítils háttar úrbót, á meðan frambúðarlausn hefur ekki fengizt á málum íþróttasjóðs. Áhrifin af getuleysi sjóðsins til að standa við þær skuldbindingar, sem Alþingi hefur sett honum með lögum, eru þau, að íþróttamannvirki standa árum saman ófullgerð og sveitarfélög hika við að hefja byggingu íþróttamannvirkja, sem eru nauðsynleg, til þess að unnt sé að fullnægja lagaskyldu um sundnám og leikfimikennslu. Sem dæmi um ófremdarástandið má geta þess, að í Reykjavík fá 1500 börn enga íþróttakennslu, og er þó svo hlaðið á þau hús, sem til eru, að unglingum er haldið þar allt til kl. 11.30 á kvöldin. Í Vestmannaeyjum og Keflavík er engin leikfimikennsla í barnaskólum. Til þess að íþróttasjóður gæti staðið við skuldbindingar sínar skv. lögum gagnvart íþróttamannvirkjum, þyrfti fjárveiting til hans að nema 29 millj. kr. í stað 4 millj. kr., sem eru á fjárlfrv. Ég vænti þess, að hv. Alþingi samþ. að hækka þessa fjárveitingu a. m. k. upp í 6½ millj. kr.

Á liðnum til skálda, rithöfunda og listamanna er sú breyting gerð á fjárlfrv. frá því, sem var á gildandi fjárl., að gerð er till. um, að í heiðursflokk með 75 þús. kr. laun bætist þeir Páll Ísólfsson og Tómas Guðmundsson, sem eru þess mjög maklegir. Ég tel hins vegar, að fyrst á annað borð er gerð till. um fjölgun í þessum flokki, þá verði ekki gengið fram hjá þeim Jóhannesi úr Kötlum og Þórbergi Þórðarsyni, sem í vitund þjóðarinnar eiga sæti á innsta bekk listamanna, og geri ég till. um, að þessum listamönnum verði einnig bætt í hóp þeirra, sem fyrir eru í heiðursflokki.

18. brtt. mín er á þá leið, að veitt verði 1 millj. kr. til Félags ísl. myndlistarmanna til byggingar sýningarskála. Allir hv. alþm. kannast við þau húsakynni, sem Félag ísl. myndlistarmanna hefur orðið að notast við undanfarin ár hér við hliðina á alþingishúsinu, og þarf ekki að fara orðum um, hvernig þau eru á sig komin. Það vantar ekki, að mikið hafi verið byggt í Reykjavík á undanförnum árum, ekki aðeins íbúðarhús, heldur hvers kyns annað húsnæði, þarft og óþarft. Þrátt fyrir allar þessar byggingar hefur lítt batnað aðstaða í þeim þáttum menningarmála, sem ekki eru beint á vegum opinberra aðila. Önnur menningar- og listastarfsemi hefur orðið útundan í allri fjárfestingarstarfseminni, algerlega orðið að draga sig í hlé fyrir þeim umsvifum, sem höfð eru í frammi í fjárfestingu, sem byggð er á peningasjónarmiði einu. Myndlistarmenn hafa m. a. mátt búa við húsakynni, sem eru nú orðin algerlega óhæf til að hýsa sýningar og stinga illa í stúf við nýtízku húsnæði hinna fésterku kaupsýsluaðila, sem mest hafa blómgazt nú hin allra síðustu árin. Ég tel, að það sé meira en kominn tími til, að Alþingi grípi hér inn í og aðstoði samtök myndlistarmanna til þess að koma upp viðunandi húsnæði á lóð félagsins. Það mál varðar ekki myndlistarmenn eina, heldur metnað þjóðarinnar allrar, að þessi samtök listamanna séu ekki algerlega á hrakhólum í þessu efni og húsakynni þeirra verði ekki lengur sem hrópandi auglýsing í hjarta höfuðborgarinnar um tómlæti valdhafanna við skapandi list í landinu. Ég hef lagt til, að Félagi ísl. myndlistarmanna verði veitt 1 millj. kr. sem byrjunarframlag til framkvæmda. Ég hefði viljað hafa þessa upphæð hærri, en vænti þess, ekki hærri en upphæðin er, að till. mín verði samþykkt, því að ég tel almennt meira varða, að upphæðin fáist samþykkt, þótt lág sé, en felld sé há, en ekki er laust við, að örli á gagnstæðu sjónarmiði líka hér á hv. Alþingi.

Við 16. gr. flyt ég nokkrar brtt. Hin fyrsta er á þá leið, að 105 þús. kr. verði veittar til námskeiðs fyrir viðgerðarmenn fiskileitartækja. Menn hafa verið sammála um nauðsyn þess að veita fé til námskeiða um meðferð fiskileitartækja, svo mjög sem hagur þjóðarbúsins er háður því, að skipstjórnarmenn hafi sem bezta þekkingu á að beita þessum tækjum við veiðarnar. Ekki er síður mikilvægt, að fiskiskipum sé veitt sem allra bezt þjónusta varðandi eftirlit og viðgerðir á fiskileitartækjum, ekki sízt þegar veiði stendur sem hæst og hver dagurinn er dýrmætur. En grundvallaratriði þess, að unnt sé að gera það, er, að nægilega margir menn með sérþekkingu á þessu sviði séu fyrir hendi. Er því mjög brýn þörf á þjálfun manna í þessu skyni, og er hér lagt til, að jafnhá upphæð verði veitt til námskeiða fyrir viðgerðarmenn fiskileitartækja og fjvn. hefur gert till. um varðandi námskeið fyrir skipstjórnarmenn í meðferð tækjanna.

Við 16. gr. flyt ég enn fremur brtt. þess efnis, að hækkað verði framlag til aflatryggingasjóðs til styrktar útgerð togara úr 40 millj. kr. í 48 millj. Þegar söluskattur var hækkaður úr 3% í 5½ % í jan. s. l., var m. a. ákveðið, að ríkissjóður greiddi aflatryggingasjóði á árinu 1964 51 millj. kr. til styrktar útgerð togara. Á frv. til fjárl. ársins 1965 er upphæð þessi lækkuð í 40 millj. kr. með skýringum, sem gefa til kynna, að þeim sé ætlaður sami dagstyrkur, en heildarupphæð geti lækkað vegna fækkunar togara við veiðar á árinu 1964. Við ákvörðun um lækkun þessarar upphæðar hefur þó ekki verið tekið tillit til þess, sem kemur þar á móti, að útgerð þeirra togara, sem út eru gerðir, hefur á yfirstandandi ári verið

samfelldari en í fyrra. Samkv. athugun, sem gerð hefur verið í þessu efni, hefur komið í ljós, að til þess að dagstyrkur til togara geti haldizt óbreyttur, þarf að gera ráð fyrir 48 millj. kr. í greiðslu úr ríkissjóði á næsta ári. Allir vita, hvernig hag togaranna er komið, og verður ekki séð, að nokkur tök séu á að lækka dagstyrk til þeirra, þegar það er haft í huga, að útgerðarkostnaður hefur hækkað, en afli ekki aukizt. Hitt er svo annað mál, sem ekki er aðstaða til að ræða að þessu sinni, að til fleiri ráða þarf að grípa varðandi aðstoð við togaraútgerðina en að greiða beina dagstyrki. Ýmsir telja, að útgerð báta beri svo af útgerð togara, að einungis eigi að gera út bátana. Við þennan samanburð sést mönnum þó yfir þá staðreynd, að rekstur þeirra báta, sem eru á svipuðum aldri og togararnir yfirleitt, er ekki björgulegur, og væri búnaður bátanna jafnúreltur og togaranna er orðinn, er óvíst, að hagur þeirra væri miklu skárri. En hvað sem því líður, eru vandamál togaranna meiri og fjölþættari en svo, að tækifæri sé til að ræða þau við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Þá flyt ég við 16. gr. brtt. þess efnis, að framlag til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna við iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans verði hækkað úr 400 þús. kr. í 800 þús. kr. eða í þá upphæð, sem rannsóknaráð ríkisins hefur óskað eftir. Í bréfi rannsóknaráðsins segir m. a.:

„Segja má, að fjárhagsáætlun iðnaðardeildar hafi að engu leyti verið tekin til greina við samningu fjárlagafrv. Óruggt er, að deildin mun alls ekki verða starfhæf á árinu 1965 með þeim fjárveitingum, sem nú er gert ráð fyrir."

Ég tel, að ekki komi annað til mála en hv. Alþingi búi betur að iðnaðardeildinni en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Sá þáttur rannsókna, sem ég hef lagt til að hækkuð verði fjárveiting til, hagnýtar jarðfræði- og iðnaðarrannsóknir, er m. a. undirstöðurannsóknir fyrir alla nýtingu jarðhita, og kann það e. t. v. að gera hv. alþm. ljóst mikilvægi þess, að brtt. mín verði samþykkt, svo að ekki verði tekið fyrir þær rannsóknir. Fáist ekki úrbætur á framlögum í þessu skyni og til þess máls, sem næsta till. mín fjallar um, er ekki annað hægt að segja en viðbrögð Alþingis séu í litlu samræmi við þann vísindaáhuga, sem mjög var sýndur í orði í sambandi við 1. des. s. l., ekki sízt í blöðum stjórnarflokkanna.

22. brtt. mín fjallar um, að samþykktur verði samkv. ósk rannsóknaráðs ríkisins nýr liður við byggingadeild atvinnudeildar háskólans, 200 þús. kr., sem varið verði til sjálfstæðra byggingarrannsókna. Sé fjárveiting til byggingadeildar ákveðin svo knöpp sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., verður afleiðingin sú, að deildin getur ekki tekið að sér sjálfstæðar rannsóknir til lækkunar á byggingarkostnaði og endurbóta í mannvirkjagerð. Tek ég alveg undir þau orð rannsóknaráðs ríkisins varðandi umsókn um þessa fjárveitingu, að „því verður seint trúað, að hv. Alþingi samþykki ekki þá tiltölulega litlu fjárveitingu, sem hér er farið fram á, til þess að hefja megi slíkar rannsóknir."

Við 17. gr. flyt ég þá brtt., að framlag til byggingarsjóðs verkamanna verði hækkað úr 7 millj. kr. í 10 millj. Byggingarkostnaður hefur hækkað svo geigvænlega undanfarin ár, að efnalitlu fólki veitist sífellt erfiðara að fullnægja frumþörf sinni að eiga þak yfir höfuðið. Laun fyrir 8 stunda vinnudag draga nú ekki lengra en að duga fyrir vöxtum af íbúðarverði. Skástu kjörin, sem efnalitlu fólki bjóðast, eru þau að eignast íbúðir, sem byggðar eru á vegum byggingarsjóðs verkamanna. Það er því brýn þörf á að gera þeim aðila kleift að veita úrlausn sem flestum þeim, sem eiga þess engan annan kost að eignast íbúð.

Þá flyt ég till. um, að framlag til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum verði hækkuð úr 450 þús. kr. í 900 þús. kr., til vara í 600 þús. kr. Það ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um þessa till., svo sjálfsögð sem hún er. Það er í rauninni alveg furðulegt, hve framlag þetta hefur verið lágt árum saman, og undur, að það skuli ekki vera margfalt hærra. Það hefur gengið ótrúlega hægt að fá þessa upphæð hækkaða ár frá ári. Mjög skortir á, að séð sé fyrir þeirri þörf, sem er á slíkum heimilum fyrir börn í kaupstöðum og kauptúnum, og stöndum við í þeim efnum miklu aftar en á mörgum öðrum sviðum. Óhjákvæmilegt er að gera sérstakt átak í þessum málum á næstu árum, og hefur af hálfu Alþb. verið lagt fram frv. á Alþingi, þar sem stefnt er að miklum endurbótum í þessum málum. Meðan það frv. hefur ekki verið samþykkt, er ekki annar kostur fyrir hendi en að reyna að fá þokað upp þeirri upphæð, sem ríkið veitir á fjárlögum til barnaheimila. En þrátt fyrir að hægt gangi þróun í þessum málum, fjölgar þeim jafnan nokkuð á ári hverju, dagheimilunum, og eykur það að sjálfsögðu þörfina á hækkuðu rekstrarframlagi ríkisins, auk þess sem taka verður tillit til hækkaðs verðlags.

Síðasta brtt., sem ég flyt við 2. umr., er þess efnis, að veittar verði 3 millj. kr. til félagsheimilasjóðs, svo að honum verði auðveldað að standa við þær skuldbindingar, sem honum eru ákveðnar í lögum. Á fjárlagafrv. er engin upphæð ætluð félagsheimilasjóði. Um þennan sjóð gegnir svipuðu máli og um íþróttasjóð, báðir eru algerlega vanmegnugir þess að uppfylla þær skyldur, sem lög gera til þeirra. Félagsheimilasjóður er algerlega fjárvana og er þess ekki megnugur að greiða sveitarfélögunum þann hluta, sem honum ber. Er ekki vansalaust, að ríkisvaldið sýni ekki minnstu tilburði til að bæta úr vanskilum sjóðsins við fátæk sveitarfélög víða um land.

Herra forseti. Afgreiðsla fjárlaga fer nú fram við aðstæður, sem eru mjög ólíkar því, sem við blasti um sama leyti í fyrra. Þá stóðu yfir víðtækustu verkföll, sem orðið hafa á Íslandi. Þá ríkti algert stríð milli þeirra afla,

sem mestu ráða um þróun efnahagslífsins í landinu. Þá ríkti algert stríð milli þeirra aðila, sem skapa þjóðarauðinn, og þeirra, sem mestu ráða um ráðstöfun hans. En viðbrögð hæstv. ríkisstj. við frumkvæði verkalýðssamtakanna um samstöðu þessara afla við að stöðva verðbólguþróunina og bæta lífskjör verkafólks og þeir samningar, sem gerðir voru um, að lögfest yrði vísitöluuppbót á kaup, hækkun orlofs, úrbætur í húsnæðismálum, sýndu, að hæstv. núv. ríkisstj. hafði ýmislegt lært frá því, er fulltrúar hennar lýstu því yfir við valdatökuna fyrir 5 árum, að aldrei yrði samið við neinn aðila utan Alþingis um lagasetningu á Alþingi, aldrei yrði samið um mál, sem Alþingi ætti að ákvarða. Þau viðbrögð sýndu, að hæstv. ríkisstj. hafði lært ýmislegt á þeim stutta tíma, sem liðinn var, frá því að hún stóð í stríðinu við verkalýðssamtökin um þetta leyti í fyrra. Viðbrögð hæstv. ríkisstj. í samningunum við verkalýðsfélögin s. l. sumar sýndu, að eftir 5 ára stjórnarferil var henni orðið ljóst, að það tekst ekki að stjórna landinu eftir stefnu, sem er andstæð hagsmunum og vilja vinnandi fólks. Þau viðbrögð sýndu, að henni var ljós sú staðreynd, að það er ekki hægt að stjórna landinu í stríði við verkalýðssamtökin. Það er hægt að hóta með lagasetningu, og það er hægt að neita að setja lög, en það kemur að því eftir skamman eða langan tíma, e. t. v. ekki fyrr en eftir 5 ár, að jafnvel þeim, sem erfiðast eiga með að beygja sig fyrir þessari staðreynd, er nauðugur einn kostur. En það er ekki nóg að játa staðreynd einu sinni og síðan ekki söguna meir. Menn verða að haga sér samkv. henni þaðan í frá. Á það vil ég leggja sérstaka áherzlu nú við afgreiðslu þessara fjárlaga.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 159 og 161, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Unnið hefur verið að undirbúningi till. um flóabáta og flutningastyrki með venjulegum hætti. Veruleg hækkun hefur á þessu ári orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna, og er fjárhagur margra þeirra mjög þröngur. Ýmsar breytingar á samgöngum og flutningum innan einstakra héraða hafa einnig orðið flóabátunum í óhag. Samvinnunefndin hefur því ekki komizt hjá því að leggja til, að framlög til þeirrar þjónustu, sem hér er um að ræða, hækki nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárl. yfirstandandi árs.

Um rekstur einstakra flóabáta vil ég segja þetta:

Að því er snertir Norðurlandssamgöngur er lagt til, að styrkur til Norðurlandsbátsins Drangs hækki úr 900 þús. kr. í 1200 þús. kr. Útgerðarmaður bátsins, Steindór Jónsson, taldi sig þó þurfa töluvert meiri hækkun styrksins. Mjög há erlend lán hvíla með allmiklum þunga á fyrirtæki hans vegna byggingar skipsins. Var samvinnunefndin sammála um, að áherzlu bæri að leggja á að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagstæðari lán til þess að auðvelda rekstur skipsins. Þá er gert ráð fyrir, að framlag til Strandabáts hækki um 30 þús. kr., og er þá miðað við, að báturinn haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eigi skemur en 6 mánuði ársins. Framlag til Haganesvíkurbáts er óbreytt, en framlag til Hríseyjarbáts hækkar um 5 bús. kr. Styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækkar um 10 þús. kr. samkv. till. n., enda verði farnar a. m. k. 35 flugferðir til eyjarinnar á árinu, sem dreifist sem jafnast um þetta tímabil. Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda leggur n. til að hækki um 35 þús. krónur. Er þá gert ráð fyrir, að 10 þúsund krónum af þeirri hækkun verði varið til þess að gera tilraunir með flugsamgöngur við eyna, en flugvöllur er í Flatey, og er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að hann komi eyjarbúum að gagni.

Um Austfjarðasamgöngur er það að segja, að lagt er til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur og heildarstyrkur til Mjóafjarðarbáts verði 140 þús. kr. Er það 10 þús. kr. lægra en heildarfjárveiting til bátsins var á s. l. ári að meðtöldum styrk vegna vélarkaupa. Eins og áður er lagt til, að 50 þús. kr. verði veittar til rekstrar snjóbifreiðar, sem heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Í sambandi við Suðurlandssamgöngur er þess að geta, að n. leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki allverulega, eða um 200 þús. kr. Hefur verið lögð mikil áherzla á þá hækkun af hálfu þm. héraðsins. Um þessa fjárveitingu má segja það, að það hefur fyrir löngu verið viðurkennd sérstaða hinna hafnlausu byggðarlaga í Vestur-Skaftafellssýslu og nokkur styrkur hefur verið veittur til flutninga þangað um hina löngu aðdráttarleið frá Reykjavík alla leið austur að Kirkjubæjarklaustri. Þá er gert ráð fyrir, að framlag vegna vöruflutninga til Öræfa hækki um 10 þús. kr. Og loks er lagt til, að styrkur vegna mjólkurflutninga til Vestmannaeyja verði 275 þús. kr. og hækki þar með um 75 þús. kr.

Þegar komið er að Faxaflóasamgöngum, ber fyrst að ræða um h/f Skallagrím, sem heldur uppi samgöngum með Akraborg milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness, en afkoma þess skips hefur á yfirstandandi ári orðið mjög bágborin. Veldur þar aðallega um, að fyrirtækið hefur misst af áburðar- og mjólkurflutningum, sem gáfu því verulegar tekjur. Stjórn Skallagríms h/f í Borgarnesi sótti nú um mikla hækkun ríkisstyrks, þar sem hún taldi sig sjá fram á stóraukinn hallarekstur skipsins á næsta ári. N. taldi, að ekki yrði hjá því komizt að koma töluvert til móts við óskir Skallagríms um hækkaðan rekstrarstyrk, og leggur hún til, að styrkurinn verði hækkaður um 350 þús. kr., og flytur enn fremur sérstaka brtt.

við 22. gr. fjárlagafrv. um, að ríkisstj. verði heimilað að greiða Skallagrími h/f 100 þús. kr. vegna óhjákvæmilegrar viðgerðar, sem fram á að fara á Akraborg á næsta ári. N. telur, að nauðsynlegt sé að vinna að því, að m/s Akraborg njóti framvegis þeirra flutninga, sem um er að ræða á farsvæði hennar, sem fyrirtækið hefur nú nýlega misst af, þ. e. a. s. flutningum á mjólk og áburði. Væri æskilegt, að byggðarlögin, sem skipið heldur fyrst og fremst uppi samgöngum fyrir, treysti samvinnu sína sem bezt um rekstur þess.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er það að segja, að Flateyjarbáturinn Konráð hefur nú verið dæmdur ósjófær, og er því óhjákvæmilegt að fá annan bát til þess að annast flóabátaferðir milli eyjanna við norðanverðan Breiðafjörð og þeirra landhreppa Barðastrandarsýslu, sem notið hafa ferða Konráðs. Hefur oddviti Flateyjarhrepps, Aðalsteinn Aðalsteinsson í Hvallátrum, rætt við samvinnunefndina og skýrt henni frá því, að hreppsnefndin muni í samvinnu við önnur byggðarlög hafa forgöngu um kaup á nýjum vélbát, sem er 21 tonn að stærð. Er þó ekki fullgengið frá þeim kaupum, en oddvitinn taldi, að þau væru möguleg, ef 200 þús. kr. styrkur yrði veittur til kaupanna. Varð n. sammála um að verða við þeirri ósk. Hins vegar leggur hún til, að rekstrarstyrkur Flateyjarbáts á Breiðafirði verði óbreyttur frá því, sem er á þessu ári. Gert er ráð fyrir, að hinn nýi Stykkishólmsbátur muni hefja ferðir fyrri hluta næsta árs. Var talið óhjákvæmilegt að hækka styrk til hans allverulega. Leggur n. til, að hann hækki úr 975 þús. kr. í 1300 þús. kr. eða um 325 þús. kr. Styrkur til Langeyjarnesbáts hækkar um 20 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að ferðum þess báts verði fjölgað nokkuð.

Er þá komið að Vestfjarðasamgöngum, og má segja, að rekstur hins nýja Djúpbáts, sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, hafi gengið vel á yfirstandandi ári. Er lagt til, að rekstrarstyrkur hans hækki aðeins um 50 þús. kr. Framlag til Dýrafjarðarbáts hækkar samkvæmt till. samvn. um 20 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að með því verði greiddur hluti kostnaðar vegna byggingar nausts og rafknúinna setningartækja fyrir ferjuna. Framlag til Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts hækkar um 5 þús. kr. til hvors.

Samkv. framansögðu leggur samvn. samgm. til, að heildarfjárveitingar til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1965 7 millj. og 632 þús. kr. Er það rúmlega 1.6 millj. kr. hærra en á árinu 1964. Þar að auki leggur svo n. til, eins og áður er getið, að ríkisstj. verði heimilað að greiða h/f Skallagrími 100 þús. kr. styrk vegna viðgerðar á m/s Akraborg, sem fram fer á næsta ári.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Við höfum leyft okkur, fjórir þm. af Austurlandi, að flytja nokkrar brtt., sem ég leyfi mér að mæla fyrir með fáeinum orðum.

Það er þá fyrst stærsta málið, en það er till. um að heimila hæstv. ríkisstj. að taka allt að 20 millj. kr. lán til vegagerðar á Austurlandi. Þannig er máli varið, að nú er búið að taka mikið á annað hundrað millj. að láni til vegagerða í landinu, en enn þá hefur ekkert verið tekið að láni af fé til að verja til vegagerða á Austurlandi. Þetta viljum við ekki una þegjandi við, þar sem því verður ekki á móti mælt, að einmitt á Austurlandi eru mjög mikil verkefni óunnin í vegagerð og meiri en víðast annars staðar á landinu. Við teljum mjög sanngjarnt, að þessi lántökuheimild verði samþ., samanborið við það, sem annars staðar hefur verið gert, og við leyfum okkur að vísa á tvennt sérstaklega í sambandi við verkefnin og lántökuna, ef samþ. verður.

Annað er að gera jarðgöng undir Oddsskarð, og mun verða hægt að komast af með 10 millj. eða svo í þá framkvæmd. Hún er ekki dýr, eins og allir sjá, því að það er ekki nema eins og verð á vænum mótorbát, en á hinn bóginn mundi þetta valda byltingu í samgöngum við Neskaupstað, sem er stærsti kaupstaður austanlands og vaxandi framleiðslubær, eins og önnur byggðarlög þar um slóðir. Er því lífsnauðsyn að koma þessum kaupstað í öruggt vegasamband við aðra hluta landsins, en það mundi verða, ef úr þessu yrði, því að ef menn græfu sig gegnum kambinn, sem myndar efsta hluta skarðsins, mundi oftast nær verða fært þessa leið. Því sjá allir, að hér er um stórmál að ræða, en kostnaður ekki mikill.

Á hinn bóginn höfum við svo í huga aðalleiðina umhverfis landið, sem liggur að sjálfsögðu um Austurland og á að liggja umhverfis landið, þegar ráðið verður fram úr því að gera samband á landi um Skeiðarársand. Þá liggur þar hringvegur um landið. En á þessari hringleið er ákaflega langur ólagður kafli á Austurlandi eða mikið á annað hundrað km, sem þar eru ólagðir enn af þessari merku hringleið um landið, aðalvegi landsins, aðalvegi þjóðarinnar, því að segja má, að þetta sé aðalvegur þjóðarinnar. Sambærilegt óleyst verkefni er hvergi annars staðar til á landinu, og því mundi okkur þykja sanngjarnt, að það væru svo sem 10 millj. teknar að láni og settar í að poka dálítið áfram þessum vegi, þessari hringleið. En ef við þurfum að búa við þær fjárveitingar, sem ætlaðar eru á fjárlögum smátt og smátt í þennan hringveg, þá mun sönnu næst, að það líða tugir ára, unz búið er að byggja leiðina upp, og slíkt er með öllu óþolandi og ranglátt miðað við það, sem þó er unnið annars staðar í landinu að samgöngubótum.

Við viljum vænta þess, að hv. þm. sýni fulla sanngirni í þessu máli og styðji okkur í því að fá þessa lántökuheimild samþykkta og þá í því trausti, að hæstv. ríkisstj. mundi vilja nota hana til að koma þarna á nokkru jafnræði frá því, sem nú hefur verið um sinn, síðan lántökur fóru að tíðkast til vegagerða.

Þá eigum við hér nokkrar till. um auknar fjárveitingar til hafnargerða, en þannig er ástatt á Austurlandi, eins og allir hv. þm. vita,

að þar hefur skipaferð aukizt stórkostlega, margfaldazt á síðustu árum, vegna þess að nú er farin að veiðast þar síld í stórum mæli. Hefur þetta orðið mjög mikill búhnykkur fyrir landsmenn alla, og þarf ekki að lýsa því. Þetta þýðir, að endurbæta verður hafnarmannvirki og bryggjur og alla aðstöðu við sjóinn á öllu Austurlandi, ef ekki á að verða algert öngþveiti. Og nokkuð hefur verið sýndur litur á þessu með fjárveitingum í fjárl., en ekki nægilega að okkar dómi, og gerum við því nokkrar till. um endurbætur í þessu frá því, sem hv. fjvn. ráðgerir. Skal ég fara örfáum orðum um hverja fyrir sig og byrja nyrzt.

Á Bakkafirði er síldarverksmiðja og söltun, og þarf að endurbæta og lengja nokkuð bryggjustúfinn, sem fyrir var, eins og allir geta skilið. En það eru aðeins ætlaðar 50 þús. kr. til þess í till. fjvn., sennilega fyrir einhver mistök, því að verkefnið er þannig vaxið, að sú fjárveiting, sem hugsuð er í till. fjvn., er ekki í samræmi við annað frá henni. En við stingum upp á, að í þessu skyni verði veittar 250 þús., því að þarna er um að ræða verkefni, þar sem hlutur ríkissjóðs verður aldrei undir 600 þús. kr. Viljum við vona, að þetta verði tekið til greina, og má vel vera, að við frestum þessari till., þegar til atkvgr. kemur, til 3. umr., og mun það þá verða tekið fram, ef ofan á verður, til þess að hv. fjvn. geti athugað nánar, hvort hér hafa ekki orðið mistök.

Þá er það Borgarfjörður eystri, sem er smápláss, en þar er líka síldarverksmiðja og söltun, nú tvær söltunarstöðvar, en eiginlega ekki mögulegt fyrir báta af venjulegri síldarbátastærð, eins og þeir nú eru orðnir, að athafna sig við land. En slíkt getur ekki staðizt, því að þessi staður liggur vel við á margan hátt. Leggjum við til, að greiðar verði farið þarna en hv. fjvn. stingur upp á eða veittar 600 þús. í stað 400 þús.

Ég bið menn að afsaka, að ég ruglaðist í röðinni og lenti yfir í stafrófsröð og ætla því að halda henni úr þessu og nefna þá næst Breiðdalsvík. Þar er einnig síldarbræðsla og söltun nokkur og bryggjustúfur nothæfur. En þar þarf að koma garður, ef sómasamlega á að vera hægt að afgreiða skipin, og sá garður kostar alltaf nokkuð á aðra millj. kr. Fjvn. hefur aðeins stungið upp á 100 þús. kr., en við leggjum til, að þetta verði hækkað upp í 250 þús. kr.

Þá er Búðareyri í Reyðarfirði. Þar er verið að byggja myndarlegan hluta af fyrirhugaðri höfn og nokkuð komið áleiðis, og sú höfn hefur sannarlega borgað sig, því að þar hafa verið afgreidd feikna verðmæti, síðan hafizt var handa um að koma henni upp. Það er enn ógreitt af því, sem búið er að vinna, úr ríkissjóðsparti 484 þús., og síðan þarf að halda áfram með nýjan áfanga endilega, sem krefur 520 þús. kr. úr ríkissjóði. Samtals verður þetta því sem næst ein millj., en tillögur hv. fjvn. eru um 300 þús., og leyfum við okkur því að leggja til, að fjárveitingin verði færð í 500 þús.

Þá er það Fáskrúðsfjörður. Þar er myndarleg bræðsla og mjög mikil söltun og afar mikið um að vera. Þar þarf að byggja plön við sjóinn, uppfyllingar og laga til, ef nokkur von á að vera um, að hægt sé að halda þessu sæmilega áfram sem horfir. En þetta mundi verða alls, sem yrði að leggja fram, um 1 300 000 kr. af ríkissjóðs hendi, en fjvn. hv. leggur aðeins til 300 þús., og viljum við vona, að samkomulag geti orðið um að hækka þetta í 500 þús., og yrði þá enn nálægt þriggja ára áætlun af ríkissjóðs hálfu um hans framlag á móti.

Þá er Höfn í Hornafirði. Þar er ekki hafin síldarmóttaka enn þá, en ég vil láta í ljós sem mína skoðun, að skammt muni undan, að svo verði. Staðurinn liggur þannig miðað við nýtízkuveiði og aðstöðu alla, og getur vel farið svo, áður en langt líður, að þangað verði flutt síld bæði að austan, utan af hafinu, og að sunnan. Þannig breytast þessi mál nú ört. En eins og stendur hefur þar ekki verið hafin síldarmóttaka, en þar er vaxandi útgerð með góðum árangri nálega vetur, sumar, vor og haust, en sá annmarki, að þar er erfið innsigling, sem margir þekkja, grunnsævi mikið á innsiglingunni, og þar þarf að eiga sér stað dýpkun með stækkandi bátum og skipum, og þeir þurfa líka að eignast nýjan hafnsögubát. Verður lágmarksfjárhæð í nýtt plan, þ. e. a. s. ríkissjóðsframlagið, um 2 millj. kr. En hv. fjvn. stingur upp á 500 þús., sem er þá miðað við, að 4 ár taki ríkið að leggja fram í þessa áætlun. En við förum ekki frekar í þetta en að leggja til, að þetta verði hækkað í 600 þús. kr. Hefðum við kannske átt að leggja til, að þetta verði sett í hæsta flokk fjárlaga, sem er 700 þús., miðað við verkefnið, en varð nú ofan á að stinga upp á 600 þús.

Mjóifjörður heitir lítið pláss, sem einu sinni var stærra, því að það var fyrr á árum mikil hvalstöð og síldarútvegur mikill, áður en Norðfjörður óx, en borgin kom í Neskaupstað, þannig að starfsemi í Mjóafirði hefur farið minnkandi. En þó þurfa þeir að hafa sinn lendingarstað, sem er bryggja, en ekki hafnarmannvirki að öðru leyti. Hana þarf að lagfæra. Er stungið upp á 100 þús. af fjvn., en við vildum mega fara fram á 150 þús. í þessu skyni.

Seyðisfjörður er gamall síldarbær, sem nú er orðinn síldarbær á ný, og er þar mokað á land gífurlegum verðmætum, bæði til vinnslu þar á staðnum og brottflutnings. Söltunarstöðvar eru þar mjög margar og bætast við árlega. Síldarbræðsla er enn sem komið er aðeins ein, en stækkandi mjög, og þar fer líka fram umhleðsla á síld til flutnings norður í land, þar sem æðimargar bræðslur eru, sem kunnugt er. Og allt á þetta að vaxa mjög. Bæði er fyrirhugað að stækka síldarbræðslur ríkisins á Seyðisfirði, sérstaklega að byggja þar meira þróarrými, einnig til að styðjast við

í sambandi við flutningana á síldinni. Þarna þurfa tugir síldarbáta og skipa að komast að til afgreiðslu í senn, og má segja, að algert öngþveiti ríki, þannig að byggja verður ný bólverk og lagfæra þau, sem fyrir eru. En áætlunin, sem fyrir liggur, er þannig, að gert er ráð fyrir tæplega 3 millj. kr. framlagi af ríkisins hendi, sumpart unnið og sumpart ógunnið. Okkur sýnist ekki sanngjarnt að hafa þessa höfn annars staðar en í hæsta flokki og þar verði lagðar fram 700 þús. í staðinn fyrir 600, sem ráðgert er í frv. Er sönnu næst með þetta og sumt af því stærra, sem ég hef nefnt, að 700 þús. er auðvitað of lítið, miðað við það, sem þarf að gera þarna á stuttum tíma vegna vaxandi viðskipta.

Stöðvarfjörður heitir pláss sunnarlega á Austfjörðum, sem hefur haft vænlega smábátaútgerð, en nú er þessi fjörður að verða síldarfjörður, eins og allir aðrir á Austurlandi, og vonandi kemur þar bræðsla, maður vonar næsta sumar, til að styðja söltunina. Þar á sér stað söltun, en það er erfitt að halda henni áfram, ef ekki kemur lítil bræðsla til að taka afgangana, því að eins og nú er orðið, getur farið svo, að ekki sé hægt að taka nema 40% af förmunum til söltunar, og þá er öngþveiti algert, ef ekki eru bræðslur til að taka við því, sem eftir er. Vonum við því, að þar komi bræðsla fyrir næsta sumar, og alla vega er þarna um svo mikið vaxandi umferð að ræða, bæði af heimaskipum og aðkomuskipum, að bæta verður við hafnarbryggjuna, sem um leið er hafnargarður. Það eru að vísu ætlaðar í þessu skyni 200 þús. í fjárlfrv., en við leyfum okkur að leggja til, að það verði hækkað í 300 þús.

Þá kemur loks Vopnafjörður, af því að ég fylgdi stafrófsröðinni, en ekki þeirri landfræðilegu, eins og ég hafði hugsað mér. Það er sama að segja um hann og hin stærri plássin á Austurlandi. Umferðin hefur margfaldazt. Og þar er öngþveitið kannske einna mest á öllu Austurlandi vegna skorts á aðstöðu til að afgreiða skipin, því að þar hefur fram að þessu einvörðungu verið ein lítil bryggja. Stundum hafa legið 2 og jafnvel 3 flutningaskip í biðröð á höfninni eftir því að komast að, og síldarskip hafa legið í tuttugufaldri röð — eða hver veit hvað. Þannig hefur verið algert öngþveiti í allri afgreiðslu við höfnina til stórtjóns fyrir framleiðsluna. Nú er verið að brjótast í að bæta úr þessu, og eru áætlanir til að byrja með að byggja allvæna bryggju, þ. e. hafskipabryggju, sem jafnframt þjónaði síldarflotanum. Er áætlað að ríkissjóður verði að láta í það tæpar 3 millj. kr., og þykir okkur dálítið undarlegt, að hv. fjvn. skuli ekki treysta sér til að hafa þessa merkilegu höfn og þennan framleiðslustað í hæsta flokki, en honum eru ekki ætlaðar nema 600 þús. af hendi hv. fjvn. Leggjum við því til, að Vopnafjörður komist í hæsta flokk og framlagið verði 700 þús. og er þó lítið miðað við verkefnin, sem ég var að enda við að lýsa.

Fleiri tillögur höfum við ekki lagt fram við þessa 2. umr., en undirbúum að flytja nokkrar tillögur til viðbótar við 3. umr. Læt ég þetta nægja.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í neinum almennum umræðum um fjárlögin og afgreiðslu þeirra. Það hafa framsögumenn meiri hl. og minni hl. fjvn. gert og ekki við það að bæta. Erindi mitt í ræðustól var einungis að mæla með örfáum orðum fyrir nokkrum brtt., sem við þm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi flytjum á þskj. 161. Þessar tillögur, sem við flytjum þar, eru eingöngu bundnar við kjördæmi okkar, þó að sumar þeirra séu þess eðlis, að svipaðar aðstæður eigi við í öðrum kjördæmum einnig. Og þar á ég sérstaklega við fyrstu tillöguna, sem er í III. rómverska liðnum á nefndu þskj. og er um hækkun á fjárveitingu til hafna. Það kom ekki á óvart, að hv. 1. þm. Austf., sem talaði hér næst á undan, flutti einnig fyrir hönd Austfjarðaþm. tillögur um hækkun á fjárveitingum til hafna. Yfirleitt eru hafnirnar í þessu fjárlfrv. mjög lágar, miðað við þau verkefni, sem fyrir liggja. Þetta hefur verið svo um nokkurt skeið og hefur leitt til þess, að eftirstöðvar hafa skapazt. Þó að nú hafi með því að ríkisstj. hefur veitt 20 millj. af rekstrarafgangi undanfarandi árs til hafna og leitað heimildar fyrir því í þessum fjárlögum, þó að það hafi leitt til nokkurrar lækkunar á eftirstöðvunum í bili, þá er augljóst, að í sömu átt stefnir með þeim fjárveitingum, sem hér er gert ráð fyrir. Við flm. þessara tillagna teljum, að eðlilegra sé að hækka þessar fjárveitingar heldur en að leita fjár upp í vaxandi eftirstöðvar með öðrum hætti. Við teljum, að 700 þús. kr. hámark til hafna sé ekki lengur raunhæft, miðað við þann kostnað, sem á þessum hlutum er orðinn, og leggjum þess vegna til, að farið verði langt upp fyrir það mark.

Á þskj. 161 leggjum við til, að fjárveiting til hafnargerðar á Eyrarbakka hækki úr 500 þús. í 1 millj., á Stokkseyri úr 300 þús. í 500 þús. og í Vestmannaeyjum úr 700 þús. í 1½ millj. Á Eyrarbakka er gert ráð fyrir því skv. skýrslum vitamálastjóraembættisins, að framkvæmt verði fyrir 4½ millj. á árinu og hlutur ríkissjóðs af því yrði þá 1 800 000 kr. Með óbreyttum fjárveitingum, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv., eins og það liggur nú fyrir frá fjvn., þá mundu eftirstöðvar verða nærri 2 millj. að árinu loknu. Svipaða sögu er að segja um hinar hafnirnar, sem ég nefndi. Sérstaklega í Vestmannaeyjum er gert ráð fyrir miklum framkvæmdum á árinu 1965 eða framkvæmdum upp á 12½ millj., og með óbreyttum fjárveitingum frá því, sem hv. fjvn. leggur til, yrðu eftirstöðvar í árslokin rúmar 7 millj. kr., og við teljum þess vegna ekki óeðlilegt að leggja til, að fjárveitingar til þessara hafna verði hækkaðar.

Þá eigum við í V. lið á nefndu þskj. tvær brtt. Önnur er að nokkru leyti leiðrétting. Það er 1. tölul. Í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, er XI. liðurinn í C-hluta 13. gr. þannig: Til

rannsókna á möguleikum til hafnargerðar á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi, 400 þús. kr., þar af 100 þús. kr. til Dyrhólasvæðisins, eins og það mun vera orðað í frv. Okkur hefur þótt eðlilegra, þar sem sýslunefndirnar í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa kosið hafnarnefnd, að koma í veg fyrir misskilning með því að skipta þessu í tvo liði og fara þá fram á nokkra hækkun um leið, þar sem ekki verða mikil rannsóknarstörf unnin fyrir 100 þús. kr. við Dyrhólaey.

Í 2. tölul. í þessari brtt. er farið fram á, að veittar séu 50 þús. kr. til flugbjörgunarsveitar í Skógum, með sama hætti og veitt er til tveggja annarra flugbjörgunarsveita. Í Skógum starfar áhugasöm sveit vaskra manna og býr sig undir flugbjörgunarstörf, þegar á slíku yrði þörf. Þeir eru þarna á mjög þýðingarmiklum stað á landinu, þar sem flugvélar í utanlandsferðum koma að landinu, og virðist, að mikil nauðsyn sé á því, að einmitt á þessum slóðum sé starfandi slík hjálparsveit. Þess vegna er farið fram á þetta hér.

Þá eigum við í VII. liðnum nokkrar brtt., fyrst við till. hv. fjvn. um skiptingu fjár til sjóvarnargarða. Við leggjum þar til, að hækkuð sé fjárveiting til Eiðisins í Vestmannaeyjum. Þar er um að ræða einhvern þýðingarmesta sjóvarnargarð landsins. Gangi sjór yfir Eiðið, er voðinn vís í stærstu fiskihöfn landsins. Það er nauðsynlegt að styðja Eiðið með stórgrýti og með því að hækka það verulega. Fyrir nokkrum árum var unnið talsvert að þessu, en upp á síðkastið hafa fjármunir verið takmarkaðri og ekki verið unnt að vinna eins skipulega að þessu og æskilegt væri af þeim sökum.

Síðan leggjum við til í sama lið, að veittar séu til sjóvarnargarðs við Strönd í Selvogi 50 þús. kr. Þar hagar þannig til, að fyrir sunnan og vestan Strandarkirkju er töluvert hár kambur, en milli kirkjunnar og kambsins er graslendi. Þessi kambur hefur fyrir alllöngu tekið að eyðast, og hefur þá verið hlaðinn þar steinveggur, en hann er nú tekinn að skemmast og sjórinn er tekinn að brjóta vegginn verulega. Þegar ég var á ferð þarna ásamt hv. 2. þm. Sunnl. og oddvita Selvogshrepps í fyrravor, virtist okkur, að þarna væri veruleg hætta á ferðum af landeyðingu í næsta nágrenni við hina merku Strandarkirkju, því að þarna er aðeins um að ræða kannske 100 m eða minna, sem kamburinn er frá kirkjunni. Ég mun taka þessa till. aftur til 3. umr. og raunar fleiri af þeim till., sem ég hér hef gert að umræðuefni, til þess að hv. fjvn. gefist tækifæri til þess að athuga, hvort hún vildi sinna þessari till. okkar.

Síðasta brtt., sem við flytjum, er svo brtt. við 22. gr., heimildagr., þar komi nýr liður, heimild til þess að taka allt að 15 millj. kr. lán til byggingar strandferðaskips fyrir siglingarleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa hv. 2. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Sunnl. flutt frv. til l. í hv. Nd. um byggingu og rekstur slíks skips. Þetta frv. kom fram í fyrra, en náði þá ekki afgreiðslu. Til þess að kanna, hvort nú muni vera fyrir hendi vilji hjá hv. þm. til þess að styðja þetta mál, höfum við leyft okkur að bera fram þessa brtt. Ég ætla ekki að eyða tíma hv. þm. í það núna að endurtaka þau rök, sem fram hafa verið færð fyrir því, að æskilegt væri að byggja og reka slíkt skip. Það hefur verið gert í grg. fyrir því frv., sem lagt hefur verið fram um þetta efni, og eins í framsöguræðum um það mál. Það má aðeins minna á það, að Vestmanneyingar munu eiga verulega inni hjá samgöngukerfi landsins. Þeir borga mikla benzínskatta þar og önnur gjöld á borð við okkur aðra landsmenn, en hafa aðeins einn þjóðveg fáa km á lengd. Nauðsynin á því að fá skip milli lands og Eyja, sem gæti verið góð bifreiðaferja, er einnig orðin augljós. Eftir að svo mikið af bifreiðum er komið til Vestmannaeyja eins og nú er orðið, er erfitt fyrir þá að sætta sig við að geta ekki fengið tækifæri til þess að nýta farartæki sín annars staðar á landinu. Að öðru leyti ætla ég ekki að rökstyðja þessa till. frekar. Hún hefur, eins og ég sagði áðan, verið rökstudd í sambandi við það frv., sem ég gat um.

Ég sé þá ekki ástæðu til þess að fara um þessar till. fleiri orðum, en einhverjar þeirra munu verða teknar aftur til 3. umr., svo að hv. þm. og hv. fjvn. gefist kostur á að kanna þær nánar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Á þskj. 161 flytjum við hv. 1. þm. Vestf. (HermJ), hv. 5. þm. Vestf. (HV) og ég brtt. um nýjan lið, ferjubryggjur, 150 þús. kr. fjárveitingu, þ. e. til Brjánslækjar á Barðaströnd.

Eins og mönnum er kannske kunnugt, þá er endastöð fyrir póstbátinn frá Stykkishólmi á Brjánslæk. Bryggja var þar byggð fyrir alllöngu, en síðar lengd nokkuð fyrir fáum árum, en enn vantar þó herzlumuninn til þess, að bryggjan komi að fullum notum, því að það er ekki unnt fyrir bát að liggja við hana um fjöru. Af þessum ástæðum verður hún ekki til þess gagns, sem ætlazt er til, þegar lágsjávað er. En póstbáturinn kemur að sjálfsögðu á ákveðnum tímum, en fer ekki eftir sjávarföllum.

Nú er sá hængur á landsamgöngum um Vestfirði, að í fyrstu snjóum lokast heiði, sem heitir Þingmannaheiði og er rétt austan við Brjánslæk. Þar með eru landsamgöngur úr sögunni austan frá við Vestur-Barðastrandarsýslu og við Vestur-Ísafjarðarsýslu og jafnvel Ísafjörð, ef þá eru opnar heiðarnar, Breiðadalsheiði og þær aðrar, sem eru á þeirri leið, en þær lokast allar síðar en Þingmannaheiði, nema þá helzt Breiðadalsheiði. Ef hægt væri að notfæra sér þennan póstbát fyrir bílflutninga yfir Breiðafjörð, þá mundu breytast mjög samgöngur þangað og þaðan. Mikill hluti Vestfjarða mundi þá hafa bílasamgöngur við þjóðvegakerfið yfir Breiðafjörð, ef lendingarskilyrði fyrir

flóabátinn á Brjánslæk væru viðunandi. Að þessu er nú stefnt, og nýr bátur á að koma til sögunnar þegar á næsta ári.

En það er líka annað, sem mælir með því, að lokið sé við þessa bryggju, en það er, að þetta mundi breyta stórlega rekstrarafkomu þessa báts, en nú á að fara að kaupa nýjan bát, og á hann að hefja ferðir sennilega á miðju ári eða kannske fyrr, 1965.

Það getur því verið beinn gróði fyrir ríkissjóð að ljúka við þessa bryggju, svo að báturinn geti komið að þessum notum, því að það mundi lækka mjög rekstrarhalla þessa báts, en hann hefur verið þó nokkur og verður vafalaust áfram þó nokkuð mikill, meðan ekki er úr þessu bætt. Mér þykir því líklegt, að menn ættu að geta sannfærzt um, að það væri skynsamleg ráðstöfun að leggja í þessa litlu framkvæmd og bæta þar með samgöngurnar á þennan hátt og spara fé á öðru sviði fyrir ríkið í staðinn.

Ég vil því beina því til hv. fjvn., hvort hún vilji ekki athuga þessa tillögu milli umræðna, en ég mun taka hana aftur við þessa umr., svo að hún komi ekki til atkv. fyrr en við 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það gengur seint að fá prentaðar þær brtt., sem lagðar eru fram. Ég held, að hæstv. ríkisstj. og forsetar Alþingis þurfi alvarlega að athuga, hvort það sé ekki nauðsynlegt, að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg borgi álag á taxtann, sem samið er um, eins og aðrar prentsmiðjur í bænum, til að fá prentað. Ég vildi skjóta því fram. Það er óviðkunnanlegt að láta Alþingi bíða mjög lengi bara vegna þess, að Ríkisprentsmiðjan nái ekki í prentarana á þeim grundvelli, að hún borgi ekki samsvarandi álag ofan á alla taxta eins og aðrar prentsmiðjur í bænum gera. Ég vil nú bara skjóta því fram, af því að ég verð að mæla hér fyrir brtt. það, sem ég ætlaði að segja, án þess að nokkuð af þessum brtt. liggi fyrir, og ég veit yfirleitt ekki, hvenær þær koma. Það er orðið þannig með afgreiðsluna hér á fjárl. hjá okkur, að þetta er farið að verða hrein sýndarmennska. Þar sem áður tók 2—3 daga að afgreiða fjárl. á Alþingi og ræða um þau og voru einhverjir möguleikar að fá einhverjar till. samþ. og annað slíkt, þá er þetta orðið þannig, að þessu er hespað af á einum degi og síðan drepið meginið af öllum till.

Ég vildi í sambandi við þær ræður, sem hér hafa verið haldnar af hálfu meiri hl. og beggja minni hl., aðeins segja nokkur orð viðvíkjandi heildarafgreiðslunni á þessum fjárl. Mér sýnist satt að segja, að í þessum fjárl. sé fylgt alveg þveröfugri stefnu við þá, sem fylgt var í júnísamkomulaginu í sumar. Með júnísamkomulaginu í sumar tóku hæstv. ríkisstj. og verkalýðssamtökin höndum saman um að reyna að stöðva verðbólguna. Og ef það þefði átt að reka samsvarandi stefnu í sambandi við afgreiðslu þessara fjárl., þurfti fyrst og fremst að undirbúa þau á þann hátt að þora að skera niður af fjárl., þora að fara út í sparnað. Ég meina eiginlega þar með, þó að það sé ákaflega óvinsælt orð að segja það, að það hefði þurft að sýna ofurlitla íhaldsmennsku í sambandi við afgreiðslu fjárl. Og ég býst við, að það sé það, sem hins vegar liggi einna lengst frá hæstv. fjmrh., að detta í hug að sýna íhaldsmennsku í slíku. En það verður einhver að segja þessa hluti. Ef við ætlum að reyna að stöðva verðbólgu hér á Íslandi og láta verðgildi peninga haldast, þá verður að fara með fjárlög jafnt eins og annað eins og peningarnir hafi eitthvert gildi. Og það þýðir, að það dugir ekki að ausa þeim út eftir því, hvort einhverjir og einhverjir menn og það kannske voldugir eða nákomnir viðkomandi flokkum sækja á og heimta að fá hitt og þetta. Ég held þess vegna, að það hefði verið nauðsynlegt, að við hefðum fengið að vita, hvaða stefnu hæstv. ríkisstj. ætlar að fylgja, hvort það á að fylgja stefnu hæstv. fjmrh. eða hvort á að fylgja stefnu þeirri, sem mörkuð var með júnísamkomulaginu í sumar, vegna þess að þetta eru tvær alveg gerólíkar stefnur, og það væri mjög gott að fá að vita, hvor þeirra eigi að fá að verða ofan á hjá hæstv. ríkisstj. Ég veit hins vegar og skil ákaflega vel, að það munu fæstar ríkisstj. á Íslandi með tveggja atkv. meiri hl. á þingi, eitt í hvorri deild, þora að gera nokkurn skapaðan hlut, sem yrði óvinsælt í þeirra eigin röðum, muni bresta bókstaflega hugrekki til þess, það sé miklu betra að láta vaða á súðum og miklu þægilegra, sérstaklega upp á fylgi og kosningar. En það er eins gott, að þetta komi fram og þá frá stjórnarandstöðunni, þegar við erum að ræða þetta. Ég býst við, að ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað hafa skynsamlegan hátt á, hefði hún átt að ræða fjárl. við stjórnarandstöðuna á þingi og það á þeim grundvelli, hvort það gæti orðið samkomulag um vissa hluti í svona afgreiðslu. Það hefði verið í samræmi við júnísamkomulagið í sumar. Ég skal segja það undireins, að það liggja þarna milljónafúlgur, sem hægt væri að spara. Hvað höfum við að gera við almannavarnir meir? Það dugir ekki að vera að hanga í svona úreltri vitleysu. Menn geta verið fylgjandi sínu Atlantshafsbandalagi og annað slíkt, en þessi vitleysa með almannavarnir og vera að flækjast með milljónir þarna inn á, þetta er eins og hver önnur della. Það væri hægt að skera þetta alveg niður. Eða svo að maður taki annan hlut, hvað á það að þýða að vera að auka t. d. núna framlög til kirknanna og þess háttar með 2 millj. kr. á þeirri grein? Ég veit að vísu ósköp vel, að okkar kirkjuhöfðingjar eru mjög duglegir og sóknarðir menn í veraldlegum efnum, eins og kirkjuhöfðingjar hafa oft verið hér á Íslandi áður, og þegar þeir geta nú í staðinn fyrir að vera að pína bændur úti um allar sveitir, eins og þurfti að gera í gamla daga, látið sér nægja að fara með fjvn. út í hornið og pína hana og láta eiginlega við liggja, að menn séu ekki góðir, kristnir menn, ef þeir gangi

ekki inn á þetta og þetta, sem þeir þurfa að fá, t. d. til íslenzks prests í Kaupmannahöfn og annað þess háttar, þá er ósköp skiljanlegt, að þessum kirkjuhöfðingjum verði hitt og þetta ágengt. En það er bara til skammar að gera svo ókristilegt eins og meiri hl. fjvn. hefur gert þarna, að fleygja peningum út í alls konar sýndarmennsku og vitleysu í sambandi við kirkjuna, þegar það bíða hér verk, sem þarf að vinna, sem væri miklu, miklu nær kristindóminum að láta þó peningana fara í.

Ég nefni bara þessa hluti. Annars voru þeir, sem töluðu hér f. h. stjórnarandstöðunnar, búnir að rekja heilmikið af þeim till., sem hægt væri að framkvæma til sparnaðar. En ég vil aðeins minnast á þetta líka til þess að sýna fram á það um leið, af því að það eru ekki margar brtt., sem ég fyrir mitt leyti geri hér, að það er á 2—3 liðum hægt að spara það, sem ég legg til, að frekar sé eytt í, og vil ég reyna að færa fyrir þeim brtt., sem ég hér flyt, þau rök, að ég álít, að það sé nær heldur en það, sem nú hefur verið samþykkt af fjvn. að veita fé í.

Ég vil þá fyrst taka nokkur atriði í sambandi við menningarmálin. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera brtt. viðvíkjandi háskólanum. Ég hef komið inn á það hér áður, að ég áliti það mjög nauðsynlegt. Það hefur mikið verið talað um það af hálfu háskólans, og var sérstaklega nú við setningarathöfnina, að það væri nauðsynlegt að gera mikið til þess að gera hann fullkomnari í þeim tæknilegu efnum, og er rétt mælt. Ég hefði fyrir mitt leyti persónulega haft meiri áhuga á því, sem gæti miðað að því að gera okkar norrænudeild þannig úr garði, að hún gæti orðið okkur til sóma og rýrnaði ekki í sífellu andlega. Ég álít, að hér ætti að vera bezta miðstöð fyrir germönsk fræði, til þess að stúdera þau og nema, sem til væri í veröldinni, og það þyrfti ekki mikið að gera til þess. En sem sé, það kostar bæði lagabreytingar og eitthvert samstarf um það, þannig að það þýðir ekki að koma með till. um slíkt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga einna. Hins vegar flyt ég hér till. í sambandi við Handritastofnunina. Það er við 14. gr. II, Handritastofnun Íslands, þar eru laun og rannsóknarstyrkir nú áætlað 925 þús. Ég legg til að hækka þetta upp í 1 millj. 500 þús. Og ég vil segja örfá orð til þess að sanna það.

Við stöndum í deilum við Dani um handritin nú sem stendur. Og það er fylgzt með því, hvað við gerum í þessum efnum. Danir, ýmsir þeirra, jafnvel vísindamenn þar og heil vísindafélög, held ég, tala alldjarft og hávært nú og láta mikið til sín taka í blöðunum. Ég man eftir því, að fyrir ekki svo mjög mörgum árum var það þannig í Árnasafni, meðan það var enn þá í parti af háskólanum, að ár eftir ár var sótt um til danska þingsins að fá pappahylki utan um beztu handritin, sem þarna væru til, svo að rykið kæmist ekki að þeim, og því var alltaf neitað. Þetta hefur verið skilningur Dana og það sumra vísindamanna þar líka á nauðsyninni á því að vernda þau íslenzku handrit, á meðan Íslendingar, sem þar vinna, voru að reyna að vinna að því að bjarga þeim og sóttu um að fá, þótt það væru ekki nema smáfjárveitingar til þess að hafa pappahylki utan um beztu handritin, og fengu það ekki. Svona var nú skilningurinn, áður en við Íslendingar fórum að gera kröfu til þessara handrita, þannig að Dönum er nú bezt að hafa hægt um sig í sambandi við þau. En ég held, að við þurfum að sýna dálítið meiri skilning en við gerum í þessum efnum. Ég held, að við þurfum strax að hafa fleiri menn á launum við Handritastofnunina. Þegar við setjum menn í slíkt, ætlumst við til þess, að þeir geti unnið vísindalega að vissum verkefnum og séu ekki allt of bundnir bara við hreinar afgreiðslur og annað slíkt þar. Við vitum það enn fremur, að við verðum að reikna með þó nokkrum kostnaði í sambandi við rekstur svona stofnunar eins og Handritastofnunar. Það er margt, sem í kringum það er, ekki sízt þegar það fara að verða allmiklar heimsóknir útlendra manna til þess m. a. að líta eftir því, hvernig að handritunum sé búið hjá okkur, og ræða við þá menn, sem hér starfa í þessu. Ég held þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt, að við sýnum viðleitni til þess að hækka verulega þessa styrki, laun og rannsóknarstyrki. Og það er ekki mikið, sem ég fer þarna fram á, ein einustu rúm 500 þús. Ég held þess vegna, að við ættum að geta orðið sammála um, að slíkt væri okkur nauðsynlegt. Við eigum ekki að láta svona hluti eins og handritin og Handritastofnunina, við eigum ekki að láta þá standa óhreyfða, þegar við afgreiðum fjárlög. Við eigum í sífellu að vera að hækka þetta.

Þá flyt ég í öðru lagi brtt. í sambandi við þjóðminjasafnið. Það er í fyrsta lagi við 14. gr. B, III, 2. undirliður þar, til aðstoðar, tímavinnu, til þess að útvega gripi, til áhalda og aðgerðar safngripa, bóka og ritfanga, það eru 410 þús., sem þar eru veittar. Ég legg til, að það sé hækkað upp í 500 þús. Því miður er það svo, að margir af okkar embættismönnum og það á hinum þýðingarmestu stöðum, ekki sízt menntamenn, þeir eru það hógværir og þekkja ekki þá frekju, sem „bisnessmenn", hvort heldur það er í kirkju eða utan hennar, temja sér, að vera sífellt að nauða á fjvn. og sífellt að ota sínum tota, og það vill oft fara svo, að þær stofnanir, sem þeir veita forstöðu, líða undir því. Og við eigum sjálfir að geta tekið það upp hjá okkur að ýta undir slíkar stofnanir með því að leggja til að veita þeim fé og auka í sífellu við þær.

Þetta er lítið, sem ég legg þarna til með þessa hækkun, en ég geri aðra brtt. og meiri í sambandi við 3. lið, sem er til rannsókna og ferðalaga, það eru 50 þús. Ég legg til, að hann sé orðaður þannig: Til rannsókna og ferðalaga á Íslandi og Grænlandi 400 þús. Það er vitanlegt, að okkar fornminjar eru ekki aðeins á Íslandi. Þær eru á Grænlandi í mjög ríkum mæli og jafnvel vestar, þær eru líka í gamla Vínlandi. En það er hins vegar vitanlegt, að

sérstaklega hvað snertir fornminjarnar í Grænlandi, þá ber okkur alveg sérstök skylda til að hugsa um það á sama máta og við hugsum um okkar eigin. Og 50 þús. kr. til rannsókna og ferðalaga fyrir þjóðminjasafn, sem á að sjá um allt, sem snertir þá raunverulegu fornleifafræði viðvíkjandi Íslandi, það er lítið, það er svo lítið, að það er raunverulega sama sem ekkert hægt fyrir það að gera. Og ég held þess vegna, þótt við bættum Grænlandi þarna inn í og hækkuðum þetta upp í 400 þús., þá sé það það minnsta, sem við gætum þarna komizt af með. Þess vegna held ég, að það væri rétt að hækka þennan lið verulega. Það er líka í samræmi við það, sem við erum að gera í sambandi við endurheimt handritanna, að vinna að slíku.

Þá hef ég enn fremur lagt til í sambandi við þjóðminjasafnið, að til hljómplötusafns, sem nú er 5 þús. kr., sé aukið upp í 25 þús. Það er sama till. og ég gerði í fyrra og fann ekki náð þá. Það er kannske hugsanlegt, að hún fengi nokkra náð núna.

Þá hef ég enn fremur lagt til í sambandi við XVI. liðinn þarna í B, að til fornritaútgáfunnar, sem er 125 þús., sé hækkað upp í 250 þús. Það er líka í samræmi við hitt. Við vitum, að það, sem hefur staðið á með fornritaútgáfuna, að meira væri að henni gert, það er einmitt af því, að það hefur vantað fé og jafnvel menn, og það þýðir, að það hefur vantað fé líka til að borga mönnum til þess að vinna að þessu. Og þetta snertir það sama, sem við erum að berjast um þarna. Við erum undir smásjá hvað þessa hluti snertir, og við þurfum að sýna það, að við reynum af okkar litlu efnum að gera þó það, sem við getum, á öllum sviðum til þess að efla þetta starf okkar.

Þá hef ég enn fremur lagt til, að síðast í 14. gr., þar sem er almennt líka af hálfu hv. fjvn. lagt til að bæta við ýmsu, t. d. að varðveita gamla smiðju á Norðausturlandi, þá geri ég þá brtt., að það sé settur nýr liður: Til viðhalds Viðeyjarstofu 400 þús. kr. Ég hef lagt fram í hv. Nd. frv. um breyt. á l. um verndun fornminja og gerði m. a. þá grein þar fyrir þeim brtt., sem ég geri, að það væri ekki sízt með Viðeyjarstofuna í huga, að ég legg til, að þær breytingar væru gerðar. Og ég álít, — ég er raunar búinn að segja það hér oft, ég held, að ég hafi 3—4 sinnum á s. l. 10 árum flutt brtt. hér um fjárl. viðvíkjandi Viðeyjarstofu, — að það er ekki vansalaust af Alþingi, á sama tíma sem við erum að heimta gömul handrit til baka, að við látum eitt af þeim helztu gömlu húsum, sem við eigum á Íslandi, hrörna og kannske falla, eins og nú er að verða um Viðeyjarstofuna. Og þótt þessi stofa sé í einkaeign, þá getur það ekki verið því til fyrirstöðu, að ríkið geri sínar ráðstafanir til þess að framkvæma þá skyldu gagnvart slíkum húsum, sem einkaeigendur vanrækja. Og ég held, að þessir hlutir heyri nokkuð saman, þannig að þetta ætti að geta fylgzt nokkuð að.

Þá hef ég gert eina brtt. við 17. gr., til félagsmála. Það er um sumardvalarheimilin, til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn í bæjum og kauptúnum gegn jöfnu framlagi annars staðar að, í staðinn fyrir 450 þús. komi þarna 2 millj. Ég geri ekki þessa brtt. beinlínis vegna þess, að ég búizt við, að hún verði samþykkt, en ég geri hana til þess að vekja athygli, ekki sízt hæstv. ríkisstj., á því, hvað raunverulega þurfi að gera á þessu sviði. Hv. 10. landsk., 2. minni hl. fjvn. og fulltrúi okkar Alþb.-manna í fjvn., hefur gert till. um þetta, sem eru nokkru lægri og ég vona að hafi einhverja möguleika á að verða samþykktar. Hins vegar höfum við flutt hér frv. um að breyta l. eða búa til réttara sagt ný lög um barnaheimili og styrk ríkisins til þeirra, og ég hefði satt að segja álitið, að það væri mögulegt, að slík lög yrðu samþykkt á Alþingi. Það, sem nú er varið til sumardvalarheimila, eru 450 þús. kr. og bara til þess að sýna handahófsþáttinn í því, hvernig úthlutað er úr fjárl., vil ég benda á, að á 15. gr. III er til íslenzks prests í Danmörku 495 þús. kr., sem er nýr liður. M. ö. o.: allt, sem gert er af hálfu ríkisins til þess að aðstoða börnin, til þess að segja við börnin: Látið þið börnin koma til mín, það er upp á 450 þús. Það er allt, sem ríkið þykist geta lagt fram til þeirra barna, sem þurfa á því að halda, að þau komist burt frá sínum heimilum og öðlist heimili, sem ríkið, það opinbera, og bæirnir verða að meira eða minna leyti að sjá fyrir. En þegar einhverjum kirkjuhöfðingja dettur í hug að segja: Ég vil endilega fá íslenzkan prest í Danmörku, þá er 495 þús. kr. skellt inn á fjárl. alveg fyrirhafnarlaust, bara í hreinni vitleysu, án lagaheimildar og alls. Ég veit ekki, hvort það stendur eitthvað í sambandi við, að það hafi orðið árekstur milli guðs almáttugs og skynseminnar í Morgunblaðinu. En hvernig sem á þessu stendur, er það jafnvitlaust, að þetta skuli vera komið þarna inn, og sú brtt., sem raunverulega ætti að flytja við þetta, er, að aftan við kæmi þarna kostnaður 1965, síðasta greiðsla, og það er hægt að athuga það, ef fjvn. finnur ekki upp á því sjálf undir 3. umr., til þess að binda enda á slíkt. En annars, ef það er ekki gert, er rétt að gera till. um það, að þetta sé veitt til barnaheimila. Og svo geta menn þá fengið að kjósa á milli, hvort mönnum finnst liggja nær. En svona er þetta orðið í fjárl. Þeir, sem eru nógu ágengir og frekir, vaða þarna inn og taka hundruð þús. þarna út, en börnin og aðrir þeir, sem ekki eiga neina forsvarsmenn, þau eru látin sitja á hakanum. Ég býst við, að t. d. fyrir fangelsum og slíku sé sæmilega séð, lögreglustöðinni, það er ausið í það, og ég býst við, að embættismannabústaðir og slíkt sé allt saman í lagi og þar séu milljónir á milljónir ofan á hverjum fjárl. En þegar komið er að einhverju, sem þarf að vera handa þeim, sem þurfa þess með, þá kemur líklega að sparnaðarstefnunni, sem annars á ekki heima í fjárl., eins og þau eru nú.

Að lokum tók ég svo upp gamla till., sem ég flutti í fyrra og var felld þá. Það er við 17. gr., til þess að kosta menn samkv. vali félmrn. til þess að ferðast um byggðir Grænlendinga, kynna sér lífskjör þeirra og rita bók um þau og félagslegan aðbúnað þjóðarinnar, og sé bókin síðan gefin út, 250 þús. kr. Það var nýlega flutt hér till. í sameinuðu þingi, þáltill. um aðstoð við þróunarlöndin, mjög góð till., sem fékk góðar undirtektir og þm. virtust mjög sammála um. Hér í nágrenni okkar höfum við næsta nágranna okkar, næsta náunga, mundi líklega vera sagt í sérstakri bók, þjóð, sem við erum tengdir á margan máta meira en flestum öðrum þjóðum og býr í landi, sem enn er á stigi þróunarlanda, en þarf á öllu því að halda, sem við þurftum á að halda af skilningi annarra þjóða fyrir 100 árum. Ég álít, að það væri mjög gott verk, að góður maður, sem ég treysti vel félmrn. til þess að velja, ferðaðist þar um byggðir Grænlendinga, tæki vafalaust sínar ljósmyndir og kannske kvikmyndir um leið og skrifaði bók um þeirra félagslega aðbúnað og við gæfum þá bók út á Íslandi. Það er nauðsynlegt, að þeir, sem eiga erfitt eins og Grænlendingar nú og eiga forsvara fáa, þeir finni til þess, að við viljum eitthvað fyrir þá gera. Og það gæti hjálpað þeim, að það væri vakin eftirtekt á því, hvers konar aðbúnað þeir eiga við að búa. Þegar Danmörk innlimaði Grænland, án þess að við samþykktum það hér, Íslendingarnir, í danska ríkið, þá var það á þeim forsendum, að Grænlendingarnir hefðu sjálfir æskt þess á grundvelli þess, að þeir nytu jafnréttis við danska þegna. Og það vitum við, að þeir gera ekki. Og við vitum enn fremur, að það er slík hreyfing hjá Grænlendingum í slíkum efnum, að þeir gera nú kröfur samsvarandi og við gerðum fyrir 100 árum um réttindi í þessum efnum. Það er komin upp hjá þeim þjóðleg hreyfing, sem gefur út sín blöð. Það er komin upp hjá þeim verkalýðshreyfing, sem skipuleggur sín verkalýðssamtök. Það er komin upp hjá þeim stúdentahreyfing í Kaupmannahöfn, sem meira að segja fer á fundi danska ríkisþingsins og heldur sínar kröfugöngur fyrir utan Christiansborg til þess að heimta jafnrétti til handa Grænlendingum. Og við eigum fyrir okkar leyti að vinna að því, að það sé vakin athygli heimsins og fyrst og fremst athygli okkar eigin íslenzku þjóðar á því, hvað þarna er að gerast. Þess vegna held ég, að þetta væri tilvalið.

Það kynni nú einhver að segja við mig, að mér væri kannske nær að láta skrifa þetta um Ísland og aðbúnaðinn sums staðar hér. En ég býst ekki við, að við fengjum neinn styrk til þess frá Alþingi að skrifa slíkt. En þetta aftur á móti væri eðlilegt að gera. Íslenzkir fræðimenn hafa gert þetta fyrr. Sá merki maður, Helgi Pétursson, fór þarna í leiðangur fyrir rúmum 60 árum og skrifaði um það ágæta bók, þótt það væri ekki sérstök félagsleg stúdía, en merkileg, og gott hefði það verið, ef við hefðum eignazt slíka bók, sem væri byggð á rannsóknum á þeirra félagslega aðbúnaði og þeirra þjóðfélagsháttum um aldamótin. Það hefði verið dýrmæt stúdía nú.

Það eru sem sé ekki margar brtt., sem ég flyt í þessum efnum, og þá hæstu þeirra, um barnaheimilin, hef ég frekar sett fram til þess að minna aðeins á, að það er lagafrv., sem liggur fyrir þinginu í þessum efnum, og ef það lagafrv. yrði samþ., yrði að hækka þennan lið, heldur en vegna hins, að ég geri mér nokkra von um, að slíkt yrði samþykkt. Aftur á móti álít ég, að þær till., sem hv. 2. minni hl. fjvn. leggur til í þeim efnum viðvíkjandi barnaheimilum, sé alveg óhjákvæmilegt að samþ. og ekki sé vansalaust fyrir Alþingi, fyrst það á annað borð ætlar að afgreiða fjárlög svona, að samþ. ekki þær till. Ég býst við, að ef hv. þm. almennt hefðu þá innsýn í aðstöðu barna, sérstaklega hér í Reykjavík, þessu svokallaða þéttbýli, sem t. d. við þm. Nd., sem eigum sæti í menntmn., höfum fengið, að svo miklu leyti sem við höfum ekki haft hana, í sambandi við það að hafa nú þrisvar í viku haldið fundi um barnaverndarfrv. ríkisstj., — ég býst við, að ef allir hv. þm. hefðu álika innsæi, þá mundu menn fallast á, að þarna sé nauðsynlegt að taka til höndum.

En um hin málin, sem snerta menningu og menntir, vil ég segja það, að það er að mínu áliti nokkurt metnaðarmál fyrir okkur alla, að við sýnum viðleitni í þeim efnum. Það er alveg óþarfi að láta ýmsum dönskum mönnum haldast uppi neinn hroka í þeim efnum gagnvart okkur Íslendingum. Það erum við, sem höfum ekki bara skrifað handritin, heldur líka unnið mest að þeim allan tímann og höfum sýnt þann áhuga á þeim, sem hefur ekki verið til í Danmörku og hjá dönsku fjárveitingavaldi og flestum dönskum vísindamönnum, á sama tíma sem við vorum að reyna að vinna að því að gera þau kunn í heiminum og vinna að því að fá þau þangað, sem þau eiga að vera, hingað heim til okkar. En ljóst er af öllum þeim æsingi, sem reynt er að setja í þetta mál, að við þurfum að halda vel á þessum málum og vera þar nokkuð meira stórhuga en við höfum verið fram að þessu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það væri að sjálfsögðu ærin ástæða til þess að ræða ýmis atriði í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og víkja að ýmsu því, sem þar er athugunar vert. En það hefur nú þegar verið gert nokkuð af frsm. minni hl. fjvn., og þessi umr. er sennilega meira ætluð til þess að ræða um einstakar till. heldur en fjárl. almennt, og mun ég því sleppa því að þessu sinni að gera nokkrar almennar aths. að undanskilinni einni. Mér finnst alveg sérstök ástæða til að vekja athygli á því atriði, af því að ég álít það vera hreinan vansa fyrir þingið, og það er sú venja, sem hefur komizt á á undanförnum árum, að áætla tekjubálk fjárl. rangt. Það virðist orðin föst venja hjá hæstv. ríkisstj. og hv. þing-

meirihl. að áætla tekjurnar miklu lægri en fyrirsjáanlegt er að þær muni verða og reynslan hefur líka staðfest. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á það, að á árinu 1962 fóru tekjurnar á rekstrarreikningi 303 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Á s. l. ári fóru tekjurnar á rekstrarreikningi ríkisins 323 millj. fram úr áætlun fjárl. Þó að það sé ekki enn komin niðurstaða fyrir þetta ár, er það þó þegar víst, að tekjurnar munu fara langt fram úr áætllun fjárl. Á sama hátt er líka auðséð, að tekjubálkur þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er allt of lágt áætlaður, ef miðað er við reynslu undanfarinna ára og þær horfur, sem eru fram undan í þessum efnum. Þær líkur, sem nú liggja fyrir, benda allar til þess, að árið 1965 muni verða gott ár, og nefni ég það ekki sízt, að horfur eru á því, að verðlag á útflutningsvörum verði hærra á næsta ári en það hefur nokkru sinni verið. Og það skapar að sjálfsögðu á margan hátt aukna tekjumöguleika fyrir ríkissjóð. Það má einnig búast við því og telja víst í sambandi við þá kaupgjaldssamninga, sem fara fram á vori komandi, að þá muni verða nokkur kauphækkun, a. m. k. hjá láglaunastéttunum. Það leiðir af sér aukna veltu, sem skapar ríkinu auknar tekjur. Það mætti því vel segja mér, að tekjuhlið fjárl. nú væri of lágt áætluð um 300—400 millj. kr. og jafnvel um hærri upphæð. Og ég tel það mjög alvarlegt, að þannig skuli vera sett upp ranglega, hve miklar tekjur ríkisins eru líklegar til að verða.

En hvað er það, sem veldur því, að þessi háttur hefur verið upp tekinn, að áætla tekjurnar rangt á þennan hátt? Það stafar í stuttu máli af þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að hafa skattaálögurnar meiri en raunverulega er þörf á fyrir ríkissjóð. Tekjuafgangur ríkissjóðs á undanförnum árum hefur skipt hundruðum millj. kr. Það hafa m. ö. o. verið lagðar miklu þyngri og meiri álögur á skattþegnana heldur en þörf hefur verið fyrir, og það er til þess að leyna þessu, að það sé verið að gera þetta, sem tekjubálkur fjárl. er jafnan áætlaður miklu lægri en ástæða er til. Og það virðist enn þá stefnt að því að halda þessu áfram, að leggja á miklu meiri álögur en nokkur þörf er fyrir. Það kemur líka fram í blaði Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, sem hefur verið útbýtt meðal þm., að það er stefna hæstv. ríkisstj. að leggja á þyngri skatta en þörf er fyrir. Í þessu blaði, sem nýlega hefur verið útbýtt meðal þm., er talið af sérfræðingum þessa efnahagssamvinnubandalags, og þeir byggja að sjálfsögðu sitt álit á því, sem íslenzkir sérfræðingar í þessum málum hafa sagt þeim, þ. e. a. s. sérfræðingar ríkisstj., og í þessu blaði, þar sem rætt er sérstaklega um málefni Íslands, er það tekið fram, að það sé nauðsynlegt fyrir Ísland að hafa greiðsluafgang á ríkisrekstrinum, sem nemur 1½% af þjóðartekjunum, eða m. ö. o. eigi að leggja á meiri skatta en ríkið hefur raunverulega þörf fyrir, sem svarar 1½% af þjóðartekjunum, þ. e. milli 200 og 300 millj. kr.

Mér finnst rétt að vekja athygli á þessari staðreynd, vegna þess að það er bersýnilegt, að enn einu sinni á að halda áfram þeirri stefnu hjá hæstv. ríkisstj. að leggja á miklu meiri skattaálögur en þörf er fyrir, en reyna að leyna almenning því með fölskum áætlunum í tekjubálki fjárl. Ég býst við, að það hafi ekki dregið úr áhuga hæstv. ríkisstj. á þessari stefnu, að viðskmrh. hefur nýlega verið á fundi umræddrar Efnahagssamvinnustofnunar í París, enda er það fyrsta verk hans að skrifa um það í blað sitt eftir heimkomuna, að það sé nauðsynlegt að sjá um, að skattarnir verði hærri en útgjöldin hjá ríkissjóði. Það er það fyrsta, sem hann hefur til málanna að leggja eftir heimkomu sína frá París, og má því kannske segja, að þeir hafi ekki farið erindisleysu í sínum jólaferðalögum, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., þar sem hæstv. fjmrh. hefur uppgötvað nýjan skatt, eins og fyrr hefur verið sagt frá í umr., en hæstv. viðskmrh. hefur fengið endurnýjuð fyrirmæli um það, að skattarnir, sem ríkið leggur á, þurfi að vera hærri en útgjöld þess, og það verði að vera mjög ríflegur tekjuafgangur. En fyrir almenning í landinu er það rétt að gera sér grein fyrir því, að það á að halda áfram þeirri stefnu að leggja á meiri skattaálögur en þörf er fyrir, þó að það sé reynt að leyna menn þessu með því að áætla tekjubálk fjárl. rangt.

Ég ætla svo ekki að ræða frekar um þetta að sinni. Mér finnst rétt að benda sérstaklega á þetta, en víkja nokkrum orðum að till., sem ég hef leyft mér að flytja til breytinga á fjárl. ásamt nokkrum þm. öðrum. Mér finnst rétt að taka það fram um þessar till., að þær stefna allar til nokkurrar hækkunar, en það tel ég hins vegar vel forsvaranlegt, þar sem þannig er frá fjárlagafrv. gengið, að það er bersýnilegt, að tekjurnar verða miklu hærri en gjöldin, og verða þess vegna fullkomin fjárráð til þess að mæta þeim takmörkuðu útgjöldum, sem felast í þessum till.

Fyrst flyt ég nokkrar till. við 14. gr. ásamt hv. 11. þm. Reykv., Einari Ágústssyni. Tvær fyrstu till. snerta háskólann. Önnur er um, að framlag það, sem ríkið veitir honum til bókakaupa, verði nokkuð hækkað, en þannig er ástatt með háskólabókasafnið, að þó að það sé orðið allgott og vaxandi safn, þá vantar þar enn mikið af nauðsynlegum sérfræðibókum, sem sérfræðingar hér þurfa að styðjast við og getur verið gott að fletta upp í. Það þarf að auka safnið af þessum bókakosti, og hækkunin á þessari fjárveitingu er sérstaklega ætluð til þess að auðvelda safninu að bæta sérfræðibókakost sinn.

Annar liðurinn snertir það framlag til háskólans, að honum verði veitt nokkur aðstaða til þess að styrkja frjálsa rannsóknarstarfsemi, eins og það er orðað í fjárl. Það er mjög vaxandi hjá öllum háskólum víða um heim að styrkja ýmiss konar rannsóknir, sem snerta þeirra starf beint og óbeint, enda er svo komið, að t. d. námið þarf ekki eingöngu að vera fólgið í því, að menn læri við skólann, heldur að

menn hafi aðstöðu til að stunda þar ýmsar sjálfstæðar rannsóknir, því að oft og tíðum er kannske bezta kennslan í því fólgin. Þess vegna leggjum við til, að þetta framlag sé nokkuð hækkað.

Ég kem þá að fyrri till., sem við hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson, flytjum við 14. gr. og hefur mest útgjöld í för með sér, en hún er hækkun á styrk til íslenzkra námsmanna. Þessi till. er byggð á skýrslu eða grg., sem stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur sent fjvn. fyrir nokkrum dögum, en formaður þeirrar stjórnar er Jóhannes Nordal seðlabankastjóri. Þessi hækkun, sem við hv. 11. þm. Reykv. leggjum til að gerð verði á námsstyrkjunum og lánunum, byggist eiginlega að öllu leyti á þessum till. stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, og það er sýnt fram á það í þessari grg. sjóðsstjórnarinnar, að þó að þessi hækkun, sem þeir leggja til, nái fram að ganga, þá verða lánin til námsmanna samt ekki eins há, ef tekið er tillit til aukinnar dýrtíðar, og þau voru árið 1961, sem sagt, við göngum ekki lengra en það, flm., að þó að þessi hækkun verði samþykkt, koma námsmenn ekki til með að hafa samt jafngóða aðstöðu hvað þessar lánveitingar snertir og fyrir 3 árum. Verð ég að segja, að hér sé fullkomlega í hóf stillt.

Þá er enn fremur brtt. við 14. gr., sem ég flyt ásamt þremur þm. öðrum, um að hækka nokkuð launin til skálda, rithöfunda og listamanna eða úr 3.1 millj. kr. í 4.5 millj. kr. Ég held, að það sé öllum hv. þm. svo ljóst, að um það þurfi ekki að fjalla, hvaða þýðingu skáld og rithöfundar og aðrir listamenn hafa haft fyrir okkur og okkar þjóðar sjálfstæði og menningu. En þó er kannske hlutverk þessara manna þýðingarmeira nú í dag en nokkru sinni fyrr, vegna þess að það eru ýmis öfl og ýmsir vindar, sem nú sækja að okkar sjálfstæði, sem við vorum lausir við áður, þegar einangrunin var okkur mikil vernd í þessum efnum. Tvímælalaust getum við ekki styrkt okkur öllu meira á hinu andlega sviði gegn þeim vindum, sem þar blása um okkur annars staðar frá, með öðru en því að efla okkar eigin menningu, og það gerum við bezt með því að skapa okkar skáldum, rithöfundum og listamönnum sem bezta aðstöðu til starfa. Ég vil vekja athygli á því, að jafnvel þótt þessi hækkun verði samþykkt, er hér ekki um neina stóra upphæð að ræða, eins og nú er komið öllum peningatölum, þannig að þótt þessi upphæð verði samþykkt, er hvergi nærri hægt að fullnægja þeirri raunverulegu þörf, sem hér er, þó að það sé hins vegar hægt að bæta nokkuð úr frá því, sem nú á sér stað. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að ef miðað er við heildarupphæð fjárl., hafa framlögin til skálda, rithöfunda og listamanna farið lækkandi á undanförnum árum, og þó að þessi upphæð verði samþykkt, sem hér er lagt til að veitt verði í þessu skyni, þá verður þessi styrkur samt hlutfallslega lægri en var t. d. fyrir 6—7 árum, ef miðað er við heildarupphæð fjárl.

Þá eru nokkrar till. frá mér og hv. 11. þm. Reykv., Einari Ágústssyni, við 16. gr. fjárl. Þessar till. fjalla allar um það að hækka lítið ýmsa styrki, sem veittir eru til rannsóknar- og kynningarstarfsemi og námskostnaðar í sambandi við iðnaðinn, þ. e. að hækka nokkuð styrki til Iðnaðarmálastofnunar Íslands, til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis, til vörusýninga og vörukynninga erlendis og til tækninýjunga. Allir þessir liðir eru nú svo lágir í fjárl., að þeir koma að sáralitlu gagni. Og jafnvel þó að þeir væru hækkaðir í þá upphæð, sem við leggjum til að gert verði, er það að sjálfsögðu mjög takmarkað, sem hægt er að gera í þessum efnum fyrir þá upphæð, og ég held, að ef Alþingi á annað borð veitir nokkurt fjármagn í þessu skyni, sé ekki hægt að hafa þessar upphæðir öllu lægri en gert er ráð fyrir í till. okkar 11. þm. Reykv.

Svo vil ég geta að síðustu till., sem ég er meðflm. að ásamt hv. 11. þm. Reykv., Einari Ágústssyni, hann er aðalflm. að henni, en ég vil aðeins minna á nú, vegna þess að hann mun ekki vera viðstaddur eins og er, en þetta er till. um það, að á 20. gr. verði tekinn upp nýr liður til byggingar nýs menntaskóla í Reykjavík, 5 millj. kr. Nauðsyn þess að koma upp nýjum menntaskóla í Reykjavík hefur verið svo oft rædd hér, að ég tel óþarfa að vera að rifja það sérstaklega upp. Hins vegar finnst mér rétt að minna á það, að hæstv. menntmrh. upplýsti fyrir nokkru á þessu þingi, að það væri meiningin að hefjast handa um byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík á þessu ári. Og fyrst svo er, er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að nokkur fjárveiting verði tekin upp til þess í fjárl. þessa árs, og því vænti ég þess, þar sem ég vil ekki efa, að staðið verði við fyrirheit hæstv. menntmrh., að þessi till. okkar 11. þm. Reykv. um framlag til nýs menntaskóla í Reykjavík nái fram að ganga.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. og þá í rauninni fyrst og fremst formanni hennar og frsm. fyrir að hafa afgreitt till. sínar og frv. úr n. það tímanlega, að unnt verði að afgreiða frv. fyrir jól. Það er í fimmta skipti í röð, sem slíkt virðist ætla að takast, en eins og kunnugt er, hafði oft áður verið á því nokkur misbrestur, en hins vegar í rauninni sjálfsögð regla, sem á að fylgja, eftir því, sem unnt er, að fjárlög séu afgreidd fyrir áramót.

Í aths. um 19. gr. fjárlagafrv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurgreiðslur vöruverðs innanlands eru áætlaðar 336 millj. kr. Er þá miðað við niðurgreiðslur, eins og þær voru áætlaðar í maí s. l., á ársgrundvelli að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Á hinn bóginn er hér ekki gerð till. um, hversu skuli á næsta ári fara um þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands í júní s. l.“

Eins og fram hefur komið, m. a. í nál. og

framsöguræðu formanns fjvn., hefur þetta mikla vandamál, sem í rauninni er stærsta vandamálið í sambandi við fjárlagafrv. nú, verið að undanförnu til athugunar og umr. hjá ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. Með júnísamkomulaginu var ákveðið og gefið fyrirheit um það, að með auknum niðurgreiðslum skyldi vísitölunni haldið óbreyttri fram á haust eða jafnvel fram að áramótum. Það hefur einnig komið fram, að það kostar mjög mikið fé, ef á að halda henni óbreyttri eða lítt breyttri áfram á næsta ári. Allt þetta vandamál og að sjálfsögðu tekjuöflun í sambandi við það hefur sem sagt verið undanfarið til meðferðar, og varð að ráði að flytja till. um þetta mál allt saman við 3. umr. frv. Af þeirri ástæðu einnig, að tekjuáætlunin öll kemur til athugunar í sambandi við þetta mál, þótti rétt, að þeir embættismenn, sem vanir eru að gefa fjvn. yfirlit yfir tekjuáætlunina, gerðu það milli 2. og 3. umr. Hefðu þeir gert það fyrr, hefði það orðið tvíverknaður og valdið vandkvæðum, meðan tekjuáætlunin er í endurskoðun. Ég sé nú ekki, að það hafi við rök að styðjast, að tveir hv. þm. hafa kvartað yfir því, að þessar grg. hafa ekki verið gefnar þegar, virðist að öllu leyti eðlilegra, eins og á stendur, að það sé gert milli 2. og 3. umr.

Ég ræði ekki frekar um frv. að þessu sinni, geymi það til 3. umr., þar sem bæði niðurgreiðslumálið og tekjuhlið frv. verður þá tekin til meðferðar. Þá gefst líka tækifæri til að svara nokkrum þeim aths. um fjárlagafrv. almennt, sem hér hafa komið fram.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að afgreiðsla fjárl. er alltaf að verða flausturslegri og flausturslegri. Þegar við höfum verið að ganga frá fjárl. fyrir jólin, hefur ár eftir ár verið allra líkast því, að við værum að hlaupa í lif og blóð fyrir forvaða milli ólaga. Og nú er þannig komið, að aldan skellur á okkur og við vöðum, sullumst bara í verðbólguöldunum á sleipum þangsteinum. Þetta er mjög alvarlegt mál, sem ég hygg að þm. greini varla á um, þótt þeir, sem ráða för, eins og hæstv. fjmrh., sem talaði hér áðan, hafi ekki orð á og þeir látist jafnvel vera ánægðir með þetta. Annars skal ég ekki á þessari stundu hafa um þetta fleiri orð, heldur vaða eins og aðrir gera, af því að um annað er ekki að ræða, eins og sakir standa.

Ég og tveir samþm. mínir úr Norðurl. e., hv. 3. þm. kjördæmisins og hv. 5. þm. kjördæmisins, höfum leyft okkur að flytja fáeinar brtt. við fjárlagafrv. Sumar þeirra eru að vísu brtt. við brtt. hv. fjvn. við frv. Vil ég nú gera með örfáum orðum grein fyrir þrem þessara tillagna.

Fyrst er þá till. um hækkun fjárveitingar til hafnargerðar í Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu. Grenivík er, eins og allir hér vita, þorp í Grýtubakkahreppi á austurströnd Eyjafjarðar. Þar er talsverð útgerð og afar duglegir sjómenn, en þar hefur aðstaðan fram að þessu verið sú, að sjómennirnir hafa orðið að fara með meginhluta heimafengins afla til vinnslu í Hrísey vegna hafnleysunnar í Grenivík og flýja með báta sína til Akureyrar, þegar brimað hefur. Þetta hafa verið óþolandi aðstæður. S. l. sumar var hafin í Grenivík hafnargerð og byggður hafnargarður. Lánaðist verkið vel, að talið er. Garð þennan þarf að lengja, áður en langt um líður. En það, sem strax kallar að, er, að innan á garðinn séu byggðar bryggjur, til þess að hann hagnýtist og verk það, sem búið er að vinna, komi að notum. Garðurinn kostaði um 2.5 millj. kr. Áfanginn næsta ár, þ. e. bryggjurnar, er áætlað að kosti 1.2 millj. Við það verk verður samkv. áætluninni hlutur ríkisins 480 þús., en ógreitt ríkisframlag frá þessu ári verður um áramótin 530 þús., eða samtals þá 1 millj. og 10 þús. kr. sá hluti, sem ríkið þyrfti að inna af hendi á næsta ári. Upp í þetta gerir hv. fjvn. till. um að ríkið borgi næsta ár aðeins 300 þús. kr. Þetta er allt of lág upphæð. Það er ósanngjarnt að ætlast til, að sveitarfélagið láni ríkinu fullar 700 þús. kr. af framkvæmdafénu, sem kemur í hlut ríkisins, yfir áramótin 1965—1966. Við leggjum til, að fjárveitingin verði hækkuð úr 300 þús. í 600 þús. Yrði þá skuld ríkisins 410 þús. samkv. áætlunum, og er sannarlega nóg byrði fyrir sveitarfélagið að bifa vegna ríkisins yfir áramótin 1965—1966.

Þá er Húsavík. Hv. fjvn. leggur til, að til hafnarmála á Húsavík verði veittar 400 þús. kr. á næsta ári, eða 50 þús. kr. minna en veitt var á fjárlögum í ár. Á Húsavík er fyrirhugað að vinna fyrir 2.5 millj. kr. næsta ár. Ógreitt á ríkið í árslok nú af lögboðnu framlagi til hafnargerðar á Húsavík vegna þegar gerðra framkvæmda nálega 1 millj. kr. Hlutur ríkisins næsta ár er samkv. áðurnefndri áætlun um framkvæmdir ársins 1 millj. Fjárveitingin samkv. till., 400 þús. kr., er því upp í 2 millj. kr. fjárhæð, sem í hlut ríkisins kemur, þegar lagt er saman tillag ríkisins, sem er ógoldið næstu áramót, og áætlaður hluti ríkisins við framkvæmdir 1965. Við flm. brtt. leggjum til, að framlagið verði hækkað upp í 700 þús. kr. og verða þá 1.2—1.3 millj. kr. ógreiddar af ríkisins hendi í árslok 1965. Tel ég það sannarlega nógu þungan hala. Till. 700 þús. er um, að Húsavík komist í hæsta flokk fjárveitinga til hafnargerða. Tel ég það réttmætt, af því að Húsavík hefur lagt afar mikið á sig um langt árabil til þess að koma upp höfn hjá sér, hlutfallslega meira en flestir aðrir staðir miðað við mannfjölda. Hins vegar er Húsavík á síðustu árum stækkandi staður, fjölgun fólks þar seinustu ár, að ég hygg, meiri hlutfallslega en hjá öðrum byggðarlögum í landinu. Þetta er út af fyrir sig ánægjulegt fyrir staðinn, að fólkinu fjölgar svona. En samt er það ekki margt enn, og því fylgir mikill félagslegur tilkostnaður að mæta fólksfjölguninni fyrir sveitarfélagið. Þar er verið að byggja skóla, félagsheimili, sjúkrahús og lögreglustöðvarhús. Vegagerð og gatnagerð þarf mikla, vatnsveitulagnir, frárennslislagnir, rafveitu-

lagnir, sökum þess að mikið er byggt af íbúðarhúsum vegna fólksfjölgunarinnar og bærinn stækkar mikið. Ég tel sanngjarnt, að hv. Alþingi taki tillit til þessa og dragi ekki svo af framlagi sínu til Húsavíkurhafnar sem fjvn. þó hefur lagt til, augsýnilega að allt of lítið athuguðu máli.

Í fyrra var, eins og ég sagði áðan, fjárveitingin 450 þús. Við flm. treystum því, að hv. alþm. fallist á hækkunartill. okkar.

Svo vil ég minnast á eina till. frá okkur sömu mönnum, er snertir vegamál. Hún er um það, að ríkisstj. verði heimilað á 22. gr. fjárl. að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna vegagerðar á Tjörnesi í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi vegur er millibyggðavegur, svo sem kunnugt er. Hann er orðinn mjög þýðingarmikil samgöngubót. Á hann leggst meiri umferð milli héraðanna, sem hann tengir, og milli Norður- og Austurlands ár frá ári. Reykjaheiði, sem áður var farin á sumrum, er ekki lengur í þjóðvegatölu og vegi þar ekki við haldið. Leiðin um Mývatnsöræfi og Hólsfjöll fer undir snjó og verður ófær bifreiðum, þótt Tjörnesleiðin sé opin allan veturinn, ef vegi þar er komið í sæmilegt ástand. Reynsla seinustu ára hefur sannað það. Til þess að svo verði, að vegur komist þar í sæmilegt ástand og þoli þá umferð og veiti þá aðstöðu til vetrarumferðar, sem hann getur veitt, telur vegamálastjóri að þurfi að byggja upp veg yfir tvö gil, svonefnt Skeifárgil, sem unnið var að í sumar sem leið, en ekki lokið, og Rekárgil. Vegamálastjórinn áætlar, að það að ganga frá giljunum muni kosta 2 millj. kr., en vegagerðin frá Húsavík að Reká aftur á móti 4 millj. kr. og þar með þá þær vegabætur, sem nauðsynlegastar eru og gera þessa leið, þennan millibyggðaveg, að góðum vegi, sem engan svíkur. Samtals er þá áætlunin um nauðsynlegar aðgerðir á þessum vegi 6 millj. kr. Með venjulegum fjárveitingum mundi þessi vegagerð ganga allt of hægt, miðað við hlutverk vegarins í vegakerfi landsins, eins og það er nú orðið. Og úr því að ríkið er farið að taka lán til vegagerðar, er tengivegurinn um Tjörnes einn þeirra vega, sem á að flýta með lántöku. Annað væri í ósamræmi við aðrar framkvæmdir í vegamálum Till. okkar Norðlendinganna er byggð á fullum kunnugleika á þýðingu Tjörnesvegar, og við leyfum okkur að vænta, að hún verði samþykkt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Brtt. þær við fjárlagafrv., sem ég mæli fyrir, munu ekki vera komnar úr prentun, og get ég því ekki vísað til þskj. við umr. um þær. Ég vil leyfa mér að byrja á því að mæla fyrir brtt. á þskj. 148, við 13. gr., sem ég flyt ásamt hv. 1. og hv. 5. þm. Norðurl. e. varðandi framlög til nokkurra hafna. En áður en ég kem að því að mæla fyrir þessum till., vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um hafnamál almennt og þær till. um fjárveitingar, sem fram eru komnar í þeim málum.

Ég vil, án þess að ég þar með ætli að deila á einn eða neinn, láta í ljós þá skoðun, að fjáröflun til hafnargerða sé mál, sem þurfi mjög alvarlegrar athugunar við um þessar mundir. Eins og kunnugt er, leggur ríkið fram fé til hafnargerða hér á landi á tvennan hátt. Það leggur fram fé til landshafna samkv. sérstökum lögum um landshafnir, en stofnkostnað við landshafnirnar ber ríkið sjálft af öllu leyti. Í öðru lagi leggur svo ríkið fram fé til hafnarframkvæmda samkv. hinum sérstöku l. um hafnargerðir og lendingarbætur, sem fjalla um hafnargerðir og lendingarbætur almennt og framlög ríkisins til þeirra framkvæmda. En ríkið greiðir, eins og kunnugt er, yfirleitt 2/5 hluta af kostnaði við hafnargerð. Ég skal ekki fara mörgum orðum um landshafnirnar í þessu sambandi. Þær eru aðeins tvær að lögum, Keflavík og Njarðvík og Rif á Snæfellsnesi. En á árinu, sem nú er að líða, hefur verið varið til landshafnanna 36 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að til þeirra verði varið 28 millj. á árinu 1965, að mér skilst. En til hafna og lendingarbóta samkv. hinum sérstöku l. um það efni hefur á árinu 1964, sem nú er senn liðið, eftir því sem bezt verður vitað, verið varið rétt um 100 millj. kr. eða tæplega það. Hluti ríkissjóðs af þessum kostnaði, þessum 100 millj., á árinu 1964 er þá um 40 millj. kr. En á árinu 1965, þ. e. a. s. á næsta ári, er áætlað samkv. gögnum, sem Alþingi hefur í höndum, að varið verði til hafnargerða og lendingarbóta samkv. hafnalögum um 180 millj. kr. Hluti ríkissjóðs af þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir að lögð verði í þessar framkvæmdir á næsta ári, er þá um 72 millj. kr. Nú eru það ríkisframlögin, sem fjallað er um hér í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það mál stendur þá þannig samkv. upplýsingum, sem þm. hafa fengið, að í lok þessa árs, 1964, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður muni eiga ógreiddar um 22½ millj. af sínum hluta, enda þótt, eins og frsm. fjvn. hafa tekið fram, nokkuð hafi verið greitt upp í skuldir ríkisins á árinu sem leið. Þegar þetta vangreidda ríkisframlag í lok þessa árs er lagt við áætlun um ríkisframlag á árinu, miðað við framkvæmdir fyrir 180 millj., en frá dregið geymt ríkisframlag til nokkurra hafna, sem notað verður á árinu 1965, lítur út fyrir, að gjaldfallið ríkisframlag, ef svo mætti að orði komast, verði í lok næsta árs rúmlega 90 millj. kr. Þetta mundi það verða, ef framkvæmd verður sú áætlun, sem ég talaði um áðan, að vinna að hafnarframkvæmdum fyrir um 180 millj. kr. á næsta ári.

Upp í þessar 90 millj., sem þannig má ætla að ríkið þyrfti að greiða upp í sinn hluta hafnargerðarkostnaðar á árinu 1965, er svo gert ráð fyrir að veita samkv. þeim till., sem nú liggja fyrir frá meiri hl. fjvn., til hafnargerða 19½ millj. kr., til hafnarbótasjóðs 4 millj. kr. og til greiðslu á lögbundnum framlögum vangreiddum 8 millj. kr., eða samtals 31½ millj. kr. á árinu 1965. En segja má, að við þessa tölu mætti bæta því, sem ríkissjóður greiðir af láni til Þorlákshafnar, sem ekki liggur fyrir, hversu mikið er, en um Þorlákshöfn fer eftir

hinum almennu hafnalögum, en ætla mætti þá, að hér væri um að ræða nálægt 35 millj. kr. á næsta ári eða kannske tæplega það upp í þær 90 millj., sem ég nefndi áðan að útlit væri fyrir, að ríkissjóður ætti að standa skil á samkv. hafnalögum. Þetta sýnist mér vera alvarlegt mál og þá ekki sízt vegna þess, að það er nú almennt viðurkennt, að það framlag, sem ríkissjóður greiðir til hafnargerða, sé of lágt og því þurfi að breyta til hækkunar, það sé of lítið, að ríkissjóður greiði ekki nema 2/5 af stofnkostnaði hafnanna. Enda sýnir reynslan víða, að hafnarsjóðirnir hafa með engu móti getað staðið straum af sínum hluta kostnaðarins. Það eru mörg ár síðan Alþingi mælti svo fyrir, að hafnalög yrðu endurskoðuð og þar á meðal alveg sérstaklega hlutföllin milli stofnkostnaðargreiðslu ríkissjóðs og stofnkostnaðargreiðslu hafnarsjóðanna með það fyrir augum að hækka ríkisframlagið. Og að því hlýtur að koma, að þetta verði gert. Ég hef ásamt fleiri þm. leyft mér að flytja á þessu þingi frv. til l. um bráðabirgðahækkun á ríkisframlaginu upp í 65%. En hvort sem það frv. verður samþ. á þessu þingi eða ekki, þá er óhjákvæmilegt að hækka ríkisframlagið, og ef ríkisframlagið verður hækkað, þá er það mjög aðkallandi, áður en það er gert og skuldbindingar ríkissjóðs þannig auknar, að gert verði hreint borð í þessu efni og að hinn svokallaði hali aukist ekki, eins og nú er allt útlit fyrir að hann muni gera á næsta ári, ef ekki verður breytt þeim till., sem fyrir liggja frá meiri hl. hv. fjvn.

Þetta vildi ég nú leyfa mér að segja almennt um hið alvarlega ástand, sem mér finnst vera í sambandi við fjáröflun til hafnargerðanna. En ég kem þá að því að mæla fyrir brtt. En þessar brtt. eru um hækkun framlaga til 3 hafna í Norðurl. e. Við höfum að venju, þm. kjördæmisins, rætt saman um þetta mál. Samkv. þeim till., sem fyrir liggja frá meiri hl. hv. fjvn. og ríkisstj., er gert ráð fyrir, að lagðar verði til hafna í þessu kjördæmi, sem eru æðimargar, samtals tæpar 4 millj. kr. eða nánar tiltekið 3 millj. 950 þús. kr. Þetta er veruleg lækkun, um meira en hálfa millj. frá þeirri upphæð, sem lögð var til hafna á þessu landssvæði í fyrra. Hins vegar er það svo, að uppi eru áætlanir, sem hafa verið í höndum hv. fjvn., um hafnarframkvæmdir á þessu svæði, það miklar, að þörfin fyrir ríkisframlag til þessara hafna samtals, þ. e. a. s. þegar lagt er saman það, sem vangreitt verður um áramót, og ríkishlutinn á árinu, ef það verður framkvæmt, sem áætlað er, virðist munu nálgast 15 millj. kr., nánar tiltekið 14.7 millj. kr. Og hrökkva þessar 4 millj. eða tæplega það auðvitað skammt upp í þetta.

Nú er skylt að geta þess, að við þm. kjördæmisins vorum sammála um það, það var samkomulag milli okkar um það, að ef upphæðin til hafna í okkar kjördæmi yrði ekki nema tæpar 4 millj. á árinu, þá yrðum við að fella okkur við þá skiptingu milli einstakra hafna, sem felst í till. meiri hl. fjvn. En þó að svo sé, þá teljum við, sem að þessum till. stöndum, að tilraun verði að gera til þess að fá þessi framlög nokkuð hækkuð. Og við höfum lagt til sérstaklega, að framlögin yrðu hækkuð til nokkurra hafna, þar sem áætlað er, að um allmiklar framkvæmdir verði að ræða á næsta ári.

Fyrsta brtt. okkar er um það, að framlagið til Hauganeshafnar verði hækkað úr 200 þús. kr. upp í 500 þús. kr. Hauganes í Árskógshreppi við vestanverðan Eyjafjörð er útgerðar- og verzlunarstaður, og útgerð fer þar nokkuð vaxandi. Fyrir nokkrum árum var þar byggður hafnargarður. En það hefur verið álit fróðra manna, að til þess að fá betra skjól og betri löndunaraðstöðu yrði að lengja þennan hafnargarð, sem jafnframt er bryggja, til nokkurra muna.

Nú í sumar var haldinn fundur í Hauganesi, og voru þar mættir þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla einkum þar í hreppnum. Vitamálastjórinn mætti einnig á þessum fundi. Þá var rætt um framkvæmd í höfninni, lengingu bryggjunnar á næsta sumri. Og fyrir nokkru hafa hreppsnefndar- og hafnarnefndarmenn þar ritað vitamálastjóra um þetta mál. Þeir fara fram á það, að veittar verði 500 þús. kr. sem ríkisframlag til þessarar framkvæmdar, og það er auðsætt mál, að ef ráðizt verður í þessa fyrirhuguðu framkvæmd, þá getur ríkisframlagið ekki orðið minna en það og sennilega meira.

Önnur till. er um að hækka framlagið til Raufarhafnar úr 550 þús. upp í 1 millj. Á Raufarhöfn hefur staðið yfir smíði hafnarbryggju, aðalhafnarbryggju til afgreiðslu flutningaskipa, sem hafnarsjóður byggir þar í stað gamallar trébryggju, sem var í eigu síldarverksmiðja ríkisins. Þetta er hið mesta nauðsynjafyrirtæki. Eins og kunnugt er, þá er Raufarhöfn einn af þeim stöðum hér á landi, þar sem mest er flutt út af gjaldeyrisvöru. Mikil umferð er um þessa höfn. Fjármál þessa mannvirkis standa þannig, eftir því sem ég kemst næst, að ef lagt er saman það, sem vangreitt verður af hálfu ríkissjóðs nú um áramótin, og það, sem ríkissjóði ber að greiða af áætlaðri framkvæmd á næsta ári, þá mundi ríkissjóður eiga að greiða samtals á því ári til þess að gera hreint borð rúmlega 2 millj. 600 þús. kr. Framlag samkv. till. þeirri, sem hér liggur fyrir áður, 550 þús., hrekkur því skammt, og það er hóflega í sakirnar farið að gera ráð fyrir, að upphæðin verði hækkuð upp í 1 millj., þegar málin standa svo.

Þriðja till. um þetta efni varðar Þórshöfn á Langanesi. Þar hefur staðið yfir hafnargerð, dýpkun og bygging hafnargarðs og hafskipabryggju. Jafnframt verður þar svo bátakví með löndunarbryggju fyrir báta, þegar mannvirkið er fullgert. Mál Þórshafnar standa þannig samkv. áætlun um framkvæmdir og upplýsingum um vangreiðslu um s. l. áramót, sem að vísu er ekki mikil, að þá ætti ríkishlutinn á árinu að vera 1936 þús. kr., ef ríkið ætti að greiða sitt að fullu. Lagt er til í till. frá meiri

hl. fjvn. og hæstv. ríkisstj., að upphæðin verði 600 þús. Við gerum ráð fyrir, að hún verði 1 millj., og stæði þó eigi að síður allmikið eftir.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þegar það alveg sérstaklega er haft í huga, að senn hlýtur að koma að því, að lögunum verði breytt á þann veg, að framlag ríkissjóðs til hafnargerðanna verði hækkað hlutfallslega, þá er það bersýnilega mjög aðkallandi að gera frekari ráðstafanir til þess heldur en gert hefur verið með tillögum af hálfu fjvn., að ekki safnist fyrir á næsta ári skuld hjá ríkissjóði vegna þess lága framlags, sem honum ber nú að greiða samkv. núgildandi lögum. En þegar á það er litið, ég kem að því aftur, að sumar hafnir hér á landi, þó að þær séu ekki margar, eru algerlega kostaðar af ríkissjóði, þar sem eru landshafnirnar, þá gefur auga leið, að breytingar í þessum efnum hljóta að vera skammt undan, að ríkisframlagið hlýtur að verða hækkað til hinna almennu hafnargerða, ef þá ekki verður farið inn á þá leið, að ríkið byggi sjálft allar hafnir, sem byggðar eru í almannaþágu á landinu.

Mál okkar þm. Norðurl. e. er aðeins hluti af þessu mikla alþjóðarvandamáli. Og þessar till., sem við flytjum hér, þessir þrír þm., snerta í rauninni jafnframt þetta almenna vandamál. Það er alveg óhjákvæmilegt að leggja af hálfu ríkisins meira fé til þessara framkvæmda, miklu meira fé en gert hefur verið undanfarið, og það sýnist eðlilegra, að ríkið leggi nú nokkuð ríflega fram til þessara framkvæmda, en að þróun málanna haldi áfram að vera á þann veg, að hafnarsjóðir séu látnir taka lán með ríkisábyrgð, sem þeir margir hverjir geta ekki greitt, á meðan hafnirnar eru hálfgerðar, hvað sem síðar kann að verða, og ríkissjóður verður þá að standa straum af eða hinn svo kallaði ríkisábyrgðasjóður, sem er í rauninni aðeins hluti af ríkissjóði. Þetta er vandamál, sem ríkisstj. og Alþingi þurfa áreiðanlega að gefa fullan gaum.

Þá flytjum við, þessir þrír þm., brtt. við 23. gr. fjárlagafrv. um heimild til að taka lán, allt að 3 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt, vegna Hálsavegar í Norður-Þingeyjarsýslu. Vegáætlun fyrir næstu 4 ár hefur nú alveg nýlega verið lögð fyrir Alþingi. Lög gera að vísu ráð fyrir, að hún sé lögð fyrir þingið samtímis fjárlagafrv., en að þessu sinni hefur ekki af því orðið. Enn hefur þingið ekki fjallað um þessa fyrstu vegáætlun til 4 ára og allt í óvissu um það, hvernig hún verður afgreidd. En auðsætt er það, að þær tekjur, sem vegasjóðurinn fær samkv. vegalögum, munu hrökkva of skammt til þess að sinna þeim framkvæmdum, sem mest aðkallandi eru á næstu 4 árum. Hæstv. ríkisstj. hefur þegar farið inn á þá leið og Alþingi að taka lán til ýmissa meiri háttar vegaframkvæmda, og við, sem stöndum að þessari till., leggjum til, að sú leið verði farin varðandi þá vegi, sem þar er um að ræða, til þess að þeir fjármunir, sem til úthlutunar verða á þessu svæði, geti orðið heldur drýgri til afnota við aðra vegagerð. Hálsavegur, sem hér er um að ræða, er, eins og ég hef áður lýst hér í þessum stól, samgönguæðin milli Raufarhafnar og meginbyggðar Þistilfjarðar. Hálsarnir, sem vegurinn er kenndur við, eru tveir: svokallaður Ytrihálsog svokallaður Fremrihálsi. Akfært er alla þessa leið og orðið fyrir nokkrum árum, en verulegur hluti leiðarinnar er aðeins ruddur vegur, sem oft verður ófær eða lítt fær. Nokkuð er komið áleiðis að byggja upp veg á Ytrihálsi, en vegamálastjóri áætlar, að það verk, sem þar er óunnið, kosti fram undir 2 millj. kr. Þá er eftir vegurinn á Fremrihálsi, sem kosta mun um 3 millj. kr., þannig að samkv. þessari áætlun ætti vegagerð sú eða uppbygging vegarins, sem eftir er af Hálsavegi, að kosta um 5 millj. kr. Við leggjum til, að upp í það verði 3 millj. kr. teknar að láni.

Áður var og er raunar enn akleið á sumrin um Öxarfjarðarheiði, og var um tíma ráðgert, að þar yrði framtíðarvegurinn á þessum slóðum milli byggða. En fyrir nokkru var ákveðið að byggja ekki upp Öxarfjarðarheiðarveg að svo stöddu, halda honum aðeins við, og að uppbyggingin færi fram á Hálsavegi. Hér er um að ræða fjölfarna leið, sérstaklega á sumrin um síldartímann, og mun þó verða enn fjölfarnari síðar.

Þá vil ég leyfa mér að mæla fyrir brtt., sem ég flyt ásamt 1. þm. Norðurl. e. við 14. gr. Hún er þess efnis, að framlag til Rímnafélagsins til útgáfustarfsemi, sem í fjárlögum mörg undanfarin ár hefur verið 20 þús. kr., verði hækkað upp í 30 þús. kr. Þetta félag, Rímnafélagið, vinnur að útgáfu handrita frá fyrri öldum, og er þar um merkilega starfsemi að ræða, en ekki fram á mikið farið. Stjórn Rímnafélagsins sendi hv. fjvn. umsókn um 20 þús. kr. hækkun, en n. hefur því miður ekki, enn þá a. m. k., séð sér fært að sinna þessu, og vildum við því freista að koma fram till. um 10 þús. kr. hækkun. En þessa till. viljum við hér með taka aftur til 3. umr. í þeirri von, að hv. n. athugi málið nánar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 163 og 165, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Till. sú, sem ég ætlaði nú að mæla fyrir, er ekki enn þá komin úr prentun, en hún er við 14. gr. B, XIV. Það er nýr liður og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Til ungmenna- og átthagafélaga eða annarra aðila til að gera héraðakvikmyndir 25 þús. kr.“ Ég hef leyft mér að flytja þessa till. ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e.

Við vitum það, að tímarnir breytast mjög óðfluga nú á okkar dögum. Lífsvenjur manna og störf, verkfæri og áhöld, allt er þetta stöðugum breytingum undirorpið og er að hverfa. Það, sem við notuðum á yngri árum, sem nú erum orðnir rosknir, það er að falla og hverfa

í fyrnsku. Nýtt kemur svo í staðinn. Ýmsir menn skrifa þjóðhátta- og aldarfarslýsingar, og það er vitaskuld góðra gjalda vert, til þess að geyma og vernda sem bezt frá glötun sögu og minningar frá liðnum tíma. Gamall málsháttur segir, að sjón sé sögu ríkari. Nú hafa ýmis ungmennafélög og átthagafélög á síðustu árum lagt í það eða tekið sér það fyrir hendur að gera kvikmyndir af bæjum og bólstöðum í hinum ýmsu héruðum og af fólkinu, sem þar lifir og starfar, af vinnubrögðum þess og áhöldum, af skemmtunum þess og áhugamálum og af andlegum viðfangsefnum einnig, ekki síður en hinum verklegu. Ég veit um ýmis félög, sem vinna að þessu. Þar á meðal er samband ungmennafélaganna á Suðurlandi. Það hefur nú á undanförnum 2 árum unnið að þessu verki í sveitum sunnanlands, reynt að ná sem mestu á kvikmynd af fornum heimilisháttum og vinnubrögðum, sem nú eru að hverfa úr sögunni. En vitanlega eru alltaf að hverfa úr sögunni smátt og smátt ýmsir þjóðhættir, sem áður tíðkuðust, og nýir koma í staðinn. Ég hygg, að við vildum gjarnan eiga myndir, jafnvel þótt það væru ekki kvikmyndir, þá vildum gjarnan eiga myndir af lífi og störfum kynslóðanna í landi hér á liðnum öldum. En við eigum ekkert slíkt. Við verðum að styðjast við það litla, sem við eigum til skrifað af þjóðháttalýsingum frá fyrri tímum. Ég tel það eitt af menningarmálum okkar nú á tímum að stuðla að því að ná sem mestu á kvikmyndir af þessu, sem ég hef verið að tala um, og ég tel, að þetta starf, sem ég hef verið að lýsa, að ungmennafélög og átthagafélög ýmis vinna nú að, sé þjóðnytjaverk. Þess vegna höfum við hv. 5. þm. Norðurl. e. tekið okkur til og flutt þessa litlu till., sem ég nú hef mælt fyrir. Ég geri ráð fyrir því, að við látum till. ekki koma undir atkv. nú við 2. umr., heldur geymum okkur það til 3. umr. í þeirri von, að fjvn. taki þetta mál til athugunar, og ég vil vonast til þess, að hún vilji gera þetta að sínu máli og leggja til, að þessi litla upphæð, sem farið er fram á, verði tekin inn á fjárlög.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja neinar almennar umr. um fjárlög, aðeins að minna á tvær till., sem ég er flm. að ásamt samflokksmönnum mínum úr Norðurl. e.

Við flytjum m. a. brtt. við 13. gr., þ. e. varðandi hafnarmálin, að í staðinn fyrir töluna 650 þús., þar sem talað er um Akureyri, komi 1 millj. Það er fyrirhugað nú á næsta ári að hefja allverulegar hafnarframkvæmdir á Akureyri, þ. e. a. s. fyrirhugað að stækka dráttarbrautina á Oddeyri, stækka hana svo mikið, að þar sé hægt að taka upp allt að 500 tonna skip. Og jafnframt er svo fyrirhugað að gera aðrar ráðstafanir þar í höfninni í því sambandi til þess að fullnýta slippinn. Og einnig er hugsunin sú að bæta skipasmíðaaðstöðu þarna á slippsvæðinu, því að nú er mikill hugur í Akureyringum um það að reyna að koma á fót stálskipasmíði og allmikill undirbúningur hafinn undir það mál og augljóst, að allt eru þetta mjög fjárfrekar framkvæmdir. Og það er eðlilegt, að það verði veitt til þess nú á fjárl. verulega há upphæð, og till. okkar er sú, — og er hún í samræmi við það, sem fram hefur komið hér almennt af hálfu okkar framsóknarmanna um aukið fé til hafnarframkvæmda yfirleitt, — að hækka þetta framlag frá því, sem komið hefur fram hér frá fjvn., upp í 1 millj.

Þá vil ég einnig minna á till., sem við flytjum, þm. Framsfl. úr Norðurl. e., við 22. gr. fjárlfrv. Það er heimild til þess að taka lán, allt að 3 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt, vegna Ólafsfjarðarvegar eða Múlavegar, sem svo er nefndur. Framkvæmdir hafa staðið í Múlavegi allt að því 10 ár nú, og það er svo komið, að ekki vantar nema herzlumuninn, til þess að hægt sé að ljúka honum, — aðeins herzlumuninn. Það munu vera um það bil 650 metrar eftir, til þess að endar nái saman, en þarna er þó um allerfiðan kafla af veginum að ræða og kostar mikið fé. Það litla, sem þó virðist vera eftir af vegarlagningunni, er talið að muni kosta um 5 millj., þ. e. að ljúka verkinu, auk þess sem eftir er að brúa Brimnesá í Ólafsfirði, sem er talsverð á, og þó gert ráð fyrir, að þarna verði um smábrú að ræða. En þetta er slæmur farartálmi á leiðinni, og þar þarf að gera vandaða brú. Það, sem einnig er eftir að gera í Múlavegi, er m. a. að mölbera allan veginn milli enda og breikka hann Ólafsfjarðarmegin og gera grindverk á hann í öryggisskyni, því að eins og kunnugt er, liggur Múlavegur í brattri fjallshlíð, er þar eiginlega höggvinn inn í fjallið við heldur erfiðar aðstæður, og neðan vegarins er snarbrött hlíð, hengiflug sums staðar niður til sjávar. Þarna verður þá að setja upp grindverk í öryggisskyni. Það er eitt af því, sem eftir er að gera þarna í Múlaveginum.

Það er óhætt að segja, að Múlavegurinn er ein hin merkasta vegarframkvæmd, sem nú er unnið að í okkar landi og mikið mannvirki. Hann kemur til með að rjúfa gamla einangrun Ólafsfjarðar og tengja Ólafsfirðinga við þær byggðir, sem þeir hafa yfirleitt haft aðalviðskipti við alla tíð, gegnum alla Íslandssögu, og kemur til með að stytta leiðina milli Ólafsfjarðar og Akureyrar um allt að 150 km og opnar m. a. Ólafsfirðingum nýjar leiðir eða nýja möguleika á sviði viðskipta- og athafnalífs, þannig að talið er líklegt, að þetta verði veruleg lyftistöng fyrir landbúnaðinn í Ólafsfirði, því að þá opnast bændum þar leið til þess að notfæra sér Akureyrarmarkaðinn, sem er að tiltölu mjög stór og hefur verið mikil lyftistöng fyrir landbúnaðinn í Eyjafjarðarsýslu að öðru leyti en því, að Ólafsfjörður hefur orðið þar verulega útundan vegna einangrunar sinnar. Því er það, að það er nauðsynlegt nú, það stendur þannig á, það er alveg nauðsynlegt að ljúka þessum einasta áfanga á Múlavegi, keppa að því að ljúka Múlavegi að fullu á næsta ári. En til þess að það megi

verða, er nauðsynlegt að afla verulegs lánsfjár í þessu skyni, og að mínum dómi er vart hægt að hugsa sér, að tekin verði lægri lánsfjárhæð en þær 3 millj., sem við höfum lagt til í okkar till. Raunar mætti hugsa sér þá upphæð hærri, en við höfum kosið að hafa hana ekki hærri að þessu sinni.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum í þessar till., vildi aðeins minna á þær.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Í framsögu hv. formanns fjvn. í dag kom fram, að fjárveiting til skólabygginga sé við það miðuð, að framlag ríkissjóðs sé að fullu greitt á 5 árum, frá því að bygging hefst. Til þess að svo megi verða, er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að miðað sé við kostnaðaráætlun, sem sé sem næst sanni, eftir því sem bezt má sjá fyrir á hverjum tíma. Í ræðu frsm. kom fram, að þetta hafi yfirleitt verið gert, og fjvn. umreiknar samkv. því þær tölur, sem fyrir liggja um fjárveitingar til skóla. Í einu tilviki er mér þó kunnugt um, að þetta hafi ekki verið gert og að till. fjvn. sé miðuð við eldri kostnaðaráætlun en fyrir hefur legið að undanförnu. Ég hef talið rétt að flytja till. um breytingu á fjárveitingu þeirri, sem hér er um að ræða. Það er brtt. við 14. gr. A, XIII, gagnfræðaskólahús á Selfossi, að í staðinn fyrir 875 þús. komi 2 millj. 625 þús. Sé miðað við, að byggingarkostnaður skóla sé 2200 kr. á rúmmetra, ætti fjárveitingin í ár að vera tvöföld sú upphæð, sem hér er tilgreind í till. fjvn. á þskj. 148, eða 1 millj. 750 þús. í stað 875 þús. Ef standast eiga ákvæði reglugerðar um greiðslu framlags til skóla á 5 árum, verður að bæta við þessa upphæð þeirri fjárhæð, sem vantalin var á fjárl. fyrir yfirstandandi ár, þ. e. a. s. 1964. Veitt var á þeim fjárl. 875 þús., og þyrfti þá að bæta við á fjárlög næsta árs jafnhárri upphæð, þ. e. 875 þús., til þess að unnt verði að láta greiðslurnar verða jafnar á 5 árum, sé miðað við 1964 sem fyrsta greiðsluár. Nú er við þetta enn að bæta því, að fyrsta fjárveiting til gagnfræðaskóla á Selfossi fór fram á árinu 1963, og voru þá veittar 500 þús. kr. til þessarar framkvæmdar. Ef miða ætti við 1963 sem fyrsta greiðsluár til þess skóla, ætti í árslok 1965 að vera lokið þriðja árinu, og þá þyrfti að bæta við enn þá í fjárl. næsta árs 1 millj. 250 þús., til þess að hlutur ríkissjóðs yrði þá talinn greiddur. Það er hins vegar ekki lagt til hér, að það verði gert, heldur aðeins að miðað sé við, að árið 1964 verði talið upphafsár. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að sveitarsjóður á Selfossi mun vera reiðubúinn til þess að standa við sinn hluta af fjárveitingum til skólans.

Um þörf fyrir þessa hækkun þarf ekki að fjölyrða. Selfossbær er í örum vexti og nálgast nú 2000 íbúa. Nemendafjöldi gagnfræðaskólans hefur tvöfaldazt á fáeinum árum, en skólinn býr við allsendis ófullnægjandi skilyrði hvað húsnæði snertir. Hann hefst við í húsakynnum barnaskólans og hefur þar til umráða 3—4 kennslustofur. Gagnfræðaskólann sækja nemendur frá fleiri sveitarfélögum en Selfossi, og hann er eini skólinn á Suðurlandsundirlendi með 4. bekk gagnfræðastigs. Ætlað er, að hann verði eini verknámsskólinn á Suðurlandsundirlendi. Ef fjárveitingar verða ekki færðar upp til samræmis við það, sem hér er lagt til, má telja, að byggingartíminn dragist svo lengi, að til hreinna vandræða horfi. Ég vænti þess, að hv. Alþingi taki þessa ábendingu um hækkun til vinsamlegrar athugunar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 165 hef ég leyft mér að flytja fáeinar brtt., allar við 14. gr. fjárl., og ætla ég að leyfa mér að fara um þær örfáum orðum.

Fyrst er þá brtt. við 14. gr. A, III, liður a. Það er til styrktar íslenzkum námsmönnum. Það er greinilegt, að þennan fjárlagalið þarf að hækka verulega, ef á að fara svo, að hverjum námsmanni um sig, bæði þeim, sem stunda nám erlendis og hér við Háskóla Íslands, — að hægt sé að gera ekki miður til þeirra í lánveitingum eða styrkveitingum heldur en s. l. ár. Ég hygg, að það séu ekki um það skiptar skoðanir, að okkur sé full nauðsyn á að hlynna að íslenzkum námsmönnum. Þeim fer eðlilega fjölgandi og verður að fara fjölgandi, ef vel á að vera. Það hlýtur að verða að miða fjárveitingar til þeirra, sem aðallega eru í formi lána, við það, að þeim fjölgar um a. m. k. 15% árlega og er vitanlega eðlilegt, það er nokkurn veginn sú fjölgun, sem verður á stúdentatölu nú á hverju ári. Ég hygg, að hér sé ekki farið lengra en bráðnauðsynlegt er til þess að halda þarna í horfinu. Ég legg til, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 14 millj. kr.

Önnur brtt. mín er um nokkra hækkun til skálda, rithöfunda og listamanna. Ég ætla ekki að fara nú að fjölyrða um þann sjálfsagða hlut að styrkja íslenzka viðleitni til þess að skapa menningarverðmæti, og það er okkur til vansa, að einmitt þessi fjárveiting, sem aldrei hefur verið sérlega há, hefur dregizt aftur úr. Það er ekki veitt nú hlutfallslega jafnmikið og gert var fyrir þó nokkrum árum, hvort heldur miðað er við fjárl. í heild eða miðað við tilkostnað almennt í þjóðfélaginu og hversu dýrt er orðið að lifa. Ég tel, að það megi ekki minna vera en þarna fáist fram nokkur leiðrétting, og hef leyft mér að leggja til, að upphæðin hækki úr 3.1 millj. í 5 millj. kr.

Næsta till. mín er um það, að styrkur til Bandalags íslenzkra leikfélaga verði hækkaður nokkuð, eða úr 150 þús. kr. í 400 þús. kr. Fyrir Alþingi liggur stjórnarfrv. um allverulega aukinn stuðning við leiklistarstarfsemi úti um land. Ég tel, að það frv. stefni mjög í rétta átt og sé til verulegra bóta, en hins vegar er alveg bráðnauðsynlegt, að því fylgi jafnframt aukinn stuðningur við bandalag það, sem þessi félög hafa stofnað með sér, til þess að afla margvíslegra tækja og aðstoðar, sem er þessari starfsemi lífsnauðsyn. Sem dæmi þess, að þarna hefur Alþingi áður litið svo á, að veruleg ástæða væri til þess að styrkja bandalagið, jafnframt því sem leikstarfsemin

úti um landið væri styrkt sérstaklega, skal ég nefna það, að árið 1959 fengu félögin úti um landsbyggðina samtals 206 þús. kr. í styrki, en bandalag þeirra mun þá hafa fengið 125 þús. kr. styrk. Nú er svo til ætlazt, að félögin úti um landið, önnur en Leikfélag Reykjavíkur, fái 1 millj. kr. í styrki, og ég tel það sízt of hátt, en bandalagið er samkv. fjárlagafrv. einungis með 150 þús. kr. styrk. Ég vil leggja áherzlu á það, að ef eitthvert samræmi á að vera þarna í milli, er nauðsynlegt, jafnframt því sem verið er að reyna að efla starfsemina í þessu efni úti um landsbyggðina, að miðstöð þessarar starfsemi, bandalaginu, sem útvegar félögunum leikrit, búninga og leikstjóra og veitir þeim margvíslega fyrirgreiðslu, því sé jafnframt gert kleift að halda uppi nauðsynlegri starfsemi í þessu efni.

Þá er ég hér með litla till. um að hækka svolítið lið, sem hefur verið á fjárlögum nokkur undanfarin ár til tónleikahalds erlendis, til þess að styrkja íslenzka tónlistarmenn til þess að flytja íslenzka tónlist fyrst og fremst á erlendum vettvangi. Þessi liður, sem hefur verið í nokkur ár á fjárl., 30 þús. kr. hverju sinni, mér er kunnugt um, að hann hefur komið að nokkru gagni, en er nú sakir vaxandi dýrtíðar og kostnaðar orðinn ófullnægjandi. Það hefur sýnt sig, að það er erfitt að skipta þessu litla fé, því að árlega eru það nokkrir aðilar, sem gjarnan vildu hafa möguleika á því að kynna íslenzka tónlist erlendis, og ég tel, að hóflegum fjármunum, sem til þess væri varið, sé vel varið. Till. mín er sú, að þessi litla fjárveiting verði hækkuð úr 30 þús. kr. í 60 þús. kr.

Loks flyt ég, einnig við 14. gr., till. um nýjan lið, það er til listfræðslu og listkynningar innanlands samkv. ákvörðun menntamálaráðs 300 þús. kr. Fyrir nokkrum árum var sú starfsemi hafin eða gerð tilraun með hana á vegum menntamálaráðs og ríkisútvarpsins. Það var nefnt „list um landið" og farið á allmarga staði með tónlist, með leiklist í litlum stíl, með myndlist, og rithöfundar fóru og lásu upp úr verkum sínum. Þessu var mjög vel tekið, og var greinilegt, að þarna var um brýna þörf að ræða. Tilkostnaður var að vísu nokkur, sérstaklega að fá listamennina til þess að undirbúa sig og æfa, en eftir að það var komið í kring, mátti segja, að þessi starfsemi stæði að allverulegu leyti undir sér, þar sem aðsókn var góð og aðgangur seldur, þó að aðgangseyri væri mjög í hóf stillt. Ég tel, að þarna eigi að taka upp þráðinn að nýju. Nú eru víðs vegar um land komin upp myndarleg samkomuhús, félagsheimilin, og það er skylda hins opinbera að aðstoða almenning úti um landsbyggðina til þess að hagnýta þessi samkomuhús á menningarlegan hátt, og ég hygg, að það verði ekki öllu betur gert með öðru en því að skipuleggja slíka starfsemi, sem hér gæti verið um að ræða, fá góða listamenn til þess að ferðast um og flytja og sýna list sína. Það má í mörgum tilfellum sameina þetta. Til að mynda virðist fara mjög vel á því að kynna bókmenntir og tónlist samtímis og jafnvel myndlist einnig.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar till., en vænti þess, að á þær verði litið með skilningi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við þessa 2. umr. fjárl. hef ég leyft mér á þskj. 163 að leggja fram nokkrar brtt. við fram komnar till. fjvn. Þessar till. mínar snerta allar hafnarframkvæmdir og lendingarbætur, og þeir 4 staðir, sem ég legg til að fái nokkuð hækkaða fjárveitingu til hafnarframkvæmda, eru allir í Norðurlandskjördæmi vestra. Norðurl. v. er sá landshluti, sem að allra dómi býr við lakast atvinnuástand hér á landi, eins og glöggt kom fram í bráðabirgðaáliti atvinnumálanefndar, sem kjörin var á síðasta þingi til að fjalla um þau mál. Ég sé ekki ástæðu til þess að hefja umr. um atvinnuástandið í þessu kjördæmi. Það er margrætt mál af minni hálfu hér á Alþingi. En ég kemst hins vegar ekki hjá því að benda á, að einmitt þessi landshluti, sem nú á í slíkum erfiðleikum, fær það nú í ofanálag, að fjárveitingar til hafnarframkvæmda eru skornar stórkostlega niður. Í fyrra voru fjárveitingar til hafnarmannvirkja og lendingarbóta samtals um 17½ millj., og þar af runnu í þetta kjördæmi um 1400 þús. kr. Nú hafa fjárveitingarnar í heild verið hækkaðar um 2 millj., en á sama tíma skreppur framlagið í þennan landshluta niður í 1 millj. Það er að sjálfsögðu erfitt að gera samanburð á kjördæmum í þessum efnum. Það eru mismunandi margar hafnir í kjördæmunum og mismunandi stórar. Þörfin er misjaflega mikil o. s. frv. Það er vissulega ástæðulaust af einstökum þm. kjördæmanna að fara að bítast um þessa 10 millj. kr. fjárveitingu. En hitt er þó staðreynd, sem við hljótum að horfast í augu við, að fjárveitingar til hafnarframkvæmda í þetta kjördæmi eru alveg sérstaklega smávaxnar, ef miðað er við önnur kjördæmi. Það væri mjög freistandi að bera þennan landshluta saman við aðra og sjá, hve munurinn er gífurlegur, en ég ætla nú ekki að gera það, því að eins og ég sagði, tölurnar eru villandi og samanburðurinn ekki að öllu leyti sanngjarn. En hitt er þó ekki óeðlilegt að mínu áliti, að reynt sé að bera saman framlögin seinasta ár við það, sem nú á að verða, og þá kemur strax í ljós, að það er alveg furðulegur niðurskurður á fjárveitingum einmitt í þennan landshluta, þar sem atvinnuástandið nú er svo bágborið, á sama tíma og heildarupphæðin vex töluvert.

Ég vil þá nefna þessa fjóra staði, sem ég hef gert till. um.

Fyrst er þá að nefna stærsta staðinn, þ. e. a. s. Siglufjörð. Hann fékk á seinustu fjárl. 600 þús. kr. Nú á að skera Siglufjarðarbæ niður um 200 þús., þ. e. a. s. niður í 400. Ég hef aðeins flutt till. um það, að Siglufjörður haldi því, sem hann hafði á seinasta ári, og fái 600 þús. kr. í þetta sinn einnig. Bærinn hefur vissulega mikla þörf fyrir það að fá þetta fé,

sérstaklega varðandi uppbyggingu svonefndrar Innrihafnar, og þó að 600 þús. kr. væru að sjálfsögðu allt of lítil fjárupphæð, þá væri það allmiklu skárra en láta skera hana niður í 400. Ég endurtek sem sagt, að ég legg aðeins til, að Siglufjörður fái það sama og hann fékk í fyrra, en verði ekki skorinn niður um um það bil 1/3. Og ég tel, að þetta hljóti að kallast heldur hógvær till. og ekki farið fram á mikið.

Þá er að nefna Sauðárkrók. Hann fékk seinast 450 þús. kr. Nú á hann að fá 100 þús., skorið niður um 350 þús. Ég hef einungis flutt till. um það, enda þótt þörfin sé mikil á þessum stað, að hann haldi því sama og hann fékk í fyrra og verði ekki skorinn niður um þessi 350 þús., enda getur enginn neitað því, að þetta er allverulegur niðurskurður. Á Sauðárkróki eru ýmis bráðnauðsynleg verkefni að vinna að, sem ég hirði ekki að rekja hér, og bærinn hefur vissulega þörf fyrir að fá þetta, þótt það verði ekki nema 450 þús.

Þá er að nefna Skagaströnd, þriðja staðinn. Hann fékk í fyrra 250 þús. kr. á fjárl., en í þetta sinn á Skagaströnd ekki að fá grænan eyri, og þetta er einn af örfáum stöðum á öllu landinu, sem ekki fær eina einustu krónu til hafnarframkvæmda, er gersamlega skorinn niður í ekki neitt. Ég held, að það sé alls ekki til of mikils mælzt, að Skagaströnd fái það sama og í fyrra, og þó að ég viti, að 250 þús. kr. dugi að vísu ekki mikið, þá held ég, að ég geti fullyrt í samræmi við upplýsingar, sem ég hef fengið frá Skagaströnd, að þar eru fjöldamörg smærri verkefni að vinna að og mikil þörf fyrir fjárveitingu. Það bætist ofan á með Skagaströnd, eins og reyndar hina staðina, sem ég hef nefnt, að þeir eiga allir inni verulegar fjárhæðir hjá ríkinu fyrir verk, sem þegar hafa verið unnin, og ríkið skuldar þessum stöðum. Það er vissulega ástæðulaust að láta mannvirki þau, sem hafa verið byggð á Skagaströnd, grotna niður. Þar að auki held ég, að vinna við hafnarmannvirki þar væri tiltölulega skynsamleg og hagsýn atvinnubótavinna, en þar ríkir nú hið mesta neyðarástand í atvinnubótamálum, eins og alþjóð mun kunnugt.

Ég hef nefnt hérna þrjá staði, sem samtals fengu í fyrra 1350 þús., en fjvn. gerir nú ráð fyrir, að þessir staðir verði skornir niður um talsvert meira en helming, þ. e. a. s. alveg niður í 500 þús., — ég endurtek: úr 1350 þús. og niður í 500 þús. Ég legg sem sagt til, að þessir staðir fái það sama og þeir fengu í fyrra. Ég verð að segja, að það eru heldur kaldar kveðjur frá Alþingi, ef þeir staðir, sem eiga núna í tímabundnum erfiðleikum í atvinnumálum, og það meira að segja næstum einu staðirnir á landinu, þar sem menn ganga atvinnulausir, — ef einmitt þessir staðir eru skornir svo miskunnarlaust niður, á meðan heildarfjárveitingin er hækkuð. Ég hef oft heyrt talað um það af hálfu ríkisstj., að stjórnarandstöðuþm. séu að flytja till., sem séu ekki annað en gaspur og yfirboð, en ég held, að ég geti leyft mér að segja, að þessi till. mín og krafa sé hvorki yfirboð né óraunhæf óskhyggja, heldur fyrst og fremst sanngjörn og sjálfsögð krafa, að þessir staðir fái það sama og þeir fengu í fyrra. Og ég trúi ekki öðru en hv. alþm. styðji þessa till.

Fjórði staðurinn er svo aftur á móti Hofsós. Ég get leyft mér að fullyrða, að óvíða á landinu er annað eins ástand í hafnarmálum og á Hofsósi. Höfnin þar hefur verið algerlega vanrækt, og Hofsós hefur ekki fengið neina peninga í höfnina þar um árabil. Höfnin er full af leir og óhreinindum og mjög erfitt að athafna sig þar með stærri báta. Það kemur glöggt fram í áliti n. þeirrar, sem ég gat um áðan og skipuð var til að fjalla um atvinnuástand víða um landið, að meginástæðan til þess, hvernig komið er fyrir Hofsósi, er einmitt sú, hve aðstæður við höfnina eru slæmar. Þar er mjög erfitt að gera út stærri báta, og ein aðaltill. hjá þessari ágætu n. er einmitt sú, að lítið verði á hafnarmál Hofsósbúa af einhverjum skilningi.

Í fyrra, eins og reyndar mörg önnur undanfarin ár, fékk Hofsós ekki eina einustu krónu, og þá flutti ég till. um 400 þús. kr. fjárveitinga. Ég rökstuddi hana í talsverðu máli, man ég var, og las þá m. a. upp bréf frá oddvita staðarins, þar sem hann lýsir þessu hörmungarástandi. Ég sé því ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum. (**Forseti:** Mætti ég biðja hv. ræðumann að gera aðeins hlé á ræðu sinni, meðan leitað er afbrigða fyrir brtt.?) Það er sjálfsagt. — [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 166 og 167, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds [frh.]: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki eftir nema örfá orð til að ljúka ræðu sinni, því að ég var einmitt að ræða um seinustu brtt., sem ég geri við till. fjvn. Ég var að ræða um hafnarmál Hofsósbúa og minnti á það, að ég flutti hér í þinginu í fyrra till. um að veita 400 þús. kr. fjárveitingu til hafnarinnar í Hofsósi, en á síðustu fjárl. var ekki gert ráð fyrir neinu fé til Hofsósbúa. Þessi till. var felld, og nú hefur það hins vegar gerzt, að fjvn. hefur flutt sjálf till. um, að Hofsósbúar fái 400 þús. kr. fjárveitingu. Ég þarf ekki að taka það fram, að það er fengur fyrir heimamenn á Hofsósi að fá þessa viðurkenningu af hálfu Alþingis og fjvn. á þörfinni, sem er á staðnum, að höfnin þar verði bætt. Hins vegar er mér kunnugt um, að þessi upphæð er allt of lág, til þess að unnt sé að nota hana til nokkurra verka. Og ég get leyft mér að fullyrða það, að jafnvel þó að Hofsós fái þessa 400 þús. kr. fjárveitingu, mun vitamálaskrifstofan ekki sjá ástæðu til þess að gera nokkuð í hafnarmálum Hofsóss á þessu ári, vegna þess að fyrir svo lítla fjárhæð er, að því er mér skilst, sáralítið hægt að vinna. Hins vegar mundi dæmið sjálfsagt líta svolítið öðruvísi út, ef Hofsós hefði fengið í fyrra 400 þús. kr., eins og ég lagði þá til, og fengi

svo þessa viðbót nú. En svo er ekki. Ég hef þar af leiðandi lagt til, að Hofsós fái nú þegar 700 þús. kr. E. t. v. hefði verið réttast að leggja fram till. um 1 millj. eða eitthvað þar yfir. Það hefði verið nær því, sem Hofsós þarf á að halda. En ég hef haldið mig við þessa upphæð, vegna þess að það er sama upphæðin og hæstu upphæðirnar, sem hv. fjvn. gerir að till. sinni til annarra hafna á landinu, og ég hef ekki viljað fara upp fyrir þá tölu. En ég er hræddur um, að þessi tala sé algert lágmark, enda er þörfin, eins og ég tók fram áðan, alveg sérstaklega brýn á þessum stað. Ég vil leyfa mér að efast um, að hafnarmálum sé jafnilla komið á nokkrum stað á landinu og á þessum.

Ég vil enn undirstrika það, sem ég hef sagt hér, að ég held, að þessar till. séu ákaflega hógværar, og kannske eru þær allt of hógværar, því að þarfirnar krefjast vissulega miklu hærri upphæða. Ég hef aðeins farið fram á, að þessir þrír staðir, sem ég nefndi fyrst, fái sömu úrlausnina og þeir fengu í fyrra og þeir verði ekki skornir niður við trog, þó að illa ári nú í þessum landshluta í þetta sinn. Einmitt vegna þess, hversu illa árar, tel ég það ekkert annað en hina furðulegustu ósvífni að ætla að fara að skera þessi litlu framlög, sem voru í fyrra, svo gersamlega niður.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að byrja á því að óska þess, að hæstv. forseti athugi, hvort fjmrh. og samgmrh. eru ekki hér í húsinu. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er nú kominn, en gott væri einnig að fá samgmrh., hann var hér nýlega. Ég hef hér mál að flytja, sem ég kysi, að þeir hlýddu á. (**Forseti:** Hæstv. samgmrh. mun nú líklega vera farinn úr húsinu, hann var hér fyrir skammri stundu.) Ég verð þá líklega að láta mér nægja að hafa hæstv. fjmrh. sem áheyranda.

Eftir þeim skýrslum, sem fram hafa komið frá vegagerð ríkisins, hafa verið tekin ríkislán á þessu ári, sem nú er að líða, til vegagerða, líklega fullar 50 millj. kr. Og mér virðist, að ríkisstj. hafi ekki verið búin að afla sér heimildar fyrir þessum lántökum. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um það hér á þingi, að það hafi verið rétt að taka þessi lán til vegaframkvæmdanna, því að menn munu allir vera sammála um, að það væri nauðsynlegt að hrinda þessum framkvæmdum áfram og þá fyrir lánsfé, úr því að ekki var fé í ríkissjóði til að kosta þær þegar. En ég held, að þarna vanti ábyrgðarheimildir, eins og ég sagði, fyrir röskum 50 millj. kr., aðallega fyrir lántöku til Reykjanesbrautar, einnig nokkuð til Ólafsvíkurvegar og Ólafsfjarðarvegar. Þetta hefði hæstv. ríkisstj. vafalaust getað fengið hér á þingi, þegar fjárlög voru afgreidd í fyrra, en henni hefur láðst að fara fram á slíkt. En það er sagt, að betra sé seint en aldrei, og ég vil því benda hæstv. stjórn á, að hún ætti að afla sér þessara heimilda, t. d. nú í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, og þá þyrfti sennilega að veita meiri heimildir til lántöku vegna vegagerða, því að samkv. því, sem fram kemur í þeirri till., sem nýlega var lögð hér fram frá vegagerð ríkisins um framkvæmdir á árinu 1965, er gert ráð fyrir lántökum á næsta ári til nokkurra vega, t. d. til Siglufjarðarvegar ca. 11 millj. kr., einnig til Ólafsfjarðarvegar 4 millj., og vafalaust má telja, að enn þurfi að taka lán vegna Reykjanesbrautar, því að það mun mikið óunnið við þann veg enn. Þessu vildi ég beina til hæstv. fjmrh., að hann tæki þetta til athugunar, áður en afgreiðslu fjárlagafrv. lýkur, því að það sýnist vera hentugt fyrir stjórnina að fá þessar heimildir inn í fjárlög.

Ég flyt ekki við þessa umr. fjárlagafrv. neina till. um fjárveitingar úr ríkissjóði. Ekki er það vegna þess, að ekki sé brýn þörf fyrir meiri fjárframlög í mitt kjördæmi. Þar eru margar nauðsynjaframkvæmdir, sem fé skortir til, ekki síður en annars staðar á landinu. En ég geri ráð fyrir því, að ég og aðrir þm. úr því kjördæmi athugum þetta mál fyrir 3. umr. og munum þá bera fram till., ef okkur sýnist að athuguðu máli einhver von um, að það muni bera árangur. En ég flyt hér eina brtt. við fjárlagafrv., og hún er, eins og ég sagði, ekki um auknar fjárveitingar úr ríkissjóði, heldur um að bæta dálítið hag ríkissjóðs. Þessari till. minni ætti því að vera sérlega vel tekið, einkum af þeim, sem láta sér annt um afkomu ríkissjóðsins. Till. mín er á þskj. 166 og er sú fyrsta á því skjali. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp. Hún er við 3. gr. A, sundurliðun 2, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og hljóðar þannig:

„Við liðinn komi svo hljóðandi aths.: Óheimilt er að veita nokkrum öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt frá verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands."

Till. samhljóða þessari bar ég fram á síðasta þingi sem brtt. við frv. hæstv. ríkisstj. um breytingu á áfengisl., en það mál dagaði uppi í hv. Nd., og till. mín kom aldrei undir atkvæði deildarmanna. Er málið var til meðferðar á síðasta þingi í allshn. Nd., óskuðum við tveir nm., ég og hv. 4. þm. Sunnl., eftir upplýsingum um, hvaða aðilar það væru, sem fengju áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins með niðursettu verði. Við fengum svar við þessari spurningu, og þar kom fram, að þeir, sem hafa fengið áfengi keypt með lága verðinu, eru forseti Íslands, handhafar forsetavalds, meðan forsetavaldið er í þeirra höndum, ríkisstjórn, ráðherrar og ráðuneyti, Alþingi, forseti sameinaðs Alþingis og aðrir forsetar, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, forstjóri þeirrar verzlunar, Eimskipafélag Íslands, Ríkisskip, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli. Það var tekið fram, að áfengi það, er skipafélögin kaupa, þau er ég nefndi, sé einungis selt í siglingum milli landa og

komi því ekki til neyzlu innanlands og Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli selji aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra úr landinu og það áfengi, sem hún fær með lága verðinu, komi því ekki heldur til neyzlu innanlands.

Þetta mál hefur verið til meðferðar nokkrum sinnum hér á þingi áður. Ég flutti fyrst tillögu um það fyrir 18 árum, á Alþingi 1946, og á næsta þingi þar á eftir flutti ég og nokkrir aðrir hv. þm. tillögu um sama efni, og ég hygg, að síðan hafi tillögur um þetta mál verið fluttar sjö sinnum á hv. Alþingi, og þær hafa stundum verið fluttar af þm. úr öllum þingflokkum, en þó ekki náð fram að ganga. Mér þykir rétt að reyna enn að koma þessu máli fram, því að nú eru komnir nýir menn á þing, sem ekki áttu hér sæti, síðast þegar slík tillaga var borin undir atkv. þm., og vel getur verið, að þeir hafi annað viðhorf til þessa máls heldur en hinir eldri.

Því er haldið fram af sumum mönnum, að þeir, sem njóta sérréttinda hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, þurfi á þeim að halda vegna risnuskyldu, sem á þeim hvíli. En þetta er mesti misskilningur. Ríkið á að bera kostnað af þeim opinberu veizlum, sem óhjákvæmilegt eða rétt þykir að halda, en ekki einstakir ráðherrar eða aðrir embættismenn, enda er það ríkið, sem ber þennan kostnað. Auðvitað væri það viturlegast að fella með öllu niður vínveitingar í veizlum ríkisins og ríkisstofnana. Og það hafa oft verið fluttar tilllögur á Alþingi um að gera það. Ef þetta væri gert, þá er mjög trúlegt að það gæti haft góð áhrif á aðrar stofnanir og einstaklinga í þjóðfélaginu. En jafnvel þó að haldið verði áfram enn um sinn að veita áfengi í ríkisveizlum, er það fjarri öllum sanni, að nokkur ástæða sé til að selja það áfengi með kostnaðarverði frá Áfengisverzlun ríkisins. Ríkið hefur engan hagnað af því, að áfengi og tóbak, sem notað er í veizlum, sem haldnar eru á kostnað ríkisins, sé selt með sérstaklega lágu verði. Veizlukostnaðurinn verður að vísu hærri, ef þetta er fengið með útsöluverði, en hagnaður af Áfengis- og tóbaksverzluninni þeim mun meiri, svo að útkoman er sú sama fyrir hið opinbera. En þessari reglu, sem fylgt hefur verið, fylgir sá stóri ókostur, að eftir þeirri leiðslu, sem flutt hefur vínið til veizluhalda ríkisins, hefur einnig runnið vín með sama lága verðinu til nokkurra einstakra manna til persónulegra nota fyrir þá. Þetta er að mínu áliti óhæfa, sem þarf að uppræta. Hjá verzlunum ríkisins eiga allir að búa við sömu viðskiptakjör.

Ráðherrar hér á landi höfðu lengi fremur lág laun, miðað við ýmsa aðra menn í þjóðfélaginu. En árið 1963 fengu þeir verulega bætt sín kjör, eins og aðrir opinberir starfsmenn, og nú er svo komið, að ég hygg, að þeir geti vel borgað sjálfir þær vörur, sem þeir nota á heimilum sínum, ekki síður en aðrir landsmenn, og því sé engin þörf að láta þá fá fjárstyrk til heimilishalds hjá einni ríkisverzlun. Það er einnig algerlega óþarft, að einkasala ríkisins hlynni sérstaklega að forsetum Alþingis. Þeir hafa enga þörf fyrir slíkt.

Áfengismálið er mikið vandamál hjá þjóðinni og hefur lengi verið. Oft er talað um nauðsyn þess, að unga fólkið sneiði hjá áfengi og tóbaki, því að margir munu sammála um, að æskufólki sé óhollt að venja sig á vín og tóbak. En það eitt er ekki nóg að tala um þessi mál. Áhrifamesta bindindisboðunin meðal æskufólks væri vafalaust gott fordæmi hinna eldri. En meðan hinir eldri og þeirra á meðal ýmsir helzu ráðamenn í þjóðfélaginu hafa áfengi svo mjög um hönd sem þeir gera nú, er hætt við, að margt ungt fólk taki upp þær óhollu venjur.

Sú skoðun hefur verið ríkjandi, því miður, að vínið sé svo mikilsvert, að rétt sé að veita sumum æðstu mönnum landsins opinberan styrk til að kaupa það og nota. Þetta er eitt af því, sem hefur valdið erfiðleikum fyrir þá menn, sem leitast við að leiða unga fólkið burt frá áfenginu. Ég er að vona, að viðhorf manna hér á hv. Alþingi séu nú það breytt í þessum málum, að þessi tillaga mín á þskj. 166 verði samþykkt við atkvgr. um fjárlagafrv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 154, 156, 157 og 160, 148, 149, 150, 159, 161, 163, 165, 166, 167).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 148,1—2 samþ. með 47 shlj. atkv.

— 166,I felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, IG, JSk, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB.

nei: BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BF.

EystJ, HermJ, KK greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að ég komist ekki hjá því að vekja athygli hv. þm. á einu ákvæði í þingsköpum, sem virðist hafa fallið úr minni margra þeirra. Í 44. gr. þingskapa segir svo: „Enginn þm. má greiða atkv. með fjárveitingu til sjálfs sín."

Till. mín er um að fella niður það, sem gilt hefur áður, að einstaka menn, fáir þó, hafa fengið vörur hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins með langtum lægra verði en almennt gerist þar í viðskiptum, og nokkrir af þessum mönnum eiga sæti hér á Alþingi. Vegna þessa ákvæðis í þingsköpum vil ég benda á það, að ég tel, að ef einhverjir þessara manna greiða atkv. gegn minni till., og sumir hafa gert það, sjálfsagt af vangá, nú þegar, þá beri ekki að telja mótatkv. þeirra með öðrum mótatkv.,

sem greidd eru við þessa atkvgr. Þessu vildi ég skjóta til hæstv. forseta, þegar hann fer að úrskurða um úrslit atkvgr. — Ég segi já.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 150,1—3 felld með 32:12 atkv.
— 148,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 150,4 kom ekki til atkv.
— 148,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 150,5—8 felld með 34:11 atkv.
— 148,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 150,9 felld með 39:11 atkv.
— 148,6.a samþ. með 34 shlj. atkv.
— 165,I samþ. með 35 shlj. atkv.
— 148,6.b, svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 148,7 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 150,10 felld með 36:9 atkv.
— 148,8—11 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 150,11 felld með 27:10 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 150,12 tekin aftur.
— 148,12—15 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 161,I felld með 30:25 atkv.
— 148,16—17 samþ. með 39 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 149,1 felld með 31:24 atkv.
— 150,13 felld með 28:27 atkv.
— 148,18—19 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 159,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 148,20—22 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 150,14 felld með 31:22 atkv.
— 148,23.1 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 167 felld með 31:20 atkv.
— 148,23.2—3 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 163,I.1 tekin aftur.
— 148,23.4—6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 163,I.2 felld með 31:24 atkv.
— 148,23.7 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 163,I.3 felld með 32:26 atkv.
— 148,23.8 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 163,I.4 felld með 30:26 atkv.
— 148,23.9—10 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 161,II tekin aftur.
— 148,23.11—12 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 161,III.a felld með 32:23 atkv.
— 148,23.13 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 163,I.5 felld með 31:25 atkv.
— 148,23.14—18 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 166,II felld með 28:23 atkv.
— 148,23.19—21 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 166,III felld með 31:24 atkv.
— 148,23.22—23 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 163,II felld með 28:23 atkv.
— 148,23.24—25 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 166,IV felld með 29:25 atkv.
— 148,23.26—27 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 163,III.1 felld með 29:25 atkv.
— 148,23.28—31 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 163,III.2 felld með 31:27 atkv.
— 148,23.32—37 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 166,V.1 felld með 28:22 atkv.
— 148,23.38—39 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 163,IV felld með 28:23 atkv.
— 148,23.40 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 163,V felld með 29:27 atkv.
— 148,23.41 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 163,VI.1 felld með 29:24 atkv.
— 148,23.42 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 163,VI.2 felld með 29:24 atkv.
— 161,III.b felld með 30:25 atkv.
— 148,23.43—44 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 163,VII.1 felld með 31:26 atkv.
— 148,23.45—48 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 161,III.c felld með 32:23 atkv.
— 148,23.49—50 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 163,VII.2 felld með 31:23 atkv.
— 148,23.51—52 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 166,V.2 felld með 30:20 atkv.
— 148,23.53—54 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 161,IV tekin aftur.
— 148,24 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 163,VIII tekin aftur.
— 149,2 felld með 31:24 atkv.
— 161,V.1 tekin aftur.
— 148,25—33 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 161,V.2 felld með 29:25 atkv.
— 148,34 samþ. með 39 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþykkt með 33 shlj. atkv.
Brtt. 148,35—36 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 163,IX.1 felld með 30:27 atkv.
— 665,II tekin aftur.
— 163,IX.2 tekin aftur.
— 165,III tekin aftur.
— 148,37—51 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 166,VI tekin aftur.
— 148,52—53 samþ. með 47 shlj atkv.
— 150,15 tekin aftur.
— 148,54.a samþ. með 45 shlj. atkv.
— 165,IV samþ. með 37 shlj. atkv.
— 148,54.b, svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
— 149,3 felld með 29:24 atkv.
— 150,16 felld með 27:23 atkv.
— 149,3 til vara felld með 31:24 atkv.
— 148,55—56 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 149,4—5 felld með 29:26 atkv.
— 148,57—59.a samþ. með 40 shlj. atkv.
— 165,V.1.a—b felld með 30:21 atkv.
— 148,59.b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 165,V.1.c felld með 30:19 atkv.
— 148,60—64 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 165,V.2 felld með 30:21 atkv.
— 166,VII tekin aftur.
— 148,65—71 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 166,VIII tekin aftur.
— 165,VI.1 felld með 29:24 atkv.
— 163,X felld með 28:22 atkv.
— 150,17 felld með 30:18 atkv.
— 148,72 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 165,VI.2 felld með 32:26 atkv.
— 148,73—79 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 165,VI.3 tekin aftur.
— 161,VI tekin aftur.
— 148,80—81 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 150,18 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós.
nei: MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, BF.
BP greiddi ekki atkv.

Brtt. 148,82—85 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 165,VI.4 tekin aftur.
— 165,VII tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 148,86—97 samþ. með 33:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 149,6 felld með 26:22 atkv.
— 148,98—99 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 149,7 felld með 30:24 atkv.
— 148,100 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 149,8 felld með 31:21 atkv.
— 148,101—102.j samþ. með 44 shlj. atkv.
— 161,VII.1.a felld með 27:22 atkv.
— 148,102.k samþ. með 34 shlj. atkv.
— 161,VII.1.b tekin aftur.
— 148,102.l—116.a samþ. með 41 shlj. atkv.
— 148,116.b tekin aftur.
— 148,117—119 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 150,19 felld með 29:22 atkv.
— 149,9 felld með 30:24 atkv.
— 150,20 felld með 29:11 atkv.
— 148,120 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 163,XI.1 felld með 26:23 atkv.
— 165,VIII samþ. með 41 shlj. atkv.
— 163,IX.2—3 felld með 29:18 atkv.
— 148,121 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 149,10—11 felld með 30:23 atkv.
— 149,12.a felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, **EðS.**
nei: EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, BF.
BP greiddi ekki atkv.
1 þm. (AG) fjarstaddur.

Brtt. 150,21 felld með 24:23 atkv.
— 149,12.b felld með 26:16 atkv.
— 148,122 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 149,13 tekin aftur.
— 150,22 tekin aftur.
— 148,123 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 149,14—15 felld með 27:22 atkv.
— 148,124 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 149,16 tekin aftur.
— 149,17 felld með 24:19 atkv.
— 148,125 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 163,XI.4 felld með 27:17 atkv.
— 148,126 samþ. með 40 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 148,127—128 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 150,23 felld með 30:20 atkv.
— 148,129—130 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 149,18—19 felld með 28:21 atkv.
— 148,131 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 165,IX.1 felld með 26:22 atkv.
— 150,24 tekin aftur.
— 148,132—135 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 165,IX.2 felld með 27:13 atkv.
— 148,136—138 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 165,X samþ. með 44 shlj. atkv.
— 148,139 kom ekki til atkv.
— 148,140—142 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 150,25 felld með 28:21 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 33:2 atkv.
19. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 149,20—23 felld með 31:21 atkv.
— 163,XII felld með 29:22 atkv.
— 149,24 felld með 29:18 atkv.
— 148,143—145 samþ. með 33 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 159,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 148,146 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 163,XIII tekin aftur.
— 149,25 felld með 27:24 atkv.
— 165,XI tekin aftur.
— 166,IX tekin aftur.
— 166,X tekin aftur.
— 148,147 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 161,VII.2 tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 21. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 171, 201, 203, 204, 205, 206, 207, 208, 216).

Afbrigði um brtt. 204, 205, 206, 207, 208 og 216, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Við 2. umr. var gerð grein fyrir því, að enn væru hjá n. nokkur mál og erindi, sem eftir væri að ganga frá og gera till. um. Þá gat ég þess einnig, eins og fram kom í nál. meiri hl. n., að enn væru til athugunar tekjuliðir frv., m. a. með hliðsjón af því, hvort unnt væri að mæta stórauknum greiðslum úr ríkissjóði til niðurgreiðslna á vöruverði innanlands, um leið og gera þyrfti ráðstafanir til að jafna þann greiðsluhalla, sem þá þegar var orðinn á fjárlagafrv. Öll þessu atriði voru þá til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., en till. hennar hér um hafa nú undanfarna daga verið hér til umr. í báðum hv. þd.

Það mátti öllum hv. alþm. vera augljóst, að ef áfram yrði haldið á þeirri braut, sem

mörkuð var í júnísamkomulaginu, þ. e. a. s. að halda sem mest niðri framfærsluvísitölunni með það fyrir augum, að jafnvægi í kaupgjaldsmálum héldist, varð ekki hjá því komizt að auka allmikið niðurgreiðslur á vöruverði innanlands úr ríkissjóði umfram það, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Verði frv. ríkisstj. um hækkun söluskattsins um 2% samþ., má gera ráð fyrir, að töluliður 8 í 2. gr. frv. hækki um 245 millj. 100 þús. kr. Þá hefur ríkisstj. ákveðið að nota heimild og hækka leyfisgjald af bifreiðum og bifhjólum um 25%. Er sú breyting talin hækka tekjur á þessum lið um 28 millj. kr. Þá hefur farið fram frekari endurskoðun á öðrum tekjuliðum frv. Hefur n. fengið nýjar upplýsingar frá forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar, Jónasi Haralz, og með hliðsjón af þeim leggur meiri hl. n. til, að 2. tölul. 2. gr., aðflutningsgjöld, hækki um 36 millj. frá frv. Þar af fara til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5% eða 1 millj. 800 þús. kr. Hækkar því liðurinn nettó um 34 millj. og 200 þús. kr. Þá er 10. liðurinn, umboðsþóknun og gengismunur gjaldeyrisbankanna, hækkaður um 3 millj. kr. Samtals hækka þá tekjuliðir 2. gr. frv., verði þessar till. samþ., um 310 millj. 300 þús. kr.

Ég mun þá gera nokkra grein fyrir þeim till., sem n. flytur sameiginlega og eru á gjaldabálki frv. Við 7. gr. er lagt til, að liðurinn „vextir af innlendum lánum" hækki um 837 500 kr. Er það vegna nýrrar lántöku til byggingar menntaskólans í Reykjavík, sem ríkissjóður tók, eftir að gengið var frá fjárlagafrv., og því nauðsynlegt að taka tillit til.

Við 11. gr. leggur n. til, að gerðar verði nokkrar breytingar. Við 11. gr. A, 10. tölul., er lagt til, að undirliðirnir, sem merktir eru bókstöfunum c—o, að báðum liðunum meðtöldum, verði sameinaðir í einn lið, er orðist þannig: Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, sbr. 4. gr. l. nr. 59/1963. Er lagt til, að upphæðin verði 1.3 millj. kr., en það er hækkun um 45 þús. kr. umfram það, sem nú er samtals í þessum liðum frv. — Við 11. gr. A, 11. tölul., er lagt til, að komi nýr liður: viðhaldskostnaður við fangahúsið í Reykjavík 300 þús. kr. Reykjavíkurborg greiðir helming, svo að hækkunin verður raunverulega 150 þús. — Til vinnuhælisins að Litla-Hrauni er lagt til, að launaliðurinn hækki um 200 þús. kr. Er hér um leiðréttingu að ræða. — 11. gr. A, 12. tölul., bygging fangahúsa, lagt er til, að liðurinn hækki um 200 þús. kr. Samkv. bréfi, sem n. barst frá dómsmrn., er talið, að eftirtalin fangahús séu í byggingu eða verði byggð á næsta ári, þ. e. á Húsavík og á Sauðárkróki auk Patreksfjarðar, eins og fram kom við 2. umr. málsins. — Fyrir n. lágu erindi frá Stórstúku Íslands, áfengisvarnaráði, einstaklingum og félagasamtökum um fjárbeiðnir til eflingar bindindisstarfsemi í landinu. Bæði Stórstúkan og áfengisvarnaráð lögðu á það áherzlu að fá aukna fjárveitingu í því skyni, að unnt væri að ráðia 1—2 nýja erindreka til þess að hafa á hendi erindisrekstur fyrir bindindismálin. N. leggur til, að þessu mikilsverða málefni og óskum fyrrnefndra aðila verði mætt með því að hækka framlag til áfengisvarnaráðs um 250 þús. kr. og byggingarstyrkur til templarahallar verði 500 þús. kr.

Þá er lagt til, að á 13. gr. A, liðurinn III, til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, hækki um 30 þús. kr. — Til flugmála er lagt til, að hækkaður verði til flugumferðarstjórnar á Reykjavíkurflugvelli d-liðurinn, annar kostnaður, um 382 þús. Er hér um leiðréttingu að ræða og nauðsynlega hækkun. — Til Ferðaskrifstofu ríkisins er lagt til, að d-liður, annar kostnaður, hækki um 200 þús. kr., og til sama vegna þátttöku Íslendinga í sameiginlegri landkynningarstarfsemi Norðurlandaþjóða hækkar um 107 500 kr. Er það sú upphæð, sem kemur i hlut Íslendinga að greiða. — Til lagfæringar og fegrunar á hverasvæðinu í Hveragerði er lagt til að veittar verði 200 þús. kr. Hér er um landareign ríkisins að ræða. Er ekki talið vansalaust af hálfu þess opinbera, ef ekki verður bætt úr frá því, sem nú á sér stað, enda er hér um að ræða þann stað á landinu, sem hvað flestir erlendir ferðamenn heimsækja á hverju ári.

Til reiknistofu háskólans er lagt til að veittar verði 1 752 000 kr. Er hér um að ræða þá upphæð, sem á vantar, að gjöf Framkvæmdabanka Íslands nægi til kaupa á rafeindareikni vél þeirri, sem háskólinn hefur keypt og hin myndarlega gjöf Framkvæmdabankans var miðuð við. — Þá er lagt til, að liðurinn til styrktar íslenzkum námsmönnum hækki samtals um 1 842 305 kr. En heildarupphæðinni er nú lagt til að verði skipt þannig, að inn kemur nýr liður, fimm ára styrkir, að upphæð 1 millj. og 400 þús. kr. — 10 þús. kr. hækkun til rekstrar tannlæknaskólans er leiðrétting vegna misritunar. — Til handíðaskólans hækkar liðurinn „annar kostnaður" um 20 þús. kr. — Þá koma næst tvær leiðréttingar varðandi framlag til skóla og íþróttahúsa, sem eru í byggingu. Nemur sú upphæð samtals 705 þús. kr. Skiptingu á fjárveitingu á milli staða varðandi framlög til nýrra skólahúsa og skólastjóraíbúða var ekki lokið fyrir 2. umr. Á þskj. 201, á bls. 2, eru till. n. hér um. Ég sé ekki ástæðu til að lesa upp nöfn einstakra skólahúsa eða upphæðir til þeirra, en leyfi mér að vísa til þess, sem fram kemur á þskj. Þær breyt., sem um er að ræða á þessum liðum frv. til hækkunar, eru: til barnaskólahúsa 80 þús. kr., til gagnfræða- og héraðsskólahúsa 165 þús. kr. — Í fjárlfrv. er á 14. gr. A, XLI. liðurinn: yfirvinna fastra kennara o. fl., að upphæð 10 millj. kr. Sama upphæð er einnig í gildandi fjárl. Upphæð þessi var sett inn í fjárl. 1964 vegna sérstakra samninga í framhaldi af kjaradómi og þá aðeins hugsuð í eitt skipti. Verulegur hluti af því, sem hér um ræðir, er að áliti n. þegar kominn inn í rekstrarliði skólanna. Leggur því n. til, að fjárveiting þessi lækki um 8 millj. kr., eins og fram kemur á þskj. 203.

Þá eru till. n. um, að upp verði teknir nokkrir nýir liðir á 14. gr. A: Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna kostnaðar við landskeppni 50 þús. kr. Til Nýja stúdentagarðsins, viðhalds-

kostnaður, 1 millj. kr. Telur stjórn stúdentagarðanna brýna þörf á mjög kostnaðarsömum framkvæmdum og endurbótum á Nýja stúdentagarðinum, og er talið, að öllu viðhaldi hússins sé mjög ábótavant.

14. gr. B. Lagt er til að hækka lítið eitt framlag til Þjóðræknisfélags Íslendinga, eða um 12 þús. kr. — Til varðveizlu gamalla húsa á Ísafirði er till. um 150 þús. kr. Þessi hús, sem hér um ræðir, er talið að séu með elztu húsum í landinu. Er nú ákveðið, að a. m. k. eitt þeirra verði að rífa og flytja á næsta ári. Með hliðsjón af því hefur nefndin fallizt á að gera tillögu um umræddа fjárveitingu. — Til Hólafélagsins er till. um 25 þús. kr. styrk. — Þá er lagt til, að samþykkt verði 1 millj. kr. fjárveiting til amtsbókasafnsins á Akureyri. Er það í því skyni, að þar verði unnt að varðveita bókasafn Davíðs Stefánssonar skálds í sérstökum salarkynnum, ef Akureyrarbær ákveður að kaupa safnið.

Á 15. gr. er einn nýr liður, til vatnsveitu í Skálholti 200 þús. kr.

Þá eru nokkrar brtt. við 16. gr. A. Kemur þar fyrst till. um 50 þús. kr. til tilraunaráðs búfjárræktar. — Þá eru leiðréttingar á milli stofnlánadeildar landbúnaðarins og jarðræktartilrauna vegna stofnkostnaðar, að upphæð 150 þús. kr. Hér er aðeins um tilfærslu á upphæð að ræða.

Þá koma næst till. n. um skiptingu á fé til fyrirhleðslna, en sá liður frv. hafði ekki fengið afgreiðslu fyrir 2. umr. Ástæðan fyrir því var m. a. sú, að fyrir n. lágu nú fleiri erindi um fjárbeiðnir í þessu skyni en áður hefur átt sér stað. Hér er um mál að ræða, sem n. er nokkur vandi á höndum með að leysa á raunhæfan hátt. Í sumum tilfellum stendur svo á, að ekki eru fyrir hendi nægar upplýsingar um heildarkostnað og enn fremur ekki nægar upplýsingar um atriði, sem miklu máli skipta, eins og t. d. það, að með fyrirhleðslu á einum stað getur það leitt af sér, að umrætt vatnsfall beinist að öðru landi og valdi þar skemmdum, sem jafngildi því, sem bætt hefur verið. Um öll þessi mál hefur fjvn. leitað, eins og vant er, umsagnar vegamálastjóra og óskað tillagna frá honum. Í áliti vegamálastjóra frá 24. nóv. s. l. kemur m. a. eftirfarandi fram: „Beiðnir um fé til varnar landbroti af völdum straumvatna fara vaxandi með ári hverju og er það eðlileg afleiðing aukinnar ræktunar. Þar sem fé til fyrirhleðslna er eðlilega nokkuð takmarkað, verður tæpast hjá því komizt framvegis að fá umsögn sérfróðra manna um ræktun og búskap um hvert einstakt mál af þessu tagi, svo að fá megi hlutlægt mat á þeim verðmætum, sem verið er að bjarga. Verkfræðingar vegagerðarinnar hafa ekki slíka sérþekkingu, og virðist eðlilegt, að ráðunautar Búnaðarfélags Íslands verði þar til kvaddir.“ Um tillögur n. varðandi skiptingu á fé til fyrirhleðslna vil ég að öðru leyti leyfa mér að vísa til þess, sem fram kemur á þskj. 201, og tel ekki ástæðu til þess að lesa upp einstakar fjárveitingar. Heildarupphæðin er samkv. tillögu n. sú sama sem nú er í frv.

Til veiðimálaskrifstofunnar er lagt til að hækka liðinn „annan kostnað“ um 50 þús. kr. — Til Landssambands hestamanna er lagt til að hækka um 75 þús. kr.

Þá er á 16. gr. A, tölul. 42, stafl. j, till. um, að liðurinn orðist eins og þar segir: Ný skólahús, greiðsluár 1964—68. Þetta er leiðrétting frá því, sem er í frv., en þar segir, að greiðslutíminn sé 1965—69. Fjárveitingar þessar eru í framhaldi af því, sem samþykkt var á s. l. ári, en ekki um nýja áfanga að ræða. Talið er, að samkv. þessum tilllögum n. verði mögulegt að halda á eðlilegan hátt áfram framkvæmdum við þær byggingar, sem hér um ræðir. N. leggur því til, að þessi liður verði lækkaður um 2 millj. kr. núna, verði 2 millj. kr. lægri en till. n. voru á þskj. 148.

Á 16. gr. B, til Fiskifélags Íslands, er till. um 100 þús. kr. hækkun. — Þá er till. um 150 þús. kr. fjárveitingu til greiðslu kostnaðar við athugun á hávaða í járnskrúfum fiskiskipa. Hér er um vandamál að ræða, sem þó er talið mögulegt að ráða bót á. Ýmsar athuganir eða rannsóknir, sem gera verður í þessu sambandi, verða án efa allkostnaðarsamar. Í bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem n. barst um mál þetta, er talið hugsanlegt, að fiskimálasjóður mundi einnig veita nokkurt fé í þessu sama skyni. Væri þá e. t. v. eðlilegt, að sú framkvæmd, sem hér ætti sér stað, færi fram undir eftirliti fiskimálasjóðs. Hér er um vandamál að ræða, sem fyrst og fremst snertir aðgerðir á síldveiðiflotanum.

Til iðnskólans í Reykjavík er lagt til, að fjárveiting til byggingar skólans hækki um 1 millj. kr. — Enn fremur er lagt til, að upp verði tekinn nýr liður, styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði 1 125 000 kr. — Þá er lagt til, að hækkað verði framlag til Samvinnuskólans í Bifröst um 230 þús. kr.

Á 17. gr. eru till. um nokkrar breytingar. Er þar lagt til, að liðurinn til orlofsheimila verkalýðssamtaka hækki um 1 millj. kr. — Til starfskvennaskóla Sumargjafar er lagt til, að hann hækki um 50 þús. kr. — Til neytendasamtakanna er till. um 50 þús. kr. hækkun. — Til Æskulýðssambands Íslands til hjálpar þróunarlöndunum er till. um 75 þús. kr. — Byggingarstyrkur til Barðstrendingafélagsins vegna framkvæmdanna í Bjarkarlundi er lagt til að verði 75 þús. kr.

Við 18. gr. gerir n. till. um allmargar breyt., svo sem venjulegt er. Alls eru þar till. til hækkunar, sem nema um 240 þús. kr. Að öðru leyti vísast til þess, sem er á þskj. 201.

Á 19. gr. eru till. n. um breyt., sem hér segir: Til niðurgreiðslna á vöruverði innanlands, liðurinn hækkar um 207 millj. Til uppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur er till. n. um lækkun, sem nemur 5 millj. kr. Er það með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem n. fékk hjá forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar, Jónasi Haralz, en hann telur, að rétt sé að miða við

þá upphæð, sem hér er lagt til. — Þá er till. um, að inn komi nýr liður: Hækkun útgjalda vegna áætlaðrar 3% launahækkunar, og nemur sú upphæð 42 millj. kr.

Á 20. gr. er lagt til, að liðurinn „afborganir lána ríkissjóðs“ hækki um 833 334 kr. Upphæð þessi er í sambandi við lán þau, sem ég áður hef minnzt á til byggingar menntaskólans í Reykjavík. — Þá er till. um 1 millj. kr. fjárveitingu til byggingar ketilhúss o. fl. við Kleppsspítalann. Er þessi fjárveiting til þess, að unnt verði að halda áfram með þær framkvæmdir, sem byrjað var á nú í sumar og talið er óhjákvæmilegt að haldið verði áfram með. Eins og ég gat sérstaklega um við 2. umr. málsins, kynnti fjvn. sér mál þetta á síðasta ári, og leggur hún einróma til, að þessi fjárveiting verði samþykkt. — Til byggingar nemendabústaðar við menntaskólann á Laugarvatni er nýr liður, að upphæð 2 millj. kr. — Til embættisbústaða héraðsdómara er till. um 500 þús. kr. hækkun á þeim lið. — Til kaupa á jörðinni Mávahlíð í Lundarreykjadal er till. um 200 þús. kr. fjárveitingu. Talið er nauðsynlegt, að fjárræktarbúið á Hesti eignist jörð þessa, en lönd jarðanna liggja saman. — Þá er lagt til að taka inn nýjan lið: Tækniskólinn, stofnkostnaður 1 millj. kr.

Á 22. gr. eru tillögur um eftirtalda nýja liði: Að kaupa jörðina Mávahlíð í Lundarreykjadal fyrir fjárræktarbúið að Hesti. — Að kaupa Nesstofu og Viðeyjarstofu ásamt hæfilegri lóð. — Að greiða allt að 75 þús. kr. til endurbóta á byggðasafni að Hnjóti, Rauðasandshreppi. — Að verja allt að 2½ millj. kr. til þátttöku í stofnkostnaði og rekstri sölumiðstöðvar í London fyrir íslenzkar matvörur. — Að endurgreiða Eiríki Bjarnasyni veitingamanni í Hveragerði aðflutningsgjöld af sýningarvélasamstæðu. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað. — Að selja þrjár lóðir undir geymsluskálum Vegagerðar ríkisins á Selfossi, ef viðunandi boð fæst, eða hafa á þeim makaskipti, ef betur þætti henta, enda verði andvirði lóðanna varið til þess að afla hentugra lands undir skálana á Selfossi eða í næsta nágrenni.

Þá er að lokum till. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 204 um að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1965. Sama gildir um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákvæðin eru í fjárlögum 1965. Hér er um sömu ákvæði að ræða og í gildi voru á yfirstandandi ári.

Verði tillögur fjvn., sem hún flytur sameiginlega á þskj. 201 og 203, og tillögur meiri hl. n. á þskj. 202, samþ., hækka tekjuliðir frv. um 310 millj. og 300 þús. kr. og gjaldabálkur frv. um 251 473 571 kr. Heildarniðurstöður fjárlagafrv. eru því þær, að á rekstraryfirliti frv. eru tekjur samtals 3 523 085 000 og gjöld samtals 3 301 833 764 kr. Rekstrarafgangur verður því 221 251 236 kr. Á sjóðsyfirliti er teknamegin 3 529 185 000 kr. og á gjaldaliðum 3 512 107 932 kr., eða greiðsluafgangur 17 077 068 kr.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum meiri hl. fjvn. við þessa umr. og till., sem n. flytur sameiginlega, og legg til, að þær verði samþykktar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. fyrir viku gerði ég ráð fyrir því, að við þessa 3. umr. þeirra mundi ég ræða nokkuð tekjuhlið frv. og enn fremur taka til athugunar nokkur atriði, sem fram komu í nefndarálitum og ræðum framsögumanna hinna tveggja minni hl. fjvn. En síðan hefur ríkisstj. lagt fram á Alþingi frv. til l. um hækkun söluskatts, og í grg. þess frv. og umr. um það hefur allt þetta mál, einnig fjárlagadæmið í heild, verið tekið til ýtarlegrar meðferðar. Ég sé því ekki ástæðu til þess nú að fara að endurtaka það, sem komið hefur fram í þessum umræðum í báðum deildum, auk þess sem útvarpsumræður eru nú í kvöld um þetta sama mál. Ég mun því ekki lengja þessar umr., en vil þakka fjvn. og sérstaklega formanni hennar fyrir mjög ötult starf, en í sínu mikla starfi hefur hann, eins og venja er til, starfað í nánu samráði við mig.

Varðandi tekjuáætlunina sjálfa vísa ég til þeirrar grg., sem form. og frsm. n. gaf hér áðan.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hafði gert ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. mundi ræða nokkuð um fjárlagaafgreiðsluna við þessa umr., þar sem hann vék sér alveg frá því við 2. umr. málsins. En hann hefur einnig kosið að víkja sér frá umræðunni í þetta sinn, og kemur það nokkuð undarlega fyrir, en er þó e. t. v. skiljanlegt.

Ég ætla að víkja hér fyrst að till. þeim tveim, sem 1. minni hl. fjvn. flytur við þessa umr., en eins og kunnugt er, tókum við aðeins tvær till. aftur við atkvgr. um fjárlagafrv. við 2. umr. þess. Það voru till. um að taka upp 500 þús. kr. fjárveitingu til atvinnudeildar háskólans vegna endurnýjunar á rannsóknarsal deildarinnar, en í því skyni var veitt 1 millj. kr. fjárveiting á yfirstandandi fjárl. Það lá fyrir fjvn. við 2. umr., að þetta verk hefði farið 500 þús. kr. fram úr áætlun og fjárveitingu skorti til að greiða það. Við gerðum till. um, að þessi fjárveiting yrði veitt við 2. umr. málsins, en töldum þó hyggilegt að bíða átekta til 3. umr., og hefur nú n. tekið þessa till. upp og gert hana sameiginlega að sinni till. Enn fremur frestuðum við við 2. umr. málsins 200 þús. kr. fjárveitingu til byggingardeildar atvinnudeildar háskólans, en þessi deild var stofnuð á árinu 1964, og hún hefur hugsað sér að taka upp sjálfstæðar byggingarefnarannsóknir. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni við 2. umr. þessa máls, að hér er nauðsynjaverk á ferðinni, en til þess að það verði af hendi leyst, verður að veita fé til framkvæmdanna, og um það er sótt. Nú reynum við á það við 3. umr.

fjárl., hvort þessi litla 200 þús. kr. till. nýtur náðar hv. þm. eða ekki. Og það kemur þá greinilega fram, hvort talið um að taka vísindin í þágu atvinnuveganna hefur við rök að styðjast eða ekki. Ef hv. Alþ. getur ekki lagt þessi 200 þús. fram í því skyni, ættu menn að hvíla sig á slíku tali næstu vikurnar á eftir.

Þá flytjum við við þessa umr. eina nýja till., sem er framkvæmdaáætlun um að koma upp íslenzku sjónvarpi. Eins og áður hefur komið fram hér í umr. á hv. Alþ., hefur það verið stefnumál okkar og áhugamál, að upp kæmi íslenzkt sjónvarp. Og okkur er ljóst, að því erlenda sjónvarpi, sem ríkir eitt hér á landi nú, verður ekki útrýmt nema með íslenzku sjónvarpi. Þess vegna leggjum við á það áherzlu, að nú verði ákveðin framkvæmdaáætlun við að koma upp íslenzku sjónvarpi, og leggjum till. þar að lútandi fram við þessa umr. fjárl.

Enda þótt hæstv. fjmrh. viki ekki að því hér áðan, hefur það komið fram í umr., bæði hér á hv. Alþingi og eins í blöðum stjórnarsinna, að við framsóknarmenn hefðum sýnt mikið ábyrgðarleysi í sambandi við tillögur okkar við 2. umr. fjárl. og sé það gagnstætt þeirri ábyrgð, sem komi fram hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Út af þessu langar mig til þess að víkja nokkrum orðum að þessum fullyrðingum og þeim ummælum, sem fram hafa komið, og því nýja viðhorfi, sem skapazt hefur með flutningi á söluskattsfrv., sem hér liggur nú fyrir til afgreiðslu í hv. Nd.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég tel, að það sé hlutverk stjórnarandstöðunnar við fjárlagaafgreiðsluna að gera meiri kröfur til fjárveitinga heldur en ríkisstj. Mér er það fullkomlega ljóst, að ef stjórnarandstaðan gerði ekki meiri kröfur en stjórnarflokkarnir, yrði hér fljótlega steinrunnið og lítið um framkvæmdir og uppbyggingu í þessu landi. Þess vegna ber stjórnarandstöðunni, ef hún er sæmilega ábyrg, að gera meiri kröfur um fjárveitingar, en hins vegar skiptir mestu máli, að það sé til góðra og nytsamlegra mála, sem fjárveitinganna er krafizt. Og ég tel, að þó að við höfum verið hófsamir í þessu, eins og ég skal leiða rök að, hafi þessi kröfugerð okkar undanfarin þing þó borið nokkurn árangur. Ég vil t. d. nefna það, að við höfum á undanförnum þingum flutt till. um hækkun til fiskileitar, síldarrannsókna og síldarleitar. Þessar fjárveitingar voru mjög lágar, en þær hafa þó hækkað ár frá ári, m. a. og kannske fyrst og fremst vegna þess, að við höfum á hverju þingi flutt tillögu um fjárveitingu í þessu skyni. Ég vil líka segja það, að það, sem náðist í vegamálunum á s. l. ári, er einnig framhald af þeim kröfum, sem við höfum haldið uppi í þessu skyni. Sama er að segja um hafnarmálin og fleiri málaflokka, þar sem nokkuð hefur áunnizt, m. a. vegna þess, að stjórnarandstaðan hefur gert kröfur til þess að sækja lengra.

Í sambandi við tillögur okkar og þetta tal um ábyrgðarleysi vil ég geta þess, að á árunum 1960—63 hafa tekjur umfram fjárlög verið á ríkisreikningum þessara ára 690 millj., og greiðsluafgangurinn hefur verið 365 millj. þetta sama tímabil. Þetta sýnir, að úr verulegum fjárhæðum hefur verið að spila og það hefur verið á rökum reist, þegar við höfum haldið því fram, að hægt væri að áætla tekjurnar hærri en gert hefur verið og þær mundu sýna sig verulega hærri en áætlun fjárl. gefur til kynna. Nú hefur því verið haldið hér fram á hv. Alþ. í sambandi við árið 1964, að það muni ekki gefa greiðsluafgang eða tekjur umfram fjárlög muni reynast þar harla litlar. Eins og kom fram við 2. umr. fjárl. hér á hv. Alþingi, hafði fjvn. ekki borizt yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs til nóvemberloka, eins og það lá fyrir, eða yfir neinn annan mánuð ársins. Þetta gerði það að verkum, að ekki var auðvelt að átta sig á því, hvernig staðan mundi verða á yfirstandandi ári. Nú hefur hins vegar þetta yfirlit borizt, og það sýnir, að tekjur til nóvemberloka eru orðnar 2 milljarðar 276 millj. kr., en á tekjuáætlun fjárl. voru 2 milljarðar 690 millj. kr. Nú er við þetta mál það að athuga, að á tekjuáætlun fjárl. voru áætlaðar vegna benzínskatts og þungaskatts af bifreiðum tekjur ríkissjóðs, sem voru 104 millj. kr. Í þetta tekjuyfirlit ríkissjóðs, sem nú liggur fyrir í nóvembermánaðarlok, eru ekki teknar með tekjur af benzínskatti eða þungaskatti nema upp á 13 millj. kr., vegna þess að slíkur skattur rennur nú beint í vegasjóð, en ekki til ríkissjóðs, eins og áður var. Þetta jafngildir því, að tekjur ríkissjóðs hefðu verið áætlaðar í fjárlagafrv. um 2600 millj. kr., en ekki 2690, eins og gert var, þegar þessi tekjuliður er niður felldur og tillit er tekið til þess, sem í þessu uppgjöri er tekið með. Þegar við berum nú saman tekjur þær, sem komnar eru í nóvembermánaðarlok, og tekjur þær, sem urðu í desembermánuði s. l., þykir mér ekki óeðlilegt að áætla, að tekjur ársins 1964 fari ca. 200 millj. kr. fram úr áætlun fjárlagafrv. Mér sýnist, að allt þetta bendi til þess, að svo geti orðið, þegar þetta er tekið með í dæmið. Út af útgjaldahliðinni í þessu yfirliti, sem fyrir fjvn. var lagt um stöðuna í nóvemberlok, skilst mér, að það séu talin með öll útgjöld vegna niðurgreiðslna, en samkv. lögum, sem samþykkt voru hér í jan. s. l., var þeim tekjustofni, þeim viðbótarsöluskatti, sem þá var samþ., ætlað að greiða ríkissjóði milli 80 og 90 millj. kr. vegna of lágrar áætlunar á niðurgreiðslum og 55 millj. kr. til Tryggingastofnunar ríkisins. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef beztar fengið, er ekki farið að telja þetta með í ríkistekjunum, en hins vegar eru gjöldin, eins og þau eru orðin, talin fullkomlega í yfirlitinu sem tekjur og gjöld í nóvembermánuði. Þess vegna virðast mér þarna liggja eftir um 100 millj. kr., og þá er það mín skoðun, að það muni sýna sig sem fyrr, að tekjur ríkissjóðs reynist verulega meiri en áætlað var í fjárlagafrv.

Nú vil ég líka bæta því við, að við í stjórnarandstöðunni höfum nokkra ástæðu til þess að taka varlega tekjuáætlanir hæstv. ríkisstjórnar. Dæmin um umframtekjurnar tvö síðustu árin

hef ég nefnt. En þessu til viðbótar vil ég svo taka áætlunina um tekjur ríkissjóðs á fjárlagafrv. 1965, því sem hér er nú til 3. umr. Tekjuáætlun fjárlagafrv. var upp á 3 milljarða 212.8 millj. kr. Þann 16. des. s. l. mætti á fundi fjvn. forstjóri Efnahagsstofnunar ríkisins ásamt fulltrúa sínum. Þeir lögðu þar fyrir á fundinum nýja tekjuáætlun, sem þeir töldu byggða á niðurstöðum nýjustu rannsókna um þessi efni. Og þessi tekjuáætlun lækkaði tekjuliði fjárlagafrv. um 75 millj. kr. á næsta ári frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., þegar það var lagt fram í haust. Þess vegna sýndist útlitið öllu svartara þá en við höfðum fyrir okkur, þegar fjárlagafrv. sjálft var skoðað. Hins vegar skeði það 18. des., eða 2 dögum seinna, að meiri hl. fjvn., stjórnarsinnarnir, lagði fram nýja tekjuáætlun, sem var 37.2 millj. kr. hærri en tekjuáætlun fjárlagafrv. eða 112.2 millj. kr. hærri en tekjuáætlun forstjóra Efnahagsstofnunarinnar tveim dögum áður. Og það gerðist fleira þennan sama dag, því að hæstv. ríkisstj. var þá búin að leggja fram frv. um söluskatt og gerði ráð fyrir því að hækka hann í 8%, en lækkaði hann svo hinn 16. des. um ½% eða um 68 millj. kr. Þegar þessir liðir eru svo teknir saman, annars vegar lækkunin á söluskattinum, hins vegar hækkunin á tekjuáætluninni frá till. forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, er þetta breyting upp á 180 millj. kr. Þetta er framkvæmd hinnar ábyrgu ríkisstj. og meiri hl á Alþingi á meðferð fjárlagaafgreiðslunnar hér á hv. Alþingi.

Og þá er rétt í framhaldi af þessu að bera saman ábyrgð hinna óábyrgu, eins og stjórnarliðarnir kalla okkur, sérstaklega framsóknarmennina, vegna tillögugerðar okkar hér á hv. Alþingi við 2. umr. fjárl. En till. þær, sem við bárum fram, 1. minni hl. hv. fjvn., voru upp á 157 millj. kr., því að það eru alveg ný fræði, sem stjórnarblöðin hafa tekið upp, að taka upp sem útgjöld á fjárl. það, sem samþykkt er á heimildagrein fjárlagafrv. Ef sú regla ætti að takast upp, mundu fjárl. hækka allverulega hjá hæstv. ríkisstj., og finnst okkur hv. þm., að þau hækki nóg, þótt þeirri reglu sé ekki beitt. Það þýðir, að við höfum því flutt till., sem hafa um 30 millj. kr. minni áhrif á fjárlagafrv. heldur en breyting þeirra sjálfra á tekjuáætlun frv.

En ég vil svo geta þess út af þessu tali um okkar óábyrgu afstöðu, að við fjárlagaafgreiðslu fyrri ára fluttum við samtals við 2. umr. fjárlaga 1962 og 1963 till. til hækkunar á útgjaldahlið fjárl., sem voru 93.5 millj. kr. umfram það, sem voru beinar leiðréttingar vegna niðurgreiðslna og atvinnuleysistryggingasjóðs, sem stjórnin sjálf framkvæmdi. En á þessum 2 árum urðu umframtekjur ríkissjóðs umfram fjárlög 625 millj. kr. og greiðsluafgangurinn 286.5 millj. kr. Þetta sýnir hið mikla ábyrgðarleysi okkar í stjórnarandstöðunni, að við erum með till. samtals innan við 100 millj. kr. á tveim árum, þegar fjárl. skila ríkinu yfir 600 millj. umfram áætlun. Þetta er gott að hafa í huga nú, þegar hin ábyrga ríkisstj. hæstv. leggur fyrir sín háu fjárlagafrv., og ég veit ekki, hvort það verður talið til sérstakrar ábyrgðar eða góðrar búmennsku, þegar fjárlög hækka um nærri því 1 milljarð á milli ára, eins og á sér stað frá árunum 1962—1963, ef vegamálin væru tekin með á sama hátt og gert var við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra. Mér finnst, að þeir, sem þannig halda á fjármálum ríkisins, hafi ekki efni á því í raun og sannleika að tala mikið um ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar, auk þess sem það hefur sýnt sig, að vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur haft rúmar hendur í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, hefur eyðsla farið vaxandi í landinu, eins og ég sýndi fram á við 2. umr. fjárlagafrv., og alls konar umframgreiðslur, sem ekki hefðu átt sér stað með sama hætti, ef ekki hefði verið svo ríflega skammtað sem raun ber vitni um.

Ég vil svo þessu til viðbótar aðeins víkja lítils háttar að þeim brtt., sem við fluttum hér við 2. umr. fjárlagafrv. Við lögðum þar til að hækka til vegamálanna um 60 millj., og gerði ég grein fyrir því máli, m. a. þar sem það er stefnumál okkar framsóknarmanna, að allir sérskattar skuli ganga til vegagerðarinnar, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þegar við síðar á þessu þingi förum að afgreiða vegamálin, finnum við til þess, að fjárveitingarnar eru lágar, en þó mun það sýna sig betur, þegar fram í sækir. Ég vil taka dæmi máli mínu til sönnunar. Það er gert ráð fyrir því í vegáætluninni, sem hér liggur fyrir, að á næstu fjórum árum hækki fjárveiting til vegaviðhaldsins ekki nema um 5 millj. kr. frá ári til árs, þ. e. verði 90 millj. á árinu 1965, en í lok áætlunarinnar 105 millj. kr. Hvernig hefði nú farið, ef slík áætlun hefði gilt fyrir árin 1962—1965. Á árinu 1962 voru 60 millj. kr. veittar til vegaviðhaldsins og 62 var eytt. En nú á árinu 1965 verða það 90 millj. Hækkunin er um 30 millj. eða helmingi meira en þeir ætlast til að hækkunin verði á næstu 4 árum. Hver vill svo halda því fram, að það sé ofgert við vegaviðhaldið á Íslandi, þrátt fyrir það þó að svo stórfelld hækkun hafi átt sér stað á þessum árum miðað við það, sem á að vera. Og ég vil benda á það, að samkv. skýrslu í vegáætluninni eru áætlaðir 12.7 aurar í viðhaldið á hvern ekinn km, en á árinu 1958 eru það 5.3. Þetta sýnir okkur, hvert stefnir, á sama tíma sem bílunum fjölgar stórkostlega, þeir þyngjast og við leggjum á þá meiri skatta en áður hefur verið. Það þarf því ekki að eyða um það mörgum orðum hér á hv. Alþingi, til hvers það stefnir, ef við afgreiðum vegamálin á þann hátt, sem stefnt er að því að gera hér nú.

Ég vil líka telja, að það tilheyri ekki ábyrgðarleysi, þó að veitt sé fé, eins og við lögðum til í sambandi við jarðeignir ríkisins, til þess að ríkissjóður geti greitt þær vanskilaskuldir, sem liggja hingað og þangað í verzlunum úti á landi eða hjá þeim, sem burt eru fluttir af jörðunum, vegna eigna þeirra þar, eins og nú á sér stað. Það hefði talizt til skila og ábyrgðar að veita fjárhæðina, til þess að hægt væri

að leiðrétta þetta, sem nú er í vanskilum þarna.

Ég held, að það verði ekki heldur talið til ábyrgðarleysis, þó að reynt væri að halda í horfinu með það, að ríkissjóður yki ekki skuldir sínar við hafnirnar á ný. Ég benti á það í ræðu minni við 2. umr. málsins, að það hefði nokkuð áunnizt á árinu 1964 í þá átt, en nú mun verða horfið í sama farveg með því að veita ekki fé til hafnanna, eins og þörf er á samkv. þeim líkum, sem fyrir liggja.

Ég vil líka segja það, að það var ekki okkar ákvörðun að leyfa iþróttakennaraskólanum á Laugarvatni að hefja byggingu á yfirstandandi ári, en það tilheyrir ábyrgðarleysi að láta hann ekki hafa fjárveitingu til að halda verkinu áfram, eins og nú er stefnt að með fjárlagaafgreiðslunni. Sama vil ég segja um framkvæmdina á Keldnaholti, sem búið er að verja 1300 millj. kr. til. Ef ekki verður haldið áfram, er það ábyrgðarleysi að fara þannig með fé. En það er ekki ábyrgðarleysi hjá þeim, sem vara við slíkum framkvæmdum.

Það hefur verið á okkur deilt fyrir það, að við höfum ekki flutt till. til lækkunar á fjárl. Ég benti á það við 2. umr. málsins, að við töldum slíkt svo vonlítið, að við reynum það ekki. Og mér dettur í hug í sambandi við fjármálastjórn hæstv. ríkisstj. og sparnaðartal saga af Þorsteini Dalasýslumanni, er hann sagði á stríðsárunum, þegar honum fannst, að fjármálin væru farin að ganga á allt annan veg en hann hafði vanizt og hans eðli stóð til, þá varð honum að orði: „Það þýðir ekkert að vera að tala um sparnað, maður verður sér bara til skammar með því.“ Og það er í raun og veru afskaplega hjáróma að fara að tala um sparnað hjá hæstv. ríkisstj., eins og fjárreiðum er háttað nú hér á landi. Enda hef ég sýnt fram á það hér í ræðu minni áður, að einmitt það að láta hæstv. ríkisstj. hafa svo rúman fjárhag sem hún hefur haft hefur orðið til meiri eyðslu og til þess að auka enn þá meira — ja, mér liggur við að segja: glundroðann í fjármálunum, heldur en að öðrum kosti hefði verið. Þess vegna hefur raunverulega eina sparnaðarleiðin, sem fær hefur verið eða reynd hefur verið, verið sú að verja þeim fjármunum, sem af fólkinu hafa verið teknir, til sem beztra verka, þ. e. til þeirra framkvæmda, sem þjóðina vanhagar mest um og hefur mestan áhuga á. Það hefur verið bezti sparnaðurinn, sem hægt hefur verið að reyna að koma við, þó að auðvitað hafi gengið hægt að koma honum við sem öðrum sparnaði hjá núv. hæstv. ríkisstj.

Það hefur komið fram og kom greinilega fram á fjvn.-fundi, þegar efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. eða forstjóri Efnahagsstofnunarinnar mætti þar, að sú eina sparnaðarleið, ef sparnað skyldi kalla, sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar geta látið sér koma til hugar, er niðurskurður á verklegum framkvæmdum. Það kom fram hjá forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, að það væri raunverulega leiðin, sem ætti að fara til þess að hafa áhrif á fjárlagaafgreiðsluna, og hæstv. ríkisstj. hefur nú öðru sinni leitað eftir því við þingheim, að hann gefi sér heimild til þess að mega fresta verklegum framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárl., ýmist á vegum ríkissjóðs eða stofnana, þar sem ríkið sjálft veitir fé til framkvæmda. Það er í samræmi við þessa stefnu að trúa á það, að raunverulega eina leiðin til þess að draga úr ríkisútgjöldunum sé að fresta þessum framkvæmdum. Ég hef gert nokkra athugun á því, um hvað mikla fjárhæð mætti skera ríkisframlögin niður, ef að þessu væri horfið. Einna fyrirferðamest á útgjöldum fjárl. að þessu sinni, sem heyra undir verklegar framkvæmdir, eru sjúkrahúsin. Undanfarin ár höfum við í till. okkar gert till. um það að auka fjárveitingu bæði til byggingar landsspítalans og eins til þeirra sjúkrahúsa, sem verið er að reisa úti á landi, og það er nú fyrst, sem verulega er undir það tekið, og fjárveitingar til sjúkrahúsabygginga á þessum fjárl. eru miklu meiri og skynsamlegar á þeim málum tekið á allan hátt heldur en verið hefur á fjárl. undanfarinna ára. Ég er sannfærður um, að það mætti samt ekki fara að skera niður neitt sem héti af þessum fjárl., nema þá láta áfram óhreyft það, sem búið er að framkvæma, því að tiltölulega lítið af þessum fjárveitingum mun fara í nýbyggingu. Og ég hygg, að þó að leitað væri nokkuð vel í fjárlagafrv. og yrði farið í niðurskurð á þennan hátt með því að skera niður fjárveitingar til sjúkrahúsa, hafna, nýbyggingar skóla, þar undir menntaskóla, og til annarra slíkra stofnana, væri kannske hægt að skera niður 100—150 millj. kr. mest, ef ætti algerlega að stöðva alla uppbyggingu í landinu. En hver vildi stefna að því að hætta að byggja hafnir, hætta að byggja skóla eða hætta að byggja sjúkrahús, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Ég held, að slík ráðstöfun mundi hefna sin mjög fljótlega og tal í þessa átt sé ekki lausnarorðið. Ef á að fara í verulegan niðurskurð á fjárl., verður að ná samstöðu um það mál, en það verður að taka þá margt til athugunar, ef verulegar fjárhæðir eiga að nást. Hins vegar mætti draga úr þeirri eyðslu, sem nú er farin að verða áberandi í ríkisrekstrinum og eykst ár frá ári. Og með því fjárlagafrv., sem nú er verið að afgreiða, virðist mér stefna óðfluga í þá átt.

Eins og ég gat um áðan, hækkar þetta fjárlagafrv. með hliðstæðum samanburði og s. l. ár um hartnær einn milljarð og það verður yfir 2600 millj. kr. hærra heldur en fyrsta fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, að það á að verða stefna stjórnarandstöðunnar að ganga lengra í ábendingum um verkefni, sem leysa þarf, heldur en hæstv. ríkisstj. Þessu hlutverki höfum við gegnt, og það er fullkomin ábyrgð að ganga á þeirri braut. Í öðru lagi vil ég segja það, að tekjuáætlun fjárl. undanfarin ár og tekjuáætlun fjárl. nú hefur sannað það og sýnt, að hún er laus í reipunum og stefnt að því að hafa verulegan greiðsluafgang, svo að það er þess vegna engum láandi, þó að henni

sé hæfileg virðing sýnd. Ég vil í þriðja lagi benda á það, að við höfum í till. okkar á árunum 1962—1963 gert ráð fyrir að hækka útgjaldahlið fjárlfrv. um 80—90 millj. þau árin, sem tekjur fóru um 625 millj. kr. fram úr áætlun. Ég vil í fjórða lagi benda á það, að till. okkar nú við fjárlagaafgreiðsluna, 1. minni hl. fjvn., eru um 30 millj. kr. lægri en breyting stjórnarsinnanna á fjárlagaáætluninni. Og ég vil í fimmta lagi undirstrika það, að till. okkar eru ekki miðaðar við nýjar álögur, heldur til þess að sporna við eyðslu og að þeir fjármunir, sem af þjóðinni eru teknir, verði notaðir til gagns fyrir þjóðina og í uppbyggingu í okkar mikið óuppbyggða landi. Ég vil svo í sjötta lagi taka fram, að það var alger óþarfi að leggja nú á nýjan skatt, ef hert hefði verið innheimta á söluskatti þeim, sem nú er í gildi. Það kom fram á fjvn.-fundinum, sem forstjóri Efnahagsstofnunarinnar kom á og fulltrúi hans, að innheimta á skattinum er verri á yfirstandandi ári en verið hefur undanfarin ár, og það verður að rekja beint til þess, að skatturinn var hækkaður. Það sýnir sig, að þá skilar hann sér verr, og með því að hækka hann enn þá meira verða heimturnar enn þá verri. Og í sjöunda lagi vil ég taka það fram, að ef það var skoðun hæstv. ríkisstj. í upphafi þessa þings, að það yrði að hækka söluskattinn eða auka tekjurnar, eins og hún hefur gert till. um, bar henni skylda til að leita eftir samstöðu á hv. Alþingi um að taka fjárl. til gagngerðrar endurskoðunar með niðurskurð fyrir augum. Það hefur verið gengið svo langt í skattheimtu hæstv. ríkisstj. á þjóðina, að það var óhugsandi með öllu að bæta þar hundruðum millj. á til viðbótar. Þess vegna bar hæstv. ríkisstj. að leita eftir samstöðu og gera þinginu grein fyrir því, að hjá því yrði ekki komizt annað tveggja, að skera niður eða fara þá leið, sem hún hefur farið öllum á óvart síðustu daga þingsins.

Þess vegna vil ég enn á ný undirstrika það, að hæstv. ríkisstj. og hennar málgögnum ferst ekki að tala um ábyrgðarleysi. Það er hennar stefna, sem hefur ráðið og verið að verki, þegar fjárl. hækka milljarð eftir milljarð. Það kemur fyrir, að Alþýðublaðið kemst stundum sniðuglega að orði, og maður hefur stundum tilhneigingu til þess að álykta, að það sé tilviljun, að svo er. Ein slík tilviljun henti það ágæta blað, Alþýðublaðið, nú miðvikudaginn 16. sept. Á forsíðu sagði það frá söluskattshækkuninni í 8%. En inni í blaðinu er leiðari, sem heitir „Í sjálfheldu". Leiðari þessi er að vísu skrifaður norður á Akureyri, en þar segir frá því, að sauðkindin, sem er hin hyggnasta skepna, en hefur ekki verið hælt fyrir skynsemi og aðra slíka hluti, geri það stundum í góðu tíðinni á sumrin að leita til bjargar inn í klettabeltin, hún uggi ekki að sér, fyrr en hún sé komin í sjálfheldu, komist hvorki áfram né aftur á bak. Það fari misjafnlega um kindina í sjálfheldunni, stundum heppnist henni að finna leið að lokum, en venjulega er endirinn sá, að annaðhvort er hún skotin niður úr klettunum, og það er talið mikið kærleiksverk, eða þá hún dregst þar upp og hrapar að lokum.

Ég get ekki neitað því, að þegar ég las þennan leiðara, leit á forsíðuna um stefnu og störf hæstv. ríkisstj., fannst mér samhengið geysilega mikið. Og því er ekki að neita, að það er sótt í sömu átt, óhugnanlega í sömu átt og hjá kindinni í sjálfheldunni. Í staðinn fyrir að leita að leiðinni til baka, er sótt lengra í ófæruna, meiri sjálfheldu, og endalokin í fyrra tilfellinu eru okkur í flestum tilfellum kunn. Hæstv. ríkisstj. hefur með frv. sínu um hækkun á söluskatti sótt enn þá lengra í sjálfheldu-na, og ég ætla ekki að spá því, hver endalokin verða þar.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við atkvgr. við 2. umr. fjárl. tók ég aftur til 3. umr. nokkrar þeirra brtt., sem ég flutti þá. Þær flyt ég aftur nú við 3. umr. ásamt till. um, að framlag til Menningar- og fræðslusjóðs Alþýðusambands Íslands verði hækkað úr 150 þús. kr. í 300 þús. kr. Það hefur staðið óbreytt á fjárl. frá því 1957, en á því tímabili hefur verðlag almennt tvöfaldazt, svo að till. mín er aðeins um það, að framlagið verði hlutfallslega jafnhátt og það var fyrir tæpum áratug.

Við 2. umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til fjárlagaafgreiðslunnar að þessu sinni og þeirra vinnubragða, sem viðhöfð hafa verið. Í umr. um lagafrv. það um hækkun á söluskatti, sem nú er á lokastigi í hv. Nd. og er ein aðalundirstaðan undir sjálfri fjárlagaafgreiðslunni, hefur afstaða Alþb. verið rækilega skýrð og mun enn verða túlkuð við útvarpsumr. í kvöld. Ég sé því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þessi mál nú við 3. umr. um fjárlög, en get þó ekki látið hjá líða að geta þeirra nokkuð.

2. umr. um fjárlög fór fram við þær óvenjulegu aðstæður, að hæstv. ríkisstj. hafði þá ekki gert grein fyrir till. sínum um tekjuhlið frv., og vantaði um 210 millj. kr., til þess að endar næðu saman, ef gert væri ráð fyrir sömu niðurgreiðslum vöruverðs allt næsta ár og nú eru framkvæmdar. Ég lagði á það áherzlu við 2. umr. um fjárl., að hagsmunir allrar þjóðarinnar krefðust þess, að úr þessu misræmi á tekjum og gjöldum yrði bætt á annan hátt en þann að fara hina gömlu, óheillavænlegu leið hæstv. núv. ríkisstj. að leggja nýja skatta á almenning. Einmitt núna gerði þjóðin sérstaka kröfu til þess, að allar aðrar leiðir yrðu þrautkannaðar, áður en til slíks óyndisúrræðis yrði gripið. Þess vegna veitir almenningur því meiri athygli nú en nokkurn tíma áður, hvaða ákvörðun hv. alþm. taka um þessi mál. Það er að vísu rétt, að almenningur er orðinn því svo vanur að fá yfir sig steypiflóð nýrra álagna frá hæstv. núv. ríkisstj. á hverju ári og hefur orðið að lengja vinnutíma sinn jafnt og þétt til að mæta þeim, að það var farið að teljast til náttúrulögmála, sem menn yrðu að beygja sig undir, á meðan hæstv. núv. ríkisstj. héngi við völd. En orsökin til þess, að alþýða manna

ætlast til annars nú, jafnvel af hæstv. ríkisstj., er öllum kunn og hefur margsinnis verið rakin að undanförnu. Eftir að ríkisstj. mætti afleiðingum af fyrri skattahækkunum sínum og verðbólgustefnu allri með 300 millj. kr. söluskattshækkun strax eftir síðustu áramót, rétt ofan í nýsett fjárlög, og sýnt var, að hún var að missa öll tök á efnahagsmálunum, þá áttu verkalýðssamtökin frumkvæðið að því, að gerð yrði úrslitatilraun til að stöðva verðbólguna og koma á jákvæðri stefnu. Vegna þess árangurs, sem í þessum samningum náðist til stöðvunar verðbólgunnar, gerir alþýða manna í öllum flokkum mjög ákveðnar kröfur til þess, að hv. Alþingi afgreiði ekki fjárlög ársins 1965 á þann hátt, að þessu samkomulagi sé kollvarpað og árangur þess að engu gerður. Það er því sérstök ábyrgð, sem hvílir á Alþingi nú, að allar leiðir séu þrautreyndar, áður en farin er sú verðbólguleið, sem lagt er til af hálfu ríkisstj. nú við afgreiðslu fjárl.

Því samkomulagi, sem samtök verkalýðsfélaganna og ríkisvaldið gerðu í júní s. l. sumar, hefur verið marglýst í umr. hér á hv. Alþingi, og sé ég því ekki ástæðu til að fara orðum um einstök atriði þess, að öðru leyti en því, að nú, þegar hæstv. ríkisstj. ætlar að beita naumum þingmeirihluta sínum til þess að gera það samkomulag að engu og snúa nú þegar út af þeirri leið, sem almenningur í landinu gerði sér í sumar vonir um að hún mundi fást til þess að fara í stað hinnar óheillavænlegu skatthækkunar- og verðbólguleiðar, þá er ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, hvers almenningur vænti að yrði afleiðingin af samkomulaginu, sem gert var. Trúði alþýða manna því, að af hálfu ríkisstj. væri þessu samkomulagi, sem hún gerði við verkalýðsfélögin um stöðvun verðbólgunnar, aðeins ætlað að standa til þeirra áramóta, sem nú eru á næsta leyti, en þá yrði hin gamla óheillastefna hæstv. núv. ríkisstj., skattahækkunar- og verðbólgustefnan, tekin upp að nýju, eins og nú blasir við? Gáfu yfirlýsingar forustumannanna ástæðu til þess s. l. sumar? Alls ekki. Það er sérstök ástæða til þess að bera vinnubrögðin s. l. sumar, þegar verið var að vinna að þeirri lausn, sem þá fékkst og þjóðin fagnaði, saman við vinnubrögðin nú, þegar ríkisstj. er vísvitandi að eyðileggja þann árangur. Það er líku saman að jafna, hvernig unnið var s. l. sumar og svo nú við afgreiðslu fjárlaga, sem eru þannig úr garði gerð, að hækkanakapphlaupið hefst að nýju, — fjárlaga, sem munu valda því, að ekki gengur á öðru en nýjum sköttum, hækkun krónutölu kaups til að mæta einhverju af skattahækkunum, og síðan enn þá nýjum skattahækkunum, hvenær sem vera skal á árinu.

Það er sérstök ástæða til þess að gefa gaum að þeim anda, sem ríkti s. l. sumar, einmitt núna, þegar þau vinnubrögð eru viðhöfð við afgreiðslu fjárl., að áður en fjvn. fær svo mikið sem að sjá skýrslur yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á þessu ári og áætlun um næsta ár, hendir hæstv. ríkisstj. fram fyrir þingið sinni óheillastefnu, sinni óskaaðferð við að jafna tekju- og gjaldahlið fjárl. með stórfelldri hækkun óréttlátasta skattsins, sem á var lagður í þjóðfélaginu. Það kom fram á fundi í fjvn. milli 2. og 3. umr., að efnahagsmálasérfræðingur ríkisstj., forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, hélt því fram sem sinni skoðun, að við afgreiðslu þessara fjárl. hefði þurft að lækka útgjöld ríkisins og við skattlagningu hefði þurft að velja skatt, sem minna kæmi við almenning en söluskatturinn gerir, og öruggara væri, að skilaði sér í ríkissjóð. Vildi hann halda því fram, að sú leið hefði ekki verið farin, vegna þess að um hann hefði ekki orðið samkomulag í fjvn. eða á hv. Alþingi. Ég benti á, að á það hefði alls ekki reynt, hvort samkomulag gæti orðið um leið til lausnar á þeim vanda, sem við er að etja, til þess hefði alls engin tilraun verið gerð. Og ég vil undirstrika þetta hér. Ég get þess, að ég hafði einmitt við 2. umr. um fjárl. gert það að till. minni, að afgreiðslu fjárl. yrði frestað og gerð yrði sérstök tilraun til samstöðu um niðurskurð á útgjöldum ríkisins og um aðrar ráðstafanir, ráðstafanir, sem miðuðust við að tryggja, en ekki eyðileggja árangurinn af samningum verkalýðsfélaganna og ríkisstj. s. l. sumar. Ég vil enn við 3. umr. leggja áherzlu á, að sú leið hefur ekki verið farin, heldur vann hæstv. ríkisstj. það óhappaverk milli umr. að kasta frøm frv. um stórhækkun söluskatts, að því er virðist beinlínis til þess að koma í veg fyrir, að reynt yrði á það, hvort samkomulag gæti orðið um aðrar lausnir.

Hæstv. ríkisstj. virðist vilja stríð, og hún fær það efalaust. Hún hikar ekki við að spenna svo upp fjárl., að skattar og tollar eru nú áætlaðir um 900 millj. kr. hærri en á núgildandi fjárl., á sama tíma og efnahagsmálaráðunautur hennar telur þó heillavænlegra að lækka útgjöld ríkisins. Og hún hikar ekki við að stórhækka hinn illræmda söluskatt, þegar efnahagsmálaráðunauturinn telur þó, að fremur ætti að afla fjár með skatti, sem kæmi minna við almenning og skilaði sér betur í ríkissjóð.

Alla þessa stórfelldu söluskattshækkun þykist ríkisstj. svo í upphafi styðja með tölulegum rökum um nauðsyn nýrra tekna fyrir nákvæmlega tilgreinda upphæð, sem í engu gæti skeikað og væri algerlega óhjákvæmileg, en reynist ekki nákvæmari en svo, að þegar tekur að herða að ríkisstj., getur hún þó sleppt 68 millj. kr., án þess að nokkuð raskist. Hvaða mark skyldi almenningur þá geta tekið á staðhæfingum stjórnarflokkanna um þörfina á þeim hluta skattahækkunarinnar, sem þeir ætla að halda til streitu?

Þau vinnubrögð við afgreiðslu fjárl. að reyna alls ekki samkomulag, en henda till. um óheillaráðstafanir inn í þingið, er sérstök ástæða til að fordæma og harma. Þau eru ólík þeim, sem viðhöfð voru, þegar sótzt var eftir jákvæðum lausnum s. l. sumar, og verður með hliðsjón af þeim samanburði að telja,

að þessar aðfarir séu viðhafðar til þess, að alls ekki geti farið milli mála, að það sé sérstakur ásetningur hæstv. ríkisstj., að það samkomulag, sem þá var gert um stöðvun verðbólgunnar, sé úr sögunni og sá andi, sem þá ríkti milli áhrifamestu aðilanna í þjóðfélaginu, verkalýðssamtakanna og ríkisvaldsins, sé algerlega brottræk ur ger. Það kemur vel fram í skrifum Morgunblaðsins s. l. sumar, hve vinnubrögðin við samningana, sem þá voru gerðir um leiðir til lausnar í verðlags- og kaupgjaldsmálunum, voru gerólík þeim, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú valið, þegar hún forðast að gefa nokkurn kost á því að athuga málin til hlítar, áður en afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar, en kastar sínum óheillalausnum fyrir þingið sem gerðum hlut. Morgunblaðið sagði í leiðara þann 6. júní s. l., daginn eftir að samkomulagið náðist, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú var unnið að málunum löngu áður en til átaka gat komið. Ýtarlegra upplýsinga var aflað um þróun efnahagsmálanna, og menn reyndu fyrir fram að gera sér grein fyrir því, hverjar yrðu afleiðingar hverrar einstakrar breytingar á kjarasamningum. Hér hafa því verið tekin upp ný og heilbrigð vinnubrögð."

Já, þá var reynt að gera sér grein fyrir afleiðingunum, og þá var ýtarlegra upplýsinga aflað og lagðar fyrir alla aðila, áður en ákvarðanir voru teknar. Það er nokkuð annað en það, sem nú á sér stað, þegar ákvarðanir um fjáröflun til ríkissjóðs með þeim hætti að hrinda verðbólguskriðunni af stað aftur eru lagðar fyrir Alþingi, áður en fjvn. hefur svo mikið sem séð skýrslur um hag ríkissjóðs á árinu eða áætlun fyrir næsta ár, áður en nokkur tilraun hefur verið gerð til þess að reyna á, hvort lækka mætti útgjöld ríkisins, áður en nokkur tilraun hefur verið gerð til þess að ná samkomulagi þeirra aðila, sem samningana gerðu s. l. sumar, um áframhaldandi aðgerðir til að stöðva verðbólguna.

Það er alveg nauðsynlegt, að þjóðin viti það nú, að þegar hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að hækka söluskatt um 245 millj. kr. á ári, á sama tíma og hún fellir niður innheimtu stóreignaskatts, og hrinda verðbólguskriðunni þar með af stað aftur, hefur engin minnsta tilraun verið gerð til þess að kanna aðrar leiðir, engin minnsta tilraun verið gerð til þess að leita samkomulags um aðrar og farsælli lausnir. Það er ekki að ástæðulausu, að alþýða landsins stendur höggdofa frammi fyrir þessum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. Hvers vegna? Vegna þess að hún taldi samningana í júní s. l. veita fyrirheit um, að nú væri nýtt tímabil að renna upp, forustumenn þjóðarinnar hefðu á elleftu stundu áttað sig á, að hverju stefndi, og hefðu reynzt menn til að leggja ýmsan ágreining til hliðar og leysa málin sameiginlega, hefðu reynzt menn til að rannsaka málin til hlítar, áður en þeir tækju afdrifaríkar ákvarðanir, hefðu sýnt þá ábyrgðartilfinningu að hugsa fyrir afleiðingunum af ákvörðunum sínum og niðurstaðan orðið sú, að tekizt hefði að fá fram samstöðu áhrifamestu aðilanna í þjóðfélaginu um, að snúið yrði við á verðbólgubrautinni og stefnt inn á heillavænlegri leiðir í efnahagsmálum.

Voru þessar vonir almennings ástæðulausar? Misskildi hann gildi samninganna í sumar? Gerðu menn sér of háar hugmyndir um vilja hæstv. ríkisstj. til þess að breyta um stefnu? Hafi svo verið, eiga forustumenn ríkisstj. sök á því, vegna þess að með skrifum sínum gáfu þeir þjóðinni fulla ástæðu til þess að meta samningana á þann hátt, sem hún gerði og gerir enn. Hæstv. forsrh. sagði í Reykjavíkurbréfi í Morgunblaðinu hinn 7. júní s. l., tveimur dögum eftir samningana, með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsir töldu vonlaust, að slíkum samningi yrði náð, og því væri unnið fyrir gýg með því að leggja á sig erfiði og fyrirhöfn í þessu skyni. Árangurinn er nú öllum ljós. Að samningagerðinni unnu menn úr öllum flokkum, og vafalaust hafa einhverjir orðið varir misjafns áhuga hjá sumum sinna skoðanabræðra um happasælan árangur. En allir héldu áfram að leita viðhlítandi lausnar. Árangurinn er sá, að nú eru horfur á vinnufriði um a. m. k. eins árs skeið, og öllum, sem hlut áttu að máli, kemur saman um, að haldist sá andi, sem nú ræð, og takist þessi tilraun, lofi það góðu fyrir lengri framtíð."

Og þegar hæstv. forsrh. hefur, eins og ég las, m. a. lýst þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru og eru svo gerólík þeim, sem ríkisstj. viðhefur við afgreiðslu fjárl., og hefur þannig lagt áherzlu á nauðsyn þess, að sá andi haldist, sem þá ríkti um sameiginlegar tilraunir til að finna lausnir á vandanum, segir hann:

„Almenningur í öllum flokkum ætlast nú til þess, að verðbólgan sé stöðvuð og menn fái starfsfrið í þjóðfélaginu." Ég endurtek: „Almenningur í öllum flokkum ætlast nú til, að verðbólgan sé stöðvuð og menn fái starfsfrið í þjóðfélaginu."

Já, þetta voru orð að sönnu, og þau eru jafnsönn í dag og þau voru, þegar þau voru sögð í tilefni af samningum ríkisstj. og verkalýðssamtakanna 5. júní s. l. Þessi er enn krafa þjóðarinnar, og hún ætlast til þess af hv. alþm., að við hinar mikilvægu ákvarðanir nú ríki sá andi, sem ríkti við samningana s. l. sumar, en ekki sá andi óbilgirni, sundrungar og stríðshyggju, sem ríkisstj. hefur nú sýnt, þegar hún er að rifta þessum samningum með stórfelldum nýjum skattaálögum og nýrri verðbólguskriðu.

Hæstv. forsrh. sagði 7. júní s. l.: „Haldist sá andi, sem nú ræð, og takist þessi tilraun, lofar það góðu fyrir lengri framtíð." Það hefur ekki skort á, að verkalýðssamtökin sýndu ávallt síðan af sinni hálfu þennan samkomulagsanda. Þær horfur, sem voru á vinnufriði í eitt ár frá samkomulaginu og hæstv. forsrh. talaði um, tryggðu þau, og þau hafa á sama hátt og s. l. sumar boðið fram lið sitt, til þess að unnt væri að leysa vandamálin með samkomulagi og í samræmi við þá samninga, sem við fögnuð þjóðarinnar voru þá gerðir um stöðvun verð-

bólgunnar. En eftir að liðið er aðeins hálft ár frá því, að þeir samningar voru gerðir, sem öll þjóðin fagnaði, virðist hæstv. forsrh. ekki meta það neins, að sá andi ráði, sem þá var grundvöllur farsælla ákvarðana. Hann virðist nú ekki telja það á neinn hátt skyldu sína að gefa fulltrúum þjóðarinnar á hv. Alþingi svo mikið sem kost á því að leggja á sig það, sem hann nefndi erfiði og fyrirhöfn, í því skyni að tryggja um næstu framtíð þann árangur, sem náðist s. l. sumar um stöðvun verðbólgunnar, heldur hendir inn í þingið til samþykktar með naumum þingmeirihluta frv. um skattahækkun, sem kollvarpar öllum árangrinum frá því í sumar, enda þótt það sé enn í fullu gildi, sem hann ritaði í Morgunblaðið 7. júní s. l., „að almenningur í öllum flokkum ætlast nú til þess, að verðbólgan sé stöðvuð og menn fái starfsfrið í þjóðfélaginu, en allir héldu áfram að leita viðhlítandi lausnar," sagði hæstv. forsrh. eftir samningana s. l. sumar. Og ég get fullvissað hann um það, að þjóðin öll, menn í öllum flokkum, ætlast til þess, að hv. alþm. geri það ekki síður nú um lausn þeirra vandamála, sem við er að glíma. En ríkisstj. hefur einhliða og af fullkomnum þjösnaskap ákveðið að snúast við með þeim hætti að sleppa dýrtíðarófreskjunni lausri á þjóðina. Á sama hátt og öll þjóðin fagnaði þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru í þjóðmálum fyrir hálfu ári og leiddu til samkomulags verkalýðssamtakanna og ríkisvaldsins, harmar hún og er furðu lostin yfir þeim ábyrgðarlausu vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. viðhefur nú við afgreiðslu fjárlaganna.

Það eru mín síðustu orð í þessu máli að skora enn á ríkisstj. að fresta ákvörðunum um hækkun söluskatts og fresta afgreiðslu fjárl. og hefja þess í stað samninga milli fulltrúa allra þingflokka og forustu verkalýðssamtakanna um leiðir til þess að forða þjóðinni frá nýrri verðbólguskriðu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Undanfarin ár hafa fjárlög farið hækkandi og útsvör einnig. Það er nú þannig með útsvörin, að þau eru háð löggjafarvaldinu, og meginið af þessu, sem greitt er af bæjarfélögunum, er meira og minna bundið af löggjöfinni, þannig að það er ekki hægt að neita því, að þing og stjórn bera höfuðábyrgðina á því, hve mikil útgjöldin eru og hvernig þeim er hagað. Sú breyting varð í stjórnartíð núv. stjórnar, að þetta var fært saman, þessi gjaldheimta, átti sennilega að vera til þess, að það væri betur gert og ódýrar. En reynslan hefur orðið sú, að það hefur aukið kostnaðinn, þannig að það hefur hækkað mjög mikið sá liður um innheimtu tolla og skatta, og þar að auki hygg ég, að þetta sé verr gert. Það var nú svo í dreifbýlinu, að þetta var yfirleitt unnið fyrir lítið, og þeir litu víðast hvar furðuvel eftir því, að þetta væri nokkurn veginn í lagi. Við þessa samanfærslu er erfiðari aðstaða. Skattheimtumennirnir eru minna kunnugir, aðstæðurnar eru þess vegna verri. Þar að auki er gjaldheimtan færð saman, þannig að þegar fólkið er krafið um skattana, er þetta allt á einum seðli og upphæðirnar verða nokkuð stórar, og það kemur mönnum í illt skap, þegar þeir fá þessa seðla, og ég gæti hugsað, að það yrði til þess að rýra frekar fylgi núv. ríkisstj., þannig að þessar ráðstafanir yrðu fjárhagslegt tap fyrir ríkið og atkvæðatap fyrir ríkisstj. Ég er sannfærður um, að Reykvíkingar hefðu ekki orðið jafnvondir í sumar, þegar þeir fengu sína gjaldheimtumiða, ef það hefði aðeins verið á honum skatturinn, en ekki útsvarið líka. Það er þannig með eðli manna, að þegar þeir fá þetta í einu, ofbýður þeim það. Fjárl. hafa farið hækkandi og eru nú 3523 millj., og það er ólíklegt annað en þau hækki, þannig að þau verði um 3700 millj. Sennilega verður það. Við þetta bætast svo gjöld til vega, tryggingagjöld og útsvörin, þannig að heildarútgjöld þjóðarinnar verða sennilega eitthvað yfir 5 milljarða. Nú má gera ráð fyrir því, raunar er ekki hægt að fullyrða um það, hverjar þjóðartekjurnar verða í ár og ef til vill aldrei, því að hagstofustjóri hefur sagt mér, að það sé alls ekki hægt að segja ákveðið um það, en sennilega verða þjóðartekjurnar eitthvað kringum 11—12 milljarða, það er ekki ólíklegt. Og þá fara 5/11 hlutar eða rúmlega það í opinber gjöld hjá fólkinu, og það er eðlilegt, að fólkið finni fyrir þessu.

Nú er það þannig, að það hefur verið mikið deilt um, að útgjöldin séu há, en það er lítið gert að því að koma fram með lækkunartillögur. Nú má öllum vera ljóst, að ekki er hægt að lækka útgjöldin nema minnka eyðsluna, það er útilokað. Það er aðeins hægt að deila um, á hvern hátt eigi að skipta útgjöldunum milli þegnanna. Og þó að mikið sé talað um undandrátt og annað slíkt, er ég ekki viss um, hvað þessi nýja skattalögregla finnur mikið, því að flestir þeir, sem hafa dregið undan, eru vel að sér í þeim hlutum og ekki ólíklegt, að þeir geti falið það áfram, a. m. k. að nokkuð miklu leyti. Það hefur aldrei verið hægt að jafna sköttum fullkomlega réttlátlega niður. Vitanlega fer þetta til fólksins aftur, þessi miklu útgjöld, á ýmsan hátt. En það, sem skeður, er það, að þessi mikla innheimta, að innheimta svona mikið af tekjum einstaklinganna, er engin sönnun fyrir því, að það komi réttlátlega niður, og svo er því deilt út, og það verður oft ágreiningur um það. Þetta rennur til fólksins aftur í tryggingagjöldum og í niðurgreiðslum á vörum, þetta eru nú stærstu liðirnir, og svo ýmis kostnaður við ríkisreksturinn, opinber störf og annað, og þetta fer í framkvæmdir o. fl. En það má deila um, hvort þetta er ekki of mikið, og mín skoðun er sú, að gjöldin séu orðin of há. Þá þarf að athuga, hvað hægt er að gera til að lækka þau. Í raun og veru er það ekki nein lausn á málinu að heimta alltaf meira og meira í framkvæmdir og annað, en bera ekki fram neinar till. um bættan rekstur eða lækkun útgjalda á neinu sviði. Og það er þannig með okkur, þessa þm., að við erum allir að

reyna að vinna fyrir okkar héruð og pota einhverju áfram, eftir því sem við höfum vit og getu til, og kröfurnar eru því frá okkur að nokkru leyti.

Þegar rætt er um þessi mál, þarf að taka þau raunhæft og rólega. Ég hef farið yfir fjárl., ég hef flett þeim og athugað lauslega hina ýmsu liði og verið að hugsa um, hvað hægt væri að laga og hægt væri að lækka, því að eins og ég sagði áðan, er ekki hægt að lækka útgjöldin í heild á fólkinu öðruvísi en minnka eyðsluna, og satt að segja datt mér í hug, þegar ég fór yfir þetta allt saman, að hausinn á þessu frv. ætti að vera: „Farið heilar, fornu dyggðir", því að þegar ég var unglingur, var það brýnt fyrir okkur, að menn ættu að vera nýtnir og sparsamir, maður mátti engu eyða, sem ekki var alveg nauðsynlegt. En nú eru allir, sem minnast á sparsemi, þeir eru kallaðir afturhald, íhald, og menn þora varla að nefna þetta orð.

En það kom þó fyrir hjá hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, að hann fór að tala hér um sparnað um daginn, og það eru eiginlega farin að verða endaskipti á hlutunum, þegar Einar Olgeirsson talar um sparnað, en enginn af sjálfstæðismönnunum minnist á sparnað hér í ræðustól a. m. k., þá virðist þetta vera farið að snúa allöfugt. Raunar benti hv. 3. þm. Reykv. ekki á annað atriði en færa ekki á rekstrarreikning ýmsar byggingarframkvæmdir á 20. gr., og það er satt, þar er talað um allmiklar byggingarframkvæmdir, þ. á m. 20 millj. til landsspítalans og til ýmissa skóla. Og það má náttúrlega deila um það, hvort rétt sé, að ríkið greiði þetta á einu ári. En þó er þetta ekki nein veruleg lausn, því að þetta þarf þá að greiða síðar. En það er sannleikur, þetta er þess virði, að það sé athugað.

Ég verð að segja það, að í umr. um þennan nýja skatt, það skal ég játa, fannst mér Alþb.-mennirnir tala sanngjarnlega um þá hluti, og ég hef ekki í annan tíma verið ánægðari með þeirra málflutning. En það, sem allir forðast, er að minnast á, hvar eigi að spara. Það vill enginn nefna neitt. Og það er af því, að það er ekki hægt að spara öðruvísi en það komi við einhvern. Þetta er eins og þegar köttur læðist kringum heitan graut eða heitt vatn, eins og forsrh. hæstv. orðar það. En þetta er óraunhæft. En af því að stjórnmál eru nú svo lítill liður í mínu lífi og skipta mig svo litlu máli, er ég að hugsa um að nefna ýmislegt, sem mér hefur dottið í hug að gæti verið gerlegt að spara.

Ég hef ekki verulega trú á því, að það verði um mikinn tekjuafgang hjá ríkissjóði að ræða. Ég hef ekki haft aðgang að það miklum gögnum, að ég geti neitt fullyrt um þetta. En eftir því sem kemur fram í Hagtíðindum, er staða ríkisins við Seðlabankann í septemberlok um 246 millj. kr. lakari en á sama tíma í fyrra, og það bendir til þess, að það verði ekki meira en að ríkissjóður sleppi í ár. Má vera, að þetta breytist á þann hátt, að það hafi gengið verr að innheimta, ég skal ekki fullyrða það, en það má þá muna miklu, ef það á að verða um mikinn rekstrarafgang að ræða. Ég held því, að við getum ekki heimtað það, að skattarnir séu lækkaðir með það fyrir augum, að það verði svo mikill tekjuafgangur í ár. En hitt er satt, að það var tekjuafgangur árin 1962 og 1963. Ég hef ekki heldur verulega trú á því, að tekjurnar muni reynast miklu meira en gert er ráð fyrir miðað við gjöld á fjárl., sem nú liggja frammi. Þó skal ég játa, að mig skortir kunnugleika og gögn til þess að geta fullyrt um slíka hluti. En mér finnst einhvern veginn, að það sé mikið vafamál, þannig að ég hygg, að það sé ekki hægt að greiða atkv. á móti þessum sköttum á þeim grundvelli, að tekjuliðirnir á fjárhagsáætluninni séu áætlaðir of lágir eða um mikinn tekjuafgang verði að ræða í ár. Ég hef enga trú á, að þær forsendur haldi. Hækkunin á fjárl. nú hefur verið geysilega mikil. Það er raunar ekki rétt, að það séu 900 millj., eins og sagt var hér áðan, því að fjárl. í fyrra voru óraunhæf að því leyti, að það voru gerðar ýmsar ráðstafanir eftir áramót viðvíkjandi sjávarútveginum, eins og framlag til togara og aðstoð við sjávarútveginn og hækkun tryggingagjalds, þannig að raunveruleg fjárlög voru allmiklu hærri en gengið var frá þeim fyrir jólin. En þrátt fyrir það, þó að tekið sé tillit til þess, hafa fjárl. hækkað sennilega um 600 millj. kr., og þetta er gífurleg hækkun, og ef þessu fer fram, sjá allir menn, að boginn er spenntur um of. Það hefur verið sífelld hækkun á fjárl. undanfarin ár. Þó að tillit sé tekið til þess, að gengi krónunnar hefur breytzt, er hækkunin geysimikil. En þegar þetta er borið saman, hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til þess, og það sjá allir menn, að ef þessu heldur áfram, nær þetta engri átt, og ég held satt að segja, að ef ríkisstj. hefur einhvern tíma verið í hættu, þá sé það nú, þá séu það þessi miklu gjöld, sem hún er í hættu fyrir. Það sagði einn góður sjálfstæðismaður, einn af framámönnum þeirra, við mig í sumar: Ríkisstj. gat boðið fólkinu upp á gengislækkun og vaxtahækkun og allt nema þessi blessuð gjöld. Þá ofbauð fólki. Vera má, að þetta sé bundið við fáa einstaklinga og það sé ekki hægt að fullyrða um heildina.

Ég held nú samt, að nú sé boginn orðinn svo spenntur, að það sé um of. Aðalhækkunin er á niðurgreiðslunum, þ. e. 306 millj., félagsmál 76 millj., sem kemur bæði af því, að fólkinu fjölgar, og eins vegna þess, að kaup hækkaði. Dómgæzla hefur hækkað um 30 millj. og virðist vera geysileg hækkun. Kostnaður við innheimtu skatta hefur hækkað um 14 millj. Þetta er miðað við síðustu fjárlög. Og til kennslumála hafa hækkanir orðið 73 millj. Landbúnaður hefur hækkað um 60 millj. Sjávarútvegur breytist á fjárl., svo að það er ekki hægt að miða við það. Og til raforkumála hefur hækkað um 39 millj. Svo koma þessar blessaðar 42 millj., sem eiga að koma vegna þess, að gert er ráð fyrir, að kaupið hækki

vegna vísitöluhækkunarinnar. Samgöngur á sjó hafa hækkað um 8 millj. Eitt af því, sem ríkisstj. ætlaði að gera, var að endurskoða allt viðvíkjandi Ríkisskip og allan þann rekstur, en það hefur ekkert borið á því, að sá rekstur lagaðist. Ég er í þessari blessaðri bátanefnd, og satt að segja skrifaði ég undir með fyrirvara, og er rétt, að ég geri grein fyrir því, af hverju sá fyrirvari var. Hann er af því, að það er styrkt skip hér, Akraborg heitir það víst, sem fer upp á Akranes og flytur aðallega fólk, og þeir þurfa eiginlega 2 millj. til að geta rekið þetta skip. Það er hætt að flytja mjólk og vörur með þessu skipi. Og satt að segja finnst mér þetta alveg óþarfi. Fólkið getur ferðazt á bílum eins og við norðan úr Húnavatnssýslu. Ríkið þarf ekki að eyða mörgum millj. í þetta, það mætti gera eitthvað annað við þetta skip. En það er mál út af fyrir sig. En ég hygg, að það sé þannig víðar, að megi nota meiri ráðdeild. Það er Efnahagsstofnun hér á landi. Þeir, sem þar starfa, eiga að leiðbeina ríkisstj. Ég vil ekki taka undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, þegar hann var að líkja þeim við blinda kettlinga, því að þetta eru gáfaðir menn. En ég held satt að segja, að það veitti ekki af því, að ríkisstj. hefði 1—2 menn, sem ferðuðust um. Það yrðu að vera menn, sem væru fæddir hagfræðingar, þannig að þeir væru hagsýnir, ekki aðeins að þeir hefðu hagfræðipróf, heldur væru það hagsýnir menn, til þess að líta eftir og athuga, hvað hægt væri að gera til þess að gera ríkisreksturinn ódýrari, skipuleggja hlutina betur.

Ég held, að það sé einn af aðalgöllunum hjá okkur, hvað allt er illa skipulagt. Við skulum taka félagsheimilin, sem ríkið á að borga 40% í. Þau eru byggð gersamlega skipulagslaust. Og hvaða vit er í þessu? Þegar ríkið leggur svona mikið fram, á það að hafa íhlutunarrétt, og það á að ákveða, hvar þurfi helzt að byggja félagsheimili, hvar þau skuli vera staðsett og hve mörg þau eigi að vera, hvernig á að byggja þau, og gera þetta af einhverju viti. Eins er með sjúkrahúsin, þetta er skipulagslaust. Það er alls ekki gerð nein heildaráætlun um, hve þau eigi að verða mörg og hvar þau eigi að vera staðsett. Þannig er með skólana. Þetta er fálm út í loftið. Hver kemur með sínar kröfur. Þetta þarf allt saman að athuga og skipuleggja. Vitanlega þurfa skólarnir að vera hæfilega stórir, til þess að reksturinn sé sem ódýrastur. En það er ekki von, að ráðh. geti þetta sjálfir að öllu leyti, því að þeir eru uppteknir af daglegum störfum. Þess vegna þyrftu þeir að hafa sér til aðstoðar 2—3 menn eða starfandi nefnd, en ekki eingöngu þessa herra, sem sitja inni á einhverri Efnahagsstofnun inni í stofum, fara lítið út um landsbyggðina, kynna sér ekki hlutina, en reikna út, hvað gengi eigi að vera og hvort eigi að taka skattana með söluskatti eða beinum sköttum. Það þarf að fylgjast með hlutunum og athuga, hvernig á að framkvæma þá, af mönnum, sem hafa aðstöðu og tíma til að kynna sér þá og vit til að sjá, hvað viturlegt er að gera. Þetta skipulagsleysi er svona á öllum sviðum. Þannig er þetta í uppbyggingu atvinnuveganna líka. Skipakaupin eru í raun og veru skipulagslaus.

Segja má, að það sé einnig skipulagsleysi í landbúnaðinum. Það er lánað til allra framkvæmda. Það er lánað jafnt út á fjárhús sem fjós án tillits til þess, hvort það er þörf á fleiri kúm eða ekki. Nú er það þannig, að það er framleidd miklu meiri mjólk heldur en þarf í landinu, og þetta er flutt út fyrir sáralítið verð. Ef eitthvað væri farið skynsamlega að þessu, ætti að steinhætta að lána út á fjós, þangað til mjólkin er fullnýtt, sem er í landinu, og auka sauðfjárræktina, því að það er minni niðurgreiðsla á hana. En það er allt skipulagslaust og ekkert ákveðið. Ef þetta væri gert, gæti ríkissjóður sparað sér þó nokkra fúlgu, með því að það minnkuðu útflutningsuppbæturnar, og ég er sannfærður um það, að mjólkin, sem flutt er út, er minna virði en fóðurbætirinn, sem er fluttur inn, þannig að þjóðfélagslega séð er þetta bara hrein endileysa. En þetta getur ríkisvaldið haft í hendi sinni gegnum lánastofnunina, ef það bara vill. En þetta kostar vinnu, og það er ekki að búast við, að einstakir ráðh., sem eru uppteknir á Alþingi og í daglegum störfum, geti annað því að fylgjast með öllu slíku. En það er svona með alla hluti.

Ég er enginn kommúnisti. En ég er í raun og veru að því leyti sammála Einari Olgeirssyni, að ég vil hafa frelsið sem mest. En það er bara þannig með mig, að ég er að basla í þessum flokki, sem ann frelsi og vinnur fyrir frelsi, en hann hefur þjónað þeim flokki, þar sem ríkiseinræði og ríkisvald er ótakmarkað. Hann vinnur nefnilega á móti sannfæringu sinni, en ég vinn með henni. En ég er sammála honum um það, að við þurfum að skipuleggja allt betur en gert hefur verið hjá okkur og af meira viti. En ég vil gera það bara á lýðræðislegan hátt, en ekki með lögregluvaldi. Þetta getur ríkisvaldið, ef það bara vill, og við höfum engin efni á að búa svona. Það er hægt að spenna bogann, og það er hægt að eyða miklu í góðæri, en það er útilokað að gera það, ef eitthvað kemur fyrir.

Ég fór yfir hina einstöku liði fjárl. og var að athuga, hvað mér virðist vera hægt að spara, og ég er sannfærður um, að það má margt spara. En það er ekki til neins að ætla þm. að koma með till., það þora þeir ekki, þeir eru svo hræddir um þingmennskuna. Ég veit ekki heldur, hvort stjórnarandstaðan hefur áhuga á því heldur, að vel gangi í ríkisstj. A. m. k. eru þeir sparir í stjórnarandstöðunni að miðla neinu af viti. Ég ásaka ríkisstj. fyrir ýmislegt, eins og eðlilegt er og alltaf gengur. Mér hefur dottið í hug, að réttast væri að byrja að spara á toppinum, því að það er þannig, að þó að það skipti afar litlu máli, hvernig húsbóndinn breytir fjárhagslega, réttara sagt, hvort hann eyðir miklu eða litlu,

þá hefur þetta móralska þýðingu. Mér hefur dottið í hug, að það ætti að byrja á toppinum að reyna að spara eitthvað. Það væri t. d. vel gerlegt að hafa ekki nema 6 ráðh. Sömuleiðis er ég sannfærður um, að ráðh. þyrftu ekki jafnmarga bílstjóra og þeir hafa. Það er mikil fyrirmynd hjá okkar hæstv. landbrh., eins og annað hjá honum, að hann ekur sínum bíl sjálfur, og má mikið af því læra. Sannleikurinn er sá, að bílstjórinn og bíllinn kostar miklu meira en ráðh. Svo þurfa þessir aumingja menn að bíða eftir því, hvenær ráðh. þóknast að stíga upp í bílinn. Ég hef oft haft samúð með þeim hérna á göngunum og sagt við þá, að það væri miklu lífrænna og skemmtilegra að vera fjósamaður hjá mér heldur en húka þarna. En það er meira en ráðherralaun, sem fer í þetta. Sömuleiðis þyrftu ekki endilega að mínu áliti allir ráðh. að hafa bíl, heldur væri hægt að aka þeim í einu, skjóta tveimur heim til sín í einu, en þetta eru dýr verkfæri og þurfa gott viðhald, og þeir mega ekki verða gamlir, því að þá þarf að fá nýja Buicka. En þetta skiptir ekki svo miklu fjárhagslega, en móralskt séð væri hægt að hafa þetta öðruvísi. Sömuleiðis er engan veginn útilokað að fá stöðvarbíl til þess að aka ráðh., ef á liggur, og borga þá bara upp í reikning. Það yrði ábyggilega ódýrara en að hafa biðandi bílstjóra og bíl eftir sér, hvað sem þeir eru að gera, þessir blessaðir ráðh. Þetta er ekki af því, að ég sjái eftir þessum aurum eða telji þetta mikið atriði. Þetta gæti bara verið fyrirmynd fyrir aðra. Ég er t. d. alltaf í 17 ára gömlum bíl, jeppagarmi, til þess að sýna, hvað ég sé sparsamur og nýtinn á hlutina, og ég er viss um, að ég fæ fleiri atkvæði fyrir það, þegar ég er í kosningum.

Mér líkaði margt vel hjá Alþb.-mönnum um daginn og þá m. a. með sendiráðin. Það sjá allir lifandi menn, að það þarf ekki þrjá sendiherra á Norðurlöndum, við höfum ekki þau óskapa viðskipti við þau, og þetta eru yfirleitt uppgjafa fyrirmenn, sem eru settir þarna, og ekki mjög stórstígir, þó að þeir þurfi eitthvað að hreyfa sig. En ég er viss um, að það væri hægt að komast af með einn sendiherra, og meira að segja hefði hann bara gott af því, að hann hreyfði sig meira, ef hann þyrfti að fara á milli landanna. Hann lifði lengur, blóðið yrði þynnra. Þó að þetta sé ekki mikið atriði, væri hægt að gera ýmislegt til sparnaðar á þessu sviði. Þetta gæti verið fyrirmyndin, og þarna ætti að byrja. Sömuleiðis þyrfti ekki endilega allar þessar n. og sendimenn, sem fara til annarra landa. Það væri hægt að hafa þá eitthvað færri og jafnvel sleppa stöku ferð, þó að ég vilji engan veginn gera lítið úr því, að við eigum að vera með í alþjóðasamtökum og ekki einangra okkur.

Þá held ég, að við gætum skipulagt okkar skólamál og félagsmálastarfsemi betur. Ég minntist áðan aðeins lauslega á sjúkrahús og fleira. Ég er sannfærður um, að við gætum eitthvað sparað þar. Þeir sögðu mér, að það hefði einhver Norðmaður komið hér og athugað þessi mál með Ríkisskip, hvað þau bæru sig illa, og hann hefði séð ótalmargt að. Það væri ákaflega mikils virði að fara að framkvæma eitthvað af þessu, hagsýni í rekstri viðvíkjandi þessum bátum og skipum ríkisins, sem ganga í kringum landið. Það er búið að stórhækka fargjöldin og flutningana. Ég er ekki viss um nema mætti spara þar, og ég skil ekki í ríkisstj. að vera ekki búin að því, þegar þessi Norðmaður sat hér og gaf henni ráð. Þá held ég einnig, að það væri hægt að spara eitthvað á skattheimtunni, því að hún hefur hækkað svo mikið, og jafnvel lofa bændunum að reikna út skattskrárnar, eins og þeir gerðu, og hreppsnefndunum að jafna niður útsvörunum, því að þær tóku yfirleitt ekkert fyrir þetta, og þeim var ekkert of gott að æfa sig í reikningi á þessu. Þeir höfðu yfirleitt ekki vélar, þetta liðkaði þá í margföldun, og þeir höfðu gaman af þessu, svo að ég held, að það hafi ekki verið af neinni hagsýni hjá hæstv. fjmrh., þegar hann fór að svipta þá þeim störfum, hvorki fyrir ríkissjóðinn né þá sjálfa. Ég gæti bezt hugsað, að þessi breyting yrði til þess að hafa mörg atkv. af hæstv. stjórnarflokkum.

Þá er ég sannfærður um, að á 14. gr. mætti stórspara. Þar er hrúgað ýmsu inn, sem mætti gjarnan fella út.

15. gr. er um kirkjumálin, og þau eru óskipulögð eins og fleira í okkar góða landi. Prestarnir eru óþarflega margir. Þetta er allt annað nú en áður fyrr, þegar samgöngurnar voru allt aðrar og þeir urðu að ferðast á hestum á milli. Nú er kominn bílvegur, og þeir fá víst bílastyrk meira að segja og eru enga stund á milli kirknanna. Það hefði þurft að endurskipuleggja allt þetta kerfi, og ég er viss um, að á þeim lið mætti spara margar milljónir. Prestunum er engin þægð í því að hafa þetta svona. Ég er sannfærður um, að þeir vilja hafa fullt starf, og þeir eiga að hafa fullt starf og svo á að borga þeim sómasamlega, eins og farið er að gera, en þá eiga þeir líka að vinna fullt verk.

Ég álít, að ef við hefðum einhverja nefnd til þess að aðstoða ráðherra við að framkvæma hagkvæmni í ýmsum rekstri, ættu þeir að athuga hverja einustu ríkisstofnun, hvort þar er vel unnið, hvort það er hægt að fækka fólki eða haga vinnunni af meiri hagkvæmni, að það sé ekki verið að dunda að deginum til þess að hafa sem mesta eftirvinnu, og láta þá fara, sem illa vinna, fylgjast sem sagt með, hvernig unnið er hjá stofnunum ríkisins. Ég efast um, að þetta sé gert eins og skyldi. Á þann hátt væri hægt að fækka eitthvað starfsliðinu, því að ríkisbáknið sjálft er orðið allt of þungt, eða a. m. k. finnst gjaldendunum það.

Á 16. gr. má margt spara. Ég þori varla að fara mikið út í það, af því að þar er sjávarútvegur og landbúnaður og iðnaður, vil ekki kveða upp úr um margt, en ég sá marga liði, sem má gjarnan spara. Það er t. d. ákaflega vafasamt, hvort ríkið á að vera að fleygja 8—9

millj. í skógrækt. Ég hef ekki trú á því, að skógrækt hafi nokkurn tíma fjárhagslega þýðingu fyrir Íslendinga, og það er spurning, hvort við ættum ekki að láta héruðin annast um þetta og láta þau hafa einhvern smástyrk. Þetta ættu sýslunefndirnar að gera eða sýslufélögin. Og það er mikil spurning með sandgræðsluna, hvort við ættum ekki að láta sýslufélögin annast framkvæmdina og ríkið styrkti þau sýslufélög, þar sem þyrfti mikið að gera, því að sannleikurinn er sá, að hlutverk sýslufélaganna er orðið lítið í þjóðfélaginu og sýslunefndir hafa hér um bil engin verkefni.

17. gr. er um félagsmálin. Þau hafa hækkað upp úr öllu valdi undanfarin ár, eins og niðurgreiðslurnar á kjöti og mjólk. Það eru þessir tveir liðir, sem hafa hækkað langmest, og þar er ég sannfærður um að má spara mjög mikið. Til atvinnuleysistrygginga eru ætlaðar 49 millj. Annað eins er pínt út úr bæjarfélögum og fyrirtækjum í landinu, þannig að það eru píndar út úr fólkinu 100 millj., og þessu er safnað í atvinnuleysistryggingasjóð, og þar að auki eru allir vextirnir, þannig að hann fer nú að vaxa um hálft annað hundrað millj. á ári. Það verður ekki langt þangað til hann fer að vaxa um tvö. Þetta er allt saman pínt út úr fólkinu. Þetta var gert af umhyggju fyrir verkalýðnum á sínum tíma. En þetta getur gengið úr hófi. Þetta kemur niður á fyrirtækjunum og fólkinu. Það verður að borga þetta allt saman. Þetta er að verða plága. Þetta er einn liðurinn í þessum háu útgjöldum. Ef við lækkuðum þetta, gætu útsvörin lækkað og ríkisútgjöldin líka. Þetta er óþarfi, það er nægilegt, sem atvinnuleysistryggingasjóður vex af vöxtunum, og miklu meira en það. Og ég held, að þessir fulltrúar verkalýðsins ættu nú að beita sér fyrir því að hætta að leggja í þennan sjóð meira, því að þetta eru skattar, sem lagðir eru á fólkið. Það er ekki hægt að gera hvort tveggja, skammast út af háum sköttum og vilja svo ekkert gera til að lækka þá. Þetta fé er lánað í ýmsa þarflega hluti, til húsabygginga o. fl. Það er hægt að fá það lán á frjálsum markaði. Treysti fólkið verðgildi peninganna, þá koma þeir í bankana. Sparifé hefur stóraukizt á þessu ári. Ég er ekki í vafa um, að samningarnir í vor áttu sinn þátt í því. Fólkið fór að vona, að gengi krónunnar yrði stöðugt, og það var hægt að fá sparifé á frjálsum markaði. Það sýndi sig, þegar ríkisstj. bauð út vísitölubréfin, þau flugu út. Mér fannst óþarfi að vera að skamma hæstv. ríkisstj. fyrir þau, því að í sannleika sagt tel ég það vera tilraun til þess að gefa fólkinu tækifæri til þess að geyma heiðarlega peningana, sparifé sé ekki verðfellt fyrir því, eins og gert hefur verið. Það er ekkert annað en eignarrán að taka við sparifé til geymslu, eins og ríkið hefur gert, og fella það svo um mörg hundruð prósent, eins og krónan hefur fallið undanfarna áratugi. Það væri kallaður þjófnaður hjá einstaklingi. En ég álít ekki rétt að skamma ríkisstj. fyrir, að hún sé að kenna mönnum að stela undan. Það er ekkert nema vitleysa, því að það máttu allir geyma peninga sína án þess að telja þá fram. Ég álít, að þetta sé heiðarleg og skynsamleg stefna, að selja gengistryggðu bréfin, þannig eigum við að afla rekstrarfjár til framkvæmdanna, en ekki með því að skylda bankana til að leggja einhverja ákveðna upphæð fram eða nota aðrar slíkar leiðir að skattleggja þegnana um of til þess að fá rekstrarfé, eins og hefur verið gert og er gert í stórum stíl, bæði gagnvart Búnaðarbankanum, fiskveiðasjóðnum, Iðnaðarbankanum og loks með þessum atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta er skattpíning og á sinn þátt í þeim miklu útgjöldum, sem fólkið verður að greiða. Það er eðlilegra, að meira og minna af þessu fé sé fengið með frjálsri sparifjársöfnun, og hún mundi að mestu nægja, ef fólkið getur treyst því, að gengið sé ekki fellt.

Það var hárrétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í ræðu um daginn, að það voru húsabraskarar og bílasalar, sem urðu glaðir, þegar söluskattsfrv. kom. Það var satt, sem hann sagði. Þeir hafa sagt mér það, fasteignasalar, að þetta hafi verið mjög slæmur tími frá því í vor, að samið var um kaupið. Menn hægðu á sér að kaupa húsin. Þeir héldu, að verðið mundi verða stöðugra og það lægi ekkert á, og þeir, sem lágu með bílana, geta selt þá nú, þegar menn eiga von á þessari hækkun á bíla. Þetta var alveg laukrétt hjá hv. 3. þm. Reykv.

Ég held, að ekki sé ástæða til að greiða fjölskyldubætur með 2 fyrstu börnunum. Fólk, sem hefur sæmilega vinnu, eins og það hefur nú sem betur fer, það getur vel séð fyrir tveimur börnum, og jafnvel hjón eyða ekkert meiru, þótt þau eigi tvö börn, heldur en þótt þau séu barnlaus. Þau tolla meira heima, og þeirra líf verður öðruvísi, og ég hygg, að fjárhagur fólks verði ekkert lakari, þó að það eigi börn, heldur en þótt það sé barnlaust. En það er vitanlega ómögulegt að spara, án þess að það komi við einhvern. Ef fjölskyldubæturnar væru felldar niður með tveim fyrstu börnunum, yrði þar sennilega um 100—120 millj. kr. sparnað að ræða fyrir ríkissjóð.

Það er talað um það og búið að tala mikið um þennan blessaða söluskatt, og satt að segja held ég, að ríkisstj. breyti ekki rétt þar. Það er rétt, að það hefur ekki allt að segja, hvort vísitalan hækkar um 3 stig vegna þessa söluskatts og kaupið hækkar um 3 stig. Fólkið á að fá þetta bætt. En hin mórölsku áhrif hafa mikið að segja. Mér finnst Alþb.-mennirnir og aðrir þeir, sem hafa talað hér fyrir hönd vinnandi manna, sýna mikla sanngirni og hafa vilja til þess að stöðva dýrtíðina. Og ég held, að það sé dálítið hættulegt fyrir hvaða aðila sem er að slá á útrétta hönd. Þetta er aðalatriðið í málinu. Söluskatturinn er ekkert annað en gengislækkun. Það verður hver króna 2% verðminni. Það er ekkert annað en 2% gengislækkun. Og þegar vísirinn er settur á

stað, heldur hann áfram að hreyfast, hjólið heldur áfram að snúast.

Ég held, ef hægt væri að leysa þetta mál öðruvísi en að knýja fram þennan söluskatt og hækka þar með vísitöluna, þá væri bezt fyrir ríkisstj. sjálfa að gera það og reyna a. m. k. til þrautar, hvort um samstarfsvilja er að ræða hjá stjórnarandstöðunni. Og ég held, að það sé. Ég held, að íslenzkur verkalýður sé búinn að sjá, að það er verst fyrir hann þessi sífellda þensla og verðhækkanir. Og sannleikurinn er sá, að þeir, sem hafa fjármuni og geta braskað og velt þeim allavega, það eru þeir, sem græða. En verðbólga og gengislækkanir koma alltaf niður á efnaminna fólkinu og því fólkinu, sem vinnur fyrir sínu daglega brauði með berum höndum, en græðir ekki á braski, þannig að skaðinn af verðbólgu, ef um hann er að tala, lendir alltaf á alþýðumanninum. Ég held, að íslenzkt alþýðufólk sé farið að sjá þetta og vilji af heilindum vinna að því, að breyting verði á þessu, ekki vegna þessara tveggja stiga, það er ekki aðalatriðið, heldur er þetta móralskur hlutur, og það er dálitið hættulegt fyrir ríkisstj. þess vegna að knýja þetta mál fram. Ég tel það enga vanvirðu fyrir hana, þó að hún frestaði þessu, leitaði eftir samstarfi við stjórnarandstöðuna um, hvað þeir vildu spara. Ef ég væri ráðh., sem ég verð aldrei, þá væri ég sannarlega búinn að spyrja stjórnarandstöðuna, hvað þeir vildu spara. Það verður annaðhvort að spara, lækka einhver útgjöld, og ég hef bent á liði í tryggingunum, sem nema 170 millj. og óbeint um 220 millj., ef tekið væri með það, sem bæjarfélögin þurfa að borga og fyrirtækin, og þá lækka líka þessar 42 millj., sem koma vegna kauphækkananna, en ekki nema að nokkrum hluta. Það var ekki rétt hjá hinum mikla gáfumanni, Lúðvík Jósefssyni, 5. þm. Austf., er hann taldi, að þessar 42 millj. kæmu allar af söluskattinum. Það verður einhver hluti af hækkuninni, sem kemur án hans, þannig að ef vísitalan hækkaði ekki vegna söluskattsins, þá mundi þetta sennilega vera 25—27 millj., sem lækkuðu af því. Svo er hægt að finna aðrar skattaleiðir en söluskattinn, sem ekki yrðu til þess að þrýsta upp vísitölunni, ef vel væri leitað.

Við vitum, að ferðalög eru mikil til annarra landa. Það er ekki nóg, að gjaldeyrir eyðist þannig í stórum stíl, heldur er flutt inn mikið af vörum, sem ekki er borgaður tollur af, svo að það verður eyðsla bæði fyrir ríkið og einstaklingana, þjóðfélagsheildina. Þetta er orðið þannig, að vefnaðarvörukaupmennirnir geta lítið selt,. er mér sagt, því að það eru allir búnir að birgja sig upp, skreppa til Englands, og þeir segja, að þeir fái ferðina borgaða með því að kaupa sér föt. Og það er illt að afklæða fólkið, þegar það kemur heim. Það er gjarnan í þessu, sem það er nýbúið að kaupa. Það er ef til vill illt að koma því við, en ósanngjarnt væri það ekki eða óviturlegt að leggja einhvern skatt á ferðamannagjaldeyri. Raunar skal ég játa, að það er dálítið erfitt að hafa hann allt of háan, því að þá má maður búast við, að þeir kaupi gjaldeyrinn utan við bankana. En einhvern veginn væri hægt að hafa hann þannig, að það ynnist eitthvað upp af þessu, sem fólkið skýtur sér undan að borga toll af, að ríkissjóður fengi eitthvað af því þannig. Ég sé ekkert við það að athuga. Í fyrsta lagi er það vafasamt, hvort við höfum efni á því að sólunda öðru eins í ferðalög og gert er, og í öðru lagi er ekki rétt, að sumir greiði toll af hverju einasta snitti, sem þeir kaupa, eins og fólkið verður að gera úti á landsbyggðinni, en aðrir geti skemmt sér og keypt tollfrjálsa vöru, því að svo að segja öll þessi ferðalög eru farin af fólki hér í þéttbýlinu. Mér finnst þetta alls ekki réttlátt. Það verður á einhvern hátt að koma í veg fyrir þetta, annaðhvort með strangari tollgæzlu eða þá með dýrari gjaldeyri, sem fólkið fengi í þessi ferðalög.

Það væri betra að skömminni til að leggja skatt á benzín heldur en að leggja á þennan söluskatt. Það mundi ekki hafa eins greinileg áhrif á vísitöluna. Það væri jafnvel hægt að hækka vínið. Það er smyglað svo miklu af því, að ég held, að það yrði ekkert meira, þó að það yrði hækkað, og væri sannarlega einhver ástæða til að fara að líta betur eftir því. Sömuleiðis væri mjög æskilegt, að ríkisstofnanir færu vel með fjármuni sína. Mér er sagt t. d., hef það frá bæjarbúa, að Bændahallar-Þorvaldur hafi keypt Matborgina og selt svo eitthvert horn af henni fyrir nærri eins mikið verð og hann keypti hana og vínverzlunin hafi keypt þetta. Þetta eru sögur, sem maður heyrir úti í bæ. En ef Þorvaldur hefur mikið af eigninni fyrir ekkert, þá finnst mér þetta ekki vel farið með fjármuni, og hefði verið réttara af vínverzluninni að kaupa fyrst Matborg og selja svo Þorvaldi. Ég er ekki það kunnugur, að ég viti þetta fyrir víst, en sagan gengur.

Það eru t. d. þessir þrír liðir. Svo er hægt að finna ótal aðra liði. Ég sé ekki, að það væri syndsamlegt eða óskynsamlegt af ríkisstj. að ræða þetta allt við þá menn, sem berjast mest á móti þessum söluskatti. Ég held, að það væri bezt fyrir ríkisstj. sjálfa að finna einhverjar aðrar lausnir, sem allir gætu sætt sig við. Hins vegar er ég sammála stjórnarliðinu í því, að ég hef ekki trú á því, að það sé óhætt að lækka tekjurnar um mörg hundruð millj., án þess að það verði tekjuhalli.

Svo má náttúrlega deila um það, hvort endilega er nauðsynlegt, að ríkið borgi allar þær framkvæmdir, sem er verið að gera nú. Það hefur lagt í ýmsa hluti, eins og t. d. fjárfestingu í bönkum. Það á fiskveiðasjóðinn. Ríkið á fiskveiðasjóðinn eða telur sig eiga hann, þó að útgerðarmenn borgi alltaf í hann. Það er lagt í stofnlánadeildina, það er lagt í fiskveiðasjóð, þetta eru líklega einar 50 millj. Svo er, eins og hv. 3. þm. Reykv. benti á, lagt mikið í byggingar. Það má deila um, hvort endilega þarf að borga þetta allt á sama árinu, a. m. k.

það fé, sem bankar fengju þannig og fá að lána út aftur og fá vexti af. Það má deila um það, hvort það sé endilega full þörf á því.

Ég skal játa það, að söluskatturinn er leiðinlegur skattur. Hann kemur illa við fyrirtækin, sem þurfa að svara honum út. Hann kemur sérstaklega illa við þær verzlanir, sem hafa lánastarfsemi, og innheimta gengur yfirleitt illa nú bæði hjá vélaverkstæðum og netagerðar- og nótaviðgerðarverkstæðum. Félög, sem hafa bændaverzlun, reka yfirleitt lánastarfsemi. Það kemur illa við þau fyrirtæki, sem reka lánastarfsemi. Annað, sem er hans mesti galli, er, að það er vafasöm innheimta. Og það er ákaflega illt að sætta sig við það, þegar skatturinn er kominn upp í 7—8%, ef menn geta innheimt hann hjá fólkinu og stungið meira eða minna af honum í eigin vasa. Ég efast ekki um, að það má bæta eitthvað eftirlitið með skattheimtunni. En það er mikið verk, og það verður ógerlegt nema hafa strangan samanburð. Og þó koma margir liðir þar inn í, eins og með vöruafskriftir og vörubirgðir o. fl., o. fl., sem getur verið villandi, og annað, að bókhald ýmissa fyrirtækja er þannig, að það er illmögulegt að sanna, hvað þau hafa selt mikla vinnu og þjónustu, þannig að þetta er leiðinlegur vandræðaskattur. En eitthvað verður að gera. Einhvers staðar þarf að innheimta gjöldin, og það þarf þá annaðhvort að lækka útgjöldin eða finna einhverjar aðrar skattaleiðir. Ég held, að báðar leiðirnar séu færar, bæði hægt að finna aðrar leiðir til þess að skattleggja fólkið og eins að lækka útgjöldin, og það væri það bezta, og er eina ráðið til þess að létta byrðunum af fólkinu. Það þýðir ekkert að skamma bæjarstjórnir og hreppsnefndir fyrir há útgjöld, þegar megnið af þessum gjöldum er bundið með löggjöf. Eigi útsvörin að lækka, þá verður að vera þar um samvinna milli ríkisvalds og sveitarstjórna. Þá verður að breyta löggjöfinni að einhverju leyti. En það verða allir að gera sér ljóst, að með því að heimta alltaf skilyrðislaust meira og meira, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að útgjöldin lækki mikið.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 217 og 221, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Meðal till. fjvn. á þskj. 201 er till. um 1 millj. kr. fjárveitingu til amtsbókasafnsins á Akureyri í því skyni, að þar verði unnt að varðveita bókasafn Davíðs Stefánssonar skálds í sérstökum salarkynnum, ef Akureyrarbær ákveður að kaupa safnið. Þessi till. er flutt í samráði við ríkisstj. Tilefni hennar er það, að Akureyrarbær hefur tjáð ríkisstj., að hann hafi í hyggju að kaupa bókasafn Davíðs Stefánssonar skálds og varðveita það í sérstökum salarkynnum í amtsbókasafninu á Akureyri. Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti viljað stuðla að því, að hið gagnmerka safn Davíðs skálds Stefánssonar sundrist ekki, heldur komist í opinbera eigu, og er till. flutt fyrir þær sakir.

Eins og kunnugt er, hefur nú hins vegar komið upp nokkur hreyfing á Akureyri og norðanlands um það að kaupa einnig hús skáldsins og þá væntanlega að gefa það Akureyrarbæ eða varðveita það á vegum sérstakra samtaka. Í tilefni af þessu hefur þeirri fyrirspurn verið beint til ríkisstj., hvort þessi 1 millj. kr. fjárveiting, ef samþykkt yrði, mundi ekki koma til útborgunar, ef þessi yrði raunin á, vegna þess að í till. segir: „Til amtsbókasafnsins á Akureyri í því skyni, að þar verði unnt að varðveita bókasafn Davíðs Stefánssonar.“ Að gefnu þessu tilefni vildi ég láta þess getið, að ef það verður niðurstaðan hjá bæjarstjórn Akureyrar að taka einnig við eða styrkja með einhverjum hætti kaup á húsi skáldsins og ef það verður vilji bæjarstjórnar Akureyrar, að bókasafnið verði þá geymt þar, lítur ríkisstj. þannig á eða vill líta þannig á, að hún hafi einnig heimild til að greiða þessa 1 millj. kr. til að styrkja það málefni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þegar vegáætlun var í fyrsta skipti afgreidd hér á síðasta þingi, lýsti ég þeirri skoðun minni, að þrátt fyrir mjög hækkuð framlög til vega- og brúargerða á Vestfjörðum færi því víðs fjarri, að samgönguvandamál Vestfirðinga á landi yrðu leyst með þeim fjárveitingum, sem væntu mætti á vegáætlun alveg á næstunni. Svo stórbrotin verkefni biðu úrlausnar í vegamálum Vestfjarða. Til þess að skapa vegasamband innbyrðis milli byggðarlaga og við aðra landshluta þyrfti að fara enn nýjar leiðir.

Við Vestfjarðaþingmenn, sem styðjum ríkisstj., höfum rætt þessi mál við hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. Höfum við fengið fyrirheit þeirra um aukinn stuðning við samgöngubætur á landi á Vestfjörðum með svipuðum hætti og nokkur önnur byggðarlög hafa hlotið nokkur undanfarin ár. Munu þær ráðstafanir koma til afgreiðslu í sambandi við samningu nýrrar vegáætlunar snemma á næsta ári. Ég mun því ekki gera þessi mál frekar að umræðuefni í sambandi við fjárlagaafgreiðslu nú, en ég teldi vel farið, að hæstv. samgmrh. léti í ljós afstöðu sína til þessara mála.

Í sambandi við brtt. frá hv. 1. þm. Vestf. o. fl. á þskj. 208 um 12 millj. kr. greiðsluheimild ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir fólksflótta og eyðingu byggða á Vestfjörðum vil ég taka fram, að hæstv. ríkisstj. hefur falið ákveðnum aðilum að gera áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir á Vestfjörðum í samræmi við þáltill., sem þeir Gísli Jónsson og Kjartan J. Jóhannsson fluttu hér á hv. Alþingi fyrir tæpum 2 árum. Álitsgerð og till. um þetta þýðingarmikla hagsmunamál Vestfirðinga munu verða tilbúnar, að því er ég bezt veit, síðar á þessu þingi, og er það von okkar, að hafizt verði þá þegar handa um framkvæmd á þeim.

Loks vil ég geta þess í sambandi við brtt. á þskj. 208 um hækkun ríkisábyrgðaheimilda

vegna ráðstafana til atvinnuaukningar í einstökum landshlutum, að mér er kunnugt um, að góður skilningur ríkir á því hjá hæstv. ríkisstj., að endurskoða þurfi lögin um atvinnubótasjóð með það fyrir augum að efla starfsemi hans að miklum mun. Vænti ég, að ráðstafanir verði gerðar á yfirstandandi Alþingi í þessa átt, enda ber til þess brýna nauðsyn. Sjóðurinn er nú engan veginn fær um að rækja hlutverk sitt, enda þótt hann hafi orðið mörgum byggðarlögum að verulegu gagni á undanförnum árum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er auðvitað, að ríkisstj. mun afla sér lánsheimildar, þegar þingið kemur aftur saman, vegna þeirra vegaframkvæmda, sem hugsað verður að byggja fyrir lánsfé. Í till. til vegáætlunar, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að það þurfi lán til þriggja vega. Það er til Reykjanesbrautar, Strákavegar og Múlavegar. Ef það verður niðurstaðan við afgreiðslu vegáætlunarinnar að taka fleiri vegi inn, t. d. á Vestfjörðum og jafnvel Austfjörðum eða víðar, þá verður vitanlega að afla lánsheimildar, og lánsheimildin miðast þá við það, hvað ákvarðað verður við afgreiðslu vegáætlunarinnar um byggingu vega fyrir lánsfé á næstu árum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Við fjórir þm. af Austurlandi eigum 3 till. saman. Tvær voru fluttar við 2. umr. og mælt fyrir þeim þá. Leyfi ég mér að vísa til þess, sem þá var sagt um þær, en það er till. um að veita meira fé til hafnarmannvirkja á Bakkafirði en í frv. er gert ráð fyrir enn sem komið er og svo stór og merk till. um að heimila ríkisstj. að taka lán í vegagerðir á Austurlandi. En þriðja till., sem hér er flutt, hefur ekki komið fram áður og ekki verið talað fyrir henni. Hún er um að veita meira fé til viðbyggingar húsmæðraskólans á Hallormsstað en ráðgert er í frv. Þar er sem sagt ráðgert að veita í þessu skyni 450 þús. kr., en við stingum upp á, að í þessu skyni verði veittar 850 þús. kr. Í frv. er miðað við að halda áfram með kennarabústað, sem þar er í smíðum, en við teljum nauðsyn bera til að hefjast einnig handa um að auka nokkuð kennslurými skólans og heimavistir, því að hann tekur eigi nema nokkurn hluta þeirra, sem þar þyrftu endilega að komast að við nám. Þessi húsmæðraskóli er sýnilega of lítill til þess að sinna sínu hlutverki, og viljum við fara fram á það, að nú þegar verði byrjað að veita fé til viðaukans.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Skömmu áður en gengið var til lokaafgreiðslu fjárlaga, svaraði hæstv. samgmrh. fyrirspurn varðandi undirbúning undir bifreiðaferju á Hvalfirði. Veitti hann ýmsar upplýsingar, sem bentu mjög til þess, að þetta kynni að vera æskileg framkvæmd. Þó var augljóst, að enn hefur ekki farið fram sá nákvæmi undirbúningur, sem gerði Alþingi eða ríkisstj. kleift að taka ákvörðun um, hvort ráðast á í þetta á næstunni eða ekki. Það er skoðun mín, að eina leiðin til þess að fá þennan endanlega lokaundirbúning vel unninn sé nú að fá hingað erlendan, ef til vill norskan verkfræðing, sem hafi sérkunnáttu einmitt í þessari tegund mannvirkja. Og það er með það í huga að fá slíkan sérfræðing til þess að athuga þetta mál, sem flutt var till. um 100 þús. kr. fjárveitingu við 2. umr. fjárl. Till. var tekin aftur til 3. umr., en fjvn. sá ekki ástæðu til þess að taka undir hana, og er hún því flutt á nýjan leik og prentuð á þskj. 208.

Einhverjum mun hafa komið til hugar, að það væri hægt að leysa þetta mál með því að nota fé, sem ætlað er til að rannsaka hafnarstæði, þar sem hafnarnefndir eru ekki til. En þetta er að sjálfsögðu ekki hægt, því að samkvæmt vegalögunum eru bæði ferjubryggjur og ferjur vegaframkvæmdir, og er ekki hægt að nota fé, sem er ætlað til að undirbúa hafnarframkvæmdir, til þess að vinna þessa eða aðrar vegaframkvæmdir, og er till. því flutt á nýjan leik. Vil ég vænta þess, því að hér er ekki um stóra upphæð að ræða, að hún fái vinsamlegar undirtektir hjá hv. þingheimi.

Ég vildi segja örfá orð um brtt., sem 3 hv. framsóknarmenn flytja á þskj. 206. Þessi brtt. er við fjárhagsáætlun væntanlegs sjónvarps. Í staðinn fyrir það, sem í fjárlagafrv. stendur, vilja þeir, að fyrsti áfangi þessara framkvæmda verði ákveðinn á árunum 1965—1967, eins og þarna segir, með 8 stórum sendistöðvum og fleiri tækjum og mannvirkjum. Sjónvarpsnefnd, sem starfaði snemma á þessu ári, gerði tvær framkvæmdaáætlanir, aðra til 5 ára og hina til 7 ára. Það var álit nefndarinnar og verkfræðinga, sem hún hafði samstarf við, að 5 ára áætlunin væri það allra hraðasta, sem nokkur leið væri að hugsa sér að vinna þessar framkvæmdir. Nú er hér komin till., sem gerir ráð fyrir enn þá meiri hraða en þessi 5 ára áætlun. 5 ára áætlunin mundi vera með fyrsta áfanga 1966—68, en þessi till. gerir ráð fyrir, að sami áfangi verði framkvæmdur 1965—67. Af þessu vona ég að verði ljóst, að þessi till. er algerlega óframkvæmanleg, og ég mun af þeirri ástæðu ekki treysta mér til að greiða henni atkv., en vil gjarnan, að það komi fram hér, að skoðun mín og allra annarra, sem ég þekki til, sem hafa tekið þátt í undirbúningi sjónvarpsmálsins, er, að sjálfsagt sé að reyna að koma sjónvarpinu út um landið eins hratt og mögulegt er. Þessi till. er óframkvæmanleg og í sannleika sagt ekki hægt að samþykkja hana.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Eitt mesta vandamál í íslenzkum landbúnaði í dag er að útvega þeim, er þess þurfa með, fjármagn til að kaupa jarðir. Sú stofnun, sem hefur átt að inna þetta af hendi, þ. e. veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er því miður alltaf févana til þessara hluta, og er hv. þm. það kannske einna kunnugast, þó að bent sé á þá heimild, sem stendur í lögum um stofnlánadeild landbún-

aðarins. Þar er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin eigi að kaupa 10 millj. kr. á ári af skuldabréfum hjá veðdeildinni, ef fjármagn stofnlánadeildarinnar leyfir að öðru leyti. En nú er hagur stofnlánadeildar landbúnaðarins þannig, að stofnlánadeildin getur ekki innt þær skyldur af hendi, sem hún hefur allajafna gert áður. Það hefur ýmislegt verið gert til þess að draga úr þeim skyldum, sem stofnlánadeildin á að inna af hendi til að lána út á framkvæmdir, sem gerðar hafa verið í ár, þannig að ekki er hægt að reiða sig á, að þar verði um auðugan garð að gresja að þessu sinni. Þess vegna er það, að hv. 3. þm. Vesturl. og ég höfum leyft okkur að flytja hér till. til breyt. á 22. gr. fjárl. og er þessi brtt. á þskj. 216 og er um það að heimila ríkisstj. að greiða af greiðsluafgangi ársins 1963 10 millj. kr. til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, svo að veðdeild Búnaðarbankans geti á ný sinnt því hlutverki, sem henni er ætlað, en það er að lána til jarðakaupa. Mörgum kann að finnast nægjanlegt að fá 100 þús. kr. lán, eins og heitið hefur verið nú um sinn úr veðdeildinni, og þetta kann að vera fullnægjandi undir sumum kringumstæðum, en algerlega ófullnægjandi í allflestum tilfellum. Þess vegna þarf að efla veðdeild Búnaðarbankans nægjanlega, svo að hún geti innt það hlutverk af hendi, sem henni er ætlað, en það er að lána til jarðakaupa. En á meðan þessi mál eru í frekari endurskoðun, þá vænti ég þess, að hv. þm. geti fallizt á þessa lausn í bili, að veðdeildin fái 10 millj. kr. nú, þar til betur verður búið að undirbyggja fjárhag hennar, svo að hún geti risið undir skyldum sínum.

Ég veit, að allir þeir þm., sem hafa með málefni sveitanna að gera, skilja þetta, og ég ætla mér ekki að fara að ræða þetta ýtarlega, þótt tilefni kunni að gefast til, vegna þess að ég veit, að allflestum þingmönnum er þetta mjög kunnugt, og ég efast ekki heldur um, að þeir vilja gera sitt bezta til þess að leysa hér úr aðkallandi vandamáli, þar til viðunandi lausn til frambúðar fæst á þessum málum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi áttum við þm. Vestfjarða fund með okkur um vegamál Vestfirðinga. Við vorum allir sammála um nauðsyn þess að fá lán, sem um munaði, til fjárfrekustu veganna á Vestfjörðum, leitast við að ryðja þannig úr vegi erfiðustu þröskuldunum á þeim vegum, sem loka heilum héruðum hálft árið, eins og mönnum er kunnugt um. Hv. stuðningsmönnum ríkisstj. meðal Vestfjarðaþingmanna var falið að leita eftir stuðningi hæstv. ríkisstj. við þetta mál. Mér er kunnugt um, að þeir hafa gert það og lagt sig nokkuð fram um það, og þeir hafa tjáð okkur það nú að undanförnu oftar en einu sinni, að þeir ættu þennan stuðning hæstv. ríkisstj. vísan, því að bæði hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. hefðu heitið því að verða við þessum óskum Vestfjarðaþingmanna. Við hinir, sem flutt höfum slíkar till. um lán til Vestfjarðavega þing eftir þing, höfum því beðið og vonað, að þessar till. kæmu fram að tilhlutan hæstv. ríkisstj., eins og hún mun hafa gefið þessum hv. þm. fyrirheit um. Við höfum því enga till. flutt um þetta efni nú, af því að á slíkri till. var von. Við töldum það sjálfsagðan hlut eftir þeim upplýsingum að dæma, sem við fengum, að hæstv. ríkisstj. hlutaðist til um það við hv. fjvn., að hún flytti slíka till. Nú er komið í ljós, að það hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert. En það hefur komið annað í ljós, sem ég tel athyglisverðara þó. Það eru þau orð, sem hæstv. samgmrh. lét falla hér áðan. Hann segir orðrétt, ef ég hef náð því orðrétt, sem ég vona: „Ef það verður niðurstaðan að taka fleiri vegi inn, þá verður aflað lánsheimilda.“ — Ef það verður niðurstaðan! Er þetta lausnin á málinu, sem hv. þm. af Vestfjörðum, stuðningsmenn ríkisstj., hafa unnið að og hafa unnið vel að, að fá svo þessa yfirlýsingu, þegar verið er að ljúka 3. umr. fjárl., vitandi það, að við höfum beðið eftir þessari tryggingu fyrir lausn þessa máls, beðið með að flytja till. í málinu, og nú eru eftir nokkrar mínútur eða í hæsta lagi einn eða tveir timar, þar til á að vera lokið þessum umr.?

Ég tel, að við verðum hér fyrir alvarlegum vonbrigðum, og mig grunar, að þessir hv. þm., sem hafa átt viðræðurnar við hæstv. ríkisstj., hafi líka orðið fyrir vonbrigðum. En fyrst svona er komið, þá er ekki annað fyrir okkur að gera, hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. og mig, sem flutt höfum slíkar till. ár eftir ár og urðum nú fyrir þessum vonbrigðum, en að flytja skrifl. till., sem ég hér með afhendi hæstv. forseta og bið hann að leita afbrigða fyrir. Það er brtt. við 22. gr. fjárl. Flutningsmenn eru Sigurvin Einarsson, Hannibal Valdimarsson og Hermann Jónasson: „Að taka allt að 20 millj. kr. lán til vegabóta á Vestfjörðum í samráði við þm. Vestf. og vegamálastjóra.“

Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 221 ásamt hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. um, að af fjárveitingunni, sem í frv. er ætluð til flugvalla í landinu í heild, komi 3½ millj. til flugvalla á Vestfjörðum. Hér er ekki um hækkun á heildarfjárveitingunni að ræða. Ég tel mig ekki þurfa að ræða lengi um nauðsyn Vestfirðinga á bættum flugsamgöngum, svo oft og rækilega hefur það áður verið gert hér á hv. Alþingi. Á Vestfjörðum er aðeins einn flugvöllur, sem notaður er fyrir hinar venjulegu farþegaflugvélar. Sá flugvöllur er á Ísafirði. En þessi flugvöllur er lokaður öllum þeim Vestfirðingum, sem utan Ísafjarðardjúps búa, a. m. k. hálft árið í allri venjulegri vetrarveðráttu. Má því nærri geta um þörf annarra byggðarlaga vestra fyrir flugsamgöngur, og má þar fyrst og fremst nefna fjölmennasta byggðarlagið utan Ísafjarðar, sem er Patreksfjörður, en þar er aðeins lítill flugvöllur enn þá. Á Hólmavík er líka of stuttur flugvöllur fyrir stærri vélar. En jafnframt er þessi þörf engu síður í Dýrafirði, Önundarfirði og víðar. Það

munu allir sjá, að það er ekki til of mikils mælzt að ætla þessa upphæð í þessu skyni.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 217. Er hún um 25 þús. kr. fjárveitingu til minningar um Jón Thoroddsen að Reykhólum. Það er engu slegið föstu um það, með hvaða hætti þetta verði gert, heldur aðeins að það skuli gert á Reykhólum, það sem verður aðhafzt í þessu skyni. Ég lít svo á, að það beri að minnast merkra Íslendinga heima í þeim héruðum, sem hafa fóstrað þá. Ýmsum þessara manna hafa verið reistir minnisvarðar í höfuðborginni, og er gott um það að segja. Þeir voru synir þjóðarinnar í heild, og það fer vel á því, að þeirra sé minnzt í höfuðstað landsins. En þessir merku menn eiga ekki og mega ekki með öllu hverfa úr þeim byggðarlögum, þar sem þeir fæddust, þar sem þeir ólust upp, þar sem þeir lifðu og þar sem þeir störfuðu að meira eða minna leyti. Byggðin og fólkið þar heima á að eiga þá áfram með einhverjum sýnilegum hætti, og því flyt ég þessa till. Jón Thoroddsen, sem fæddur er á Reykhólum, fluttist að vísu korngungur þaðan, en hann var alltaf tengdur Reykhólum og Reykhólasveit traustum böndum. Það sýnir m. a. kvæðið „Hlíðin mín fríða", sem hann yrkir um Barmahlíð, sem er rétt hjá Reykhólum, og þetta kvæði yrkir hann 13 ára gamall. Hann varð síðan sýslumaður Barðstrendinga og sat bæði í Flatey og Haga. Hann varði beztu manndómsárum sínum í þessu héraði. Þar skrifaði hann, þar orti hann, og þar var hann embættismaður. Ég hef áður flutt till. hliðstæða þessari um Eggert Ólafsson. Henni var mjög vel tekið, og hún var samþ. hér á síðasta þingi, og ég geri mér vonir um, að þessi till. muni hljóta svipaðar undirtektir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 217 tvær brtt. Önnur er við Handritastofnunina, þ. e. 14. gr., að í staðinn fyrir 925 þús. kr. sé veitt til hennar 1 millj. og 400 þús., en til vara till. um 1 millj. og 200 þús. Ég gerði við 2. umr. þessa máls nokkra grein fyrir nauðsyn okkar á því að efla Handritastofnunina meira en orðið er. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, ekki sízt eins og nú stendur á í þeirri baráttu, sem við eigum um handritin, að við verjum meira fé til þess að gera okkar fræðimönnum mögulegt að vinna úr þessum handritum og skrifa um þau bækur, enn fremur að gefa þau út og annað slíkt. Að þessu er of lítið unnið nú sem stendur, m. a. vegna þess, að það vantar þarna fé.

Það hefur stundum verið sagt, þegar um þetta hefur verið rætt, að það vanti sérfræðinga. Það er ekki rétt það vantar ekki sérfræðinga, hvorki í þetta né það, sem snertir norrænudeildina við háskólann. Það, sem vantar, er af hálfu stjórnarvaldanna á Íslandi viðsýni í sambandi við að ráða sérfræðinga til þessara hluta. Ástandið er þannig nú í sambandi við rannsóknir bæði á okkar sögu, bókmenntum og handritum, að þeir menn, sem eru jafnvel manna færastir til þess að rannsaka þetta og vinna úr þessum hlutum, eru látnir þræla sér út við alls konar skólakennslu í skólunum hér í Reykjavík, en þeirra kraftar ekki notaðir á því sviði, þar sem þeir eru sérfræðingar. Og sama gildir hvað snertir Handritastofnunina, að menn, sem hafa áður unnið við Árna Magnússonar safn í Kaupmannahöfn, þeir eru hér nú kennarar jafnvel í íslenzku, dönsku og öðru slíku og vinna fyrir sér þannig að verða jafnvel að fara af landi burt til að fá starf við sitt hæfi. Þetta má ekki svo til ganga. Ég veit, að það er kvartað yfir því á þeim tæknisku sviðum, að stórgáfaðir menn, sem við Íslendingar eigum, eru hraktir af landi burt, vegna þess að menn tíma ekki að sjá eftir lélegum prófessorslaunum handa þeim. Þótt það sé hættulegt í sambandi við okkar tæknilegu fræði, þá er hitt enn þá hættulegra, þegar við erum að heyja baráttu eins og nú viðvíkjandi handritunum, að svona skuli til ganga. Ég veit, að þeir menn, sem standa fyrir ýmsum svona stofnunum hjá okkur, þeir eru ekki eins aðgangsfrekir og margir aðrir, svo að ég nefni t. d. einhverja af ekki lélegu tagi, við skulum segja kirkjuhöfðingjarnir. Þessir fræðimenn okkar, sem vanastir eru því að vinna í sínum innilokuðu stofum og sínum söfnum að merkum fræðilegum verkum, þeir eru ekki innstilltir á það að ganga hér til fjvn. og ætla að heimta af henni peninga. Það eru aðrir, sem temja sér það. Þess vegna á Alþingi að sýna þá reisn, að það bjóði þessum mönnum að gera betur við þeirra stofnanir, og segja um leið: Þið getið ráðið fleiri sérfræðinga til ykkar til þess að vinna það. Það er sama með rannsóknarstyrkina. Það á að veita rannsóknarstyrkina þannig, að menninirnir, sem eru að vinna við þetta, geti lifað af þeim, á meðan þeir eru að vinna þarna. Það þýðir, að launin, sem þeir þurfa að fá, eru yfir 100 þús. kr. á ári, en ekki undir 100 þús. Þess vegna vil ég eindregið vonast til þess, að hv. þm. samþykki annaðhvort aðal- eða varatillöguna og sýni þar með skilning á nauðsyninni á því að efla Handritastofnunina.

Ég skal líka geta annars í þessu sambandi. Ég veit ekki betur en það sé eins konar samkomulag á milli Þjóðminjasafnsins og Handritastofnunarinnar, að um leið og Þjóðminjasafnið reynir að koma sér upp þjóðháttadeild, verklegri þjóðháttadeild, til þess að bjarga ýmsu af okkar tæknilegu menningu, gömlu tæknilegu bændamenningunni, áður en þau tæki, sem bændurnir unnu með, eru algerlega horfin, og þó er reynslan sú, að sum þeirra voru horfin, svo að það var ekki hægt að drífa upp eitt einasta á landinu af því tagi og varð að smíða það eftir fyrirsögn manna, sem höfðu notað það áður, — en á sama tíma sem Þjóðminjasafnið kemur sér upp slíkri verklegri þjóðháttadeild, þá skilst mér, að Handritastofnunin sé að koma sér upp eins konar andlegri þjóðháttadeild. Þar er verið að reyna að safna, við skulum segja rímnastemmum, kvæðalögum, taka upp á segulband frásagnir gamalla kvenna, þegar þær segja börnum eða

barnabörnum sínum ævintýri eða þjóðsögur. Það, sem enn þá er til á Íslandi og er að deyja út með þeirri kynslóð, sem nú er 70—80 ára gömul, það er verið að reyna að taka þetta upp, þannig að þessar raddir og þessar aðferðir, þessi háttur að segja frá, hvort heldur það er í bundnu máli eða óbundnu, það varðveitist og varðveitist eins og alþýða manna hefur sagt það, eins og gömlu ömmurnar hafa sagt barnabörnunum það. Þetta er enn þá til, og það hafa verið menn að fara í sínum frítíma út um þær dreifðu byggðir landsins með nýtízkutæki til þess að taka þetta upp. En með hverju árinu sem líður fækkar því fólki, sem enn þá kann þessa hluti, að segja þetta, og segja það á þann hátt, sem þjóðsögurnar hafa lifað á vörum þjóðarinnar, og við eigum ekki að láta þetta vera frístundastarf nokkurra manna, sem til þess fást. Við eigum að láta menn vinna að þessu, á meðan enn þá er tími til. Menn mundu vilja borga fyrir þetta miklu, miklu meira en þær 100 þús., sem þarna er lagt til, þegar þetta er horfið. En tíminn til þess að borga það er nú.

Það er Alþingi sjálft, sem á að hjálpa til með svona hluti. Ég man eftir því hér um árið, meðan Davíð Stefánsson lifði, þá lagði ég til að taka hans rödd og hans upplestur á hljómplötu, og það var auðvitað fellt. Einn framtakssamur maður, sem auðsjáanlega hefur skilning á okkar menningu og okkar arfleifð, hér í Reykjavík, hann gerði það svo nokkru seinna, að hann lét Davíð lesa inn á plötu, og sú plata er til og er vinsæl nú. En ég man eftir, að Davíð sagði við mig, þegar ég minntist á þetta við hann: „Ja, það var nú bara of seint gert, mín rödd var ekki eins góð lengur og hún var áður.“ Og svona er þetta. Við erum alltaf að tína niður og glata þessum hlutum, um leið og við erum að miklast af því, hvað við höfum varðveitt mikið. Þess vegna álít ég, að við eigum líka á þennan hátt að styðja Handritastofnunina til þess að reyna að bjarga þessum andlegu þjóðhátturn, sem eru með hverju árinu sem líður að fara í glatkistuna hjá okkur.

Mér þykir hins vegar vænt um, að ég veit, að bæði af hálfu Ríkisútvarpsins og Handritastofnunarinnar er reynt að vinna að þessu. En Alþingi á að segja við þessar stofnanir: Við viljum ýta undir ykkur með þetta. Og við eigum kannske því frekar að gera það sem ekki er verið að koma til okkar og alltaf verið að kvabba á fjvn. um að gera þessa hluti, þannig að einhvern tíma sýnum við þó, að við höfum skilning á þessum hlutum og það þurfi ekki bara að koma hingað til Alþingis til þess að reyta út úr því peninga í það, sem gott er.

Síðari brtt., sem ég er með, er, að sá liður, sem nú er varið í sambandi við Þjóðminjasafnið til rannsókna, 40 þús., hann verði 200 þús. og orðist svo: „Til rannsókna á Íslandi og Grænlandi.“ Við vitum, að það eru mjög merkar fornminjar, sem eru að finnast og menn gera sér vonir um að komi til með að finnast á næstunni í enn ríkara mæli í Grænlandi, og það er jafnþýðingarmikið fyrir okkur að rannsaka það eins og okkar eigið land í þessum efnum. Vafalaust verður ekkert því til fyrirstöðu. En strax og um slíkt er að ræða, þá verður náttúrlega kostnaðurinn meiri. Þið sjáið það sjálfir, hvað eru 40 þús. kr. til allra rannsókna á fornminjum á Íslandi? Og hvernig er þetta rekið núna? Þetta er rekið þannig, að ef bóndi rekst á fornminjar, þegar hann er að grafa fyrir einhverju nýju, og ef sá bóndi eða annar aðili, sem er að vinna að þessu, er verulega hugsandi í þessu, þá gerir hann fornminjaverði viðvart. Það hefur hins vegar líka komið fyrir, að sumir og það jafnvel stórbændur hafa kannske eyðilagt svo og svo stórar rústir, eldgamlar, sem voru hjá þeim, þegar verið var að jafna þetta allt saman og slétta með þeim stóru nýtízkutækjum.

Ég held þess vegna, að við þurfum að ýta undir þjóðminjavörð og þá með því að segja: Alþingi vill veita meira fé í þetta. Og í sambandi við þær samþykktir, sem hér er nú verið að gera um að ráðstafa fjármunum til hinna og þessara hluta, þá er þetta bókstaflega ekki neitt. Og ég verð að segja það, að ég er satt að segja hissa á fjvn. að fást ekki sjálf til þess að taka upp eitthvað af þessu. Við tölum um það öll ósköp, ef okkur finnst, að einhverjir séu að ganga á okkur í þessum efnum, við skulum segja t. d., ef Norðmenn fara að tileinka sér Leif Eiríksson, þá verður fótur og fit uppi á Íslandi. En hvað gerum við svo við þær fornminjar, sem kunna að finnast enn þá eftir Leif Eiríksson í Grænlandi, Íslendingabyggðum Grænlands? Hvaða áhuga sýnum við á þessu? Norðmenn voru duglegri en við að leita að þeim í Vínlandi, en er þó styttra fyrir okkur. Það er þjóðrembingur hjá okkur, og við bara tölum og tölum ósköp hátt, þegar um þetta er að ræða, en sýnum okkur svo ekki verulega í því að gera hlutina, vinna það þrotlausa og sífellda starf, sem þarf að vinna að því að koma þessum fornleifarannsóknum á réttan kjöl.

Það gildir sama um þetta og það, sem ég sagði um Handritastofnunina. Ég veit ósköp vel, að þeir menn, sem standa fyrir þessu, þeir fræðimenn, sem vinna sín góðu störf í kyrrþey fyrir okkar land og okkar þjóð og okkar menningu, þeir eru ekki duglegir fjármálamenn í að koma til fjvn. En við eigum ekki að láta þá eða það starf, sem þeir hafa, gjalda þess. Við eigum að segja héðan frá Alþingi: Við viljum, að það sé unnið meira að þessu, og við viljum láta ykkur hafa meira fé til þessa og segja okkur bara til. Þegar fjárl. eru komin upp í 3 milljarða og 600 millj., þá á ekki að spara á svona liðum. Þess vegna vil ég vonast til, að hv. þm. verði við því að samþ. þessar brtt.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég á á þskj. 208 tvær brtt. við fjárl. Önnur till. er viðkomandi framlagi til Drangsneshafnar, að því verði

breytt, það verði hækkað úr 100 þús. í 700 þús. Ég flyt þessa till. ásamt þeirri, sem ég síðar mæli fyrir, vegna þess, að það er aðkallandi nauðsyn, að framkvæmt verði það, sem gert er ráð fyrir að framkvæmt verði, ef tillögurnar verða samþ., og mér er það ljóst, að ef ég fæ ekki samþ. þessar tvær brtt., sem eru jafnmikið réttlætismál og þær eru, þá er þýðingarlaust að bera fram aðrar.

Það, sem mælir með því að samþ. tillögurnar, er fyrst og fremst það, að því er snertir Drangsnes, að atvinnulífinu á Drangsnesi er þannig háttað, að það er sjávarþorp, eins og alþm. vita, og menn lifa þar á sjávarútvegi. Það eru gerðir þar út nokkrir bátar, og þar er hraðfrystihús. Það hefur verið aflabrestur við Húnaflóa undanfarin ár, og afkoman á Drangsnesi er mjög léleg, eins og yfirleitt við Húnaflóa og raunar norðanlands. Það steðja því tvenns konar erfiðleikar að frystihúsinu og atvinnulífinu á Drangsnesi, sem er eitt og hið sama. Það er hráefnisskortur vegna aflaleysis, og tapið á frystihúsinu hefur skipt nokkrum hundruðum þúsunda ár eftir ár. En það, sem háir þessum atvinnurekstri þó ekki minna og hefur verið varanlegt, er það, að hafnlaust er á staðnum til útskipunar í millilandaskip. Það verður þess vegna að aka klukkutímaakstur í bifreið með hráefnið til Hólmavíkur til þess að koma því í skip til útflutnings, og þessi kostnaður skiptir hundruðum þúsunda á ári og ríður baggamuninn um það, að ef ekkert verður að gert, þá verði frystihúsinu lokað. En alþm. ættu að geta gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir plássið, þegar þess er gætt, að bátarnir og frystihúsið eru einu atvinnutækin á staðnum, og það er ekki um annað að gera fyrir fólkið á Drangsnesi, ef lagfæring fæst ekki og ef frystihúsinu verður lokað þar af leiðandi, en að flytja burt af staðnum, og flutningar verða mjög örir þaðan núna í seinni tíð. Það verður þess vegna að horfast í augu við það, að annaðhvort er að leggja staðinn niður sem pláss ellegar gera þessar aðgerðir sem allra fyrst.

Hin till., sem ég flyt, er í sambandi við till. til þál., sem var flutt hér á Alþingi 1962—1963. Till. gerði ráð fyrir að rannsaka,, hvað hægt væri að gera til að fyrirbyggja fólksflótta frá Vesturlandi, og það var gert ráð fyrir því, að rannsókninni yrði lokið í lok ársins 1963. En henni er ekki lokið enn, eins og komið er fram í þessum umr. Hins vegar er sennilegt og gert ráð fyrir því, að rannsókninni verði lokið á næsta ári. En þá þarf fjármuni til þess að hefjast handa, og auðn vofir svo víða yfir á Vestfjörðum af mörgum ástæðum, að málið þolir enga bið. Það verður ekkert gert á næsta ári, ef ekki eru ætlaðir fjármunir til þess að gera þær framkvæmdir, sem að rannsókn lokinni verður álitið nauðsynlegt að gera og rétt að gera.

Þess vegna legg ég til, að ríkisstj. verði heimilað að taka 12 millj. kr. lán til þessara framkvæmda. Það, sem er gallinn á aðgerðum til þess að fyrirbyggja fólksflótta frá Vestfjörðum og annars staðar á landinu, er það, að það er alltaf gert of seint. Það er of smátt í sniðum og gert of seint. Og þegar flótti er brostinn í liðið, þegar fólksflótti er hafinn, snýr fólkið ekki við, þegar vonlaust er orðið um það vegna aðgerðaleysis ár eftir ár, að því verði rétt hjálparhönd. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa þessa heimild fyrir ríkisstj. til staðar, þegar rannsókninni er loks lokið og komin niðurstaða um það, hvað hagkvæmast verði að gera fyrir atvinnulífið á Vestfjörðum og annað fyrir fólkið, þannig að hægt sé að halda byggð þar áfram, svo sem verið hefur.

Við fluttum enga till., þm. Vestf., við heimildagr. um lánsheimild til vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Sannast að segja bjuggumst við við, eins og tekið hefur verið fram í þessum umr., ákveðnari yfirlýsingum frá hæstv. samgmrh. um vegamál Vestfjarða en raun ber vitni. Ég vil enn vona, að það mál upplýsist þannig í þessum umr., og komi fram svo ákveðnar yfirlýsingar um aðgerðir í vegamálum Vestfjarða, eins og ég hef ástæðu til að væntа, að hægt verði að draga þá till. til baka, sem við þrír þm. Vestfjarða flytjum. En ég bíð þess. Við sjáum hvað setur.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa því yfir í sambandi við yfirlýsingu hæstv. menntmrh., sem hann flutti varðandi brtt. fjvn. um aðstoð við amtsbókasafnið á Akureyri vegna eftirlátins bókasafns Davíðs Stefánssonar, að ég tel þá yfirlýsingu alveg fullnægjandi frá sjónarmiði Akureyringa, og ég tel þess vegna þá till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. og fleiri flytja á þskj. 208, óþarfa, eftir að þessi yfirlýsing hefur verið gefin.

Annars var það till. mín og hv. 5. landsk. þm., sem ég vildi hér ræða um nokkrum orðum. Till. er á þskj. 208, er 12. till. á því þskj. En í 50. brtt. hv. fjvn. á þskj. 201, sem varðar heimildagr. fjárl., er í d-lið till. ákveðið að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán til Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar h/f hér í Reykjavík óákveðna upphæð, allt að 80% af kostnaðarverði, vegna kaupa og breytinga á síldarflutningaskipi, sem umrætt fyrirtæki ætlar sér að kaupa. Ég vil sízt hafa á móti þessari till., þó að í hlut eigi mjög auðugt fyrirtæki hér í Reykjavík og þó að ég telji, að margt hefði mælt með því, að í slíkar framkvæmdir hefði verið ráðizt af fleiri eða helzt mörgum aðilum í ýmsum landshlutum og þannig hefði fengizt meiri árangur, sérstaklega að því leyti, að nýting síldarflutningaskipa og tækja í sambandi við þau hefði orðið betri, ef þannig hefði verið staðið að máli. en ég tel ekki ástæðu til þess nú að deila um það. Málið er þarft og vafalaust rétt stefnt með því, að keypt sé stórt tankskip, eins og þetta fyrirtæki ætlar sér að gera. Aðalþáttur þessa máls, þ. e. a. s. síldarflutninga, snýr að því að tryggja nýtingu þeirrar miklu fjárfestingar, sem við höfum sett í síldarverksmiðjur og nú er orðin það mikil, að miðað við veiðimagn á undanförnum árum gætu verksmiðjurnar, ef heildar-

aflamagninu væri jafnað niður á þær, afkastað því öllu á um það bil einum mánuði. Annar þáttur þessa máls snýr svo að veiðimöguleikum síldveiðiflotans, afkastagetu hans og einnig rekstrarmöguleikum miðlungsstórra og minni skipa. Þriðji og ekki veigaminnsti þáttur málsins snýr svo að atvinnuöryggi verkafólks í síldarbæjunum, sem er mjög mikið komið undir því, að síldariðnaðurinn geti verið árviss atvinnugrein, og eins og ég sagði áðan, snýr einnig einn þátturinn að því, að unnt sé að spara að einhverju leyti í frambúðarfjárfestingu í síldariðnaðinum með betri nýtingu þeirrar, sem þegar er fyrir hendi, og halda þannig uppi hærra hráefnisverði fyrir útveginn og fyrir síldveiðisjómenn. Ég held, að þeir séu nú að verða fleiri og fleiri, sem telja, að unnt sé að nálgast öll þessi mikilvægu markmið með nýrri tækni og hagkvæmum skipakosti til flutninga á síld af miðunum eða frá sérstökum umhleðslustöðvum og til fjarlægra verksmiðja, þegar svo ber undir.

Með brtt. fjvn., sem ég minntist á, er opnaður möguleiki til mikillar aðstoðar við eitt fyrirtæki hér í Reykjavík til þess að tryggja rekstur þess, á meðan síldveiði er von einhvers staðar í kringum strendur landsins. Og með e-lið sömu brtt. er einnig gert ráð fyrir ábyrgðarheimild fyrir framkvæmdum við síldarverksmiðjur og framkvæmdum í sambandi við síldarflutninga. En sú heimild er þó ekki rýmri en svo, að miðað við þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru í byggingu nýrra síldarverksmiðja, stækkana og endurbóta á þeim, sem fyrir eru, er allsendis óvíst, að nokkuð verði afgangs til hjálpar síldarverksmiðjunum á Norðurlandi í sambandi við síldarflutninga. En það er einmitt á Norðurlandi, sem skórinn kreppir harðast að í þessum efnum. Mér virðist og okkur flm. þessarar till. báðum, að ríkar ástæður séu til þess, að einmitt þar sé sérstaklega hlaupið undir bagga með ábyrgðarheimild á þann hátt, sem við leggjum til.

Um þýðingu síldarflutninga almennt hef ég og hv. 5. landsk. þm. flutt sérstaka þáltill., og ég hafði vonað, að unnt yrði að ræða og afgreiða þá till. fyrir það þinghlé hv. Alþingis, sem nú er að hefjast. Það hefur hins vegar ekki getað orðið og aðstaða er því ekki nú til þess að ræða þetta stórmál svo rækilega sem ástæða hefði verið til, enda mun ég geyma það til síns tíma, en læt mér nægja nú að minna aðeins á þær mikilvægu ástæður, sem liggja til þess, að Norðlendingar hljóta sérstaklega að leggja áherzlu á þetta mál. Við munum það sjálfsagt allir jafnvel, hvernig ástatt var s. l. sumar, þegar miklu meira magn barst til Austfjarðahafna en nokkrir möguleikar voru til að vinna þar af síld, bæði vegna afkastatakmarka verksmiðjanna og einnig skorts á mannafla, en á sama tíma stóðu flestar verksmiðjur á Norðurlandi með tiltölulega lítil verkefni, miðað við afkastagetu sína, og nægan mannafla, verksmiðjukost, sem er nú orðinn það mikill, að hann getur unnið milli 50 og 60 þús. mál á sólarhring, en sumar verksmiðjurnar fengu enga eða því nær enga síld. Og auk þess eru á þessu svæði 40 söltunarstöðvar, sem voru svo að segja verkefnalausar á þessari miklu síldarvertíð síðustu og voru flestar reknar með geigvænlegu tapi. Afleiðingarnar af þessu hafa svo orðið atvinnuskortur og fjárhagslegir erfiðleikar fyrir síldariðnaðinn í Norðurlandi yfirleitt. Það eina, sem hefði getað bjargað rekstri síldarvinnslunnar, ég vil segja bæði verksmiðjanna og síldarsöltunarstöðvanna á s. l. sumri og þá um leið atvinnulífinu í síldarbæjunum án stórfelldrar nýrrar fjárfestingar í nýjum framkvæmdum, voru miklir síldarflutningar, en þeir hefðu um leið stórkostlega aukið heildarafla síldveiðiflotans, sem ýmist var í beztu aflahrotunum stöðvaður langtímum saman eða hann varð að eyða dýrmætum tíma frá veiðum í flutninga á eigin afla, sem oft getur tekið, miðað við veiðisvæði s. l. sumar, 2—3 sólarhringa fyrir hvern farm. Þeir flutningar, sem annars fóru fram á s. l. sumri, björguðu að vísu nokkru, en þeir voru allt of litlir og gerðir af vanefnum hvað skipakostinn snerti og útbúnað einnig.

Nú um nokkurra ára skeið hefur verið starfandi ofurlítill vísir að samstarfi einkaverksmiðja á Norðurlandi, sem hafa tekið erlend flutningaskip, að vísu óhentug, á leigu. En þessi skip hafa verið of lítil og flutningageta þeirra of lítil, til þess að flutningarnir hafi reynzt verulega hagstæðir. Ég hygg, að nú sé hafinn nokkur undirbúningur að því að efla þessa starfsemi og jafnvel að leita um hana víðtækara samstarfs en áður hefur verið, þó að enn þá sé ekki komið neitt fast form á slíkan félagsskap. En ég tel þó vafalaust, að það geti orðið úr framkvæmdum. En á hitt er að líta, að eftir langvarandi erfiðleikatímabil þessarar atvinnugreinar á Norðurlandi verður ekki komizt hjá verulegri aðstoð frá hinu opinbera með einhverjum hætti, og ábyrgð ríkisins er í þeim efnum óefað sú lausnin, sem er a. m. k. ríkissjóði léttbærust, ætti að vera áhættulaus með öllu, en gæti orðið sú driffjöður, sem bæði örvaði og tryggði nauðsynlegar framkvæmdir. Ég tel vafamál, að hið opinbera geti án beinna fjárútláta orðið Norðlendingum á annan hátt að betra liði í atvinnuerfiðleikum þeirra, og mjög víða gæti slík aðstoð, sem ekki þyrfti að veita með beinum fjárframlögum, verið mjög mikilvæg og jafnvel fullnægt þeirri atvinnuþörf, sem fyrir hendi er.

Ég stytti nú mál mitt og vísa um frekari rökstuðning til grg., sem fylgir þeirri þáltill., sem við flm. þessarar till. höfum flutt fyrr á þinginu. Ég ítreka þó og bendi á það aftur, að samþykkt þessarar till. varðar ekki niðurstöðu fjárl. og hefur ekki útgjöld í för með sér, en er samt mikilvæg, bæði frá þjóðfélagslegu sjónarmiði og fyrir hagsmuni okkar Norðlendinga. Ég vil þess vegna vona og því fremur sem málið er allt eftir sem áður á valdi hæstv. ríkisstj., að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar styðji þessa till. og tryggi henni samþykki.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að lýsa yfir fylgi við þá till., sem tveir hv. alþm. hafa flutt á þskj. 208, XII, um heimild til þess að ábyrgjast lán til samtaka síldarverksmiðja og síldarsöltunarstöðva á Norðurlandi, er stofnuð kunna að verða til rekstrar síldarflutningaskipa, sem nemi allt að 80% af kostnaðarverði skipanna, gegn tryggingum, sem hún metur gildar. Ég sé ekki annað en eftir að flutt hefur verið till. af hálfu ríkisstj., að sér skilst, um heimild til að veita slíka ábyrgð vegna fyrirtækis hér syðra, hljóti að þykja eðlilegt að samþykkja þessa till. En hér er um hið mesta nauðsynjamál að ræða fyrir Norðurland, þar sem mjög hefur skort hráefni, bæði til norðlenzkra síldarverksmiðja, a. m. k. á hluta af Norðurlandi, og einnig til norðlenzkra söltunarstöðva. Hvernig svo sem fer um þessa till., fær þetta mál að sjálfsögðu nánari athugun síðar hér á þingi.

Á þingskjölum eru nokkrar brtt., sem mér ber að mæla fyrir, en sumar þeirra voru fluttar við 2. umr. og teknar aftur þá í þeirri von, að þær hlytu nánari athugun í hv. fjvn., en eru nú endurfluttar við þessa umr.

Ég vil byrja á því að minnast á brtt. við 13. gr., sem ég hef flutt einn. Hún er um fjárveitingu til ferjubryggju í Heiðarhöfn á Langanesi, 20 þús. kr. og til vara 15 þús. kr. Hv. Alþingi hefur nú þegar samþ. nokkrar fjárveitingar til þess að koma upp ferjubryggjum svonefndum, flestum á Vestfjörðum, en einnig annars staðar, og virðist mér, að það væri mjög í samræmi við þær aðgerðir, að þessi litla upphæð yrði veitt til ferjubryggju í Heiðarhöfn. Sauðaneshreppur á Langanesi er ein af þeim sveitum hér á landi, þar sem byggð stendur nú mjög völtum fótum. Fjöldi jarða hefur þar farið í eyði á síðustu áratugum af ýmsum ástæðum, sem hér verða ekki raktar, m. a. vegna erfiðs árferðis af náttúrunnar völdum um tíma. Ein af þessum jörðum er jörðin Heiði á Langanesi, sem fyrrum var tvíbýli og mikill búskapur til lands og sjávar, og var þar þá reyndar vísir að þorpi. Nú hefur verið byggt nýbýli í Heiðarhöfn, og framtíð jarðarinnar veltur nokkuð á því, hvernig fer um þetta nýbýli. Þangað er nú kominn maður, sem fer mjög vel af stað með búskap sinn, atorkusamur maður, og á s. l. sumri var lítils háttar hafizt handa um að gera smábryggju í Heiðarhöfninni. Heiðarhöfnin er skjólgóð. Hins vegar er þar mjög aðgrunnt og ákaflega erfið aðstaða þar af þeim ástæðum til að lenda báti. Þarna þyrfti að koma upp ofurlitlum bryggjustúf, og það fé, sem var fyrir hendi í sumar sem leið til þeirra hluta, nægði ekki. Það þyrfti lítils háttar upphæð til að koma til viðbótar a. m. k. Þess vegna er þessi till. flutt.

Þá vil ég nefna brtt. við 14. gr. á þskj. 217, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., samþm. mínum. Þessa till. fluttum við við 2. umr. málsins, en fjvn. hefur því miður ekki tekið hana upp enn sem komið er, og höfum við því flutt hana aftur. Ég vil nú leyfa mér að gera nokkra grein fyrir málinu. Stjórn Rímnafélagsins ritaði Alþingi hinn 18. nóv. s. l. á þessa leið:

„Frá því á árinu 1965 hefur Rímnafélagið ár hvert notið 20 þús. kr. styrks úr ríkissjóði til útgáfu rímna, og færir stjórn félagsins Alþingi alúðarþakkir fyrir veittan stuðning. Síðan félagið var stofnað, hefur það gefið út 9 rímnaflokka, frá 11—31 örk hvert rit, og 3 aukarit um rímur. 10. rímnaflokkurinn, Brávallarímur í útgáfu dr. Björns K. Þórólfssonar, kemur út í janúarmánuði næsta ár. Er verið að vinna að Blómsturvallarímum eftir Jón Eggertsson klausturhaldara í útgáfu Grims M. Helgasonar cand. mag. Auk þess gaf félagið út ljóðmæli Simonar Dalaskálds, úrval og sýnishorn úr rímum hans og ljóðum. Nálgast þetta að vera eitt rit á ári, síðan félagið var stofnað. Stjórn Rímnafélagsins hverju sinni hefur lagt kapp á að vanda til útgáfu rímna og ráðið færustu menn, sem völ hefur verið á, til að sjá um útgáfurnar, enda hefur verið unnið að þeim að hætti visindamanna. Í sambandi við það, sem að framan segir, má benda á, að í viðtalstíma í Ríkisútvarpinu fyrir nokkrum dögum um íslenzku handritin nefndi forstöðumaður Handritastofnunarinnar, prófessor Einar Ól. Sveinsson, Rímnafélagið sem einn aðila að útgáfu íslenzkra handrita. Rímnafélaginu hefur verið mikill stuðningur að styrk þeim, sem Alþingi hefur veitt félaginu til útgáfu rímna, sérstaklega fyrstu árin, þegar útgáfukostnaði var frekar í hóf stillt en nú er. Hin síðari ár hefur prentun, pappír og annar útgáfukostnaður hækkað svo gífurlega, að stjórn félagsins sér fram á, að með slíkum fjárráðum sem félagið hefur haft hingað til verður útgáfustarfsemi þess svo hægfara, að ekki er viðunandi og nálægt stöðvun, enda hefur fjárþröng hamlað mjög starfsemi félagsins í seinni tíð. Hins vegar bíður félagsins mikið starf. Í handritasöfnum heima og erlendis liggja hátt á 2. þúsund rímnaflokkar í handritum og bíða birtingar. Virðist liggja nærri, að félag, sem til þess hefur verið stofnað að gefa handrit út í vísindalegum útgáfum og þykist hingað til hafa rækt það starf eins vel og efni hafa staðið til, fái aðstöðu til að gera rímnahandrit okkar almenningi aðgengilegri. Af því, sem að framan segir, leyfir undirrituð stjórn Rímnafélagsins sér að fara þess á leit, að hið háa Alþingi hækki á fjárl. fyrir næsta ár styrk til útgáfustarfsemi Rímnafélagsins úr 20 þús. kr. upp í 40 þús. kr."

Við flm. höfum ekki farið fram á svo mikið, heldur aðeins að styrkurinn verði hækkaður úr 20 þús. kr. upp í 30 þús. kr., sem mundi víst ekki gera meira en að samsvara verðlagsbreytingum, sem orðið hafa á þessum tíma, og þykir mér raunar undarlegt, ef hv. Alþingi neitar þessari hækkun, þegar fram á svo lítið er farið, enda geri ég ráð fyrir því, að þegar til kemur, muni það ekki verða. Ég vil geta þess, að nokkrir alþm. hafa verið formenn þessa félagsskapar, og meðal þeirra skal ég nefna

fyrrv. þm. Borgf., Pétur Ottesen, og fyrrv. þm. Árn., Jörund Brynjólfsson, sem báðir voru meðal þeirra, sem unnu að stofnun þessa félagsskapar, enda áhugamenn um þjóðleg fræði. En þess má geta, að ástæðan til þess, að við hv. 1. þm. Norðurl. e. flytjum þessa till., er sú, að við höfum undanfarið haft þessa formennsku með höndum. Till. er sem sé engan veginn pólitísk, þó að svo vilji til, að hún sé flutt af tveim stjórnarandstöðu-þm. Mér þykir leitt, að hv. formaður fjvn. skuli ekki vera hér viðstaddur, — nú, er hann hér, — til þess að leggja eyrun við þessu, sem ég nú sagði. Ég efast ekki um, að hann hafi góðan vilja til að sinna þessu máli.

Þá vil ég næst minnast á brtt. við 22. gr. Þær eru þrjár, brtt., sem mér ber að mæla fyrir, við þá gr., á þskj. 208 og 221.

Ég vil þá fyrst minnast á það, að ég flyt ásamt hv. 2. þm. Austf. till. um að breyta nokkuð orðalagi 9. liðar í þessari gr., eins og hann er nú orðaður í frv., eins og það fyrir liggur, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðurlandi." Brtt. okkar er um það, að takmörkunarákvæðið, allt að 1.1 millj., verði fellt niður og þá að sjálfsögðu einnig orðið endurveiting og að útvarpinu verði heimilt að verja tekjuafgangi sínum öllum til að bæta hlustunarskilyrði í þessum landshlutum.

En auk þess flytjum við aðra brtt. um nýjan lið á þessari grein, að heimilt sé að verja enn fremur til að bæta hlustunarskilyrði allt að 5 millj. kr. úr ríkissjóði, auk þess tekjuafgangs, sem kynni að verða hjá Ríkisútvarpinu. Þessum tveimur upphæðum er heimilt að verja til að bæta hlustunarskilyrðin. Það er víst óhætt að segja, að útvarpið, sem nú hefur starfað í rúmlega 3 áratugi, sé mjög vinsælt með þjóðinni. Og það er líka óhætt að segja það, að útbreiðsla útvarps er orðin mjög mikil. Flest heimili á landinu munu nú eiga útvarpsviðtæki. En það er ekki nóg að eiga viðtæki, því að sums staðar á landinu og að ég hygg einkum á Norður- og Norðausturlandi hefur það komið í ljós, ekki síst nú í seinni tíð, að hlustunarskilyrði og þá sérstaklega á vissum tímum árs eru mjög slæm. Ég hef sjálfur verið vottur að því oftar en einu sinni, hvernig hlustunarskilyrðin geta verið á Norðausturlandi, og alveg sérstaklega nú í sumar og haust fékk ég reynslu af þessu þar á heimili mínu. Nú hefur nokkuð verið gert af hálfu Ríkisútvarpsins til þess að bæta skilyrðin undanfarin ár og varið til þess einhverju af tekjuafgangi útvarpsins samkv. heimild Alþingis. En samt sem áður er það svo, að s. l. sumar og haust var ástandið ekki betra en þetta, sem ég var að lýsa áðan, þar sem ég heyrði til útvarps, og er mér sagt, að svo sé allvíða á þessum slóðum enn þrátt fyrir þá viðleitni, sem uppi hefur verið til þess að bæta skilyrðin. Ég hef rætt þetta mál nokkuð við fróðan mann um þessi efni, og hann segir mér, að enn hafi útvarpið í hyggju frekari ráðstafanir á þessu sviði, og ef verði úr þeim áformum, sem nú séu fyrirhuguð, sé trúlegt, að mun meira fé þurfi til þess á næsta ári heldur en sú heimild, sem nú er í fjárlagafrv., gerir ráð fyrir. Ég hef enn fremur fengið þær upplýsingar og við flm., sem ég hafði ekki haft áður, að á þann hátt, sem reynt hefur verið að bæta hlustunarskilyrðin, næst ekki viðunandi árangur. Það verður ekki tryggt á þann hátt. En til er aðferð, sem mundi tryggja það, að alls staðar á landinu gætu verið viðunandi hlustunarskilyrði fyrir útvarp, og það er að koma upp sérstökum stöðvum, svokölluðum FM-stöðvum með sérstakri bylgjulengd, sem engin vandkvæði eru á að fá. En það er alldýrt að koma upp slíkum FM-stöðvum, sem mundu tryggja örugg hlustunarskilyrði útvarps, mundi kosta nokkrar, kannske margar millj. kr., og það er sér í lagi þess vegna, sem við flytjum till. um nýjan lið á 22. gr.

Í þessu sambandi langar mig að lokum til að segja þetta: Það mun mega heita afráðið, að nú á næstunni verði varið mörg hundruð millj. kr. af þjóðartekjum til að koma upp hér á landi sjónvarpsstöð og sjónvarpsviðtækjum á íslenzkum heimilum og þá sérstaklega, a. m. k. fyrst um sinn, í þéttbýlasta hluta landsins. Þarna er á ferðinni einn tízkuskatturinn enn, sem leggst á þessa lítilsmegandi þjóð, á sama tíma og henni liggur lífið á að byggja upp land sitt og treysta framtíð sína. Sumir halda þetta menningarauka. Aðrir gera sér í hugarlund, að þetta sé ráðið til að koma í veg fyrir afnot hins hvimleiða erlenda sjónvarps. Á árangur af þessu eru menn að vísu misjafnlega bjartsýnir, en við skulum vona, að hann verði eins og menn vonast eftir. En með sérstöku tilliti til þessa má varla minna vera en að þeim landshlutum, sem fjarlægastir eru höfuðstöðvum og lítið munu hafa af sjónvarpi að segja fyrst um sinn, verði tryggð viðunandi afnot af því útvarpi, sem nú er í landinu og fáir vilja án vera.

Nú er aðeins eftir að mæla fyrir einni brtt. við 22. gr., sem ég flyt ásamt hv. samþm. mínum, hv. 1. og hv. 5. þm. Norðurl. e., en það er till. um heimild til að taka lán, allt að 3 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt, vegna Hálsavegar í Norður-Þingeyjarsýslu. Þessi till. var flutt við 2. umr., og ég mælti fyrir henni þá. Ég ætla ekki að bæta neinu við það, sem ég sagði þá um nauðsyn þeirrar vegagerðar, sem þarna er um að ræða, og viljum við flm. nú vænta þess, að þó að hv. fjvn. hafi enn ekkert um till. sagt, fái hún byr hér á hinu háa Alþingi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal nú vera ósköp stuttorður, til að tefja ekki tímann, því að klukkan er nú orðin æðimargt. En það er ekki þar með sagt, að sú till., sem ég flyt hér ásamt tveimur öðrum hv. þm., sé að sama skapi jafnómerkileg og ræðan verður stutt að þessu sinni. Sú till., sem við flytjum þrír þm. Alþb. á þskj. 208, er brtt. við till., sem

fjvn. flytur og snertir heimildagr. fjárl., þ. e. a. s. 22. gr. Í þeirri grein segir, að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán til atvinnuaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem atvinna er ónóg. Ég hef nú ekki greinina fyrir framan mig, en efnisinnihaldið er þetta. Og við, þessir 3 þm. Alþb., flytjum brtt. um, að upphæðin verði hækkuð í 30 millj. kr., þ. e. að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast 30 millj. kr. lán.

Það er óþarfi að rökstyðja þessa till. í löngu máli. Við teljum að sjálfsögðu, að þessi upphæð, 10 millj., til atvinnuaukningar, sé allt of lág og megi ekki minna vera en að upphæðin sé þrefölduð. Þessi upphæð mun ætluð fyrir staði, sem hafa ónóga atvinnu, og þar koma vitanlega fyrst í hug ýmsir staðir í Norðurlandskjördæmi vestra, eins og Siglufjörður, Skagaströnd, Hofsós, Sauðárkrókur, en staðreyndir og upplýsingar liggja fyrir um hið alvarlega atvinnuástand á þessum stöðum. Hins vegar kom fram í umr. hér á Alþingi um skýrslu atvinnumálanefndar, að það var víðar en í þessu kjördæmi, sem ónóg atvinna var, og var þar alveg sérstaklega tiltekinn Vestfjarðakjálkinn og Norðurlandskjördæmi eystra. Í Norðurl. e. mun atvinnuástand vera langsamlega alvarlegast á Þórshöfn, og einnig má þar nefna staði eins og Ólafsfjörð og Dalvík. Á Vestfjörðum er vitað, að uppi eru óskir um, að nokkrar milljónir fari til ákveðins staðar þar, sem nýlega varð fyrir miklu áfalli, og það liggur í augum uppi, að ef einar 4—5 millj. fara til þess staðar, er ákaflega lítið til skiptanna fyrir hina. Það er einnig vitað um Vestfirði, að atvinnuástand á Hólmavík og Drangsnesi er mjög alvarlegt. Þegar það er haft í huga, hversu atvinnutækin eru dýr, meðalfiskibátur kostar yfir 10 millj. kr., niðurlagningarverksmiðja kostar milli 1 og 2 millj., aðeins vélarnar, og húsakostur annað eins, þá held ég, að það liggi í augum uppi, að eigi að gera eitthvað af hálfu ríkisvaldsins til þess að bæta úr atvinnuástandi á þessum stöðum, sem búa við ónóga atvinnu, verður það aðeins hálfgert kák að henda í þetta 10 millj. Upphæðina þarf að auka, og við teljum, að það megi varla vera minna en þreföld aukning eða 30 millj. Ég vænti þess, að hv. þm. líti með velvild og skilningi á þessa till.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er fyrst út af brtt. fjvn. um að ábyrgjast allt að 90 millj. til að koma upp síldarverksmiðjum og fleiri framkvæmdum í sambandi við síldarvinnsluna. Ég vil taka það fram fyrir hönd okkar Austfjarðaþm., sem flytjum hér brtt., og raunar allra um það atriði, að við erum að vinna að því að reyna að fá ríkisábyrgðir fyrir verksmiðjubyggingar á Djúpavogi, Stöðvarfirði og Eskifirði. Á Djúpavogi og Stöðvarfirði er engin síldarvinnsla, en mikil söltun, sem væntanlega hlýtur að falla niður, ef ekki tekst að vinna þar síld, og því verður að koma upp verksmiðjum, jafnvel þótt litlar séu. Á Eskifirði eru síldarverksmiðjuafköst ekki meiri en svo, að þau duga ekki einu sinni til að greiða fyrir þeirri miklu söltun, sem nú er orðin þar á staðnum. Hér er því á öllum þessum stöðum um mjög miklar nauðsynjaframkvæmdir að ræða. En við flytjum ekki brtt. hér um að ætla sérstakar heimildir, ábyrgðarheimildir, vegna þessara verksmiðja, vegna þess að við vitum, að það fæst ekki fram að binda ábyrgðarheimildirnar við ákveðna staði. Við viljum því mega treysta því, að þessar verksmiðjur verði fyrir valinu, þegar hæstv. ríkisstj. ákveður, hvernig hún notar þá heimild, sem felst í þessum 90 millj. kr., viljum fastlega vænta þess. En jafnframt vil ég lýsa því yfir fyrir okkar hönd allra, að komi það í ljós, að ríkisstj. þyrfti á hærri ábyrgðarheimild að halda til þess að geta orðið við óskum okkar um þessar þrjár verksmiðjur, munum við allir beita okkur fyrir því með hæstv. ríkisstj., að ábyrgðarheimildin verði aukin, þegar þar að kæmi. Má byggja á þessari yfirlýsingu við athugun á þessum málum, ef fjárhæðin skyldi reynast of lág, þegar hæstv. ríkisstj. fer að taka endanlegar ákvarðanir um þessi mál.

Enn fremur vil ég lýsa því yfir, að við fylgjum brtt., sem er á öðru þskj., frá Birni Jónssyni og Ragnari Arnalds, um að samþykkja sérstaka ábyrgðarheimild til skipakaupa vegna nauðsynlegra flutninga norður í land, og mundi þetta gera rýmra um að veita úrlausnir vegna verksmiðjubygginga.

Þá vil ég láta í ljós ánægju mína yfir þeirri yfirlýsingu, sem hér kom fram hjá hæstv. landbrh. eða samgmrh. um, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að fá heimildir til að taka lán til vegagerða. Ég skildi þá yfirlýsingu þannig, að þar mundu Austfirðir og Vestfirðir áreiðanlega koma með, en þetta yrði ekki gert í sambandi við fjárl., eins og við höfðum stungið upp á, heldur yrðu þá væntanlega sett um lántökuna sérstök lög, um leið og vegáætlunin yrði samþykkt. Ég læt í ljós ánægju mína yfir þessari yfirlýsingu, og í því trausti, að Austurland komi með í vetur, þegar gengið verður frá vegamálunum, og samþykkt verði rífleg lánsheimild vegna vegagerða á Austurlandi, lýsi ég yfir fyrir hönd okkar, sem að þessari till. stöndum, að hún er tekin til baka, en brtt. er um að heimila allt að 20 millj. kr. lántöku vegna vegagerðar á Austurlandi.

Loks er ég hér með skriflega brtt., sem ég mun afhenda hæstv. forseta. Hún er frá okkur 4 þm. að austan, mér og Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni og Lúðvík Jósefssyni, og fjallar um að hækka fjárveitingar til þriggja fyrirhleðslna í ám, sem hv. fjvn. hefur gert till. um. En þannig er ástatt í því efni, fyrst í Norðurdalsá í Breiðdal, að fyrirhleðslan, sem þarf að gera þar, kostar 1/2 millj., en vegamálastjóri leggur til, að veitt verði í fyrsta áfanga 150 þús., og er það till. okkar, að svo verði gert. Brtt. fjallar um það. En hv. fjvn. leggur til, að í þetta verði veittar 50 þús. kr., og er þetta mjög illa farið og horfir mjög illa

um framkvæmd málsins, ef ekki verður veitt meira. Í Hofsá í Álftafirði þarf að vinna fyrir 150 þús. kr. í einum áfanga, en hv. fjvn. veitir aðeins 40 þús. kr., þannig að það yrði á fjórða ár verið að safna í þennan eina áfanga, og er ég hræddur um, að illa yrði komið á þessum slóðum, ef ætti að bíða þann tíma eftir framkvæmdum. Því leggjum við til, að í þessa fyrirhleðslu verði veittar 150 þús. kr., eins og vegamálastjóri stingur upp á. Og loks leggjum við til, að til fyrirhleðslu við Norðfjarðará verði veittar 50 þús. kr. í stað 35, sem hv. fjvn. leggur til. Þetta er brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 201, svo sem nánar er tilgreint í till., sem ég leyfi mér hér með að afhenda hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 223 og 224) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við tillögu, sem hv. 3., 5. og 1. þm. Vestf. flytja við 22. gr., að taka allt að 20 millj. kr. lán til vegabóta á Vestfjörðum í samráði við þm. Vestfjarða og vegamálastjóra. Eins og frsm. þessarar till. gat um í ræðu sinni hér í dag, hv. 3. þm. Vestf., þá höfum við þm. stjórnarflokkanna átt viðræður við samgmrh. og fjmrh. um, að það verði tekið lán til vegabóta á Vestfjörðum, og það lá fyrir fyrirheit um það frá þessum tveimur hæstv. ráðh., að slíkt yrði gert. Við óskuðum eftir því, að það yrði tekið hér í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, en þeir létu í ljós, að þeir vildu heldur láta afgreiða þetta mál og afla til þess heimilda í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar á næsta ári. Á það féllumst við, því að fyrir okkur vakir auðvitað fyrst og fremst og eingöngu að fá slíka heimild, en skiptir ekki höfuðmáli, hvort það er afgreitt nú við afgreiðslu fjárlaga eða við afgreiðslu vegáætlunar í byrjun næsta árs. Ég harma það, að þessi tillaga hafi verið flutt, því að þessi fyrirheit liggja fyrir, og vil í fullri vinsemd óska eftir því, að þessir hv. þm. taki þessa till. aftur, enda væri það í fullu samræmi við þann skilning, sem 1. þm. Austf. (EystJ) lagði í þetta mál eftir yfirlýsingu samgmrh. hér í dag, þar sem hann tók aftur þær till., sem 4 þm. Austf. fluttu varðandi lán til vegabóta í Austfjarðakjördæmi. Ég mundi telja það miður farið fyrir okkur Vestfirðinga, að þessi eina till. kæmi til atkvæða í sambandi við fjárlög, þegar aðrar till. hafa verið teknar aftur og fyrirheit liggur fyrir um það, að þetta mál verði tekið til endanlegrar afgreiðslu, eins og ég sagði áðan, í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar. Ég vil því endurtaka það, að ég vænti þess, að þessir 3 hv. þm., flm. þessarar till., vilji taka hana aftur nú, því að ég tel, að það verði ekki okkar málstað neitt til bóta að halda fast við þessa einu till. í sambandi við þetta mál.

Í sambandi við aðra till., sem sömu þm. flytja, varðandi flugmál, leggja þeir til, að 3.5 millj. kr. verði varið af því fé, sem verja á til flugvalla, til flugvalla í Vestfjarðakjördæmi. Nú er það þannig, að flugráð skiptir þessu fé til flugvalla, og á 20. gr. fjárlaga er þetta framlag 15 millj. 220 þús. kr. Ég er efnislega sammála því og finnst það mjög sanngjarnt, að af þessu fé verði þessari upphæð varið til flugvalla á Vestfjörðum, og tek alveg undir þau orð, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér í dag, að á Vestfjörðum er ekki nema einn flugvöllur fyrir hinar stærri áætlunarvélar, þ. e. Ísafjarðarflugvöllur, og mikið liggur við, að það verði orðið við óskum íbúa Patreksfjarðar um stækkun á flugvelli þar. Ég vil því vænta þess, að flugráð og flugmálaráðh. sýni því máli fullan skilning og það verði komið til móts við þessar óskir Patreksfirðinga og allra þm. Vestfirðinga um, að þessi flugvöllur verði lengdur á næsta sumri, þannig að hinar nýju áætlunarflugvélar Flugfélags Íslands geti komið þar við á leið sinni til eða frá Ísafirði, en það er það, sem íbúar þessa kauptúns og nærliggjandi hreppa leggja mikið upp úr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að ræða stuttlega till., sem hér liggja fyrir varðandi fjárstuðning ríkissjóðs við kaup á eftirlátnum eignum Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi. Eins og kunnugt er, andaðist skáldið frá Fagraskógi 1. marz þ. á. Við lát hans varð meira en héraðsbrestur í Eyjafirði, þjóðin átti á bak að sjá einu ástsælasta og snjallasta skáldi sínu, og ljóst var, að skarð hans varð vandfyllt. Komið hefur fram mjög skýr vilji almennings um, að minning Davíðs Stefánssonar verði varðveitt á þann hátt, sem sæmir stöðu hans sem þjóðskálds. Skáldið gerði enga ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, en eftirlátnar eigur hans voru miklar og mjög verðmætar. Var þar fyrst og fremst um að ræða íbúðarhús, verðmætt bókasafn, innanstokksmuni og listaverk. Söluverð allra eignanna var áætlað rúmlega 4 millj. kr., þar af var bókasafnið metið á 2.8 millj. og húsið á 1.3.

Bæjarstjórn Akureyrar sýndi strax áhuga á að gera það, sem í hennar valdi stæði, til þess að varðveizla minja Davíðs Stefánssonar mætti verða með fullum sóma, og leitaði eftir samningum við erfingja skáldsins um kaup á eignunum. Stóðu samningar yfir um alllangt skeið, og niðurstaðan varð sú að lokum, að bæjarstjórn ákvað að kaupa bókasafn Davíðs og erfingjarnir ákváðu að gefa innanstokksmuni skáldsins og skyldi bókasafninu og innanstokksmununum valinn staður í nýrri og myndarlegri bókhlöðubyggingu, sem nú er í smíðum á Akureyri. Hins vegar var algerlega horfið frá því ráði, að Akureyrarbær keypti Davíðshús við Bjarkarstíg og varðveitti það sem Daviðssafn. Var það samdóma álit bæjarfulltrúa, að til þess hefði bærinn ekki fjárhagslegt bolmagn.

Þessi ákvörðun um kaup og afhendingu bóka og innanstokksmuna Davíðs Stefánssonar var

gerð heyrinkunn í byrjun nóvembermánaðar s. l. Sætti ákvörðunin mjög misjöfnun dómum í Akureyrarbæ og víðar um landið, og töldu ýmsir, að rétt hefði verið að varðveita allar eigur Davíðs, þ. e. hús og bækur og innanstokksmuni, og stofna þannig Davíðssafn í húsi skáldsins við Bjarkarstíg, þ. e. halda húsinu með öllum þeim ummerkjum sem voru, meðan Davíð lifði þar og starfaði. Af þessu hefur síðan sprottið hreyfing, sem á ítök á Akureyri og í Eyjafirði og mjög mikil raunar hér í Reykjavík og um allt land. Hreyfing þessi er í mótun, hún er enn það ung, að ekki er gott að segja, hvað úr henni kann að verða, en rétt er að gera sér grein fyrir tilgangi hennar. Tilgangur hreyfingarinnar er sá, að hús Davíðs Stefánssonar verði varðveitt með þeim ummerkjum, sem skáldið skildi við það, þegar það andaðist. Davíðssafn í Davíðshúsi, það er tilgangur hinnar nýju hreyfingar. Ég skal engu spá um það, hvað úr þessu kann að verða, en mér þykir ekki ólíklegt, að niðurstaða málsins verði í samræmi við stefnu þessarar hreyfingar, þ. e. að Davíðshús verði keypt og það varðveitt sem safn til minja um skáldið.

Mér hefur þótt rétt að rifja upp þessi atriði, vegna þess að fjvn. flytur till. um það á þskj. 201, að varið verði úr ríkissjóði 1 millj. kr. til amtsbókasafnsins á Akureyri í því skyni, að þar verði unnt að varðveita bókasafn Davíðs Stefánssonar í sérstökum salarkynnum, ef Akureyrarbær ákvæði að kaupa safnið. Ég er í sjálfu sér sammála þessari till., en eins og hún er orðuð, gefur hún ástæðu til að ætla, að ríkið muni ekki styðja annan aðila til kaupa varðveizlu eigna Davíðs Stefánssonar heldur en amtsbókasafnið og Akureyrarbæ, og í öðru lagi, að styrkurinn sé því bundinn, að bókasafnið verði geymt í amtsbókasafninu, þ. e. hinu nýja húsi, sem nú er í smíðum. Mér virðist því, að þetta orðalag geti útilokað það, að ríkið styrkti hina hugmyndina um varðveizlu Davíðseigna, þ. e. að Davíðshús verði keypt og varðveitt sem safn með öllum sínum einkennum, bókum og öðrum munum skáldsins. Þess vegna leyfi ég mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) að flytja viðaukatill., sem var hugsuð til þess að tryggja, að þessi fjárupphæð gengi allt eins til Davíðssafnsins, hvort heldur Akureyrarbær væri einn aðili að kaupum minjanna og varðveitti þær í amtsbókasafninu eða önnur viðtækari samtök yrðu mynduð og Davíðshús sjálft keypt ásamt bókum og innanstokksmunum. Tilgangurinn með viðaukatill. var sem sagt að tryggja þetta. Nú hefur hæstv. menntmrh. fyrr í umræðunni látið svo um mælt, að ríkisstj. telji þetta framlag jafnt koma til greina, hvort sem Akureyrarbær einn verði aðili að Davíðssafni eða viðtækari samtök komi til með að standa að safninu og hvort sem húsið verði keypt eða ekki. Í trausti þess, að ríkisstj. sé fús til að styðja að því, að Davíðssafn megi rísa, með fjárframlagi sínu, á Akureyri og ef til vill í Davíðshúsi sjálfu, ef svo skyldi semjast, þá fellst ég á að taka viðaukatill. á þskj. 208 til baka, enda má segja, að tilgangi hennar sé náð.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. (MB) hefur lýst því hér yfir, að tveir hæstv. ráðh., samgmrh. og fjmrh., hafi gefið stuðningsmönnum sínum úr Vestfjarðakjördæmi fyrirheit um, að til Vestfjarða verði veitt lánsfé á þessu ári við afgreiðslu vegáætlunar. Við, sem flytjum þessa till. og gerðum það á síðustu stundu, eftir að við vorum orðnir vonlausir um yfirlýsingu af hálfu hæstv. ráðh., sem fullnægði okkur, teljum þetta mikilsverða yfirlýsingu frá hv. 11. landsk. þm. og teljum þar með tryggt, að lánsfé komi til vega á Vestfjörðum á þessu ári, svo framarlega sem hæstv. ráðh. mótmæla ekki þessum skilningi, og eru þeir báðir hér viðstaddir. Verði þessum skilningi mínum ekki mótmælt hér af ráðh., munum við taka till. þessa til baka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 171, 201, 203, 204, 205, 206, 207, 208, 216, 217, 221, 223, 224).

ATKVGR.

Brtt. 204,1—4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 206,1 felld með 32:17 atkv.
— 201,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 205,I samþ. með 41 shlj. atkv.
— 201,2, svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
— 201,3—7 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 207,1 felld með 30:25 atkv.
— 201,8 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 208,I felld með 30:27 atkv.
— 208,II felld með 32:25 atkv.
— 221,I felld með 30:27 atkv.
— 208,III felld með 30:27 atkv.
— 221,II felld með 31:24 atkv.
— 221,II til vara felld með 31:28 atkv.
— 208,IV samþ. með 22:10 atkv.
— 208,V felld með 29:22 atkv.
— 201,9—12 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 217,I.1 felld með 31:20 atkv.
— 217,I.1 til vara felld með 31:22 atkv.
— 205,II felld með 30:27 atkv.
— 205,III felld með 31:24 atkv.
— 201,13—18 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 207,2 felld með 30:25 atkv.
— 201,19 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 203,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 201;20 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 217,I.2 felld með 30:18 atkv.
— 217,II samþ. með 36:5 atkv.
— 205,IV felld með 28:22 atkv.
— 205,V.1 felld með 30:22 atkv.
— 201,21 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 217,III samþ. með 37:2 atkv.
— 203,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 205,V.2 felld með 31:21 atkv.
— 201,22—23.a samþ. með 43 shlj. atkv.
— 208,VI tekin aftur.
— 201,23.b—28 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 224 felld með 30:23 atkv.
— 201,29 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 205,VII felld með 30:20 atkv.
— 208,VII felld með 27:20 atkv.
— 201,30—31 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 205,VI samþ. með 34 shlj. atkv.
— 201,32.a—b samþ. með 42 shlj. atkv.
— 208,VIII felld með 31:21 atkv.
— 201,32.c samþ. með 41 shlj. atkv.
— 217,IV samþ. með 37 shlj. atkv.
— 201,33—36 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 221,III felld með 30:24 atkv.
— 207,3 felld með 30:24 atkv.
— 206,2 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ.

nei: BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BF.

Brtt. 207,4 kom ekki til atkv.
— 203,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 201,37 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 207,5 felld með 28:25 atkv.
— 201,38—39 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 207,6 felld með 31:23 atkv.
— 207,6 til vara felld með 30:25 atkv.
— 203,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 201,40—42 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 201,43 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 205,VIII samþ. með 33 shlj. atkv.
— 201,44 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 203,5—7 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 201,45—46 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 221,IV felld með 31:20 atkv.
— 201,47 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 203,8 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 201,48—49 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 208,IX felld með 28:21 atkv.
— 221,V felld með 29:20 atkv.
— 208,X tekin aftur.
— 201,50.a—b samþ. með 39 shlj. atkv.
— 208,XI felld með 30:21 atkv.
— 201,50.c samþ. með 44 shlj. atkv.
— 208,XII felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS.

nei: EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, BF.

Brtt. 201,50.d—f samþ. með 42 shlj. atkv.
— 216 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ.

nei: BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BF.

Brtt. 208,XIII tekin aftur.
— 208,XIV tekin aftur.
— 205,IX tekin aftur.
— 208,XV felld með 26:24 atkv.
— 208,XVI felld með 31:23 atkv.
— 223 tekin aftur.
— 201,51.a—d samþ. með 39 shlj. atkv.
— 205,X samþ. með 35 shlj. atkv.
— 201,51.e—f samþ. með 40 shlj. atkv.
— 203,9 samþ. með 34:1 atkv.
— 204,5 samþ. með 27:25 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 232).

14. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1965.

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1965** [113. mál] (stjfrv., A. 233).

Á 36. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt venju samkvæmt og er nauðsynlegt, eins og þinghaldi er háttað nú og hefur verið háttað í mörg ár. Ég vonast til þess, að málið sæti engum ágreiningi og fái greiðan framgang. Ég sé ekki ástæðu til þess, að það fari til n. Hér er um að ræða hreint formlegt atriði, sem allir hljóta að vera sammála um, legg til, að það verði afgreitt til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt venju samkv. og er nauðsynlegt eins og þinghaldi nú orðið er háttað. Það hefur þegar fengið greiðan framgang í hv. Nd., og ég vonast til, að það verði einnig í þessari hv. d. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og þar sem hér er mál, sem enginn ágreiningur er um, heldur hrein formleg afgreiðsla, þá sé ég ekki ástæðu til að leggja til, að frv. verði vísað til n., heldur vonast til, að það geti fengið framgang án þess að verða sent til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 249).

---

15. Tollskrá o. fl. (lækkun tolla á flökunarvélum o. fl.).

Á 40. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. [121. mál] (stjfrv., A. 243).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk Sambands íslenzkra fiskframleiðenda, og það gerir ráð fyrir því, að lækkaður sé tollur á flökunarvélum og hausskurðarvélum til vinnslu á fiski úr 35% í 10%.

Ríkisstj. hefur haft til athugunar um nokkurt skeið að lækka almennt tolla á vélum, sérstaklega vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða, svo og öðrum vélum og tækjum þess iðnaðar, sem framleiðir vörur og veitir þjónustu fyrir innlendan markað. Þeirri athugun er ekki lokið enn. En vegna þess að inn í hana hefur spunnizt viðtækari endurskoðun tollskrárinnar en upphaflega var ráðgert, þykir þó rétt að flytja þetta frv. sérstaklega, því að vertíð er hafin og atvinnurekendur hafa lagt áherzlu á, að þessi breyting taki gildi nú þegar. Þess vegna er þetta frv., þó að hið almenna frv. um lækkun á vélatollum sé ekki tilbúið, flutt nú, til þess að unnt sé að lækka aðflutningsgjald á vélum þessum nú þegar. Það er ósk ríkisstj., að þetta frv. fái greiða göngu í gegnum þingið. Ég legg til, að frv. gangi til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 252).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Að því er varðar tilefni þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fram borið, leyfi ég mér að vísa til grg. fyrir frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins.

Fjhn. hefur haft málið til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 252 ber með sér, leggur hún einróma til, að frv. verði samþ., þó með brtt., sem n. flytur á umræddu þskj. og felst í því, að orðinu flatningsvélar er bætt inn í þá upptalningu, sem lækka á tollana á. Þetta er gert til þess að taka af öll tvímæli um það, að flatningsvélarnar féllu undir þetta. Ég hafði samband við tvo tollskrárnefndarmenn um þetta, og þeir töldu að vísu, að ekki væri nauðsynlegt að gera þessa breyt., þar sem þetta mundi verða túlkað þannig, að flatningsvélarnar féllu undir þetta, en höfðu þó ekkert við það að athuga, að n. gerði þessa breyt., og það var skoðun n., að það væri til bóta.

ATKVGR.
Brtt. 252 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 255).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að ósk Sambands ísl. fiskframleiðenda og gerir ráð fyrir því, að tollur verði lækkaður á flökunarvélum, flatningsvélum og hausskurðarvélum úr 35% í 10%.

Ríkisstj. hefur haft til athugunar um nokkurt skeið lækkun almennra tolla á vélum, sérstaklega á vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða, en einnig á vélum og tækjum þess iðnaðar, sem framleiðir vörur og veitir þjónustu fyrir innlendan markað. Þeirri athugun er ekki lokið enn, og inn í hana hefur spunnizt viðtækari endurskoðun tollskrárinnar heldur en upphaflega var ráðgert. En það þykir rétt að flytja þetta frv. sérstaklega, þar sem vertíð er fyrir nokkru hafin og atvinnurekendur hafa lagt sérstaka áherzlu á, að þessi breyting komi til framkvæmda nú þegar.

Þó að hinni almennu athugun á tollum o. fl. sé ekki lokið, er þetta frv. flutt, og er það ósk ríkisstj., að það fái greiða göngu gegnum þingið. Frv. hefur verið samþ. í Ed., og varð þar alger samstaða um málið. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj atkv. og til fjhn. með 32 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 258).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál var, sem kunnugt er, flutt af hæstv. ríkisstj. í Ed. og er þaðan komið með þeirri breytingu, sem þar var gerð á frv., að bætt var við upptalninguna undir lið 0.5: flatningsvélar. Fjhn. hefur fjallað um þetta mál og orðið sammála um að leggja til, að frv. í núverandi mynd verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 262).

---

16. Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Lög þessi voru gefin út 10. sept. s. l. Tilefni þess, að lögin voru gefin út, er það, að á Selfossi hefur verið slátrunarleyfishafi, S. Ó. Ólafsson & Co., en það fyrirtæki hafði selt sláturhúsið, frystihúsið og aðrar eignir til nýstofnaðs kaupfélags á staðnum. Fyrirtækið S. Ó. Ólafsson & Co. hafði byggt frystihúsið og sláturhúsið fyrir tveimur eða þremur árum, og eru þetta vandaðar byggingar, og hafði fengið löggildingu viðkomandi stjórnarvalda til þess, að þar mætti slátra, enda var aldrei nein fyrirstaða hjá því fyrirtæki að fá slátrunarleyfi. En þegar þetta nýstofnaða kaupfélag sótti um leyfi til framleiðsluráðsins, þá var því synjað, og framleiðsluráð landbúnaðarins hefur fært þær ástæður fyrir synjuninni, að samkv. 14. gr. framleiðsluráðslaganna sé óheimilt að veita tveimur samvinnufélögum slátrunarleyfi á sama stað. Á því byggði framleiðsluráðið synjunina, án þess að segja nokkuð um það að öðru leyti, hvort eðlilegt væri, að slátrunarleyfishafar væru tveir á staðnum, ef annað fyrirtækið væri ekki samvinnufélag.

Nú hafði þetta nýstofnaða kaupfélag keypt eignirnar, og það gat ekki notað þær nema fá slátrunarleyfi, enda er tæplega hægt við því að búast, að löggjafinn, þegar þessi grein laganna var samin, hafi gert sér grein fyrir því, að þetta ákvæði gæti leitt til þess, að nýjar byggingar, sem höfðu verið í notkun hjá kaupmannsverzlun, gætu ekki verið til notkunar undir öðrum kringumstæðum, ef t. d. samvinnufélag keypti þær og ætlaði sér að nota þær.

Ég geri ráð fyrir því, að þegar menn athuga þetta mál, þá geti menn verið sammála um, að þetta ákvæði sé ekki eðlilegt. Nú er það svo, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefur talið, að það væri ekki æskilegt, að slátrunarleyfishöfum fjölgaði, vegna þess að það væri erfitt að fá slátrunarleyfishafana til að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til sláturhúsa. Og það mun rétt vera, að meira en helmingur af sláturhúsum í landinu uppfyllir ekki

þær kröfur, sem gerðar eru, og fá því leyfi frá ári til árs með undanþágu. Og meðan svo er, má segja, að sjónarmið framleiðsluráðsins sé rétt, að ekki sé æskilegt, að slátrunarstöðum fjölgi.

Eins og áður sagði, er ekki um það að ræða um þetta sláturhús. Það uppfyllir allar kröfur og er í bezta lagi, ágætu ásigkomulagi, bæði frystihúsið og sláturhúsið. Og með þetta fyrir augum, að óeðlilegt hefði verið, að þetta nýstofnaða félag, sem 300 Árnesingar standa að, kannske meira nú, gæti ekki notað sér þessar eignir, sem það keypti í góðri trú, hafa þessi brbl. verið út gefin. En eins og segir í 1. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta, þá er gert ráð fyrir, að allir þeir, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeir, sem eignazt hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, geti haft slátrunarleyfi áfram, enda fullnægi húsið þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögunum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkrar deilur séu um það, eins og það er undir sig komið, en ég legg til, að lokinnni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 41).

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., er um staðfestingu á brbl., sem gefin voru út á s. l. hausti, um breyt. á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. fylgdi landbrh. því úr hlaði og gerði grein fyrir þeim rökum, sem til þess lágu, að þessi brbl. voru sett. Ég sé því ekki ástæðu til að rekja það frekar nú, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 41 frá landbn. d., hefur hún orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. Þó hafa tveir nefndarmanna, Ágúst Þorvaldsson og Hannibal Valdimarsson, skrifað undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 12. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar í brbl. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum, en brbl. þessi voru gefin út 10. sept. s. l. Frv. hefur farið gegnum hv. Nd. shlj. Ástæðan til þess, að þessi brbl. voru gefin út, er sú, að nýstofnað kaupfélag á Selfossi hafði keypt sláturhús ásamt frystihúsi af S. Ó. Ólafsson & Co. og sótti um slátrunarleyfi til framleiðsluráðs, en var synjað á þeim forsendum, að það væri ekki heimilt að veita tveimur samvinnufélögum slátrunarleyfi á sama stað.

Nú var það svo, að fyrirtækið S. Ó. Ólafsson & Co. fékk alltaf slátrunarleyfi umyrðalaust hjá framleiðsluráðinu, enda hafði fyrirtækið nýlega byggt sláturhús, sem uppfyllti allar kröfur heilbrigðisyfirvalda, og var engin aths. við það gerð. En fram hjá þessari lagagrein taldi framleiðsluráð, að ekki væri létt að komast, og taldi, að nóg hefði verið að slíku gert áður og mál væri til þess komið að halda sig við bókstaf l., og get ég út af fyrir sig alveg á það fallizt, að það sé eðlilegt að halda sig við bókstaf laganna í þessu tilfelli eins og öðrum, þegar um framkvæmd laga er að ræða. En til þess að framleiðsluráð standi ekki í neinum vandræðum út af slíku sem þessu, er hér lagt til, að aftan við 14. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeim, sem eignazt hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögum."

Það er gert ráð fyrir því, að þeir, sem höfðu slátrunarleyfi 1963 og uppfylla öll skilyrði, geti fengið slátrunarleyfi áfram, og hygg ég, að það sé alveg í samræmi við starfshætti og vilja framleiðsluráðsins, enda hefði framleiðsluráði aldrei dottið í hug að taka slátrunarleyfi af fyrri eiganda þessa sláturhúss á Selfossi. En með því að meina hinum nýja eiganda, sem hafði keypt sláturhúsið í góðri trú, um slátrunarleyfi, var verið að gera þessa eign verðlitla og mjög óeðlilegt að hindra það, að samvinnufélag, sem var stofnað með 300 félagsmönnum í héraðinu, fengi minni rétt en kaupmannsverzlunin. Og þannig hefur hv. Nd. litið á málið, að lagasetning þessi væri eðlileg og þá ekki sízt vegna þess, að þetta sláturhús, sem um ræðir, uppfyllir allar kröfur, sem gerðar eru til sláturhúsa. En því miður verður að segja það eins og er, að ákaflega mörg sláturhús víðs vegar um land gera það ekki og eru starfrækt með undanþágu af illri nauðsyn. En að því er vitanlega unnið, að sláturhúsin verði bætt, þannig að þau uppfylli fyllstu kröfur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, að að lokinni þessari

umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það eru aðeins örlitlar aths. í sambandi við þetta mál. — Forsaga málsins er sú, eins og hæstv. landbrh. gerði grein fyrir. að nýstofnað samvinnufélag í Árnessýslu hafði keypt sláturhús á Selfossi án þess að gá að því, að samkv. gildandi l. gat það ekki fengið leyfi til að nota það, eða eins og hæstv. landbrh. orðaði það sjálfur, það keypti í góðri trú, sem verður nú varla skilið, þar sem lögin eru alveg ljós um þetta efni. En hæstv. landbrh. fannst af þessum ástæðum rétt að gefa út brbl. til að veita þessu nýstofnaða félagi slátrunarleyfi, og eins og þessi mál öll hafa þróazt á undanförnum árum, hef ég ekki neitt við það að athuga, að sá tilgangur náist og þetta félag fái slátrunarleyfi. En mér virðist, að málsmeðferðin og sá háttur, sem hér hefur verið á hafður, gefi tilefni til nokkurra aths. Og mér virðist einnig, að sú hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, mætti gjarnan athuga, hvort ekki er hægt með einhverjum öðrum hætti að ná þeim tilgangi, sem hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir að sé með þessu máli.

Í forsendum brbl., sem gefin voru út í haust, stendur, að forseti Íslands geri kunnugt:

„Landbrh. hefur tjáð mér, að framleiðsluráð landbúnaðarins hafi synjað nýstofnuðu samvinnufélagi, sem eignazt hefur og tekið við rekstri sláturhúss, um leyfi til slátrunar, þó að fyrri eigandi hafi haft leyfi til slíkrar starfsemi. Að þessu leyti," stendur svo, „nýtur samvinnufélag ekki sama réttar og kaupmaður í sömu aðstöðu, jafnvel þótt félagsmenn þess skipti hundruðum."

Í þessari setningu virðist mér vera fólgin forsenda útgáfu brbl. En þegar svo greinin sjálf er lesin, þá kemur í ljós, að í henni eru ekki fólgin aukin réttindi til handa samvinnufélögum sérstaklega, heldur segir þar, að veita skuli slátrunarleyfi þeim félögum og einstaklingum, sem hafi haft slátrunarleyfi haustið 1963, svo og þeim, sem höfðu eignazt sláturhús þessara aðila eða tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin kröfum um búnað, sem gerðar eru í l. Hér er í rauninni þess vegna ekki verið að skapa jafnrétti til handa samvinnufélögunum í þessu efni, því að eftir sem áður gildir það ákvæði l., að aðeins eitt samvinnufélag skuli fá slátrunarleyfi á hverju svæði. Það gildir eftir sem áður, nema nýtt samvinnufélag sé svo heppið að geta fengið til kaups sláturhús, sem hafi verið notuð á haustinu 1963. Mér virðist þess vegna, að hér sé frekar verið að tryggja rétt þeirra, sem hafa sláturhús, sem störfuðu á árinu 1963, heldur en samvinnufélaga eða kaupfélaga yfirleitt. Enda kom það fram í ræðu hæstv. landbrh., þegar hann sagði, að með þeim hætti, sem framleiðsluráð hafði á samkv. ákvæðum gildandi laga að neita um slátrunarleyfi, væri verið að gera eign þessa verðlausa. Mér virðist þess vegna, að það sé ástæða til að kanna, hvort ekki má ná yfirlýstum tilgangi þessara laga með öðrum hætti en þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og í samræmi við þær forsendur, sem eru fyrir brbl. og ég vísaði til áðan, nefnilega þeim að skapa samvinnufélögum fullkomið jafnrétti við aðra í þessum efnum og afnema þá hreinlega þá takmörkun sem hefur verið á um það, að aðeins eitt samvinnufélag megi starfa á hverju svæði. Þetta virðist vera mjög til athugunar, þegar svo er komið málum eins og þeim er komið. Sannleikurinn er nefnilega sá, að tilgangur þessara ákvæða hefur ekki náðst. Tilgangur þeirra mun upprunalega hafa verið sá að takmarka fjölda slátrunaraðila í landinu, og á því virtist mönnum vera mikil nauðsyn til þess að geta haft fullkomnari aðstöðu á hverjum stað.

Nú eru, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., slátrunarstaðir á landinu afar margir, svo margir, að aðeins lítill hluti þeirra fullnægir í raun og veru þeim kröfum, sem til þessara staða eru gerðar. Þess vegna virðist mér, að þetta ákvæði, sem samvinnumenn sjálfir áttu þátt í að setja á sínum tíma, settu það sem einhvers konar fórn í þessum tilgangi, það hafi ekki náð tilgangi sínum og megi þess vegna athuga, hvort það megi ekki ná tilgangi þessara laga með því hreinlega að endurskoða það atriði.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að fyrir nokkrum árum flutti hv. 2. þm. Norðurl. v. frv. til breyt. á l. um framleiðsluráð, frv., sem var flutt í sama tilgangi og sagt er hér, til þess að tryggja jafnrétti samvinnufélaganna. Með því frv. var afnumið ákvæðið um, að aðeins eitt samvinnufélag skyldi slátra í hverju héraði. Bæði framleiðsluráð landbúnaðarins og eins yfirdýralæknir mæltu gegn því þá, að það frv. yrði samþykkt, af því að þeir lögðu enn áherzlu á það, að slátrunarstöðunum mætti ekki fjölga, eða óæskilegt væri, að þeim fjölgaði um of, og var talið nóg af slíku komið. Þetta frv. var þess vegna á sínum tíma ekki útrætt, en dagaði uppi hér á hv. Alþingi.

Mér virðist, að þetta mál sé þess eðlis, að það gefi fullt tilefni til þess, að sú hv. nefnd, sem fær það til meðferðar, athugi, hvernig þessum málum öllum er háttað, hún geri sér grein fyrir því, hvort henni virðist, að þau ákvæði, sem hér er verið að reyna að halda, nefnilega ákvæðin um það að leyfa ekki slátrun nema einu samvinnufélagi á hverju félagssvæði, nema því aðeins að þau geti fengið keypt sláturhús af öðrum, hafi náð tilgangi sínum og hvort beri að halda áfram að hafa það í lögum eða á hvern hátt annan megi koma þessu fyrir á viðunandi hátt.

En ég skal taka það fram aftur, sem ég tók fram í upphafi, að mér virðist það ekki í sjálfu sér óeðlilegt, að kaupfélagið Höfn á Selfossi eftir öllum atvikum hafi slátrunarleyfi. Það er aðeins formið á þessu, eins og ég hef hér gert að umræðuefni, sem ég á erfitt með að sætta mig við, og finnst að full ástæða væri til að gera á þessu ýtarlegri skoðun.

Ég vil svo að lokum benda hv. nefnd á eitt

atriði, sem mér virðist hafa farið fram hjá hv. neðrideildarmönnum. Mér virðist vera annaðhvort prentvilla eða nokkur galli á í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir, að efnisgrein þess sé viðbót við 14. gr. l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, vegna þess að sú grein fjallar um óskyld efni. Það er 10. gr. þessara laga, sem fjallar um leyfi til slátrunar, ef ég hef tekið rétt eftir, og ég vildi vekja athygli hv. n. á að athuga þetta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. síðasti ræðumaður tók það fram, að hann teldi það út af fyrir sig eðlilegt, að þetta nýstofnaða félag, Kaupfélagið Höfn, fengi eftir atvikum slátrunarleyfi, sem byggist þá vitanlega aðallega á því, að það hefur tekið við af öðrum aðila, sem hafði slátrunarleyfi áður. Annars væri ekkert eðlilegra, að það hefði slátrunarleyfi, heldur en t. d. Kaupfélag Árnesinga og Kaupfélagið Þór eða Kaupfélag Rangæinga. Það er aðeins vegna þess, að þarna var slátrun áður og aðstaða til slátrunar og þetta nýstofnaða félag hefur keypt þessar byggingar.

Það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, að þetta frv. verði athugað nánar, hvort það form eða orðalag, sem á því er, er það hentugasta eða það bezta, og ég teldi eðlilegt, að þetta frv. væri sent framleiðsluráði landbúnaðarins til umsagnar, hvort framleiðsluráðið vildi benda á einhverja aðra leið til að ná þessum tilgangi, sem við erum sammála um að eigi eftir atvikum að ná. Það er þetta, sem ég hef sízt af öllu á móti.

En það er eitt, sem ég held að ég viti, og það er það, að framleiðsluráð landbúnaðarins mælir ekki með því, að slátrunarstöðum verði fjölgað. Það mælir gegn því, og þetta frv. undirstrikar það, að slátrunarstöðum skuli ekki fjölgað. En út í það tel ég ekki ástæðu til að fara nánar. Ég tel eðlilegt, að hv. landbn., sem fær þetta mál, sendi það til umsagnar framleiðsluráðsins. Ef framleiðsluráð hefði einhverjar till. fram að færa til þess að koma málinu í betra eða hentugra form, þá skal ekki standa á mér að samþykkja það út af fyrir sig.

Um það, að það sé vitnað hér til skakkrar greinar í l., það má vel vera, að það sé um prentvillu að ræða, en síðustu lög eru frá árinu 1959, og það getur vel verið, að þarna sé um prentvillu að ræða, og þá vitanlega verður að leiðrétta það. Ég hef ekki lögin hér hjá mér, og það er ekki nema gott, að á það hefur verið bent, ef hér er um skekkju að ræða. Annars tel ég ekki ástæðu til að segja meira um þetta, en vænti þess, að frv. nái fram að ganga, annaðhvort óbreytt eða þá með orðalagsbreytingum, sem mættu teljast vera til bóta að athuguðu máli.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 164).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 10. des. s. l. Efni þess er breyt. á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, að því er snertir leyfi til sauðfjárslátrunar í sláturhúsum, og eru engar breytingar við framleiðsluráðslögin aðrar en þær, sem felast í frv., og þar sem þetta frv. hefur ekki sætt neinum mótmælum og er afgreitt samhljóða frá landbn. hér í þessari hv. d. 14. des., sem mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt, sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 263).

---

17. Meðferð einkamála í héraði.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði [52. mál] (stjfrv., A. 58).

Á 13. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta litla frv. er fylgifrv. þess máls, sem við ræddum um áðan, frv. til l. um hreppstjóra, og leiðir beint af því, en efni þess er ákvæði um þóknun til stefnuvotta. Ef hitt frv. verður að l., er talið, að það ákvæði ætti bezt heima í l. um meðferð einkamála í héraði, enda hreppstjórar ekki, eins og segir í grg., stefnuvottar af sjálfu sér.

Í 2. gr. þessa frv. eða gildistökuákvæðinu er sagt, að jafnframt sé úr gildi numin 5. gr. l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur. Ég veit ekki, hvort þetta mundi eiga við í þessu frv., og kemur til athugunar hjá n., en það er kannske ekki fyrr en á síðara stigi málsins. Ef hitt frv. gengur á undan, og þegar það hefur verið samþ., þá er búið að nema l. í heild úr gildi. Þetta verður bara að athugast sem formshlið undir meðferð málsins.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði eins og hinu að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 136).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur allshn. yfirfarið, svo sem fram kemur á þskj. 136, og mælir einróma með því, að frv. verði samþ. Hér er um smávægilega breytingu að ræða varðandi þóknun til stefnuvotta, svo sem fram kemur í aths. við frv. Allshn., eins og ég sagði áðan, mælir einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed., en var flutt þar sem eitt af tveimur fylgifrv. með frv. til laga um laun hreppstjóra. En eins og fram kemur í aths., er ákvæði um stefnuvotta að finna í l. um laun hreppstjóra og aukatekjur með fleiru, en þegar verið var að endurskoða hreppstjóralaunin, þá varð úr að semja nýtt frv. til laga um hreppstjóra. Það hefur ekki enn þá komið frá Ed., en eins og ég sagði áðan, er þetta í raun og veru þáttur af því máli, og þegar kemur til endanlegrar afgreiðslu þessa máls hér, verður að hafa hliðsjón af því, að það er að sjálfsögðu ekki eðlilegt, að það nái fram að ganga, nema hitt frv. verði samþ. hér, þegar þar að kemur, um hreppstjórana. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að skýra málið frekar, en legg til, að að þessari umr. lokinni verði því vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 256).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Frv. þetta, sem flutt er af hæstv. ríkisstj., hefur þegar gengið í gegnum hv. Ed., og var það samþ. þar óbreytt. Efni frv. varðar þóknun til stefnuvotta. Er ákvæði um þóknun til þeirra nú að finna í lögum um laun hreppstjóra, en þau lög hafa verið endurskoðuð, og liggur nú fyrir Alþingi frv. til l. um hreppstjóra, flutt af hæstv. ríkisstj. Ákvæði um þóknun til stefnuvotta þykja fremur eiga heima í l. um meðferð einkamála í héraði en í l. um hreppstjóra, enda eru hreppstjórar nú ekki lengur stefnuvottar af sjálfu sér. Er frv. þetta flutt af þessum sökum. — Eins og ég áður sagði, leggur allshn. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 272).

---

18. Launaskattur.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um launaskatt** [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. S. l. vetur voru til athugunar í félmrn. ýmsar leiðir til fjáröflunar fyrir húsnæðismálastjórn. Þá var leitað umsagnar og ábendingar húsnæðismálastjórnar í þessu sambandi. En þær till. og ábendingar bárust það seint, að ekki var unnt að leggja þær fyrir síðasta þing. Tveir nýir tekjustofnar voru þó áður ákveðnir af rn. og lagðir fyrir Alþingi og hlutu þar staðfestingu, þ. e. a. s. hækkun skyldusparnaðar úr 6% í 15% og 25% framlag vátryggingarfélaga af ráðstöfunarfé þeirra. Ábendingar húsnæðismálastjórnar um viðbótarfjáröflun voru þó síðar til athugunar og þar á meðal þessi leið,

sem hér er nú hugsað að fara um launaskatt. Þegar ríkisstj. síðar, í apríl og maí s. l., átti viðræður við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands um leiðir til stöðvunar verðbólgu og kjarabætur fyrir verkafólk, komu húsnæðismálin mjög til umr., og varð niðurstaðan af þeim viðræðum m. a. sú, að tekin voru upp í samkomulagið eftirfarandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Renni skatturinn til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag."

Í beinu framhaldi af þessu samkomulagi voru svo gefin út brbl. í lok júnímánaðar, þar sem ákveðið var að leggja þennan skatt á. M. a. var sú leið farin að gera þetta með brbl. vegna þess, að það var talið æskilegt, að hægt væri að ná tekjum af hálfu árinu 1964 á þennan hátt, enda gengu l. í gildi 30. júní s. l. Þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, er því borið fram til staðfestingar á þessum brbl.

Aðrar leiðir til tekjuöflunar, sem hafa verið til athugunar, eru ekki alveg tilbúnar frá hendi rn., en frv. í þá átt verður væntanlega lagt fram hér innan tíðar og sömuleiðis frv. um breytingu á húsnæðismálastjórnarl., sem er afleiðing af þessum nýju tekjuöflunarleiðum, og nokkrar breytingar aðrar, sem á þeim l. er hugsað að gera. Ég skal því leiða hjá mér að ræða þau mál almennt, fyrr en frv. um húsnæðismálastjórn verður lagt hér fyrir, en eingöngu í þessum fáu orðum, sem ég segi hér nú, ræða um launaskattinn. Ég skal þá rekja frv. lítillega grein fyrir grein.

Í 1. gr. frv. er falinn meginkjarni þessa máls, þ. e. að leggja skuli á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í l. Skattur þessi rennur til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

Í 2. gr. er svo nánar skilgreint, hverjir skuli skattskyldir samkv. l., en það eru allir launagreiðendur, einstaklingar, félög, sjóðir, stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður og ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknun fyrir starf. Skattskyldan nær til allra tegunda launa, hverju nafni sem nefnast, hvort sem þau eru goldin í peningum eða í öðru formi. Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknun fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun, enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á jörðum. Þar sem byggingarsjóðurinn nær ekki til sveitabýla eða bygginga þar, þótti ekki rétt að taka landbúnaðarstarfsemina að þessu leyti eða þau laun, sem bændur greiða sjálfum sér og öðrum, með í þessu sambandi.

Þá er í 3. gr. ákvæði um, hvernig skatturinn skuli greiddur. Það er hugsað að greiða hann ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum, sem hafa verið greidd á ársfjórðungnum. Síðar er svo aftur gert ráð fyrir, að árlega verði þessar greiðslur gerðar upp og skattstjóri tekinn með í það starf. Hann gerir upp í fyrsta lagi launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu af eigin atvinnurekstri, launaskatt af launum, sem greidd eru í öðru en peningum, og launaskatt þeirra gjaldenda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annarra en sjálfs sín en nemi 1/2 millj. kr. Innheimtumenn ríkisins skulu taka við þessum skatti, en skattstjórar skulu rannsaka, hvort framtalinn skattur aðila sé við hæfi eftir skattframtölum þeirra og öðrum upplýsingum, sem þeir kunna að hafa fengið í hendur.

Frekar er raunar ekki ástæða til að taka fram um efni sjálfs frv. Það er ofur einfalt, eins og hv. þdm. sjá, en nokkur framkvæmdaatriði eru tekin með í síðustu greinum frv. Launaskatturinn er frádráttarbær sem rekstrarútgjöld, að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars. Síðar er gert ráð fyrir að setja nánari ákvæði um framkvæmd málsins í reglugerð.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi skattur gefi húsnæðismálastjórn um það bil 50 millj. kr. tekjur á ári á ársgrundvelli, vitaskuld allmiklu minna þann helming ársins 1964, sem þau gilda fyrir, en síðan nokkuð hækkandi á árunum 1966 og 1967, eftir því sem gert er ráð fyrir, að greidd laun vaxi á þessum árum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál miklu frekar. Þetta er einn liðurinn í því samkomulagi, sem gert var við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands s. l. vor, og einn liðurinn í því að afla húsnæðismálastjórn þeirra tekna, sem nauðsynlegar eru til að standa við það samkomulag.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. drap á, er þetta frv. flutt til staðfestingar á brbl. og einn liður í samkomulagi um kjaramálin eða launamálin í landinu o. fl., sem varð í samningum á milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna á öðru leitinu og ríkisstj. á hinu leitinu.

Það er ekki langt síðan mjög var haft á oddinum af hálfu þeirra, sem hafa forustuna núna í ríkisstj. landsins, að það væri ósvinna, ef ríkisstj. ættu þátt í því að semja eða gera samkomulag við félagssamtök í landinu um löggjafaratriði. Slíkir samningar ættu ekki að eiga sér stað og væru í raun og veru brot á þingræðinu og lýðræðinu. Stjórnarvöldin ættu að fara sínu fram, gera sér grein fyrir því, hvað þau teldu hyggilegt að gera, og ekki semja um það við einn eða neinn, heldur beita sér síðan fyrir því á Alþingi. Samningar

við almannasamtök í landinu varðandi löggjafarmálefni væru óhæfa, sem ekki ætti að eiga sér stað.

Ég hef fyrir mitt leyti aldrei verið samþykkur þessari gagnrýni, sem flutt var á sínum tíma af mikilli hörku af hendi Sjálfstfl. og sérstaklega var beint að Framsfl., Alþfl. og Alþb., þessum þremur flokkum, á dögum vinstri stjórnarinnar. Ég hef aldrei verið þessari gagnrýni samþykkur eða við í Framsfl., eins og oft hefur komið fram. Og það hlýtur þess vegna að vekja ánægju hjá okkur, þegar við sjáum, að forusta Sjálfstfl. hefur orðið í reyndinni að falla algerlega frá þessu óeðlilega sjónarmiði og þar með strika yfir og ómerkja alla þá miklu gagnrýni, sem hún stóð fyrir í þessa stefnu og gerði að þungu ádeiluatriði á þessa þrjá stjórnmálaflokka, sem ég nefndi, og þá stjórn, sem þeir mynduðu saman. En sú stjórn leitaðist við að ná samningum eða samkomulagi við almannasamtökin í landinu og tókst það stundum, en ekki alltaf. En nú er þessi þunga gagnrýni gerð marklaus.

Það er ástæða til að benda á, að með þessu er í raun og veru að þessu leyti til a. m. k. brotið blað í sögu þessarar hæstv. ríkisstj., því að hún taldi sig ætla að fylgja fast fram þessari stefnu Sjálfstfl., að hafa ekki samráð við almannasamtökin um það, hvað hún ætlaði sér að gera eða fyrir hverju hún vildi beita sér. Í mörg ár hefur ríkisstj. reynt að framkvæma þá stefnu að leita ekki samkomulags um höfuðúrræði, heldur fara sínu fram.

Nú ætla ég ekki að efna hér til langra umr. um þessi efni og fer því ákaflega fljótt yfir sögu. En það væri fjarstæða, ef því væri sleppt í þessu sambandi að minna á, að viðreisnarlöggjöfin 1960 var sjálf á þessu byggð. Hún var sett fram án samráðs við almannasamtökin. Hún var miðuð við að koma fram stórfelldri kjaraskerðingu í landinu án samkomulags við stéttasamtökin. Það átti að færa til stórfé, a. m. k. 1000 millj., sem fjártilfærslan var í sjálfri fyrstu viðreisnarlöggjöfinni. Þetta hlaut að koma fram að mestu leyti sem verðhækkunaráhrif í hagkerfinu, en því var lýst yfir, að þetta ætti að eiga sér stað, án þess að kaupgjald hækkaði. Menn áttu að taka þetta á sig, og þetta átti líka að eiga sér stað, án þess að tekjur bænda ykjust frá því, sem þær voru þá. Þessi löggjöf var byggð á því, að um löggjafarmálefni skyldi ekki hafa samstarf við almannasamtökin. Þar skyldi ríkisvaldið fara sínu fram og annað væri ósvinna.

Þessi löggjöf var sett. En við bentum á það ýmsir þá strax, að þessi löggjöf gæti alls ekki náð tilgangi sínum. Með henni væri gengið svo langt í því að magna dýrtíð í landinu, að af því mundi leiða stórkostleg vandræði langa hríð. Og kjaraskerðingin, sem af þessu hlyti að leiða, væri miklu meiri en svo, að hugsanlegt væri, að menn tækju hana á sig mótaðgerðalaust. Enda varð reynslan þessi, eins og kunnugt er, að 1961 urðu samningar milli atvinnurekenda og launþegasamtakanna í landinu um nokkrar kauphækkanir, sem þó voru ekki nægilegar til þess að vega upp kjaraskerðingu viðreisnarlöggjafarinnar.

Þessir samningar voru ekki gerðir í samráði við ríkisstj., því að hennar stefna var enn sú m. a. að skipta sér ekki af kjarasamningum. Það væri ekki hennar verk. En þegar búið var að ná þessu samkomulagi, sem var mjög hóflegt á alla lund og mjög auðvelt fyrir atvinnurekendur að standa undir, þá greip hæstv. ríkisstj. til sinna ráða og framkvæmdi nýja gengislækkun árið 1961, og það átti að vera til þess að sýna, að það hefði verið gengið of langt í kjarasamningunum. Það átti einnig að vera til þess að sýna, að það væri ekki heppilegt fyrir almannasamtökin í landinu að gera annað en það, sem stjórnin vildi, því að stjórnin mundi þá gera sínar gagnráðstafanir, sem í þessu falli áttu að vera gengislækkun. Með þessu átti að kenna almannasamtökunum í landinu að beygja sig fyrir vilja ríkisstj., án þess að við þau væri nokkuð samið eða við þau væri nokkuð talað yfirleitt, nema í blöðunum og svo á ræðum í Alþingi og annars staðar. Með þessu taldi ríkisstj. sig hafa sigrað, því að teknar voru til baka og vel það þær kjarabætur, sem samningarnir hljóðuðu um og menn töldu lífsnauðsynlegt að fá. Að því leyti mátti segja, að ríkisstj. hefði sigrað í þessari orrustu árið 1961, gengislækkunarorrustu nr. 2.

En þetta var sannkallaður Pyrrhusarsigur, ef slíkt er hægt að segja um nokkuð af þessu tagi, af þeirri einföldu ástæðu, að með þessari fruntalegu, nýju gengislækkun, sem var algerlega ástæðulaus frá efnahagslegu sjónarmiði, tapaði stjórnin stórkostlega í almenningsálitinu, og það sem verra var, að menn misstu alveg trúna á, að stjórninni mundi nokkru sinni auðnast að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, mundi nokkru sinni auðnast að ná jafnvægi í efnahagsmálum landsins með þeim aðferðum, sem hún notaði.

Traustið fór forgörðum á hinu nýja efnahagskerfi ríkisstj., að því leyti sem um slíkt var að ræða fyrstu missirin eftir viðreisnarlöggjöfina, og síðan hefur hæstv. ríkisstj., eins og kunnugt er, bókstaflega ekki ráðið við neitt, sem sé ekki síðan hún greip til þessa úrræðis í baráttunni við almannasamtökin. Það varð því sannkallaður Pyrrhusarsigur, sem stjórnin vann með gengislækkun nr. 2.

Síðan hélt hæstv. ríkisstj. striðinu áfram við almannasamtökin til þess að reyna að halda kaupgetunni niðri með því að láta ætíð dýrtíðina vaxa meira en kaupgjaldið hækkaði, og gekk þetta svo í þófi þangað til eftir kosningarnar 1963. Þá ætlaði stjórnin, sem kunnugt er, að láta til skarar skríða með frv. sínu á Alþingi um lögbindingu kaupgjaldsins. Nú taldi ríkisstj. það augljóst mál, að hún mundi ekki ráða við gang málanna eftir gömlu leiðinni, þ. e. að láta gengislækkanir koma sem hefndarráðstafanir ofan í kauphækkanir. Í málflutningi ríkisstj. var lögð á það höfuðáherzla, að í raun og veru væri ekkert að í efnahagsmálum landsins annað en það, að kaupið hefði

hækkað of mikið. Þó lá það fyrir, að kaupið hafði hækkað miklu minna en dýrtíðin, t. d. frá 1958, og kaupmáttur tímakaupsins var minni 1963 en 1958. Samt sem áður taldi ríkisstj. það í raun og veru eitt að, að kaupgjaldið hefði hækkað of mikið í landinu, og nú átti að ráða bót á þessu með lögbindingunni. Það átti að gera við lekastaðinn á viðreisninni með því að lögbinda kaupið, eins og það var þá, og setti ríkisstj. það ekki einu sinni fyrir sig, að þegar hún lagði fram frv. um lögbindinguna á kaupinu, var nýbúið að hækka mestallt hærra kaupið í landinu, án þess að lægra kaupið hefði nokkuð verið hreyft til samræmis.

Úr þessu varð stórorrusta á Alþingi og vitanlega stórorrusta við launþegasamtökin, því að þau vildu ekki láta taka af sér samningsréttinn með lögum, og endaði þessi orrusta með því, sem kunnugt er, að ríkisstj. bognaði í þessari aðför að launþegasamtökunum og hætti við að berja fram á Alþingi lögbindingarfrv. eftir langa og harða viðureign.

Komu hér vitanlega til áhrif launþegasamtakanna í þessum efnum, þar sem fólkinu auðnaðist að standa saman innan þeirra þrátt fyrir pólitíska ágreining. Og einnig auðnaðist stjórnarandstöðunni að hjálpa til með andstöðu sinni við löggjöfina á Alþingi. En niðurstaðan varð sem sagt sú, að stjórnin varð að láta undan, eins og almenningsálitið í landinu var orðið eftir rúmlega viku viðureign á Alþingi. Ríkisstj. tapaði því þessari orrustu.

Þannig stóðu málin, þegar Alþingi hætti störfum s. l. vor. Stjórnin hafði nú í nálega 5 ár haldið uppi þessari styrjöld, sem ég var að lýsa, fyrst með viðreisnarlöggjöfinni, síðan með gengislækkuninni 1961, enn fremur í smærri orrustum og loks í stórorrustunni 1963, lögbindingarorrustunni, þar sem átti að ná tökum á þessum málum í eitt skipti fyrir öll og ná þeim úr höndum stéttarfélaganna. En þeirri orrustu tapaði stjórnin, og þannig stóðu málin, þegar þingið hætti störfum s. l. vor.

En það hafði fleira komið fram hér á Alþingi varðandi þessi efni, sem ástæða er til að geta um í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, og þá — ég vil segja heppilegu breytingu, sem varð á afstöðu ríkisstj. í framhaldi af þessari stórstyrjöld, sem búið var að heyja. Það hafði verið bent á það hér á Alþingi í fyrravetur mjög greinilega og hvað eftir annað í umr. um mörg málefni, að það mundi aldrei verða mögulegt að koma saman kjarasamningum framar að óbreyttri stjórnarstefnu. Það voru tvö atriði, sem sérstaklega var lögð áherzla á í því sambandi, þótt margt annað hlyti þar að koma til greina. Annað var, að það var alveg augljóst mál, að ef ríkisstj. ætlaði að halda fast við það, sem hún hafði gert öll þessi ár, að banna vísitöluuppbót á kaupgjald, mundu aldrei nást framar frjálsir verkalýðssamningar nema þá eftir gífurleg átök. Og hvers vegna ekki? Ekki vegna þess, að menn elski í sjálfu sér ákaflega mikið vísitöluna og allt það, sem er í sambandi við hana, heldur vegna hins, að menn voru búnir að sjá það eftir margra ára reynslu, að vísitölubannið, þ. e. a. s. bannið við því að setja vísitöluákvæði inn í kjarasamninga, notfærði hæstv. ríkisstj. sér þannig, að hún lét ævinlega verðlagið hækka meira en kaupgjaldið, notaði bannið sem hagstjórnartæki til þess að draga úr kaupgetunni og reyna þannig eftir þeirri leið að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. M. ö. o.: hún hélt alltaf áfram meginstefnunni frá 1960, að viðreisnarlöggjöfin var sett, því að stefnan hefur allan þennan tíma verið að mestu byggð á þessu, að draga úr kaupgetunni með því að láta verðlagið hækka meira en kaupgjaldið, m. ö. o. að kaupgjaldið yrði að hækka minna en verðlagið til þess að ná þannig inndrættinum á kaupmættinum.

Þetta var ríkisstj. búin að leika öll þessi ár, og það var augljóst mál, og því sást, að það mundi ekki verða mögulegt að ná samkomulagi um launamálin öðruvísi en brotið yrði í blað og samið um vísitöluhreyfingar á kaupgjaldinu. M. ö. o.: það mundu aldrei nást samningar, nema stjórnin léti það vopn úr sinni hendi, sem í vísitölubanninu fólst. Þetta var bent á hér mjög skörulega af mörgum þm. úr stjórnarandstöðunni í allan fyrravetur, og hér voru frv. í þinginu, sem gerðu ráð fyrir því, að þetta vísitölubann yrði afnumið. En þeim frv. vildi hæstv. ríkisstj. ekkert sinna, vegna þess að hún var vafalaust ekki búin að gera það upp við sig þá, hvort hún yrði að beygja sig í þessu máli eða ekki. Hún var vafalaust ekki búin að gera það upp við sig þá, hvort hún væri nógu sterk til þess að beygja verkalýðssamtökin, og þess vegna vildi hún ekki í fyrravetur gera neitt í þessu máli á hv. Alþingi.

Hitt meginatriðið, sem ég sé ástæðu til að minnast á einmitt í sambandi við þetta frv. um launaskattinn, voru húsnæðismálin. Á undanförnum árum hefur verið minnt á þau rækilega hér á hv. Alþingi og ekki sízt í fyrravetur, og hæstv. stjórn hefur verið beðin að gera grein fyrir því, hvernig hún hugsaði sér, að hægt væri að leysa kjaramálin, eins og búið væri að koma húsnæðismálunum á hennar vegum, — hvernig hún gæti hugsað sér að leysa þau, þegar lítil íbúð kostaði orðið 600—700 þús. kr. og menn ættu að taka lán til þess að byggja íbúðirnar með 8—10% vöxtum, þannig að vextirnir af slíki íbúð einni saman næmu orðið bróðurpartinum af verkamannslaunum, — hvernig þeir gætu hugsað sér, að það væri mögulegt að leysa kjaramálin að óbreyttri stefnu í húsnæðismálum.

Við þessu var alltaf steinhljóð í allan fyrravetur, nema að því leyti að einstöku sinnum komu hér upp ráðherrar og einhverjir úr stjórnarliðinu til þess að lýsa yfir, að þessar aðvaranir væru ábyrgðarlaust tal stjórnarandstöðunnar, og allar till. um að lækka vexti t. d. til þess að reyna að leysa þennan hnút voru taldar bera vott um ábyrgðarleysi. Slíkt væri ekki með nokkru hugsanlegu móti mögulegt. Vaxtapólitíkin yrði að vera óbreytt, því að

hún væri sjálfur meginkjarni í stjórnarstefnunni. Á hitt var aldrei minnzt, hvernig í ósköpunum ætti að leysa kjaramálin, þegar svona væri komið. Á það var aldrei minnzt, aðeins haldið fram, að till. stjórnarandstæðinga um vaxtalækkanir og aðrar ráðstafanir í húsnæðismálum væru óábyrg yfirboð.

Um þessi efni sagði ég m. a. í einum umr., sem urðu hér í fyrravetur, að „verði húsnæðismálastefnunni ekki einnig alveg gerbreytt, verða þessi mál (þ. e. a. s. kjaramálin) áfram óleysanleg með öllu.“ Ég nefni þessa setningu rétt sem dæmi. Þannig var málflutningur okkar í fyrravetur og veturinn þar áður. Við vöruðum sem sé eins greinilega og við höfðum vit á við því, að þessi mál stefndu alveg í vegginn, stefndu í alveg óleysanlegan hnút.

Það hefur svo nú skeð, eftir að Alþingi hætti störfum í vor, þ. e. í þinghléinu, að stjórnin hefur í vissum efnum séð sitt óvænna. Hún hefur ekki treyst sér til þess að halda áfram með lögbindinguna, sem hún varð að hverfa frá í fyrravetur, og hún hefur einnig rekið sig á það, sem búið var að margsegja hér fyrir í mörg missiri, að það reyndist ekki hægt að ná nokkrum samningum um kjaramálin nema breyta stefnunni í þessum tveim atriðum, varðandi vísitöluna og íbúðalánavextina og íbúðalánin. Vísitölubannið hlaut að verða að fara vegna þess, hvernig stjórnin hafði notfært sér það, gert það að hagstjórnartæki á þá lund, sem ég var að lýsa. Og einnig varð að breyta til í húsnæðismálunum. Og þá varð það þannig, að það varð að lækka vextina úr 8% niður í 4% til þess að ná saman endunum í kjarasamningunum.

Það hefði áreiðanlega verið skemmtilegra fyrir hæstv. ríkisstj. að taka til greina skynsamlegar till. og vinsamlegar ábendingar um þessi efni á sjálfri löggjafarsamkomunni á undanförnum missirum og sérstaklega í fyrravetur en að halda á þessum málum eins og hún hefur gert, eða a. m. k. heppilegra fyrir hana, því að nú liggja þessi mál þannig fyrir, að það, sem ríkisstj. var búin að kalla hið versta ábyrgðarleysi hér á hv. Alþingi, eins og það t. d. að lækka vextina, reyndist allt í einu hægt að gera, þegar stjórnin stóð frammi fyrir verkfalli að öðrum kosti.. Þá reyndist þetta allt í einu framkvæmanlegt, að lækka vextina úr 8% niður í 4%. Þá reyndist þetta framkvæmanlegt í einu vetfangi, og þá líklega meðfram fyrir það, að stjórninni hefur fundizt vera farið að hrikta í ráðherrastólunum og óvænlegt að halda áfram sem horfði. Skal ég ekki fara lengra út í þetta núna, vegna þess að þau mál öll koma hér vafalaust til umr. oftar en einu sinni og sérstaklega þegar lagður verður fram sá þáttur af samkomulaginu frá í vor, sem beinlínis fjallar um breyt. á löggjöfinni um íbúðalánakerfið.

Hitt er svo annað mál, að það er augljóst og þarf ég ekki heldur að fara lengra út í það hér, að þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert ráð fyrir í húsnæðismálunum og hún var knúin til að fallast á, þessar ráðstafanir munu alls ekki verða nægilegar til þess að leysa húsnæðismálin, miðað við það ástand, sem þar er nú orðið. En í rétta átt gengur þetta, sem ákveðið var í vor, og er ástæða til að fagna þeim árangri, sem orðið hefur þar af langri baráttu.

Sérstök ástæða er til að fagna því, að þetta er fyrsta verulega látið, sem á hæstv. ríkisstj. hefur orðið í vaxtamálinu, í því að breyta þeirri vaxtapólitík, sem er óframkvæmanleg miðað við okkar þjóðfélagsástæður. Og nú er ekki hugsanlegt, að hæstv. ríkisstj. geti komizt hjá því að lækka vexti á stofnlánum til landbúnaðarins og fleiri stofnlánum í kjölfar þess, sem nú hefur verið ákveðið. Og ég er alveg sannfærður um, að það kemur að því, að það verður líka að breyta almennu stefnunni í vaxtamálum. Þarna hefur verið höggvið skarð í þann múr, sem vaxtapólitíkin hefur hlaðið, og mun þetta verða aðeins byrjunin. Menn munu eiga eftir að reka sig á, að það er ekki aðeins í sambandi við húsnæðismálin og kjarasamningana, sem hinir háu vextir gera erfitt fyrir, heldur er því einnig til að dreifa í nálega hverri grein þjóðarbúskaparins. Við gætum tekið landbúnaðinn, við gætum tekið sjávarútveginn, við gætum tekið iðnaðinn. En það mun ég ekki gera í sambandi við þetta frv.

Ég fagna því, að þetta skarð hefur verið höggvið í múrinn. Það þurfti verkalýðsfélögin, það þurfti launþegasamtökin með verkfallsmöguleikann í baksýn til þess að reka á þetta smiðshöggið. Það er gott, að það var gert. En það sýndi sig þá líka, að þegar þetta lá fyrir, þá var hægt að gera þetta, enda þótt okkur væri sagt annað hér árum saman á hv. Alþingi.

Um skattinn sjálfan, launaskattinn, vil ég segja: Hann er, eins og kemur fram í frv. mjög greinilega, skattur á fyrirtækin, en ekki skattur á launþega. Það eru fyrirtækin, sem eiga að greiða þennan skatt, enda þótt hann sé miðaður við heildarlaunagreiðslur í fyrirtækjunum. Það er gert til þess að fá einhvern mælikvarða fyrir því, hvað fyrirtækin eiga að borga. Og þetta kemur að sjálfsögðu eins og hver annar kostnaðarliður í rekstri fyrirtækjanna, eins og launagreiðslur og skattgreiðslur þeirra og annað fleira. Og þar af leiðandi kemur þetta vitanlega smátt og smátt inn í verðlagið. Inn í verðlagið kemur þetta á einhverja lund, annaðhvort í hækkuðu verði eða þá að verðið verður minna lækkað hjá fyrirtækjunum í framleiðslu þeirra en ella væri hægt. Og við þessu er ekkert að segja. Þetta er eðlilegt, að um þetta fari að þessu leyti eins og hvern annan kostnaðarlið.

En þegar við íhugum þetta, þá get ég ekki stillt mig um að benda á, hversu allt öðruvísi er búið að bændum landsins í þessu tilliti. Það er lagður á þá skattur fyrir lánasjóði þeirra, og skatturinn á að renna í lánasjóðina, en þeim er ætlað að borga þennan skatt af kaupi sínu. Það er kirfilega tekið fram, að það megi ekki

taka þetta inn í verðlagið, heldur skuli bændur borga þetta af kaupi því, sem þeim er ætlað fyrir sína vinnu. Kemur hér enn ein ástæða fyrir því, að það misrétti, sem bændur búa við í þessu tilliti, verður að leiðrétta með því að afnema þennan skatt á þá, því að hann er hliðstæður því, eins og hann er settur í löggjöfina, að launþegunum væri ætlað að borga skatt í íbúðalánasjóðina af sínu kaupi. Það er þeim ekki ætlað að gera samkv. þessu frv., og er það vel, heldur er hér um skatt á fyrirtækin að ræða.

Ég vil svo segja, að ég tel, eins og ástatt er um þörfina í húsnæðismálum og allar aðstæður eru varðandi ríkisbúskapinn, rétt að mæla með þessu frv. Ég hef bent á, að ég tel, að í þeim ráðstöfunum, sem samið var um varðandi húsnæðismálin, sé ekki fullnægjandi lausn á þeim. En eins og ástatt er um þörfina í húsnæðismálunum og allar aðstæður eru varðandi ríkisbúskapinn, þá álít ég hyggilegt að samþykkja þetta frv. hæstv. ríkisstj.

Að lokum vil ég aðeins minna á og tel gott, að það komi líka fram, að því var lýst yfir af núv. hæstv. ríkisstj., að hún vildi beita sér fyrir því ötullega að gera skattakerfið í landinu einfaldara en það hefði verið og viðaminna. En það er eins og fleira hjá hæstv. ríkisstj., sem gengið hefur alveg öfugt við það, sem lýst var yfir að ætti að verða. Skattakerfið í landinu er sífellt að verða flóknara og flóknara með ofsahraða. Það er alltaf verið að finna út nýjar og nýjar leiðir til þess að ná inn nýjum og nýjum sköttum, og væri það langur listi, ef upp væri talið, sem komið hefur þar til greina á síðustu missirum. Þessi launaskattur eða launagreiðsluskattur á atvinnurekendur er nú það nýjasta af nálinni, nýtt kerfi til viðbótar við það, sem áður var. Nýtt kerfi var sett upp til þess að innheimta af bændum fé til lánasjóðanna. Það hefur verið innleiddur ríkisábyrgðaskattur, nýr, og fjöldamargir aðrir skattar hafa verið samþykktir, þannig að kerfið er að verða flóknara og flóknara, í stað þess að það átti að verða einfaldara.

Afstaða mín til málsins er sú, að ég tel skynsamlegt, eins og allt er í pottinn búið, að þetta frv. verði samþykkt, og mun fylgja því.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er raunar lítið, sem ég hef að segja um afstöðu hv. 1. þm. Austf. til frv., því að hann sagði það í lok sinnar ræðu, að hann væri frv. samþykkur og mælti með því, svo að út af fyrir sig gaf það mér ekki tilefni til að standa hér upp. En án þess að ég vilji fara út í nokkrar verulegar umr. um afstöðu ríkisstj. og þeirra flokka, sem að henni standa, til þeirra efnahagsmálaráðstafana, sem gerðar hafa verið, þá get ég þó ekki látið vera að fara nokkrum orðum um þá kenningu hv. þm., sem mjög kom fram í hans ræðu nú.

Hann sagði eitthvað á þá leið, að ríkisstj. hefði haldið því fram, að samkomulag við launþegasamtökin væri ósvinna. Þetta er rangt. Þetta hefur ríkisstj. aldrei sagt. Hitt er annað mál, að samkomulag við launþegana getur verið með ýmsu móti. Ég tel það hiklaust rétt og sjálfsagt að hafa samráð við launþegasamtökin í landinu í mörgum tilfellum. En þegar til þess kemur að meta, hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera í efnahagsmálum, þá er það Alþ., sem á að hafa úrslitavaldið. Það er þetta, sem ég held að sé kjarninn í málinu, og hv. þm. virtist rugla þessu tvennu saman. Efnahagslögin, sem sett voru í ársbyrjun 1960, voru ekki sett gegn almannasamtökunum í landinu, það er fjarri því. Þau voru sett af nauðsyn, vegna þess að allt var að kollsteypast og fara á hliðina. Það varð að gera þessar ráðstafanir. Alveg nákvæmlega sama gerðist 1961, þegar gjaldeyrisvarasjóðurinn var rétt að byrja að verða til, þá var ekki hægt að komast hjá því að gera þær ráðstafanir, sem gerðar voru.

Um lögbindingu kaupgjalds 1963, í árslokin, sem hv. þm. virðist telja að ríkisstj. hefði ætlað sér að setja, er það að segja, að það frv., sem borið var fram til stöðvunar, var eingöngu til mjög takmarkaðs tíma eða tveggja mánaða, til þess að ríkisstj. og allir aðilar að þessum málum fengju tækifæri til þess að ræða málin, án þess að til verkfalla þyrfti að koma. Ég held, að kenningar hv. þm. um það, að allar efnahagsráðstafanir ríkisstj. séu gerðar í blóra við almannasamtökin í landinu, séu fullkomlega rangar. Það hefur aldrei verið stefna ríkisstj. að ganga fram hjá þessum samtökum, heldur einungis að meta, hvenær nauðsynlegt væri að gera vissar efnahagsráðstafanir, og láta það mat vera á valdi ríkisstj. og Alþingis.

Um húsnæðismálin sagði hv. 1. þm. Austf., að ekkert hefði verið gert. Þetta er líka rangt. Það var á síðasta þingi borið fram frv. og meira að segja tvö í þeirri veru að útvega húsnæðismálastjórn ríflari tekjur. Það voru lögin um hækkun skyldusparnaðarins, og það voru lögin um að skylda vátryggingafélögin til að leggja vissan hluta af sínu ráðstöfunarfé fram til kaupa á húsnæðismálastjórnarbréfum. Samtímis var í gangi athugun á öðrum leiðum, viðbótarleiðum, til þess að auka það fé, sem húsnæðismálastjórn gæti fengið til ráðstöfunar. Þar var m. a. til umræðu þetta frv. eða till., sem gengu í svipaða átt og þetta frv., sem hér liggur nú fyrir. Og það voru fleiri till., sem voru þá í athugun.

Hv. þm. sagði, að ríkisstj. hefði verið knúin með verkfallshótun til að gera þessar ráðstafanir, sem hér er um að ræða. Hvenær kom sú verkfallshótun fram? Ég vissi ekki betur en þessar till., sem fram komu í samningnum, sem gerður var 5. júní s. l., væru gerðar með fullu samkomulagi vinnuveitenda, Alþýðusambands Íslands og ríkisstj., án þess að til nokkurra hótana af nokkru tagi þyrfti að koma. Þessar umr. fóru fram vegna þess, að Alþýðusamband Íslands óskaði eftir því, að það yrði freistað að finna leið, sem kæmi í veg fyrir sífellda vixlhækkun kaupgjalds og verðlags, sem hefur hrjáð þjóðfélagið á undanförnum árum. Ríkisstj. tók strax vel undir að freista þess að ná samkomulagi um þetta, og um þetta var hin

prýðilegasta samvinna, án þess að til nokkurra verkfallshótana þyrfti að koma.

Þá sagði hv. þm., að nú hefði verið hægt að lækka vextina úr 8% niður í 4½% með vísitöluálagi. Vextirnir með vísitöluálagi hjá húsnæðismálastjórn voru áður ekki 8%, heldur 5½, svo að það má segja, að lækkunin hafi verið úr 5½% og niður í 4% á þeim hluta, sem veittur var með vísitölutryggingu. Það er það rétta í málinu. En um leið var svo ákveðið, að allir vextirnir skyldu reiknaðir á þennan hátt og lánin veitt öll með vísitölutryggingunni. Ég held þess vegna, að aðfinnslur hv. þm., sem raunar eru ekki aðfinnslur við frv., heldur gagnrýni á vinnubrögðum ríkisstj., séu meira og minna út í hött, enda kemur það greinilega fram í því, að hv. þm. mælir með frv. eins og það er.

Ég skal svo ekki fara frekar út í að ræða um efnahagsmálin almennt og það, sem gerzt hefur í þeim í tíð þessarar stjórnar. Það tilheyrir ekki þessu frv. sérstaklega, og ég skal því láta það bíða, þangað til það á við.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu hér. Þetta er eitt af þessum leiðinlegu skattafrv. Það er alltaf verið að fjölga þessum sköttum, gera þá flóknari í framkvæmd, öðru hverju a. m. k. Þennan skatt á að borga fjórum sinnum á ári. Þetta er nýr skattur. Þessi skattur er í raun og veru afleiðing af vaxtahækkuninni 1960. Þá voru vextirnir stórhækkaðir, verðlagið einnig með óþarflega *mikilli gengislækkun*. Ég hélt því þá fram, að það væri rétt að borga sparifjáreigendum lægri vexti og fella verðgildi krónunnar þeim mun minna. Ég er ekki á móti því og tel það í raun og veru nauðsynlegt og hefði átt að vera búið að gera það fyrr að lækka vexti af því fé, sem lánað er til húsbygginga, og skipuleggja þau mál miklu betur en gert hefur verið. Ég er ekki heldur á móti því, að lánin séu hækkuð, því að það er nauðsynlegt, eins og verðlagi er háttað í landinu. En ég er ekki hrifinn af þeirri aðferð, sem er notuð til þess að afla þessa fjár, og ég vildi nota þetta tækifæri við 1. umr. til að benda á það, að eins og frv. er nú, er innheimtan óframkvæmanleg að heita má.

Það á að innheimta þetta ársfjórðungslega, og það eru lagðar sektir við, ef það er ekki greitt 15 dögum eftir að ársfjórðungurinn er liðinn. Og nú vildi ég leyfa mér að benda hv. þm. á það, að t. d. í útgerðinni er greiðsludagur í lok marz, þ. e. á miðri vertíð. Mér skilst, að það eigi að greiða þetta af öllum hlutum. Næsti gjalddagi er í júnílok. Það er á síldarvertíðinni miðri. Hvernig í ósköpunum eiga menn að gera þetta upp? Þetta er nefnilega hliðstætt og kvígufrv. Jónasar Péturssonar, að það er óframkvæmanlegt eins og það er. Það yrði að miða við vertíðarlok.

Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á það í þessu sambandi, að það er í raun og veru furðulegt að ætla að skattleggja hlutinn. Það er komið fram frv. um að hækka orlofsféð um 1%. Það er tekið af hlutum. Við skulum bara athuga, hvernig þetta verkar. Nú er það viðurkennt, að bátar, sem eru keyptir fyrir svona 12 millj. kr., þurfa að hafa 10 millj. kr. brúttótekjur. Þá hefur skipstjórinn 800 þús. kr. Svo á hann að fá orlof, 7% á allt saman, eða 56 þús. kr. ofan á þessa smáupphæð. Og hvaðan er þetta tekið? Þetta er tekið af útgerðinni. Nú vitum við það allir, að margir skipstjórar hafa það há laun, að þeir þurfa að taka sér frí og ferðast til útlanda til að eyða einhverju af þessu og vilja ekki vinna allt árið. Þeir segja, að það sé allt tekið af sér í útgjöldum. Svo rís útgerðin ekki undir þessum útgjöldum, sem á henni hvíla. Væri nú ekki gáfulegra að hafa skattana á þessum mönnum í hófi, það er sjálfsagt að borga þeim vel, en stilla kaupi þeirra eitthvað í hóf, en þrautpína ekki útgerðina með þessum vitleysislegu útgjöldum? Það er engin smáupphæð fyrir bát, sem aflar fyrir 10 millj. kr. Hann greiðir 5 millj. kr. í vinnulaun og 7% orlof á allt saman. Þetta er engin smáupphæð. Upphaflega var það svo, að orlof var miðað við dagkaup. Við skulum láta vera, þótt orlof sé greitt af eftirvinnukaupi. En að taka hlut sjómanna, hvað hár sem hann er, það er vitleysa að skylda útgerðarmenn til að greiða af honum orlof. Þetta kemur þeim að litlum notum, þetta fer mestallt í skatta aftur. Þá verður þetta hringrás. Svo eru hér um bil öll ríkisútgjöldin tekin af almenningi. Það verður hringrás. Útgerðin þarf að fá styrk frá ríkinu, eins og þurfti s. l. ár, styrk eða ekki styrk, hvað sem það er kallað. Það var lagður söluskattur á vegna útgerðarinnar og frystihúsanna, og þetta er svo tekið af neyzluvörum almennings. Þetta er nefnilega dálítið skopleg hringrás.

Ég held því fram, að það hefði verið hægt að fara aðrar leiðir en þessa til þess að lækka vexti af lánum til húsabygginga. Meira að segja væri það skaplegra og skárra að leggja einhverja vissa upphæð beint fram úr ríkissjóði til þess að styrkja þennan sjóð og gera honum kleift að lækka vextina. Önnur leið er til, — það er sópað stórum upphæðum árlega af bæjarfélögum og fyrirtækjum í atvinnuleysistryggingasjóð, — að láta t. d. vextina af þessum sjóði ganga til þess að lækka vexti af lánum til húsbyggjenda. Ég er ekki hrifinn af því að skella þessu á atvinnufyrirtæki, sem sum eru að sligast af rekstrarfjárskorti og þurfa að fá aðstoð til að geta starfað.

Ég vildi leyfa mér að benda á þessi atriði, áður en þetta frv. fer til nefndar, því að þótt ég sé ekki hrifinn af þeirri leið, sem notuð er til að lækka þessa vexti og bæta kjör húsbyggjenda, sem var full þörf, þá vildi ég leyfa mér að benda á, að eins og frv. er, er það óframkvæmanlegt gagnvart t. d. útgerðinni.

Ráðh. sá, sem hefur með þessi mál að gera, benti á það, að í raun og veru væri þarna um 1½% vaxtalækkun að ræða, því að það kæmi vísitala nú á öll lánin, en hefði verið bara á hluta þeirra áður. Ég skal ekki mótmæla þessu. En ég vildi þá benda á, að það er ekki lítil

kvöð, sem lögð er á þessa lántakendur, vísitöluáhættan, og satt að segja, ef ég væri að byggja hús og þyrfti að taka lán, þá held ég, að ég vildi heldur borga 2% hærri vexti og hafa ekki þessa vísitöluáhættu, heldur en fá vextina fyrir 4% og taka vísitöluáhættuna. Þessi vísitölukvöð, sem fylgir nú öllum lánunum, er áhættusöm fyrir þann, sem lánið tekur, vægast sagt, og má vera, að það verði engar kjarabætur fyrir þá, sem lánin taka, einmitt vegna þess að vísitöluáhætta fylgir. En það er nýr skattur lagður á atvinnurekendur, því er ekki að neita, og ég er sannfærður um það, að margir þeirra hafa engin ráð með að borga hana öðruvísi en vanrækja þá einhverjar aðrar greiðslur, sem mun þá eftir einhverjum leiðum verða jafnað niður á aðra landsmenn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr. og ræða um það frv., sem hér liggur fyrir, frv. um launaskatt, sem er staðfesting á brbl., sem gefin voru út s. l. sumar, eftir að samkomulag hafði tekizt milli atvinnurekenda og launþega fyrir atbeina ríkisstj.

Þetta frv. er samkomulagsmál til þess að afla tekna, eins og kunnugt er. Ég hlustaði ekki nema að litlu leyti á ræðu hv. 1. þm. Austf. Meðan ég var í sæti mínu, heyrði ég, að hann var að tala um, eins og rétt er, að með þessu frv. er skatturinn lagður á fyrirtækin. Hér væri óliku saman að jafna, sagði hann, og því, þegar bændur eru látnir borga af sínum launum 1% gjald til þess að byggja upp stofnlánadeildina. Ég hafði nú haldið, að hv. 1. þm. Austf. hefði lært það mikið í sambandi við lög um stofnlánadeildina og umr., sem fram hafa farið um það mál að undanförnu, að hann hefði nú áttað sig á því, að það eru ekki bændur einir, sem greiða gjald til stofnlánadeildarinnar í því skyni að byggja hana upp. Bændur greiða 1% gjald af búvöruverðinu, því verði, sem þeir fá, en launþegarnir greiða 0.75% gjald af heildsöluverði, sem getur verið allt að 0.9%, miðað við það verð, sem bændurnir fá. M. ö. o.: launþegarnir greiða til stofnlánadeildarinnar hér um bil jafnmikið og bændur, og launþegarnir greiða þetta af sínum launum. Það er rétt, það er dálítið óvenjuleg aðferð höfð við það að afla stofnlánadeild landbúnaðarins tekna. Hún er dálítið óeðlileg að því leyti, að það eru lagðar byrðar á alla landsmenn með þeim lögum til þess að afla fjár landbúnaðinum til handa. Það hefur ekki verið gert áður. En maður hefði ekki átt von á því af þeim, sem öðrum þræði telja sig frekar málsvara landbúnaðarins, að þeir væru að finna að því að byggja lánastofnun landbúnaðarins upp með þeim hætti, að byrðarnar væru lagðar á launþegana og ekki síður en bændur í því skyni. Stofnlánadeild landbúnaðarins er byggð upp með því, að ríkissjóður leggur henni árlega fé, að bændur leggja henni árlega nokkurt fé og launþegarnir, um leið og þeir kaupa vöruna í búðunum, leggja henni einnig nokkurt fé. Og einmitt vegna þess, að stofnlánadeildin fær tekjur árlega með þessum hætti, má vænta þess, að hún geti orðið öflug lyftistöng fyrir landbúnaðinn, þegar fram í sækir.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi enn einu sinni taka fram, og það er leiðinlegt, að þessi hv. þm. skuli ekki enn hafa áttað sig á því, að einmitt þessi leið til uppbyggingar stofnlánadeildar landbúnaðarins er nauðsynleg. Hún er nauðsynleg fyrir bændur. Og það er illt verk, sem er unnið með því að vera að reyna að rífa þetta niður. Það er skoðun mín, að þeim bændum fari fækkandi, sem hafa ekki gert sér grein fyrir því, að þetta er ekki góðverk.

Hv. þm. var að tala um, að það, sem gerðist í sumar með samkomulaginu, þegar ákveðið var að lækka vexti íbúðarlána og hækka lán til íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, gæfi tilefni til þess, að það ætti að lækka vexti til landbúnaðarins og þá náttúrlega líka að áliti þessa þm. að taka upp vísitölubindingu á lánunum, því að úr því að hann vill hafa þetta mál til fyrirmyndar og segir, að í tilefni af því beri að lækka vexti til landbúnaðarins, verður hann að hafa það að einu og öllu til fyrirmyndar, um leið og hann leggur þessa kröfu fram. En það er gott að vita það, að það er stefna þessa hv. þm. að taka vísitölulán til landbúnaðarins og lækka vextina nokkuð gegn því, að það verði gert. Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt bændur fái nú 150 þús. kr. lán, þegar þeir byggja íbúðarhús, og flestallir 60 þús. kr. styrk að auki og lánin séu til 40 ára og vextirnir 6%, þá sé æskilegt og það sé nauðsynlegt að hækka þessi lán nokkuð þegar á næsta ári, um leið og hækkun íbúðarlána í kaupstöðum og kauptúnum tekur gildi. En ég er ekki viss um það, að bændurnir, um leið og þeir óska eftir hækkun þessara lána, óski þeir einnig eftir því, að þau verði vísitölutryggð, eins og hv. 1. þm. Austf. gaf í skyn áðan með kröfunni um það, að vextirnir væru lækkaðir. Og þá á þetta náttúrlega ekki að hans áliti eingöngu við um íbúðarlánin, heldur önnur lán til landbúnaðarins.

Það var aðeins þetta, sem ég vil ekki láta vera ómótmælt í þingtíðindum eða annars staðar, þessi misskilningur, sem hv. þm. virtist enn vera haldinn í sambandi við stofnlánadeild landbúnaðarins og að mörgu leyti um landbúnaðinn almennt talað, þegar hann tekur sér það fyrir hendur að ræða um hans mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. hafa sagt.

Hæstv. félmrh. sagði, að ég hefði sagt, að stjórnin hefði talið ósvinnu að semja við launþegasamtökin. Það sagði ég ekki. Hitt sagði ég, að forusta Sjálfstfl. hefði deilt á fyrri stjórnir fyrir að semja um löggjafaratriði eða viljað semja um löggjafaratriði við almannasamtök. Hitt veit líka hæstv. ráðh. mjög vel, að það var stefna hæstv. ríkisstj. að skipta sér ekki af kjarasamningum. Það er skilmerkilega tekið fram í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, en það

er annað atriði. Annað er að skipta sér af kjarasamningum til þess að reyna að ganga á milli, hitt er að semja um löggjafaratriði við almannasamtök. Það var það, sem ég gerði að umtalsefni áðan.

Hæstv. ráðh. segir, að kaupgjaldsbindingin hafi átt að vera til skamms tíma og því ekki verið eins þýðingarmikið prinsipmál og ég taldi. Ég er algerlega ósammála um þetta, en skal ekki innleiða umr. um það nánar hér nú. Ég tel, að það hafi verið stóratburður, þegar bindingarfrv. var dregið til baka, og sú viðureign hafi leitt til þess, að samningastaða náðist þó um síðir við stjórnina, a. m. k. í bili.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði sagt, að ekkert hefði verið gert í húsnæðismálum á síðasta þingi. Það er ekki rétt, það sagði ég ekki. En ég sagði, að því hefði ekki verið anzað, sem við héldum fram um vextina í sambandi við húsnæðismálin og lánsfjárhæðirnar á síðasta þingi, og er laukrétt, það, sem ég sagði um það.

Það, sem hæstv. landbrh. tók fram, urðu mér nokkur vonbrigði. Ég var að gera mér vonir um, að afstaðan væri líka breytt varðandi lánamál bændanna, en nú heyri ég, að svo er ekki, og þykir mér það slæmt. Ég gerði þau mál að umtalsefni til þess að sýna mismuninn í því, hvernig búið væri að bændum og öðrum. Hæstv. ráðherra hnekkti engu af því, sem ég sagði, því að málið er svo einfalt, að það þarf ekki að vefja það í neinar umbúðir. Lánaskatturinn er tekinn af launum bænda. Það er óhugsandi að mótmæla því. Það er staðreynd. Hann er skerðing á því, sem bændur fá sér ætlað í laun. Það er bannað að setja hann inn í verðið. En þessi skattur er sem betur fer ekki dreginn frá launum manna, heldur er það fyrirtækið, sem borgar skattinn. Þetta er eins einfalt og það getur verið.

Ég hef aldrei hrósað þeirri aðferð að skattleggja kjöt og mjólk til þess að fá tekjur í lánasjóðina. Það var aldrei gert, á meðan ég hafði möguleika til að hafa úrslitaáhrif á þessi mál. Lánasjóðum landbúnaðarins var þá aflað fjár með öðru en því að skattleggja kjöt og mjólk eða launatekjur bænda, og voru vextir þó lægri en nú og lánskjör öll miklu betri.

En fyrst hæstv. ráðh. er að ræða þetta atriði, vil ég benda á, að núna eftir þá breytingu, sem orðið hefur á kjaramálunum við það, að stjórnin neyddist til að breyta um stefnu varðandi vísitöluna, fá neytendur annaðhvort kauphækkun, sem svarar álögum á mjólkina og kjötið, eða þá að niðurgreiðslur koma til greina.

Ég hef aldrei stutt þá leið að afla tekna í lánasjóðina með því að leggja skatt á mjólk og kjöt. Mér þótti slæmt að heyra, að afstaða stjórnarinnar hefur ekki breytzt í þessu máli. En ég vil nú samt, þrátt fyrir það, sem hæstv. ráðherra sagði áðan um lánamál landbúnaðarins, leyfa mér að vona, að það eigi ekki langt í land, að þar verði breytt um til bóta.

Vegna þess, sem hæstv. ráðherra sagði um vísitölulán og annað þvílíkt og fór að gera mér upp skoðanir í því sambandi, þá vil ég segja þetta til þess að fyrirbyggja allan misskilning: Ég get ekki skilið, að það eigi að vísitölubinda íbúðalán umfram það, sem lífsnauðsyn er vegna vísitölufjár, sem íbúðalánakerfið hefur, eins og gert var í B-lánunum vegna skyldusparnaðarins. B-lánin voru vísitölubundin. Það var vegna þess, að nokkur hluti af því fé, sem íbúðalánakerfið hafði, var vísitölufé. En það er ofar mínum skilningi, hvers vegna á að lögbinda menn til að taka öll íbúðalán sín sem vísitölulán. Því vil ég, að þetta verði endurskoðað og vísitöluklásúlan í íbúðalöggjöfinni nái eingöngu til íbúðalánanna að því leyti sem kerfið þarf á vísitölufé að halda til lánastarfsins.

En viðvíkjandi lánum til landbúnaðarins er ég alveg sömu skoðunar og ég hef verið á undanförnum þingum. Það á að lækka vextina af landbúnaðarlánum í það, sem þeir voru. Annað er ekki sæmilegt, þ. e. a. s. í 3½% og 4%, án þess að þar komi nokkur vísitölubinding til greina. Og það á að afla fjár í landbúnaðarsjóðina á þann hátt, að ekki þurfi til að koma að setja vísitölubindingu á landbúnaðarlánin.

Sannleikurinn er einnig sá, að eins og háttað er verðlagi á jarðeignum og þeim framkvæmdum, sem menn gera í sveitum, verða menn þar að sökkva peningum að verulegu leyti. Það fæst aldrei út úr eignunum allt það, sem í þær fer. Og þegar á þetta er litið varðandi landbúnaðarframkvæmdirnar, þá skil ég ekki, að það geti komið til mála frá sjónarmiði hæstv. landbrh. að setja vísitöluklásúlu á lán, sem ganga til landbúnaðarins. Ég á erfitt með að skilja, að það geti komið til greina. Og ég vil ekki skilja ráðh. þannig enn sem komið er, að það sé hans stefna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 34 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 218, 81, 219, 222).

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 3, um launaskatt. N. hefur orðið sammála um að mæla með frv. með lítils háttar breytingum á 3. gr. þess. Er brtt. n. á þskj. 219 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Launaskattur af aflahlut greiddum í peningum greiðist þó hálfsárslega innan 15 daga eftir 30. júní og 31. desember ár hvert."

Varðandi þessa brtt. vil ég taka fram, að hér er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða, heldur telur n., að framkvæmd l. verði gerð auðveldari, ef till. verður samþykkt. Vitað

er, að bæði á vetrarvertíð og eins við síldveiðarnar að sumrinu og haustinu til fara greiðslur til sjómanna oft fram að verulegu leyti fjarri heimahöfn bátsins eða bátanna, þar sem reikningshald þeirra er. Ef launaskattur ætti að gerast upp ársfjórðungslega af launum sjómanna, eins og 3. gr. frv. gerir ráð fyrir, yrði í mörgum tilfellum um hreina ágizkun að ræða, af hvaða útborguðum launum skattinn ætti að greiða. Útgerð hagar svo til hér á landi, eins og kunnugt er, að um tvö veiðitímabil er að ræða, vetrarveiðar og sumar- og haustveiðar. N. telur, að t. d. 30. júní ætti sá aðilinn, sem skattinn á að greiða, að vera búinn að fá í sínar hendur öll gögn um launagreiðslur á vetrarvertíð og því geta gert skattinn upp af raunverulega greiddum launum þetta úthaldstímabil. Sama gildir um sumar- og haustveiðarnar. Um áramót ætti að liggja fyrir, hvaða laun sjómönnum hafa raunverulega verið greidd síðari hluta ársins, og skatturinn því að greiðast af þeirri upphæð, sem hann ber að greiða samkv. þesum lögum, en ekki af ágizkunarupphæð. Af þessari ástæðu er þessi brtt. flutt.

Frv. þetta er til staðfestingar brbl., sem út voru gefin hinn 30. júní s. l. og til fullnægingar einu atriði júnísamkomulagsins svonefnda. N. sendi frv. því ekki til umsagnar. En heilbr.- og félmn. barst bréf varðandi málið frá stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra. Er bréfið dagsett 21. okt. s. l. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 30. júní s. l. voru sett brbl. um launaskatt, er renna skal til byggingarsjóðs ríkisins. Skatturinn skal lagður á launagreiðslur, þ. e. atvinnurekendur. Frv. til l. um staðfestingu brbl. þessara hefur nú verið lagt fram á Alþingi, og var frv. að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn. Nd. Nú þegar hefur risið ágreiningur um, hver greiða skuli launaskatt þennan af launum sjálfseignarvörubifreiðastjóra. Vegagerð ríkisins hefur t. d. neitað að borga skattinn af kaupi þeirra sjálfseignarvörubifreiðastjóra, er hjá henni starfa og haft mótmæli Landssambands vörubifreiðastjóra í þessu efni að engu. Telur vegagerðin, að sjálfseignarvörubifreiðastjórar eigi sjálfir að greiða skattinn. Félmn. hefur staðfest þennan skilning vegagerðarinnar og vísað þar til reglugerðarákvæðis, sem segir, að í vafatilfellum skuli eftir því fara, hver borgi slysatryggingaiðgjöld vegna vinnunnar til Tryggingastofnunar ríkisins. Landssamband vörubifreiðastjóra telur út af fyrir sig hæpið, að reglugerðarákvæði þetta eigi stoð í lögum. Ökumenn borga yfirleitt sjálfir slysatryggingaiðgjöld sín, þótt enginn vafi leiki á því, að þeir séu launþegar. Miklu eðlilegra hefði verið að miða við það, hver greiðir iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, en það gera vinnuveitendur sjálfseignarvörubifreiðastjóra.

Landssamband vörubifreiðastjóra leyfir sér hér með að fara þess eindregið á leit við hv. heilbr.- og félmn., að hún beiti sér fyrir breytingu á 2. gr. l. í þá átt, að skilmerkilega verði fram tekið, að þeir, sem hafa sjálfseignarvörubifreiðastjóra í þjónustu sinni og greiða þeim laun, skuli einnig borga launaskattinn.

Til frekari áréttingar skal þetta tekið fram: Sjálfseignarvörubifreiðastjórar hafa enga launþega í sinni þjónustu og kaupgjaldið er fyrir þeirra eigin vinnu, er miðað við Dagsbrúnartaxta, en að auki taka þeir leigugjald fyrir vörubifreiðina. Sjálfseignarvörubifreiðastjórar mynda stéttarfélög og gera samninga við vinnuveitendur um kaup og kjör. Þeir eru félagsbundnir innan Alþýðusambands Íslands. Þegar haft er í huga, að brbl. um launaskatt eru grundvölluð á samningi milli ríkisstj. og Alþýðusambandsins, en með þeim samningi átti m. a. að tryggja það, að skatturinn yrði ekki borinn uppi af launþegum, verður það að teljast mjög ranglátt, ef sjálfseignarvörubifreiðastjórar ættu einir launþega í landinu að greiða skatt þennan."

Þetta var bréf Landssambands vörubifreiðastjóra. Þetta atriði var sérstaklega rætt við ráðuneytisstjóra félmrn. Hann upplýsti, að samkv. reglugerð, sem út hefði verið gefin í sambandi við framkvæmd þessara laga, væri gengið út frá því, að þeir, sem greiddu tryggingaiðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins, skyldu einnig greiða umræddan launaskatt. Taldi heilbr.- og félmn. ekki ástæðu til að athuguðu máli að flytja brtt. varðandi þetta atriði.

Þá kom fram í n. fsp. um, hvort ákvæði 3. mgr. 2. gr. frv. mundi einnig ná til greiðslu launa í sláturhúsum og mjólkurbúum. En þessi mgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknun fyrir störf við landbúnað, jafnt vinnu bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun, enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörð."

Samkv. upplýsingum ráðuneytisstjóra félmrn. er ekki gert ráð fyrir í umræddri reglugerð, að svo sé, að laun við mjólkurbúið og sláturhúsið séu undanþegin, og taldi meiri hl. n. ekki heldur að athuguðu máli ástæðu til að flytja brtt. varðandi þetta atriði.

Eftir að n. hafði skilað áliti, sem birt er á þskj. 218, barst henni bréf, dags. 22. des. s. l., frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Er bréf L. Í. Ú. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Leyfum oss hér með að senda yður eftirfarandi ályktun varðandi launaskatt, er samþykkt var á aðalfundi vorum, sem haldinn var nú fyrir skömmu:

„Aðalfundur L. Í. Ú. mótmælir harðlega launaskattinum, sem lagður var á laun með brbl. s. l. sumar, þar sem hann verkar bæði til lækkunar fiskverðs og hækkar allan innlendan tilkostnað útgerðarinnar, svo og rasknr hlutaskiptum útgerðarinnar um ½%. Felur fundurinn stjórn samtakanna að fá skattinn felldan niður eða a. m. k. að hann verði ekki reiknaður af öðru en kauptryggingarupphæðum hjá bátum og tilsvarandi upphæðum hjá togurum."

Nú hafa samtök sjómanna sagt upp gildandi kjarasamningum við útgerðarmenn í verstöðvum á Suðvesturlandi á skipum þeim, sem veiðar stunda m. a. með línu og netum. Hafa fulltrúar sjómanna borið fram verulegar kröfur til hækkunar. Komi til einhverra hækkana á þessum samningum, þá teljum vér mjög óeðlilegt, að útvegsmenn verði látnir greiða launaskatt þann, sem samið var um í júnísamkomulaginu svonefnda, þar sem skilyrði þess samkomulags voru, að engar beinar kauphækkanir yrðu.“

Þetta var bréf Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að einnig þetta atriði var mjög ýtarlega rætt í heilbr.- og félmn., þó ekki á þeim grundvelli að fella alveg niður launaskatt af tekjum sjómanna, heldur að miða skattinn við kauptryggingu hvers og eins skipverja. Ræddi ég þetta atriði við hæstv. heilbr.- og félmrh., sem framkvæmd þessara laga heyrir undir. Taldi hann, að slík breyting mundi verða talin brot á því samkomulagi, sem gert var 5. júní s. l. milli atvinnurekenda og ríkisstj. annars vegar og fulltrúa launþegasamtakanna hins vegar, auk þess sem það mundi skerða nokkuð tekjur útlánakerfis húsnæðismálastjórnar, en þangað á launaskatturinn að renna óskertur, eins og kunnugt er. Að fengnum þessum upplýsingum hæstv. félmrh. taldi meiri hl. n. sig ekki hafa aðstöðu til að flytja brtt. varðandi þetta atriði, sem hlýtur að skoðast sem eitt af grundvallaratriðum júnísamkomulagsins. En ég vil taka fram, að ef samkomulag getur orðið milli umræddra samningsaðila um að breyta þessu ákvæði í þá átt, að launaskattur yrði aðeins greiddur af kauptryggingu, en ekki aflahlut, hef ég ástæðu til þess að ætla, að um það geti einnig orðið samkomulag í heilbr.- og félmn.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði samþ. við þessa umr. með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 219.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef í samræmi við afstöðu Framsfl. til þessa frv. skrifað undir nál., en þó áskildi ég mér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Hið sama hefur hv. 4. þm. Reykn. einnig gert, og flytur hann með mér brtt. á þskj. 222, en brtt er. við 2. gr. frv., að við gr. bætist, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Laun greidd starfsfólki mjólkurbúa og sláturhúsa.“

Eins og kunnugt er, greiða bændur skatt, 1%, af söluvörum búa sinna til stofnlánadeildar landbúnaðarins, en það jafngildir um 2% af þeirra launatekjum. Verðið fyrir söluvörur búanna, sem bændurnir fá í eigin hendur, er sá hluti vöruverðsins, sem eftir er, þegar búið er að borga öll vinnulaun og annan rekstrarkostnað, t. d. í mjólkurbúum og sláturhúsum. Ef bændur eiga líka að borga launaskatt þann, sem með þessum lögum er á lagður, eru þeir að dómi okkar flm. látnir bera þyngri byrðar en a. m. k. flestir aðrir atvinnurekendur, nema því aðeins að tekið sé tillit til hins nýja launaskatts við ákvörðun útsöluverðs landbúnaðarvaranna, þegar verðlagsnefndin úrskurðar það.

Ég spurði formann Stéttarsambands bænda, sem á sæti í sex manna nefnd þeirri, sem fjallar um verðlagsmál landbúnaðarvaranna, hvort tekið hafi verið tillit til launaskattsins á s. l. sumri, þegar verð þeirra vara var ákveðið, en þá höfðu brbl. gilt 2—3 mánuði. Hann tjáði mér, að fulltrúar bænda í n. hefðu farið fram á, að það yrði tekið tillit til þessa launaskatts í útsöluverði varanna, en það varð ekki samkomulag um, að þetta yrði gert. Þess vegna lít ég svo á, að vegna þessa launaskatts verði bændur að borga eða verði af, réttara sagt, nokkrum hluta þeirra tekna, sem þeir annars hefðu fengið og ættu að fá, og okkur flm. þessarar brtt. sýnist, að með brbl. séu þá ranglega af þeim teknar þær tekjur. Meiri hl. heilbr.- og félmn. vildi ekki fallast á okkar sjónarmið í þessu máli, eins og hv. frsm. n. gat hér um áðan. Það reynir þess vegna nú á það hér í þessari hv. d., þegar brtt. okkar kemur til atkv., hvort þeir hv. þdm. eru í meiri hl., sem vilja bera ábyrgð á því, að bændur borgi bæði 1% af söluvörum búa sinna í stofnlánadeild landbúnaðarins, sem jafngildir 2% af þeirra kaupi, og síðan einnig 1% af greiddum vinnulaunum í mjólkurbúum og sláturhúsum, en þessar stofnanir, eins og kunnugt er, vinna úr vörum búanna og koma þeim á markaðinn.

Ég þykist hafa með þessum fáu orðum, gert grein fyrir skoðun okkar flm. þessarar brtt. og ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Jón Skaftason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og flutt er til staðfestingar á brbl., sem sett voru í sumar og byggðust á samkomulagi, sem gert var í byrjun júnímánaðar á s. l. ári á milli ríkisstj., Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, er eitt af mörgum skattalagafrv., sem lögð hafa verið fyrir hv. Alþingi s. l. 6 ár. Eins og hv. alþm. eflaust rekur minni til, hefur það verið margupplýst í umr. hér, að fjárl. hafa hækkað meira en fjórfalt síðan 1958. Mjög verulegur hluti af þessum álögum hefur verið lagður á útgerðina í landinu, sem býr við algera sérstöðu umfram aðra atvinnuvegi í landinu að því leyti, að þeir, sem í útgerðinni vinna, verða að sæta erlendu markaðsverði á hverjum tíma sem greiðslu fyrir þá vinnu og þá fjármuni, er lagðir eru fram í þeim atvinnuvegi.

Frv. þetta er, eins og ég sagði áðan, byggt á allvíðtæku samkomulagi atvinnurekenda og launþega í landinu. Þó hefur frv. þetta aldrei verið borið undir Landssamband ísl. útvegsmanna, sem ekki á aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands, og í ræðu hv. frsm. heilbr.- og félmn. hér áðan var lesið upp mótmælabréf, sem stjórn L. Í. Ú. hafði sent Alþingi, dags. 22. des. s. l., en barst ekki fyrr en málið hafði verið afgreitt úr heilbr.- og félmn. Ég vil láta það koma fram í sambandi við þá brtt.,

sem ég er að mæla fyrir á þskj. 81, að ég reyndi ítrekað í heilbr.- og félmn. að reyna að fá samkomulag um það á milli nefndarmanna, að launaskatturinn af launatekjum sjómanna á fiskiskipum yrði miðaður við tryggingu þeirra, og bauðst til þess í samráði við 1. flm. brtt. á þskj. 81 að draga hana til baka, ef samkomulag gæti um þetta fengizt í heilbr.- og félmn. En það tókst hins vegar ekki.

Ég vil benda á, að enn þá stendur yfir verkfall á bátaflotanum hér við Suðvesturland, sem búið er að standa í rúman mánuð, út af skiptakjörunum á bátaflotanum. Þetta langvinna og harða verkfall segir skýra sögu um ástandið í útgerðinni og gefur ótvírætt til kynna, að nýjar álögur á þennan atvinnuveg, sem þegar hefur tekið við mörgum nýjum álögum á stjórnartímabili hæstv. ríkisstj., fær ekki staðizt. Útgerðin er ekki fær um, miðað við það ástand, sem ríkir núna, að greiða þennan skatt til viðbótar. Ég fæ ekki heldur skilið, á hverju það er byggt, að launaskatturinn er lagður á útvegsmenn og sjómenn, en hins vegar eru öll störf í þágu landbúnaðarins undanþegin þessum skatti. Ég er ekki að lasta það, þótt landbúnaðurinn sé undanþeginn greiðslu launaskattsins, en ég fæ með engu móti skilið, hvers vegna hið sama eigi þá ekki að gilda um útgerðina, því að eins og ég sagði áðan, býr hún við algjöra sérstöðu umfram alla aðra atvinnuvegi í landinu að því leyti, að hún verður að sæta erlendu markaðsverði, sem er misjafnlega hagstætt á hverjum tíma fyrir framleiðsluna.

Hv. fyrri flm. brtt. á þskj. 81 hafði ætlað að mæla hér fyrir henni, en þar sem hann er enn þá ókominn til þings, hef ég hér hlaupið í skarðið og fylgt henni úr hlaði með örfáum orðum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal engu við það bæta, sem hv. frsm. n. sagði hér um þetta mál. Hann skýrði þar rétt frá því, sem gerzt hafði í n. í sambandi við það. Og allir þm. vita, að þetta frv. er til fullnægju á samningsákvæðum frá því í vor og launaskatturinn á lagður til þess að afla fjár til húsnæðismálanna. Ég mun því alls ekki hafa neina tilhneigingu til þess að draga úr hinum umsömdu tekjumöguleikum í þarfir húsnæðismálanna, sem í þessu frv. felast, því að samkomulagið var gert til þess að leysa þann vanda, að svo miklu leyti sem þessi tekjuöflunarleið hrykki til.

En eins og hv. frsm. gat um, þá er kominn þarna upp ágreiningur í einu sérstöku tilfelli, um það, hverjum beri að greiða launaskattinn, hvort það eigi að vera eigandi vörubifreiðar eða sá, sem kaupir vinnu bílstjórans og leigir tæki hans, bifreiðina. Félmrn. virðist hafa byrjað framkvæmd á þessu atriði á þann veg, að það væri vörubílstjórinn, sem þarna ætti að greiða launaskattinn, og hefur lagt til grundvallar þeim skilningi, að það yrðu þeir aðilar að gera, sem tryggingariðgjöld greiddu. Ég er sammála þeim rökstuðningi, sem fram kemur í erindi Landssambands vörubifreiðastjóra og er á þá lund, að vörubílstjórinn geti á engan hátt talizt atvinnurekandi. Hann hefur engan mann í sinni þjónustu, hann borgar ekki laun, hann selur vinnu sína öðrum vinnukaupanda, atvinnurekanda, og það eru samkv. samkomulaginu atvinnurekendur, sem eiga að borga skattinn. Sé t. d. vörubifreiðastjóri í þjónustu vegagerðar ríkisins, þá er ekki vörubílstjórinn atvinnurekandi, hann kaupir ekkert vinnuafl. Hann er launþegi, því að hann selur sína vinnu, og atvinnurekandi er auðvitað sá, sem kaupir vinnu hans í þessu tilfelli, vegamálastjórnin. Ég held því, að sá, sem hefur vörubifreið í þjónustu sinni og er þar með að kaupa vinnu bílstjórans og gjalda leigu fyrir tæki hans, verði í þessu tilfelli að greiða 1% launaskatt af kaupi mannsins, ekki af heildarupphæðinni, heldur af kaupi mannsins. Ef þessi skilningur fær ekki staðizt, þá er þarna tekinn einn hópur starfsmanna út úr og hann látinn borga af sínum launum 1% launaskatt, en það var ekki formið, sem um var samið, þó að um annað væri rætt á vissum stigum málsins. Ég sé því ekki annað en að þessi hópur manna yrði nokkuð misrétti beittur samanborið við aðra, sem selja sína vinnu, ef bílstjórarnir væru látnir borga sinn launaskatt.

Ég hef ekki enn þá gengið frá brtt. í sambandi við þessa skoðun mína, en áskil mér rétt til að gera það á síðara stigi málsins, einmitt í samræmi við þá skoðun, sem ég nú hef túlkað, en vil þó áður heyra rök, sem hv. félmrh. kann að hafa fyrir þeim skilningi, sem rn. hefur lagt í þetta atriði og byggir sinn úrskurð á eða sína framkvæmd á reglugerð. Hv. ráðuneytisstjóri Hjálmar Vilhjálmsson mætti hjá n. og skýrði okkur frá, hvernig þetta hefði verið skilið af rn., en hann sannfærði mig ekki um það, að þarna væri alveg rétt að farið gagnvart þessum hópi manna.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að blanda mér í umr. um þetta mál, því að það er rétt, sem sagt hefur verið, að frv. er byggt á samkomulagi, sem gert var í júnímánuði s. l., og þess vegna ekki rétt að breyta efni frv. En ég tel eðlilegt og sjálfsagt að leiðrétta þann misskilning, sem kom hér fram hjá hv. 2. þm. Sunnl., þegar hann sagði, að það væri ætlazt til þess, að bændur greiddu launaskatt samkv. þessu frv. ofan á það gjald, sem þeir greiða til stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þetta er algerlega á misskilningi byggt. Ég hef rætt þetta mál við framleiðsluráð landbúnaðarins, og ef sláturhús og mjólkurbú verða krafin um þetta gjald, þá er það vitanlega innifalið í dreifingar- og vinnslukostnaði vörunnar. Bændur greiða gjald til stofnlánadeildarinnar til framkvæmda í landbúnaðinum, og þess vegna er það, að frv. er úr garði gert eins og það er. Hv. þm. hefur flutt brtt. á þskj. 222 ásamt öðrum hv. þm. Við því er ekkert að segja. En ég vildi aðeins

leyfa mér að leiðrétta þau ummæli, sem hv. fyrri flm. flutti hér áðan, og auðheyrt er, að till. er á misskilningi byggð.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram, þegar ég lagði þetta frv. fyrir, er það byggt á júnísamkomulaginu svokallaða, þ. e. a. s. samkomulagi á milli atvinnurekendasamtakanna, verkalýðssamtakanna og ríkisstj. um launamál og verðlagsmál í júnímánuði s. l. Það er því frá mínu sjónarmiði grundvallaratriði í þessari lagasetningu, að hún stangist ekki á neinn hátt við það samkomulag. Þetta frv., sem hér er lagt fram til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 30. júní s. l. um launaskattinn, er í einu og öllu í samræmi við samkomulagið. Þetta gerir það að verkum, að ég get fyrir mitt leyti ekki lagt til, að sumar þeirra brtt., sem hér hafa verið bornar fram, verði samþykktar.

Í samkomulaginu stendur t. d., að lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Þetta hefur verið skilið þannig og var áreiðanlega meint þannig, þegar samkomulagið var gert, að undanþegnir launaskattinum væru eingöngu þeir, sem störfuðu að landbúnaði beinlínis, en ekki þau fyrirtæki, sem ynnu úr vörum bændanna. Hv. 4. þm. Reykn. undraðist nú reyndar, að öll störf við landbúnaðinn skyldu vera undanþegin þessum skatti, og skildi ekki, hvaða rök lægju til þess, þar sem sjávarútvegurinn væri t. d. bundinn af erlendu verðlagi og þyrfti nauðsynlega miklu fremur að vera undanþeginn heldur en landbúnaðurinn. En ástæðan til þess, að landbúnaðurinn var undanþeginn þessum skatti, var einfaldlega sú, að hann rennur allur í byggingarsjóð húsnæðismálastjórnar, sem ekki hefur afskipti af byggingum í sveitum landsins. Þegar skyldusparnaðurinn var lagður á, var ákveðið, að sá skyldusparnaður, sem aflað var við sjávarsíðuna og í kauptúnum, skyldi renna til húsnæðismálastjórnar, en það, sem félli til í sveitum landsins, skyldi renna í byggingarsjóð sveitanna. Og þetta er einfaldlega ástæðan fyrir því, að launaskatturinn er ekki lagður á þá, sem við landbúnaðinn vinna beinlínis, að skatturinn rennur alls ekki til þeirra og þeir hafa engin not af honum. Þetta vænti ég, að hv. þm. skilji. En það þýðir ekki það, að þeir, sem vinna að fullvinnslu landbúnaðarafurða við sláturhús, frystihús og mjólkurbú og annað þess háttar, komi ekki hér til greina, vegna þess að þeir búa flestir í þéttbýli og koma fullkomlega til greina við úthlutun húsnæðismálastjórnarlána. Þetta var sú grundvallarhugsun, sem liggur til grundvallar fyrir þessari ákvörðun samkomulagsins. Og frv. hefur líka verið miðað við þetta.

Á þskj. 81 frá hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Reykn. er lagt til, að tekjur skráðra sjómanna á fiskiskipum verði líka undanþegnar launaskattinum. Þetta stríðir í fyrsta lagi á móti þeirri grundvallarhugsun, sem ég lýsti hér áðan og lá til grundvallar fyrir skiptingunni og eins fyrir því, sem í samkomulaginu stendur beinlínis berum orðum, að það skuli greiddur launaskattur af hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Þetta hefur verið skilið þannig, að „hvers konar tekjur" nái auðvitað til tekna sjómanna og ekki einasta til kauptryggingarinnar, eins og hér hefur verið orðað, heldur einnig til þess hluta, sem þeir raunverulega fá, sem vinna fyrir meiru en kauptryggingunni, þannig að ég sé ekki, að það sé hægt að samþykkja þessa tillögu, án þess að talið verði, að það brjóti í bága við samkomulagið, raunar hvorki till. á þskj. 81 né á þskj. 222.

Um athugasemdir hv. 5. þm. Vestf. um vörubílstjórana og það, sem frsm. heilbr.- og félmn. sagði um það atriði, þá er þar náttúrlega um að ræða dálítið vandasamt atriði, sem kannske liggur ekki alveg ljóst fyrir, hvernig með skuli fara. En það hefur verið álit félmrn., að sá háttur yrði hafður á, sem lýst hefur verið hér, þ. e. a. s. að þeir, sem greiddu tryggingariðgjöldin, skyldu einnig greiða launaskattinn. Náttúrlega kemur það fram í viðskiptum sjálfseignarbílstjórans við þann, sem hann vinnur hjá, fyrr eða síðar, alveg eins og launaskatturinn er frádráttur til tekjuskatts, þá finnst mér eðlilegt, að það komi fram af hálfu vörubílstjórans sú ósk eða krafa, að þessi skattur verði tekinn inn í það samkomulag, sem gildir milli hans og vinnukaupanda hans á hverjum tíma.

En þessi tilfelli eru miklu fleiri, og að því miðar ákvæði, sem sett er í 2. gr. lagafrv. og hljóðar svo:

„Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs, eftir því sem ætla má að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annarra."

Þetta bendir líka til þess, þó að raunar þarna sé tekið annað til meðferðar, að sá, sem þessa vinnu framkvæmir, skuli greiða skattinn, hvernig sem fer um viðskipti hans við vinnukaupandann endanlega.

Ég tel svo ekki, að ég þurfi að segja fleira um þetta, en ég vildi leggja til við hv. þdm., að eftir samkomulaginu yrði farið, sem gert var í júnímánuði s. l. og að þær till., sem fara í bága við það samkomulag, yrðu felldar.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hér hefur verið tekið fram, er þetta frv. að höfuðefni byggt á júnísamkomulaginu eða til staðfestingar á júnísamkomulaginu, einum þætti þess, þ. e. a. s. fjáröflun til húsnæðismálanna.

Ég held, að frá sjónarmiði okkar, sem stóðum að júnísamkomulaginu fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar, sé ekki annað um þetta frv. að segja en að það sé í öllum höfuðatriðum samkvæmt samkomulaginu, eins og það var gert. Að vísu var það ekki ýtarlegt, engin nákvæm útfærsla á þessu atriði, heldur ein-

vörðungu það, að aflað skyldi fjár til húsnæðismálanna m. a. á þann hátt, sem fjallað er um í þessu frv.

Það eru þrjú atriði, sem komið hafa fram í þessum umræðum, sem ég vildi aðeins örlítið ræða. Það er í fyrsta lagi það, sem frsm. n. gat um varðandi vörubílstjórana. Ég er þar alveg sammála hv. 5. þm. Vestf., að það beri ekki í þessu tilliti að líta á vörubílstjórana sem atvinnurekendur. Það er staðreynd, að þeir selja sína vinnu ákveðnum atvinnurekendum. Það er nokkuð annað en það, sem hæstv. ráðh. kom aðeins að hér áðan. Þeir, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur, selja vöru sína, tilbúna vöru, eða taka að sér einhver ákveðin verk eða þess háttar. Með þá verður náttúrlega að fara sem atvinnurekendur, enda þótt hægt væri að rekja það, hverjum þeir selja hverju sinni. Ég held, að það gegni hér allt öðru máli um vörubílstjórana og það væri rétt að athuga það mál nánar, áður en þetta verður endanlega afgreitt.

Þá liggja hér fyrir tvær brtt. Önnur varðandi greiðslu útgerðarmanna, þar sem lagt er til, að greiðslur þeirra miðist við kauptryggingu, en ekki við aflahlutinn. Ég verð að segja, að ég sé ekki ástæðu til, að greiðsla útgerðarmanna miðist við kauptrygginguna frekar en aflahlutinn. Grundvallaratriðið í samkomulaginu er það, að einn og hinn sami skattur sé greiddur af öllum launum, og því ætti í þessum atvinnuvegi að greiða annan skatt en gert er í öðrum greinum? Ég fæ ekki séð, að það séu nein rök fyrir því út af fyrir sig. Hitt er svo annað mál, að atvinnugreinar geta verið misjafnlega á vegi staddar til að standa undir þessum gjöldum sem öðrum, en ég vildi þá meina, að það væri annað mál út af fyrir sig að fara að ræða það.

Svo er önnur brtt. Hún er um, að af starfsfólki mjólkurbúa og vinnslustöðva landbúnaðarins sé ekki greiddur þessi skattur. Ég er alveg fullkomlega sammála þeirri skilgreiningu, sem hæstv. landbrh. gaf hér áðan á því, hvers vegna skatturinn tekur ekki til bændanna. En þar með er ekki sagt, að hann eigi ekki að taka til þessa atvinnurekstrar í bæjunum, sem rekinn er til þess að vinna úr landbúnaðarvörunum. Mér kemur það spánskt fyrir sjónir eða eyru, þegar hv. 2. þm. Sunnl. fullyrti hér áðan, að það lægi fyrir neitun á því varðandi verðlagningu landbúnaðarvara í sex manna nefnd að taka tillit til launaskattsins. Ég á sæti í þessari nefnd, og mig rekur ekki minni til, að þetta mál hafi sérstaklega borið á góma þar eða verið bornar fram sérstakar kröfur um varðandi launaskattinn. Að sjálfsögðu kemur launaskatturinn á margan hátt aftur til þeirra, sem eiga að njóta hans, þ. e. a. s. neytendanna, og ég reikna með, að á þessu sviði sem mörgum öðrum mundum við raunverulega fá að greiða hann. Varðandi mjólkurbúin og aðrar vinnslustöðvar landbúnaðarins er alltaf tekið tillit til afkomu þeirra hverju sinni við verðlagningu. Menn eru náttúrlega ekki alltaf sammála um, hve mikið þær þurfi til þess að standa undir kostnaði, rekstrarkostnaði, en allir eru sammála um það, að umsamið verð, sem bændurnir eiga að fá, eigi þeir að fá og vinnslustöðvarnar verði að geta greitt þeim þetta verð. Ég hef aldrei heyrt aðrar raddir í sex manna nefnd eða á öðrum stöðum, þar sem fjallað hefur verið um þessi mál. Sem sagt, ég kannast ekki við þá fullyrðingu, sem hv. 2. þm. Sunnl. hafði hér eftir formanni Stéttarsambandsins, sem, eins og hann sagði, á sæti í sex manna nefndinni.

Það mætti ýmislegt um þetta segja. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. En hér var í viðtæku samkomulagi varðandi kaup og kjör launafólksins einnig samið um úrlausnir á öðrum sviðum, þar sem um er að ræða húsnæðismálin. Það má sjálfsagt, bæði af okkar hálfu, sem fyrir verkalýðshreyfinguna höfum forsvar, og eins sjálfsagt af hinum einnig, mjög um það deila, hve langt á að ganga í þessu efni. Persónulega hefði ég haldið, að það væri frekar verksvið löggjafans að búa þessi mál svo í haginn, að það þyrfti ekki hverju sinni í vinnudeilum að vera að gera slíka samninga eins og þessa. Og það er engan veginn fyrir það að synja, að auðvitað þrengja svona samningar þá möguleika, sem verkalýðshreyfingin annars máske hefði til þess, að hið beina kaup hækkaði eitthvað meira. Það er enginn vafi á því, að launaskatturinn m. a. og slík afgreiðsla mála hefur áhrif á önnur atriði, sem verið er að semja um, auðvitað þau veigamestu, sem eru kaupgjaldið sjálft.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hefði ekki blandað mér í þessar umr., ef ekki hefði komið hér fram alveg furðulegur skilningur á því, hvort á að telja sjálfseignarbílstjóra atvinnurekendur eða launþega. Ég hélt, að þetta væri svo ljóst mál, að um það þyrfti ekki að deila. Ég held, að öllum ætti að vera nokkurn veginn ljós sá munur, sem er á atvinnurekanda og launþega. Atvinnurekandi er að sjálfsögðu fyrst og fremst sá maður, sem kaupir vinnu af öðrum. Launþegi er sá, sem selur vinnu sína. Og ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir í þessu tilfelli um sjálfseignarbílstjórana, að þeir eru ekki að kaupa vinnu, þeir eru að selja vinnu. Þar af leiðandi liggur það alveg í augum uppi, að þeir eru launþegar, en ekki atvinnurekendur. Þeir eru að selja vinnu sína, og það eru aðrir, sem kaupa. Og það er alveg augljóst samkv. þessum l., að það er sá aðili, sem kaupir launaskattinn. Þess vegna finnst mér, að slík deila eins og sú, sem hér hefur risið, ætti alls ekki að þurfa að eiga sér stað.

Nú hefur það komið fram hjá hæstv. félmrh., að þetta frv. byggist fyrst og fremst á samkomulagi, sem gert var á s. l. vori milli atvinnurekenda og launþegasamtakanna og ríkisstj. var einnig nokkur aðili að, eða júnísamkomulaginu svokallaða. Þess vegna vildi ég beina þeirri fsp. til þeirra manna, sem hér eru og sérstaklega stóðu að þessum samningum, eins og t. d. forseti Alþýðusambands Íslands, hvort það sé ekki alveg hiklaust skilningur

hans samkv. júnísamkomulaginu, að sjálfseignarbilstjórar eigi ekki að greiða þennan skatt, og ef þeir verði látnir greiða hann, sé það brot á júnísamkomulaginu. Ég hef skilið júnísamkomulagið þannig, að það ætti alls ekki að ná til þeirra aðila, sem væru innan Alþýðusamband Íslands og slíkra launþegasamtaka, eins og t. d. sjálfseignarbílstjórar eru og leigubílstjórar. Er kannske hægt að líta þannig á samkv. þeim skilningi, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa, að ekki aðeins sjálfseignarvörubílstjórar, heldur t. d. leigubílstjórar hér í bænum á bifreiðastöðvum, er eiga sína bíla sjálfir, eigi að greiða launaskatt? Ég hef skilið lögin þannig, að þessi launaskattur ætti alls ekki að ná til þeirra, og mér virðist, að það þurfi að liggja alveg ljóst fyrir, áður en þetta mál er endanlega afgreitt hér frá þinginu og frá þessari d., hvert sé hið raunverulega samkomulag í þessum efnum og hvort samningarnir hafi verið svo óhreinir, að það sé ekki hægt að átta sig á því í mörgum tilfellum, hverjir eiga að greiða skattinn og hverjir ekki. Mér virðist, að það blási ekki byrlega um slíka samninga í framtíðinni, ef eftir eiga að rísa upp fleiri eða færri deilur um það, hvort þessi stéttin eða hin á að greiða slíka skatta eins og þessa eða ekki. Þess vegna á þetta að liggja alveg ljóst fyrir, og ég vænti þess vegna, að það komi alveg skýr svör fram hér nú af hálfu þeirra aðila, sem að þessu samkomulagi stóðu, hvernig á að skilja samningana í þessu tilliti, en eftir því sem hér hefur fram komið, virðist það vera mjög óglöggt og menn alls ekki vera sammála um það, hvað séu atvinnurekendur og hvað launþegar.

Ég vil sem sagt beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj. og forseta Alþýðusambandsins, hvort það geti virkilega verið í samræmi við júnísamkomulagið, að sjálfseignarbílstjórar, sem selja vinnu sína, eða leigubílstjórar séu látnir greiða launaskatt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til andsvars því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði nú síðast. Ef einhver vafi leikur á því, að ákvæði l., að því leyti sem þau snerta vörubílstjóra, fari í bága við það samkomulag, sem gert var, skal ég vera fyrstur manna til þess, að það verði athugað og það rætt, hvort rétt er sú skoðun, sem hann heldur fram, að hér sé um brot á samkomulaginu að ræða. Það er vissulega ekki ætlun ríkisstj. eða mín, sem flyt þetta frv., að svo sé. Við erum hér í góðri trú. Annars vildi ég skjóta því til hv. þm., þar sem hann nefndi t. d. fólksflutningsbíla í þessu sambandi, að ef fólksflutningsbílstjórinn á ekki að greiða launaskattinn, hver á þá að greiða hann?

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann lengi, en það er í sambandi við ræður þeirra beggja, hæstv. landbrh. og hv. 3. landsk., sem ég hefði viljað segja örfá orð.

Landbrh. hæstv. taldi, að sú till., sem ég mælti hér fyrir, mundi vera á misskilningi byggð. Ég hef ekki sannfærzt um þetta af þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan. Hann hélt því fram, að launaskattur sá, sem greiddur er af launum starfsmanns í mjólkurbúum og sláturhúsum, fái bændur aftur uppborinn gegnum verðlagið. Hins vegar sagði hv. 3. landsk., að það hefði ekkert tillit verið tekið til launaskattsins í sambandi við verðlagninguna eða ákvörðun verðlagningar á s. l. hausti, svo að mér þykir þarna stangast á hjá þessum ágætu mönnum, það sem þeir segja um þetta.

Till. okkar hv. 4. þm. Reykn. er byggð á því, að við teljum, að bændur eigi ekki að bera þennan launaskatt af sínum tekjum, en það teljum við, að þeir geri, þar sem verðlagning og dreifingarkostnaður er ákvarðaður með sérstökum l. og bændur fá þess vegna ekki annað tekið inn í verðlag vara sinna heldur en það, sem þar er samþykkt, og ef þessi aukni kostnaður, sem leiðir af launaskattinum, er ekki tekinn inn í þessa verðlagningu og dreifingarkostnað, eru auðvitað engir aðrir, sem bera kostnaðinn, heldur en bændurnir sjálfir af sínum tekjum, sem þeir ættu að fá, því að vitanlega eru þeirra tekjur af afurðum sínum sá afgangur, sem eftir er, þegar búið er að borga rekstrarkostnaðinn á mjólkurbúunum og sláturhúsunum. Það er það, sem bændurnir fá í sinn hlut, hvort sem þeir ná með því verðlagsgrundvallarverðinu eða þeir ná því ekki. Stundum næst það, en stundum næst það ekki. Og ég trúi því ekki, og ég er viss um það, að löggjafinn hefur ekki ætlazt til þess, þegar brbl. voru sett á s. l. vori, að bændur ættu þannig að greiða af sínum tekjum þennan launaskatt. Það hlýtur að hafa verið ætlazt til þess, að hann gengi hjá þessum atvinnurekstri eins og öðrum atvinnurekstri inn í verðlag varanna, sem framleiddar eru og dreift er frá hinum ýmsu stöðum í landinu. Á þessum skilningi er sú brtt. borin fram, sem hér liggur fyrir og ég hef verið að mæla fyrir. Ef við hv. 4. þm. Reykn. hefðum verið vissir um það og vitað það með vissu, að þetta væri tekið inn í verðlagninguna og dreifingarkostnaðinn, þá hefðum við ekki borið brtt. fram. En ég hef ekki sannfærzt um það af ræðum þeirra hv. ræðumanna, hæstv. landbrh. og hv. 3. landsk., að þetta sé þannig, heldur þvert á móti. Ég hygg, að það sé rétt, sem formaður Stéttarsambands bænda tjáði mér, en hann sagði mér, að þetta mál hefði borið á góma, en það hefði ekki orðið samkomulag um að taka launaskattinn inn í verðlagninguna. Á þeim grundvelli er sá skilningur byggður, sem brtt. byggist á.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. getur náttúrlega svarað fyrir sig. En ég vil vekja athygli á því, að hv. fyrri flm. þessarar till. hefur algerlega misskilið hann hér áðan, þar sem hv. 3. landsk. sagði greinilega, að því hefði aldrei verið neitað í sex

manna nefnd að taka tillit til skattsins. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að formaður Stéttarsambands bænda fari með rangt mál frekar en hv. 3. landsk. Ég ætla ekki heldur að halda því fram, að hv. 2. þm. Sunnl. fari vísvitandi skakkt með málið, heldur hlýtur hér enn að vera um leiðan misskilning að ræða, og ég vil leggja áherzlu á það og taka mark á því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði hér áðan, að í sex manna nefnd væri leitazt við að láta af hendi þann dreifingarkostnað, sem vinnslustöðvunum nægði til þess að bændur gætu fengið sex manna nefndar verðið, grundvallarverðið, og þetta hefur oft tekizt, og ég vil leggja ákaflega mikið upp úr þessum vilja frá hendi neytenda og einmitt því samkomulagi, sem var gert á s. l. hausti í sex manna nefnd. Og þegar hv. 3. landsk. segir, að þessu hafi ekki verið hafnað, vil ég taka mark á því og fagna því, að frá hans hendi og ég vænti hinna fulltrúanna í n. sé þarna glöggur skilningur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til staðfestingar brbl. um launaskatt. Í 1. gr. þess segir, að almennan launaskatt skuli leggja á launagreiðendur, og um það virðist enginn ágreiningur, að þeir eigi að borga þennan skatt.

Þessi skattur og álagning hans hlýtur að minna okkur á annan skatt, sem á var lagður fyrir tæpum 3 árum. Það var skatturinn, sem lagður var á bændur með l. nr. 75 frá 27. apríl 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessi skattur á bændur nemur 1% af söluverði landbúnaðarvara, og bændur verða að bera hann sjálfir. Þeim er bannað að hækka verð á framleiðsluvörum sínum sem skattinum nemur. Þannig er öðruvísi að þeim búið en öðrum mönnum. Þetta er eina stéttin í þjóðfélaginu, sem hefur orðið fyrir slíku. Hjá þeim launagreiðendum, sem borga launaskatt samkv. þessu frv., telst skatturinn með launum og öðrum kostnaði við atvinnurekstur þeirra. En eins og áður segir, verða bændur að borga sinn skatt af þeim launum, sem þeir fá fyrir sína vinnu við búskapinn, eða sínum persónulegu tekjum, og nemur hann um 2% af þeim. Engir aðrir þurfa að borga slíkan skatt.

Launaskatturinn, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, væri ekki á lagður, ef móttakendum launanna væri ætlað eins og bændum að borga hann af sínum persónulegu tekjum. Um það munum við allir sammála. Það ætti þá að vera mönnum ljósara en áður, að skatturinn á bændur er óhæfilegur, eins og hann er á lagður. Eins og ég sagði áður, hefur hann numið um 2% af þeirra persónulegu tekjum, sem þeim eru ákveðnar í verðlagsgrundvellinum fyrir eigin vinnu til framfæris sér og sínum. Upphæðin, sem þannig var innheimt af bændum s. l. ár, 1964, nam alls um 11.6 millj. kr.

Bændastéttin hefur séð sig til neydda að höfða mál gegn ríkisvaldinu til að reyna á þann hátt að fá hnekkt þeim rangindum, sem hún er beitt með þessum skattaálögum, og þau málaferli standa yfir. Sem betur fer mun það einsdæmi í okkar þjóðfélagi, að fjölmenn stétt þurfi að eiga í málaferlum við hið opinbera til þess að hnekkja augljósum órétti, sem hún er beitt með löggjöf frá Alþingi. Þetta ber löggjafarvaldinu ekki fallega sögu, því að því ber skylda til að gæta þess, að einstakir menn eða hópar manna séu ekki órétti beittir í lögum, sem sett eru.

Það verður ekki talið skynsamlegt að skattleggja landbúnaðarvörur til að safna fé í lánasjóði. En verði slíku áfram haldið, ber að krefjast þess, eins og þegar hefur verið gert, að slíkur skattur sé lagður á vöruverðið, eins og aðrar slíkar álögur, en ekki innheimtur af launum einnar stéttar í þjóðfélaginu.

ATKVGR.
Brtt. 81 felld með 23:8 atkv.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 222 felld með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÞ, BFB, EystJ, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk, SE, SkG, ÞÞ.
nei: BGr, BF, BBen, DÓ, EðS, EI, EOl, EmJ, GeirG, GuðlG, HV, IngJ, JóhH, JP, JR, LJós, MB, MÁM, AJ, PS, RA, SÁ, SI, SvJ, SB.
4 þm. (BP, EÁ, GunnG, GÞG) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 219 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 337, 338).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um það smávægilega ágreiningsatriði, sem rætt var hér við 2. umr. þessa máls, varðandi það atriði, hvort rétt væri samkvæmt niðurstöðum samkomulags, sem gert var í júní s. l. milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna og vinnuveitendasamtakanna að taka launaskatt af vörubifreiðastjórum. Ég gerði grein fyrir þeirri skoðun minni í gær, að ég teldi þetta ekki réttmætt, teldi, að launaskattinn ætti að taka af þeim atvinnurekanda, sem vörubifreiðastjórinn ynni hjá, því að vörubifreiðastjórinn gerði með þeim viðskiptum þetta, að selja sína eigin vinnu, eins og hver verkamaður gerir, en eigi annarra vinnu, og leigði jafnframt tæki, sem hann hefði, til að inna hið umsamda starf af hendi. Hann væri því greinilega launþegi, en ekki atvinnurekandi. Þessa skoðun styður líka það, að það hefur áður verið úrskurðað, að vörubifreiðastjórar skuli ekki greiða söluskatt af þeim viðskiptum, sem þeir reka. En það, sem mér finnst skera úr, er það, hvort um sé að ræða heildarupphæð fyrir vinnu bílstjórans og tækisins og þar sé ekki auðvelt að greina á milli, þessi upphæð sé ein og óskiptileg í viðskiptunum.

Ef hún væri það, játa ég, að það væri nokkrum erfiðleikum bundið að finna út, hvert væri kaup starfsmannsins, bílstjórans. En nú er þetta ekki svo, þetta skapar engin vandkvæði, því að í samningi milli vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík og Vinnuveitendasambands Íslands segir í 10. gr.:

„Af leigugjaldi fyrir bifreiðar, því er um ræðir í 1. gr., eru kr. 24.99 reiknaðar sem kaup bifreiðastjóra í dagvinnu, og er orlofið þar innifalið. Fyrir eftirvinnu greiðist kaup bifreiðastjóra með 50% álagi og nætur- og helgidagavinnu með 100% álagi."

Síðan segir enn fremur:

„Kaup bifreiðastjóra skal á hverjum tíma breytast í réttu hlutfalli við breytingar á kaupi bifreiðastjóra samkv. Dagsbrúnarsamningi."

Þetta finnst mér skera alveg úr um það, að hér er um hreinan launþega að ræða, nákvæmlega með sömu stöðu gagnvart atvinnurekanda eins og hver annar verkamaður, og það finnst mér skera úr um það, að ekki nái nokkurri átt að heimta af honum launaskatt. Allt annað er með fólksbifreiðastjórann, sem hefur engan stéttarfélagssamning um framkvæmd sinnar vinnu, og undir ákvæði í lögunum um mann, sem rekur eigin atvinnurekstur, þar eigi að áætla hans vinnu og leggja launaskattinn á hina áætluðu upphæð, sem ætla mætti að honum yrði greidd, ef hann væri í þjónustu annarra. Hér þarf ekkert slíkt að áætla, því að kaup vörubifreiðastjórans er ákveðið upp á krónu og aura og sagt, hvernig það eigi að breytast, ef bílstjórakaup samkv. Dagsbrúnarsamningi breytist, þannig að það liggur ávallt fyrir, hvert kaup þessa daglaunamanns skuli vera. En það er ástæðulaust að deila um þetta nú, því að ég hef rætt þetta við félmrh. og hann hefur fallizt á, að meðan þetta væri athugað nánar, væri meðferð málsins frestað. Og ég mælist til þess við hæstv. forseta, og það er í samráði við hæstv. ráðh.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég leyfði mér að flytja brtt. ásamt 4. þm. Reykn., en ég var ekki við á mánudaginn var, þegar sú till. var til umr., og hún var felld, svo að ég kom með aðra, sem nær raunar skemmra og nær aðeins til þess atriðis, að það sé ekki greiddur launaskattur af kaupi skráðra sjómanna á fiskiskipum, sem eru innan við 100 tonn.

Ástæðan fyrir því, að við flytjum þessa till., er í aðalatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi álít ég þetta ósanngjarnan skatt á kaup sjómanna. Í öðru lagi tel ég óviturlegt að leggja þennan skatt á kaup sjómanna. Og í þriðja lagi álít ég, að hægt sé að fara aðrar leiðir til að leysa það vandamál að lána þeim, sem byggja hús, þessa fjárhæð með þeim vöxtum, sem um er talað, það ætti að fara aðra leið en að skattleggja atvinnuvegina á þennan hátt. Ég veit, að ríkisstj. heldur því fram, að það hafi verið um þetta samið og þess vegna sé engu hægt að breyta. Mér hefur aldrei dottið það í hug, að ekki yrði staðið við þann samning, sem snýr að húsbyggjendum, hvað snertir vexti og lánsfjárupphæðina, — aldrei hugkvæmzt það. En hitt gefur auga leið, að þeim, sem að samningunum stóðu fyrir hönd launþega, er alveg sama, það er ekkert betra fyrir þá, að þetta sé tekið af útgerðinni heldur en á einhvern annan hátt, heldur einmitt það gagnstæða. Við vitum, að það er útgerðin, það eru útflutningsafurðirnar, sem hindra það fyrst og fremst, að hægt sé að hækka kaupið í landinu. Iðnaðarmennirnir leggja kauphækkunina á iðnaðarvöruna, og henni er dreift um landið og fólkið borgar. Verzlunin leggur það á vörurnar, sem fólkið kaupir líka. Ríkið leggur það á skattþegnana. En það er útgerðin, það eru réttara sagt útflutningsatvinnuvegirnir, sem hindra það, að hægt sé að borga nema ákveðna upphæð í kaup. Og þetta vita þeir, sem samið hafa fyrir hönd launþeganna. Það er alltaf það, sem strandar á, aðalútflutningsatvinnuvegurinn lýsir því yfir, að það sé ekki hægt að borga meira. Það getur því ekki verið neitt áhugamál fyrir fulltrúa launþega, að þrengt sé að þessum atvinnuvegi. En það er ekki nema sjálfsagt að standa við þá samninga, sem gerðir voru, og ég vil engan veginn vera að gera lítið úr verkum þeirra manna, sem unnu að því að leysa þessi mál í vor, hvorki ríkisstj. né þeirra, sem unnu að því fyrir hönd launþeganna, það er fjarri mér.

Árið 1960 voru vextirnir hækkaðir, eins og þið vitið, af föstum lánum í fiskveiðasjóði úr 4% og upp í 6½%. Það er nálægt 60%, sem vextirnir hækkuðu um. Aðrir vextir voru hækkaðir eitthvað hlutfallslega. Nú er búið að lækka aðra vexti um 3%, en það hefur ekkert verið lækkað af föstum lánum í fiskveiðasjóði og ekki heldur af bændalánunum, og ég verð að segja, að mér finnst þetta ekki rétt og ekki sanngjarnt, ef aðrir vextir eru lækkaðir, að lækka ekki þessa vexti, og þó að þetta séu samningsbundnar skuldir, færi enginn að telja það samningsrof, þótt vextirnir væru lækkaðir.

Ég hef alltaf viljað þessari ríkisstj. vel, — enda vil ég öllum vel, því að það er enginn neitt fyrir mér í lífinu, og ég þarf ekki að vera gramur við einn eða neinn, — og ég réð henni heilræði 1960 og það var að fella gengið minna og hækka vextina minna, og ef hún hefði farið eftir þessu, þætti öllum vænt um stjórnina í þessu landi og þeir stæðu mjög vel að vígi, í staðinn fyrir að hleypa þessari verðhækkunaröldu af stað, sem vextirnir voru valdir að og þessi mikla gengislækkun, sem var aftur endurtekin eða aukin 1961. Þetta hefur valdið verðhækkunum, og þetta hefur valdið því, að fólkið þurfti að fá hærra kaup, og þetta hefur verið undirstaðan undir allri þessari miklu þenslu. En ef ríkisstj. hefði nú bremsað hvað gengið snerti og ekkert hækkað vextina, hefðu kröfur fólksins orðið miklu minni. Þið hélduð, að ég væri flón, þegar ég kom þá inn í þingið, sem kannske var nú von, en þá var ég bara vitrari en ég er nú, því að

ég er heimskari, ef ég er ekki í hinu lifandi starfi. Þá var ég búinn að fást við verzlun og búskap og útgerð og var inni í hlutunum. En hér má maður vara sig á því að heimskast ekki. En stjórnin vildi ekki fara eftir þessu. Það var fjármálalegt met, sem þessir hagfræðingar okkar gerðu. Þeir réðu mestu þá, því að ríkisstj. var þá að byrja og hafði ekki eins mikið sjálfstraust og hún hefur nú, en ég hef grun um það, að hún sé óþægari við hagfræðingana nú en þá. Ég las það í jólafríinu mínu, að Brahe, mikill stjörnufræðingur danskur, sagði um ríkisráð kóngsins, þegar Kristján IV var kóngur, að þeir hefðu vitsmunina í munninum, en ekki í höfðinu, og eiginlega hefur mér dottið það í hug í sambandi við þessa blessaða hagfræðinga frá 1960, að þeir hafi verið snjallari að orða hlutina, skrifa og tala, heldur en að hugsa af viti. Það er algert met að gera hvort tveggja í einu að lækka gengið jafnmikið og gert var og hækka vextina, því að það verkar hvað á móti öðru. Og hvaða gagn hefur orðið af þessari blessaðri vaxtahækkun? Hún á að vera til þess að auka sparifjársöfnun og hindra, að fólkið biðji um lán. En það hefur aldrei verið beðið meira og ákafar um lán en síðan þetta var gert, af því að fólkið þurfti fleiri krónur, þegar búið var að auka þensluna svona. Það gefur auga leið. Þetta gerir engin þjóð, sem hefur fjármálavit, að gera þetta tvennt í einu, því að vaxtahækkunin á að vera til þess að tryggja gengið, gera hverja krónu verðmeiri. En þegar þetta er gert svona, þá er það eins og ef menn ætla að draga hest upp í dýi og annar togar í faxið, en hinn togar í hina áttina í taglið. Þetta er fjármálavitleysa.

En það er mikil ánægja fyrir mig, að nú er ríkisstj. farin að tala alveg á sömu nótum og ég gerði 1961 í gengismálinu, og ég gleðst sannarlega yfir hennar fjármálaþroska og vona, að hann eigi eftir að aukast frekar en hitt, og er ég henni algerlega sammála um það, þegar þeir eru að halda ræður um, hve áríðandi það er að treysta gengið. Þeir eru líka búnir að lækka vextina um 3% af víxlum, og ég vil bara, að þetta komi á samningsbundnu skuldirnar líka, og ef þeir gerðu það með lán til húsbygginga, þá þyrftu þeir ekki svona mikið fé til þess að borga þennan vaxtamismun. Mér finnst ekki sanngjarnt gagnvart okkur, sem erum nú að basla við að gera út báta, að hækka vexti af lánum um 60%, upp í 6½ úr 4, og í ofanálag að fara að láta okkur borga vexti fyrir þá, sem byggja hús, borga niður vexti fyrir þá, sem sagt að borga niður vitleysuna, sem þeir gerðu 1960. Það er nóg að greiða einfaldlega fyrir þessar vitleysur þeirra, þótt maður þurfi ekki að greiða þetta tvöfalt. Það eru nefnilega engar smáupphæðir, sem við verðum að greiða. Ég efast um, að margir hafi gert sér það ljóst, hve mikið af þessu kemur á útgerðina. Það er meira en það, sem greitt er af kaupi sjómannanna, það eru fiskvinnslustöðvarnar líka, og það er ámóta upphæð. Það er svipuð upphæð, sem fer í það að ganga frá fiskinum, eins og fer til sjómannanna í kaup. Og svo er það vélaviðgerðaverkstæðin, nótaviðgerðarverkstæðin og öll þessi blessuð verkstæði, og þau munu ekki gleyma að reikna okkur þetta og jafnvel reikna ríflega heldur en hitt, ef ég þekki þá rétt, þannig að þetta er óhætt að margfalda með 2½. Og þegar blessað orlofið kemur ofan á þetta líka, svarar það til 5% kauphækkunar.

Einn af stórútgerðarmönnum var að segja mér það, — hann heitir Baldur og er Guðmundsson, hann bað mig ekkert fyrir það, og það er því ekkert leyndarmál, — hann sagði mér, að þetta 1% svaraði til 85 þús. af nýja bátnum sínum, sem hann gerir sennilega ráð fyrir að fiski fyrir 17 millj., og þá er kaup sjómannanna allt að 8½ millj., — þetta 1% svaraði 85 þús. Þið vitið, að það, sem fiskvinnslustöðvarnar þurfa að greiða, hlýtur að koma á hráefnið, og eins það, sem vélaverkstæði og nótaviðgerðarverkstæði og öll þjónustustarfsemi þarf að greiða, það kemur allt á hráefnið. Það er óhætt að margfalda þetta með 5, og þá þarf Baldur Guðmundsson að borga 425 þús. yfir árið beint og óbeint í orlof og launaskatt.

Nú voru útgerðarmenn ekkert að biðja um að semja fyrir sína hönd í vor. Það var ekkert samið fyrir þeirra hönd, hreinlega ekki, enda samningum sagt upp og verkfall hefur verið hjá sjómönnum nú. Og svo kemur stór kauphækkun. Nú hækka hlutaskiptin, þannig að það svarar til 5% á línubáta, á þorsknótabáta svarar það til u. þ. b. 20%, miðað við, að það verði gert upp með sömu kjörum og á línu í fyrra, og sú kauphækkun kemur líka, þannig að þessi kauphækkun svarar til 10—12—14% af útgerðinni, þegar þetta er allt lagt saman. Og þarna er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Við skulum taka litlu bátana, sem greiða ca. 2 millj. í vinnulaun. Það eru 20 þús., þetta 1%, og margfaldað með 5, eins og má gera ráð fyrir, er það um 100 þús. Nú væri þetta allt í lagi, ef þetta væru einhverjir auðmenn, sem þarna stæðu að, sem gætu vel staðið í skilum og allt væri í góðu lagi hjá þeim. Ég var í fiskveiðasjóði í morgun, og það er óborgað þar í vexti og afborganir hjá skipaflotanum um 120 millj. kr., og af því er helmingurinn eða líðlega það hjá bátum innan við 100 tonn. Þannig eru nú ástæðurnar og þetta hefur aukizt um 30 millj. á þessu ári. Ég dreg mjög í efa, að menn yfirleitt dragi að borga, ef þeir geta borgað.

Það er fleira, sem þrengir að og einkum hjá bátum innan við 100 tonn, og það er hreint ekki úr vegi að minnast á það. Ég hef oft talað um þetta bæði hér í þinginu og einslega við þá menn, sem forráð hafa í sjávarútvegsmálunum. Það eru t. d. tryggingamálin. Ég hef oft minnzt á þau hér. Það er frjáls trygging á bátum yfir 100 tonn, en skyldutrygging á hinum. Ég hef með báta að gera, sem bæði eru yfir 100 tonn og undir, og þess vegna veit

ég ósköp vel um muninn. Sé bátur yfir 100 tonn, er hann í raun og veru kaskótryggður. Það eru borgaðar viðgerðir á öllum tækjum og öllu, sem bilar. Ef hann er undir 100 tonnum, er sáralítið borgað, nema alveg bein tjón. Ég hef fengið á s. l. ári upp undir 400 þús. kr. bara fyrir bilanir og viðgerðir á stærri bátinn, en árlega hef ég orðið að borga af minni bátnum frá 200 og upp í 300 þús. í viðgerðir, og hef fengið í 6 ár, ekki talið með árið 1964, einar 60 þús. bættar úr Samábyrgðinni. Þannig eru þessi misjöfnu tryggingarkjör, og ég hygg, að það sé ekki gert of mikið úr því, á bátum milli 40 og 100 tonn, þótt það séu að meðaltali 200—250 þús. á ári, og þetta nær engri átt. Tryggingagjöldin eru greidd af sameiginlegum sjóði óbeint eða tekin af útflutningsverðinu.

Það er margt, sem þrengir að hjá bátum af þessari stærð, það vita þeir, sem að þessum hlutum standa. Annað óréttlátt atriði er með aflatryggingasjóð. Landinu er skipt í svæði, og það er tekið meðaltal, og ef veiðist illa og mikill munur er á veiði, eins og er hér á landi, Norðurlandið hefur farið verst út úr því undanfarið, þá er miðað við 5 ára meðaltal, þannig að þetta fer silækkandi og er sama og ekkert, sem þeir fá úr sjóðnum. Einn aðalútgerðarmaðurinn á Ólafsfirði sagði mér það, að hann sagðist hafa fengið á bát, sem hann gerði út í fyrra heima, 50 þús. kr. úr hlutatryggingasjóði, en ef hann hefði gert út í Sandgerði, hefði hann fengið 250 þús. Og sömu sögu get ég sagt um bát, sem ég á dálítið í og var gerður út hér fyrir sunnan í fyrra og fékk 100 þús. kr., lítill bátur, en fékk aldrei nema 20—30 þús. fyrir norðan með svipaðri veiði. Það er gersamlega útilokað að hafa þetta svona áfram. Það er ekki hægt að gera út bátana á þennan hátt.

Nú gæti skeð, að einhverjir segðu: Það er ekki rétt að vera að gera þessa báta út, fyrst þeir bera sig verr en önnur skip. — En þá vil ég bara benda á það, að stóru skipin eru aðallega miðuð við síldveiðar, en við eigum síldina ekki alltaf vísa. Og það eru fyrst og fremst þessi skip, minni bátarnir, sem halda við atvinnulífinu í sjávarþorpunum víðs vegar í kringum landið. Og ég tel, að það sé dálítið vafasamt að íþyngja þessum bátum með útgjöldum og óhagstæðum tryggingagjöldum, vitlausum reglum um aflatryggingasjóð, þannig að það sé mögulegt að gera þá út, því að það eru fyrst og fremst þessi skip, sem skapa hina jöfnu atvinnu, og ég held, að það sé dálítið vafasamt að fleygja fleiri milljónum í togara, sem sigla með allan fiskinn eða megnið af honum og veita tiltölulega litla vinnu í landinu, en gera þessum tækjum ómögulegt að starfa, bæði fyrir óhagstæða löggjöf og of mikla skatta, sem eru aðalatvinnuveitendurnir eða skapa aðalatvinnuna í sjávarþorpunum og þar að auki framleiða langbeztu vöruna, sem við framleiðum, þannig að það er ekki sambærilegt. Netafiskurinn er ekki betri en það, að okkur mundi ekki detta í hug að borða hann sjálfir, og sama er að segja um nótafiskinn. En línufiskurinn er sennilega einhver bezta vara, sem er hægt að framleiða, e. t. v. í öllum heiminum, því að það er mjög góður fiskur hér í kringum landið.

Það er fleira viðvíkjandi þessari tryggingalöggjöf, sem er fáránlegt. Það sagði mér einn útgerðarmaður í gær. Hann gerði út bát norður á Sauðárkróki hálft árið eða varla það, en þá var honum sagt, að hann ætti að borga tryggingagjöldin sjálfur, og það nam 87 þús., sem hann átti að borga, þannig að við erum tilneyddir að gera út þessa báta allt árið, þó að það sé gert með stórtapi, til þess að þurfa ekki að borga þessi tryggingagjöld. Bátarnir þurfa að vera 270 daga á veiðum, til þess að það séu borguð tryggingagjöld fyrir þá. Þetta sjá allir, að er fáránlegt, því að úti á landsbyggðinni gæti verið hentugt að gera út báta af vissum stærðum hluta úr árinu, þó að það sé ógerlegt allt árið, þannig að þessu atriði þyrfti líka að breyta. Ég held, að þetta sé hrein ósanngirni og raunar fáránlegur hlutur að fara að leggja þennan blessaða launaskatt á útgerðina, hækka fyrst vextina hjá útgerðarmönnum um 60%, segja þeim svo að borga niður vexti fyrir allt aðra aðila og alveg óskylda aðila. Og þetta nemur nefnilega engri smáupphæð. Þessar ráðstafanir nema eins miklu og 2½% hækkun, sem var gerð á vöxtunum 1960, í flestum tilfellum, þannig að þetta er að tvöfalda hlutina, en í öðru lagi er þetta lagt á óraunhæfar tekjur með því að leggja þetta á útgerðina, því að mjög víða, a. m. k. norðanlands, er það þannig, að bátarnir fiska ekki fyrir tryggingu, línubátarnir, megnið af árinu, þannig að útgerðin þarf að borga af tekjum, sem hún hefur í raun og veru ekki. Og það er engan veginn réttlátt.

Það er ótalmargt, sem veldur því, að aðstaða skipa af þessum stærðum er erfið, og fyrst og fremst það, að stærri skipin hafa tekið betri skipstjórana. Þessi minni skip gætu borið sig ágætlega á síldveiðum, ef þau hefðu góða skipstjóra, því að þau standa flest í tiltölulega litlu verði. En það er ekki því að heilsa. Aflamennirnir fara á stærri skipin og hinir verða að vera með viðvaninga og það veldur m. a. því, að aðstaðan verður þetta slæm. Þar sem er gert út á línu með tapi og gert út á síldarvertíð með tapi, vinnst það ekki upp, þótt hægt sé að gera út á vertíðina í marz og apríl með hagnaði.

Það hefur verið minnzt á það af sumum aðilum, að það væri rétt að leyfa þessum bátum togveiðar í landhelgi. Ég er ekki fiskifræðingur og skal ekkert fullyrða um það. En satt að segja finnst mér dálítið varhugavert að gera allt of mikið að því að veiða með dragnót eða botnvörpu í landhelgi, þó að það sé útilokað með minni bátana annað en leyfa það, og ég álít, að norðanlands a. m. k. muni í framtíðinni verða aðalatvinnan í sjávarþorpunum af minni bátum, sem veiða í dragnót að sumrinu

og á línu að vetrinum, t. d. 36—40 lesta bátar, og sjómennirnir eigi þá sjálfir. Sú útgerð getur borgað sig.

Nú er það ekki þannig, að við eigum það víst, að síldin hagi sér eins og hún hefur gert, þannig að atvinna í þeim fjórðungum, sem hafa orðið illa úti með síldarafla síðustu tvö árin, þeirra hagur getur orðið betri. Annað það, sem ég er þakklátur ríkisstj. fyrir og mér virtist koma fram í fjárl., er, að það eigi að gera ráðstafanir til þess að flytja síldina miklu meira en gert hefur verið, og ég veit og er sannfærður um, að það yrði mjög hagkvæmt. Við þurfum einungis að hafa hentug skip til þess. Þá er hægt bæði að nýta verksmiðjurnar betur en gert hefur verið og nýta vinnuaflið betur í landinu. Ég álít, að sé framtíðarmál að reyna að flytja síldina meira en gert hefur verið, til þess að geta bæði nýtt verksmiðjurnar og vinnuaflið betur og jafnað þannig kjör fólksins.

Ég get bara sagt ykkur sem dæmi upp á afkomu þessara báta, að síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði gerði út línubáta í fyrra og reiknar tapið af þeim 1200 þús. kr., en telur sig hafa tapað á frystihúsinu ca. 1 millj. og fengið í afskriftir af síldarverksmiðjum og í hagnað um 30 millj. Þið sjáið, hve ranglátt þetta er. Mér finnst það satt að segja, þegar einstaklingar eru að basla við að gera þessa báta út, m. a. til þess að einhver atvinna sé og hægt sé fyrir fólkið að lifa í kauptúnunum, þá sé dálítið hlálegt að ætla að fara að láta þá borga fyrst og fremst sína eigin vaxtahækkun og svo borga niður vexti fyrir aðra. Ég get ekki séð, að það sé sanngjarnt.

Ég get enn fremur ekki séð, að það sé viturlegt að leggja skattabyrðar á útgerð, sem ekki getur staðið í skilum. Menn eru hættir að fara lestaferðir, en það þóttu ekki hyggnir lestamenn, sem þyngdu baggana, ef klárarnir voru komnir að því að leggjast niður undir böggunum. Ég hef ekki heldur nokkra trú á, að þessi skattur verði borgaður. Ég er kunnugur því, að hann verður óvinsæll hjá útgerðarmönnum og á eftir að verða óvinsælli en hann er nú, þegar þeir eru búnir að hugsa málið og eiga að fara að borga, þegar þeir gera sér grein fyrir, hvað hann verður hár, þegar tillit er tekið til alls. Mér þykir ekki ólíklegt, að af launum sjómanna á fiskiskipaflotanum verði hann 10—12 millj. og ámóta mikið á fiskvinnslustöðvunum, og svo bætist við viðgerðaþjónusta við skipin og frystihúsin og þetta kemur allt á hráefnið. Það sjá allir menn, að þá verður sú upphæð, sem kemur beint á útgerðina, 25—30 millj. kr. eða helmingur heildarskattsins.

Það er þægilegt að koma með einhverjar till. um að létta skatta til þess að koma sér vel við einhvern. En ég er nú ekki á neinum atkvæðaveiðum, og mér finnst satt að segja, að útvegsmenn hafi heldur fáa málsvara hér, ég verð að segja það. Mér finnst það. Það getur skeð, að það gerist í flokksherbergjunum, en hér í ræðustólnum hefur lítið verið bent á erfiðleika þeirra að greiða auknar útgjaldabyrðar. Mér finnst satt að segja alveg nóg að leggja á aðstöðugjald, sem gert er í sveitarfélögunum, á óraunhæfa tekjustofna, því að það er lagt á útgjöldin. Bátar, sem tapa, geta fengið hátt aðstöðugjald. Ég hygg þó, að það sé þannig víða í þessum kauptúnum, að það sé ekki gengið ríkt eftir því, ekki beðið um lögtak á þessa báta, því að fólkinu er ljóst, að afkoma þess er undir því komin, að þessi atvinnutæki séu starfrækt. Ég gæti vel trúað því, að það yrði dráttur á því, að sumir af þessum bátum greiddu þennan launaskatt. Ég geri ráð fyrir, ef ekki verða undanþegnir launaskatti nema bátar innan við 100 tonn, þá yrði þetta ekki gífurlega há upphæð, sennilega ekki yfir 3 millj., ég get ekki fullyrt það, en mér þykir það ólíklegt, og þá er ég sannfærður um, að það verður hægt að fara einhverja aðra leið til að ná því. Ef fyrri till. mín og hv. 4. þm. Reykn. hafði verið samþ., hefði þetta orðið 10—12 millj. Það væri nú sjálfsagt hægt að ná þessu með því að lækka bara um 1% vextina, hina raunverulegu vexti af þessum lánum, lækka almennt vexti af föstum lánum í landinu, og svo er hægt að fara aðrar leiðir.

Eins og ég gat um áðan, virðist ríkisstj. tala fyrir því nú og jafnvel vinna að því, að gengið falli ekki meira, og ef fólkið fær traust á genginu, þá safnast meira sparifé. Það er fyrst og fremst traustið á peninga, sem veldur því, að sparifé safnast. Þegar vextirnir voru hækkaðir, hafði það ekkert að segja, menn reyndu að festa fé í því, sem þeir gátu, og það vissi ríkisstj. Það, sem fyrst og fremst getur komið fólki til að safna sparifé, er, að það hafi traust á því, að verðgildi sparifjárins sé tryggt, en ekki, hvort vextirnir eru prósentunni hærri eða lægri, enda varð það svo s. l. kjörtímabil, að krónan lækkaði um ca. 40% eða ámóta og blessað fólkið fékk í vexti af þessum háu sparifjárvöxtum, þannig að það átti sína peninga í raun og veru vaxtalausa þetta tímabil. Ætli það hefði þá ekki verið betra fyrir það, þótt það hefði fengið 2—3% lægri vexti og verðgildi peninganna hefði haldið sér nokkurn veginn?

En ríkisstj. gat farið allt aðrar leiðir. Ég benti á það áðan, að hækkað orlof og launaskatturinn muni svara beint og óbeint til 5% kauphækkunar, svo er 5% hækkun á kaupi bátasjómanna, þannig að þar hefur útgerðin orðið fyrir sem svarar 10% kauphækkun. Þar að auki eru tekin af henni þessi hagræðingargjöld og þessi 6%, sem greidd voru í fyrra, sem var alls allt að 100 millj. Samanlagt er þetta yfir 200 millj. kr., sem beint og óbeint hefur verið tekið af útgerðinni í ár. Upp í þetta má vera að komi eitthvað aftur. Ég skal ekki fullyrða, hvað ríkisstj. gerir. Það er talað um einhverja 25 aura, sem menn eigi að fá á hvert kg af línufiski. Það segir lítið, ef lítið aflast. Það má segja, að það sé betra en ekki neitt. Ríkisstj. gat leyst þetta án þess að hækka kaupið og á hagkvæmari hátt fyrir

sjómennina með því að láta þá hafa meiri persónufrádrátt en þeir hafa nú. Þetta eru menn, sem oft eru fjarri heimilum sínum, og peningar eru ódrjúgir hjá þeim. Fæðið eitt kostar allt að 100 kr. á dag. Þar að auki vitum við það, að þegar menn eru ekki heima hjá sér, þá eyða þeir miklu meira en ef þeir geta verið á sínum eigin heimilum, þannig að það er sanngirni að láta sjómenn hafa meiri persónufrádrátt en þá menn, sem geta aflað sér atvinnu eða stundað sína atvinnu á sínu eigin heimili eða þannig, að þeir séu heima daglega. Sjómenn, sem eru á skipum, sem hafa háan hlut, og eins yfirmenn á skipum, sem hafa miklar tekjur, eru farnir að segja, að það sé ekki til neins að vera að vinna allt árið, þetta sé allt tekið í útgjöld, enda liggur straumurinn frá útgerðinni og beint í ríkissjóðinn og bæjarsjóðina. Með því að lækka skattana á þessum mönnum, — það hefði verið hægt að semja um það við þá, — þá er hægt að fá þá til þess að falla frá hækkuðum kröfum á hendur útgerðarinnar, og þá hefði verið hægt að leysa þetta verkfall undireins. Í stað þess var þessi aðferð ekki reynd. En þessi aðferð er bæði hagkvæmari fyrir sjómenn og yfirmenn á skipunum, og eins er hún hagkvæmari fyrir útgerðina og sanngirnismál þar að auki, því að þegar búið er að taka í bæjarsjóðina og til ríkisins 40—60% af tekjum sjómanna og 15% í þennan sparnaðarbauk, sem ég hef nú raunar ekkert út á að setja og hefði jafnvel verið meira vit í að hækka það eitthvað, þá er ekki orðið ýkjamikið, sem þeir hafa eftir, enda ekki til neins fyrir menn að vinna og vinna og meginið af því tekið í útgjöld.

Annað, sem ríkisstj. hefði getað gert, var að vinna að því að lækka útsvörin. Það er ekki hægt að lækka útsvörin nema með samstarfi milli ríkis og bæja. M. a. er nú greitt til atvinnuleysistryggingasjóðs um 100 millj. á ári, sem fyrirtæki, bæjarsjóðir og ríkissjóður verða að borga, og þar að auki hefur sjóðurinn vexti af 600 millj., þannig að þessi sjóður hlýtur að aukast um allt að 150 millj. kr. á ári. Mér finnst nú, að þessi sjóður gæti hlaupið eitthvað undir bagga með að lána til húsbyggjenda án þess að okra á vöxtum. Það þyrfti þá ekki að vera að pína gjaldþrota báta til þess að borga meira en eigin vaxtahækkanir, heldur vaxtalækkanir fyrir aðra.

Sama má segja um orlofið. Ég minntist á það hér áðan. Það er fáránlegur hlutur að fara að borga mönnum, sem hafa 800—900 þús. kr., 7% orlof á alla þessa summu. En ef einhvern tíma kemst einhver vitleysa inn, fæst enginn til þess að breyta henni, ef á að koma eitthvað pínulítið við vasa einhvers manns. Og það er líka hálfhlægilegt að vera að láta útgerðarmenn borga sjúkrasamlagsgjald fyrir hæst launuðu menn á Íslandi, eins og skipstjórarnir eru og flestir yfirmenn t. d. á síldarflotanum. Það er spaugilegur hlutur. Þetta skiptir kannske ekki öllu máli, en þetta er hlægilegur hlutur. Það var allt í lagi að gera þetta fyrir hásetana, meðan þeir voru lágt launaðir, eins og þeir voru yfirleitt á línuveiðum. Það var ekkert við það að athuga. Ég hef ekkert við það að athuga að borga 7% orlof á venjulegar tekjur. En að borga 7% orlof á margfaldar tekjur og 60% af því fari beint í bæjarsjóðina og ríkissjóðinn, það finnst mér ekki nema til að íþyngja atvinnurekstrinum. Og svo koma fulltrúar launþeganna, heimta af atvinnuvegunum, að þeir borgi hærra kaup, og svo eru svona fáránlegir hlutir í gangi. Ef þeir tækju þetta réttum tökum, þeir sem semja fyrir hönd verkalýðsins, þá ættu þeir að beita sér fyrir því, að það sé borgað orlof á venjuleg árslaun. Það getur verið deiluatriði, hve þau eigi að vera há, hvort það eigi að vera 150, 200 eða 250 þús. Það er sjálfsagt að miða það við sómasamleg laun, og ef útgerðarmenn væru ekki píndir til þess að borga á þessar háu upphæðir, stæðust þeir betur við að borga hásetunum hærra kaup. En hásetunum hefur aldrei veitt af sínu. Þeir hafa ef til vill óþarflega mikið á þeim bátum, sem mest afla, en á línubátum og netabátum hefur þeim ekki veitt af sínu. En svona fáránlega hluti þarf að laga.

Það verður eitthvað að gera í þessum útgerðarmálum viðvíkjandi þeim bátum, sem verri aðstöðuna hafa. Við megum ekki missa þessi atvinnutæki, og það er óskynsamlegt, því að ef síldin bregzt eitt ár, hvar stöndum við þá? Það verður fyrst og fremst að breyta löggjöfinni þannig, að það sé ekki níðzt á þessum bátum, eins og gert er með báta, sem eru í Samábyrgðinni. Það nær ekki nokkurri átt að skylda menn eða báta neðan við 100 tonn til að vátryggja bátinn á einhverjum vissum stað og með kjörum, sem þeir ráða engu um, og svo fá þeir um það bil engar bætur. En ef skipið er 101 tonn, þá eru þeir frjálsir. Auðvitað eiga allar þessar tryggingar að vera frjálsar. Það er það eina, sem vit er í. Og þessu er ekki beitt nema við bátana. Þetta er eitt það allra versta. Það minnsta, sem hægt er að gera til að bæta aðstöðu þessara skipa, er, að þau hafi hliðstæð kjör hvað snertir aflabætur, ef um aflaleysi er að ræða og tryggingar. Það er það minnsta. Og í öðru lagi er það lágmarkskrafa, að það sé ekki verið að dyngja á þá útgjöldum að óþörfu, því að það er algerður óþarfi að leggja þennan launaskatt á þá. Við minni bátana kemur ekki orlof á miklar fjárhæðir. Þetta er líka eins og hver önnur vitleysa. Það er beinn skattur til bæjarfélaga og ríkis, en fer minnst af því í vasa þeirra. Þó að launaskattinum hefði verið sleppt á allri útgerðinni, eru það ekki nema 10—12 millj. Það voru ótal leiðir til að leysa það mál, þótt honum hefði verið sleppt. Það er engin sanngirni að láta útveginn borga þetta, en landbúnaðinn ekki. Ég er ekki að segja, að ég sé með því að leggja þennan skatt á landbúnaðinn. Það þarf enginn að halda það um menn, sem vinna við landbúnaðinn, að það geti ekki skeð, að þeir þurfi einhvern tíma að

byggja hús í kaupstað eða kauptúni. En ég álít, að þessir atvinnuvegir mættu gjarnan sleppa við þennan skatt.

Auðvitað var hægt að leysa allt þetta mál án þess að leggja nokkurn tíma á þennan blessaða launaskatt. Þetta er furðulegt fyrirbrigði. Það var hægt að afla fjárins að ótal leiðum öðrum. Ef vextirnir eru hóflegir í landinu, þá er hægt að taka þetta af venjulegu sparifé. Það er ekkert meira að lána til húsa og betra en í flesta aðra hluti. Það eru ýmsar raunir, sem þessir blessaðir útgerðarmenn verða að búa við. Það er hér nokkurs konar svæðaskipting á útlánastarfseminni. Þetta er líkt og var hjá einokunarkaupmönnum hér áður. Það eru tveir bankar, sem lána til útgerðarinnar. Svo skipta þeir svæðunum á milli sín. Það er farið með útgerðarmenn, eins og gert var við menn, — þeir eru raunar ekki hýddir, — eins og gert var við menn á einokunartímanum. Þeim er bara sagt: Þarna verðurðu, hvort sem þér líkar vel eða illa. — Það er svæðaskipting. Sumir eiga að vera í Landsbankanum, aðrir í Útvegsbankanum, svo er ekki hægt að færa sig á milli. Það eru beztu menn, þessir bankastjórar. Útgerðarmenn snúa sér fyrst og fremst til þeirra manna, sem hafa með útgerðarlán að gera í bönkunum. Ég sé ekki, að það væri auðvelt að finna leiðinlegri og óaðgengilegri menn í þjóðfélaginu til að sjá um þetta. Einn bankastjórinn sagði við mig: Þið eigið bara að koma til okkar, við gerum þetta allt gott. — Og ég sagði honum eins og satt var, að það væri ekki víst, að allir hefðu geð til þess. Ég yfirgaf alla þessa þrælaklíku. Hvað sem fyrir kann að koma í lífinu, ætla ég að vera frjáls maður og ráða, hvar ég skipti. Ég vil ekki láta fara þannig með mig, svo að ég sagði þessum herrum að vera sælum. Þetta er nefnilega alveg furðulegt. Þarna verða þessir blessaðir útgerðarmenn að sitja kengbognir. Þeir geta ekkert farið. Ég hef spurt þá að því, þegar þeir hafa verið að kvarta um þetta við mig: Því farið þið ekki? Og þeir hafa sagt við mig: Við getum ekkert farið. — Það er það minnsta, held ég, að sjútvmrh. og bankamrh. hlutuðust til um, að það væri ekki hér þrælakerfi í útlánastarfseminni. Það eru margar þeirra raunir, og svo eiga þeir að fara að borga launaskatt, borga niður vexti fyrir aðra og borga sína eigin vaxtahækkun og hafa svo ekkert til að borga með.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 8. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls varð nokkuð tíðrætt um það, hvernig launaskattur yrði greiddur fyrir vinnu sjálfseignarvörubílstjóra. Samkv. orðanna hljóðan í þeim bráðabirgðareglum, sem settar voru 20. ágúst s. l. um greiðslu launaskatts, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu og verktakasamninga, segir í niðurlagi 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeim tilfellum, þar sem vafi kann að leika á, hvort um væri að ræða verksamning eða vinnusamning, skal sá aðilinn, sem á að greiða tryggingaiðgjöld vegna launþega samkvæmt 28. og 40. gr. l. nr. 40 1963, standa skil á launaskatti af launum þeirra manna, sem hann greiðir tryggingaiðgjöld fyrir."

Þetta var sá grundvöllur, sem miðað var við, þegar rn. var þeirrar skoðunar, að vörubílstjórunum sjálfum bæri að greiða skattinn. Nú hefur, eins og lofað var líka við þessa 2. umr., þetta mál verið athugað á ný, og þá hefur m. a. komið í ljós, að þessi stétt manna hefur samninga við atvinnurekendur mjög hliðstæða því, sem önnur launþegasamtök hafa. Og þetta hefur orðið til þess, að rn. hefur talið, að rétt væri að gera þarna undanþágu fyrir sjálfseignarvörubílstjórana, þó að þeir selji meira en vinnu sína, þ. e. a. s. afnot af þeim tækjum, sem þeir stjórna, þá verði þetta skoðað sem launþegasamningur og atvinnurekandinn greiði launaskattinn. Það hefur þess vegna verið talið eðlilegt að bæta aftan við þessa grein, sem ég las, ákvæði, sem orðað yrði eitthvað á þessa leið:

„Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðastjóra lagður á þá, sem greiða fyrir afnot bifreiðanna."

Þessi lausn mála hefur verið borin undir bæði vörubifreiðastjórana sjálfa, Alþýðusamband Íslands og nokkra aðra aðila, sem hafa verið riðnir við málið, og held ég, að ég megi segja, að um þetta sé orðið samkomulag við þá.

Um brtt. á þskj. 238 þarf ég ekki að vera margorður. Ég lýsti því einnig við fyrri umr., hvers vegna það væri ekki hægt fyrir mig og fyrir rn. að leggja til, að hún yrði samþ. Það væri vegna þess, að hún bryti í bága við júnísamkomulagið svokallaða. Út af fyrir sig skal ég ekki bera brigður á, að það væri kannske æskilegt að geta losað þessa menn við eða létta á þeim skattinum, en samkv. þeim samningum, sem gerðir voru, tel ég ekki, að hún samrýmist því samkomulagi, og legg þess vegna til, að hún verði felld.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tel það vel farið, að hæstv. ríkisstj. hefur nú fallið frá fyrri skilningi sínum um það, hvernig túlka beri júnísamkomulagið svonefnda varðandi launaskattinn og hvernig honum skuli háttað gagnvart vörubílstjórum. Það lá raunar strax í augum uppi, að hæstv. ríkisstj. hafði hér rangt fyrir sér, vegna þess að augljóst er, að vörubílstjórar, þótt þeir eigi bílana sjálfir, eru ekki atvinnurekendur, heldur launþegar. En samkv. júnísamkomulaginu er ekki annað sjáanlegt en launaskatturinn eigi eingöngu að greiðast af atvinnurekendum. Ákvæði júnísamkomulagsins varðandi þetta atriði er að finna í fskj. þessa frv. og það hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum

öðrum en tekjum af landbúnaði. Renni skatturinn til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag."

Það kemur alveg greinilega fram hér, að það eru aðeins launagreiðendur, sem eiga að greiða skattinn, og skatturinn á ekki að greiðast af öðru en greiddum launum. Þar af leiðandi er það augljóst, að maður, sem selur vinnu sína, á ekki að greiða launaskatt, heldur eingöngu sá maður, sem kaupir vinnu og greiðir fyrir hana, og þar af leiðandi var frá upphafi augljóst, að vörubílstjórar, sem selja vinnu sína, áttu ekki að greiða þennan skatt, og á þann skilning hefur hæstv. ríkisstj. líka fallizt, þ. e. að hér hafi júnísamkomulagið verið rangtúlkað.

En mér virðist, að bílstjórar, sem eiga fólksbifreiðar og annast akstur á bifreiðastöðvum hér í bænum, séu í nákvæmlega sömu sporum og vörubílstjórar í þessum efnum. Þeir eiga sína bifreið eins og vörubílstjórarnir, og þeir selja sína vinnu alveg eins og vörubílstjórarnir. Það var að vísu í ræðu hæstv. ráðh. reynt að fara á bak við þetta á þann hátt, að það séu ekki beinir samningar á milli atvinnurekenda og bifreiðastjóra á fólksbílum. En nú er það þannig í lýðræðisþjóðfélögum, þar sem kaupgjald er ekki bundið með lögum eða gerðardómum, að þar er kaupgjaldið ákveðið með tvennum hætti. Annaðhvort er það ákveðið með frjálsum samningum milli atvinnurekenda og launþega ellegar það er ákveðið á þann hátt, að viðkomandi launþegafélag auglýsir ákveðinn taxta og þeir, sem vinnuna kaupa, viðurkenna hann svo í framkvæmd. Þetta á sér stað einkum í þeim tilfellum, þar sem vinnukaupendurnir eru kannske margir og smáir og hafa ekki nein sérstök samtök með sér, eins og t. d. þeir, sem kaupa vinnu af fólksbifreiðastjórum. Það er með þessum hætti, sem kaup leigubílstjóra á fólksbílum hefur verið ákveðið. Ég tel, að í þessum efnum sé auglýstur taxti, sem ákveðinn er með þessum hætti, alveg jafnréttháir og samningur, sem kann að hafa verið gerður á milli bílstjóra og atvinnurekenda. Ég get ekki séð, að það sé neinn munur á þessum tveimur stéttum í þessum efnum. Eða að hvaða leyti á að telja manninn, sem á vörubíl og rekur hann, launþega frekar en hinn manninn, sem á fólksbifreið og rekur hana með mjög svipuðum hætti eða svo að segja alveg sama hætti? Þessir menn eiga þess vegna áreiðanlega að vera á sama bátnum. Og ég trúi ekki öðru en við nánari athugun þessa máls fallist hæstv. ríkisstj. á þessa skoðun.

Annars virðist mér það hafa komið fram við þessar umr., að það sé nokkuð óljóst, hverjir það eru, sem raunverulega eigi að borga þennan skatt. En samkv. samkomulaginu hafði ég litið þannig á — og ég býst við, að það gildi um fjölmarga, — að hér væri um skatt að ræða, sem atvinnurekendur ættu að borga og ekki ætti að koma inn í verðlagið, þannig að atvinnurekendur hefðu með júnísamkomulaginu tekið á sig, — launagreiðendur, eins og þar stendur, — að greiða þennan skatt, án þess að hann kæmi inn í verðlagið. Mér virðist hins vegar, að við þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi komið fram bæði hjá hæstv. ráðh. og raunar fleirum, sem fjölluðu um júnísamkomulagið, að það kæmi til greina, a. m. k. í sumum tilfellum, að þessi skattur gengi inn í verðlagið. Mér skildist t. d., að það kæmi fram hjá hæstv. landbrh. og hv. 3. landsk. þm., að sá launaskattur, sem væri greiddur af vinnslustöðvum landbúnaðarins, ætti að ganga inn í verðlagið, hann ætti að vera reiknaður sem vinnslukostnaður og þess vegna ekki að lenda neitt á bændum. Þetta þýðir það, að hann á þá að ganga inn í verðlagið og verða borgaður af neytendum. Ég vildi í því sambandi gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. félmrh., hvort það sé ætlunin, að þessi skattur eigi almennt að ganga inn í verðlagið og vera þar af leiðandi raunverulega greiddur af neytendum, en ekki af atvinnurekendum.

Ef þetta er rétt, er auðsjáanlega líka verið að mismuna atvinnugreinum, vegna þess að þeir, sem framleiða útflutningsvörur, geta ekki látið skattinn ganga inn í verðlagið, heldur eingöngu þeir, sem framleiða vörur fyrir innlendan markað. Þar af leiðandi bitnar þessi skattur allt öðruvísi á útflutningsatvinnuvegunum heldur en öðrum atvinnugreinum, ef það er sem sagt réttur skilningur hjá mér á því, sem sagt var við 2. umr., að það væri leyfilegt að láta þennan skatt ganga inn í verðlagið.

Ég vildi í framhaldi af þessu fá það upplýst hjá hæstv. félmrh., hvort það sé ætlunin að einhverju eða öllu leyti að heimila það, að þessi skattur gangi inn í verðlagið, þar sem því verður við komið, eða hvort hann á fyrst og fremst að vera greiddur af atvinnurekendum einum, án þess að hann sé tekinn inn í verðlag viðkomandi vöru eða þjónustu.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. var þeirrar skoðunar, að ríkisstj. hefði haft rangt fyrir sér, þegar hún hefði talið, að vörubílstjórar ættu sjálfir að greiða skattinn. Nú verð ég að segja það, að ríkisstj. hafði í sjálfu sér ekkert ákveðið um þetta. Það er hvergi sagt í l., hvernig með þetta atriði skuli fara. Hins vegar segir bæði í l. og reglugerðinni, hvernig með ágreiningsatriði skuli fara af ýmsu tagi, og þetta virðist hafa verið ágreiningsatriði, sem mátti túlka á fleiri en einn veg. Félmrn. hafði upprunalega þá aðferð við túlkun málsins, að þeir, sem væru tryggingagjaldskyldir, þeir skyldu einnig greiða skattinn, en hefur eftir atvikum fallizt á, þar sem þessi flokkur manna hefur sérstakan samning við atvinnurekendur, þá verði þeir skoðaðir sem launþegar og ekki látnir greiða skattinn, heldur þeir atvinnurekendur, sem þeir vinna hjá. Um þetta geta menn haft skiptar skoðanir, og þetta, hvor skattinn greiðir, kemur ekki í bága við neitt samkomulag,

hvorki júnísamkomulagið né annað, vegna þess að á þetta er ekki minnzt í því, hvernig þessi greiðslumáti verður hafður á. En eftir atvikum þótti rétt, þar sem hér var um hreinan vinnusamning að ræða, svo sem liggur fyrir, að láta þetta þá gilda um vörubílstjórana á sama hátt og um aðra launþega, að atvinnurekandinn annaðist greiðsluna. En þessu fylgja talsverðir örðugleikar í framkvæmd, því er ekki að neita. Það er nefnilega þannig, að það eru ýmsir taxtar fyrir vinnu sjálfseignarvörubílstjóra, sem fara t. d. eftir því, hvað bíllinn er stór, og öðru þess háttar, þannig að launagreiðslur mannsins sjálfs eru ekki nema hluti af heildarkaupinu. Þannig verður það talsvert mikið verk fyrir skattstofuna að greina í sundur, hvað er greiðsla fyrir bifreiðina og hvað er kaupgreiðsla handa manninum. Við þetta verður að sitja og freista þess að fá úr þessu skorið á sem réttastan hátt. En þó er þessum tveim greiðslum, bæði leigugreiðslunni fyrir bifreiðina og launagreiðslunni, talsvert blandað saman. En þessir menn vinna yfirleitt hjá fáum og stórum atvinnurekendum, og ætti þess vegna að vera hægara við það að fást heldur en á ýmsum öðrum sviðum.

Ef t. d. leigubílstjórar, fólksbílstjórar, ættu að vera undanþegnir skattinum, eins og hv. þm. vildi vera láta, mundi það þýða um leið, að skatturinn væri algerlega óinnheimtanlegur, því að auðvitað væri ekki hægt að innheimta þennan skatt hjá þeim, sem leigubíl taka hverju sinni, þannig að þar er um tvennt mjög ólíkt að ræða. Innheimta skattsins af sjálfseignarvörubílstjórunum er þó tiltölulega auðveld á móts við það, ef ætti að fara að innheimta hjá öllum viðskiptamönnum fólksflutningabílstjóranna. Það er þess vegna ekki um annað að ræða en það, ef fólksbílstjórar eiga að vera undanþegnir greiðslu skattsins, að hann verði gersamlega felldur niður hjá þeim, og það er kannske það, sem hv. þm. vill. En þá kemur fjöldi manna á eftir, sem svipað er ástatt um, og um það fjallar 2. gr. l., hvernig með skuli fara þau tilfelli, þar sem svo er ástatt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — ég held, að ég hafi nú reyndar áður ítrekað þessa grein:

„Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs eftir því, sem ætla má, að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annars aðila?"

Þetta er sú meðferð, sem frv. gerir ráð fyrir að verði höfð hjá þessum mönnum.

Hvað því líður, að launaskattinum verði veitt út í verðlagið, get ég ekki sagt annað en það, að sumir hafa náttúrlega ástæðu til þess, þar sem ekki er undir neinu verðlagseftirliti, en hjá þeim, sem undir verðlagseftirliti eru, verður það á hverjum tíma að fara eftir því, sem verðlagsráð ákveður um það, hvor hátturinn skuli þar hafður á.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengi þræta um það við hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hefur túlkað rétt framkvæmd samkomulagsins um launaskattinn eða ekki, heldur aðeins vísa til þess, að það er upplýst, að gagnvart vörubílstjórunum var skatturinn eða samkomulagið upphaflega túlkað þannig, að þar væri um atvinnurekendur að ræða, en nú hefur hæstv. ríkisstj. eftir þær umr., sem hafa farið fram hér í deildinni, fallizt á, að þeir væru launþegar, eins og líka rétt er. Og ég held, að þetta sýni það alveg nægilega, að hæstv. ríkisstj. er búin að viðurkenna það sjálf í verki, að hér hafi hún haft rangt fyrir sér.

Ég á hins vegar ómögulegt með að skilja þann mismun, sem hæstv. ríkisstj. gerir hér á bifreiðastjórum eftir því, hvort þeir eiga vörubíl eða fólksbíl og selja sína vinnu. Mér skilst, að það sé nákvæmlega sama aðstaðan hjá báðum. Og ef það er rétt að túlka vörubílstjórann launþega, vegna þess að hann selur sína vinnu, sem er rétt, þá á nákvæmlega það sama einnig að gilda um fólksbifreiðastjórann. Það er enginn munur á þessu tvennu. En eftir því sem hæstv. ríkisstj. ætlar að framkvæma samkomulagið, verður þetta með þeim hætti, að t. d. vörubílstjórinn sleppur alveg við launaskatt, sem ég álít líka að sé rétt, hins vegar verður fólksbifreiðastjórinn að greiða launaskatt af sínum tekjum. Við skulum segja, að hann hafi 150 eða 200 þús. kr. tekjur, honum sé áætlað það sem laun, og þá verður hann að greiða 1500 eða 2000 kr. í skatt, sem vörubílstjórinn þarf ekki að greiða, án þess að það sé hægt að finna nokkurn mun á stöðu þessara tveggja manna sem launþega. Og ég held, að þetta hljóti að vera röng túlkun á júnísamkomulaginu, þar sem það er beint tekið fram, að skatturinn skuli greiddur af launagreiðendum eingöngu, en fólksbifreiðastjórinn er í þessu tilfelli ekkert frekar launagreiðandi en t. d. vörubifreiðastjórinn. Ég held, að hæstv. ríkisstj. muni hljóta að komast að raun um þetta við nánari athugun málsins. — Hún á að láta hið sama gilda um fólksbifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra í þessu tilfelli.

Hitt er svo annað mál, eins og kom fram í svari hæstv. ráðh., að þetta skiptir kannske ekki svo miklu máli. Ef fólksbifreiðastjórum verður leyft að taka launaskattinn inn í verðlagið og hækka greiðsluna fyrir sína þjónustu sem skattinum nemur, þá skiptir þetta kannske ekki miklu máli, hvað snertir þessar tvær stéttir, þannig að þær standi á nokkuð líkum grundvelli. En ef farið er inn á þá braut, er þessi skattur orðinn allt annar en menn héldu að hann væri í upphafi. Ég tel það alveg víst, og það eru fleiri en ég, sem litu þannig á þennan skatt upphaflega, að hann yrði greiddur af atvinnurekendum og yrði ekki látinn koma inn í verðlagið. Nú skilst mér á því, sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan, að það væri alveg frjálst þeim, sem ekki eru t. d. háðir verðlagsreglum, að láta launaskattinn koma inn í verðlagið, og að öðru leyti væri það matsatriði verðlagsnefndar, hvort launaskatt-

urinn ætti að koma inn í verðlagið eða ekki. En ef þessi skattur er framkvæmdur þannig í stórum stíl, sem mér virðist á þessum ummælum hæstv. ráðh., að hann sé látinn koma inn í verðlagið, þá er með öllu rangt að halda því fram, að hann sé greiddur af atvinnurekendum, öðrum en þeim, sem framleiða útflutningsvörur, þeir gætu ekki látið hann koma inn í verðlagið, allir hinir geta það. Og þá er þetta ekki orðinn skattur, sem atvinnurekendur greiða, aðrir en framleiðendur útflutningsvara, heldur er þetta orðinn skattur, sem neytendur greiða, og þá er þetta raunverulega orðinn skattur, sem er mjög svipaðs eðlis og söluskatturinn, — skattur, sem hækkar verðlagið, skattur, sem launþegar verða raunverulega að borga. Og ég trúi því ekki, að launþegar hafi litið þannig á þennan skatt, þegar þeir samþykktu hann í sambandi við júnísamkomulagið, að hann ætti raunverulega að greiðast af þeim gegnum hækkað vöruverð og þjónustu, en ekki af atvinnurekendum, eða m. ö. o. væri hér ekki skattur, sem atvinnurekendur greiddu, heldur dulbúinn söluskattur. En það er hann í raun og veru, ef hann verður framkvæmdur þannig að miklu leyti, að hann verður tekinn inn í verðlagið.

Það er svo þeirra, sem stóðu að júnísamkomulaginu gagnvart atvinnurekendum og ríkisstj., að segja til um það, hvort þeir áliti það réttan skilning á júnísamkomulaginu, að þennan skatt eigi að taka inn í verðlagið og hann eigi raunverulega að greiðast af launþegum. En þá lízt mér ekki vel á þennan skatt, ef atvinnurekendur halda því annars vegar fram, að þeir greiði hann, og með tilliti til hans neiti þeir að fallast á kauphækkanir sem honum svara, en í raun og veru sé framkvæmdin sú, að hann sé ekki greiddur af þeim, heldur sé honum velt inn í verðlagið og neytendur og launþegar séu látnir greiða hann á þann hátt.

Annars vil ég segja það að lokum í sambandi við þennan skatt, að mér virðist, að viðhorfið til hans sé orðið allt annað en það var, þegar málið lá hér fyrir fyrr á þinginu, og þegar málið lá fyrir í vor, því að síðan júnísamkomulagið var gert og síðan málið var rætt hér á Alþingi fyrir jólin, þá hefur sá stóri atburður gerzt, að ríkisstj. hefur lagt á stórfelldan söluskatt, og frá mínu sjónarmiði er það mikil spurning, hvort það hefur ekki verið kippt grundvellinum undan samkomulaginu um þennan skatt með söluskattshækkuninni. Ég dreg það mjög í efa t. d., hvort launþegasamtökin hefðu fallizt á þennan skatt á sínum tíma, ef það hefði legið fyrir, að innan fárra mánaða yrði söluskatturinn stórkostlega hækkaður og það rökstutt með því, að það væri nauðsynlegt vegna júnísamkomulagsins. Auk þess kippir hin stórfellda hækkun söluskattsins grundvellinum undan þessum skatti með tilliti til þess, að ríkissjóði er með hækkun söluskattsins aflað stórfelldra umframtekna, sem eðlilegt væri að gengju að verulegu leyti til byggingarsjóðs, og þar af leiðandi er þessa skatts miklu minni þörf en áður var með tilliti til íbúðabygginga, vegna þess að ríkisstj. hefur tök á annarri fjáröflun, sem hún getur látið ganga í byggingarsjóðinn.

ATKVGR.
Brtt. 238 felld með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BP, EÁ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk.
nei: JR, LJós, MB, MÁM, AJ, PS, RA, SI, BGr, BF, BBen, DÓ, EðS, EI, EOl, EmJ, GeirG, GuðlG, GunnG, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JP, SB.
SE greiddi ekki atkv.
3 þm. (SÁ, SvJ, BFB) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 29:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er hingað komið frá hv. Nd., þar sem það hefur hlotið afgreiðslu. Það er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 30. júní s. l., um launaskatt. Í þessu frv. er farið fram á, að launagreiðendum skuli gert að greiða skatt eða álag á greidd laun, sem nemi 1% af greiddum vinnulaunum, og hvers konar atvinnutekjur aðrar, að undanskildum þó tekjum af landbúnaði, eins og nánar er gerð grein fyrir í frv.

Þetta fé er ætlað til þess að efla byggingarsjóð húsnæðismálastjórnar, sem hefur verið löngum að undanförnu fjárvana og ekki getað sinnt sínu verkefni eins og vert væri vegna fjárskorts. Þetta frv. er flutt til viðbótar öðrum ráðstöfunum, sem gerðar voru á síðasta þingi til þess að efla sjóðinn, þ. e. a. s. hækkun skyldusparnaðarins, sem á síðasta þingi var hækkaður úr 6 og upp í 15%, og enn fremur var þá flutt frv. og staðfest lög um, að vátryggingafélög skyldu lána 1/4 hluta af ráðstöfunarfé sínu í þessu skyni. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt í framhaldi af þessum ráðstöfunum og til þess, eins og ég sagði í upphafi, að gera sjóðinn megnugri en hann áður var til þess að sinna sínu verkefni.

Í 1. gr. frv. felst meginkjarni þess, þ. e. a. s. ákvæðið um, að þessi 1% skattur skuli lagður á. Í 2. gr. er svo nánar tiltekið, hverjir skuli greiða skattinn og hverjir vera undanþegnir. Í 3. gr. er svo ákvæði um það, hvernig skatturinn skuli greiddur, þ. e. a. s. ársfjórðungslega eftir á, og ýmis ákvæði í því sambandi, sem snerta innheimtuna. Í síðari greinum frv. er svo nánar kveðið á um, hvernig innheimtan skuli fara fram, hvernig skattstjóri tryggi það, að rétt séu talin fram launin og skatturinn þar af leiðandi, og hverjir skuli taka á móti þessum skatti og hvernig með hann skuli fara að öðru leyti.

Þetta frv. hefur nú verið allmikið á dagskrá

að undanförnu, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara ýtarlega út í það grein fyrir grein. En ég vil aðeins segja, að það er fram komið m. a. vegna samkomulagsins, sem gert var í júnímánuði s. l. milli ríkisstj. og atvinnurekendasamtakanna í landinu og Alþýðusambands Íslands. Í því samkomulagi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Renni skatturinn til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag."

Þetta er sá viðmiðunargrundvöllur, sem l. eru miðuð við, og er það ætlun mín og annarra, sem um málið hafa fjallað, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, fylgi trúlega þeim fyrirmælum, sem í þessu samkomulagi felast. Það er gert ráð fyrir, að þessi skattur muni nema a. m. k. 50 millj. kr. á ársgrundvelli, þó vitaskuld minna fyrir árið 1964, því að hann kom ekki til framkvæmda nema fyrir hálft árið, en til að byrja með árið 1965 um 50 millj. kr. og síðan heldur vaxandi.

Landbúnaður og landbúnaðarvinna er undanskilin þessum skatti vegna þess fyrst og fremst, að þeir, sem þá atvinnu stunda, eiga ekki kost á að fá lán úr byggingarsjóði ríkisins, heldur er þeim ætlaður annar sjóður til lánveitinga til bygginga. Hins vegar kom það nokkuð til umr. í hv. Nd., hvort þessi skattur skyldi lagður á vinnslu landbúnaðarafurða, en þar sem hún fer venjulegast fram í þéttbýli og þeir, sem þann atvinnuveg stunda þar, eiga kost á að fá lán úr byggingarsjóðnum, þótti ekki rétt, að þeir væru undanþegnir.

Nokkuð kom einnig til umr. í hv. Nd., hvort sjávarútvegurinn og þá fyrst og fremst báta-útvegsmenn skyldu greiða þennan skatt og þá hve mikinn, en það var talið brjóta í bága við samkomulagið að undanþiggja þá að nokkru leyti þessari skattheimtu, og þess vegna voru þær brtt. og raunar aðrar, sem fram komu í d. í þá átt að draga úr skattgjaldinu, felldar.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram að svo stöddu. Ég vildi leyfa mér aðeins að leggja til, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem mig langaði til þess að minnast á, af því að hæstv. ráðh. er nú staddur hér í d. Mér skilst það, að í umr. um málið í hv. Nd. hafi verið á það minnzt, að launagreiðendur mundu að verulegu leyti geta velt þessum launaskatti af sér yfir á neytendur. Nú hygg ég, að það hafi verið hugmyndin með júnísamkomulaginu, að þessi 1% launaskattur yrði lagður á launagreiðendur, en ekki launþega. En ef það verður reyndin, að launagreiðendur hafi aðstöðu til að verulegu leyti að velta þessum skatti af sér yfir á neytendur, finnst mér grundvellinum kippt undan málinu, þannig að það verði launþegar, sem að verulegu leyti greiða þennan skatt.

Það hefur í sambandi við þetta mál verið rætt sem hugmynd áður fyrr, að til þess að afla fjár til húsnæðismálanna í landinu kæmi til greina að leggja t. d. 1% á launagreiðendur og jafnvel 1% á launþega. Nú er sú leið valin að leggja að þessu sinni a. m. k. aðeins 1% á launagreiðendur, en ekkert á launþega. En ef launagreiðendum verður svo gert það mögulegt að velta þessu af sér yfir á neytendur, finnst mér það jafngilda því, að það séu launþegar, sem skattinn greiða, en ekki launagreiðendur, en það mun ekki hafa verið ætlunin í upphafi með þessu frv. Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, hver afstaða hans og hæstv. ríkisstj. sé um þetta atriði málsins.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 9. þm. Reykv., að þetta atriði bar á góma í hv. Nd. og var nokkuð rætt þar. Það liggur í augum uppi, að sú þjónusta eða sú framleiðsla, sem er ekki undir verðlagseftirliti, getur fengið á sig þann hluta af þessum skatti, sem þeim, sem greiðir hann, þykir hæfilegt. Hins vegar tel ég, að sú þjónusta og sú framleiðsla, sem verðlagseftirlit er á, hljóti að hlíta úrskurði verðlagsráðs eða verðlagsnefndar hverju sinni um það, á hvern hátt þessi skattur verði tekinn inn í verðlagið eða hvort hann verður tekinn inn. Þetta var það svar, sem ég gaf við þessari spurningu í hv. Nd., og ég get endurtekið það enn hér.

En þetta er þó nokkuð mismunandi vitaskuld, því að t. d. geta útflutningsatvinnuvegirnir, sjávarútvegurinn t. d., ekki velt skattinum yfir á kaupendur sinnar vöru, vegna þess að þar er verðið fast.

Hins vegar kom til umr. í Nd. líka annað ákveðið tilfelli. Það var með leigubílstjóra, sem aka fólksflutningsbifreiðum. Þar geri ég ráð fyrir, að bifreiðastjórinn verði að borga skattinn. En sá eiginlegi vinnukaupandi þar og launagreiðandi er vitaskuld maðurinn, sem hann ekur í vagninum og hann tekur gjald fyrir að aka. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að skattinum verði í því tilfelli velt yfir á þann mann, sem vinnuna kaupir eða þjónustuna kaupir með því að taka launaskattinn að einhverju leyti upp í taxtann, sem greiddur er fyrir aksturinn.

Þetta er svo í ýmsum öðrum tilvikum líka, að það verður ekki hægt að innheimta skattinn nema í gegnum launþegann sjálfan, af því að það eru svo margir, sem njóta þjónustunnar. Það eru t. d. ýmsir iðnaðarmenn, sem vinna einir, og þá er ekki nema réttlátt að mínu viti, að í þeim tilfellum verði heimilað að færa launaskattinn frá launþeganum, sem í þessu tilfelli verður að borga hann, yfir á þann, sem þjónustuna eða vöruna kaupir, af t. d. einstæðum manni, sem vinnur einn að sínni framleiðslu, eins og við skulum segja t. d. skósmiður, sem vinnur einn og selur sína vinnu til margra. Það verður að innheimta hjá honum skattinn, og það er gert ráð fyrir því í frv. sjálfu, hvernig það skuli gert, það skuli

ætla honum kaup, sem svarar því, sem hann mundi fá, ef hann væri í þjónustu annarra. Og ég tel ekki ósanngjarnt, að í þeim tilfellum verði heimilað að velta skattinum yfir á þann, sem raunverulega kaupir þjónustuna eða vöruna.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Út af því máli, sem hér hefur borið á góma í sambandi við launaskattinn að gefnu tilefni frá hv. 9. þm. Reykv., tel ég rétt, vegna þess að svo stendur á, að ég mun vera sá eini meðal hv. þm., sem sæti á í verðlagsnefnd, að upplýsa með örfáum orðum, hvaða meðferð þessi mál hafa fengið í verðlagsnefndinni.

Okkur hefur skilizt það eða a. m. k. meiri hl. verðlagsnefndarinnar, að sá skilningur hafi verið lagður í júnísamkomulagið af hálfu hæstv. ríkisstj., að launaskattinum ætti ekki að velta yfir á neytendur. Þess vegna hefur það verið meginreglan, þegar verðlagsnefnd hefur tekið ákvarðanir um verðlagningu á þeirri framleiðslu, sem launaskatturinn hvílir á og háð er verðlagsákvæðum, að leyfa ekki verðhækkanir til samræmis við launaskattinn. Það hefur verið sú meginregla, sem fylgt hefur verið. Annað mál er það, að samkv. gildandi lögum um starfshætti verðlagsnefndar ber að gæta þess, að verðlagningunni sé þannig háttað, að það skapi starfsgrundvöll fyrir vel rekin fyrirtæki, eins og það mun vera orðað í l. um verðlagseftirlit, þannig að okkur er ekki heimilt að setja verðlagsákvæði þannig, að það valdi fyrirsjáanlegum taprekstri. Það væri hugsanlegt dæmi, að þannig stæði á, að það, að fyrirtækin tækju á sig launaskattinn, fengi bikarinn til að fljóta yfir í þessum efnum, og þá væri erfitt að komast hjá því að heimila fyrirtækjunum að hækka verðlagið með tilliti til hans. En ég minnist þess ekki, að slík dæmi hafi enn þá komið fyrir, þannig að segja má, að hin ríkjandi regla hafi verið sú, að launaskatturinn hefur ekki komið inn í verðlagið.

Hins ber auðvitað að gæta, sem hæstv. félmrh. tók fram, að það eru auðvitað ekki allar vörur og öll þjónusta, sem háð er verðlagsákvæðum, og þegar svo er, er það möguleiki, að fyrirtækin velti skattinum af sér yfir í verðlagið. Þó lít ég nú að visu svo á, að það þurfi engan veginn að vera víst, að verðlagið sé látið hækka með tilliti til launaskattsins. Það verður háð aðstöðu viðkomandi fyrirtækja á markaðinum og hvaða reglum þau fylgja með tilliti til verðlagningar. Ef maður gerir ráð fyrir því, að þau fyrirtæki, sem þarna eiga hlut að máli, hafi áður verðlagt vöru sína þannig, að það gefi þeim sem mestan hagnað, eða með tilliti til þess, hvað markaðurinn ber, ætti það að vera þannig, að þau kæmu til þess að bera skattinn, því að eftirspurnin á markaðinum vex auðvitað ekki, þó að slíkur launaskattur sé lagður á, þannig að sölumöguleikarnir vaxa ekki. Hafi fyrirtækin hins vegar hagað verðlagningu sinni þannig, að þau taki ekki það hæsta verð, sem þeim er heimilt, getur launaskatturinn gefið þeim tilefni til þess að hækka vöruverðið sem honum nemur. Það er sem sagt komið undir atvikum, hvort launaskatturinn fer inn í verðlagið, þegar fyrirtæki eru óháð verðlagsákvæðum, en um það hljótum við að mínu áliti að vera sammála, hæstv. ráðh., að sá möguleiki getur verið fyrir hendi.

Ég taldi rétt að upplýsa þetta, fyrst málið hefur borið hér á góma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 260).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. til l. um launaskatt, sem hér liggur fyrir á þskj. 237. N. hefur skilað áliti og mælir með því, að frv. verði samþykkt. Tveir nm., þeir Ásgeir Bjarnason og Karl Kristjánsson, áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja.

Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem voru gefin út 30. júní s. l. Í forsendum fyrir þessum brbl. segir, að það hafi verið í samkomulagi, sem gert var hinn 5. júní s. l. milli ríkisstj., Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, lýst yfir, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Ein af forsendum þess, að þetta mætti takast, væri, að lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur, að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði, og renni skatturinn til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag. Þetta segir í forsendunum fyrir brbl. Og þar sem byggingarsjóður ríkisins þurfti þegar á auknum tekjum að halda, þótti fullkomin ástæða eða brýn nauðsyn til þess að setja brbl.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið á um það, að leggja skuli á launagreiðendur almennan launaskatt, eins og um getur í forsendum fyrir brbl., sem ég hef þegar greint frá.

Í 2. gr. frv. eru nánari ákvæði um það, hverjir eru skattskyldir. En það eru, eins og segir í gr.: „allir launagreiðendur, svo sem einstaklingur, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknun fyrir starf. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi."

Í 3. gr. frv. er ákvæði um það, að launaskatturinn greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum, sem greidd hafa verið á ársfjórðungnum.

Í Nd. var gerð sú breyting á þessu ákvæði,

að það voru sett sérákvæði varðandi aflahlut, þannig að launaskattur af aflahlut greiddum í peningum greiðist hálfsárslega innan 15 daga eftir 30. júní og 31. des. ár hvert.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur, launaskatt af launum, sem ekki eru greidd í peningum, og launaskatt þeirra gjaldenda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annarra en sjálfs sín en 500 þús. kr. Það er gert ráð fyrir því, að skattstjóri ákveði árlega launaskatt þessara aðila.

Í 5.—9. gr. frv. eru svo nákvæm ákvæði um það, hvernig fara skuli með innheimtu skattsins.

Þetta hefur þá þýðingu til tekjuöflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins, að áætlað er, að tekjur byggingarsjóðs af skattinum muni nema um 50 millj. kr. á ársgrundvelli. Þetta hefur þess vegna verulega þýðingu fyrir byggingarsjóð ríkisins og styður mjög að því að efla þá lánastofnun, en þetta er aðeins einn liður í víðtækum aðgerðum, sem yfirlýst er að ríkisstj. er að vinna að til þess að efla byggingarsjóð ríkisins með það fyrir augum, að hægt sé að hækka íbúðalán og auka stórlega útlán til íbúðarhúsabygginga. Á síðasta þingi var samþ. að hækka skyldusparnaðinn úr 6% upp í 15% í því skyni að auka tekjur byggingarsjóðsins, og munar verulega um þá aðgerð. Á síðasta þingi voru enn fremur samþ. lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, þar sem gert var ráð fyrir, að 25% af ráðstöfunarfé tryggingafélaga gengju til kaupa á íbúðalánabréfum húsnæðismálastjórnar og til að efla veðlánakerfið. Þessi aðgerð hefur einnig verulega þýðingu til þess að efla útlánastarfsemina. Þá má geta þess sem eins liðar í þessum heildaraðgerðum, að á s. l. sumri var lánum húsnæðismálastjórnar ríkisins breytt úr svokölluðum A- og B-lánum, en A-lánin voru til 25 ára með 8½% vöxtum, en B-lánin til 15 ára með 5¾% vöxtum, en visitölubundin, — á s. l. sumri var þessu skipulagi breytt þannig, eins og kunnugt er, að öll lánin voru gerð að visitölubundnum lánum með 4% ársvöxtum. En í þeim heildaraðgerðum, sem gert hefur verið ráð fyrir, eru enn þá eftir vissir, veigamiklir hlutir. Það er von á því, að það verði lagt frv. fyrir þetta þing, sem kveður á um frekari tekjuöflun fyrir byggingarsjóð ríkisins, og er þar gert ráð fyrir a. m. k. 40 millj. kr. nýjum tekjustofni, sem hefur verið gert ráð fyrir að kæmi sem óafturkræft framlag frá ríkinu eða með öðrum hætti. Þá er einn liður í þeim heildaraðgerðum húsnæðismálanna, sem um hefur verið talað og gert hefur verið ráð fyrir, að það verði komið á fót nýju kerfi íbúðalána fyrir lífeyrissjóðina, þannig að útlánastarfsemi þeirra verði færð til samræmis við þær reglur, sem gilda um lán húsnæðismálastjórnar. Þá hefur verið ákveðið enn fremur, að ríkisframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs gangi árlega til kaupa á íbúðarlánabréfum húsnæðismálastjórnar, til þess að efla veðlánakerfið, en þessi tekjustofn gefur um 40 millj. kr. á ári.

Ég hef hér drepið aðeins á það helzta, sem gert er ráð fyrir að verði gert og þegar hefur verið gert sumt til þess að koma íbúðalánastarfseminni á traustari grundvöll og auka íbúðalánin frá því, sem verið hefur. Þetta eru ráðstafanir, sem eru hugsaðar til frambúðar. En auk þess var gert ráð fyrir í júnísamkomulaginu s. l. sumar, að ríkisstj. tryggði, að það yrðu veitt íbúðalán að upphæð 250 millj. kr. síðari hluta ársins 1964 og fyrri hluta þessa árs. Þetta var gert í þeim tilgangi að vinna upp þann mikla fjölda lánaumsókna, sem lágu fyrir á s. l. sumri, áður en þetta nýja frambúðarkerfi yrði algerlega tekið upp.

Ég get getið þess hér, að nú þegar hafa verið veitt íbúðalán af þessum 250 millj., sem nemur rúmum 180 millj. kr., og það er gert ráð fyrir, að 250 millj. kr. muni örugglega duga til þess að fullnægja öllum lánaumsóknum, sem höfðu borizt húsnæðismálastjórn 1. apríl 1964.

Mér hefur þótt rétt aðeins að vekja athygli á þessu, sem er að gerast og fyrirhugað er að gera í húsnæðismálunum, vegna þess að það eru meiri aðgerðir en nokkru sinni áður hafa verið gerðar í þessum málum. Það sýnir vel, hve mikla áherzlu ríkisstj. leggur á þennan þátt málanna, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins einn liður í þessum heildaraðgerðum. En ég vænti þess, að málið hljóti góða og skjóta afgreiðslu eins og það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 237, 281).

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl. mælum með samþykkt þessa frv., eins og nál. hv. heilbr.- og félmn. ber með sér. Ekki viljum við framsóknarmenn stofna til þess, að hið svonefnda júnísamkomulag verði ekki haldið. Svo mikilsverður er sá vinnufriður, sem þá náðist, að ekki má honum spilla eða gera neitt til þess að torvelda það með brigðum á samkomulaginu, að nýir samningar náist, þegar júnísamkomulagið rennur út á næsta sumri. Ekki veitir heldur af því að afla fjár til byggingarsjóðs ríkisins. Síður en svo viljum við standa á móti fjáröflun til hans, svo févana sem hann hefur reynzt til þess að sinna hlutverki sínu. Annað mál er það, að óeðlilegt verður að teljast og bágborið stjórnarfar, að verkalýðurinn neyðist til að blanda inn í kaupgjaldsbaráttu sína erfiði við að tosa ríkisstj. til að sýna lit á því að gera skyldu sína í húsnæðislánamálum. Þetta er ein af mörgum ónýtu fjöðrunum í hatti maddömu Viðreisnar, en sleppum því. Við mælum með samþykkt frv., þó að frv. sé miklu fremur neyðarúrræði en snjallræði og sé í raun og veru klór í bakkann, ekki meira. Þetta vil ég fyrir mitt leyti

láta koma skýrt fram. Hins vegar áskildum við okkur rétt til þess að bera fram brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kæmu til lagfæringar á því.

Og nú höfum við lagt fram smávegis lagfæringartill. á þskj. 281. Í sambandi við þá till. vil ég segja nokkur orð sem grg. um hana.

Lánamálum vegna íbúðarhúsabygginga hefur nú verið þannig skipað hjá ríkinu, að stofnlánadeild landbúnaðarins er ætlað að lána til íbúðarhúsabygginga fólki, sem landbúnað stundar, en byggingarsjóður ríkisins á að lána íbúðalán fólki, sem aðra atvinnuvegi stundar. Stofnlánadeildarlöggjöf landbúnaðarins skyldar þá, er hann reka, til þess að leggja fram óafturkræft fé til stofnlánadeildarinnar í þessu skyni. Þau framlög eru tekin af aflafé bændanna, eins og þau væru þeirra persónulegu þarfir, og engin hliðsjón höfð af þeim við ákvörðun búvöruverðs frekar en týndrar pyngju eða kaupa á sparifötum. Aðrir atvinnuvegir og launagreiðendur eiga svo aftur á móti samkvæmt brbl. um launaskatt, sem með samþykkt þessa frv. á að lögfesta, að borga 1% af greiddum vinnulaunum í byggingarsjóð ríkisins. Aðalhugsunin er því þessi: Atvinnuvegirnir leggi stofnfjárframlög í húsbyggingasjóðina, landbúnaðurinn í stofnlánadeild Búnaðarbankans fyrir þá, sem þar fá lán, hinir atvinnuvegirnir eða réttara sagt atvinnugreinarnar borga í byggingarsjóð ríkisins vegna þeirra, er þar eiga að fá íbúðarlán sín. Glögg er þessi greining í sambandi við skyldusparnaðarféð. Þetta er hinn rauði þráður, þó að hann að vísu sé mjór sums staðar, því að erfitt er að fullgreina þarna á milli. Grundvallarmeiningin er samt, að hver skattgreiðandi borgi í sinn sjóð og að enginn sé tvískattaður. Og það má telja aðalatriðið.

Vitanlega kemur svona brúttóteknagreiðsla mjög misjafnlega hart niður á mönnum og fyrirtækjum eftir því, hvað borið er úr býtum í rekstrinum, enn fremur eftir því, hve auðvelt þeir eiga með að koma skatti sínum inn í verðlag framleiðslu sinnar eða verðlag þjónustu sinnar við aðra. Útgerðarmenn, sem háðir eru verðlagi erlendra markaða, geta engu þokað í þessum efnum. Þeim er markaður básinn og geta þar lent illa milli steins og sleggju. Mér verður hugsað til smábátaútgerðarinnar norðanlands í þeim kringumstæðum, sem hún er nú. Í hv. Nd. báru tveir hv. þm. Framsfl. fram till. um að undanþiggja launaskatti tekjur skráðra sjómanna á fiskiskipum, sem eru minni en 100 brúttólestir. Sú till. var felld. Talið var, að hún raskaði júnísamkomulaginu. Slæmt, að þeir, sem sömdu, skyldu ekki í upphafi gera sér grein fyrir sárveikri aðstöðu þessarar útgerðar til að þola skattinn. En af því að till. þessi var felld með skírskotun til þess, að hún raskaði vinnufriðarsamningunum, þá berum við hv. 1. þm. Vesturl. ekki fram sams konar till. í þessari hv. deild.

Brtt. okkar á þskj. 281 er annars eðlis. Sams konar brtt. var að vísu felld í Nd., við sjáum enga ástæðu til, að hv. Ed. geti ekki hugsað skýrar og verið réttlátari en hv. Nd. Till. raskar ekki margnefndu júnísamkomulagi. Hún er aðeins útfærsla á því og að því er mér virðist í fullu samræmi við það og innan ramma þess og algerlega í stíl þeirrar aðgreiningar á skattgreiðslu til byggingarsjóðanna, sem álögur til þeirra hafa verið miðaðar við.

1. gr. frv. tekur fram, að launagreiðendur skuli borga 1% í byggingarsjóð ríkisins af greiddum vinnulaunum af hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Í síðustu málsgr. 2. gr. frv. segir: „Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum.“

Ljóst er af þessum ákvæðum báðum, hvoru fyrir sig og báðum til samans, að talið er skylt að undanþiggja landbúnaðinn launaskatti þessum til byggingarsjóðs ríkisins, þar sem bændastéttin greiðir sinn skatt samkv. öðrum lögum til stofnlánadeildar landbúnaðarins og það meira að segja í óþyrmilegum stíl, eins og kunnugt er, ekki síst af málaferlum, sem búnaðarsamtökin eiga í við ríkisvaldið út af álagningu þessa skatts. Áreiðanlega hefur átt með þessum lögum um launaskatt að forðast, eins og skylt er, að láta bændastéttina greiða líka skatt til byggingarsjóðs ríkisins og þar með að tvískatta landbúnaðinn í húsbyggingarmálum. En þetta hefur mistekizt, og það ættu allir, sem átta sig á því, að vera sammála um að vilja leiðrétta, og það raskar alls ekki samkomulaginu, að mér skilst.

Um það er till. okkar hv. 1. þm. Vesturl. Hún er efnislega að undanþiggja laun greidd starfsfólki mjólkurbúa og sláturhúsa. Ef þetta er ekki gert og skattur þessara launa er ekki heldur tekinn inn á kostnað búskapar, þegar ákveðið er búvöruverð, þá fellur launaskatturinn á bóndann á þann hátt, að hann fær þeim mun lægra verð fyrir framleiðslu sína, sem skattinum nemur, og það kemur niður á kaupi hans í sama mæli. Félög bændanna reka, eins og allir vita, mjólkurbúin og sláturhúsin yfirleitt fyrir hönd bændanna. Enn fremur er það mjög algengt, að bændur sjálfir vinni meira og minna við þessi fyrirtæki sín, t. d. við sláturhúsin, og til er, að þau séu staðsett í sveit, þar sem ekkert þéttbýli er. Að verulegu leyti mundi skipta öðru máli, ef skatturinn væri tekinn upp sem kostnaður við framleiðsluna, þegar ákveðið er búvöruverðið, en upplýst hefur verið, að þetta var alls ekki gert s. l. haust, og engin trygging er fyrir því, að það verði gert eftirleiðis. Þess vegna teljum við flm. brtt., að eðlilegt sé, að ákvæði till. verði fellt inn í lögin og þar með komið í veg fyrir, að bændastéttin verði tvísköttuð í þessum efnum. Læt ég svo lokið grg. með till.

En frsm. hv. heilbr.- og félmn., hv. 4. þm. Vestf., notaði tækifærið, er honum gafst sem frsm. við 2. umr. þessa máls, til þess að mæla

svolitið fyrir minni svonefndrar viðreisnarstefnu i lánamálum og færa henni lof fyrir afrek hennar á þeim sviðum. Það var án efa vel meint af honum, en ekki að sama skapi raunhæft að mínu áliti.

Ég tel mér að gefnu tilefni frá hv. þm. leyfilegt að fara með örfáum orðum inn á þetta svið. Hann taldi það, að því er virtist, þakkarvert og prýðilegt, að viðreisnarstjórnin hefði hækkað lán til íbúðar úr 100 þús. kr. upp í 150 þús. kr. fyrst og síðan samkv. júnísamkomulaginu upp í 280 þús. kr., sem enn er ekki farið að framkvæma, og varð ekki annað skilið af orðum hv. þm. en að mikil væri þessi viðreisn. En hann minntist auðvitað ekkert á það, hvað kostnaður við að byggja íbúð hefur hækkað á tíma viðreisnarinnar, en án þess er sagan hálfsögð eða minna en það.

Af skýrslum hagstofunnar má sjá, að í febrúar 1960 eða um það bil, sem viðreisnarstjórnin var að skinnsokka sig, var hámark íbúðalána ekki nema 100 þús. kr. Byggingarkostnaður við að koma upp 350 m³ íbúð var þá 431 þús. kr. eða því sem næst. Í s. l. október er byggingarkostnaður íbúðar af sömu stærð talinn vera 716 þús. kr., eða 285 þús. kr. meiri. Ekki er enn farið að veita 280 þús. kr. lánið, svo að vitað sé, heldur 150 þús. kr. lán. Þegar hér er komið viðreisninni, það er í okt. 1964, vantar því 135 þús. kr. til, að öll lánsfjárhæðin borgi dýrtíðaraukninguna eina saman. Það hafði verið reynt að smíða ausu, en einhver sat hjá. Viðreisnin sat hjá og boraði á ausuna gat, og i þetta gat hefur hún ekki stærri tappa en þetta. Hún fyllir ekki sitt eigið gat.

Niðurstaðan er sú, að húsbyggjandann nú vantar lánsfjárhæðina alla, sem húsbyggjandinn 1960 fékk, 100 þús. kr., og 135 þús. kr. að auki til þess að standa jafnt að vígi og hann. Hér er ekki um framför að ræða. Hér er um afturför að ræða, þegar rétt er á litið og þreifað á málunum raunhæft. Og alltaf er byggingarkostnaðurinn að hækka. Hann verður hærri 1965 en hann var 1964, og þegar verður farið að veita 280 þús. kr. lán á íbúð, sem ég veit ekki hvenær verður, og ég heyrði ekki í ræðu hv. 4. þm. Vesturl., að frá væri skýrt, hrekkur það heldur alls ekki til að fylla gatið. Lánin hafa verið hækkuð að krónutölu nefnilega, en gildi lánanna hefur samt minnkað svona stórkostlega, af því að dýrtíðin hefur vaxið meir en hækkun lánanna nemur. Einhvers staðar stendur skrifað: Viðreisnin etur börnin sín. Það er sterklega til orða tekið. En hvað hefur gerzt í þessum lánamálum? Lánsfjárskorturinn til íbúðabygginga veldur húsaleiguokri og gefur grundvöll fyrir húsasölubrask og okurgróða fyrir þá, sem það brask stunda og hafa peninga til þess, og þeir menn eru býsna margir til í þjóðfélaginu, þó að þá, sem eru að byggja fyrir sjálfa sig, skorti fé.

Það er sagt, að enginn geti sigrað skuggann sinn í kapphlaupi, sem háð er undan sól. Hæstv. viðreisnarríkisstj. hefur í þessum málum háð kapphlaup við skuggann sinn og beðið fullkomlega lægri hlut. Það þarf mikla húsbóndahollustu til að lofa þessa frammistöðu stjórnarvaldanna. Ég leyfi mér að ráðleggja hinum greinda og ágæta manni, hv. 4. þm. Vestf., að gæta fóta sinna á þessum svellum.

Ekki var hægt annað en að brosa, þegar hv. 4. þm. Vestf. var að tala um mikilvægi þess, að hæstv. ríkisstj. hefði beitt sér fyrir því, að skyldusparnaður unga fólksins hefði verið hækkaður á árinu sem leið úr 6% upp í 15%. Öðruvísi mér áður brá. Það er ekki langt síðan Sjálfstfl. vildi engan skyldusparnað samþ., taldi 6% skyldusparnaðinn áníðslu, frjáls sparnaður gæfist alltaf betur. Nú hefur Sjálfstfl. farið svona rækilega í gegnum sjálfan sig. Hann ætti sannarlega að gera það í fleiru. Að fara í gegnum sjálfan sig var leikur, sem strákar léku oft áður á baðstofubitum. Það þótti stundum fara illa með þröngar buxur. Þær vildu rifna. Tal hv. sjálfstæðismanna nú um þá framför, sem það sé að hafa hækkað skyldusparnaðinn, minnir á það, að Sjálfstfl. þyrfti að hafa buxnaskipti.

Hv. 4. þm. Vestf. gat þess, að í ráði væri að útvega húsnæðismálastofnuninni meira fé en hún hefði áður haft. Það er að sjálfsögðu gott og blessað, ef þetta verður meira en ráðagerðir einar og gerir eitthvað meira en að mæta dýrtíðarhækkuninni, sem samhliða magnast, hverfur ekki sporlaust í hit hennar eins og lánahækkanirnar síðustu ár. Ekki var mér fullkomlega ljóst, hvað tryggt er um hina auknu fjársöfnun. Frásagnir hv. þm. minntu mig dálitið á myndina eftir Kjarval, sem hann sagði að væri af Sterling í þoku. Sjálfsagt hefur það verið með ráði gert að hafa myndina þannig vegna hillinganna, sem þurfti á að halda.

Eitt af því, sem hv. þm. nefndi að til stæði, var að láta hið árlega ríkisframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnan ganga til kaupa á íbúðarlánabréfum húsnæðismálastjórnar til að efla veðlánakerfið, en þessi tekjustofn gæfi um 40 millj. kr. á ári. Í sambandi við þessa hugmynd vil ég benda á, að stofnlánadeild landbúnaðarins þarf líka á fé að halda til þess að geta lánað sómasamleg lán til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Að réttu lagi á sú lánastarfsemi kröfu á hlutdeild í fé, sem ríkið ráðstafar beint til íbúðabygginganna. Ég vil skora á þá, sem þar standa fyrir málum, að gæta hlutfallslegs réttar stofnlánadeildarinnar í þessum efnum. Eftir því þarf að muna, að íbúðalánakerfi landsins er í tveim deildum. Brtt. okkar hv. 1. þm. Vesturl. er einn þáttur þess, sem gæta þarf í því sambandi, þ. e. að láta ekki bændastéttina greiða launaskatt til beggja lánadeildanna, og þess vegna vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á brtt. okkar.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú svona e. t. v. á mörkunum, að tilefni sé til að ræða húsnæðismál í heild og þann vanda, sem við er að etja í þeim efnum, undir þessum dagskrárlið, en til þess hefur nú verið tilefni gefið, að örlítið nánar sé að þessu vikið.

Hv. síðasti ræðumaður vék að því, að ástandið í þessum málum væri nánast að klóra

í bakkann og þær umbætur, sem þar hafa gerzt og loforð er fyrir um að eigi að gerast á næstu mánuðum, séu neyðarúrræði og það sé neyðzt til þess að tosa maddömu Viðreisn litið eitt áfram i þessum efnum. Ég verð að harma slíkt tal um svo alvarlegt mál sem hér er um að ræða, húsnæðismálin, sem eru nú og hafa alla tíð verið, svo lengi að ég man, stærsti útgjaldaliður almennings og sérstaklega brýnn og hvílir þungt á um ákveðið æviskeið hjá hverri fjölskyldu. Þetta eru ekki neinir nýir hlutir, sem eru nú að koma til. Hér er um vandamál að ræða, sem við höfum átt við að etja áratugum saman, og nánast allar okkar nágrannaþjóðir eiga við þetta vandamál að etja, þó að misjafnlega vel hafi tekizt um úrlausnir þar í hinum einstöku löndum, eins og dæmin sanna.

Það er talað um það í þessu tilfelli, að fyrirhugaðar hámarkslánahækkanir úr 150 þús. kr. í 280—300 þús. kr. séu hégómi einn, þegar miðað sé við, hver hækkun á byggingarkostnaði hafi orðið í stjórnartíð núv. ríkisstj. Við hv. síðasti ræðumaður studdum hér eina ágæta ríkisstj. á sínum tíma, sem kölluð var vinstri stjórn, og ég vildi nú biðja hann um að hugleiða, á sama tíma sem hann sér, hvað byggingarkostnaður hefur aukizt á s. l. sex árum, að taka líka dæmi úr þessari stjórnartíð, því að ég held, að ekki hafi skort á hjá okkur báðum og öðrum, sem þá stjórn studdu, að við gæfum heilagar yfirlýsingar um það, að við ætluðum að reyna að stöðva dýrtíð og lagfæra ástandið í húsnæðismálum. Ég hygg, að þótt ég fari ekki út í einstök atriði, sem ekki er tilefni til núna, þá sé sá samanburður hæstv. núv. ríkisstj. ekki óhagstæður.

Hv. þm. talaði að vanda mjög líkingamál um þessa hluti og leitaðist við að finna fram gamlar gamansögur og talaði þar mikið um gatið, sem væri á ausunni, og tappinn væri ekki nógu stór til að stífla útrennslið á þessari góðu ausu. Ég verð nú að segja, eftir að hann hafði mælt fyrir þeirri brtt., sem hann flytur hér og hv. flokksbræður hans gerðu í Nd., að ég held, að það sé upplýst, hverjir boruðu gatið á ausuna og hverjir sjá um, að tappinn fylli ekki út í gatið, ef svo er. Mér skilst, að hann hafi gefið upplýsingar með þessum tillöguflutningi, jafnharðan og hann bar þessar sakir á hæstv. núv. ríkisstj. Það er í annarri setningunni talað um, að lánin séu allt of lág miðað við byggingarkostnað, og vissulega væri æskilegra, að þau væri hærri. En við skulum bara miða við afrek okkar á fyrri árum án tillits til þess, hverjir sátu í ríkisstj., og sjá, að við verðum að viðurkenna þær staðreyndir, að hér hefur stórlega vel áunnizt. Ég skal bara minna hv. þm. á, af því að hann þekkir það i gegnum fyrirgreiðslu við sína umbjóðendur, að þess voru almenn dæmi allt fram undir 1959, að fjórskipta varð 100 þús. kr. láni. Þess eru engin dæmi í dag og hefur ekki verið s. l. tvö ár. Hin almenna regla hefur verið sú að skipta ekki oftar en í tvennt hverju láni. Skyldi þetta ekki vera neinn ávinningur fyrir þá, sem þurftu að gera fjórar atrennur að því að fá 100 þús. kr. og alllengi aðeins 70 þús. kr., sem var hin almenna regla?

Ég held, að það sé ekki hægt, á sama tíma og verið er að tala um, að lánin séu of lítil, að flytja þá till. um, að dregið skuli úr þeim tekjuöflunum, sem eiga að skapa betri lánsmöguleika. En þetta er gert, og verður að virða manni það til vorkunnar, þó að manni verði á að hugsa sem svo, að þetta sé svolitið áróðursblandað, svo að ekki sé meira sagt. Það er líka fullyrt, að þetta „tos með maddömu Viðreisn hafi verkalýðshreyfingin séð sig knúða til að gera".

Það er alveg rétt, það kunna að hafa verið uppi deilur um það, hvort eðlilegt sé, að húsnæðismál og umbætur á þeim séu samningsatriði milli verkalýðs og vinnuveitenda, jafnvel þótt afskipti ríkisins komi til. Um það geta verið deilur. Ég persónulega sé ekkert á móti því, jafnmikið hagsmunamál og hér er um að ræða og jafnstór og alvarlegur útgjaldaliður sem húsnæðiskostnaðurinn er óhjákvæmilega hjá hverri fjölskyldu og hefur, eins og ég áðan sagði, verið, svo lengi að ég man. En það er hins vegar ekki rétt með farið, og ég hygg, að það sé ekkert launungarmál, að hálfum öðrum mánuði áður en viðræðurnar um júnísamkomulagið áttu sér stað, þá hafði húsnæðismálastjórn um milli fjögurra og fimm mánaða skeið fjallað um breytingar á þessum lögum, og þar sem hún er skipuð fulltrúum allra þingflokkanna, þá vil ég upplýsa það nú, að hálfum öðrum mánuði áður en þessar umr. áttu sér stað, skilaði húsnæðismálastjórn sínum tillögum til ríkisstj. og þær lágu fyrir. Þær voru að vísu í þrennu lagi, en fóru mjög í þá átt, sem um var endanlega samið í júnísamkomulaginu. Það er þess vegna ekki hægt að segja, að neinn hafi „tosað" hinum í þessum efnum. Það var einungis einróma álit samningsaðilanna, sem þarna áttust við, að hér væri um svo veigamikið atriði að ræða, að fram hjá því yrði ekki komizt í hagsmunabaráttunni.

Það er enginn vafi á því, að þær till. til breytinga á núverandi löggjöf, sem væntanlega munu innan skamms koma hér til umr., verða af öllum, sem af sannsýni vilja á þau mál líta, taldar stórfelld breyting fram á við. Hirði ég ekki um, þar sem það mál er enn þá á trúnaðarstigi milli aðila, að ræða um einstaka liði þess, en það af því, sem þegar hefur verið upplýst, eins og t. d. hækkun lánanna, er stórfelld breyting í augum fólks og væntanlega munu staðreyndirnar sýna það einnig. En langveigamesta breytingin að mínu viti er þó sú gerbylting, sem á sér stað í tekjum stofnunarinnar frá því, sem áður var. Fram í ársbyrjun 1959 studdist húsnæðismálastofnun ríkisins nánast einvörðungu við lántökur til skamms tíma, sem hún varð að fleyta lánsumsækjendum sínum áfram á. Engar fastar tekjur voru til fyrir stofnunina, engin leið að segja fólki með nokkurri vissu, hvenær að því kæmi um

lánveitingarnar. Með júnísamkomulaginu og þeim breytingum, sem þar voru gerðar, hefur þetta viðhorf gerbreytzt og á þann veg, að nú má á allra næstu mánuðum fara að gera sér ljóst, hver útlánageta stofnunarinnar er, og þar af leiðandi draga úr hinni nagandi óvissu, sem hefur verið einhver leiðinlegasti bletturinn og erfiðasti á öllu starfi stofnunarinnar. Menn hafa beðið eftir lánum, og það á ekki við um þessi stjórnarár, nema síður sé, frekar en fyrstu ár stofnunarinnar. Þeir hafa beðið eftir lánveitingum allt upp í fjögur og á fimmta ár og aldrei vitað frá ári til árs, hvenær að þeim kæmi. Nú má örugglega fara að gera sér þetta ljóst og draga úr þessum erfiða ágalla, sem hefur verið á allri framkvæmd laganna, og ég vil segja: Það er meira virði en jafnvel lánahækkunin sjálf, sem er þó stórfellt skref í rétta átt.

Ég vildi aðeins koma þessum almennu atriðum að hér að gefnu tilefni í ræðu síðasta ræðumanns, en að öðru leyti ítreka það, að ég held, að hér ættu menn heldur að leggjast á eitt um það að reyna að tryggja fjárhagslega afkomu stofnunarinnar, heldur en hitt, að reyna sífellt að draga úr þeim möguleikum á fastatekjum, sem verið er að reyna að skapa henni, a. m. k. þeir hinir sömu sem eru að tala um, að geta stofnunarinnar í þessum efnum sé of lítil.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur drepið á ýmislegt, sem ég hefði viljað gera að umtalsefni, og ég skal nú leitast við að endurtaka sem minnst af því, sem hann hefur minnzt á. En mér fannst, að ég yrði að kveðja mér hljóðs með tilliti til þess, að hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) beindi orðum sínum sérstaklega til mín.

Ég vil þá fyrst víkja að þeirri brtt., sem hann og 1. þm. Vesturl. (ÁB) hafa borið fram við frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. Þetta er, eins og hann tók fram, samhljóða brtt., sem borin var fram í Nd. og var þar felld, — brtt. um að undanskilja launaskatti greidd laun starfsfólks við mjólkurbú og sláturhús.

Ég held, að það þurfi ekki að hafa mörg orð um það, að það er ekki eðlilegt, miðað við tilgang og anda frv. um launaskattinn, sem á að vera almennur launaskattur, að það samrýmist ekki tilgangi laganna að undanskilja sérstaklega þetta starfsfólk. Hv. flm. vildi meina, að hér stæði sérstaklega á, hérna væri frekar um að ræða bændur sjálfa heldur en venjulegt launafólk, sem ynni á þessum stöðum. Ég held, að það sé mikill misskilningur. Þetta starf er fyrst og fremst unnið af venjulegum verkamönnum, en ekki bændum sjálfum. Auk þess verður að líta svo á, að hinn aukni kostnaður, eða þessi skattur, mundi verða innifalinn í dreifingar- og vinnslukostnaði vörunnar, þannig að hér er ekki verið að leggja óeðlilegan skatt á bændur, eins og flm. vildi vera láta.

Hann vék dálítið nánar að skattlagningu á bændur og fór að tala um uppáhaldsmál þeirra hv. framsóknarmanna, skattlagningu í sambandi við stofnlánadeild landbúnaðarins. En það fór eins fyrir þessum hv. þm. og framsóknarmönnum yfirleitt, þegar þeir minnast á þetta mál, að fullyrðingar þeirra um það, að verið sé sérstaklega að ráðast á bændastéttina með þessum aðgerðum, eru gersamlega út í hött. Ekki á þetta sízt við, þegar gerður er samanburður á aðstöðu bænda í þessu efni og neytenda, en það áttu að vera ein af rökum hv. þm. fyrir brtt. En hann gleymdi að geta þess, sem þeir framsóknarmenn gleyma alltaf í umr. um þetta mál, að jafnframt því sem lagður er skattur á bændur, 1%, er lagður ¾% skattur á neytendur. En allt það fé, sem kemur inn fyrir þennan skatt, gengur í stofnlánadeildina til þess að leysa sérstök lánamál landbúnaðarins og bænda.

Nei, ég held, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta. Öll röksemdafærsla hv. flm. til stuðnings þessari brtt. fær ekki staðizt. Þess vegna er líka eðlilegt, að hún verði felld.

En hv. 1. þm. Norðurl. e. kom svo inn á húsnæðismálin nokkuð almennt, og það verður að segjast, að það, sem hann sagði um þessi mál, er mjög í samræmi við það, sem framsóknarmenn hafa sagt um húsnæðismálin, alla tíð frá því að vinstri stjórnin kom til valda, og hvað snertir samanburð milli afreka vinstri stjórnarinnar og núv. ríkisstj., eftir að núv. ríkisstj. kom til valda. Aðalatriðið í þessum málflutningi er það, að núv. ríkisstj. hafi gert harla lítið, naumast nokkuð af viti í þessum málum, með þeim afleiðingum, að ástand húsnæðismálanna sé miklu lakara en það var í tíð vinstri stjórnarinnar. En í tíð vinstri stjórnarinnar, það er annaðhvort sagt beint eða undirskilið, þá voru hlutirnir í lagi. Það má geta þess, að svo ákafir hafa framsóknarmenn verið í því að fegra hlut vinstri stjórnarinnar í þessu máli, að þeir hafa ekki sézt fyrir. Þeir hafa vanmetið algerlega það, sem gert var á næstu árum, áður en vinstri stjórnin komst til valda, sem gert var, þegar Steingrímur Steinþórsson var húsnæðismálaráðherra. En þeir telja, að það hafi orðið mjög mikil framför, eftir að Steingrímur Steinþórsson lét af þessum störfum og þegar Hannibal Valdimarsson tók við húsnæðismálunum. Þetta sýnir aðeins, hve langt framsóknarmenn ganga í þessum áróðri í þjónkun sinni við kommúnista. Þegar þeir svo fara að gera nánari samanburð á þessum málum, þá rennur þetta meira og minna út í sandinn, og það er ekkert óeðlilegt.

Nú er það náttúrlega virðingarverð tilraun hjá svo ágætum manni sem hv. 1. þm. Norðurl. e. að reyna að bjarga sér með skáldlegum tilburðum og líkingum út úr þessum vanda, sem framsóknarmenn komast alltaf í, ef þeir ætla að ræða efnislega og bera saman efnislega það, sem hefur verið gert í tíð núv. ríkisstj., við það, sem var gert í tíð vinstristjórnarinnar. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara ýtarlega út í þennan samanburð. Sannleikurinn er sá, að þessi samanburður er ákaflega ófrjór og nánar sagt tilgangslítill. Það verður samt

ekki komizt hjá því, þar sem framsóknarmenn, í hvert sinn sem þessi mál ber á góma, eiga ákaflega erfitt með að ræða efnislega ýmsar aðgerðir, sem um er að ræða. Þeir fara alltaf út í fullyrðingar um það, að ástand þessara mála sé miklu lakara en það var á gósentíma vinstri stjórnarinnar.

Hv. síðasti ræðumaður, 12. þm. Reykv. (EggÞ), benti á það, eins og ég gerði einnig í minni ræðu fyrir nál. við 2. umr., hvílík umskipti hefðu orðið í þessum málum með tilliti til þess að tryggja byggingarsjóði ríkisins auknar tekjur. Skv. þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið og er verið að framkvæma, er gert ráð fyrir því a. m. k., að tekjur byggingarsjóðs á ári muni nema a. m. k. um 225 millj. kr., miðað við árið í ár. Og beri menn svo þetta saman við það, þegar vinstri stjórnin var að vinna sín afrek í þessum málum með því, eins og á árinu 1957, að lána 45 millj. kr. til húsnæðismála, — beri menn þetta saman.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði nú reyndar, að það að setja launaskattinn á væri neyðarúrræði. En samt deildi hann á ríkisstj. fyrir að hafa ekki haft frumkvæði í þessu efni, og sagði, að henni hefði verið „tosað" áfram til þess að grípa til þessara neyðarúrræða. Mér sýnist nú, að málflutningur sem þessi stangist nokkuð á, enda er það eðlilegt, eins og allur þessi málatilbúnaður er.

Hv. þm. minntist sérstaklega á skyldusparnaðinn og sagði, að það væri óeðlilegt, að mér skildist, fyrir sjálfstæðismenn að nefna það orð á nafn, miðað við fyrri afstöðu Sjálfstfl. til þess máls. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Það er rétt, Sjálfstfl. var andvígur því, þegar skyldusparnaðurinn var fyrst settur. En hvers vegna var Sjálfstfl. það? Það var m. a. vegna þess, að eina úrræðið, sem vinstri stjórnin hafði í húsnæðismálunum, var að setja þennan skatt á unga fólkið. Það, sem nú hefur skeð, er það, að þegar þessi skattur var hækkaður, þá er það aðeins einn liður í víðtækum aðgerðum í þessum málum, þar sem mismunandi stéttir og starfshópar og hagsmunaaðilar verða allir að leggja eitthvað á sig til framlags í þessum málum. Vinstri stjórnin sá ekkert annað en þetta eina úrræði, og það er hennar eina afrek í húsnæðismálunum.

Þá fór hv. ræðumaður nokkuð út í hækkun byggingarkostnaðar og sagði, að sú hækkun, sem hefði orðið á lánum og mundi verða, hún mundi ekki einu sinni nægja til þess að vega upp á móti hækkuðum byggingarkostnaði. Ég skal ekki fara sérstaklega út í þessa útreikninga hv. þm., en ef hann ætlar að gera samanburð, sem hefur einhverja þýðingu í þessu efni, þá verður hann að hafa meira í huga en aðeins byggingarkostnaðinn í krónum og hækkun byggingarkostnaðarins í krónum og hækkun lánanna. Hann verður að hafa meira í huga, ef þetta á að vera raunhæfur samanburður. Þá verður hann að hafa í huga þær breytingar, sem hafa orðið á almennu verðlagi í landinu og kaupgjaldi. En hvernig eigum við að fá sem gleggsta hugmynd um það, hver þróunin hefur orðið í þessu efni? Það vill svo vel til, að það er ekki mikill vandi að styðjast þar við töluvert öruggar heimildir og við heimildir, sem ekki er hægt að rengja. Þar á ég við byggingarvísitöluna. Byggingarvísitöluna höfum við til þess að fylgjast með þessum málum. Og ég vil aðeins rifja það hér upp að gefnu tilefni af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að árið 1958, þegar vinstri stjórnin var við völd, í árslok 1958, þá var byggingarvísitalan 134 stig, en núna, eða í febrúar 1965, þá er byggingarvísitalan 220 stig. Byggingarvísitalan hefur á þessu tímabili hækkað um 64.2%. Tökum svo til samanburðar íbúðalánin. Íbúðalánin voru almennt 1958 70 þús. kr. Það var undantekning, ef það voru veittar 100 þús. kr. En þau eru núna 150 þús. **(Gripið fram í:** *Almennt núna, undantekningarlaust?*) Nú í framkvæmd orðið undantekningarlaust. Það var á tímabili 100 þús. til íbúða, sem byrjað var að byggja fyrir 1. ágúst 1961. En nú hefur verið lánað algerlega út á þessar íbúðir eða svo til, þannig að í framkvæmd er aðalreglan 150 þús. En hvað þýðir þessi hækkun á lánunum? Hún nemur 114.2%, á sama tíma og byggingarkostnaður skv. byggingarvísitölu hefur hækkað um 64.2%. Þegar íbúðalánin verða hækkuð á þessu ári upp í 280 þús., þá hafa þau hækkað um 300% frá 1958, miðað við 70 þús. kr. þá, eða ef við miðum við 100 þús. kr. þá, hafa þau hækkað um 280%, á sama tíma sem byggingarvísitalan hefur hækkað um 64.2%. Þetta eru sláandi tölur.

Mér dettur ekki í hug að halda fram, að þessar tölur segi alla hluti í þessum efnum. Það er víðs fjarri. En ég fullyrði, að ef við eigum að bera saman ástandið í þessum málum núna við það, sem var í tíð vinstri stjórnarinnar, þá verður ekki litið fram hjá þessum tölum. Það fullyrði ég.

Ég held, að þeir hv. framsóknarmenn hafi ekki af miklu að státa fyrir hönd kommúnista, þó að þeir haldi því fram, að vinstri stjórnin hafi gert meira í þessum efnum en núv. stjórn. Þeir hafa ekki af miklu að státa. Ég tek mjög vel öllum leiðbeiningum og ráðleggingum frá jafnágætum manni og hv. 1. þm. Norðurl. e. Hann var að tala um eitthvert gat. Ég skildi nú ekki alveg, hvað hann var að meina, en mér finnst, að það hafi farið núna eins fyrir honum og framsóknarmönnum svo oft, þegar þeir ræða um þessi mál, að þá gata þeir. Þeir gata, eins og var kallað á skólamáli, þegar við vorum í skóla. Þá viðurkenndu menn líka það, ef þeir götuðu, og menn tóku það, sem sannara reyndist, og urðu að gera það. Og ég vænti nú þess, að þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur fengið nokkrar betri upplýsingar um þessi mál heldur en hann virtist hafa, þó að það sé ekki nema að litlu leyti, sem ég hef talið rétt að fara út í þessi mál núna, þá láti hann sér segjast, þannig að það komi ekki fyrir, að hann gati jafnherfilega í þessum málum, næst þegar hann ræðir þau, eins og hann gerði hér áðan.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég tek undir þau orð, sem hv. 12. þm. Reykv. (EggÞ) mælti í lok ræðu sinnar, að menn ættu að leggjast á eitt til að efla starfsemi húsnæðismálastofnunarinnar. Starfsemi hennar er svo þýðingarmikil, að það ætti að vera skylda allra að leggjast á eitt til að reyna að efla þá stofnun, og það, sem ég segi hér og kann að finna að, er miðað við það, að mér finnst, að það hafi ekki tekizt sem skyldi að efla þessa stofnun.

Ég hef aldrei haldið því fram, að allt hafi verið í lagi á dögum vinstri stjórnarinnar í þessum efnum, en ég held því fram hiklaust, að umbætur í þessum efnum hjá viðreisnarstjórninni hafi ekki verið í samræmi við þá möguleika, sem hún hefur haft í batnandi afkomu, að því er snertir tekjuöflun þjóðarinnar. Og ég held því fram, að á tímabili hennar hafi dýrtíðin vaxið svo, að meira nemi en þeim hækkunum, sem hún hefur tekið upp í sambandi við lánveitingar, og þess vegna séu lánveitingarnar nú orðnar rýrari í sjálfu sér til að mæta þörfum heldur en þær voru þó á tímum vinstri stjórnarinnar. Ég játa, að það er margt, sem þarf að taka til greina, þegar samanburður á þessu er gerður. Ég játa, að það er margt, og það verður ekki allur sannleikur sagður með því að bera saman vissa liði talna. Hv. þm., sem talað hafa í þessu máli á þessum fundi, eru báðir stjórnarmenn húsnæðismálastofnunarinnar, og þeim er vitanlega mjög auðvelt að mála „Sterling í þoku".

Hv. 12. þm. Reykv. bað mig að taka dæmi úr tíð vinstri stjórnarinnar, sem sannaði það, að hér hefði ekki stórlega áunnizt, eins og hann vildi halda fram. Hann vildi halda því fram, að hér hefði stórlega áunnizt. Ég hef nú ekki hér við höndina viðtækar tölur til samanburðar, en ég hef þó hér tölur, sem á vissan hátt tala nokkuð greinilegu máli. Öllum kemur saman um það, að húsbyggingarþörfin sé mikil, og öllum kemur saman um það vitanlega, að eftir því sem þjóðinni fjölgar og eftir því sem tekjur hennar vaxa, þá muni áhuginn og þörfin fyrir húsbyggingar líka fara vaxandi. Hér komu þær tölur, sem ég hef fram að leggja og vil sýna lit á að nota til að verða við ósk hv. 12. þm. Reykv. að sýna dæmi úr tíð vinstri stjórnarinnar og tíð viðreisnarstjórnarinnar, sem væru nokkuð talandi í þessum málum. Á árunum 1956—1959, — ég held það sé rétt að taka 4 ár til samanburðar, — þá voru fullbyggðar íbúðir í landinu samtals 6077. Á þessum 4 árum samanlögðum eru íbúðarhúsabyggingar 6077 í landinu. Þörfin fyrir byggingarnar hefur alls ekki tæmzt. Áhuginn á að koma húsi upp yfir höfuðið á sér má telja að hafi vaxið síðan, en ekki minnkað, enda hefur þjóðinni fjölgað. Og á árunum 1960—1963 eru fullgerðar íbúðir samtals 5268. Það munar þarna á þessum 4 árum þannig, að síðara tímabilið hefur 200 íbúðum minna verið byggt á ári. Hvaða ályktanir er rétt að draga af þessu? Ég held, að í stórum dráttum sýni þetta, að menn hafa talið sig eiga við meiri örðugleika að etja í þessum efnum síðara tímabilið en hið fyrra.

4. þm. Vestf. talaði um það réttilega, að þó að þau lán, sem veitt eru til íbúðarhúsabygginga, hrykkju ekki til að mæta dýrtíðarauknингu, því að hann mótmælti því ekki, væri á fleira að líta í þessu sambandi, ef ætti að meta möguleika manna til þess að byggja, og þ. á m. vitanlega þær breytingar, sem orðið hafa á almennu kaupgjaldi í landinu á þessum tíma. Ég hygg, að það sé viðurkennt, að breytingarnar, sem orðið hafa á kaupgjaldinu, séu ekki vinnustéttunum eða kauptakendunum til ávinnings í þessum efnum, þ. e. a. s. þær benda ekki í þá átt, að þeir hafi meira úr að spila hlutfallslega til íbúðarbygginga nú en áður. Sannleikurinn er sá, að þó að viðreisnarstjórnin hafi kannske haft að ýmsu leyti góðan vilja í þessu efni, þá hefur hún verið í óvinnandi kapphlaupi, kapphlaupi við skuggann sinn, eins og ég sagði áðan. Skuggann kalla ég í þessum efnum dýrtíðarauknинguna. Það eru þess vegna ekki nein rök hjá hv. 4. þm. Vestf. að fara út fyrir dæmið í þessa átt.

Hv. 4. þm. Vestf. minntist á till. þá, sem við hv. 1. þm. Vesturl. flytjum hér, og hann vildi halda því fram, að t. d. vinna við sláturhúsin kæmi ekki bændastéttinni beinlínis til útgjalda. En hann veit það vitanlega, hv. þm., að sláturlaun dragast frá verði því, sem bændurnir fá. Hann veit það líka, hygg ég, að í haust var þessi kostnaður alls ekki tekinn inn, þegar reiknaður var út verðlagsgrundvöllur og ákveðið búvöruverð.

Það kom fram í hv. Nd., ég hlýddi á það, að formaður Stéttarsambands bænda hefði sagt, að þessi dreifingarkostnaður, þessi kostnaður við framleiðsluna hjá bændunum, hefði ekki fengizt tekinn til greina við verðlagsákvörðunina, og annar þm., Eðvarð Sigurðsson, ég man ekki númer hans, formaður Dagsbrúnar, upplýsti, að hann kannaðist ekki við það, að þetta hefði eiginlega komið nokkuð til umræðu. En þetta samanlagt fannst mér fullkomin sönnun fyrir því, að þessir liðir hafi ekki verið teknir með í reikninginn. Ég sagði áðan, að það skipti miklu máli, hvort það væri gert eða ekki. En ef hv. þm. meiri hl. fella till. okkar, þá lít ég svo á, að þeir skuldbindi sig til að sjá um það eftirleiðis, að þessi kostnaður verði tekinn til greina hjá bændastéttinni við ákvörðun búvöruverðs.

Hv. 4. þm. Vestf. sagði, að uppáhaldsmál okkar framsóknarmanna væri ádeila á skatt þann, sem bændurnir eru látnir greiða til stofnlánadeildarinnar, það væri uppáhaldsmál okkar. Það er málefni fleiri en framsóknarmanna. Nálega öll búnaðarsambönd landsins standa að þeim málarekstri, sem nú er gerður út af skattinum, og þar eru hv. sjálfstæðismenn á oddinum. Meira að segja maðurinn, sem prófmálið er flutt fyrir, er einn af helztu mönnum Sjálfstfl. í mínu héraði. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að mér þyki vanvirða að því fyrir framsóknarmenn að hafa þessa afstöðu

til þessa máls, heldur af því, að hitt er rétt og satt.

Ég tók það fram, þegar ég byrjaði þessa ræðu mína, að ég vildi taka undir orð hv. 12. þm. Reykv. um, að menn ættu að sameinast um það að leggjast á eitt að efla starfsemi húsnæðismálastofnunarinnar. Ég get lokið máli mínu með því að endurtaka það, því að ég álít, að þess sé full þörf, ég álít, að ástandið sé þannig, að það hafi í raun og veru aldrei verið erfiðara í þessum málum fyrir almenning en nú er, miðað við þær kröfur, sem menn gera eðlilega til húsnæðis. Og ég vil færa fram vitnisburð um, að ég fari þar með rétt mál, að ástandið sé alvarlegt.

Hv. Alþfl. hefur nú fengið orð fyrir það um skeið að vera í þeirri afstöðu til hv. Sjálfstfl., sem móðirin hafði, sem sagt var um að allt kynni að fyrirgefa. Þess vegna mundi, held ég, vera óhætt að leiða fram til vitnis þennan móðurlega flokk, móðurlega hugsandi flokk, og í Alþýðublaðinu í gær er vitnisburður frá þessari góðu móður, sem finnur til, þó að hún fyrirgefi. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, í grein um húsnæðismálin, að vísu aðallega um verkamannabústaðina, en húsnæðismálin almennt um leið, — þar stendur:

„En því miður hefur ekki tekizt að hreinsa húsnæðismálin af óhóflegri gróðastarfsemi, og virðist t. d. lóðaúthlutun í Reykjavík beinlínis vera við það miðuð að hjálpa þeim aðilum, sem hafa húsnæðisskortinn að féþúfu. Það er á almannavitorði, að braskarar græði 100—200 þús. á hverri meðalíbúð, sem þeir koma upp og selja hálfgerða. Engin tilraun virðist gerð af bæjaryfirvöldum til að stöðva þessa svívirðu, jafnframt því sem íbúðaverð er skrúfað upp. M. a. vegna þessarar okurstarfsemi hækkar leiga íbúða svo, að meðalfjölskylda kemst varla í húsaskjól fyrir minna en 5—7 þús. kr. á mánuði."

Þannig farast móðurinni orð. Hver er það, sem ræður úthlutun lóða hér? Vitanlega meirihlutaflokkurinn.

Nei, ástandið í húsnæðismálunum er ekki betra, þrátt fyrir þann góðvilja, sem ég er viss um að hv. 12. þm. Reykv. hefur í þessu máli og einnig hv. 4. þm. Vestf., — ástandið er ekki betra en það, að þetta gerist, sem Alþýðublaðið sagði í gær. Þetta gerist, og það gerist af því, að hér hefur ekki verið nógu vel að unnið. Það hefur ekki heppnazt að vinna þannig að þessum málum, að það sé nokkur ástæða til að státa af frammistöðunni, og það er einmitt það, sem ég er að víta, að státa af henni, státa af því, sem er til vanvirðu þeim, sem hafa fengið slíka aðstöðu vegna góðæris og heildartekjuöflunar eins og hæstv. núv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal taka undir lokaorð hv. síðasta ræðumanns, 1. þm. Norðurl. e., og ég hygg, að enginn okkar, sem þátt hefur tekið í þessum umræðum, hafi haldið því fram, að þær breytingar, sem átt hafa sér stað undanfarin ár, og það, sem upplýst hefur verið að sé á næstu grösum í húsnæðismálum, sé nein endanleg lausn í húsnæðismálum. Ég hef átt þess kost að ræða þessi mál við menn úr nágrannalöndum okkar, og þar eru þessi mál með allra erfiðustu málum til úrlausnar, hafa verið og eru, rétt eins og hjá okkur. Og það atriði, sem hann minntist á undir lok ræðu sinnar, að nú hefðu menn óhóflegan gróða af sölu íbúða vegna skorts á íbúðum, það er ekki komið til með valdatöku þessarar ríkisstj. Þessir aðilar virtust lifa góðu lífi í tíð þeirrar margnefndu vinstri stjórnar, sem við hv. þm. studdum þó báðir og höfðum áreiðanlega góðan vilja til að hlúa að lausn þessara mála. Eigi að síður stendur sú staðreynd eftir, að öryggi um fastar tekjur þessarar stofnunar, húsnæðismálastofnunarinnar, er ekkert svipað því, sem var á þessum ágætu vinstristjórnarárum, þegar stofnuninni var fleytt áfram ár eftir ár á lausum lánum til skamms tíma, sem stofnunin átti síðan að lána út til 25 ára. Það var starfsgrundvöllur, sem allir sáu og hlutu að viðurkenna að gat ekki verið til frambúðar. En um þetta höfum við þegar rætt, og ég hygg, að það sé öllum ljóst, að samanburður í þessum efnum sé sízt af öllu hæstv. núv. ríkisstj. óhagstæður.

Ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, er fyrst og fremst eitt atriði úr ræðu hv. þm., sem hann vildi meina að væri sérstakt svar til mín um samanburð á starfinu nú í þessum málum og í tíð vinstri stjórnarinnar. Svarið var samanburður á fullbyggðum íbúðum á 4 árum, þar af 3 úr starfi vinstri stjórnarinnar og síðan 4 síðustu árum.

Nú vil ég, áður en ég ræði frekar þennan samanburð hv. þm., minna á það, að eitt alvarlegasta vandamál íslenzks byggingariðnaðar í dag er það, hve langur byggingartíminn er. Og þar skerum við okkur frá flestum öðrum þjóðum í þessum þætti byggingarmálanna. Meðalbyggingartíminn er sem sagt hér frá 2½ til 3 ár. Það að taka viðmiðunina við fullbyggðar íbúðir sýnir því, að það er algerlega rangt og sýnir ekki, hvað mikið fer af stað af byggingum á hverjum tíma. Ég hygg t. d., að á því 4 ára tímabili, sem hann vill eigna vinstri stjórninni, þá sé arfleifð frá samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. meginhlutinn af þeim íbúðum, svo langur sem byggingartíminn er, en það, sem hv. þm. vill eigna viðreisnarstjórninni, sé arfleifð frá tímum vinstri stjórnarinnar, þegar hliðsjón er höfð af því, að meðalbyggingartíminn er hér frá 2½ til 3 ár. Ég hygg, að það verði ekki heldur hægt að fá út nákvæman samanburð í þessu efni, þó að við værum sammála um að miða við þær íbúðir, sem fóru af stað, þær íbúðir, sem byrjað var á á þessum árum, því að það er mjög sveiflukennt. Sannleikurinn er sá, að vegna öryggisleysisins í lánamálunum, óvissunnar um það, hvenær að mönnum komi, hefur fjöldi manna lagt af stað, án þess að hafa nokkuð öryggi um það að koma íbúð sinni upp. Bið

eftir lánum allt fram undir 2 síðustu ár, eins og ég sagði, komst upp í það að verða á fimmta ár. Hún lengdi byggingartímann og skapaði þar með þá óraunhæfni, sem yrði í því að bera þessar tölur saman. Þeir, sem beztum árangri hafa náð í þessum efnum, eins og t. d. Norðmenn, hafa þann hátt á, að sá, sem fær ekki lánsloforð, áður en hann hefur byggingu, fær það ekki síðar, hann fær ekki lánið síðar. Þar með er það tryggt, að byggingartíminn verður styttur og að lánið fæst örugglega út á þær íbúðir, sem fara á stað, en ekki er skapaður stór fjöldi hálfbyggðra húsa, sem enginn getur notað, húsa eða íbúða, sem verða með allra dýrasta móti, vegna þess að vextir og afborganir af byggingunni, sem er í smíðum, eru greidd, án þess að nokkur not séu af íbúðinni, auk þess sem þarf að standa undir kostnaði annarrar íbúðar, sem búið er í, meðan á byggingartímanum stendur.

Þetta hefur verið einn alvarlegasti ágalli okkar byggingarhátta í dag, og verður að ætla, að með auknu fé í þessari útlánastarfsemi verði hægt að koma í veg fyrir það, að fjöldi manna, sem ekki hefur neina tryggingu fyrir fram, leggi af stað í algjörri óvissu um það, hvenær hægt sé að taka íbúðina í notkun. Það er á sama hátt mjög óæskileg þróun fyrir þá, sem byggja afkomu sína á því að vinna við íbúðarhúsabyggingar, að hafa þær svo sveiflukenndar sem þær hafa verið og kemur glögglega fram í því, að þó að hundruð íbúða væru t. d. í smíðum hér, þar sem þéttust er byggðin, gæti vel komið fyrir stórfellt atvinnuleysi í byggingariðnaðinum, vegna þess að það væru margar íbúðir, sem ekki væri búið að gera fokheldar, þannig að hægt væri að vinna í þeim yfir vetrartímann.

Þessi ágalli er því ekki bara einkamál þeirra, sem eru að byggja, heldur stórfellt þjóðhagslegt vandamál, sem verður að ætla, að megi færa til betra horfs með auknum fjárráðum í þessum efnum. Og þá lendum við aftur á þeim sama stað, sem við ræddum um í fyrri ræðum okkar, að að sjálfsögðu er hér eins og víða annars staðar fjáröflunin grundvöllurinn að því, að hægt sé að setja skilyrði fyrir lánum og hægt sé að haga lánveitingunum á þann veg að tryggja sem jafnastar byggingar yfir allt árið, en ekki svo sveiflukenndar sem þær hafa verið, með hagsmuni beggja fyrir augum, þeirra, sem íbúðanna eiga að njóta, og þeirra, sem afla sér lífsviðurværis á því að byggja.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði klökkur í forustugrein Alþýðublaðsins frá því í gær, þar sem fjallað er um verkamannabústaðina, og ég hefði nú óskað þess, að hann hefði eytt svo sem 1—2 mínútum lengur, gert ræðu sína 1—2 mínútum lengri til þess að lesa þessa grein alla, því að afskipti einstakra stjórnmálaflokka af lögunum um verkamannabústaði eru bæði lærdómsrík og það kynni að verða til upplýsingar hv. þdm., hvenær eftir þeim lögum hafi verið starfað með mestum blóma. En væntanlega gefst tækifæri til að ræða það, þegar húsnæðismálalöggjöfin í heild kemur hér til umr., og efast ég þá ekki um, að á því standi að gera grein fyrir afstöðu t. d. hv. framsóknarmanna til þess máls frá öndverðu.

Auður Auðuns: Herra forseti. Vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur í sinni ræðu dregið lóðaúthlutun í Reykjavíkurborg inn í umræður um launaskattinn og húsnæðismálin, vil ég hér aðeins leggja örfá orð í belg. Hann vitnaði í leiðara í Alþýðublaðinu í gær, sem ég skal viðurkenna að mér hefur láðst að lesa, þar sem því sé haldið fram, að lóðaúthlutun hér miði beinlínis að því að hækka byggingarkostnað og gefa bröskurunum, — ég held, að það hafi verið þannig orðað, — tækifæri til þess að taka inn stórfé á þeim íbúðum, sem þeir byggja til að selja.

Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að með lóðaúthlutun í þessu tilfelli getur vart verið átt við annað en úthlutun lóða fyrir fjölbýlishús, því að lóðum fyrir minni hús, einbýlis-, tvíbýlis- og raðhús, er úthlutað, ég vil segja eiginlega nærri því undantekningarlaust til einstaklinga, sem hafa þá í hyggju að byggja yfir sjálfa sig, en fjölbýlishús ein, sem úthlutað er þá þeim, sem hafa atvinnu af að byggja hús og selja í þeim íbúðir.

Ég vil upplýsa það, að allur fjöldinn af fjölbýlishúsalóðum fer til bæði byggingarsamvinnufélaga og starfshópa eða einstaklinga, sem taka sig saman og sækja um fjölbýlishúsalóðir. En nokkuð og að vísu töluvert fer einnig af fjölbýlishúsalóðum til þeirra aðila, sem hafa atvinnu af því að byggja hús og selja íbúðir. Ég vil segja, að það er ekki eingöngu í þessari leiðaragrein Alþýðublaðsins, sem talað er um, að þeir, sem þannig byggja til að selja, taki óhóflega mikið fé í sinn hlut, það hefur maður oft heyrt áður. Ég skal ekki um það fullyrða, ég hef ekki þann kunnugleika á því, að ég geti fullyrt neitt í því efni, en þó vil ég láta það í ljós, sem maður einnig hefur oft heyrt, að þær íbúðir sem t. d. byggingarsamvinnufélögin byggja og þar sem á ekki að fara óhóflegur gróði í neins vasa, nema ef það væri þá verktakanna, þær íbúðir er mér nú sagt að vilji verða allt að því eða alveg eins dýrar og þær íbúðir, sem byggðar eru af hinum aðilunum, sem hafa byggingu og sölu íbúða að atvinnu.

Ég sé ekki satt að segja, hvernig sveitarfélögin geta fyrirbyggt það eða ráðið því, hvaða verð er á seldum íbúðum. Ég geri nú ráð fyrir, að þar þyrftu aðrir aðilar að koma til og þá löggjafinn, ef það þarf eitthvað að lagfæra á því sviði og ef einhverjar hömlur þarf á það að setja. Að lóðaúthlutun hér í Reykjavík sé við það miðuð að gefa þessum aðilum, byggingarmeisturum og byggingarfélögum, sem ríflegust tækifæri til þess að taka óhóflegan gróða af sínum byggingum, því vil ég eindregið mótmæla.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hélt því fram í sinni fyrri ræðu, og það var hans meginádeila á ástandið í húsnæðismálunum nú, að íbúðalánin hefðu ekki hækkað sem svaraði hækkun byggingarkostnaðar, ástandið væri í þessu efni lakara núna en þegar ríkisstj. tók við. Ég svaraði þessu og sagði honum, að á sama tíma og byggingarvísitalan hefði hækkað um 64.2%, þá hefðu lánin hækkað um 114.2%, og ef við miðum þetta við lánin, sem verða núna 280 þús., þá um 300%. Þessi ágæti þm. tekur greinilega rökum í þessu máli. Hann heldur ekki lengur áfram við þessi meginrök sín. En þá fer hann á annan vettvang í þessu máli. Þá segir hann: Við skulum líta á annað. Nú skulum við líta á það, hvað hefur verið byggt. Og þá kemst hann að þeirri niðurstöðu, að það hafi verið byggt minna í tíð núv. ríkisstj. en var áður og þess vegna hafi núverandi ríkisstj. staðið sig verr í þessum málum en fyrri ríkisstj.

En lítum nánar á þetta. Við megum ekki gína við þessum röksemdafærslum. Við verðum að athuga, hvernig málið liggur fyrir í raun og veru. Við verðum að hafa í huga, að á árunum 1952 og 1953 og á árunum þar á eftir reis mikil byggingaralda í landinu. Á áratugnum 1953—1962 voru fullgerðar 13000 íbúðir. Miðað við meðalfjölda fólks á hverja íbúð svarar það til þess, að byggt hefði verið á þessu tímabili fyrir 58 þús. manns, en á sama tíma nam fólksfjölgun þjóðarinnar um 34500. Það var því byggt umfram fólksfjölgun fyrir sem svarar 23—24 þús. manns. Það leiddi auðvitað til stórbætts ástands í húsnæðismálunum. Þessi byggingaralda hafði mikinn kostnað í för með sér. Hún hafði svo mikinn kostnað í för með sér, að þegar mest var, nam fjárfestingin í íbúðarhúsabyggingum allt að 40% af heildarfjárfestingunni og um 10% af þjóðarframleiðslunni í heild. Eftir að svo vel hafði verið séð fyrir húsnæðisþörfinni, hlutu íbúðarhúsabyggingar að dragast nokkuð saman og þjóðin að beina atorku sinni meir að öðrum þörfum, sem voru orðnar brýnni. Og hvað skeður? Þess vegna lækkaði fjárfesting í íbúðarhúsum árið 1957 um 7% frá árinu 1956 og lækkaði enn um rúm 13% á árinu 1958. Ákaflega hefur nú vinstri stjórnin staðið sig illa í þessum málum, ef við ættum að leggja þetta sem algildan mælikvarða á það, hvað gert er í húsnæðismálunum. En ég er ekki að deila á vinstri stjórnina fyrir þetta. Þetta var ósköp eðlilegt, miðað við það, sem hafði skeð á síðustu árum áður. Og svo verður í þessu efni að hafa í huga, að ríkisstj. verður ekki dæmd af fyrirgreiðslu sinni við íbúðarhúsabyggingar miðað við það, hvað er byggt mikið. Sjálfar íbúðabyggingarnar eru ekki á vegum ríkisins. Hins vegar er það hlutverk ríkisstj. að marka stefnuna í peningamálunum og gera ráðstafanir í lánamálum til íbúðarhúsabygginga. Og þegar við berum það saman, hvað hefur verið gert í þessum efnum í tíð núv. ríkisstj. og í tíð vinstri stjórnarinnar, þá þurfum við ekki að deila lengi um það, hvor ríkisstj. hefur gert meira til úrlausnar í þessum málum.

En mér, eins og ég sagði áðan, finnst það heldur ófrjóar deilur að ræða um það, hvor hafi gert meira. Það er þetta, sem framsóknarmenn koma stöðugt inn á í umræðum um þessi mál. Það er aldrei hægt að ræða þessi mál eða bera fram uppbyggilegar till. í þeim öðruvísi en að framsóknarmenn komi með einhvern samanburð við vinstri stjórnina. En þó að slíkt tal sé ekki frjóar umræður, þá er nauðsynlegt að svara mestu firrunum, sem fram koma, hvenær sem tilefni gefst til. Og það er það, sem ég geri núna.

Nú er það, að hv. 1. þm. Norðurl. e. var miklu hógværari í sinni síðari ræðu en í þeirri fyrri, og það er skynsamlegt að sjálfsögðu af svo vitrum manni sem þessum þm. Og hann lagði megináherzlu á það, að nú ættum við allir að taka saman höndum um það að efla íbúðalánakerfið. Ég tek mjög undir þetta. Nú skulum við láta þetta tilefni, þessar umr. verða til þess, að við tökum höndum saman að vinna að eflingu íbúðalánakerfisins eins og mögulegt er. Og ég vildi stinga því að hv. 1. þm. Norðurl. e., hvort ekki færi vel á því, að hann sýndi nú þetta nýja viðhorf sitt í verki með því að draga til baka þá brtt., sem hér liggur fyrir og er greinilegt að mundi skerða tekjur byggingarsjóðsins og ekki hafa neina aðra þýðingu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. lítur auðheyrilega á sig sem kennara í þessum málum. Verst hefur það jafnan þótt í skóla, þegar kennarar hafa gatað, en ég finn ekki betur en hv. þm. gati fullkomlega, þegar hann álítur, að hægt sé að sanna það, að lánin, eins og þau eru ákveðin nú, dugi eins vel til bygginga og þau dugðu 1960, þegar viðreisnarstjórnin fór að stað, þó að hægt sé að sanna það með því að bera saman prósentur af hækkun byggingarkostnaðar og hækkun lánanna, vegna þess að prósentan af byggingarkostnaðinum vegur náttúrlega miklu meira í hag húsbyggjandans og möguleikum til að byggja heldur en prósentan á hækkun lánsins. Ef á að athuga það, hvað lánið dugir gagnvart þörfinni, þá á að fara að því eins og ég fór, að bera saman dýrtíðaraukninguna í fjárhæð og lánið sem fjárhæð, og þá kemur þetta í ljós milli áranna 1960 og 1964, að það vantar 135 þús., miðað við tiltekna stærð íbúða, til þess að lánið allt borgi dýrtíðarhækkunina.

En svo var annað, gagnvart till. þeirri, sem ég er hér að flytja. Hann tók undir það, sem ég hafði tekið undir með hv. 12. þm. Reykv., að menn ættu að standa saman um eflingu húsnæðismálastofnunarinnar og eiginlega íbúðabyggingalánakerfisins í báðum deildum þess, þar man ég eftir stofnlánadeild landbúnaðarins líka. Hann tók undir það, en taldi, að till. mín væri í mótsögn við þann vilja. Mér finnst

það ekki vera. Ég tel till. mína aðeins leiðréttingu á ranglæti, sem á að láta menn þá, sem stunda landbúnað, verða fyrir. Hún er í raun og veru ekkert nema leiðrétting á gati í þessari löggjöf. Og þó tek ég fram, að það er miðað við það, að þessi skattur, sem mjólkurbú og sláturhús eiga að greiða, hefur ekki verið reiknaður með við ákvörðun búvöruverðs. Verði það gert, þá skiptir það öðru máli. En ég hef enga tryggingu fyrir því, að það verði gert, og vil þess vegna, að villan verði fyrirbyggð. Hins vegar lít ég svo á, að þegar góðviljaðir menn eins og þeir, sem hér hafa átt orðastað við mig, hugsa sér að greiða atkv. á móti minni till., þá taki þeir á sig ábyrgð á því, að þessi gjöld verði reiknuð til útgjalda bændunum, þegar búvöruverð verður ákveðið eftirleiðis.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram, enda hafa þessum málum verið gerð glögg skil af þeim hv. 12. þm. Reykv. og hv. frsm. n., 4. þm. Vestf., en báðir hafa þessir menn miklu viðfeðmari þekkingu til að bera á þessum málum almennt en ég. Tilefni þess, að ég stóð hér upp og vildi gera örstutta athugasemd, var reikningsskekkja að mínu áliti, sem fram kom þegar í fyrstu ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. og var endurtekin nú í síðustu ræðu hans. Nú tel ég víst, að hv. 1. þm. Norðurl. e. sé glöggur reikningsmaður og standi mér sízt að baki í þeim efnum. Það er í þessum efnum eins og fleirum sá ljóður á ráði hv. þm., að hann tekur allt of alvarlega og án gagnrýni það, sem stendur í Tímanum. En Tíminn hefur einmitt um langt skeið að undanförnu hamrað á því, að sönnunin fyrir því, að nú væri miklu verr gert til húsbyggjenda en áður hefði verið, — sönnunin sé sú, að dýrtíðin hafi aukizt svo mikið, að sú hækkun lánanna, sem orðið hefur, vegi ekki upp á móti dýrtíðaraukningunni. Þessi hugsunarháttur er að mínu áliti algerlega rangur, svo sem ég ætla að sýna fram á í örstuttu máli, því að það er alveg rétt og kjarni þessa máls, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Vestf., að það, sem skiptir í þessu sambandi máli, er sú prósenta af byggingarkostnaðinum, sem lánuð er, ekki hækkunin í krónutölu. Ég held, að það, sem ég vildi segja, komi bezt fram, ef við tökum örlitið töludæmi, þar sem ég tek fram, að tölurnar eru valdar algerlega af handahófi.

Segjum, að byggingarkostnaður á meðalíbúð hafi fyrir 1960 verið 300 þús. kr., en lánin hafi verið 150 þús. kr. eða helmingur byggingarkostnaðar. Segjum, að í dag sé byggingarkostnaður á meðalíbúð 600 þús. kr. eða hafi tvöfaldazt frá 1960, en lánin hafi einnig tvöfaldazt, þannig að nú fáist lánað út á íbúðina 300 þús. kr. í stað 150 þús. kr. áður. Eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vestf. og rétt er, þá standa húsbyggjendur nákvæmlega jafnt að vígi. Þeir fá 50% af byggingarkostnaðinum í báðum tilfellum. Hagur þeirra hefur hvorki batnað né versnað. En Tíminn, og það tók hv. 1. þm. Norðurl. e. tvisvar fram, ályktar sem svo: Hækkun byggingarkostnaðar er 300 þús. kr., en hækkun lánanna er ekki nema 150 þús. kr. Þess vegna er hagur þeirra verri, sem nemur þessum mismun eða 150 þús. kr. Þetta er út af fyrir sig rétt, ef reiknað er í krónum. En það, sem sést yfir í þessu sambandi, er, að krónan í dag er allt önnur króna en var fyrir 5 árum eða á hvaða tíma sem við miðum við. Húsbyggjendur vantar nú 300 þús. kr., en vantaði áður 150 þús. En 300 þús. kr. eru bara að verðgildi nákvæmlega það sama og 150 þús. voru áður. Hér gera þeir hv. framsóknarmenn sig, a. m. k. þeir, sem halda þessu fram, seka um svipaða villu og ef maður legði saman desimetra, sentimetra og metra og ályktaði á þeim grundvelli, að þetta væri allt saman jafnt. Nú hafa lengdareiningarnar að vísu mismunandi heiti, sem gera það að verkum, að slík villa er ekki framin. En í verðlagsmálunum heitir mælikvarðinn alltaf króna, þó að hún hafi mismunandi gildi, en samt sem áður er að mínu áliti ekki nokkur eðlismunur hér á.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég get nú byrjað mitt spjall á sömu lund og hv. síðasti ræðumaður. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum, en það hefur dálítið teygzt úr þeim. Þær hafa orðið dálítið almenns eðlis. Og það er það, sem hefur, auk þess sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, gert það að verkum, að mér hefur þótt rétt að segja hér fáein orð.

Mér hefur fundizt kvörtunartónn koma fram hjá hv. ræðumönnum, bæði 12. þm. Reykv. og eins hv. 4. þm. Vestf., yfir því, að það hafi eiginlega verið stofnað til þessara umr. hér og það hafi verið stofnað til þeirra til að bera saman með einhverjum hætti það, sem gerzt hafi í þessum málum í tíð hinnar svokölluðu vinstri stjórnar og svo aftur í tíð viðreisnarstjórnarinnar. En af þessu tilefni er einmitt rétt að athuga, af hverju þessar umr. hafa sprottið og orðið jafnviðtækar og raun ber vitni, því að það má segja, að það sé í sjálfu sér dálítið undrunarefni, af því að um það frv., sem hér er til umr., er í raun og veru ekki nokkur ágreiningur, frv. um launaskatt. Það höfðu allir nm. skrifað undir nál. og mælt með því, að það yrði samþ. Að vísu höfðu þeir áskilið sér rétt til þess að flytja brtt., og það hafa tveir hv. þm. gert við þessa umr., en slík brtt. lá alls ekki fyrir við 2. umr. málsins. Það hefði þess vegna átt að vera mjög einfalt mál af hálfu hv. frsm. n. á því stigi að fylgja frv. úr hlaði og mæla með því. En þá var það, að hv. frsm., 4. þm. Vestf., fann hjá sér hvöt — og það get ég vel skilið — til þess að skruma svolítið um aðgerðir hæstv. ríkisstj. í húsnæðismálunum. Og hann tíundaði mikið þau afrek, sem hann taldi að lægju eftir hæstv. viðreisnarstjórn í þessum efnum.

Einmitt þessi ræða hv. þm. varð tilefni til þess, að hv. 1. þm. Norðurl. e. benti hógværlega í ræðu sinni í dag á nokkrar staðreyndir í þessu máli, á staðreyndir, sem þeir hv. ræðumenn, hv. 12. þm. Reykv. og 4. þm. Vestf.,

hafa ekki með nokkru móti komizt fram hjá. En þá hafa þeir bara snúizt við því þannig og sagt sem svo: Ja, það var ekki gert meira í tíð vinstri stjórnarinnar. Þessi stjórn hefur staðið sig eins vel eða betur. — Það hefur bara yfirleitt ekki verið hér til umr. og við höfum ekki stofnað til ræðuhalda um það, hvað hafi verið gert í þessum málefnum í tíð vinstri stjórnarinnar. Ég hef aldrei haldið því fram, að það hafi verið endilega gerðar fullnægjandi ráðstafanir í þessum efnum í tíð þeirrar stjórnar, því að það er laukrétt, sem hv. 12. þm. Reykv. hefur hér sagt, að þessi mál eru mikið vandamál, ekki aðeins hér á landi, heldur hvarvetna annars staðar, og það hafa margar ríkisstj. orðið við þau að glíma, og þau hafa orðið flestum ríkisstj. erfið. En mér dettur ekki í hug að halda því fram, að vinstri stjórnin hafi leyst allan vanda í þeim efnum, því fer fjarri, og ég er ekkert yfirleitt að bera hana saman við neina aðra stjórn í þessum efnum. Það eru þeir hv. 12. þm. Reykv. og 4. þm. Vestf., og þá sérstaklega sá síðarnefndi, sem hafa verið að gera það, þannig að þær umr., sem hér hafa sprottið, eiga rætur að rekja til þess, að hv. þm. fór að flytja hér skýrslu, sem að vísu er venjulegra að ráðherra flytji, um það, hvað ætti að gera í húsnæðismálunum. Og í sjálfu sér er það góðra gjalda vert, að hann hefur upplýst það, þó að hitt sé venjulegra, að þetta komi frá ráðh.

Það er náttúrlega góðra gjalda vert, að það á að gera ýmsilegt til úrbóta í húsnæðismálum til viðbótar við það, sem þegar hefur verið gert, því að sjálfsagt getum við allir verið sammála um það, að á því sé fyllsta þörf. Það er nú svo með flesta menn og þá eins þessa hv. þm. og aðra, að hverjum þykir sinn fugl fagur, þótt hann sé kannske bæði fjaðralaus og magur, og þessir hv. þm. eru nú í þeirri stöðu að starfa báðir að þessum málum, að ég held, og hv. 12. þm. Reykv. formaður í húsnæðismálastjórninni. Og ég verð að segja það, að ég er dálítið hissa á því, hvað mér virtist hann vera ánægður yfir því, hvað áunnizt hefði í þessum málefnum og hvernig þau stæðu. Hann tók svo til orða, hv. þm., að það hefði stórlega mikið áunnizt í þessum málum í tíð núv. hæstv. stjórnar. Það má mikið vera, ef allir, sem við hann eiga erindi og þurfa að sækja um lán og fá afgreiðslu lána, eru jafnánægðir í þessum efnum og hann er, eða hann vill vera láta, að hann sé.

Ég held því miður, að það sé síður en svo ástæða til þess að vera með mikið yfirlæti í þessum efnum eða státa af því, sem gert hefur verið, og er ég þó ekki á neinn hátt að draga í efa, að báðir þessir hv. þm. og hæstv. ríkisstj. hafi viljað gera vel í þessum efnum. En staðreyndirnar tala sínu máli, og á þær staðreyndir hefur hv. 1. þm. Norðurl. e. bent í ræðum sínum. Þar hefur hann sýnt, að þó að lánin hafi að vísu hækkað og hækkað þetta og þetta mikið, hefur kostnaðurinn við það að byggja íbúð á þessu tímabili hækkað þetta og þetta meira en allri hækkun lánanna nemur. Og hann hefur líka sýnt það, sem ég skal ekkert nánar fara út í af hverju stafar, að á þessu tímabili a. m. k. hafi verið fullgerðar færri íbúðir en á fyrra tímabilinu. Það kann vel að vera, að það eigi sér ýmsar skýringar, og ég skal alveg láta það liggja á milli hluta.

En nú kemur hér áðan hv. 10. þm. Reykv. og ætlar gersamlega að afsanna þetta, ætlar að sýna, að það hafi verið mikill miskilningur hér á ferð, og tekur ákveðnar tölur og gefur sér ákveðnar tölur í því sambandi og reiknar fyrir okkur eitt lítið og einfalt og auðreiknað reikningsdæmi. Og hann segir, að það skipti í raun og veru engu máli, þó að byggingarkostnaðurinn hafi hækkað, ef lánin hafi hækkað prósentvís að sama skapi, þá megi það einu gilda fyrir húsbyggjendur. Ég er nú ekki alveg viss um það, að ef þessi ágæti þm. ætlaði að fara að byggja hús, teldi sig standa alveg jafnt að vígi eftir eins og áður var, eftir að þessi breyting hefði orðið. Að vísu sagði hann með sínu dæmi þetta, sem er sérstaklega athyglisvert, og í því er mikil játning fólgin, — hann sagði, að 1960 hefði íbúðin kostað 300 þús., skulum við segja, og þá hefði fengizt 150 þús. kr. lán, 1965 kostaði íbúðin 600 þús. og þá hefði fengizt 300 þús. kr. lán, og þá sagði hann: Byggjandinn stendur alveg jafnt að vígi. Krónurnar eru bara allt aðrar. — Hann sagði að vísu, að það væri ekki til neitt sérstakt metrakerfi á þetta, því að þessar krónur í dag, 600 þús. kr., væru allt aðrar krónur en 300 þús. kr. 1960. Á þetta má fallast út af fyrir sig, að viðreisnarkrónurnar eru allt aðrar. En ég held þó, að fyrir þann, sem byggir, skipti þetta verulegu máli, sú breyting, sem orðið hefur. Forsendan fyrir því, að það skipti hann ekki máli, er það, að hann eigi eins auðvelt nú með að afla sér 300 þús. kr., sem hann þarf að leggja fram af eigin fé eða afla sér annars staðar í lán, eins og hann átti áður auðvelt með að afla sér 150 þús. kr. Því aðeins er þetta sama, því aðeins er aðstaða hans hin sama. Ég held þess vegna, að þó að það sé ekki á neinn hátt ástæða til þess að gera lítið úr því, að lánin hafi verið hækkuð, og það sé sjálfsagt að viðurkenna, að það sé gott, svo langt sem það nær, þá stendur eftir sem áður þessi staðreynd, að á sama tímabili hefur byggingarkostnaðurinn hækkað svo og svo mikið. Það geta sumir sagt þetta, hækkun lánanna nemur ekki hækkun byggingarkostnaðarins, eða menn geta farið þessa leið, eins og hv. síðasti ræðumaður fór, að bera þetta prósentvís saman, en þá varð samt niðurstaðan hjá honum þessi, að mér skildist, hann að vísu gefur sér þessar tölur, en það getur aldrei orðið betri útkoma en það, að þetta stæði eins, ekki betur en áður. Og þegar nú lítið er á það, þá finnst manni tiltölulega lítil ástæða hafa verið til að halda þá sjálfshólsræðu, sem hv. 4. þm. Vestf. hélt hér á sinni tíð við 2. umr. þessa máls.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e., er lauk ræðu sinni með því að segja, — og hafði þá í huga dæmi,

sem hv. 10. þm. Reykv. var með, — að ef byggingarkostnaður hefði hækkað um 100%, eins og var í dæminu, og lánið hækkað um 100%, þá væri a. m. k. ekki betra ástandið núna en það var. Ég held, að þetta sé rétt skilið. En ef þetta er rétt, sem ég mótmæli ekki, þá vil ég spyrja þennan hv. þm., hvað sé þá, ef við tökum hinar opinberu tölur, ef við tökum tölur úr Hagtíðindunum. Þær segja, að byggingarkostnaðurinn hafi hækkað um 64.2% skv. byggingarvísitölunni, á sama tíma og lánin hafa hækkað um 114.2%. Þá mundi ég segja, að það væri rökrétt, að í veruleikanum hefði ástandið verulega batnað.

Annars eru þessar umræður farnar að vera hálfkynlegar. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég og hv. 10. þm. Reykv. værum með einhvern kvörtunartón í þessum umræðum, og svo að skilja, að við vildum helzt komast hjá því að eiga þessar viðræður við þá framsóknarmenn. Þetta er mikill misskilningur, enda kom það fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. sjálfs, því að hann sagði, að ég hefði komið þessu af stað, — ég hefði komið þessu af stað með því að vera við 2. umr. þessa máls með sjálfshól í þessu máli. Hvernig hann ætlar að leiða þetta saman? Hvernig á að samrýma þetta því, að ég standi hérna með kvörtunartón yfir því, að við séum að ræða þessi mál? Svo segir hann, að ég hafi að sjálfsögðu að yfirlögðu ráði komið þessu af stað. Nei, þetta fær ekki heldur staðizt.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að staðreyndirnar töluðu í þessu máli. Hvaða staðreyndir var hann með? Hann kom ekki með eina einustu staðreynd í þessu máli, ekki eina einustu. En hann vísaði til hv. 1. þm. Norðurl. e. Það erum við búnir að ræða hér, ég og hv. 1. þm. Norðurl. e., við erum búnir að ræða það, og ég hélt, að það væri sæmilega útrætt. En fyrst hv. 3. þm. Norðurl. v. er að tala um staðreyndir, hvaða staðreyndir eru það þá, sem greina frá því, að ástandið sé þannig í þessum málum, að réttmæt hafi verið þau ummæli, sem hv. framsóknarmenn hafa haft hér í þessum umr.? Hann hefur ekki komið með neinar staðreyndir í málinu. Það væri af mörgu að taka í þessu efni, en ég sé naumast ástæðu til að fara að gera það hér. En ég bendi á það, að þær staðreyndir eða það, sem hefur mátt telja til staðreynda eða hefur verið ætlazt til að væri tekið sem staðreyndir í þessu máli, það kom hv. 1. þm. Norðurl. e. með. Því hefur verið svarað rækilega, þannig að það stenzt ekki, sem hann sagði í því efni, bæði hvað varðar hækkaðan byggingarkostnað og svo líka rök hans í sambandi við, að byggingarframkvæmdir væru minni en áður hefði verið.

Nei, ég held, að það sé engin ástæða fyrir hv. framsóknarmenn að halda það, að við stjórnarliðar þorum ekki að ræða þessi mál. En hvað er með hv. framsóknarmenn? Síðasti ræðumaður sagði, að ég hefði verið með skrum í þessum málum, þegar ég flutti ræðu fyrir nál. við 2. umr. Ég vil spyrja þennan hv. þm., í hverju það skrum lá, hvort ég hafi eitthvað oftalað í því, hvað hafi verið gert í þessum málum, ég tók það lið fyrir lið, og hvað er ætlunin að gera. Það kann að vera, að ég sé ekki hlutlaus að dæma í þessu efni. En ég bið þennan hv. þm. að benda á það, í hverju skrumið hafi legið. Ég tel mig hafa talað fyrir þessu máli mjög málefnalega og gerði ekki annað en að skýra frv. eins og það liggur hér fyrir og benda á það, að launaskatturinn væri fyrirhugaður sem liður í viðtækum ráðstöfunum, og gerði grein fyrir því, í hverju þessar ráðstafanir væru fólgnar.

Ég hef síður en svo viljað harma þær umr., sem hér hafa orðið. Ég hefði gjarnan viljað hafa tækifæri til þess að geta rætt þessi mál enn þá betur við framsóknarmenn. Mér gefst ekki tækifæri til þess að gera það í þessum umr. En ég er síður en svo að biðjast undan umr. um málið.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. mikið, en ég get samt ekki orða bundizt í þessu sambandi, því að mér þykir þessar umr. hafa verið næsta óvenjulegar og einkennilegar. Þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. í fyrstu ræðu sinni í dag hirti réttilega hv. 4. þm. Vestf. fyrir þá ræðu, sem hann flutti fyrir nál. um launaskattinn við 2. umr. hér á fimmtudag, var ljóst, að komið var við kaunin á hv. stjórnarliðum. Ég minnist þess ekki, enda hef ég ekki setið svo lengi hér á hv. Alþingi, en ég minnist þess ekki, að stjórnarliðar hafi dregið fram slíkt stórskotalið eins og nú hefur verið gert hér í umr. í dag. Ég þykist hafa tekið eftir þessu áður, að þeim finnst alvarlega komið við auman blett, þegar farið er að ræða um húsnæðismálin, og sannast að segja skil ég þetta ekki fyllilega, vegna þess að þótt hæstv. ríkisstj. hafi staðið sig illa í húsnæðismálunum, hefur hún þó staðið sig óliku verr í mörgum öðrum málum.

Ég skal í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns leyfa mér að benda á það, að hann fer með blekkingar, þegar hann heldur því fram, að íbúðalánin hafi hækkað verulega meira en byggingarkostnaðurinn. Ég skal ekki vefengja þá tölu, sem hann hefur um hækkun byggingarkostnaðarins, sem hann segir vera 64%, en hitt vitum við báðir, að í tíð núv. ríkisstj. hafa húsnæðislánin a. m. k. ekki enn þá, hvað sem verður úr loforðinu frá því í júní í vor, hækkað um nema 50%, úr 100 þús. og í 150 þús.

Það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., að á 4 ára tímabilinu frá 1960 til 1965 hafa verið byggðar 800 færri íbúðir eða um það bil en á 4 ára tímabilinu næst á undan. Varðandi tilburði hv. 12. þm. Reykv. til þess að gera lítið úr þessari staðreynd með því að tala um langan byggingartíma og halda því fram, að á þeim byggingum, sem kláraðar hefðu verið á árabilinu 1960—63, hefði verið byrjað miklu fyrr, þá er það þó a. m. k. ljóst,

að byggingartíminn verður þó ekki talinn nema svona 2½ ár, svo að þær byggingar, sem klárast á árinu 1960, eru þá væntanlega ekki hafnar fyrr en á árinu 1958 eða kannske seint á árinu 1957, svo að með þessu móti getur hv. 12. þm. Reykv. ekki fengið 4 ára tilfærslu í dæmið, enda mundi sama eða svipað koma út úr því, þó að miðað væri við íbúðir, sem byrjað er á, eins og ef miðað er við tilbúnar íbúðir. Það mundi ekki breyta neinu verulegu í þessu dæmi. Enda sjáum við það, sem mér skilst að sé ekki umdeilt og jafnvel ekki hv. 4. þm. Vestf. leyfir sér að mótmæla, að núna um þessar mundir er mjög alvarleg húsnæðisekla á öllum helztu þéttbýlissvæðum landsins, svo alvarleg húsnæðisekla, að hún hefur kannske ekki í annan tíma verið öllu verri.

Það kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf. hér áðan atriði, sem ég tel rétt að minna á til skýringar því, af hverju hér er alvarleg húsnæðisekla. Hv. þm. gerði grein fyrir því, að ég tók rétt eftir, að á 10 ára tímabili hefði verið byggt yfir 24 þús. Íslendinga umfram fólksfjölgunina. Með þessu áframhaldi tekur það nærri 80 ár að endurnýja húsnæði landsmanna, því að auðvitað dugir ekki hv. 4. þm. Vestf. að byggja yfir fólksfjölgunina eina. Ef þeir hv. stjórnarliðar sætta sig við það markmið, er ekki von, að vel takist í þessum málum. En þá er ekki heldur nóg að hugsa sér, að nægilegt sé að byggja yfir 24 þús. Íslendinga á 10 ára tímabili umfram fólksfjölgunina.

Nú er þetta þannig, að allt hér í veröldinni er á fleygiferð, jafnvel hér á Íslandi á viðreisnartímum. Ég minnist þess, að ég sá í blaði sagt frá kosningabaráttunni í Danmörku á s. l. hausti og sá það haft eftir forsrh. Dana, að hann viðurkenndi, að það þyrfti meiri og vaxandi átök í húsnæðismálum þeirra. En hann hafði það sér til afsökunar, að stjórn hans hafði þó tekizt á tiltölulega stuttu árabili að fjölga árlega byggðum íbúðum úr 25 þús. í 40 þús., ef ég man tölurnar rétt, það er a. m. k. ekki fjarri lagi, að þessar hafi verið tölurnar. En hér eru hv. stjórnarliðar harla ánægðir, að það skuli ekki hafa vantað nema 800 íbúðir á, að seinustu 4 ár hafi náð næstu 4 árum á undan. Þó hefur á þessu tímabili, á hverju 4 ára tímabili, þjóðinni fjölgað um næstum 10%. Á hverju 4 ára timabili mun þjóðarframleiðslan aukast um yfir 20% og sennilega meira á þessum seinustu aflaárum. En samt virðast menn ætla að gera sig ánægða með það, ef menn bara gætu fundið einhvern flöt á því að geta borið sig saman við vinstri stjórnina, sem fór frá völdum fyrir 7 árum. Og hver veit, ef þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, á einhverja framtíð fyrir höndum, sem maður hlýtur stórlega að efa raunar, nema einhvern tíma reki að því að svo langt sé liðið, svo mikið hafi fólkinu fjölgað, svo mikið hafi framleiðslan vaxið, að þeir geti raunverulega borið sig saman við vinstri stjórnina í þessu efni?

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir, að ég fæ að taka til máls, þó að ég hafi í raun og veru lokið mínum rétti. En það, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan, þegar hann kom með stærðfræði sína og hagfræði til skjalanna. Hann komst að þeirri niðurstöðu með dæmi, sem hann tók, að hafi hlutirnir verið þannig, að 300 þús. kr. þurfti til að byggja íbúð og 150 þús. kr. fengust að láni upp í það, og væri nú aftur svo, að 600 þús. þyrftu og 300 þús. fengjust, væri aðstaðan nákvæmlega sú sama og áður hefði verið. Stærðfræði er góð, en hún nær ekki öllu. Hagfræði er góð, en stundum er eins og hún sé aðeins til að grípa til hennar í viðlögum í og með. Lífið lætur hvorki stærðfræði né hagfræði marka sér bás eða reikna sig fullkomlega út. Og af því að ástandið er nú þannig, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft við dýrtíðinni betur en hún hefur gert, hefur hún ekki heldur haft við í þessum efnum. Sá hlutur, sem húsbyggjandinn þurfti að standa straum af utan lánsins, er erfiðari nú en hann var áður, vegna þess að lánamarkaðurinn hefur þrengzt og vegna þess að kaup hefur ekki stigið til jafnt við lífskostnaðinn og dýrtíðina. Þess vegna er þetta reikningsbókardæmi, sem hv. 10. þm. Reykv. lagði fram, ekki það, sem við getum látið gilda, þegar við erum að meta, hvers þarf í þessum efnum.

Hv. 4. þm. Vestf. vildi halda því fram, að hann hefði ekki farið með neitt skrum við 2. umr. þessa máls hér í d. Ég veit nú ekki, hvað hann metur skrum hjá öðrum, en mér virðist, að það sé örðugt að afsanna það, að nokkuð hafi kennt skrumsins hjá honum, og mér finnst líka, að glöggt dæmi um það hafi verið leiðari í Morgunblaðinu, sem tók upp úr ræðu hv. þm. og taldi það eitt af því, sem hægt væri að lofa núv. ríkisstj. fyrir, hvernig hún hefði séð fyrir þessum málum. Og enn er það áframhaldandi skrum, sem hv. þm. gerir sig sekan um, þegar hann reiknar prósenthækkun á lánum fyrr og nú og ber saman við prósenthækkun á byggingarkostnaði. Hann vill vitanlega hafa reikningsbókaraðferðina, sem hv. 10. þm. Reykv. vildi nota, en hann blandar þannig málin með skrumi, að hann tekur ekki nema 70 þús. kr. lán, þegar hámarkið var 100, og ber saman við 150 þús. kr. lánið nú og fær þá út 114% í hækkun lánanna. Raunveruleikinn er ekki þetta, og þetta er í raun og veru að leitast við að gylla það, sem er ekki gull. Ef hann hefði farið rétt með, hefði hann átt að segja: Byggingarkostnaðurinn hefur hækkað um 64%, en lánin um 50, — og viðurkenna, að einnig frá því sjónarmiði hallaði á.

Annars finnst mér ekkert athugavert við það, þó að þessar umr. hafi dálitið tognað. Ég tel, að hv. 4. þm. Vestf. hafi gefið tilefni til þess, en ásaka hann ekkert fyrir það, vegna þess að mér virðist, að í þessum umr. hafi það komið fram, að greinilegt er, að hið svonefnda stjórnarlið má gera betur en það hefur gert til þess að standa sig eins og þörf er á og eins og aðstaða ætti að vera til, svo sem nú er komið háttum og tekjuöflun þjóðarinnar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður og skal ekki lengja þessar umr., úr því sem orðið er.

Hv. 4. þm. Vestf. kvartaði yfir því, að ég hefði kallað ræðu hans skrumræðu, og fannst það ekki nógu veglegt heiti á henni. Ástæðan til þess, að ég gaf henni þetta heiti, var sú, að hann í framsöguræðu fór að ræða húsnæðismálin almennt, en gerði það þó ákaflega einhliða, taldi aðeins fram þau auknu eða hækkuðu lán, sem hefðu fengizt á þessum tíma, en ræddi hins vegar ekki um það stórkostlega vandamál í þessum efnum, sem við er að glíma, sem auðvitað hefði átt að gera og ætti að gera, ef almennar umr. færu fram um húsnæðismálin. En þar er auðvitað stærsta vandamálið byggingarkostnaðurinn, hversu hann er gífurlegur og hversu hann hefur aukizt gífurlega. Um það hefði hann átt að ræða og sömuleiðis það, að nú er nauðsynlegt að leggja á skatta, nú er nauðsynlegt að stórhækka skyldusparnað, nú er nauðsynlegt að lögbjóða líftryggingarfélögum o. s. frv. að leggja fram fé til þessa íbúðarlánakerfis, í stað þess, sem áður var, að fjár til þessara lána var að langmestu leyti aflað af sparifé, og auðvitað segir þetta sína sögu. Það er auðvitað ekkert lag á húsnæðismálunum, ef það er ekki hægt að afla fjár til bygginga húsa af því almenna umráðafé, sem þjóðin hefur á hverjum tíma, ef það þarf að skattleggja sérstaklega í því skyni. Það er ekki í lagi. En þar með er ég ekki að andæfa þessum skatti, sem við erum þó, úr því sem komið er, allir sammála um. En ég bara bendi á það, að ástandið í þessum efnum er langt frá því að vera viðunandi og það á sér svo margar hliðar og margar dökkar hliðar, og ég vil kalla það skrum, ef það á að tala um það í þeim tón, eins og hv. 4. þm. Vestf. gerði á sínum tíma, aðeins að halda hástemmda ræðu um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefði verið dugleg við að auka lánin á þessum tíma.

Hv. þm. var að kalla á staðreyndir, sagði, að ég hefði ekki bent á neinar staðreyndir, hv. 1. þm. Norðurl. e. hefði að vísu bent á staðreyndir, en þær hefðu allar verið hraktar. Ég vil segja þetta: Þetta er alveg rangt. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur bent á alveg ljósar og óhrekjandi staðreyndir. Ég hef vísað til þeirra staðreynda. Hv. 4. þm. Vestf. hefur ekki getað hrakið í einu einasta atriði þessar staðreyndir. Það, sem á milli ber, það, sem við deilum um og getum deilt um, er, hvaða ályktanir við drögum af þessum staðreyndum. Staðreyndirnar eru alveg ljósar og óhrekjandi og óumdeildar, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur bent á. En svo geta menn bara deilt um, hvaða ályktanir á að draga af þeim staðreyndum, og það er það, sem okkur ber á milli.

Ég skal svo, herra forseti, ekki lengja þetta meira, úr því að tíminn er búinn, þó að þessi mál séu náttúrlega þess eðlis, að það hefði verið æskilegra, að það hefði verið stofnað til almennra umr. um þau í öðru sambandi en við þetta mál.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal á sama hátt lofa því að teygja ekki þessar umr., úr því sem komið er. Það var ég, sem lét í ljós nokkuð snemma í þessum umr. hryggð mína yfir því, um hvað umr. snerust. Það er þess vegna ekki rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að það hafi verið 4. þm. Vestf., sem það gerði, og ég ítreka þessa skoðun mína nú við lok þessarar umr. Mér finnst, að það hafi verið hér deilt um hluti, sem eru orðnir í þessum efnum. Við höfum haldið því fram, stjórnarliðarnir hér, að það hafi áunnizt verulega í þessum efnum, og stöndum óhikað á þeirri skoðun enn þrátt fyrir langar og ýtarlegar umr. Við höfum hins vegar aldrei haldið því fram, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi leggja mér orð í munn hér áðan, að allur vandi þessara mála væri leystur. Það er langt í frá. Ég margtók það fram, bæði í fyrstu og annarri ræðu minni um þessi mál, að það væri mikið ógert, þyrfti mikið enn að gera. En það hefur mjög vel áunnizt í þessum málum, og ég skal endurtaka það, stórkostlega áunnizt miðað við fyrri ár í þessum efnum. Það stendur enn þá óhaggað.

Ég hafði tækifæri til þess að fylgjast með undirbúningi kosninga bæði í Danmörku og Svíþjóð nú á s. l. ári, og í báðum þessum kosningum voru húsnæðismál númer eitt og bar hæst í kosningabaráttunni, þrátt fyrir þá staðreynd, að þessar þjóðir eru komnar langt á undan velflestum þjóðum öðrum einmitt í byggingu íbúðarhúsa, ég vil segja í Evrópu allri, og opinber aðstoð þar hlutfallslega langhæst. Mér er sagt, að það sama sé á döfinni í Noregi, þrátt fyrir það að þeir munu þó vera enn fremstir allra Norðurlandaþjóðanna um félagslega samhjálp í þessum efnum, þá muni það verða eitt af aðalmálunum í þeirra kosningabaráttu. Þannig tala staðreyndirnar, að þessi mál verða kannske aldrei endanlega leyst.

En það, sem hryggir mig af þessum umr., er, að þeir, sem um er rætt, húsbyggjendurnir sjálfir, standa nokkuð svipað eftir umr. sem áður. Hér hafa ekki komið nýjar till. til úrbóta í þessum efnum, og það hefur ekki verið bent á jákvæðar leiðir til enn meiri úrbóta en þegar hafa verið gerðar, þegar eru komnar í framkvæmd og eru að komast í framkvæmd, og það er það, sem mér finnst leiðinlegasta hlið þessara umr. Það hefur verið deilt um það, hvor gerði betur fyrr á árum, hvor hafi verið stærri. En sannleikurinn er sá, að þeir, sem að lögunum eiga að búa, standa eftir þessar umr. jafnilla að vígi og þeir stóðu fyrir þær. Það finnst mér vera leiðinlega hlið þessara mála.

Nú er nauðsynlegt, sagði hv. 3. þm. Norðurl. e., að leggja á skatt til þess að koma þessum málum í bætt og betra horf. Sannleikurinn er sá, að þessi nauðsyn hefur blasað við, allt frá því að opinber afskipti byrjuðu af húsnæðismálum. Verkamannabústaðalöggjöfin, hvernig er hún komin til? Með beinum nefsköttum á íbúa landsins og framlagi úr ríkis-

sjóði, sem líka er aflað með sköttum. Félagsleg samhjálp og opinber afskipti hafa yfirleitt ekki átt í önnur hús að venda um þessi mál. Eigi að síður eða einmitt með hliðsjón af þessu vil ég undirstrika það, að allur starfsgrundvöllur húsnæðismálastofnunarinnar er með þessari fjáröflun miklu öruggari en hann var áður, þegar enginn vissi frá ári til árs, hvað yrði til ráðstöfunar. Þetta vildi ég að kæmi fram til skýringar á þeim ummælum, sem mér voru lögð í munn í fyrri ræðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Ed., 2. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 281 felld með 13:4 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 293).

19. Leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna [31. mál] (stjfrv., A. 32).

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Flestir munu vera um það sammála, að iðkun leiklistar sé einn af hyrningarsteinum blómlegs menningarlífs. Það er að sjálfsögðu forsenda þess, að leikritun og leiksýningar nái fyllsta þroska og verði til sanns menningarauka, að til séu fullkomin leikhús og stétt vel menntaðra leikara, sem geta helgað sig leiklistinni að fullu og öllu. Víðast hvar næst þetta takmark ekki, a. m. k. ekki meðal fámennari þjóða, nema ríkisvaldið og einstakar borgir eða sveitarfélög láti leiklistarmálin til sín taka með því að veita til þeirra verulegt fé. Þetta hefur einnig átt sér stað hér á landi, fyrst og fremst síðan þjóðleikhúsið tók til starfa fyrir um það bil hálfum öðrum áratug. En það er leiklistarmálum og leikmenningu einnig mjög mikilsvert, að áhugamenn helgi sig leiklist og hafi aðstöðu til þess að gera það. Ógerningur hefði verið að koma á fót íslenzku þjóðleikhúsi árið 1950, ef hér í höfuðstaðnum hefði ekki þegar starfað í hálfa öld leikfélag áhugamanna, þ. e. a. s. Leikfélag Reykjavíkur, þar sem upp höfðu vaxið svo ágætir leikarar, að þjóðleikhús Íslendinga varð þegar í stað við stofnun sína leikhús fullmótaðra atvinnuleikara, sem reyndust færir um að efna til sýninga, sem stóðu fyllilega á sporði sýningum í gamalgrónum leikhúsum nágrannalandanna, þegar þeim var fengin til þess nægilega góð ytri aðstaða.

Skýringin á því, að hér á Íslandi er nú stunduð þroskuð leiklist, þótt íslenzkt þjóðleikhús sé ekki nema hálfs annars áratugs gamalt, er fyrst og fremst sú, að áhugamenn höfðu um hálfrar aldar skeið stundað leiklist af áhuga, kostgæfni og hæfileikum. Hin þroskaða atvinnuleiklist hefur m. ö. o. sprottið upp af leiklistarstarfi áhugamanna í áratugi. Þetta er heilbrigð og eðlileg þróun, og einmitt nú á þessu hausti er leikstarfsemi hins gamla áhugamannafélags, Leikfélags Reykjavíkur, að færast yfir á atvinnugrundvöll, þannig að nú má segja, að tvö atvinnuleikhús séu hér í höfuðstaðnum. Þannig þarf þróunin að verða víðar á landinu. Starfsemi hæfileikamikilla áhugamanna um leiklist þarf smám saman og fyrir tilstyrk aukinnar leikmenntunar að breytast í þroskaða atvinnuleiklist.

Alþingi hefur um langt skeið veitt í fjárl. fé til þess að styrkja leikfélög áhugamanna. Árið 1962 var Leikfélagi Reykjavíkur veittur 150 þús. kr. styrkur og Leikfélagi Akureyrar 30 þús. kr. styrkur, en öðrum starfandi leikfélögum var veittur 8 þús. kr. styrkur hverju. Á þessu ári, árinu 1962, námu heildarstyrkveitingar Alþingis til leiklistarstarfsemi áhugamanna 468 þús. kr. auk 125 þús. kr. styrks til Bandalags ísl. leikfélaga. Í fjárl. fyrir árið 1963 var styrkur til leikfélaga áhugamanna hækkaður úr 468 þús. kr. í 660 þús. kr. og menntmrn. falið að skipta þessum styrk milli starfandi leikfélaga áhugamanna, auk þess sem haldið var áfram styrkveitingu til Bandalags ísl. leikfélaga að upphæð 125 þús. kr.

Þegar Alþingi fól menntmrn. að skipta heildarfjárveitingunni milli leikfélaganna og það fór að reyna að gera sér grein fyrir því, með hverjum hætti styrknum yrði skynsamlegast skipt, kom tvennt í ljós. Í fyrsta lagi töldum við æskilegt, að til væru sem fastastar reglur, sem beita mætti ár eftir ár við skiptingu styrksins, og í öðru lagi sýndist okkur, að 660 þús. kr. fjárveiting væri ekki nægileg til þess að sinna algerlega réttmætum óskum leikfélaganna um fjárstuðning af opinberri hálfu. Þess vegna boðaði menntmrh. til ráðstefnu í Reykjavík um leiklistarmál dagana 16. og 17. maí 1963. Sóttu hana fulltrúar frá flestum starfandi leikfélögum á landinu og auk þeirra þjóðleikhússtjóri, útvarpsstjóri og fulltrúar frá menntmrn. Voru þar rædd helztu vandamál leiklistarstarfsemi áhugamanna og hvaða leiðir helzt væru farnar til úrbóta, ekki aðeins bein fjármál leikfélaganna, heldur einnig önnur viðfangsefni þeirra og vandamál, svo sem með hverjum hætti auðveldast væri að útvega leikfélögum hentug leikrit til sýningar, leiktjöld, búninga, leikstjóra o. s. frv. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að aðstaða til leiksýninga hefur víða um land batnað stórlega vegna hinna nýju félagsheimila, sem reist hafa verið hin síðari ár. Varð það ein meginniðurstaða ráðstefnunnar, að æskilegt væri, að sett yrði sérstök löggjöf um fjárhagslegan

stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna. Skömmu síðar, eða 7. júní 1963, skipaði ég því nefnd til þess að semja slíkt frv. Í n. voru skipaðir þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, og var hann skipaður formaður n., Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, Helgi Skúlason, formaður Leikfélags Reykjavíkur, Valgeir Óli Gíslason, formaður Bandalags ísl. leikfélaga, og Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri. Síðan var Skúla Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands, bætt í n., en í forföllum Helga Skúlasonar hafa starfað í n. Guðmundur Pálsson leikari og Sveinn Einarsson leikhússtjóri. Hefur n. þessi samið frv. það, sem hér er flutt.

Helztu atriði frv. eru þessi: Gert er ráð fyrir því, að fjárframlög ríkisins til leiklistarstarfsemi áhugamanna séu ákveðin í fjárl. árlega og skuli fjárhæðin eigi vera lægri en 1 millj. kr., sem menntmrn. síðan skipti milli leikfélaganna að fengnum umsóknum og áskildum upplýsingum. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1965, sem þegar hefur verið lagt fyrir hið háa Alþingi, er lagt til, að veitt sé 1 millj. kr. til styrktar leikfélögunum auk sérstaks styrks, sem Bandalag ísl. leikfélaga er veittur eins og áður, að upphæð 125 þús. kr. Eins og ég gat um áðan, var styrkur til leikfélaganna árið 1962 468 þús. kr., og mundi því styrkur ríkisins til leikfélaganna, ef þetta frv. yrði samþ. ásamt fjárlagatillögunni, verða rúml. helmingi meiri á næsta ári en hann var fyrir 2 árum. Í raun og veru er þó um enn meiri aukningu stuðnings við leikfélögin að ræða en kemur fram í þessum tölum, því að á árinu 1963 var samþykkt sú breyting á skemmtanaskattslögum, að leiksýningar skyldu undanþegnar skemmtanaskatti, en til þess tíma höfðu leiksýningar í þéttbýli, aðrar en leiksýningar þjóðleikhússins í Reykjavík, verið skemmtanaskattsskyldar og ýmis leikfélög greitt talsverðan skemmtanaskatt.

Frv. gerir ráð fyrir því, að leikfélögum verði skipt í tvo flokka, A-flokk og B-flokk. Til þess að leikfélag geti talizt í A-flokki, verður það að sýna a. m. k. tvö leikrit á ári, sem hvort um sig sé fullkomin kvöldsýning. Fullgildur leikstjóri verður að setja leikritið á svið, félagið verður að hafa ráð á húsnæði og sviðbúnaði, sem nægir til sýninga á þessum tveim leikritum, sem valin eru til flutnings, og félagið verður eingöngu að fást við leiklist og verja ágóða, sem verða kann af sýningum, eingöngu til leiklistarstarfsemi sinnar. Er gert ráð fyrir því, að styrkveitingar til félaga í þessum flokki geti numið frá 30—100 þús. kr. á ári.

Í B-flokki eru hins vegar þau félög, sem sýna a. m. k. 1 leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu og sé það þó fullkomin kvöldsýning eða styttra leikrit ásamt öðru menningarlegu efni, upplestri, söng, hljóðfæraslætti o. fl. Er gert ráð fyrir því, að styrkur til leikfélaga í B-flokki geti numið frá 10 þús. til 30 þús. kr. á ári. Hafi félag hins vegar sýnt 3 leikrit eða fleiri á síðasta ári, er heimilt að veita því aukastyrk. Sömuleiðis má styrkja sérstaklega barnasýningar. Enn fremur er heimilað að styrkja opinberar sýningar skólafélaga, t. d. með því að greiða hluta af kostnaði við leikstjórn. Þá gerir frv. ráð fyrir því, að séu tekin til sýningar ný íslenzk leikrit eða íslenzk leikrit, sem ekki hafa verið sýnd áður á leiksviði, sé heimilt að greiða þeirra vegna sérstakan aukastyrk.

Gert er ráð fyrir því, að á móti styrkveitingum í A-flokki skuli koma a. m. k. jafnhá framlög frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóði, en á móti styrkjum félaga í B-flokki komi a. m. k. 50% frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóði. Allmörg sveitarfélög munu þegar styrkja leiklistarstarfsemi innan vébanda sinna og þá fyrst og fremst Reykjavíkurborg, sem styrkir Leikfélag Reykjavíkur verulega. Heildarstyrkveitingar bæjar- og sveitarfélaga til leikfélaga sinna mundu þó eflaust aukast, ef frv. þetta nær fram að ganga, og virðist það vera í alla staði eðlilegt, að á móti auknum fjárframlögum frá ríkinu komi einnig aukin fjárframlög frá bæjar- eða sveitarsjóðum, og er gert ráð fyrir því, að þau séu jafnhá ríkisframlögunum á hinum stærri stöðum, en aðeins helmingur ríkisframlagsins á hinum minni stöðum.

Ég tel, að samþykkt þessa frv. og hinar auknu fjárveitingar, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, muni verða leiklistarstarfsemi áhugamanna mikil lyftistöng og þá um leið íslenzku menningarlífi, ekki sízt í dreifbýlinu, til mikillar eflingar. Það er einlæg von mín, að þetta frv. fái að meginefni til einróma stuðning hér á hinu háa Alþingi og það hljóti skjóta og góða afgreiðslu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það voru aðeins eitt, tvö orð. Því miður hefur þetta frv. einhvern veginn farið fram hjá mér, og hef ég því lítið kynnt mér það, en var að hlaupa yfir það núna á fundinum, og þess vegna langar mig til þess að spyrja varðandi 1. gr. um flokkun leikfélaganna, hvort hæstv. ráðh. getur nokkuð upplýst um það, hvað mörg félög koma til með að vera í A-flokki og þá hvaða félög. Og eins sýnist mér í frv. ekki vera neitt ákvæði um styrk til leiklistarskóla í Reykjavík eða annars staðar. Mér er kunnugt um það, að t. d. á Akureyri hefur verið haldið uppi leiklistarskóla eða vísi að leiklistarskóla, og hann hefur verið styrktur sérstaklega á fjárlögum, en ég sé ekki, að það sé neitt ákveðið um þetta í frv. Ef það er rangt hjá mér, þá leiðréttir hæstv. ráðh. það. Ég man nú ekki, að það sé fleira, sem ég vildi spyrja um á þessu stigi.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð af tilefni ræðu hæstv. ráðh. hér áðan. Ég fagna að sjálfsögðu þeim auknu fjárveitingum, sem frv. það, sem hér er til 1. umr.,

mun gera mögulegar til leiklistarstarfsemi áhugamanna í landinu, eftir að það er orðið að lögum. Ég tók svo eftir og skrifaði eftir hæstv. ráðh., að á fjárlögum ársins 1962 hefði verið varið 468 þús. kr. til leikfélaga áhugamanna víðs vegar um landið og á fjárlögum sama árs hafi verið varið 125 þús. kr. til Bandalags íslenzkra leikfélaga. Sú mikla hækkun, sem frv. þetta gerir ráð fyrir á stuðningi ríkisvaldsins við leikfélög áhugamanna, þ. e. a. s. að framlagið hækki úr 468 þús. kr. frá 1962 í 1 millj. kr., hlýtur að leiða til þess, að mínu viti, að starfsemi sú, sem Bandalag íslenzkra leikfélaga annast, hljóti að sama skapi að aukast verulega, því að mér er kunnugt um, að Bandalag íslenzkra leikfélaga hefur m. a. á sinni könnu það verkefni að útvega leikfélögum áhugamanna um land allt leikrit og veita leikfélögunum ýmiss konar aðstoð. Það gefur því auga leið, að með aukinni starfsemi leikfélaga áhugamanna hlýtur verkefni Bandalags íslenzkra leikfélaga að vaxa stórlega. Þess vegna finnst mér það skjóta skökku við, að á sama tíma og á að hækka framlag ríkisins til leikfélaga áhugamanna um meir en 100%, sem er lofsvert og þakkarvert, þá er styrkur ríkisins til bandalagsins óbreyttur.

Af þessum ástæðum vildi ég gjarna leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvernig á þessu standi og hvort ekki leiði nokkurn veginn af sjálfu sér, að hækka verði fjárveitinguna til Bandalags íslenzkra leikfélaga, um leið og styrkur til leikfélaga áhugamanna um allt land er aukinn svo stórkostlega.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þeim fsp., sem hv. þm. báru fram til mín, um leið og ég vil þakka góð orð þeirra í garð þessa frv., sem ég vona að sé fyrirboði stuðnings af hálfu þeirra og flokks þeirra við málið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, spurði, hversu mörg félög mundu geta notið styrks samkv. reglunni, sem gildir um A-flokk leikfélaga, og hversu mörg muni geta notið styrks samkv. reglunum, sem gilda um B-flokk leikfélaga í 1. gr. frv. Miðað við skýrslur, sem til eru um þetta efni frá árinu 1962—1963, en af eðlilegum ástæðum eru ekki til nýrri skýrslur, er þetta að segja:

Samkv. þeim hefðu 7 leikfélög getað hlotið styrk samkv. reglunum um A-flokk. 7 leikfélög, sem þá störfuðu, hefðu m. ö. o. getað talizt til A-flokks, en 31 leikfélag til B-flokks. Heildarstyrkveitingin til þessara 7 félaga í A-flokki hafði minnst getað orðið 210 þús. kr., en mest 700 þús. kr. En félögin í B-flokki hefðu minnst getað fengið samtals 310 þús. kr., en mest 930 þús. kr. Nú er það hins vegar áreiðanlegt, að í framkvæmd yrði það ekki svo, að félögin fengju öll jafnan styrk, heldur færi það auðvitað eftir starfi þeirra á undangengnu ári, hvaða styrkur þeim væri ætlaður, og eins mætti búast við því, að félög flyttust á milli flokka frá ári til árs. En á þessu ári hefði skiptingin orðið þessi.

Það er rétt hjá hv. þm., að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að leikskólar verði styrktir af því fé, sem veita á samkv. frv., heldur er gert ráð fyrir því, að leikskólar séu styrktir áfram með sérstökum fjárveitingum á fjárlögum, sem Alþingi tekur ákvörðun um hverju sinni. Þetta er ekki vegna þess, að málefni leikskólanna hafi gleymzt, né heldur að starf þeirra sé með nokkru móti vanmetið, heldur er ástæðan til þess, að þetta frv. var ekki látið taka til leikskólanna, sú, að ekki þótti fært að þessu sinni a. m. k. að setja neinar fastar reglur um það, hvernig styrkja ætti leikskólana. Það þótti ekki fært að þessu sinni a. m. k. að flokka leikskólana þannig, að um styrk til þeirra gætu gilt nokkuð hliðstæðar reglur og athugun sýndi að fært virtist vera að láta gilda um styrk til hinna einstöku leikfélaga. En ég tel sjálfsagt að taka það til athugunar. Það mætti gjarna taka það til athugunar í þeirri n., sem um málið fjallar, hvort menn treystu sér til þess að taka leikskólana í frv., láta frv. þannig taka til leikskólanna. En þá yrði að sjálfsögðu að auka heildarfjárveitinguna, sem ætluð er til þessara þarfa í fjárlagafrv.

Hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, spurði um skýringu þess, að Bandalagi íslenzkra leikfélaga er ætlaður óbreyttur styrkur á fjárlagafrv. 1965, þó að gert sé ráð fyrir því, að styrkveitingar til leikfélaga almennt verði á næsta ári meir en 100% hærri, helmingi hærri, en þær voru 1962.

Skýringin á þessu er sú, að þegar fjárlagafrv. var samið á s. l. hausti, lágu ekki fyrir menntmrn. upplýsingar um fjárhagsáætlun Bandalags íslenzkra leikfélaga fyrir næsta ár og raunar ekki um árlega fjárþörf þess. Þessar upplýsingar liggja hins vegar nú fyrir í menntmrn., bárust því fyrir nokkrum vikum, og rn. hefur þegar skrifað fjvn. varðandi fjárhag Bandalags íslenzkra leikfélaga og mælt með því, að fjárstyrkur til þess yrði hækkaður í sama hlutfalli og sú hækkun er, sem gert er ráð fyrir á styrk til leikstarfsemi almennt.

Félagið hafði óskað eftir hækkun upp í 350 þús. kr. úr 125 þús. kr., og hefur menntmrn. mælt með því, að sú styrkbeiðni yrði tekin til greina, eða þá a. m. k. að styrkurinn til Bandalags íslenzkra leikfélaga hækki í sama hlutfalli og hinn almenni styrkur til leiklistarstarfsemi áhugamanna á að hækka, ef frv. og fjárlagatill. nær fram að ganga.

Með þessu vona ég, að spurningum hv. þm. sé svarað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 108, 109, 112).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á allmörgum fundum sínum og orðið í öllum aðalatriðum sammála um að mæla með því. Frv. er undirbúið af sérstakri nefnd, en formaður hennar var Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri. Menntmn. hefur rætt við bæði formann undirbúningsnefndarinnar og framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga og leggur sameiginlega fram nokkrar brtt. á þskj. 109, sem eru gerðar í samráði við undirbúningsnefndina að mestu leyti. Menntmn. er sannfærð um, að ef frv. þetta verður að lögum, muni það verða mjög verulegur styrkur til eflingar starfsemi áhugamanna um leiklistarmál, og vill í því sambandi taka sérstaklega fram varðandi 9. gr. frv., að þar er gert ráð fyrir, að styrkur ríkisins sé greiddur fyrst, í samræmi við þær reglur, sem frv. gerir ráð fyrir, en að sveitarsjóðir og bæjarsjóðir skuli greiða tiltekinn styrk eftir ár, 100% á móti ríkinu að því er varðar A-flokk, en 50% að því er varðar B- og C-flokk.

Mig langar fyrst til að fara örfáum orðum um þær brtt., sem n. stendur að á þskj. 109. Þessar brtt. hníga fyrst og fremst að tveimur atriðum, því fyrra að styrkja sérstaklega sýningar á barnaleikritum. Það er gerð till. um, að settur sé 3. flokkurinn, C-flokkur, yfir leikfélög, sem sýna a. m. k. eitt leikrit á ári, sem sé sérstaklega ætlað börnum, en sé fullgild sýning. Í 5. gr. kemur síðan fram eftir breytingunni, að slík sýning mundi verða styrkt aukalega með 30 þús. kr. N. leggur afar mikla áherzlu á að efla einmitt sýningar barnaleikrita. Hún telur það mjög mikilsvert, bæði vegna þess, að þetta er góð skemmtun, og svo hins, að með því að efla sýningar barnaleikrita venjast börnin á leikhúsferðir og að sjá leikrit, og það er mikils virði fyrir framtíðina, að slík starfsemi sé efld.

Hin brtt., sem n. leggur til, er við 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að það megi veita sérstakan aukastyrk, ef um ný íslenzk leikrit er að ræða. Hér höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri einnig réttlátt að veita aukastyrk, ef um íslenzk leikrit væri að ræða, þó að þau væru ekki frumsýnd. Við vitum, að það er mikill kostnaður og oft aukakostnaður við ýmis hinna gömlu íslenzku leikrita og raunar nýrri líka, þetta er dýrt fyrir leikfélögin, og við leggjum þess vegna til, að það sé heimilt að styrkja sérstaklega sýningar á öðrum íslenzkum leikritum.

Það mun hafa verið rætt allýtarlega um þetta frv. hér við 1. umr., og ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í umr. nú, nema tilefni gefist til. En um frv. sjálft og þessar breytingar er n. sem sagt fullkomlega sammála.

Á þskj. 112 hefur hv. 3. þm. Vestf. o. fl. lagt fram brtt., sem hnígur að því, að Bandalag ísl. leikfélaga hafi tillögurétt um úthlutun þess fjár, sem annars er gert ráð fyrir í frv. að sé úthlutað af menntmrn. Mér finnst fyrir mitt leyti og ég ætla fleirum í n., að sé eðlilegri ráðstöfun, þar sem um nýmæli er að ræða, að menntmrn. hafi þessa úthlutun með höndum, á meðan málið er að komast í fastan farveg. Það mun hins vegar verða þannig í reynd, eftir því sem formaður undirbúningsnefndarinnar tjáði okkur í menntmn., að auðvitað verði leitað ýmiss konar upplýsinga til bandalagsins og það haft óbeint með í ráðum, þó að það væri ekki fast, eins og till. gerir ráð fyrir.

Það er varla vafi á því, að þessi löggjöf á eftir að taka einhverjum breytingum, eftir því sem reynslan sýnir, þegar farið verður að vinna eftir lögunum. Og það ekki bara varðandi þetta atriði, heldur er vafalaust, að ýmis önnur atriði l. kunni þá að koma til endurskoðunar. Við þetta bætist svo, að tvö leikfélög a. m. k., í Hafnarfirði og á Selfossi, hafa mælt með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Það er gefið mál, að hér er fyrst og fremst um verulega aukinn fjárhagslegan stuðning til starfsemi leikfélaga að ræða. Það hlýtur að vera aðalatriðið og hlýtur að vera svo veigamikið atriði, sérstaklega gagnvart leikfélögum og öðrum aðilum úti um landsbyggðina, sem þá starfsemi annast af áhuga og mikilli fórnfýsi, að það getur ekki verið neitt aðalatriði, hvort orðalagi varðandi úthlutun fjárins sé breytt, þannig að einhverjir fleiri aðilar hafi þar ítök um, eða a. m. k. get ég ómögulega séð rökin fyrir því.

Þetta frv., ef að lögum verður, er tvímælalaust það langstærsta átak, sem hefur verið gert á síðari árum til stuðnings starfsemi áhugamanna um leiklist, og við erum sannfærðir um það í menntmn., að svo muni verða, og leggjum því til, að það verði samþykkt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Á þskj. 112 flyt ég brtt. ásamt hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 5. þm. Norðurl. e. Sú brtt. er við 5. gr. frv. Efni till. er það, að leita skuli till. Bandalags ísl. leikfélaga um skiptingu á fjárveitingu til leikfélaga í landinu. Hér er aðeins um tillögurétt bandalagsins að ræða. Hv. frsm. þessa máls vék að þessari brtt. í ræðu sinni áðan og taldi, að það mundi fara bezt á því, að menntmrn. úthlutaði þessum styrkjum. Ég er honum sammála um það, enda er ég ekki með neina brtt. við það. Það stendur óbreytt í frv., að menntmrn. úthluti styrkjunum. Það eina, sem við leggjum til, er það, að Bandalagi ísl. leikfélaga sé veittur kostur á að gera till. um úthlutun styrkjanna. Rn. yrði ekkert bundið við þær till., þótt þessi brtt. okkar yrði samþ. Ég skildi hv. frsm. svo, að það væru einhver andmæli gegn þessari brtt. að því leyti, að tvö leikfélög, í Hafnarfirði og á Selfossi, hefðu mælt með frv. óbreyttu. Það getur ekki verið, að þau hafi verið búin að taka neina afstöðu til þessarar brtt., því að hún var ekki til, þegar umsagnir þessara félaga komu, og geta því ekki verið bundnar neitt við hana. Þau eru aðeins ánægð með frv. í heild, og það eru fleiri og þ. á m. ég, en það er ekki afstaða gegn þessari tillögu.

Bandalag ísl. leikfélaga hefur mikilsverðu hlutverki að gegna. Aðalviðfangsefni þessa bandalags eru m. a. þessi: að annast samstarf um leiklistarmálefni við ríkisvaldið og aðra innlenda aðila, að samræma starfsemi leikfélaga

og leikhópa og beita sér fyrir samræmingu í byggingu leiksviða, að gangast fyrir fræðslu og kennslu í leiklist, að annast sameiginlega innkaup á þeim varningi, sem leikstarfsemi þarfnast, að annast útvegun hentugra verkefna og sjá um fjölritun þeirra eða útgáfu, að annast fyrirgreiðslu um önnur mál, sem falla undir markmið bandalagsins. Þetta eru meginviðfangsefni bandalagsins. Í Bandalagi ísl. leikfélaga eru nú 37 leikfélög, 26 ungmennafélög, ein stúka og eitt kvenfélag, eða 65 félög alls. Þessi þátttökufélög bandalagsins eru dreifð um allt landið, í Reykjavík, kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. Af þessu má sjá, að stjórn og framkvæmdastjóri bandalagsins eru öllum öðrum kunnugri högum og fjárhag þessara einstöku leikfélaga. Það verður því varla fundinn dómbærari aðili til þess að gera tillögur um skiptingu styrkjanna. Þá er það ljóst af 6. gr. þessa frv., að bandalaginu er treyst til mikilsverðra starfa. En í þessari 6. gr. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar nægilegt fé er veitt til þess á fjárl. eða á annan hátt, skal Bandalag ísl. leikfélaga í samráði við þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur koma á fót og reka búninga-, leiktjalda- og leikmunasafn til afnota fyrir leikfélög landsins."

Það er því sýnilegt af þessu, að verkefni bandalagsins eru allmikil og að höfundar þessa frv., sem er stjórnskipuð nefnd, hefði ekki farið að setja slíkt ákvæði sem þetta í frv., ef hún hefði vantreyst á nokkurn hátt bandalaginu til þess að leysa þessi verkefni og önnur hliðstæð verkefni vel af hendi. En nú hefur fjárstyrkur til bandalagsins verði heldur af skornum skammti að undanförnu. Á fjárl. yfirstandandi árs munu vera 150 þús. kr. veittar til bandalagsins. Þetta sjá allir, að er ákaflega lág upphæð, miðað við þau verkefni, sem bandalagið hefur að leysa. Og það er svo lágur styrkur, þetta, að það er varla hægt að telja bandalagið starfhæft miðað við þau verkefni, sem því er ætlað að vinna, ef það á að lifa á þessum fjárstyrk. Nú hefur bandalagið sótt um hækkun á þessum styrk til hv. fjvn., og menntmrn. sjálft hefur nú þegar mælt með því við fjvn. að hækka styrkinn úr 150 í 360 þús. Þetta sýnir, að menntmrn. metur mikils störf þessa bandalags. Þegar á allt þetta er litið, sýnist mér full sanngirni mæla með því, að styrkjum til leikfélaganna verði skipt að fengnum till. frá Bandalagi ísl. leikfélaga, eins og segir í þessari brtt. Hins vegar erum við flm. hennar á engan hátt að skerða vald ráðh. til að úthluta styrkjunum. Það eina, sem við förum fram á, er það, að bandalaginu gefist kostur á að gera till. um skiptinguna. Ég vænti þess því, að hv. þm. sjái, að það sé sanngirnismál að verða við þessum óskum bandalagsins.

ATKVGR.
Brtt. 109,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 109,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 112 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IG, JSk, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EÁ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, HV.
nei: JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, PS, SÁ, PP, BF, BBen, DÓ, EðS, EI, EOl, GeirG, GunnG, GÞG, IngJ, SB.
LJós, RA greiddu ekki atkv.
5 þm. (SI, SvJ, BP, EmJ, GuðlG) fjarstaddir.
Brtt. 109,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 109,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 124).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. við 3. umr. með shlj. atkv. hv. dm.

Upphaf þessa máls er það, að fyrir 2 árum hækkaði hið háa Alþingi fjárveitingu til leiklistarstarfsemi áhugamanna eða til leikfélaga úr um 470 þús. í 660 þús. kr., en jafnframt var þeim sið hætt, að Alþingi skipti fjárveitingu milli hinna einstöku leikfélaga, sem starfa víðs vegar um landið, í ákveðnar upphæðir, en venjan hafði verið sú, að Leikfélag Reykjavíkur hafði haft mjög verulegan styrk, eða um 150 þús. kr. nokkurt árabil, Leikfélag Akureyrar, hið næststærsta, hafði haft um 30 þús. kr., en önnur leikfélög höfðu haft sama styrk, 8 þús. kr. hvert þeirra. En talið var nauðsynlegt að hækka þessar styrkveitingar, eins og gert var með aukningunni úr 470 þús. í 660 þús. kr., en jafnframt var menntmrn. falið að skipta þessu fé milli hinna einstöku leikfélaga. Þegar farið var að undirbúa þessa skiptingu í menntmrn., kom tvennt í ljós. Við töldum í fyrsta lagi, að mjög æskilegt væri að hafa sem fastastar reglur til að miða slíka skiptingu milli leikfélaganna við, því að engan veginn væri eðlilegt, að öll leikfélög nytu sama styrks án tillits til þess, hvernig starfsemi þeirra væri hagað, og í öðru lagi þóttumst við sjá, að þótt

þetta fé hefði verið aukið verulega frá því, sem áður var, upp í 660 þús. kr., væri þörf fyrir enn meira fé til þessarar starfsemi.

Menntmrn. skipti fénu í það skipti, en hóf þá um leið undirbúning að því að koma á fastari reglum um styrkveitingar til leikfélaganna. Það hafði orðið góð reynsla af því að koma fastari reglum en áður höfðu nokkurn tíma gilt á fjárveitingar til tónlistarskóla með nýsettri löggjöf um opinbera styrki til tónlistarskóla. Þess vegna var það, að ég kvaddi til ráðstefnu um leiklistarmál, sem haldin var dagana 16. og 17. maí 1963, og sóttu hans fulltrúar frá næstum öllum starfandi leikfélögum í landinu auk embættismanna, sem um leiklistarmál fjalla, þjóðleikhússtjóra, útvarpsstjóra, og fulltrúa frá ráðuneytinu. Þar voru þessi mál rædd ýtarlega, og niðurstaða fundarins varð sú, að skynsamlegasta leiðin, sem unnt væri að fara í þessum efnum, væri sú að setja sérstaka löggjöf um fjárhagslega aðstoð af hálfu hins opinbera við starfsemi áhugamanna um leiklist.

Strax í framhaldi af þessari ráðstefnu skipaði menntmrn. nefnd til þess að semja frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, og voru í n. skipaðir þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri menntmrn., Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, Helgi Skúlason, formaður Leikfélags Reykjavíkur, Valgeir Óli Gíslason, sem þá var formaður Bandalags ísl. leikfélaga, og Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri. Sú n. samdi frv. það, sem hér liggur nú fyrir hinu háa Alþingi.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að styrkveitingar til leikfélaga skuli vera í tveim flokkum, A- og B-flokki, og skulu styrkveitingar vera misháar í flokkunum. Í A-flokknum er gert ráð fyrir frá 30—100 þús. kr. styrkveitingum til hvers félags, en í B-flokki 10—30 þús. kr. styrkveitingum til hvers félags. En skilyrði til þess, að félag teljist til A-flokks, eru þau, að það sýni a. m. k. 2 leikrit á ári, sem hvort um sig sé fullkomin kvöldsýning, og fullgildur leikstjóri setji leikritið á svið og félagið hafi ráð á húsnæði og sviðsbúnaði, sem nægi til sýninga á þeim leikritum, sem valin séu til flutnings. Í hinum flokknum, sem gert er ráð fyrir að njóti nokkru minni styrks, 10—30 þús. kr., eru ekki gerðar meiri kröfur til leikfélagsins en þær, að það sýni a. m. k. 1 leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu og sé þetta fullkomin kvöldsýning eða styttra leikrit, sem sé með menningarlegu efni, ásamt upplestri, söng, hljóðfæraslætti eða einhverju þvílíku.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir því, að fjárveiting sé veitt árlega á fjárl. í þessu skyni til styrktar starfsemi leikfélaganna og sé hún ekki minni en 1 millj. kr., en jafnframt eru lögbundin framlög frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðum á móti styrkjum til félaga í báðum flokkunum. Er gert ráð fyrir því, að í hærri styrksflokknum skuli koma a. m. k. jafnhá framlög frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóði, en í hinum flokknum, B-flokknum, þar sem er gert ráð fyrir, að þau félög starfi yfirleitt í dreifbýli eða þar sem færra fólk býr, er ekki gert ráð fyrir, að framlag hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs sé nema helmingur eða 50% af því framlagi, sem félagið fær frá ríkinu.

Þetta er meginefni frv. Nd. samþykkti smávægilegar breytingar á frv., sérstaklega að því er varðar barnasýningar, og tel ég þær breytingar vera til bóta. Gert er ráð fyrir því, að einnig sé heimilt að styrkja sérstaklega barnaleikrit, og aukin voru ákvæði frv. um heimild til þess að styrkja sérstaklega íslenzk leikrit.

Ég tel, að leikfélög áhugamanna hafi gegnt mjög mikilvægu hlutverki í íslenzku leikhúslífi. Það eru ekki nema tæp 15 ár síðan íslenzkt þjóðleikhús tók til starfa, og samt sem áður hefur þetta íslenzka þjóðleikhús allan sinn starfstíma getað starfað sem fullgilt atvinnumannaleikhús. Ég tel því engan efa, að slíkt hefði verið alger ógerningur, ef ekki einmitt hér í höfuðstaðnum hefði um meira en hálfrar aldar skeið starfað áhugamannaleikhús, áhugamannaleikfélag, Leikfélag Reykjavíkur, sem tókst fyrir mikið og fórnfúst starf að ala upp áhugaleikmenn, sem gátu gengið til fulls starfs í þjóðleikhúsi Íslendinga, þegar það tók til starfa. Og raunar var atvinnuleikmennskan hjá Leikfélagi Reykjavíkur þá þegar, eða þegar þjóðleikhúsið tók til starfa, komin á það hátt stig, að Leikfélagið kaus ekki að leggja starfsemi sína niður, heldur starfaði fyrst áfram sem áhugamannaleikfélag, en hefur nú nýlega breytt starfsemi sinni þannig, að nú má telja það einnig vera fullgilt áhugamannaleikhús. Einnig starfa hér í höfuðstaðnum leikflokkar, sem fást við nýgræðing á sviði leiklistar og leggja sérstaka áherzlu á að kynna nýjungar í þessum efnum.

Ég tel, að utan Reykjavíkur ætti þróunin að verða og gæti orðið með nokkuð líkum hætti og hún varð hér í Reykjavík. Upp úr starfsemi áhugamannaleikhússins utan Reykjavíkur á tvímælalaust að geta og mun rísa fullkomin atvinnumannastarfsemi á sviði leiklistarinnar, og að því ber tvímælalaust að stefna og það tel ég í raun og veru vera einn höfuðtilganginn með þeim aukna stuðningi, sem hér er gert ráð fyrir, að starfsemi áhugamannanna fái. En burtséð frá því er og hefur starfsemi áhugamanna að leiklistarmálum geysimikið menningargildi, ekki hvað síst úti um hinar dreifðu byggðir. Þar leggur nú mikill fjöldi fólks á sig mikið starf fyrir lítil sem engin laun. Það starf hefur svo mikið menningargildi, að ég tel það engum efa undirorpið, að sú starfsemi á mun meiri stuðning skilið en hún hefur notið undanfarið, og það er einmitt höfuðtilgangur þessa frv. að láta slíkan aukinn stuðning í té og gera hann reglubundnari en hann hefur áður verið.

Þetta frv. fékk mjög góðar undirtektir í hv. Nd., og hið sama leyfi ég mér að vona að verði niðurstaðan hér í þessari hv. deild.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 181, 187).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 187. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., miðar að því að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna í landinu og að lögfesta í stórum dráttum reglur um úthlutun þess fjár, sem veitt er á fjárl. í þessu skyni.

Þegar frv. var til 1. umr. hér í þessari hv. þd., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði og rakti í aðalatriðum efni frv. Við afgreiðslu frv. í hv. Nd. tók það nokkrum breytingum. Var þar felld inn í það heimild til að styrkja leiksýningar fyrir börn og rýmkuð sú heimild, sem felst í 2. gr. frv. til að styrkja sýningar á íslenzkum leikritum sérstaklega.

Samkv. 1. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir, eru leiksýningar, sem til greina koma við styrkveitingar, flokkaðar í þrjá flokka. Í A-flokki eru sýningar leikfélaga, þ. e. a. s. félaga, sem eingöngu fást við leiklist og sýna a. m. k. tvö leikrit á ári, sem hvort um sig sé fullgild leiksýning. Í B-flokki eru svo félög, sem sýna a. m. k. eitt leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu eða styttra leikrit ásamt öðru menningarlegu efni, eins og það er orðað í frv., og í C-flokki félög, sem sýna a. m. k. eitt leikrit á ári, sem sé sérstaklega ætlað börnum og sé fullgild sýning. Þá er einnig í frv., eins og ég áður sagði, heimild til að styrkja sérstaklega sýningar á íslenzkum leikritum og leiksýningar skólafélaga.

Gert er ráð fyrir, að styrkir til félaga í A-flokki nemi frá 30—100 þús. kr., en í B-flokki 10—30 þús. kr. á ári. Og þá er einnig gert ráð fyrir því, að á móti styrkveitingu í A-flokki af ríkisfé komi a. m. k. jafnhátt framlag frá hlutaðeigandi sveitarfélagi, en til félaga í B- og C-flokki a. m. k. 50% á móti ríkisstyrknum.

Í 6. gr. frv. er rætt um búninga-, leiktjalda- og leikmunasafn til afnota fyrir leikfélögin í landinu, sem komið verði á stofn, þegar nægilegt fé hafi verið til þess veitt á fjárl. eða á annan hátt.

Ég ætla, að menn geti verið á einu máli um það, að frv., ef að lögum verður, ætti að verða veruleg lyftistöng fyrir leiklistarstarfsemi í landinu. Víða um land er áhugi fyrir leiklist, en tilkostnaður við leiksýningar og skortur á hæfum leiðbeinendum er þá oft fjötur um fót. Um gildi leiklistar fyrir allan almenning ætla ég, að ekki þurfi að fjölyrða.

Menntmn. þessarar hv. þd. hefur rætt frv. á tveim fundum, og mælir n. einróma með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. Þegar málið var afgreitt í n., voru tveir nm. fjarstaddir, eins og fram kemur í nál., þ. e. a. s. hv. 8. landsk. og hv. 1. þm. Norðurl. e. Hæstv. forseti hefur tilkynnt, að útbýtt muni verða brtt. frá hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. e., og munu þeir þá að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni brtt. Ég sé svo ekki að svo stöddu til að fjölyrða frekar um frv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. menntmn., er ég fylgjandi þessu frv. og hef ekki lagt fram brtt. við það, m. a. vegna þess, að málið er nú fyrir síðari deild og það er að mörgu leyti æskilegt, að það fái framgang sem fyrst og tefjist ekki mjög úr þessu. Það eru þó ein tvö atriði, sem ég hefði getað hugsað mér lítið eitt á annan veg en er í þessu frv., sem að öðru leyti stefnir að mínum dómi í rétta átt og ætti að geta orðið að verulegu liði í þeirri merku starfsemi, sem þarna er verið að leitast við að efla.

Fyrra atriðið, sem ég vildi aðeins nefna, er, að ég álít, að það þyrfti að fara hóflega í sakirnar af þeim aðilum, sem úthluta þessum styrk til félaga, sem hafa leiklistarstarfsemi með höndum, þar sem í 1. gr. er rætt um B-flokk og talað um, að styrkja megi þau félög hvers konar, sem sýna a. m. k. eitt leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu, og sé það fullkomin kvöldsýning eða styttra leikrit með öðru menningarlegu efni. Þarna, sem talað er um styttra leikrit en sem tekur eina venjulega kvöldsýningu, held ég, að sé nauðsynlegt að fara mjög varlega í sakir, af þessi styrkur á ekki að dreifast allt of mikið og verða þá minni en skyldi til eflingar þeirri leikstarfsemi, sem verulega alvarlega er takandi, þar sem verið er að vinna að staðaldri, annað tveggja af leikfélögum eða öðrum félögum, sem hafa leiklist ofarlega á stefnuskrá. Það er vitað, að það er um mjög margvíslegan félagsskap að ræða, sem hleypur til að æfa einhvern leikþátt til þess að sýna á samkomu eða samkomum og skemmtunum, einkum í fjáröflunarskyni, oft og tíðum til að styrkja nauðsynleg málefni. En það er alls ekki aðaltilgangurinn með slíkum leiksýningum að efla leiklist í landinu, en það hlýtur að vera megintilgangur og á að vera megintilgangur þessa frv.

Hitt atriðið, sem ég vildi gera aðeins að umtalsefni, er það, að í þessu frv. er í rauninni ekki að mínu viti tekið nægilegt tillit til þess, að það er ekki nóg að styrkja með nokkrum fjárframlögum leikfélög, sem halda uppi eða gera tilraun til þess að halda uppi leikstarfsemi úti um landið. Það verður jafnhliða, ef sá styrkur á að koma að verulegu gagni, að sjá sambandi þessara félaga, Bandalagi íslenzkra leikfélaga, fyrir starfsgrundvelli og þá sérstaklega fyrir fjárráðum til þess að vinna að þeim margvíslegu verkefnum, sem þetta samband leikfélaganna vinnur að fyrir þessi félög. Mér er tjáð, að í Bandalagi ísl. leikfélaga séu öll leikfélög utan Reykjavíkur og þar að auki nokkur félög önnur, sem fást við leiksýningar nokkurn

veginn að staðaldri. Þessi starfsemi Bandalags ísl. leikfélaga hefur verið styrkt dálítið af ríkisfé allmörg undanfarin ár, en nú, þegar veitt er aukin fjárveiting og aukinn stuðningur til hinna ýmsu leikfélaga, hefur þessi miðstöð þeirra dregizt allmikið aftur úr. En það gefur auga leið, að aukinn stuðningur til hinna mörgu félaga kallar aftur á móti á það, að þau geri auknar kröfur til síns bandalags um margvíslega fyrirgreiðslu. Þetta bandalag sér þeim í fyrsta lagi, eftir því sem föng eru á, fyrir leikritum, fyrir verkefnum, ýmsu í sambandi við útbúnað til þess að sýna leikrit og loks hefur það, eftir því sem það hefur tök á, fyrirgreiðslu um leikstjóra. Sem dæmi þess, hvernig hlutföllin hafa breytzt milli framlags ríkisins til hinna einstöku leikfélaga um landið og til bandalags þeirra, skal ég aðeins nefna það, að árið 1959 voru fjárveitingar þessar, að leikfélög utan Reykjavíkur hlutu 206 þús. kr. ríkisstyrk samtals, en bandalag leikfélaganna 125 þús. kr. Samkv. fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú, og samkv. þessu lagafrv. mundu þessar fjárveitingar hins opinbera á næsta ári vera þessar: Leikfélög utan Reykjavíkur fengju 1 millj. kr., en bandalag þeirra fengi 200 þús. kr. Ég vil leggja áherzlu á það í sambandi við þetta mál, enda þótt ég flytji ekki við það brtt. af ástæðum, sem ég nefndi í upphafi, að það er full þörf á að gefa þessu gaum og tryggja bandalagi leikfélaganna nokkuð hækkaðan styrk á fjárl. nú, ef þessi löggjöf, sem nú er verið að setja, á að koma að tilætluðum notum. Það er mjög hæpið, að hún geri það, nema því aðeins að sambandi þessara félaga sé gert kleift að verða við þeim auknu kröfum, sem til þess hljóta að verða gerðar, ef leikstarfsemi úti um landsbyggðina færist í aukana.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Menntmn. mælir með samþykkt þessa frv., eins og lýst hefur verið, en í nál. segir, að einstakir nm. áskilji sér rétt til þess að bera fram brtt. Í samræmi við þetta berum við, ég og Karl Kristjánsson, hv. 1. þm. Norðurl. e., fram eina brtt. við þetta frv. Í 5. gr. frv. er kveðið svo á: „Fjárframlög ríkisins til leiklistarstarfsemi áhugamanna skulu ákveðin í fjárl. árlega, og skal fjárhæðin eigi lægri vera en 1 millj. kr., sem menntmrn. síðan skiptir að fengnum umsóknum og áskildum upplýsingum.“ Till. okkar er um það, að við þetta bætist: „Stjórn Bandalags ísl. leikfélaga skal jafnan gefinn kostur á að gera till. um skiptinguna.“

Í þessari till. felst ekki það, að menntmrn. sé skuldbundið að fara eftir till. bandalagsins. Í henni felst ekki heldur það, að stjórn bandalagsins sé skylt að gera till. um skiptinguna, ef hún hefur ekki áhuga á því eða telur ekki ástæðu til að koma neinum sérstökum sjónarmiðum á framfæri í því sambandi. En með þessu ákvæði, sem í till. greinir, á að tryggja, að samband sé milli stjórnar bandalags leikfélaganna og ráðuneytisins, áður en fjárhæðinni er skipt, og stjórn bandalagsins gefist jafnan kostur á að koma á framfæri þeim sjónarmiðum, sem það vill leggja áherzlu á í sambandi við skiptingu fjárhæðarinnar. Bandalag ísl. leikfélaga er sú stofnun, sem veitir hinum einstöku félögum hvarvetna um land mjög mikilsverða aðstoð í starfsemi þeirra, og af því leiðir, að bandalagið er sú stofnun, sem öðrum fremur hefur náinn kunnugleika á aðstöðu, hag og starfsemi hinna einstöku leikfélaga. Að dómi okkar, sem berum fram þessa till., er því eðlilegra og betur fyrir málinu séð með því að bæta þessu ákvæði inn í frv., sem við berum hér fram.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði í ræðu sinni áðan um það ákvæði í 1. gr. frv., þar sem ræðir um B-flokk og þar sem heimilað er að styrkja styttri leikrit en fullkomnar kvöldsýningar, að því verði beitt með ýtrustu varúð. En aftur er á hitt að líta, að víða í strjálbýli eru ekki tök á eða menn ráðast varla í að efna til fullkominna leiksýninga, og er þá oft niðurstaðan sú, að valin eru styttri leikrit, kannske einþáttungar, sem sýndir eru ásamt öðru efni i kvölddagskrá eða á kvöldskemmtunum, og væri alla vega ekki rétt að útiloka slíka viðleitni frá því að geta hlotið styrki. En ég vil sem sé taka undir það með hv. þm., að það er fyllsta ástæða til þess að beita þessari heimild með varúð.

Þá hafa þeir hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. e. flutt brtt. við frv. Í eðli sínu er sú brtt., þótt öðruvísi sé orðuð og einhver stigsmunur kunni að vera á, þá er hún þó í eðli sínu nokkurn veginn sú sama og brtt., sem flutt var í hv. Nd. og hlaut þar ekki samþykki. Brtt. er um það, að stjórn Bandalags ísl. leikfélaga skuli ávallt gefinn kostur á að gera till. um skiptingu á ríkisframlaginu, en till., sem flutt var í hv. Nd., gekk í þá átt, að fengnar skyldu till. frá Bandalagi ísl. leikfélaga, áður en gengið væri frá skiptingu fjárins. Hv. þm. tók það réttilega fram, að rn. mundi ekki vera bundið af till. bandalagsins samkv. brtt. Það hefði ekki heldur orðið það samkv. þeirri brtt., sem flutt var í Nd. Hún var orðuð þannig, að það væri að fengnum till. frá Bandalagi ísl. leikfélaga, og hefði að sjálfsögðu, þótt samþ. hefði verið, ekki bundið hendur rn. um skiptingu fjárins.

Nú er það svo, að þeir, sem fénu skipta, munu að sjálfsögðu leita sem ýtarlegastra upplýsinga um starfsemi þeirra félaga, sem óska eftir að verða styrks aðnjótandi, og trúlega mundi þá þeirra upplýsinga verða aflað í gegnum bandalag leikfélaganna.

Ég tel með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, að það sé ekki rétt að samþykkja þessa brtt., og ég fyrir mitt leyti leggst gegn henni. Hitt, eins og ég áður sagði, tel ég alveg gefið mál, að rn. hljóti að óska allra upplýsinga, sem það telur máli skipta, frá bandalaginu

og ætti þannig að geta myndað sér grundvallaðar skoðanir um, hvernig skipta skuli styrknum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 187 felld með 10:7 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 33. og 38. fundi í Ed., 18. des. og 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed., 4. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 309).

---

20. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. júní s. l.
Í l. um síldarverksmiðjur ríkisins segir svo í 10. gr., með leyfi hæstv. forseta:
„Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um mótttöku síldar."
Í 11. gr. er svo nánar gerð grein fyrir því, hvernig þessi móttaka síldarinnar til vinnslu skuli framkvæmd, þ. e. a. s. í aðalatriðum þannig, að greitt verði út við móttöku síldarinnar 85% af áætluðu verði, en síðan verði gerð upp í vertíðarlok afkoma síldarverksmiðjanna, og ef afgangur hefur orðið af rekstrinum, þá verði honum skipt hlutfallslega á milli þeirra skipa, sem samning höfðu gert fyrir síldarvertíð, og verksmiðjanna sjálfra, að því er tekur til þeirrar síldar, sem keypt var á föstu verði.
Þessi háttur á móttöku síldarinnar tíðkaðist nokkuð áður fyrr, en lagðist svo niður og var síðast notaður árið 1961, en síðan ekki. Í byrjun síldarvertíðarinnar á s. l. sumri voru uppi um það nokkrar óskir frá eigendum síldveiðiskipa að fá að leggja aflann inn á þennan hátt, og ritaði stjórn síldarverksmiðjanna mér bréf um það 10. júní s. l. og fór fram á, að þennan hátt mætti taka upp á ný, eins og áður hafði verið gert. Sömuleiðis fékk ég um svipað leyti bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um sama efni. En báðir voru þessir aðilar, bæði stjórn síldarverksmiðjanna og Landssamband ísl. útvegsmanna, sammála um það, að ekki þyrfti að fylgja þessari ákvörðun ákvæði 10. gr. l., sem ég las um, að samningsbundnir viðskiptamenn gengju fyrir öðrum við móttöku síldarinnar. Báðir þessir aðilar óskuðu eftir því, að þetta ákvæði yrði fellt niður, og þó að síldin væri tekin á þennan hátt, yrði sami löndunarréttur hjá þeim og öðrum viðskiptamönnum verksmiðjunnar. Við þessari beiðni var orðið og gefin út brbl., sem ég minntist á í upphafi, 19. s. m. um það að fella þetta ákvæði úr gildi, þótt sú aðferð yrði höfð að taka síldina til vinnslu á þennan hátt.
Í frv. felst ekkert annað en þetta, og sem sagt, það er flutt samkv. till. beggja þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, bæði stjórnar síldarverksmiðjanna og Landssambands ísl. útvegsmanna.
Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 51).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. júní s. l., og með skírskotun til þeirra skýringa á málinu, sem hæstv. sjútvmrh. gaf við 1. umr., leggur sjútvn. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það var fram borið til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. júní s. l.

Í l. um síldarverksmiðjur ríkisins er það ákvæði, að heimilt er að gera samninga við eigendur síldveiðiskipa um það, að þeir leggi aflann af skipum sínum upp í verksmiðjunum til vinnslu. Þá er sá háttur hafður á, að greitt er upp í andvirði síldarinnar 85% af venjulegu útborgunarverði, en síðan er uppgjöri frestað, þangað til rekstur verksmiðjanna í heild hefur verið gerður upp í lok síldveiðitímabilsins. Þá eru eigendur þessarar síldar, sem lögð hefur verið upp til vinnslu, látnir fá viðbót, ef afkoma verksmiðjanna hefur verið þannig, að hún gefi tilefni til hennar, þ. e. a. s. þeir fá þá greitt það, sem afurðirnar að frádregnum kostnaði, og þá innifaldir vextir af stofnkostnaði og fyrning, skilja eftir hlutfallslega af sínum afla í hlutfalli við annan afla, sem lagður hefur verið upp i verksmiðjunum. Þessi háttur hefur verið hafður á nokkrum sinnum, og ýmsir útgerðarmenn hafa heldur kosið að hafa þennan hátt á en að selja beint. En frá því 1961 hefur þetta lítið eða ekki verið gert, fyrr en að s. l. vor kom fram ósk um það frá nokkrum útgerðarmönnum að leggja inn síldina á þennan hátt.

En í síldarverksmiðjulögunum er líka ákvæði um það, að þeir, sem eru samningsbundnir verksmiðjunum á þennan hátt, eigi forgangsrétt til löndunar hjá verksmiðjunum og gangi fyrir öðrum bátum. Nú voru bæði síldarverksmiðjustjórnin og stjórn L. Í. Ú á einu máli um það, að þessi forgangsréttur væri ekki heppilegur, og vildu ekki, að honum væri beitt. Hann kom náttúrlega ekki til, þegar þessari aðferð um síldarsöluna var ekki beitt, og var þess vegna það vandamál uppi, þegar menn sóttu um að leggja síldina inn til vinnslu í vor, að losa úr lögunum þetta ákvæði um, að þessi skip skyldu hafa forgangsrétt til löndunar. Um þetta var fullkomið samkomulag, og fékk ég um það staðfestingu, bæði í bréfi frá L. Í. Ú. og frá stjórn síldarverksmiðjanna. að þessa væri óskað. En verksmiðjustjórnin taldi sér ekki mögulegt að taka við síldinni til vinnslu, nema því aðeins að forgangsréttarákvæðið væri ekki notað. Þá var ekki um annað að ræða en gefa út brbl. um að fella þetta forgangsréttarákvæði úr gildi, og það er efni þessa frv. og eina efni brbl., sem út voru gefin 19. júní s. l.

Ég tel ekki, að ég þurfi að hafa um þetta fleiri orð. Um þetta var fullt samkomulag hjá viðkomandi aðilum. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A.,11, n. 287).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. júní s. l., um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins. Eins og fram kemur í grg. fyrir brbl., eru þau sett samkv. óskum stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og L. Í. Ú. Efni frv. er í því fólgið að afnema forgangsrétt samningsbundinna viðskiptamanna fyrir öðrum um móttöku síldar. Samkv. l. um síldarverksmiðjur ríkisins frá 1938 hefur alla tíð verið hafður á sá háttur, að samningsbundin skip hafa haft forgangsrétt til löndunar í þeirri röð, sem þau komu að landi. Gegn þessum forréttindum hafa svo þessir viðskiptamenn síldarverksmiðjanna orðið að skuldbinda skip sín til að leggja upp allan bræðsluafla hjá verksmiðjunum. Þetta ákvæði hefur oft komið sér illa, t. d. á meðan síldarverksmiðjur ríkisins höfðu engar verksmiðjur austar en á Raufarhöfn. Þá urðu þau skip, sem voru á veiðum fyrir Austurlandi, að sigla með aflann í sumum tilfellum alla leið til Siglufjarðar, þar sem móttaka á Raufarhöfn var af eðlilegum orsökum takmörkuð. Þetta hafði það í för með sér, að skipin töfðust oft um langan tíma frá veiðum, vegna þess að það tók af skiljanlegum ástæðum miklu lengri tíma að koma aflanum að landi, þegar þurfti að fara um svo langan veg, en það var óhjákvæmilegt, vegna þess að þótt verksmiðjurými og þróarpláss væri fyrir hendi á Austurlandi, höfðu skipin ekki leyfi til þess að afsetja neitt af aflanum í aðrar síldarverksmiðjur og urðu því að leggja í sumum tilfellum í langar siglingar til þess að afsetja aflann. Þessu ákvæði um forgangsréttinn var komið á í sambandi við þann rétt, sem viðskiptamenn verksmiðjanna öðluðust í sambandi við að leggja afla sinn upp til vinnslu, og máttu þau skip, sem voru þannig í samningum við síldarverksmiðjurnar, ekki heldur leggja afla sinn upp annars staðar.

Eins og frv. ber með sér, er það, sem hér um ræðir, einungis í þá átt að fella niður þetta forgangsákvæði og ekki talið nauðsynlegt að halda því lengur. Sjútvn. var á einu máli um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 313).

21. Aðstoð við fatlaða.

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 16. apríl 1963, um aðstoð við fatlaða [80. mál] (stjfrv., A 110).

Á 23. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum starfaði mþn. að því að rannsaka og gera heildartill. um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu. Það var niðurstaðan af þessu starfi n., að frv. var borið fram um að leggja nokkurn skatt á sælgæti, sem yrði látinn renna til starfsemi lamaðra og fatlaðra. Þetta gjald var þá ákveðið 3 kr. á hvert kg, og var áætlað, að það mundi gefa 1.2 millj. kr. rúmlega á ári. Þetta hefur reynzt öllu meira eða allt að 120 þús. kr. á mánuði eða nálgazt hálfa aðra millj. Eftir að þetta var gert, komu að máli við mig fulltrúar blindra og spurðust fyrir um það, hvort þeir gætu ekki orðið einhverrar aðstoðar aðnjótandi í sambandi við þetta skattgjald, og ef það væri ekki hægt, þá lögðu þeir til, að einhver tekjustofn yrði fundinn, sem gæti orðið þeim til styrktar. Ég hafði þá samband við samtök lamaðra og fatlaðra, en þau töldu ekki hægt að taka af því, sem þeim er í lögum ætlað, til styrktar blindum. Þess vegna var athugað, hvort einhverjir tekjustofnar aðrir fyndust, sem væru við þeirra hæfi, og var gert ráð fyrir, í samráði við þá blindu, að þar þyrfti að vera um 200—300 þús. kr. á ári að ræða, ef það ætti að koma að þeim notum, sem þeir ætluðust til.

Í staðinn fyrir að fjölga þessum tekjustofnum, sem eru nú orðnir æðimargir, varð niðurstaðan sú að reyna heldur að hækka þetta gjald, sem nú er ætlað eingöngu til lamaðra og fatlaðra, um 50 aura á kg eða upp í 3.50 kr., og er gert ráð fyrir, að þannig megi ná þeirri upphæð, sem þeir blindu þurfa á að halda eða telja sig þurfa á að halda.

Það eru starfandi hér í bænum tvö félög til styrktar þessu fólki, sem vinna að því að greiða úr fyrir þessu fólki, það eru Blindravinafélagið og Blindrafélagið. Þessi félög bæði hafa unnið mikið gagn, verð ég að segja, og m. a. hefur nú fyrir stuttu verið komið upp sérstöku heimili fyrir blint fólk, þar sem það getur stundað atvinnu og átt betri aðbúð en annars væru möguleikar á. Ég held þess vegna, að þetta sé þarft verk og gott, að reyna að styrkja þessa viðleitni, og hvort menn borga 3 kr. eða 3.50 kr. af hverju sælgætiskg, sem keypt er, þá ætla ég, að skipti tiltölulega litlu máli. Ég vil því vænta þess, að hv. deild taki þessu máli vinsamlega og greiði götu þess, og legg til, að frv. verði vísað að þessari umr. lokinni til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 138).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breyt. á l. nr. 25 frá 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða. Ég get í raun og veru látið nægja að vísa til framsöguræðu hæstv. félmrh. við 1. umr. málsins og til grg., sem fylgir þessu frv. En efni frv. er á þá leið að hækka 3 kr. gjaldið af innlendum tollvörutegundum. sem renna á til aðstoðar við fatlaða, í kr. 3.50, en þessi aukning, þessir 50 aurar, renni sérstaklega til aðstoðar við blinda, og er áætlað, að þetta viðbótargjald muni nema 200—300 þús. kr. á ári. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og mælir n. einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþ. óbreytt og að ég ætla samhljóða. Efni þess er að hækka um 50 aura gjald það, sem lagt var á sælgæti til aðstoðar fötluðu fólki, en það var gert skv. tillögu n., sem um málefni öryrkja og fatlaðs fólks fjallaði, og sett var árið 1959.

Blindir, sem eru æðimargir og hafa ýmsa starfsemi með höndum til styrktar sínum meðlimum, óskuðu einnig eftir því að fá aðstoð, og var leitað eftir því við samtök öryrkja, Sjálfsbjörg, að blindir menn gætu komið þar undir. En það náðist ekki samkomulag um að skerða þetta gjald, sem ætlað var fötluðum í l. frá 1962, og þess vegna var það ráð tekið að hækka gjaldið um 50 aura og láta sjöunda hluta af því renna til blindra.

Það voru uppi ýmsar till. frá blindum um það,

að aðrir hlutir yrðu skattlagðir í þessu skyni, en það þótti eftir atvikum hentara að hækka aðeins þetta gjald og láta hækkunina renna til þeirra. Þetta gjald, sem lagt er á sælgæti, 3 kr. á kg, var áætlað að mundi gefa á ársgrundvelli 1 250 000 kr., en hefur reynzt tæp hálf önnur millj. eða 1440 þús. kr. Það er þess vegna líklegt, að þessi hækkun, sem hér er farið fram á, mundi geta gefið blindum um 240 þús. kr. á ári.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 277, 278).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Með lögum, sem sett voru í apríl 1962, um aðstoð við fatlaða, var ákveðið, að 3 kr. gjald af hverju kg af sælgæti framleiddu í landinu rynni í sérstakan sjóð, er nefnist Styrktarsjóður fatlaðra og skal vera í vörzlu félmn. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur það í sér, að þetta gjald hækki úr 3 kr. í 3.50 kr., og frv. er komið til þessarar hv. d. frá Ed. óbreytt, eins og það var lagt fram.

Frv. hefur verið um nokkurt skeið til athugunar hjá heilbr.- og félmn. þessarar d., og hún hefur m. a. fengið um það umsagnir frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, frá Blindrafélaginu og frá Blindravinafélaginu. Með tilliti til upplýsinga, sem fram hafa komið í þessum umsögnum, hefur orðið um það fullt samkomulag í heilbr.- og félagsmálan. að leggja til, að í stað þess, að umrætt gjald hækki úr 3 kr. í 3.50, hækki það í 4 kr. Af því leiðir, að n. leggur einnig til breyt. á 2. gr. frv., þannig að 4. gr. l. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1/4 hluta af fé því, sem aflað er samkv. l. þessum, skal varið til aðstoðar við blinda, en 3/4 hlutum skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk."

Ég hef aflað mér upplýsinga um það í félmrn., hverju þær upphæðir nemi, sem runnið hafi til viðkomandi félagasamtaka, eftir að l. um aðstoð við fatlaða voru sett árið 1962. Þær upplýsingar eru á þessa leið: Til Sjálfsbjargar, félags fatlaðra og lamaðra á Akureyri, hefur verið veittur 490 þús. kr. styrkur, til Sjálfsbjargar á Sauðárkróki 255 þús. kr. styrkur, til Sjálfsbjargar á Ísafirði 175 þús. kr., til Sjálfsbjargar á Siglufirði 100 þús. kr. og til Sjálfsbjargar í Reykjavík 877 670 kr. Samtals eru þetta 1 897 670 kr. En samkv. þeirri brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur nú, mun láta nærri, að þetta gjald verði fljótlega, miðað við eitt ár, um það bil 2 millj. kr., og mundi þá koma í hlut blindra samkv. frv. um 1/4 hlutur, eða nálægt 500 þús. kr.

Þá má einnig geta þess, að samkv. þessum sömu l. um aðstoð við fatlaða var ríkisstj. heimilað að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtnastokka og greiða félaginu allt að 20 aurum af hverjum stokki, er verzlunin seldi með merki félagsins. Til fróðleiks hef ég einnig spurt að því í félmrn., hversu hárri upphæð þetta næmi á ári, og mér hefur verið tjáð, að s. l. ár hafi sú upphæð, sem Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra fékk á þennan hátt, numið 1 519 220 kr.

Ætlunin hafði verið, að frv., eins og það kom frá hv. Ed., yrði að l. um síðustu áramót, en þar sem dráttur hefur orðið á afgreiðslu þess, er óhjákvæmilegt að breyta gildistökugreininni, og leggur heilbr.- og félmn. til, að l. verði látin öðlast gildi 1. apríl n. k.

Ég mæli svo með því, herra forseti, f. h. heilbr.- og félmn., að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. leggur til, og að greitt verði fyrir afgreiðslu þess, þannig að það geti orðið að lögum 1. apríl n. k.

ATKVGR.

Brtt. 278,1 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 278,2 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 278,3 (ný 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 292).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti (SÓÓ): Þetta Ed.-mál kom aftur frá Nd. vegna smávegis breytinga, sem það hefur tekið þar. Ég hef átt tal við formann heilbr.- og félmn. þessarar d., og hefur hann tilkynnt mér, að n. muni ekki óska eftir að taka frv. til nýrrar athugunar eftir þessa breytingu í Nd. Kemur því frv. til atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

22. Girðingalög.

Á 9. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til girðingalaga [40. mál] (stjfrv., A. 43).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Vegna fjarveru hæstv. landbrh. vildi ég að beiðni hans fylgja þessu frv. úr hlaði.

Það var í aprílmánuði 1963, sem Alþingi samþ. þál. um að skora á ríkisstj. að láta með hliðsjón af endurskoðun vegalaga endurskoða girðingalög, en gildandi girðingalög eru frá 1952 með nokkurri breytingu frá 1964, sem gerð var í sambandi við vegalögin. Landbrh. bað Búnaðarfélag Íslands að tilnefna tvo menn til þessarar endurskoðunar, og voru tilnefndir Þorsteinn Sigurðsson, formaður félagsins, og Ásgeir L. Jónsson ráðunautur, og af hendi vegamálastjóra Snæbjörn Jónasson verkfræðingur.

Þegar þeir höfðu lagt fram tillögur sínar í málinu, var það sent búnaðarþingi, og fjallaði síðasta búnaðarþing um það og gerði nokkrar brtt. Sú grg., sem fylgdi frá þremenningunum, er prentuð með þessu frv. og sömuleiðis ályktun jarðræktarnefndar búnaðarþings.

Ég vildi vekja athygli hv. d. á því, að grg. n., hinna þriggja manna, er prentuð hér óbreytt, en frv. var nokkuð breytt í samræmi við till. búnaðarþings, og á því þessi grg. ekki að öllu leyti við um sumar gr. En aðalbreyt., sem felast í þessu frv. frá gildandi lögum, má segja að séu þrjár.

Það er í fyrsta lagi varðandi 1. gr., þar sem gerðar eru meiri kröfur en áður um gerð girðinga. Nú er það þannig, að girðingar skulu vera 5 strengja gaddavírsgirðingar og 1 m á hæð, en hér er gerð krafa um 6 strengja gaddavírsgirðingar og 1.10 m á hæð. Þá er í núgildandi lögum ákveðið, að ekki skuli lengra milli jarðfastra stólpa girðingar en 6 m, en það er fært niður í 4 m í þessu frv.

Í öðru lagi kemur svo 5. gr. frv., þar sem ákveðið er um skiptingu kostnaðar við gerð girðinga. Í núgildandi l. er ákveðið, að girðingarkostnaður skuli skiptast milli landeigenda að jöfnu, til helminga, en með 5. gr. er gerð hér breyt. á. Það er gert ráð fyrir, að hálfur girðingarkostnaður skiptist að jöfnu milli eigenda, en hinn helmingurinn skiptist eftir landverði gildandi fasteignamats. Um rökin fyrir þessu segir í grg. um 5. gr. frv. svo, að oft eru jarðir, sem liggja saman, mjög misjafnar að viðáttu og verðmæti, og þegar landamerkjagirðing friðar þannig misstórt eða misjafnlega verðmætt land, verði að teljast sanngjarnt, að tekið sé tillit til þess við skiptingu girðingarkostnaðar, og er í frv. lagt til, að þessi helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir landverði gildandi fasteignamats.

Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breyt. í sambandi við setningu vegalaga frá síðasta þingi. En með l., sem sett voru um leið og vegalögin, nr. 28 frá 1964, var 12. gr. girðingalaganna breytt, en 13.—16. gr. þeirra felldar niður með öllu, vegna þess að ákvæði vegalaga komu þar í staðinn. Nú eru þessar greinar teknar upp aftur breyttar frá girðingalögum, en í samræmi við það, sem segir í vegalögum.

Ég vildi beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga bæði frv. og gildandi girðingalög vandlega, bæði með tilliti til orðfæris og efnis, því að mér sýnist þörf á því. Því er ekki að neita, að núgildandi girðingalög þurftu endurskoðunar við, en mér virðist þurfa að taka öll ákvæði þeirra og þessa frv. til vandlegrar athugunar í nefnd.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 119, 120).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 3. apríl 1963 samþykkti Alþingi ályktun þess efnis, að ríkisstj. léti endurskoða girðingalög, nr. 24 frá 1. febr. 1952. Þessi ályktun kom fram í sambandi við það, að í vegal., sem nýlega hafa verið endurskoðuð og afgreidd, voru nokkrar breytingar gerðar á ákvæðum girðingalaganna í sambandi við vegi, og þótti þá eðlilegt, að girðingalög væru í heild endurskoðuð, enda orðin allgömul og margar breytingar hafa orðið síðan þau voru gerð, sem gerðu það nauðsynlegt að fenginni reynslu að breyta ýmsu í þessum lögum.

Að tilhlutun landbrn. tilnefndi Búnaðarfélag Íslands formann félagsins, Þorstein Sigurðsson frá Vatnsleysu, og Ásgeir L. Jónsson ráðunaut til að vinna þetta verk, og vegamálastjóri nefndi til Snæbjörn Jónasson verkfræðing. Skilaði þessi nefnd síðan grg. og till. til breytinga við girðingalögin, sem síðan var send búnaðarþingi til yfirlits og athugunar, og gerði jarðræktarnefnd búnaðarþings nokkrar breytingar á því, sem n. hafði lagt til, og féllst hún á þær breytingar. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er því samið af báðum þessum n., bæði mþn. og jarðræktarnefnd búnaðarþings, og hafa þessar nefndir lagt mikla vinnu í að athuga þessi mál, og frv. það, sem hér er nú til umr., er árangur af því starfi. Aðalbreytingar frá gildandi lögum í frv. eru þessar:

Á 1. gr., að girðingar verði hækkaðar, þ. e. a. s. löglegar girðingar, um 10 cm upp í 1.10 m og strengjum fjölgað úr 5 í 6, sem áður var, og að staurar verði þéttari, þ. e. a. s. aðalstaurar, og ekki nema 4 m á milli, í stað þess að áður var talið sæmilegt, að væru 6 m á milli aðalstaura. Enn fremur að löggilda skurð-

gröfuskurði og aðra jarðdjúpa skurði sem girðingu, ef þrír strengir eru á skurðbakka. Um þetta voru ekki ákvæði áður.

Við 5. gr. er gerð sú breyting á gildandi lögum, að girðingarkostnaður, þar sem um er að ræða girðingar á landamerkjum, verði ákveðinn þannig, að landverð samkv. fasteignamati verði lagt til grundvallar, þegar girðingakostnaði er skipt á milli hlutaðeigandi. Þetta er grundvallarbreyting frá því, sem áður hefur gilt.

Við 6. gr. eru verulegar breytingar gerðar á aðferð til að meta ýmisleg atriði í sambandi við girðingar, sem ekki verður samkomulag um, og telur landbn. þessarar hv. d., að þær breytingar séu allar til bóta. Það er einfaldara í framkvæmd og fljótara að ná saman þeim nefndum, sem þetta eiga að hafa með höndum, en gert er ráð fyrir, að það séu úttektarmenn sveitarfélags og oddamaður verði ráðunautur í viðkomandi búnaðarsambandi, og svo nánar tiltekið um, ef girðingar eru á hreppamörkum eða sýslumörkum, og svipaðar aðferðir þar viðhafðar. Þá er enn fremur lagt til, að þar sem um girðingar er að ræða milli heimalanda og afréttarlanda, verði hlutur upprekstrarfélagsins eða sveitarfélagsins gerður hærri en verið hefur, en hlutur landeigandans, þ. e. a. s. eigenda jarða eða ábúenda, verði gerður minni en áður. Ábúendur greiða nú 1/4 af girðingarkostnaði, en sveitarfélagið eða upprekstrarfélag 3/4, en nú er lagt til, að þetta verði 1/5, sem ábúandi greiðir, og sveitarfélagið 4/5. Þetta telur landbn. enn fremur til bóta.

Þá koma ný ákvæði um skyldur jarðeigenda og ábúenda um að fjarlægja girðingaflækjur eða ónothæfar girðingar, sem víða hafa staðið til skaðræðis búpeningi í löndum, þar sem hætt er að halda girðingum við, og er þetta tvímælalaust til mikilla bóta. Enn fremur eru ákvæði um það, hverjum beri að annast það að fjarlægja þessar girðingaflækjur og kosta verk við það. Landbn. er sammála um, að þetta sé einnig til bóta og horfi í rétta átt.

Eins og fram er tekið í nál. landbn., var n. sammála um að mæla með frv., með nokkrum breytingum þó, sem prentaðar eru á þskj. 120. Þær breytingar eru margar aðeins orðalagsbreytingar og einnig nokkrar til þess að kveða nákvæmar á um, hvað meint sé, og tel ég ekki ástæðu til að fara út í það. En það eru efnisbreytingar við 1., 5. og 22. gr.

Við 1. gr. er lagt til, að bætt verði inn ákvæði um, að semja skuli reglugerð um það, hvernig ristarhlið skuli vera úr garði gerð, en það færist mjög í vöxt að setja ristarhlið á vegi, og sum eru illa úr garði gerð og geta verið mjög hættuleg fyrir búpening, ef þau eru ekki gerð í upphafi þannig, að fyrirbyggt sé, að hætta stafi af þeim. Lagt er til, að þetta verði ákveðið í reglugerð, sem landbrh. setji.

Svo sem ég vék hér að áðan, er veruleg breyting í frv. frá því, sem gilt hefur áður um það, hvernig kostnaður skiptist milli hlutaðeigenda, þegar um merkjagirðingar er að ræða. Frv. gerir ráð fyrir því, að kostnaður skiptist eftir fasteignamati viðkomandi landa, þar sem girðing aðskilur jarðir. Þetta telur n. vera mjög hæpna reglu og algerlega aðra en gilt hefur áður, vegna þess að landverð fasteigna samkv. fasteignamati lands fer eftir ýmsu öðru en því, hversu margan búpening löndin geta borið eða hvað líklegt sé að mikill búpeningur verði í hverri landareign. Það fer m. a. eftir því, hversu mikið ræktunarland er á jörðinni, og þá þarf það ekki endilega að standa undir búpeningsrækt, það getur staðið undir öðru, t. d. gróðurhúsarækt og jarðeplarækt, kornrækt og ýmsu. Í öðru lagi fer landverð eftir því, hve mikil hlunnindi eru á einni jörð, t. d. æðarvarp, laxveiði, selveiði, jarðhiti eða vatnsafl, og n. varð sammála um það, að það væri óeðlilegt að láta þetta sjónarmið gilda einvörðungu, og leggur til breytingu á þessari grein á þá leið, að hálfur girðingarkostnaður skiptist að jöfnu eftir vegalengd, en hinn helmingurinn fari eftir því, hvert gagn viðkomandi landeigendur hafa af girðingunni, og ef ekki verði samkomulag um það, fari það eftir mati eins og önnur ágreiningsatriði í sambandi við girðingar.

Þá er ein breyting enn, við 22. gr. Það er um það, að skylda til að fjarlægja ónýtar girðingar eða hættulegar girðingaflækjur færist yfir á ábúanda af eiganda, ef hann er búinn að búa á viðkomandi jörð í 10 ár. Þetta taldi n. vera of langan tíma og leggur til, að þessu verði breytt í 5 ár.

Þetta eru aðalefnisbreytingarnar, eins og ég sagði áðan. Aðrar breytingar, sem fram koma á þskj. 120, eru aðallega orðalagsbreytingar, sem enginn ágreiningur er um, og í öðru lagi nokkrar breytingar, sem kveða nánar á um það, hvað við er átt í viðkomandi greinum, heldur en er að finna í frv., og er ekki heldur ágreiningur um þær breytingar.

Að svo mæltu legg ég til fyrir hönd landbn., að þær breytingar, sem hér liggja fyrir, verði samþykktar.

ATKVGR.
Brtt. 120,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 120,2 (ný 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 120,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 120,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 120,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 120,6 (ný 11. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 120,7 (ný 22. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 130).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til girðingalaga, er komið frá Ed. og var samþ. þar samhljóða með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 120 og öll landbn. stóð að.

Frv. þetta er flutt vegna þess, að nefnd, sem skipuð var að tilhlutan landbrn., endurskoðaði girðingalögin samkv. áskorun, sem samþ. var á hv. Alþingi 3. apríl 1963, um endurskoðun girðingalaganna. Í n. áttu sæti Þorsteinn Sigurðsson, formaður Búnaðarfélags Íslands, Ásgeir L. Jónsson ráðunautur og Snæbjörn Jónasson verkfræðingur, sem var tilnefndur af vegagerðinni.

Síðasta búnaðarþing fjallaði um frv. og gerði við það nokkrar brtt., og hafa þær brtt. verið teknar inn í frv. Þær brtt. eru prentaðar hér með sem fskj. með frv. og þarf því ekki að gera grein fyrir þeim.

Till. þær, sem samþ. voru í Ed. að tilhlutan landbn., eru samtals 5, ekki veigamiklar, en ganga út á það að gera allt tryggilegra í l. en verið hefur, eins og frv. frá upphafi, þ. e. að gera girðingar traustari og betur úr garði gerðar en áður hefur verið.

Þar sem hv. þm. hafa haft þetta frv. lengi á borðinu hjá sér og hafa þegar kynnt sér það, tel ég ekki ástæðu til að rekja það nánar, en vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 317).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið hingað í hv. d. frá hv. Ed., og hv. landbn. þeirrar d. flutti nokkrar brtt. við frv., sem voru samþ. þar í deildinni shlj. og frv. samþ. shlj. þar, eins og það liggur nú hér fyrir.

Þegar landbn. þessarar d. tók málið fyrir, gátu ekki mætt á fundinum þrír af nm., en við fjórir nm., sem undirritum nál. á þskj. 317, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 337).

---

23. Almannatryggingar.

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [116. mál] (stjfrv., A. 236).

Á 39. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa bætur almannatrygginganna að undanförnu, nú um langan tíma a. m. k., verið samræmdar almennum launahækkunum í landinu. Fyrst voru þessar bótahækkanir miðaðar við laun opinberra starfsmanna, en eftir kjaradóminn var í stað þess að miða við kaup opinberra starfsmanna, sem var þá erfitt til viðmiðunar, vegna þess að breytingar hjá þeim voru svo misjafnar, miðað við kaup verkamanna. En í öllum tilfellum var þetta þó þannig, að það þurfti nýja lagasetningu um bótahækkanir, hverju sinni sem þeim var breytt. Þetta er dálítið fyrirhafnarsamt, og niðurstaðan hefur því orðið sú að setja lög, sem í eitt skipti fyrir öll tryggi það, að ráðh. sé heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta í samræmi við breytingar á grunntaxta verkamanna, og hefur því verið valinn sá grunntaxti, sem greiddur er við almenna fiskvinnu.

Þetta er aðalefni frv. og raunverulega engin breyting frá því, sem verið hefur að undanförnu, önnur en sú, að hér er með lagasetningu heimilað í eitt skipti fyrir öll að gera þetta á þennan ákveðna hátt, í staðinn fyrir að áður þurfti að leita til Alþingis hverju sinni með nýja lagasetningu.

Í ákv. til brb. er síðan gert ráð fyrir, að sú hækkun, sem varð á almennum verkalaunum með júnísamkomulaginu í fyrra, komi til fram-

kvæmda við bótagreiðslurnar á þann hátt, að það verði greidd 5% hækkun á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 og til gildistöku þessara laga.

Í frv., sem hér var flutt í haust um verðtryggingu launa, var ákvæði um það, að hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar skyldi af sjálfu sér einnig ná til bótagreiðslnanna, þannig að það, sem hér er um að ræða, eru eingöngu þær bótahækkanir, sem leiðir af hækkun eða breytingu grunnkaupsins.

Þetta verða náttúrlega, þegar til framkvæmdanna kemur, nokkuð mikil útgjöld fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Það er gert ráð fyrir, að aukinn kostnaður við þessar greiðslur nemi um 34 millj. kr., miðað við 1½ ár frá 1. júlí 1964 til 31. des. 1965, og þessa upphæð mundi þá Tryggingastofnun ríkisins verða að taka á sig til bráðabirgða, og það mundi ekki koma til jöfnunar fyrr en við uppgjörið um næstu áramót. Ég held, að þetta sé eðlileg breyting á núverandi fyrirkomulagi, og vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er að mínum dómi sjálfsögð og eðlileg regla, að bætur samkv. almannatryggingalögunum taki breytingum til hækkunar í samræmi við launabreytingar, sem verða, og þannig má segja, að það hafi verið í framkvæmdinni, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir hér áðan. Það hefur gerzt með þeim hætti, sem hann lýsti, lagabreytingu hverju sinni.

Ég er að sjálfsögðu samþykkur og meðmæltur þeirri stefnu, sem í þessu frv. felst, og það má fallast á það, að út af fyrir sig sé það til bóta að gera svona almenna breytingu í stað þess að þurfa að leita eftir samþykki Alþingis hverju sinni um svo sjálfsagða breytingu. En það, sem ég vildi benda á við 1. umr. málsins, er þetta, að mér finnst hér um svo sjálfsagt mál að ræða, að úr því að farið er að breyta þessu á annað borð í það horf, sem hér er ráðgert, þá hefði mér þótt æskilegra, að það hefði beinlínis verið tekið fram í þessum breyt. eða þeirri lagagr., að upphæðir bóta samkv. lögum þessum skyldu breytast í samræmi við grunnkaupstaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, í stað þess, sem er í þessu frv. gert ráð fyrir, að ráðh. sé aðeins heimilt að ákveða þetta. Nú dettur mér ekki í hug að væna hæstv. ráðh., hvorki þann, sem nú situr, né hans eftirkomendur, um það, að þeir muni ekki beita þessu ákvæði. Ég geri ráð fyrir því, að ef það er komið í lög í heimildarformi, verði því jafnan beitt. Ég efast reyndar ekki um það. En úr því að það er nú svo, þá finnst mér, að það hefði verið skemmtilegri blær á því að staðfesta það hreinlega og láta það koma fram í lögunum sem skyldu. Það er eins og á þessu sé hálfgerður svipur einhvers hiks, og það held ég að sé ekki viðeigandi í þessu máli.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég held, að það sé alveg rétt hjá hv. þm., að það sé enginn vafi á því, að hvorki nú né síðar verði hikað við að beita þessari heimild, þannig að einu má gilda þannig, hvort l. verða í því formi, sem þeim er hér ætlað að vera, þ. e. a. s. heimildarlög, eða hvort þetta yrði ákveðið alveg fast. En það hefur nú verið haft í þessu formi, til þess að það geti farið í gegnum tryggingaráð og það lagt fram sínar skoðanir á málinu. Kannske gæti það eitthvað orkað tvímælis, ef það væri beinlínis skylda, hvaða nákvæma tala væri tekin, þannig að það væri heppilegra, að það væri ákvörðun ráðherrans, að fengnum tillögum tryggingaráðs, sem gilti hverju sinni. Annars legg ég ekkert upp úr þessu og get alveg eins fellt mig við það, ef hv. þdm. vildu heldur, að þetta væri sett í fast form, heldur en að hafa það í þessu heimildarformi, sem það nú er í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 8. marz, var frv tekið til 2. umr. (A. 236, n. 300 og 304, 298, 301).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt það frv., sem hér liggur fyrir, á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við, sem stöndum að nál. á þskj. 300, leggjum til, að frv. verði samþykkt. Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) áskilur sér þó rétt til að flytja við frv. frekari brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Þá eru fluttar við frv. brtt. á þskj. 301 varðandi aðrar greinar almannatryggingalaganna, þ. e. a. s. brtt. við 26. og 72. gr., sem ég mun koma að síðar. Hv. 9. þm. Reykv. (AG) skilar séráliti. En hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Með þessu frv. er lagt til, að ráðh. sé heimilað, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta almannatrygginga til samræmis við þær breytingar, sem verða á grunnkaupstaxta verkamanna í almennri fiskvinnu, og í bráðabirgðaákvæðinu, að ráðh. sé heimilað að greiða 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri frá 1. júlí 1964, þar til frv. öðlast lagagildi. En það er áætlað, að sú hækkun, sem varð á árinu 1964 á grunnkaupstaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, sé alveg um 5%.

Sú breyting, sem á yrði skv. þessu frv., yrði sú, að eftirleiðis yrði ráðh., að fengnum tillögum tryggingaráðs, heimilað að ákveða upphæðir bóta skv. því, sem áður segir, í stað þess að nú þarf til þess lög hverju sinni. Það hefur, eins og hv. þm. muna, oft verið gert. Hefur þá verið miðað við almennar launahækkanir, sem orðið hafa, ýmist á launum verkamanna almennt eða launum opinberra starfsmanna, en það síðast talda hefur þó ekki

getað verið viðmiðunargrundvöllur, eftir að lögin um kjaradóm komu til framkvæmda.

Ég skal þá víkja að brtt. á þskj. 301, sem eins og áður segir eru við 26. og 72. gr. almannatryggingalaganna.

Eins og hv. þdm. eflaust muna, voru fram til ársins 1960 undanþegnir iðgjaldagreiðslu til almannatrygginga þeir, sem hvorki greiddu tekju- né eignarskatt. En þegar ríkisstj. á árinu 1960 beitti sér fyrir hinni miklu skattalækkun með stórkostlegum persónufrádrætti, lækkaði tala þeirra, sem tekjuskatt greiddu, niður í eitthvað milli fjórða og fimmta hluta þess, sem áður var. Þá var þessi viðmiðun almannatryggingalaganna þar með orðin næsta óeðlileg, og var tekinn upp sá háttur að miða við útsvarsskyldar tekjur, og í núgildandi lögum um almannatryggingar, frá árinu 1963, er í samræmi við það miðað við ákveðnar upphæðir í krónutölu, þ. e. a. s. hreinar tekjur á skattárinu hafi ekki farið yfir 15 þús. kr. fyrir einstakling, 25 þús. kr. fyrir hjón og 6 þús. kr. til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri.

Á s. l. ári var með l. nr. 51 frá 1964 gerð sú breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, að persónufrádráttur við útsvarsálagningu var aukinn í 25 þús. kr. fyrir einstaklinga, 35 þús. fyrir hjón og 5 þús. fyrir hvert barn innan 16 ára á framfæri, og útsvarsstiganum var jafnframt breytt. Eftir þessa breytingu á tekjustofnal. eru ákvæði almannatryggingalaganna, þar sem iðgjaldaskylda er bundin við ákveðnar tekjur í krónutölu, ekki lengur í fullu samræmi við þá hugmynd, sem að baki lá, nefnilega að skylda til iðgjaldagreiðslu miðist við það, að hlutaðeigandi hafi haft útsvarsskyldar tekjur. Til samræmingar eru því brtt. á þskj. 301 fluttar, og þær eru um það eitt, að í stað tiltekinna upphæða í krónutölu, skuli miðað við það, að gjaldandi hafi haft útsvarsskyldar tekjur á skattárinu, eins og þær eru ákveðnar í 2. og 3. mgr. 31. gr. l. nr. 51 frá 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt. Ég sé, að hv. 9. þm. Reykv. hefur flutt á þskj. 298 brtt. við frv., sem hann að sjálfsögðu mun gera grein fyrir, og sé ég ekki að svo komnu ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka það fram, að brtt. á þskj. 301 stendur öll heilbr.- og félmn. Hér er ekki um meiri eða minni hl. að ræða, eins og segir á þskj., heldur hafa þær till., sem eru viðbót við frv. sjálft, verið samþ. ágreiningslaust. Hins vegar varð ekki samkomulag í n. um afgreiðslu frv. í því formi, sem það hefur lagt fram. Ég flyt sem minni hl. tvær brtt. við sjálft frv., og eru þær á þskj. 298. Ég vil gera stuttlega grein fyrir þessum brtt.

Í 1. gr. frv. segir, að verði breyting á grunnkaupstaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, sé ráðh. heimilt, að fengnum till. tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta samkv. l. þessum í samræmi við það. Hér er m. ö. o. heimilað að hækka bótafjárhæðir almannatrygginga í samræmi við hækkun á grunnkaupstaxta verkamanna. Hér er um mikið réttlætis- og sanngirnismál að ræða, og ber að fagna því, að þetta komi fram. Hið eina, sem mér finnst að í þessu sambandi, er, að hér er aðeins um heimild að ræða, en ekki skyldu. Hingað til hefur hið háa Alþingi haft þessi mál í sínum höndum og tekið hverju sinni afstöðu til breytinga á upphæðum bóta almannatrygginga. Nú ætlar Alþ. með þessu að afhenda ráðh. þetta vald. Það á að vera komið undir vilja eða geðþótta ráðh., hvort og hvenær þessari heimild skuli beitt. Þetta finnst mér ekki rétt, mér finnst það ekki sanngjarnt, og ég held, að þetta vaki ekki fyrir frv.-flytjendum. Ég hygg, að fyrir þeim vaki, að þetta skuli gert hverju sinni. Og ef svo er, hvers vegna skyldi það þá ekki koma fram í orðalagi greinarinnar. Ég legg sem sagt til, að í staðinn fyrir þessa heimild komi skylda, að bætur almannatrygginga skuli hækka til samræmis við grunnkaupshækkanir verkamanna við almenna fiskvinnu.

Í ákvæðum til bráðabirgða kemur nokkuð svipað fram. Þar er ráðh. heimilað, að fengnum till. tryggingaráðs, að ákveða greiðslu 5% uppbóta á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí til gildistöku þessara laga. Finnst mér um hreinan óþarfa að ræða að tala hér um heimild. Annaðhvort hefur það verið ætlun frv.-flytjenda, að þetta skyldi gert í eitt skipti fyrir öll, eða það hefur ekki verið meining þeirra. Ég tel því sérstaka ástæðu til þess, að þetta sé orðað svo í þessu tilviki, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 o. s. frv. Hitt er út í loftið, að tala hér um heimild eða fara að leita álits tryggingaráðs, eftir að Alþingi væri búið að samþykkja þetta. Hér mun það einnig vera ákveðin ætlun frv.-flytjenda, að þetta skuli gert, og þá er rétt að orða frv. í samræmi við það.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á þessu ákveðna tímabili. En það á ekki að greiða þessar uppbætur á neinar aðrar bótafjárhæðir almannatrygginganna. Meiningin með þessu ákvæði um 5% hækkun er sú, að talið er, að grunnkaup verkamanna við almenna fiskvinnu hafi á árinu 1964 hækkað sem svarar þessu, hækkað um 11%. Hvers vegna er þetta ekki látið ná til allra bótafjárhæða almannatrygginganna, en aðeins til tveggja tegunda? Nú er það þó ætlunin, að í framtíðinni skuli fylgjast að hækkun á grunnkaupi og hækkun á bótafjárhæðum, öllum bótafjárhæðum almannatrygginganna. En í þetta sinn á að skera við nögl sér og aðeins láta tvær bótategundir njóta þessa? Ég tel þetta vera sanngirnismál, að 5% uppbót sé greidd fyrir árið 1964, þótt það sé gert eftir á, en ég tel það sjálfsagt, að þetta nái til allra bóta. Sú stefna er tekin upp með frv. að láta þetta fylgjast að, og engin ástæða er til þess að gera undantekningu fyrir þetta tímabil. Ég

legg því eindregið til, að allir bótaþegar almannatrygginganna verði þessarar hækkunar aðnjótandi frá 1. júlí 1964.

Ég sé ekki betur en þetta sé sanngirniskrafa. Og ég efast ekki um, að þeim, sem frv. þetta flytja, finnist það í raun og veru líka. Hvers vegna á að skilja tiltekinn fjölda bóta undan í þessu efni? Ég vil meina, að þetta eigi einnig að ná til fjölskyldubóta, sem þó að margra dómi hafa nokkra sérstöðu innan tryggingakerfisins. Úr því að verið er að halda í fjölskyldubætur í því formi, sem þær eru nú, eiga þær vitanlega að njóta hækkana í samræmi við dýrtíð, enda er það ætlunin í framtíðinni samkvæmt þessu frv. Nei, það eina, sem mælir á móti því að láta réttlætið gilda fyrir alla í þessu efni, er að sjálfsögðu kostnaðurinn. Þetta kostar fé, og það er í sjálfu sér dyggð af stjórnarvöldum að vera sparsöm á fé þjóðarinnar. En ég tel það þó koma sérstaklega illa niður í þessu tilfelli, þar sem um er að ræða yfirleitt það fólk í þjóðfélaginu, sem lakast er sett og verður tilneytt að njóta þessarar hjálpar, að sparnaður hæstv. ríkisstj. skuli sérstaklega koma niður á þessu fólki. Fé til 5% hækkunar þessara tveggja bótategunda er ekki talið vera fyrir hendi nú, heldur verði að greiða það upp á næsta ári, og það er hægt að gera það sama um allar bætur, jafnvel þótt það kosti fáeinum milljónatugum meira. Ég legg því eindregið til, að allar bætur almannatrygginga verði aðnjótandi þessarar hækkunar frá 1. júlí 1964 til gildistöku laganna.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að gera lítils háttar nánar grein fyrir því, sem virðist vera ágreiningsefni á milli hv. 9. þm. Reykv. og þess eða þeirra, sem frv. hafa samið.

Hv. þm. veit það eins vel og ég, að allar bætur almannatrygginganna hafa ekki verið taldar — ég vil segja jafnréttháar, ef ég má kveða svo að orði. Fjölskyldubætur t. d. hafa ekki verið látnar fylgja öðrum bótahækkunum, og sama má segja, að sé gert í öðrum tilvikum. T. d. undirstrikaði hv. þm., að hann væri aðili að brtt. á þskj. 301, en þar er gerður munur á bótum og það verulegur. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkv. þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna og fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur."

Þarna eru þeir, sem hafa notið þessara bóta, sem nefndar eru í till. hv. þm. sjálfs, ekki jafnréttháir um það, að iðgjöld þeirra verði greidd af sveitarfélögunum, eins og hinir, sem njóta annarra bóta. Þess vegna er það út af fyrir sig ekkert nýtt, að það sé nokkur munur á gerður í ýmsum tilvikum, hvernig þessar bætur eru hækkaðar. Ég held, að það sé ágreiningslaust, að ellilífeyririnn og örorkubæturnar séu þær viðkvæmustu og þær, sem þurfi að leiðréttast mjög fljótlega við verðbreytingar í landinu, og þess vegna hafa þær verið teknar út úr í ákvæðunum um að greiða þessar hækkanir frá 1. júlí til gildistöku frv. En náttúrlega má endalaust um það deila, hvort ekki ætti þá að taka eitthvað fleira með. En ég undirstrika bara, að jafnvel í huga hv. þm. sjálfs er gert upp á milli bótaþeganna, eins og kemur fram í brtt. á þskj. 301, sem hann telur sig vera aðila að.

Hitt atriðið, sem virðist hafa valdið nokkrum ágreiningi hjá honum, er það, að hér er einungis um heimildarákvæði að ræða, en hann telur sjálfsagt að hafa þetta skyldu. Nú skal ég segja honum það alveg skýlaust sem mína meiningu, eins og hann líka tók fram í sinni ræðu, að ég held, að ég geti fullyrt, að það sé ákveðinn vilji, a. m. k. núv. ríkisstj., að þessi heimild verði notuð. En einmitt þetta atriði, sem ég nefndi áðan um það, að það geta verið tilvik, þar sem mismunandi aðstaða kemur til greina, gerir það að verkum, að það er betra að hafa ákvæðið það rúmt, að það sé hægt að víkja til, ef það sýnist rétt og nauðsynlegt. Ég skal taka fjölskyldubæturnar t. d. Þær eru að mjög verulegu leyti tengdar skatta- og útsvarsákvæðum og raunverulega eiga þær fullkomlega sammerkt við þá lagasetningu. Þess vegna getur verið nauðsynlegt að hafa heimild til þess, ef það þykir að athuguðu máli réttara, að láta fjölskyldubæturnar ekki njóta þessara hækkana, hafa það sem sagt á valdi ríkisstj., hvort gert er. Og það er sú hugsun, sem liggur á bak við þetta ákvæði, að hafa þetta heimild, en ekki skyldu. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að þessi háttur, sem hafður er á í frv., að hafa þetta heimildarákvæði, er ekki á neinn hátt fram kominn vegna þess, að ríkisstj. vilji skjóta sér undan því að gera þessar hækkanir á bótunum, en einungis vegna þess, að hún telur, að það geti verið praktískara í framkvæmd að hafa þetta þannig, að það megi nokkuð hnika til eftir ástæðum, sem nauðsynlega verður að taka tillit til. Ef svo væri ekki, gæti ég fyrir mitt leyti alveg fallizt á að hafa þetta skyldu. En ég tel þetta praktískara, ekki til þess að svíkjast undan því að greiða þessar hækkanir, heldur til þess að þær séu praktískt framkvæmanlegar.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af tilmælum hv. 9. þm. Reykv. varðandi brtt. á þskj. 301. Ég hlýt að taka það á mig, ef hér hafa orðið mistök, því að ég efa ekki, að hann skýri rétt frá því, að það hafi verið fullt samkomulag í n. um brtt. Ég hafði samið nál. eftir bókun á nefndarfundi, en þar er ég nú reyndar sjálf fundaskrifari, svo að alla vega mun þetta vera mín sök. En ég skal þá hlutast til um, að þskj. verði prentað upp og brtt. séu frá allri n., enda hygg ég, að það sé rétt, að hv. þm. muni hafa þar tjáð sig samþykkan þeim.

Ég vil aðeins bæta nokkrum orðum við það, sem hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni áðan varðandi bótagreiðslur aftur í tímann. Það er alveg rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að fjárhags-

sjónarmið hljóta alltaf að ráða miklu og mestu um, þegar ákveða skal breytingar eða hækkanir á bótum, og ég býst við, að það hafi alla tíð verið svo. En á bótagreiðslum eða uppbótum á tryggingabætur aftur í tímann eru ýmsir annmarkar í framkvæmd. Ég vil t. d. nefna barnalífeyrinn, sem, þegar sleppir elli- og örorkulífeyri, mun vera sú tegund bóta, sem mestu nemur í krónutölu, ég ætla um 80 millj., barnalífeyririnn samanlagt. Hins vegar eru 2/3 af því endurkræfur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnunin krefur sveitarfélögin um. Nú er það svo, að um áramót er gert upp og sveitarfélögin kvittuð fyrir árið, og það mundi vera mjög vafasamt, að Tryggingastofnunin gæti svo, þegar kemur fram á næsta ár og búið að gera upp reikninga og kvitta, að Tryggingastofnunin gæti þá komið með reikninga fyrir uppbætur, sem hafi verið ákveðið að greiða, kannske mörgum mánuðum eftir að reikningsuppgjöri er lokið. Svo má líka nefna það, að það er ákaflega erfitt, og forstjóri Tryggingastofnunarinnar tjáði mér, að það mundi vart vera hægt að koma til bótaþega smáupphæðum á minni háttar bótagreiðslur, við skulum segja t. d. sjúkradagpeninga o. fl. Uppbætur nema þar svo smáum upphæðum, að fyrirhöfn svarar varla kostnaðinum.

Þá sagði hv. 9. þm. Reykv., að með þessu sé verið að afhenda ráðh. vald, ef frv. um heimild honum til handa verði samþ., það sé verið að afhenda ráðh. vald, sem áður hafi verið, að mér skilst, í höndum Alþingis. Ég fæ ekki annað séð en Alþingi geti hvenær sem er haft það vald í sinni hendi. Ef ráðh. þætti beita heimildinni á þann veg, að menn væru einhverra hluta vegna ekki ánægðir með, er það auðvitað Alþingi, sem fyrst og fremst hefur valdið í sínum höndum.

Þá sagði hv. þm., að þetta væri ekki nema sjálfsagt réttlætismál, að bótaupphæðirnar breyttust til samræmis við kauphækkanir, sem verða. Ég man það nú að vísu ekki svo glöggt, enda átti ég ekki sæti á Alþingi í tíð vinstri stjórnarinnar, en mig grunar þó, að þá hafi ekki alltaf verið fylgt jafnt og þétt eftir þeim launahækkunum, sem urðu, með hækkun á bótum almannatrygginga. Það mun þó að sjálfsögðu einhver leiðrétta, ef ég fer ekki þar með rétt mál. En hafi það ekki verið, sem er grunur minn, skil ég ekki, hvernig hann hefur getað séð réttlætinu svo traðkað, þegar þeir voru við völdin, sem hann átti þó að hafa aðstöðu til þess að hafa áhrif á.

ATKVGR.
Brtt. 301,a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 301,b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 298,1 felld með 9:4 atkv.
1. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 298,2 felld með 9:4 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 312).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 312, n. 429).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á tveim fundum og mælir með því, að það verði samþykkt. Frv. hefur inni að halda ákvæði um það, að breyt. á bótagreiðslum almannatrygginga til hækkunar geti eftirleiðis orðið til samræmis við hækkun á grunnkaupstaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, í stað þess að áður hefur þurft lagabreytinga við hverju sinni, til þess að slíkar hækkanir gætu átt sér stað. Í bráðabirgðaákvæði er ráðh. heimilað, að fengnum till. tryggingaráðs, að ákveða, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laganna. — Eins og ég áðan sagði, mælir heilbr.- og félmn. með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

23. Nafnskírteini.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um útgáfu og notkun nafnskírteina [142. mál] (stjfrv., A. 142).

Á 51. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að gefin verði út nafnskírteini af nánar tiltekinni gerð til allra einstaklinga 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi. Um alllangt skeið hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess, að gefin væru út einhvers konar persónuskilríki til ungmenna, til þess að hægt væri að framfylgja fyrirmælum í áfengislögum, barnaverndarlögum, lögreglusamþykktum og víðar varðandi ýmsar athafnir og lífshætti ungmenna. Er það einn aðaltilgangur þessa frv. að auðvelda framkvæmd slíkra ákvæða. Annar megintilgangur frv. er sá að fullnægja tilfinnanlegri þörf fyrir persónuskilríki almennt, sem menn geta notað til þess að sanna, hverjir þeir séu og hver aldur þeirra sé. Þriðji megintilgangur frv. er að skapa grundvöll fyrir fullri hagnýtingu þjóðskrárinnar eða réttara sagt hins svonefnda nafnnúmers þjóðskrárinnar.

Á síðari árum hefur notkun skýrsluvéla farið mikið í vöxt á ýmsum sviðum opinberrar starfsemi. Hagstofan tók í notkun skýrsluvélar á árinu 1949, en þær voru aðeins til töluúrvinnslu, enda ætlaðar til hagskýrslugerðar eingöngu. Á árinu 1952 komu til landsins fyrstu svokölluðu alfabetísku skýrsluvélar fyrir frumkvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem þá hafði fyrir nokkru ákveðið að hefja notkun skýrsluvéla við útreikning og útskrift á rafmagns- og hitaveitureikningum. Upp úr því gerðu ríkisstj. og Reykjavíkurborg með sér samning um sameiginlegan rekstur skýrsluvéla, og hlaut fyrirtækið nafnið Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þar hefur síðan verið unnið að hvers konar úrvinnslu vélspjalda fyrir ríkið og Reykjavíkurborg og raunar fyrir ýmsa aðra aðila. Á sínum tíma var ákveðið að nota þessa nýju véltækni til að koma á fót og starfrækja framvegis vélspjaldskrá yfir alla landsmenn, þjóðskrá, eins og hún hefur verið kölluð. Hún var sett á laggirnar á árunum 1952—54. Þjóðskráin hefur svo að segja frá stofnun hennar látið í té íbúaskrár og hvers konar aðrar skrár til opinberra nota, og síðan á árinu 1954 hafa vélspjöld þjóðskrárinnar í vaxandi mæli verið notuð sem grundvöllur að vélrænum útreikningi skatta og gjalda til hins opinbera. Á árinu 1963, eftir að nýju skattumdæmin höfðu komið í stað á þriðja hundrað skattumdæma, voru í fyrsta sinn öll skattframtöl landsmanna tekin til meðferðar í vélum að því er snertir tekjuskatt og önnur iðgjöld.

Til þess að auka og bæta þjónustu þjóðskrárinnar var á árinu 1959 öllum landsmönnum, 12 ára og eldri, gefið nafnnúmer, og síðan hafa þeir, sem hafa náð þeim aldri, fengið nafnnúmer árlega. Nafnnúmerið, sem er 8 stafa tala, er auðkenni hvers manns og greinir hann frá öllum öðrum í þjóðfélaginu. Nafnnúmer var tekið upp til þess, að unnt væri að hagnýta vélarnar með meiri árangri á ýmsum sviðum, og nýlega hefur notagildi nafnnúmersins verið stóraukið með því, að bætt hefur verið við það svonefndri baktölu, sem hefur það sérstaka hlutverk að láta vélarnar segja til strax á fyrsta stigi vélaúrvinnslu, ef rangt númer er á spjaldi einstaklings. Nafnnúmerið hefur komið að miklum notum, m. a. við álagningu og útreikning opinberra gjalda og við launabókhald ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, sem nú um nokkurra ára skeið hefur farið fram með skýrsluvélum. Þess má og geta, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur síðan á árinu 1962 notað nafnnúmer þjóðskrárinnar sem sjúkrasamlagsnúmer.

Hins vegar er nú komið að mörkum þess, sem hægt er að nota hið umrædda nafnnúmer, nema hver einstaklingur á starfsaldri þekki sitt númer og geti, þegar þörf krefur, sannað fyrir aðilum, sem hann á skipti við, hvert númerið sé. Svo getur því aðeins orðið, að gefið sé út nafnskírteini til hvers og eins, sem náð hefur ákveðnum aldri, og sé á skírteininu nafnnúmer skírteinishafa auk nafns hans, fæðingardags og ef til vill fleiri upplýsinga. Í athugasemdum með þessu frv. eru ýtarlegar upplýsingar um notkunarmöguleika nafnnúmersins og þýðingu nafnskírteinis í því sambandi, og vil ég vísa til þess án þess að fara frekar út í það í þessari ræðu.

Á síðustu árum hafa komið fram nýjar rafeindavélar til úrvinnslu gatspjalda, sem hafa skapað algerlega ný viðhorf að því er varðar starfsaðferðir og starfsafköst í opinberri starfsemi og raunar í hvers konar bókhalds- og skrifstofustörfum. Hér er um að ræða víðtæka vélvæðingu skrifstofustarfa, sem nú ryður sér til rúms hvarvetna. Ef rétt er á haldið, fylgir þessari nýju tækni mikill vinnusparnaður, stóraukið öryggi í störfum og ólíkt meiri vinnuhraði en áður hefur þekkzt. Almenn notkun nafnskírteinis skapar mjög aukna möguleika til þess að nota þessa nýju véltækni bæði í opinberri starfsemi og í einkarekstri, þar sem skilyrði eru til að hagnýta allar þessar nýju vélar. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að nú er lagt til, að nafnskírteini verði gefin út til allra einstaklinga á starfsaldri. Það má fullyrða, að möguleikar séu til að hagnýta nafnskírteini með ávinningi á svo að segja öllum sviðum opinberrar starfsemi, þar sem um er að ræða samskipti borgara og opinberra aðila.

Þeir Baldur Möller ráðuneytisstjóri, Klemenz Tryggvason hagstofustjóri og Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri hafa látið í té álit um útgáfu nafnskírteinis og er það prentað sem fylgiskjal með frv., á bls. 9 og 10. Þeir leggja eindregið til, að hafizt verði handa um almenna útgáfu nafnskírteinis. Þeir benda á, að stofnkostnaðurinn ásamt árlegum viðhalds-

kostnaði fyrir ríkið er hverfandi samanborið við þann ávinning, sem þeir telja að fylgi almennri útgáfu nafnskírteina. Stofnkostnaður við útgáfu nafnskírteina er áætlaður 450 þús. kr., en árlegur viðhaldskostnaður í framtíðinni 30—40 þús. kr. á ári, miðað við núgildandi verðlag.

Um einstök atriði frv. vísa ég til ýtarlegra skýringa við einstakar greinar þess. Rétt er þó að nefna ákvæði 5. gr., þar sem heimilað er, að ökuskírteini komi í stað nafnskírteinis. Þetta getur þó ekki orðið frá byrjun, heldur jafnóðum og gildistími ökuskirteina rennur út, vegna þess að í nýjum ökuskírteinum þurfa að vera þær upplýsingar flestar eða allar, sem ætlazt er til að verði í nafnskírteininu.

Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir í hv. þd., og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er fyrst og fremst eitt ákvæði í þessu frv., sem mér finnst ástæða til að staldra við og óska eftir upplýsingum um, á hverju það sé byggt, en samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að það sé ekki skylda að hafa ljósmynd í nafnskírteininu. Það er að vísu tekið fram í niðurlagi 3. gr.: „Heimilt er að ákveða, að mynd skuli vera á öllum nafnskírteinum," — ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota, en annars er alls ekki um það að ræða, að það sé skylt að hafa mynd í nafnskírteininu, heldur ýmist gert ráð fyrir því, að það sé lagt á vald hvers og eins, hvort hann vill hafa mynd í nafnskírteini sínu eða ekki, og svo aftur tekið fram, að þegar nota á nafnskírteinið sem persónuskilríki í sambandi við það, þegar lög eða reglugerðir eða reglur áskilja ákveðinn aldur sem skilyrði fyrir því að mega koma á stað, t. d. veitingastað, eða skilyrði fyrir viðskiptum, þá skuli nafnskírteinið þó því aðeins vera gilt sem sönnunargagn um aldur, að mynd sé í því. En það sýnist vera eftir þessu frv. lagt þannig á vald hlutaðeiganda sjálfs, hvort hann vill hafa mynd í skírteininu eða ekki. Ef hann óskar ekki að hafa mynd, þá getur hann það. Að vísu getur það haft þessar afleiðingar fyrir hann, að skírteinið dugi honum ekki sem skilríki, þegar hann vill eiga viss viðskipti eða komast á einhvern tiltekinn stað. En ég verð að segja það, að ég er dálitið hissa á þessu, úr því að verið er með löggjöf sem þessa, að það skuli ekki vera stigið hér greinilegt skref og gert að skyldu, að ljósmynd skuli vera í nafnskírteini. Ég held, að það hljóti flestir að vera sammála um það, að nafnskírteini sé lítilsvirði sem persónuskilríki og sönnunargagn, í vissum tilfellum a. m. k., nema það sé mynd í því, og hvers vegna þá ekki að áskilja það og hafa það sem skyldu. Við vitum, að það er mjög mikil nauðsyn á því í sambandi við viss málefni, að menn gangi með persónuskilríki, sem gefa glögga hugmynd um aldur þeirra.

Ég sé eiginlega ekki, hvað mælir á móti því að áskilja það strax í lögunum, að mynd skuli vera í nafnskírteininu. Ég sé að vísu í athugasemdum, að það er lauslega imprað á því, að því muni vera samfara nokkur kostnaður. Jú, auðvitað er því samfara nokkur kostnaður að láta taka mynd af sér. En þó er það ekki svo veigamikið atriði, að það sé rétt að láta það ráða. En ég gat ekki séð í athugasemdum, að það væri bent á annað, sem mælti gegn því að kveða alveg skýrt á um það í þessum lögum, að ljósmynd skyldi vera í nafnskírteini. Ég held, að það þurfi að vera, ef þetta nafnskírteini á að vera persónuskilríki og sönnunargagn, sem að gagni á að koma. Það er að sjálfsögðu ljóst, að númer mannsins getur komið að notum í vissum samböndum, og við sjáum, að með þessu frv. er sjálfsagt vegna aukinnar tækni siglt hraðbyri í þá átt, að það verður farið að kenna menn bara við númer í stað þess að nota þeirra nöfn. En þótt það geti gengið á vissum stöðum og í vissum samböndum, á það ekki við alls staðar.

Ég vil sem sagt segja það, að ég álít, að það sé mikil þörf á því, einmitt sérstaklega vegna unglinga, að taka þannig upp almenna nafnskírteinisskyldu eða vegabréfaskyldu, ef þeir vilja kalla það svo. En þá á líka að gera vegabréfin eða nafnskirteinin þannig úr garði, að þau komi að fullum notum. Það á ekki að vera með neina hálfvelgju í þeim efnum, þannig að vera að leggja þetta á vald hlutaðeigandi unglings eða hlutaðeigandi aðila, hvort hann lætur gera nafnskírteinið þannig úr garði, að það sé auðvelt að átta sig á því, eða ekki. Það á að lögbjóða þetta að mínum dómi þegar í upphafi.

Ég vildi aðeins drepa á þetta hér við 1. umr., þó að ég að vísu eigi sæti í þeirri n., sem málið fer til, ef því verður vísað til allshn., eins og hæstv. ráðh. gerði till. um. En ég vildi samt vekja athygli á þessu hér og þá ef til vill heyra skýringar á þessu, ef til eru, hvers vegna þessi leið er farin í stað þeirrar, sem hér virðist sjálfsögð, að lögbjóða alveg hreinlega fullkomið nafnskírteini, en vera ekki með neitt hik í þessum efnum. Það er alveg víst, og það vita þeir, sem kunnugir eru þessum málum, að það er full þörf nú á slíkum skírteinum, hér í þessari borg a. m. k.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) fyrir undirtektir hans, þar sem hann lýsir sig sammála því, að það sé brýn nauðsyn á nafnskírteinum.

Hann gerði hins vegar aths. við 3. gr. frv. og taldi réttara að lögbjóða, að ljósmynd skuli fylgja hverju nafnskírteini. Í frv., eins og það liggur fyrir, er þetta látið frjálst að öðru leyti en því, að þegar tiltekinn aldur er tilskilinn í lögum eða reglugerðum, t. d. áfengislögum, lögreglusamþykktum eða öðrum ákvæðum, verði nafnskírteininu að fylgja mynd, til þess að það sé fullt sönnunargagn um aldurinn. En að þessu slepptu, sem sagt þegar ekki er áskilinn tiltekinn aldur fyrir því, að ungmenni megi koma á vissa staði eða eiga viss viðskipti, er

ekki lögboðið, að mynd skuli fylgja nafnskírteini.

Hins vegar er í niðurlagi 13. gr. heimild til að ákveða með framkvæmdarvaldsráðstöfun, að mynd skuli vera á öllum nafnskírteinum, ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota.

Það þótti ekki rétt að lögbjóða það strax í fyrstu umferð, að ljósmynd skyldi jafnan fylgja, og er komið inn á þetta í grg. um 3. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er talið rétt að lögbjóða, að mynd skuli vera á öllum skírteinum, enda mundi það leiða af sér óþörf fjárútlát fyrir marga.“

Þetta er byggt á því, að þegar sleppir þeim ungmennum, sem þurfa oft og tíðum að sanna aldur sinn, sé í mörgum tilfellum ekki nauðsyn að hafa mynd, þ. e. a. s. af fullorðnu fólki.

Hins vegar tel ég alveg sjálfsagt, að hv. allshn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, taki þessa ábendingu hv. 3. þm. Norðurl. v. til athugunar, og ég mun að sjálfsögðu ræða þessa athugasemd við aðalhöfund frv., sem er hagstofustjóri, sem hefur mest undirbúið þetta mál, og er ábendingin vissulega þess virði, að hún sé athuguð gaumgæfilega.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það ber mjög að fagna því, að þetta frv. er hér fram komið, margra hluta vegna, svo sem hér hefur verið rætt um af hæstv. fjmrh. og síðan að vikið af hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ). Ég vil geta þess hér, að milliþn. í áfengismálum, sem kosin var á síðasta þingi og hefur starfað allmikið síðan að athugun þeirra verkefna, sem henni voru fengin, komst mjög fljótlega að raun um það í viðræðum við þá aðila, sem hafa með að gera framkvæmd áfengislaga, að framkvæmd þeirrar löggjafar væri í rauninni útilokuð með öllu, nema algerlega af handarhófi, ef ekki kæmu til nafnskírteini eða vegabréf unglinga.

Það var því fyrsta tillagan, sem þessi nefnd sendi frá sér til ríkisstj., þegar á s. l. sumri, að hafizt yrði handa sem skjótast um setningu löggjafar, er innleiddi vegabréfaskyldu eða persónuskilríkjaskyldu, a. m. k. að vissu aldursskeiði, þannig að öruggt væri. að hægt væri að framkvæma áfengislögin að þessu leyti.

Svo sem hv. þm. muna, var hér til meðferðar í þingi í fyrra frv. um breyt. á áfengislögum, þar sem gert var ráð fyrir ýmsum nýjum ákvæðum til þess að vinna gegn áfengisneyzlu unglinga, og voru þær tillögur undirbúnar af sérstakri nefnd, sem hafði verið skipuð vegna vandræða, sem risið höfðu í sambandi við ýmsar samkomur, sem haldnar voru þá. Þetta frv. varð ekki útrætt vegna ágreinings, sem um það varð, og hefur það síðan verið til athugunar í þessari milliþn. En það var ljóst, að lögfesting þess var tilgangslítil og í rauninni algerlega út í hött, nema því aðeins að vegabréfaskylda eða nafnskírteinaskylda yrði jafnframt lögleidd.

Ég vildi láta þetta koma hér fram til þess að leggja áherzlu á það til viðbótar því, sem þegar hefur verið sagt, að það er brýnasta nauðsyn, að löggjöf um þetta efni verði sett og það sem allra fyrst, og með setningu þeirrar löggjafar mundi vera orðið tímabært að ganga frá þeim tillögum, sem orðaðar voru í fyrra í sambandi við sérstakar breytingar á áfengislögum, til þess að reyna að stemma stigu við óhóflegri áfengisneyzlu unglinga.

Ég vil þess vegna mjög leggja áherzlu á það, að lagt verði allt kapp á, að þetta frv. nái endanlegu samþykki á þessu þingi, og þykist reyndar vita, að allir hv. þm. séu sammála um, að það sé af mörgum ástæðum hin mesta nauðsyn, að tekin verði upp nafnskírteini, ekki eingöngu vegna þessara atriða, sem ég hef hér nefnt, heldur vegna hins, að þegar er orðið hér svo mikið fjölmenni, t. d. hér í höfuðborginni og í hinum stærri kaupstöðum, að það er úr sögunni, að hver þekki annan, ef svo má segja. Og það hafa komið fyrir ýmis vandamál, bæði í sambandi við kosningar og á mörgum öðrum sviðum, sem hafa til orðið vegna þess, að ekki hefur verið fyrir hendi möguleiki til þess að hafa slíkar sannanir á, um hvaða persónu væri að ræða.

Þar sem þetta frv. mun koma til athugunar í nefnd, sem ég á sæti í, sé ég ekki ástæðu til að ræða það nánar í einstökum atriðum. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér fram, öllum hv. þm. til vitneskju um það, að á þessu sérstaka sviði, sem ég nefndi, hefur þingmannanefnd sú, sem að þeim málum hefur unnið, verið sammála um, að það væri óumflýjanlegt til frekari aðgerða til úrbóta í áfengismálum, að þessi vegabréfaskylda verði lögleidd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 340).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. þetta og fengið á sinn fund hagstofustjóra, Klemenz Tryggvason, sem var einn þeirra þriggja nefndarmanna, er sömdu frv.

Það atriði, hvort sú ákveðna skylda ætti að vera í frv., að ljósmynd fylgdi nafnskírteini, var sérstaklega rætt, en nm. gátu ekki orðið sammála um nauðsyn þess, og er það ástæðan fyrir hinum almenna fyrirvara, sem fram kemur í nál. á þskj. 340.

Allir nm. voru sammála um það meginefni frv., að öllum landsmönnum, 12 ára og eldri, sé skylt að hafa nafnskírteini, sem mundi m. a. auðvelda alla löggæzlu í landinu og framkvæmd hinna fjölmörgu ákvæða um réttindi og skyldur, sem nú eru miðaðar við ákveðinn aldur manna, t. d. skyldusparnað, og ef að því yrði horfið, sem lengi hefur verið rætt um, að greiða opinber gjöld jafnóðum af launum, auk þess sem útgáfa nafnskírteina ætti að geta leiðrétt ýmsar rangfærslur, sem í dag eru t. d.

á launagreiðslumiðum starfsfólks, um fæðingardaga og ár.

Höfuðástæðan til þess, að nm. gátu ekki orðið sammála um að hafa þá skyldukvöð í frv., að ljósmynd skyldi undantekningarlaust fylgja nafnskírteini, var nánast sú, að stór fjöldi manna, t. d. allt eldra fólk, þyrfti ef til vill aldrei að framvísa slíku nafnskírteini og því óþarft að leggja þessa kvöð á það. Hins vegar bar öllum nm. saman um, að meiri heimild væri í slíku nafnskírteini með ljósmynd, og er gert ráð fyrir, að með sérstöku rúmi á skírteini þessu sé hægt að hafa ljósmynd.

Um frekari útskýringar á megintilgangi frv. fjölyrði ég ekki, en vísa til mjög ýtarlegrar grg., sem frv. fylgir, og framsöguræðu hæstv. fjmrh. í málinu við 1. umr. þess. Nefndin leggur til, eins og fram kemur á þskj. 340, að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. hafa fyrirvara um að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þessu um nafnskírteini fylgir mjög ýtarleg grg. Ég gerði allrækilega grein fyrir málinu í hv. Ed. og vil vísa til þess. Í Ed. var alger einhugur um málið, og það var samþykkt þar óbreytt.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 430).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hv. þd. hefur haft þetta frv. til athugunar og m. a. rætt nokkur atriði þess við hagstofustjóra, sem hefur samið frv. í samráði við dómsmrn.

Með frv. er lagt til, að gefin verði út nafnskírteini til allra einstaklinga, 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi. Skírteini þessu er ætlað að vera almennt persónuskilríki, og er í því sambandi m. a. nauðsynlegt, svo að unnt reynist að framkvæma ákvæði í áfengislöggjöf og lögreglusamþykktum, að því er varðar takmörkun á athafnafrelsi ungmenna. Auk þess er tilgangur frv. sá að skapa skilyrði fyrir fullri hagnýtingu hins svonefnda nafnnúmers þjóðskrárinnar.

Með hinum nýju rafeindavélum og annarri nýtízku vélvæðingu við hagskýrslugerð og margs konar bókhalds- og skrifstofustörf hafa skapazt nýir möguleikar til öruggari og afkastameiri vinnuhraða og raunar möguleikar til þess að framkvæma verkefni, sem áður voru mjög torleyst. Nafnnúmer er í þessu sambandi til mikils hagræðis sem öruggt einkenni einstaklingsins og skilríki.

Frv. var afgreitt shlj. frá d. Að vísu mun þar hafa verið hreyft því, hvort ekki væri rétt að lögbjóða skyldu til þess að hafa ljósmynd á skírteinunum, a. m. k. fyrir vissa aldursflokka. Þetta atriði kom einnig til sérstakrar athugunar í allshn. þessarar hv. þd., en í n., eins og í hv. Ed., var horfið frá því ráði við nánari athugun og eftir að rætt hafði verið um málið við þá, sem undirbjuggu frv. Í frv. er heimild til þess að krefjast ljósmyndar, og má gera ráð fyrir því, að það verði gert að því marki, sem æskilegt er og nauðsynlegt verður talið í einstökum byggðarlögum, og fyrir vissa aldursflokka, eftir því sem þurfa þykir að athuguðu máli í hverju tilviki, án þess að gera það að almennri kvöð að nauðsynjalausu.

Allshn. hv. d. leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og Ed. hefur þegar gert samhljóða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 457).

---

25. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 14. des. 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 14 20. marz 1957 [120. mál] (stjfrv., A. 242).

Á 40. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er í meginatriðum í samræmi við það samkomulag, sem gert var í júní s. l., og legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 336).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í þessu frv. felast breytingar á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og eru þessar breytingar fólgnar í því að lengja orlof ríkisstarfsmanna.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. N. sendi þetta frv. til umsagnar til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og barst umsögnin frá bandalaginu í bréfi, dags. 8. marz s. l., og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér kafla úr þessari umsögn, en þar segir svo:

„Áður en stjórnarfrv. þetta var lagt fram, fóru fram viðræður fulltrúa BSRB við fjmrh., og var honum tjáð, að bandalagið mundi fallast á breytingu, sem í frv. felst, en jafnframt óskað eftir, að orlof þeirra, sem hafa 20 ára starfstíma eða lengri, yrði 30 virkir dagar. Jafnframt því sem stjórn BSRB staðfestir stuðning sinn við nefnt lagafrv., vill hún, að tilgreint sjónarmið komi fram."

Samkv. núgildandi l. er orlof ríkisstarfsmanna að lágmarki 18 virkir dagar á ári, en fyrir þá, sem hafa starfað frá 10—15 ár í þjónustu ríkisins, er það 21 dagur, en fyrir þá, sem hafa starfað yfir 15 ár, eru það 27 dagar. Ég vil undirstrika það, að orlof opinberra starfsmanna er ákveðið með l., en er ekki eitt þeirra atriða, sem samið er um við bandalagið samkv. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Eftir þessu frv. eru þær breytingar á orlofsrétti opinberra starfsmanna, að þeir, sem hafa 18 daga orlof, fengju 21 virkan dag, þeir, sem hafa 21 dag, þ. e. a. s. þeir, sem hafa verið 10—15 ár í þjónustu ríkisins, fengju 24 daga, en hins vegar þeir, sem hafa orlof 27 daga, standi í stað. Hvað orlofsrétt þeirra snertir, felst ekki nein breyting í þessu frv.

Áður en þetta frv. var samið, lét fjmrn. fara fram ýtarlega könnun á því, hvaða breytingar hefðu orðið á orlofsreglum í sambandi við júnísamkomulagið á s. l. ári og þær kjarabreytingar, sem fylgdu í kjölfar þess, hjá ýmsum stéttarfélögum, og niðurstaðan af þeirri könnun varð einmitt sú, að þeir starfshópar, sem höfðu mestan orlofsrétt hjá hinum einstöku stéttarfélögum, fengju í mörgum tilfellum enga breytingu eða hækkun á orlofi. Þetta frv. er því alveg í samræmi við þær breytingar, sem urðu á s. l. sumri á orlofsrétti hjá stéttarfélögunum, og gengur alveg fyllilega jafnlangt.

Aftur á móti þegar efni þessa frv. var rætt við bandalagið, hefur það borið fram þá ósk, að þeir, sem hafa unnið sjá ríkinu í 20 ár eða lengur, fengju 30 virkra daga orlof. Það er í raun og veru ný regla, því að eins og gat um áðan, fá þeir hámarksorlof eftir 15 ár, og mér hefur skilizt á þessu bréfi bandalagsins, að það hafi við þessar viðræður sett fram þessa ósk, en samþykkt þessa niðurstöðu, þó að sú ósk væri ekki tekin til greina. Bandalagið var aðeins að koma þessu sjónarmiði sínu á framfæri, þó að það hafi sætt sig við frv. eins og það er.

Eins og ég gat um í upphafi, var þessu frv. vísað til heilbr.- og félmn., og nefndin var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58 fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 242, n. 413).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í júnísamkomulaginu svokallaða varð samkomulag milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og ríkisstj. um lengingu orlofs hjá verkafólki. Frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir til umr., er þess efnis, að starfsmenn ríkisins fái sömu lengingu orlofs og það fólk, sem náði þessum kjarabótum með samningum á s. l. ári, á þann veg, að starfsmenn fái í stað 18 daga 21 virkan dag nú í orlof án þess að missa af föstum launum, og þeir, sem hafa verið í þjónustu ríkisins í 10 ár og lengur skuli fá 24 daga.

Allshn. hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og mælir einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

---

26. Landgræðsla.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um landgræðslu** [104. mál] (stjfrv., A. 153).

Á 27. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrstu lög um reglulega sandgræðslu voru samþ. 1907. Hefur sandgræðslan starfað síðan að skipulegri heftingu eyðingar lands og sandfoks. Þó var það 1895, að lög voru sett, sem veittu sýslunefndum heimild til þess að gera samþykktir um heftingu sandfoks og leggja kvaðir á einstaklinga og félög til þess að vinna í þá átt.

Það fé, sem sandgræðslan hafði til umráða lengi vel, var mjög takmarkað og af skornum skammti. Fyrsti sandgræðslustjóri, Gunnlaugur Kristmundsson, hafði ekki alltaf úr miklu að spila, en hann var þrautseigur, hann var hagsýnn, og honum varð mikið úr því fé, sem hann fékk til ráðstöfunar, og í hans tíð, á meðan hann var sandgræðslustjóri, vannst mikið á þrátt fyrir mjög takmörkuð fjárráð og litlar fjárveitingar.

Það má geta þess, að fyrsta árið, sem sandgræðslan starfaði samkvæmt sandgræðslulögum, var fjárveiting aðeins 2000 kr. og 1920 er fjárveitingin ekki meira en 10 þús. kr. 1930 er fjárveitingin 50 þús. kr., og 1940 fer fjárveitingin niður í 31 þús. kr. Það segir sig sjálft, hvort það hefur verið mikið hægt að gera án þess að nota hverja krónu vel og með hagsýni, eins og reyndar Gunnlaugi Kristmundssyni tókst að gera.

En 1945 eru fjárráðin nokkuð aukin, og þá eru veittar 310 þús. kr. 1950 er fjárveitingin komin upp í 483 þús. kr., 1955 1 millj. 226 þús. kr., 1958 er fjárveitingin 1 millj. 930 þús. kr., og 1958 er flutt frv. til l. hér á Alþingi, sem samið var af mþn., og það er flutt í því skyni að auka fjárráð sandgræðslunnar. Það var lagt til að leggja gjald á búpeninginn, eina krónu á hverja sauðkind og 10 kr. á hvern stórgrip. Bændur voru ekki hrifnir af þessari tekjuöflunarleið, og hefur ekki verið reynt síðan að flytja frv. í því formi, en skv. þessu frv. átti einnig að afla fjár með sérstöku gjaldi á tóbak. Þetta frv. dagaði uppi og var endurskoðað af sömu mönnum, sem sömdu frv., sem fram var lagt 1958, og nokkrar breytingar á því gerðar, m. a. að sleppa þeirri hugmynd að afla tekna með gjaldi af búpeningi, en hins vegar var lagt til að leggja aukagjald í þessu skyni á áfengi.

Þetta frv., sem lagt var fram, ekki af rn., heldur af tveimur hv. þm., náði ekki heldur fram að ganga. En endurskoðun sandgræðslulaganna hefur eigi að síður verið haldið áfram, og fjárveitingar til sandgræðslunnar hafa aukizt. Lögin, sem sandgræðslan nú starfar eftir, eru frá 1941 og eru í marga staði merk og góð, þótt eðlilegt sé, að þeim sé breytt. Það má segja, að það hafi verið skaðlítið fyrir sandgræðsluna út af fyrir sig, þótt það drægist nokkuð að breyta lögunum, vegna þess að tekjur sandgræðslunnar hafa á þessum árum aukizt verulega. Eins og ég sagði áðan, var fjárveiting til sandgræðslumála tæpar 2 millj. 1958, 1 millj. 930 þús., en á árinu 1964 5 millj. 390 þús., og samkvæmt því frv., sem nú liggur frammi til fjárl. fyrir árið 1965, verður fjárveiting til sandgræðslunnar á því ári 7 millj. 55 þús. kr., og þetta er 376% aukning frá 1958 og náttúrlega, eins og allir vita, langtum meira hlutfallslega en kostnaðaraukinn, sem orðið hefur við framkvæmdir á þessu tímabili.

Þess vegna er það, að nú hefur verið samið frv. til nýrra sandgræðslu- og landgræðslulaga, og þar er ekkert um tekjuöflun fyrir sandgræðsluna, heldur skulu fjárráð sandgræðslunnar vera á hverjum tíma eftir því, sem fé er veitt á fjárl., og sýnist það vera eðlilegasti mátinn, því að hvort sem fjárins er aflað með sérstöku gjaldi á tóbak eða áfengi, er það raunverulega tekið úr ríkiskassanum, því að flestir munu segja, að takmörk séu fyrir því, hvað verð megi vera hátt á þessum vörum, og það er einmitt mesta öryggið fyrir sandgræðsluna, að fjárveitingar á fjárl. séu auknar, eftir því sem mögulegt er. Og þegar litið er á það, hvaða fjárveitingar hafa verið til sandgræðslumála undanfarin ár og hvaða fjárhæð sandgræðslan hefur nú, þá er náttúrlega ekki hægt annað að segja heldur en að rétt sé stefnt í þessum málum, og hefur sandgræðslustjóri látið þau orð falla í ríkisútvarpinu nýlega, að hinar stórauknu framkvæmdir á vegum sandgræðslunnar hafi því aðeins verið mögulegar, að fjárráð stofnunarinnar hafi verið aukin ríflega nú upp á síðkastið. Og það er vissulega gleðilegt, að það er nú séður möguleiki til fjáröflunar fyrir sandgræðsluna með öðrum hætti

en að leggja skatt á búpeninginn, en 1958 virtist enginn annar möguleiki vera öruggur til tekjuöflunar heldur en það.

Starfsemi sandgræðslunnar hefur aukizt mikið, og er þá ekki sízt að geta þess, að nú upp á síðkastið hafa verið teknar flugvélar, fyrst ein og síðan tvær, til þess að dreifa áburði á beitilönd, bithaga í sveitum og afréttarlönd, og er enginn vafi á því, að sú starfsemi á eftir að aukast, að dreifa áburði með flugvélum, og ef flugvélarnar eru notaðar rétt, mun það verða til þess, að bithagar og afréttarlönd verða grædd upp miklu fyrr og með léttara móti heldur en ef flugvélarnar væru ekki teknar með í starfið.

Það hefur vitanlega margt verið skrifað um starfsemi sandgræðslunnar á undanförnum árum. Það er eðlilegt. Þetta er orðinn stór þáttur í starfseminni. Þjóðin hefur horft upp á það á umliðnum öldum, að landið hefur verið að blása upp, gróðurlendið hafi minnkað. En enda þótt eyðingaröflin vinni mikið óþurftarverk enn í dag, eru menn þó sammála um það, að gróðuröflin séu farin að vinna á og geri nú nokkru meira en eyðingaröflin. Með því er hægt að fullyrða, að gróðurinn heldur ekki áfram að minnka, eins og hann hafði gert á undanförnum öldum og áratugum, heldur eru nú gróðuröflin komin í sókn, og þá sókn verður vitanlega að herða. Því er það, að þótt fjárráð sandgræðslunnar hafi verið aukin um 376% síðan 1958 og verði á næsta ári rúmlega 7 millj. kr., þá er ekki þar með sagt, að það sé ekki æskilegra, að sandgræðslan hafi enn meiri fjárráð. Og það er skoðun mín, að með aukinni fræðslustarfsemi um þessi mál verði haldið áfram að auka fjárframlög til þessara mála, og reynsla síðustu 4—5 ára ætti að skapa bjartsýni í þessu skyni, vegna þess að fjármagnsaukningin hefur aldrei verið neitt svipuð áður eins og einmitt nú síðustu árin.

Á 50 ára afmæli sandgræðslunnar 1957 var gefið út afmælisrit, og þar voru skrifaðar fróðlegar greinar, sem æskilegt er, að sem flestir kynni sér. Þar er grein eftir Gunnlaug heitinn Kristmundsson um upphaf að skipulagsbundnum störfum í þágu sandgræðslunnar, fróðlegt að lesa um byrjunarerfiðleikana og hversu eyðingaröflin geisuðu þá fyrirstöðulaust víða um landið. Í þessu riti er einnig grein eftir Runólf heitinn Sveinsson, enn fremur eftir Pál Sveinsson núverandi sandgræðslustjóra, Arnór Sigurjónsson, Björn Pálsson um notkun flugvéla á þessu sviði, og fleira er í ritinu, og vitanlega hefur margt fleira verið um þetta skrifað.

Það er enginn vafi á því, að það hefur verið gæfa þessara mála, að við stjórn sandgræðslunnar hafa starfað dugandi menn, svo sem Gunnlaugur heitinn Kristmundsson, Runólfur heitinn Sveinsson og núverandi sandgræðslustjóri, Páll Sveinsson, sem er mjög áhugasamur og duglegur í þessum störfum. Án þeirrar atorku hefði lítt miðað áfram. En það verður að segja eins og er, að í byrjun reyndi mest á, meðan eyðingaröflin geisuðu óbundin og meðan fjárráðin voru lítil, eins og ég nefndi hér áðan. Það þurfti hugrekki til þess að missa ekki kjarkinn í þeirri baráttu, sem þá var við að stríða, og þá vantaði einnig þá kunnáttu og tækni, sem menn hafa nú yfir að ráða í baráttunni við uppblásturinn og eyðinguna.

En frv., sem hér hefur verið flutt, er samið af n., sem skipuð var á árinu 1964, 10. júlí, og í þessari n. áttu sæti skógræktarstjóri, Hákon Bjarnason, sem var formaður n., Benedikt Gröndal alþm., þá settur búnaðarmálastjóri Ólafur E. Stefánsson og Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, enn fremur Jónas Jónsson sérfræðingur við búnaðardeild atvinnudeildar háskólans.

Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið samið af þessum mönnum, og hafa þeir skilað sameiginlegu áliti. Ég tel það víst, enda tekið fram í grg. með frv., að n. hefur kynnt sér frv. það, sem flutt var 1958 og samið var af n., sem þáverandi landbrh., Hermann Jónasson, skipaði, og þeir hafa einnig kynnt sér frv., sem samið var að tilhlutan núv. landbrh. og samið var af tveimur mönnum fyrst, Birni Sigurbjörnssyni sérfræðingi og Hákoni Bjarnasyni. Það voru drög að frv. um landgræðslu og gróðurvernd. Og enn fremur kynntu þeir sér frv., sem Pálmi Einarsson, Pétur Gunnarsson tilraunastjóri, Páll Sveinsson og Ingvi Þorsteinsson sérfræðingur við Atvinnudeild háskólans sömdu á s. l. ári. Það má því segja, að það hafi verið unnið talsvert að samningu þessara mála, og nú, þegar þetta frv. liggur fyrir og sú n., sem að því vann, hefur orðið sammála og sú nefnd hefur kynnt sér þau frv., sem fyrir hendi voru, er nokkur trygging fyrir því, að þetta frv., sem nú liggur fyrir, nái tilgangi sínum.

Það eru ýmis nýmæli í þessu frv., og skal ég nefna þau helztu. Það er, að tekin verði upp skipulögð gróðurvernd til þess að koma í veg fyrir skemmdir á gróðurlendi sakir ofnotkunar samhliða heftingu uppblásturs og sandgræðslu. Og það er áreiðanlega tímabært að taka upp skipulagsbundið starf í því skyni að hefta sandfok og uppblástur, koma í veg fyrir, að það eigi sér stað. Það getur verið eins þýðingarmikill þáttur og hinn, að græða upp það, sem hefur eyðzt og blásið, og það er þess vegna, sem þetta frv. er tvíþætt. Það er annars vegar uppgræðslan á því landi, sem hefur eyðzt, og hins vegar gróðurverndin, þ. e. að koma í veg fyrir, að landið skemmist og eyðist.

Annað nýmæli í þessu frv. er það, að gróðurverndin og sandgræðslan myndi eina stofnun, sem nefnist Landgræðsla ríkisins. Forstjóri hennar verði landgræðslustjóri, en fulltrúi hans annist annað hvort starfssviðið eftir nánara samkomulagi. Þessi störf eru það umfangsmikil, uppgræðslan og gróðurverndin, að það veitir áreiðanlega ekki af því, að það séu tveir sérfróðir menn, sem koma við sögu og skipti með sér verkum, eftir því sem henta þykir og nauðsyn ber til.

Þriðja nýmælið er það, að skipaðar verði gróðurverndarnefndir í þeim héruðum, sem landgræðslustjóri telur þeirra þörf, og það er enginn vafi á því, að með því að fá slíkar gróðurverndarnefndir heima í héruðunum og

taka þannig upp samvinnu á milli bænda, héraðsbúa og landgræðslustjórnarinnar er hægt að virkja öfl til samstarfs og áreiðanlega mikils og góðs árangurs.

Fjórða nýmælið er það, að fleiri leiðir verði en áður til samstarfs við hið opinbera um að græða upp lönd, sbr. frv.

Og fimmta er, að styrkur til græðslu er ekki bundinn ákveðnu marki fyrir fram, heldur getur orðið samningsatriði milli landgræðslunnar og landeigenda, hvernig að skuli farið, og það má vel vera, að landeigandi vilji miklu til kosta af eigin fé til þess að fá samstarf og aðstoð landgræðslunnar til þess að vinna sem fyrst að gróðurvernd og uppgræðslu landsins. Þessi möguleiki virðist vera nauðsynlegur til þess að koma að þeim áhuga og þeirri orku, sem kynni að vera fyrir hendi hjá einstaklingum, hreppsfélögum eða sýslufélögum.

Sjötta: Gert er ráð fyrir, að uppgrædd lönd í eigu ríkisins verði nytjuð af bændum, strax og kostur er, enn fremur að fyrri eigendur og notendur uppgræddra landa geti fengið þau aftur í hendur. Bæjar- og sveitarfélög má skylda til að taka við þeim aftur. Þótt svona sé nú til orða tekið, má gera ráð fyrir því, að þarna verði þó frekast um samkomulags- og samningsatriði að ræða á milli landgræðslunnar annars vegar og hlutaðeigandi einstaklinga eða félaga hins vegar.

Sjöunda: Landgræðslustjóra er heimilt að fela búnaðardeild atvinnudeildar háskólans að rannsaka beitarþol og krefjast ítölu í lönd, sem eru í hættu. Þetta ákvæði er vitanlega bráðnauðsynlegt, því að gróðurverndin getur ekki náð tilgangi sínum, nema það sé heimilt að krefjast ítölu, ef landinu er ógnað með ofbeit, þannig að gróðurinn eyðist og uppblástur geti hafizt. En vitanlega verður þetta atriði framkvæmt hagfræðilega og sérfræðilega, þannig að það verður ekki heimtuð ítala í land, nema það liggi fyrir, að brýn nauðsyn sé á því til þess að bjarga landinu og forða því frá hættu.

Þá er í áttunda lagi ákvæði um að stofna félög til landgræðslu, sem geta haft ákaflega mikla þýðingu og aukið áhuga almennings á landgræðslunni, líkt og t. d. skógræktarfélögin víðs vegar um landið hafa orðið til þess að auka áhuga manna á skógrækt.

Níunda: Gert er ráð fyrir, að leitað verði eftir nýjum plöntutegundum til landgræðslu og setja megi upp gróðrarstöð til þess að fjölga þeim, sem nothæfar reynast. Þetta ákvæði er vitanlega alveg sjálfsagt og nauðsynlegt. Það er alveg sjálfsagt að leita eftir nýjum plöntutegundum, fá gróðurinn fjölbreyttari en hann er nú, leita eftir harðgerðum og fljótvöxnum plöntum, og þetta þarf vitanlega allt að gera á vísindalegan hátt.

Tíunda: Þá er ákvæði um, að innan 5 ára skuli gert yfirlit um landskemmdir og áætlun gerð um framkvæmd landgræðslu, þannig að unnt verði að vinna skipulega að henni. Þessari áætlun skal lokið innan 5 ára, og þá vitanlega þarf að gera ráðstafanir til þess, að það verði farið að vinna að þessari áætlunargerð sem allra fyrst, t. d. á næsta ári. Og þetta er vitanlega bráðnauðsynlegt, að vinna á vísindalegan hátt að því að rannsaka, hvað skemmdirnar eru orðnar miklar í okkar landi víðs vegar, gera áætlun um, hvað það mundi kosta að vinna þetta upp, gera áætlanir um það, á hvern hátt þetta megi bezt vinnast, og gera það allt á vísindalegan og skipulagsbundinn hátt. Og í sambandi við þessa áætlunargerð er vitanlega mjög mikið verkefni að vinna og þess vegna ljóst, að með auknu fjármagni til landgræðslunnar og með þessu verkefni til viðbótar er virkilega verkefni fyrir tvo sérfróða menn til þess að stjórna þessum málum.

Eins og ég sagði áðan, er ekki neitt ákvæði um það í þessu frv. að afla fjár til landgræðslu, heldur gert ráð fyrir því, að það verði á hverjum tíma eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárl., og eins og áður var á minnzt, er það ljóst, að sandgræðslunni hefur vaxið fiskur um hrygg. Fjárráð hennar hafa verið aukin. Fjárráð hennar verða vitanlega aukin áfram, það er ekki ástæða til að ætla annað eftir þá reynslu, sem síðustu ár gefa, og miðað við það, að skilningur alls almennings hefur stóraukizt á þeirri miklu þörf og nauðsyn að vernda landið gegn skemmdum, að vinna aftur upp það, sem hefur tapazt. Það er áreiðanlega merkilegt og gott verkefni næstu ár, og ég held, að þeir séu orðnir fáir, sem efast um nauðsynina á þessu. Í frv., sem lagt var fram 1958, segir í grg., að það sé vitanlega bændum mest í hag, að sandgræðslan verði aukin og fái meiri fjárráð. Ég veit ekki, hvort rétt er að fullyrða, að það sé bændum mest í hag. Ég held, að það væri réttara að fullyrða, að það er þjóðfélagsleg nauðsyn að koma í veg fyrir eyðingu landsins, og það er þess vegna, sem ég álít það alveg ranga stefnu, sem kom fram 1958, að skattleggja búpeninginn til þess að afla landgræðslunni fjár. Og það var reyndar einn skattur enn í þessu frv., sem ég gleymdi að nefna áðan, það var 16% yfirfærslugjald á fóðurbæti. Ég held, að það sé ástæða til þess að fagna því, að viðhorfin hafa breytzt, skilningur manna hefur aukizt á því, að það er þjóðfélagsleg nauðsyn að vinna gegn skemmdaröflunum og uppblæstrinum og það hafa verið möguleikar til fjáröflunar til sandgræðslunnar á undanförnum árum og nú aðrir en þeir að leggja skatt á fóðurbæti og leggja skatt á búpeninginn.

Ég held, að það sé ekki þörf á því að fjölyrða öllu meira um þetta frv. við þessa 1. umr. Frv. liggur fyrir, hv. alþm. hafa lesið það, það skýrir sig sjálft, en ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um það frv., sem hér liggur fyrir. Hæstv. landbrh. hefur nú rakið nokkuð sögu sandgræðslumálanna í stórum dráttum. Hann gat þess, að fyrstu lög um sandgræðslu hefðu verið sett árið 1907. Fyrsta sandgræðslusvæðið,

sem tekið var, var hjá Reykjum á Skeiðum, og mér er vel kunnugur sá staður og hef þar oft komið og séð mikinn árangur, sem varð af þessu starfi þá, sem þó í fyrstu var vissulega ekki gert með sams konar þekkingu og síðar varð. En þarna á svörtum og berum sandinum hefur nú vaxið alls kyns gróður, meira að segja hefur komið þar upp kjarr sums staðar, og talsvert af þessum sandi er nú orðið tún, svo að landið hefur gerbreytzt, eins og raunar annars staðar, þar sem þessi starfsemi hefur farið fram.

Hæstv. landbrh. ræddi talsvert um frv. það til nýrra sandgræðslulaga, sem lagt var fram hér á hinu háa Alþingi árið 1958. Því frv. var vísað til landbn. þessarar hv. d. Ég átti þá sæti í þessari n., og landbn. varð þá sammála um það, að ekki væri rétt að láta frv. ganga fram, eins og frá því var gengið. Enda þótt í því væru þá mjög mörg merk nýmæli og á ýmsan hátt til þess vandað, þá þótti n. eigi að síður ýmsir þættir í málinu þannig vaxnir, m. a. fjáröflunarleiðirnar, að hún tók sig til og samdi nýtt frv. Ég sé nú, að sú hv. n., sem hefur samið þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur tekið frv. það, sem landbn. samdi 1959, til athugunar og tekið upp í þetta frv. vissa þætti úr því, m. a. kaflann um félagsstofnanir til landgræðslu, og verð ég að lýsa ánægju minni yfir því.

Eins og segir í 1. gr. frv., er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og þá einnig sá að græða upp eydd og vangróin lönd, svo sem verið hefur tilgangur sandgræðslunnar frá byrjun. Þetta er hins vegar nýr þáttur, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs, og hann er vissulega mjög þýðingarmikill. Þessi markmið eru bæði mjög þýðingarmikil, sem þarna eru sett í þessu frv. En eins og ég sagði, þó að það sé mjög mikilvægt að græða upp örfoka lönd og sanda, held ég þó, að hitt sé engu síður mikið nauðsynjamál, að koma í veg fyrir, að landið eyðist að gróðri og jarðvegurinn fari að fjúka eða t. d. skolast burt vegna leysingavatns eða landbrots, eins og sums staðar á sér stað. En það er víða, sem gera þarf sérstakar ráðstafanir í sambandi við eyðingu lands af þeim ástæðum og engu síður sums staðar heldur en af hættu af foki.

Þá er þessi mikla hætta fyrir hendi, að beitiland kunni að verða fyrir ofnotkun, og ég hef séð lönd þannig farin, að þau hafa verið eyðilögð af ofbeit. Það er náttúrlega feikilega mikilvægt að gæta nógu vel að slíku og koma í veg fyrir, að landskemmdir af þeim ástæðum eigi sér stað. Þessi nýi þáttur, sem tekinn er hér upp, gróðurverndin, er auðvitað einn þátturinn í því, að haft sé nákvæmt eftirlit með beitinni, að hún eyðileggi ekki landið. En fram að þessu hefur því atriði, held ég, ekki verið nægur gaumur gefinn. Mér finnst það ekki hafa verið gert fram að þessu, og ég fagna því, að með þessu frv. er nú komið inn á þetta svið. Við megum aldrei ofbeita landið, og þar sem við notum tilbúinn áburð á beitiland, finnst mér, að þurfi að haga áburðargjöfinni á landið í samræmi við efnafræðilegar þarfir landsins. Ég hygg, að það sé mjög nauðsynlegt að hafa uppi rannsóknir á því, hvernig áburðargjöf slíkt land á að fá. Og rannsóknir á þessu hvoru tveggja, bæði á efnafræðilegu ástandi jarðvegsins og hagnýtingu landsins með beit, eru nauðsynlegar og að fylgjast með beitarþolinu. Þetta þarf allt að fara saman, að mínum dómi.

Í þessu frv. sýnist mér við fljótan yfirlestur, — ég hef lesið frv., en náttúrlega játa ég það, að ég hef ekki lesið það svo vandlega, að ýmislegt getur verið, sem maður vildi hafa öðruvísi, — en við fljótlegan yfirlestur sýnist mér, að þarna séu í þessu frv. margs konar hyggileg ákvæði og ekki sízt þetta, þar sem gert er ráð fyrir samstarfi hinna opinberu embættismanna, landgræðslustjórans og þeirra fulltrúa, sem hann hefur, og héraðs- og sveitarstjórna og þeirra félaga, sem líka er gert ráð fyrir að verði stofnuð innan vissra svæða til að vinna að landgræðslumálinu. Það er gert ráð fyrir samvinnu þessara aðila í frv., og það tel ég mjög mikilvægt. Ég geri ráð fyrir því, að ef góð samvinna tekst með þessum aðilum á þeim svæðum, þar sem þörf er vissra aðgerða, sérstaklega t. d. um það að koma í veg fyrir ofnotkun landsins, þá geti upp af því sprottið mjög hagnýtar ráðstafanir. Mér lízt þess vegna vel á þessa stefnu, og ég tel, að þær leiðir séu þarna markaðar með frv., sem geti reynzt mjög gagnlegar, ef fjármagni er til þeirra veitt, eftir því sem nauðsyn krefur, og ef örugg forusta verður af hálfu þeirra, sem með þessi mál kunna að fara.

Auðvitað tel ég ljóð á ráði frv., að ekki skuli þar vera gert ráð fyrir útvegun fjár til þeirra framkvæmda, sem hér er fjallað um. Á meðan ekki er ætlað fast og allriflegt fjármagn til þessara mála, er auðvitað allt í lausu lofti um þetta og óvissa frá ári til árs hvað snertir framkvæmdir. Fé, sem nú er ætlað á fjárlagafrv. t. d. til sandgræðslu, þó að það hafi hækkað, það skal viðurkennt, og það verulega að krónutölu, þá er það vissulega hvergi fullnægjandi til þeirra miklu verkefna, sem fyrir hendi eru af þessu tagi í landinu. Á fjárlagafrv. eru t. d. aðeins 700 þús. kr. ætlaðar til tilrauna með áburðardreifingu úr flugvél. Þetta hefur vissulega hækkað að krónutölu núna með hverju ári, ég skal játa það, og það er þakkarvert, að það skuli vera hækkað, því að það er mikil nauðsyn á því að gera þessar tilraunir. Ég álít, að þessi fjárveiting til þessara hluta, áburðardreifingar úr lofti, þyrfti að vera miklu meiri, svo að það sæi einhverja staði á þessu sviði, það sem verið er að reyna, og það er vissulega kunnugt þeim, sem hafa séð eða reynt það að dreifa áburði úr lofti, t. d. yfir afréttarlönd, hvílíkt feikilegt gagn slíkt getur gert til þess að bæta sauðfjárhagana og græða upp afréttarlöndin.

Ég vil vona, að frv. verði samt til þess, þótt þetta vanti nú í það að mínum dómi, fjárveit-

ingar eða fjárútvegun, að örva til stórra átaka í landgræðslumálum og það knýi þingið og stjórnina til þess að auka á næstu árum í stórum stíl fjárveitingar og framkvæmdir á sviði landgræðslu og gróðurverndar. Það mun ekki standa á Framsfl. að styðja það mál, og ég fyrir mitt leyti vil heita stuðningi mínum við þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Þetta mál, sem liggur hér fyrir til umr., er gamalkunnugt hér á þingi. Nokkur undanfarin ár höfum við hv. 3. þm. Norðurl. e. flutt frv. til l. um heftingu sandfoks og græðslu lands. Það frv. byggðist á starfi og niðurstöðum sandgræðslunefndar þeirrar, sem Hermann Jónasson, þáv. landbrh., skipaði árið 1957. Við flm. þess frv. áttum jafnan von á því, að hæstv. ríkisstj. flytti málið sjálf, en þar eð sú von brást ár eftir ár, þótti okkur rétt að flytja það jafnharðan, ef verða mætti, að það næðist að lokum samstaða á Alþingi um meginatriði þess. Við litum þannig á, að hér væri um svo gagnmerkt mál að ræða, að brýna nauðsyn bæri til að knýja það fram til úrslita. En frv. dagaði jafnan uppi.

Á undanförnum áratugum hefur verið unnið að því með góðum árangri að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs af völdum sandfoks og uppblásturs. Innan sandgræðslugirðinganna, sem munu vera um 60 talsins og þær dreifðar víða um land, er töluvert yfir 1000 ferkm lands. Hefur það verið grætt upp eða tekið til græðslu smám saman. Af þessu landi hefur því gróðurlendið tekið að stækka á ný. Og það þarf ekki um það að efast, að Sandgræðsla Íslands hefur þannig á undanförnum áratugum unnið hið mesta þjóðnytjastarf, um það eru víst flestir sammála. Nú er það talið af kunnugum, að í landinu utan sandgræðslugirðinganna séu nærfellt 4 þús. ferkm lands, þ. e. a. s. sandar og melar, sem eru þó lægri en 400 m yfir sjávarmáli, sem auðveldir séu nokkuð til græðslu, þannig að þeir geti komið að gagni sem beitilönd og að einhverju leyti til ræktunar, þar sem þannig stendur á. En þetta er þó ekki nema lítill hluti af auðnum landsins. Þar kunna einnig að vera til staðar nokkrir möguleikar að koma upp gróðri og auka hann, ef einhver er fyrir. Allir, sem um þessi mál hugsa, hljóta að vera um það einhuga, að hér verði að leggja til sóknar í því skyni að stækka og efla á alla lund gróðurríki landsins, og um það eru víst flestir sammála, að að því marki beri einnig að stefna með nýrri löggjöf, sem veitir nauðsynlegt svigrúm þeim starfsháttum, sem upp þarf að taka, auðveldi rannsóknir í ræktunar- og gróðurverndarmálum og byggi á aukinni visindalegri þekkingu og þeirri tækni, sem hverju sinni kemur að sem beztum notum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir og flutt er af hæstv. ríkisstj., er, að því er mér sýnist, byggt að miklu leyti á till. sandgræðslunefndanna gömlu, enda þótt ýmsir góðir og gegnir menn hafi síðan haft málið til athugunar á vegum ríkisstj. Þær breytingar, sem á gamla frv. hafa verið gerðar, mun ég svo lítillega hér á eftir drepa á. Ég vil taka fram, að ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur nú látið til skarar skríða og loks flutt frv. um þetta mikilsverða efni, svo sem henni auðvitað ber að gera og þótt fyrr hefði verið, svo þýðingarmikið sem málið er, og verður nú að ætla í þetta sinn, að nægileg samstaða náist um eðlilega afgreiðslu þess.

Þá vil ég geta nokkurra atriða í þessu frv., þar sem nokkur breyting hefur átt sér stað frá því, sem var í frv., sem við framsóknarmenn fluttum á undanförnum þingum. Mér hefur að vísu ekki unnizt tími til þess að bera fyllilega saman frv., og er því niðurstaða mín fengin við nokkuð skjóta yfirsýn, en að sjálfsögðu verður málið allt athugað vandlega í þn., en þar kann sjálfsagt ýmislegt fram að koma, sem þarfnast lagfæringar.

Frv. þetta er fyrst og fremst mun ýtarlegra um tvennt, annars vegar um gróðurvernd, þ. e. a. s. III. kafli frv., og þá aðallega að því er varðar gróðurverndarnefndir, sem gert er ráð fyrir, að starfa skuli í hverri sýslu, þar sem landgræðslustjóri álítur þess þörf. Það er ekki nema gott um það að segja og sjálfsagt til bóta. Þessar nefndir geta, ef vel og myndarlega er á haldið, látið gott af sér leiða. Þá eru annars vegar nákvæmari fyrirmæli um landgræðslufélög, þ. e. a. s. IV. kafli frv., aðallega hvernig skuli til þeirra stofnað, svo að löglegt sé, og minnir nokkuð á þær reglur, sem gilda um veiði- og fiskiræktarfélög, en um þann félagsskap er nokkur reynsla fengin. Er þessi kafli einn hinn fyrirferðarmesti í frv., og vil ég ekki gera lítið úr þeim ákvæðum. Slíkur félagsskapur getur komið fram æðimörgu til gagnsmuna í landgræðslumálunum, og í heild þykist ég mega fullyrða, að þessi kafli frv., IV. kaflinn, sé vel unninn. En starfsemi landgræðslufélaganna verður að sjálfsögðu að styrkja af opinberri hálfu, svo sem auðið er, bæði beint og óbeint, og það er eitt höfuðatriði. Hvernig þeim stuðningi verður varið, kemur ekki, að því er mér sýnist, nægilega ljóst fram í frv.

Í frv. eru svo nokkur atriði, sem færð hafa verið úr skorðum eða felld niður frá því, sem áður hafði verið í sams konar frv., sem lögð voru á undanförnum árum fyrir þingið. Styrkur úr ríkissjóði fyrir landeigendur, sem koma upp girðingum á uppblásnum svæðum, sýnist mér vera lækkaður úr 3/4 hlutum kostnaðar af hálfu hins opinbera við framkvæmdir og í 2/3 hluta, og er þó aðeins heimilt að fara upp í 2/3 hluta kostnaðar við endurgreiðsluna. Þetta er að mínu áliti nokkuð vafasöm breyting og kannske ekki til bóta, en þn. mun væntanlega athuga þetta atriði nánar. Þá er gert ráð fyrir því, að landgræðslustarfseminni verði skipt í tvo meginþætti, þar sem landgræðslustjóri fari með annan þáttinn, en fulltrúi hans með hinn, en þeir eiga báðir að hafa háskólamenntun í búfræðum, sem er að sjálf-

sögðu eðlilegt skilyrði. Mér finnst í fljótu bragði, að þessi skipting starfa með landgræðslustjóra og fulltrúa hans sé varla nægilega skýrt afmörkuð í frv. og geti e. t. v. valdið ágreiningi eða erfiðleikum í framkvæmd og athuga þurfi því, hvort eigi ekki að greina nánar frá um valdsvið þeirra og sjálfstæði í starfi. Ég vildi vænta þess, að þn. tæki þetta atriði einnig til nokkurrar yfirvegunar. En víst er um það, að hvor þátturinn um sig er ærið verkefni, og sérfræðings um hvorn þáttinn er fyllsta þörf að sjálfsögðu.

Þá er í þessu frv. sleppt sérstökum ákvæðum, sem voru í fyrra frv. um afrétti og græðslu þeirra. En mér sýnist, að ekki þurfi þetta þó að koma að sök, ef þannig verður á haldið og um framkvæmdir fer í anda þeirra ákvæða, sem lúta þó að þessu í frv. En kaflinn um afrétti og sérstaka áætlun um uppgræðslu lands þar hefur verið felldur niður frá því, sem í gamla frv. var, eða því, sem síðast var hér til meðferðar.

Þá finnst mér, að kaflinn í frv., sem fjallar um rannsóknir og er í þágu sandgræðslu og gróðurverndar, V. kafli frv., mætti vera ýtarlegri, en sá kaflinn er einna fyrirferðarminnstur og var svo að vísu áður í áliti sandgræðslunefndar. En hitt er allt annað mál, að þar er vikið að mikilvægum atriðum, sem með viðsýni og dugnaði af hálfu rannsóknarmanna og góðum stuðningi ríkisvaldsins í allri framkvæmd geta orðið landgræðslustarfinu til hins mesta gagns. En ekki tel ég, að það hefði sakað, að betur hefði þessi kafli verið útfærður í einstökum atriðum, eða það er mitt álit.

Þá er í frv. ekki um það ákveðið, hvar skuli vera bækistöðvar landgræðslunnar. Ég hefði a. m. k. persónulega kunnað því betur, að úr því væri í frv. að fullu skorið, að bækistöðvar landgræðslunnar skyldu vera að Gunnarsholti á Rangárvöllum, landgræðslustjóri ásamt fulltrúa og öðru starfsliði þar búsettur. Það er ærimargt, sem mælir með því, að svo yrði ákveðið, en út í rökstuðning fyrir því ætla ég ekki að fara að þessu sinni.

Þar sem þetta mál og allar framkvæmdir eru að miklu leyti fjárhagsefnis, er það að mínu áliti nokkur ljóður á frv., að ekki skuli vera þar getið um, með hverjum hætti afla eigi fjár af opinberri hálfu til aukinnar uppgræðslu og gróðurverndar, svo og kostnaðarsamra rannsóknarmála o. s. frv. Í frv. til fjárlaga 1965 hækkar nokkuð og það allverulega framlag til sandgræðslunnar frá því, sem var árið 1964. En mér sýnist, að sú hækkun nemi vart meiru en því, sem samsvarar dýrtíðaraukningu á tímabilinu, þannig að ekki sé í frv. til fjárl. 1965 gert ráð fyrir sérlega auknum aðgerðum í þeim efnum, sem þetta frumvarp fjallar um.

Í grg. fyrir frv. segir, og er það býsna eftirtektarvert, að þess hafi verið sérstaklega óskað, að sú nefnd, sem nú síðast hefur með málið farið á vegum ríkisstj., gerði ekki till. um sérstaka fjárútvegun til þeirra framkvæmda, sem frv. fjallar um. Verði að gera ráð fyrir, segir í grg., að rn. íhugi þá hlið málsins, ef þess er talin þörf.

Ég hef ætíð álitið, að fjáröflunin væri höfuðatriðið til nýrra og stórfelldra átaka í landgræðslumálunum. Að öðrum kosti mundi að mínu áliti allt sitja við sama eða líkt. Og á undanförnum árum, þegar þetta mál hefur borið á góma hér á Alþingi, hefur jafnan höfuðumræðuefnið verið það, með hverjum hætti afla skyldi fjár til aukinna framkvæmda í þessu skyni, þ. e. a. s. í landgræðslumálum, og um önnur atriði hafa menn verið nokkurn veginn sammála, en jafnan strandað á þessu skeri. Í frv. frá því í fyrra, sem framsóknarmenn fluttu, var gert ráð fyrir gjaldi lögðu á áfengi, 5 kr. á hvern lítra, sem talið var að mætti reikna með, að gerði um 5 millj. kr. á ári. Á þessa leið var þarna bent, ekki vegna þess, að það mætti ekki fara fleiri leiðir, heldur til þess að skiljast ekki svo við frv. þá, að ekki væri bent á leið til öflunar fjár í þessu skyni. En í þessu frv. er ekki bent á neina leið til fjáröflunar.

Hæstv. landbrh. gat þess í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli áðan, að meiningin væri að afla fjár gegnum fjárl. og hækka þar fjárveitingar til þessara mála, sem með þyrfti hverju sinni, og vissulega er þetta leið, en á hana er bent í ræðu, en kemur ekki fram í frv. sjálfu neitt um það. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert athugavert við það, þó að þessi mál, landgræðslumálin, fari inn á fjárlög og kostnaður þeirra vegna sé greiddur þar, svo sem með þarf. En ef ekki er lagt meira til af fjármunum í þessum efnum en verið hefur, þótt það beri ekki að vanþakka, sem veitt hefur verið, þá hygg ég, að allt það, sem liggur fyrir til aðgerða samkv. frv., verði ekki framkvæmt nægilega fljótt og kannske alls ekki framkvæmt. Hér þarf að framkvæma stórfelldar rannsóknir, bæði á beitarþoli og gróðureyðingu. Svo er heimild til þess í frv. að koma upp gróðrarstöð, þar sem fram fari rannsóknir á ýmiss konar jurtum, sem bezt mættu að gagni verða í hinu nýja gróðurríki, þegar farið er að rækta upp sandflákana. Þessi gróðrarstöð getur sjálfsagt orðið æðidýr í uppkomu. Þá þarf að greiða stórfelldar fjárhæðir í sambandi við sandgræðslugirðingar, bæði bæta þær, sem fyrir eru og farnar eru að úreldast og kannske komnar að falli sums staðar þær eldri, og bæta nýjum girðingum við. Það segir sig sjálft, að öllum þessum aukna kostnaði verður að mæta af myndarskap af hálfu ríkissjóðs, en það er hægt að gera með því að hækka fjárframlög til þessara mála á fjárl. hverju sinni. En það er í raun og veru meginkjarni málsins að afla nægilegs fjár til þeirra verkefna, sem leysa þarf á grundvelli þess frv., sem hér liggur fyrir, ef að lögum verður.

Ég skal svo ekki hafa orð mín fleiri að sinni. Ég vil að öðru leyti vona, að takast megi að koma þessu frv. fram á þessu þingi með myndarlegum hætti, og treysti því, að þn., sem fær málið til meðferðar að lokinni þessari umr., taki þannig á því, að svo megi verða.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það verður ekki nema örstutt. — Hv. 2. þm. Sunnl. lýsti yfir fylgi sínu við frv. og hafði lítið eða ekkert út á það að setja, lýsti ánægju sinni yfir því, að það hefði verið flutt.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Sunnl., hafði ýmislegt við frv. að athuga, en fór ekki stórum eða sterkum orðum með mótmæli, benti á, að það væri kannske sumt, sem þyrfti að athuga betur. Þetta kann vel að vera, að það verði. En ýmislegt af því, sem hann talaði um, að ekki væri nógu skýrt ákveðið í frv., er vitanlega ákveðið að draga hreinar og skýrar línur með í reglugerð samkv. l., eins og oft er gert.

Ég vil taka fram, að það hefur engum dottið í hug, sem að frv. stendur, að búseta landgræðslustjóra verði flutt frá Gunnarsholti. Það er vitanlega sjálfsagt, að hann sitji þar, vegna þess að þar er hann bezt settur og þar er búið að kosta miklu til, einmitt vegna þess að hann er þar, og þar á hann að vera. Það er rétt, það er ekki tekið beint fram í frv., en það er nú komið í hefð, að landgræðslustjóri er í Gunnarsholti og verður þar.

Hv. 4. þm. Sunnl. harmaði, að það skyldi ekki vera ákvæði um fjáröflun í frv. Það er alveg rétt, að í bréfi til n. var það tekið fram, að þess væri ekki óskað, að hún gerði till. um fjáröflun. Reynslan af því frá fyrri n. varð ekki til þess að greiða fyrir því, að við fengjum lög, sem við óskuðum eftir, og reynsla síðustu ára um fjárframlög til sandgræðslunnar er sú, að það var því síður ástæða til þess, og mig undrar nú það, að hv. 4. þm. Sunnl. skuli gera lítið úr því, sem hefur áunnizt síðustu árin með fjárveitingar til sandgræðslunnar. Hv. þm. hlýtur að muna það, hvað var veitt til þessara mála 1958, síðast þegar hann var í stjórnaraðstöðu og hafði möguleika til þess að beita sínum áhrifum, þá var það innan við 2 millj. kr. Þetta hefur verið hækkað um 376% síðan. Ég veit, að hv. 4. þm. Sunnl. er svo sanngjarn í eðli sínu og vill vera það í framkomu, að hann játar það með sjálfum sér, að með því að sama sjónarmið hefði ráðið nú síðustu árin og það, sem var í gildi 1958, þá væri ekki búið að hækka fjárframlög til sandgræðslunnar eins og raun ber vitni. Eða hvers vegna skyldu ágætir menn ekki hafa eygt annan möguleika 1958 til fjáröflunar heldur en að skattleggja fóðurbæti og skattleggja búpeninginn? Ekki af öðru en því, að ríkiskassinn var lokaður. Þörfin á að taka föstum tökum á sandgræðslunni, uppgræðslunni og gróðurverndinni var alveg eins mikil 1958 og nú, það er svo langt síðan landið fór að blása, og ég held, að það fari bezt á því, að við hv. 4. þm. Sunnl. tölum um þessi mál alveg í fullri hreinskilni og vinsemd. Um leið og við erum sammála um þörfina í dag, að gera sem mest í þessum málum, þá getum við verið sammála um, að áður var þess einnig þörf, þegar hann var í stjórnaraðstöðu, en þá voru fjárráð ríkissjóðs takmörkuð, sem þau eru vitanlega einnig nú, en að þessu sinni hefur náðst gifturíkur árangur, þótt lokatakmarkinu í þessum málum sé ekki náð frekar en í svo mörgum góðum málum, sem við þurfum að vinna að og margt er ógert við.

Mér dettur ekki í hug, að þetta frv. út af fyrir sig sé alveg gallalaus smíð, og að sjálfsögðu fer málið í n., og komi þar fram till. til bóta, er vitanlega sjálfsagt að taka þær til athugunar. En ég held, að það þurfi enginn að vera í vafa um það, að frv. er stórt spor í rétta átt, mikilsvert spor í rétta átt, og við þurfum ekki að harma það, þótt ekki hafi síðustu 4—5 árin verið samin löggjöf um þetta efni. Það, sem mestu máli skiptir, er, að það takist vel, sem nú á að gera með hinni nýju löggjöf, og að síðustu árin, sem við höfum beðið eftir nýrri löggjöf, hefur starfssvið sandgræðslunnar verið stórum aukið með mjög miklum framlögum úr ríkissjóði, miðað við það fé, sem sandgræðslan hefur áður haft.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal verða við þeirri ósk að stytta mál mitt, til þess að hægt sé að vísa frv. til n., enda tel ég ekki þörf á að ræða málið frekar en orðið er við þessa umr. Ég vildi aðeins í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. misminnir það, að sandgræðslunefndin frá 1957 hafi, eins og hann orðaði það, ekki eygt aðrar leiðir til fjáröflunar heldur en leggja gjald á búfé og fóðurbæti. Það er misminni hjá hæstv. ráðh. Ein aðaltill. þeirrar nefndar til fjáröflunar var sem sé sú að leggja á seldar tóbaksvörur í landinu visst gjald og afla þannig sandgræðslunni tekna. Fyrir þessu var fordæmi, þar sem landgræðslusjóði hafði verið veittur tekjustofn á þennan hátt með sérálagningu á tóbak, en landgræðslusjóður eða tekjur hans renna til skógræktar í landinu.

Þetta vildi ég nú aðeins leiðrétta, en að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta mál. Ég vil aðeins taka undir það með hv. 4. þm. Sunnl., að með þessu frv. er ekki ráðið fram úr fjármálum landgræðslunnar. Það er auðvitað hægt að gera á tvennan hátt, með því að veita viðbótarfé úr ríkissjóði og með því að fá landgræðslunni sérstakan tekjustofn, eins og gert hefur verið ráð fyrir í hinum eldri frv. Að fá landgræðslunni sérstakan fastan tekjustofn, eins og gert var ráð fyrir í hinu eldra frv., hefur að sjálfsögðu þann kost, að þá er ekki undir högg að sækja. Sá tekjustofn breytist með hækkandi verðlagi í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 248).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar og afgreiðslu frv. til l. um landgræðslu, sem flutt er af hæstv. ríkisstj. N. flytur engar

brtt. við frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. og raunar einnig í n. kom fram sú skoðun, að sá galli væri á þessu frv., að í því væri ekki gert ráð fyrir fastákveðnum tekjustofnum fyrir landgræðsluna. Í frumvörpum þeim, sem flutt hafa verið á undanförnum árum varðandi breytingu á sandgræðslulögunum og frv. um landgræðslu, hefur verið bent á nokkrar leiðir til þess að afla landgræðslunni fjár, en um þessar fjáröflunarleiðir hefur ekki náðst samstaða í þinginu. En á hitt ber að líta, að á undanförnum árum hefur Alþingi hækkað til verulegra muna fjárframlög til landgræðslunnar, og sýnir það, að hér í þinginu ríkir skilningur á því, hversu mikil verkefni það eru að hefta uppblásturinn, vernda gróðurinn og græða upp auðnirnar. Ég er alveg viss um það og trúi ekki öðru en að svo muni verða í framtíðinni, að hér á þingi og hjá fjárveitingavaldinu ríki sá skilningur, að landgræðslan og gróðurverndin séu svo mikilvægt málefni, málefni, sem varðar alla þjóðina, bæði til sjávar og sveita, og varðar framtíð lands okkar, að það verði haldið áfram að auka fjárveitingar til þessara framkvæmda, svo sem framast þykir unnt.

Ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara að rekja þetta frv. hér. Það var gert af hæstv. landbrh. ýtarlega við 1. umr. málsins, en eins og ég sagði, leggur landbn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Að frv. því, sem hér liggur fyrir um landgræðslu, er alllangur aðdragandi. Árið 1957 var af páv. ríkisstj. skipuð nefnd til þess að endurskoða þau lög, er gilt hafa um sandgræðslu og heftingu sandfoks. Þessi nefnd skilaði árið eftir frv. til nýrra laga og með nýju nafni í samræmi við efni þess, um heftingu sandfoks og græðslu lands. Síðar, í ársbyrjun 1960, að ég ætla, var þessi sandgræðslunefnd enn á ný kölluð til starfa af ríkisstj., þeirri sem þá var tekin við, og endurskoðaði hún hið fyrra frv. frá 1957 og gerði á því nokkrar breytingar. Í þriðja sinn var málið, eftir því sem segir í grg. þessa frv., tekið upp til athugunar að fyrirmælum ráðh. hinn 4. júní 1963 og þá skipuð til þess ný nefnd. Og í fjórða sinn var málið enn tekið upp til athugunar í sérstakri stjórnskipaðri n., sem skipuð var hinn 10. júlí 1964, svo sem einnig segir í grg. þessa frv. Á þessu tímabili frá 1958—1964 hefur það frv., sem í öndverðu var samið af sandgræðslunefndinni 1957, verið flutt nokkrum sinnum af einstökum þm. óbreytt eða með nokkrum breytingum, en ekki hlotið afgreiðslu.

Í frv. frá 1957 og þeim frumvörpum, sem á undanförnum árum hafa verið flutt hér á Alþingi, voru tvö meginatriði. Annað meginatriðið var skipulagsbreyting, þ. e. a. s. skipulagsbreyting á sandgræðslunni og víkkun á starfssviði hennar, þannig að auk þess að fást við heftingu sandfoks og græðslu sanda, sem tekið var fram í hinum eldri lögum, skyldi nú einnig unnið að landgræðslu, þ. e. a. s. græðslu landa, sem ekki koma undir hið eldra hugtak um sandgræðslu.

Þetta er annað meginatriðið, sem fólst í frv. frá 1957, en hitt meginatriðið var að afla á sérstakan hátt fjár til hinnar auknu starfsemi, þ. e. a. s. til landgræðslunnar. Og það var gert ráð fyrir því, að þessa fjár yrði aflað þannig, að landgræðslustofnunin fengi í hendur sérstakan tekjustofn. Og auðvitað er það öllum ljóst, að landgræðsla, eins og gert hefur verið ráð fyrir í þessum frv. og einnig er gert ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, verður ekki framkvæmd á þann hátt, sem gert er ráð fyrir, nema til komi mikið fjármagn.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um annan meginþátt þessara mála, þ. e. a. s. um skipulagsbreytingu á sandgræðslunni og víkkun á starfssviði hennar. Og í samræmi við það efni er gert ráð fyrir, að lögin fái nýtt nafn, þ. e. a. s. heiti lög um landgræðslu. Hins vegar er í þessu frv. ekki fjallað um þann þáttinn, eins og hv. frsm. landbn. tók fram áðan, þ. e. a. s. fjáröflunina.

Á þessu leyfi ég mér að vekja athygli, og ég vil jafnframt segja það, að fyrir þessa starfsemi væri að sjálfsögðu mikið við það unnið, ef takast mætti að lögfesta sérstakan tekjustofn einhvers konar til landgræðslunnar og ekki síst vegna þess, að þær tekjur, sem þannig fengjust, mundu af sjálfu sér hækka með hækkandi verðlagi og þyrfti þá ekki að sækja undir fjárveitingavald um slíkar hækkanir. En þrátt fyrir það, þó að þetta frv. verði samþ., sem hér liggur fyrir, er auðvitað ekki neitt því til fyrirstöðu, enda sjálfsagt mál, að haldið verði áfram að athuga fjáröflunarmöguleikana.

Þetta mál, landgræðslan, hefur nú, eins og ráða má af því, sem ég sagði hér áðan, hlotið mjög rækilega athugun, og vissulega hafa bæði fróðir menn og áhugamenn fjallað um það í þeim nefndum, sem að því hafa starfað undanfarin ár. Ég tel því, og ég tek það fram af því, að ég hef verið nokkuð riðinn við flutning frv. um þetta mál á undanförnum árum, að telja verði það ávinning, að sett verði nú löggjöf um þennan þátt málsins, enda þótt fjáröflunin bíði, og mun greiða atkv. með þessu frv. En þess er þá að vænta, að hinn þátturinn hljóti einnig sína athugun á sínum tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég kem nú hér helzt upp í ræðustól til þess að þakka hv. landbn. fyrir fljóta afgreiðslu á þessu máli, sem miklar vonir eru tengdar við. Og vænti ég, að málið fái góðan framgang gegnum þingið, eins og allt virðist benda til hér í hv. Nd.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði um forsögu málsins, er það rétt og ekki ástæða fyrir mig að fara mörgum orðum um það, — það er rétt, að hér var flutt frv. 1957 um skipulagsbreytingu og um tekju-

öflun, en það frv. fékk ekki fylgi, enda mikið um það deilt, hvort tekjuöflunin væri eðlileg, hvort það væri eðlilegt, eins og lagt er til í frv., að leggja gjald á búpeninginn, hvort það væri eðlilegt að leggja gjald á fóðurbætinn og láta bændur þannig standa að miklu leyti undir kostnaðinum við uppgræðsluna. Um þetta voru skiptar skoðanir, og á því strandaði þetta frv. Frv. 1960 gerði ráð fyrir, að lagt yrði gjald á áfengi, og menn höfðu einnig skiptar skoðanir á því, vegna þess að með því að leggja gjald á áfengi var raunverulega verið að fá fé frá ríkissjóði með öðrum hætti en beinni fjárveitingu. Það er einnig rétt, að 1963 var þetta mál enn endurskoðað og endurbætt, vil ég segja. En eigi að síður þótti ástæða til að skipa nýja nefnd á árinu 1964 til þess að endurskoða málið í heild og styðjast við þau frv., sem fyrir voru. Það verður því að segja, að um þetta mál hafi verið fjallað vel og lengi, og það er ekki síður þess vegna ástæða til að ætla, að það frv., sem við nú erum að ræða um, sé vel úr garði gert, og ástæða til að binda vonir við þá löggjöf, sem hér er fyrirhuguð.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að í þessu frv. er ekki kveðið neitt á um tekjuöflun, heldur skipulagsbreytingu, sem á að verða til þess að gera framkvæmdina öruggari og viðtækari en áður hefur verið. En tekjuöflun er ekki um að ræða í þessu frv. Og það er vitanlega síður ástæða til þess nú en 1957, vegna þess að með hverju ári síðan hafa fjárveitingar til sandgræðslu verið auknar. 1958 var fjárveiting til sandgræðslunnar 1950 þús., en 1965 7.4 millj. Þetta eru myndarlegar og ríflegar hækkanir, og þetta er veitt á fjárlögum hverju sinni. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að þótt þetta frv. verði lögfest, geta hv. þm. eigi að síður haldið áfram að hugleiða það, hvort finna beri sérstakan tekjustofn til landgræðslunnar. En þessir tekjustofnar, sem staldrað hefur verið við áður, eru vitanlega beint eða óbeint úr ríkissjóði, nema þá gerð yrði tilraun aftur til þess að leggja gjald á búpening eða rekstrarvörur bænda, sem ég hygg að fái ekki frekar byr nú en áður. Og ég tel það ekki réttlátt, vegna þess að gróðurverndin og landgræðslan er ekki fyrir bændurna eina, heldur fyrir þjóðina. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina alla að gera landið byggilegt og forða því frá uppblæstri og eyðingu. Og þess vegna er það eðlilegt, að þjóðin öll standi undir kostnaðinum við uppgræðsluna og við gróðurverndina. Og ég held, að þessi skoðun sé að fá aukið fylgi og það sé mjög vaxandi skilningur allra landsmanna á því, hversu þýðingarmikið það er að auka gróðurinn í landinu og hefta eyðingaröflin. Og ég er sannfærður um það, að þetta frv., sem hér um ræðir, er spor í rétta átt, til þess að ná því marki, sem við vitanlega allir viljum keppa að, og þess vegna er ástæða til að gleðjast yfir því, að hv. Alþingi virðist ætla að sameinast um þetta mál.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að ágreiningur var um þær till., sem komu frá sandgræðslunefndinni 1957 um öflun fjár til landgræðslunnar. Við, sem höfum flutt á undanförnum þingum frv. landgræðslunefndarinnar frá 1957 með nokkrum breytingum, höfum ekki gert að okkar till. t. d. að innheimta gjald af búfé og felldum sömuleiðis úr frv. ákvæði um gjald af innfluttum fóðurbæti, enda breyttar ástæður frá þeim tíma, að n. gerði þá till. En það, sem margir hafa haft áhuga á, í fyrsta lagi sandgræðslunefndin 1957 og svo síðar aðrir, var það, að landgræðslan fengi til sinna umráða sjálfstæðan tekjustofn. Í því efni hafði verið skapað fordæmi, og það fordæmi var þannig, að tekin hafði verið upp sérstök álagning á tóbaksvörur eða hluta af tóbaksvörunum og Skógrækt ríkisins fenginn sá tekjustofn til umráða. Þetta er allmikið fé, skiptir nú orðið nokkrum millj. kr. Sandgræðslunefndin frá 1957 vildi frá öndverðu fara í þessa slóð og veita landgræðslunni einnig sérstakar tekjur af tóbaksvörum. Við, sem höfum flutt frv. á undanförnum þingum, vildum einnig styðja þessa tekjuöflun. Um þetta fékkst þó ekki samkomulag. Og þegar hæstv. ráðh. fól sandgræðslunefndinni að nýju í ársbyrjun 1960 það mál til athugunar, þá lagði hún til, að í staðinn fyrir álagningu á tóbak handa landgræðslunni kæmi álagning á áfengi. Margir gátu á það fallizt, að þannig væri breytt til, en þrátt fyrir það náði sú tekjuöflun ekki fram að ganga.

Það verkefni, sem landgræðslunni er falið eða verður falið með hinum nýju lögum, er mikið og mikilsvert og mun kosta mikið fé. Lögin, þó að þau séu vel undirbúin, munu ekki koma að gagni, þ. e. a. s. sá þáttur þeirra, sem hér er um að ræða, nema þessir fjármunir verði fyrir hendi. Ég þóttist skilja það á hæstv. ráðh., að honum væri þetta ljóst og hann hefði fullan hug á því, að þessi þáttur málsins yrði tekinn upp síðar, eins og nauðsynlegt er, til þess að lögin beri árangur, og er þess að vænta, að úr því verði.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Það kemur fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. sú óánægja, sem ég gat um, að í frv. væri ekki ákveðið um fastákveðna tekjustofna. Og mér skildist á honum nú í hans síðustu ræðu, að þessi lög mundu ekki koma að neinu gagni, fyrr en slík ákvæði væru komin í lög eða væri búið að útvega landgræðslunni einhvern fastan tekjustofn. Ég get satt að segja ekki fallizt á þessa skoðun, því að vitaskuld kemur það landgræðslunni fullkomlega alveg eins að gagni, að til hennar sé veitt fé á fjárl., eins og að fara að útvega henni einhvern fastákveðinn tekjustofn, og ég sé ekki, að sú leið sé til neinna bóta, eins og lagt hefur verið til, að taka skatt af áfengi, sem selt er í landinu. Við vitum það, að allar tekjur, sem koma af áfengissölunni, renna inn í ríkissjóð, og er þá

alveg eins hægt fyrir ríkissjóðinn að veita fé til landgræðslunnar eftir öðrum leiðum. Og eins og ég sagði áðan, þá álít ég, að þetta mál sé málefni allra landsmanna, og tel raunar eðlilegast, að fé sé veitt til þessara framkvæmda beint í gegnum fjárl. Og það gleðilega hefur líka skeð, að það ríkir skilningur í þinginu fyrir þessu, á það benti ég, því að fjárveitingar til landgræðslunnar hafa farið stórlega vaxandi ár frá ári. Það var 1955, ef ég man rétt, sem fjárveiting til sandgræðslunnar fór fyrst yfir eina millj. kr. 1955 mun hún hafa verið 1.2 millj. 1958 var þessi fjárveiting komin í hartnær 2 millj. Á fjárl. í fyrra mun hún hafa verið, að því er mig minnir, 5.4 millj., og á fjárlögum þessa árs er hún nær 7.5 millj., eða 7 millj. 455 þús. kr. Með þessu þykist ég benda á, að hér hefur verið vel að unnið, og stöðugt er aukið fé til þessara framkvæmda. Það tel ég hárrétta stefnu og nauðsynlegt að gera. Og eins og ég sagði áðan, er ég alveg viss um, að sá skilningur ríkir hér í þinginu, að slík þurfi stefnan að vera í þessum málum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það kemur fram í grg. með þessu frv., að það var svo fyrir lagt síðustu nefnd af mörgum, sem um þetta mál hafa fjallað, að hún skyldi ekki fjalla um sérstaka tekjuöflun. Reynsla undanfarinna ára er sú, að hugmyndin um sérstaka tekjuöflun hefur valdið erfiðleikum og tafið málið, og ég geri því fastlega ráð fyrir, að hugmyndir ráðh. hafi verið þær að reyna að ná þó samkomulagi um kjarna málsins og þær skipulagsbreytingar, sem hér eru, og það hefur raunar gerzt með þessu frv.

Ég vil benda á það, að hugmyndirnar um sérstaka tekjustofna hafa ekki aðeins verið umdeildar, heldur hefur reynslan sýnt, að slíkar hugmyndir gefast misjafnlega. Hv. 3. þm. Norðurl. e. nefndi þá leið, sem farið var inn á með skógræktina, að láta hana hafa tekjur af tóbakssölu, og talaði um, að hann og aðrir hafi viljað fara í þá slóð. Nú hefur það gerzt á síðustu 1—2 árum, að af sérstökum ástæðum hefur tóbakssalan minnkað stórkostlega, og ég hef það fyrir satt, að skógræktin hafi orðið fyrir mjög miklum skyndilegum tekjumissi, sem sjálfsagt veldur truflun á störfum hennar, því að byggt hefur verið á jöfnum vexti þessara tekna. Alveg eins gæti farið með áfengið. Þá er það svo, eins og síðasti ræðumaður benti á, að sérstakir skattar á áfengi eru meira eða minna að taka úr einum vasanum og láta í hinn, því að tekjur af því renna til ríkisins hvort eð er.

Rétt er að benda á, að sú stóra skipulagsbreyting, sem gerð er með þessu frv., að taka upp embætti og starf gróðurverndarfulltrúa, hefur í sjálfu sér í för með sér vissa aukningu á þeirri starfsemi. Þessi nýja viðleitni til þess að verja þann gróður, sem er, í staðinn fyrir að hugsa eingöngu um að vinna aftur sanda og fokið land, mun þurfa einhvern dálítinn tíma til þess að komast á fætur og gera sér grein fyrir, hvaða verkefni þar liggja fyrir, sem helzt er hægt að leggja til glímu við. Ég vil því benda sérstaklega á 42. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en 5 ár eru liðin frá gildistöku þessara laga, skal landgræðslustjóri hafa látið gera yfirlit um landskemmdir og samið áætlun um, hvernig helzt megi bæta þær, svo og í hverri röð skuli unnið að landbótunum."

Mér virðist því, að hér gerist jafnframt hinum hækkandi framlögum á fjárl., að sett er upp nýtt svið, ný herdeild í baráttunni gegn uppblæstri og gróðureyðingu. Þeir, sem þarna munu starfa, fyrst og fremst gróðurverndarfulltrúi, taka þá væntanlega bráðlega til verka og gera sér grein fyrir því, hvað hægt er að gera á þessu sviði á næstu árum. Samkv. lögunum á á 5 ára tímabili að gera yfirlit yfir allt landið og áætlun um, hvernig bæta megi þær landskemmdir, sem orðið hafa eða virðast vera yfirvofandi, og það mun þá koma til kasta Alþingis, þegar slík áætlun liggur fyrir, hvernig það vill við henni bregðast og hvernig það vill tryggja fé til hennar. En ég hygg, að sú reynsla, sem er af vaxandi fjárveitingum á síðustu árum, og í öðru lagi sú eining, sem hefur verið um nauðsyn þessa máls, gefi ekki ástæðu til annars en að vera bjartsýnn um það, að þegar þessar áætlanir koma frá bæði þeim starfsmönnum, sem fyrir eru, og þeim nýju, sem þarna koma til skjalanna, þá muni þingið ekki láta standa á peningum, til þess að okkur megi vegna vel í baráttunni fyrir því að varðveita landið okkar og hindra það, að verðmætasti partur þess fjúki út á Atlantshaf.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur ekki tekið alveg rétt eftir því, sem ég sagði áðan. Ég sagði ekki, að lögin mundu ekki koma að neinu gagni án frekari fjáröflunar, heldur voru ummæli mín á þá leið, að sá þáttur, sem fjallaði um landgræðslu, mundi ekki koma að því gagni, sem til var stofnað, nema fjáröflun væri aukin, og um það skildist mér nú raunar að hæstv. ráðh. væri mér sammála. Ég hafði áður gert grein fyrir því, hvaða mun ég teldi vera á því annars vegar, að landgræðslan hefði sérstakan tekjustofn, og fjárveitingu hins vegar, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

En út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði um tóbakstekjur skógræktarinnar, vil ég segja það, að það getur vel verið, að eitt árið eða svo hafi skógræktin fengið minni tekjur en áætlað hefur verið. En hins vegar hef ég ekki orðið þess var, að skógræktin óskaði eftir því að fá skipti, þannig að af henni væri tekinn þessi sérstaki tekjustofn og hún ætti svo vonina í fjárveitingum frá Alþingi, enda skiljanlegt, að hún vilji ekki skipta á slíku.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði orð á því, að fjárveitingar til sandgræðslunnar hafi verið auknar allmjög undanfarin ár, hefðu verið 1958 2 millj., nú komnar upp í 7—8 millj. (Gripið fram í.) Já, það er annaðhvort af því að ég tala lágt eða hv. þm. heyrir ekki vel, nema

hvort tveggja sé. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði. Hv. þm. hafði orð á því, að fjárveitingar sandgræðslunnar hefðu verið auknar til muna í seinni tíð, mundu hafa verið 2 millj. 1958 og mundu nú vera komnar upp í 7—8 millj., mig minnir, að hann nefndi þær upphæðir. Honum fer eins og fleirum að finnast upphæðir háar nú á tímum. En þegar við lítum á hinar háu upphæðir nú á tímum, verðum við að gæta þess, að krónan og verðgildi hennar er miklu minna en það var fyrir einum eða hálfum áratug. Til dæmis um það er, að heildarupphæð fjárlaga ríkisins mun þetta ár, sem þm. nefndi, 1958, hafa verið 800—900 millj. kr., en er nú komin nokkuð hátt á 4. milljarð, þ. e. a. s. 4 þús. millj. Þetta þýðir ekki, að veitt sé svona miklu meira verðgildi til allra hluta en áður, heldur er af öðrum ástæðum. Það má vel vera, að verðgildi fyrir þær upphæðir, sem nú eru veittar, sé eitthvað hærra en 1958. Ég er ekki frá því, en það munar ekki mjög miklu, þegar miðað er við fjárlögin í heild.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er örstutt. — Það eru nú fleiri en 2. þm. Norðurl. v., sem heyra illa. Ég var farinn að halda það um daginn, þegar þessi hv. þm. var að tala, hv. 3. þm. Norðurl. e., að ég væri farinn að tapa heyrn, svo að ég spurði sessunauta mína sitt hvorum megin við mig, hvort þeir heyrðu. Þeir heyrðu þá ekki heldur, og þá trúði ég því, að ég hefði heyrn í meðallagi, það væri af því, að hv. þm. talaði lágt. Nú er það ekki af því, að hann vanti róm, en þetta er svo misjafnt og ekki að sakast um það. En hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði lágt áðan, og ég er ekki alveg viss um, að ég hafi heyrt rétt, en hafi ég heyrt rétt, að hv. þm. haldi því fram, að ég hafi talið vafasamt, að þetta frv., sem við erum að ræða um, næði tilgangi sínum, nema það hefði einhvern tekjustofn, þá er það ekki rétt. Það, sem ég sagði, var það, að enda þótt ekki væri lögfestur sérstakur tekjustofn í þessu frv., þá gætu hv. þm., ef þeir vildu, hugsað sér að koma því fram seinna, ef þeir teldu fjárveitingar til þessara mála ekki fullnægjandi. Ég sagði hins vegar, að vegna þess að fjárveitingar hafa verið stórum auknar undanfarin ár, þá er miklu síður ástæða til þess nú en áður, t. d. 1958 eða 1957, þegar menn sáu ekki aðra leið til fjáröflunar en að leggja á sérstakt gjald.

Ég bjóst við því, að hv. 3. þm. Norðurl. e. væri eftir atvikum ánægður með þær hækkanir, sem hafa orðið á fjárveitingum til sandgræðslunnar. Það er 376% hækkun frá því 1958. Ég segi ekki, að það hefði ekki mátt vera meira og jafnvel æskilegt, að það hefði verið meira. En ég held, að flestir, sem um þessi mál fjalla, sandgræðslustjóri og fleiri, telji, að þetta sé mjög gott og meiri hækkun en nokkru sinni áður til þessara mála, vegna þess að það hefur verið betri skilningur á þeim í seinni tíð en oft áður, og vegna þess að allir hv. þm. virðast nú vera í aðalatriðum sammála um þetta mál, þá er ekki ástæða til að orðlengja meir um það. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég tel það ekki aðalatriðið, að sandgræðslan eða landgræðslan hafi sérstakan tekjustofn, heldur er það vitanlega höfuðnauðsyn, að hverju sinni sé veitt fé til þessara mála og það í auknum mæli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
5.—16. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
17.—25. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
26.—39. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
40.—42. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
43.—44. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá Nd. og var samþ. þar shlj., eins og það var lagt fram. Frv. heitir, eins og sjá má, „Frv. til l. um landgræðslu", og má segja, að frv. þetta eigi sér nokkuð langan aðdraganda. Það mun hafa verið lagt hér fram frv. 1957 til nýrra sandgræðslulaga, og það dagaði uppi, fékk ekki byr. Síðan var sandgræðslunefndin, sem samdi frv. 1957, beðin um að endurskoða það, sem hún gerði og lauk því á árinu 1961. Það frv. var aldrei lagt fram af hendi stjórnarinnar, en tveir hv. þm. í Nd. fluttu frv., en það fékk ekki heldur byr, m. a. vegna þess, að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar voru ekki ánægðir með það, eins og það var, og því var enn gerð endurskoðun á því frv. 1963 og enn þótti það ekki nægilega traust til þess að leggja það fram. Og loks á árinu 1964 var skipuð n. til þess að endurskoða lögin og öll þau frv., sem hér er um að ræða. Og eftir þeim viðtökum, sem frv. fékk í Nd., má ætla, að síðustu n. hafi tekizt að vinna úr þeim gögnum, sem fyrir lágu, þannig að hv. alþm. geti nú sætt sig við það, sem um er að ræða. Og ekki er að efast um það, að þetta frv., ef að lögum verður, getur orðið til mikilla bóta og ýtt undir landgræðsluna og annan þátt, sem er kannske ekki minna virði og einnig þarf að taka með í reikninginn, gróðurverndina, að koma í veg fyrir eyðingu. En það er gert ráð

fyrir því sérstaklega í þessu frv., að þetta verði tveir þættir, annars vegar uppgræðslan og hins vegar gróðurverndin.

Með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að afla sérstakra tekna, heldur verði fé veitt til þessara mála eins og það er hverju sinni á fjárl. En í sumum þeirra frv., sem ég áðan minntist á, var gert ráð fyrir að afla sérstakra tekna með lögunum. Í frv. 1957 var gert ráð fyrir sérstöku gjaldi á búpeninginn, sauðfé og nautgripi, hross, sérstöku gjaldi á innfluttan fóðurbæti, sérstöku gjaldi á tóbak. En þessar tekjuöflunarleiðir þóttu ekki réttmætar og eðlilegar, þar sem þær kæmu þyngst niður á einni stétt manna í þjóðfélaginu, en þannig bæri að líta á, að landgræðsla og sandgræðsla væru í þágu alþjóðar, sem er líka tvímælalaust. En á þessu tímabili, sem málið hefur verið í athugun, þessi ár, hefur talsvert áunnizt í því efni að fá aukið fé til þessara mála, og eru nú á fjárl., eins og hv. alþm. er kunnugt, um 7.5 millj. kr. til landgræðslumála.

Sandgræðsla Íslands hefur starfað síðan 1907, og hún hefur vissulega haft mikið og mikilvægt verkefni. Þegar sandgræðslan fyrst byrjaði sitt starf, leit víða mjög illa út. Gróðurinn var að eyðast í heilum landshlutum. Þar sem áður höfðu verið grónar grundir, voru eyðimerkur og sandar, og ef þannig hefði haldið áfram, hefði mestallur gróður í landinu eyðzt. En svo varð nú ekki, því að viðnám var veitt. Í fyrstu var aðeins lítið úr að spila, en okkar fyrsti sandgræðslustjóri, Gunnlaugur Kristmundsson, gekk til starfsins af miklum áhuga og með mikla og göfuga hugsjón og lét ekki bugast, þótt við mikla erfiðleika væri að stríða, fjárskort og hamfarir náttúrunnar. Runólfur Sveinsson tók við af Gunnlaugi. Hann féll frá fyrir aldur fram, en á meðan hans naut við, hélt hann uppi merki Gunnlaugs, og núv. sandgræðslustjóri hefur ekki látið það merki falla. Það hefur sézt mikill árangur af störfum sandgræðslunnar, og í staðinn fyrir þá eyðingu, sem herjaði á og virtist ætla að ná yfirtökum og sigra, hefur skapazt gróður og eyðingaröflin verið að mestu heft. En sárin eftir hina miklu eyðingu eru allt of stór, og þörfin til uppgræðslu og gróðurverndar er vissulega fyrir hendi og ekki síður fyrir það, þótt skemmdaröflin hafi um sinn verið heft. Til þess að þau verði undir að fullu, þarf að halda starfinu áfram með þeirri tækni, sem við nú höfum yfir að ráða, og vinna upp það, sem hefur eyðilagzt á undanförnum öldum.

Eins og segir í 1. gr. þessa frv., er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp eydd og vangróin lönd. Ef athugað væri, um hvaða nýmæli er að ræða í þessu frv. frá gildandi lögum, má segja, að það er tekin upp skipuleg gróðurvernd, sem hefur ekki verið áður, til þess að koma í veg fyrir skemmdir á gróðurlendi sakir ofnotkunar samhliða heftingu uppblásturs og sandgræðslu. Og eins og ég sagði áðan, er það e. t. v. eins veigamikið að koma í veg fyrir eyðinguna og hitt, að græða upp það, sem hefur skemmzt.

Gróðurverndin og sandgræðslan mynda eina stofnun, sem nefnist Landgræðsla ríkisins. Forstjóri hennar verður landgræðslustjóri, en fulltrúi hans annast annað hvort starfssviðið. Mér virðist það nú liggja í augum uppi, að hann annist gróðurverndina og forstjórinn verði landgræðslustjóri. Þá er gert ráð fyrir að skipa gróðurverndarnefndir í þeim héruðum, þar sem landgræðslustjóri telur þeirra þörf, líkt og skógræktarfélög starfa nú víðs vegar um landið til eflingar skógræktinni. Fleiri leiðir verða nú en áður til samstarfs við hið opinbera um að græða upp lönd. Styrkur til græðslu er ekki bundinn ákveðnu marki fyrir fram, heldur getur það orðið samningsatriði á milli hlutaðeigandi aðila. Gert er ráð fyrir, að uppgrædd lönd í eigu ríkisins verði nytjuð af bændum, strax og kostur er, enn fremur, að fyrri eigendur og notendur uppgræddra landa geti fengið þau aftur í hendur. Bæjar- og sveitarfélög má skylda til að taka við þeim aftur. Þá er landgræðslustjóra heimilt að fela búnaðardeild atvinnudeildar háskólans að rannsaka beitarþol og krefjast ítölu í lönd, sem eru í hættu. Ákvæði eru um stofnun félaga til landgræðslu. Gert er ráð fyrir, að leitað verði eftir nýjum plöntutegundum til landgræðslu og setja megi upp gróðrarstöðvar til að fjölga þeim, sem nothæfar reynast.

Þá er ákvæði um, að innan 5 ára skuli gert yfirlit um landsskemmdir og áætlun gerð um framkvæmd landgræðslu, þannig að unnt verði að vinna skipulega að henni.

Það er ekki ástæða til að vera að hafa langa framsöguræðu um þetta og endurtaka það, sem áður hefur verið sagt um það. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi lesið frv. yfir, þekki þessi mál nokkuð vel og ýtarlega. Ég vildi því vænta þess, að málið fengi eins góðar undirtektir í hv. Ed. og það fékk í hv. Nd. og frv. megi verða að lögum. Ég tel, að það sé til bóta, það skapi möguleika til aukinnar starfsemi á sviði þessara mála, þótt öruggt megi telja, að eitthvað mætti betur fara í þessu frv. en gert er ráð fyrir. En þannig verður það alltaf, og lögunum verður vitanlega alltaf unnt að breyta, eftir því sem reynslan kennir, að betur megi fara.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 403, 404).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., frv. til l. um landgræðslu, er að mínu áliti mjög þarft

frv. og vel úr garði gert. Það hefur hlotið mjög vandlegan undirbúning og margir merkir menn um það fjallað. Fyrst er þess að geta, að skipuð var 1957 n. til að endurskoða l. um sandgræðslu, en þau voru frá 1941 og 1943. Í þeirri n. áttu sæti Björn Kristjánsson fyrrv. alþm., hann var formaður n., Árni G. Eylands, Arnór Sigurjónsson, Páll Sveinsson og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri. Þessi n. samdi frv., sem lagt var fyrir Alþingi. Þar var því breytt í ýmsum atriðum, en náði þó ekki fram að ganga. Síðla árs 1960 skipaði landbrh. þá Björn Sigurbjörnsson og Hákon Bjarnason til að endurskoða frv. og gera drög að lagabreytingu um landgræðslu og gróðurvernd. Þeir skiluðu till. og áliti snemma árs 1961. Hinn 4. júní 1963 skipaði ráðh. enn nýja n. í málið, þá Pálma Einarsson, formann n., Pál Sveinsson og Pétur Gunnarsson og síðar Ingva Þorsteinsson magister. Þessi n. skilaði frv. 1964. Hinn 10. júlí 1964 skipaði landbrh. enn n. til þess að semja nýtt frv. upp úr því frv., sem áður var fram komið. Í þeirri n. áttu sæti Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, formaður, Benedikt Gröndal, Jónas Jónsson, Ólafur E. Stefánsson og Ragnar Jónsson.

Þetta er forsaga þessa frv. Hins vegar á sandgræðsla hér á landi sér alllanga sögu, eða allt frá árinu 1895, er lögfest var heimild fyrir sýslunefndir að gera samþykktir um hindrun sandfoks. Fyrsti sandgræðslustjóri var Gunnlaugur Kristmundsson í Hafnarfirði, mjög duglegur maður og langsýnn, sem vann ómetanlegt starf við heftingu sandfoks hér á landi og uppgræðslu örfoka lands, t. d. á Rangárvöllum og víðar um land. Hann hafði jafnan mjög takmörkuð fjárráð, og má furðulegt heita raunar, hversu miklu hann fékk áorkað við heftingu sands á uppblástursvæðum. Að starfi hans varð mikill árangur og langt fram yfir vonir, miðað við þá aðstöðu, sem hann hafði, og þau fjárráð, sem hann hafði úr að spila. Af starfi Gunnlaugs Kristmundssonar varð mönnum ljóst, að hér var hægt að gera stóra hluti, ef sterklega og vandlega var á hlutunum tekið. Næsti sandgræðslustjóri var Runólfur Sveinsson í Gunnarsholti, en hans naut ekki lengi við, og við tók af honum síðan bróðir hans, sem allir þekkja sem ötulan starfsmann á þessu sviði.

Eftir því sem ár hafa liðið og reynsla aukizt í þessum efnum, hefur sandgræðslan færzt út á víðara svið og orðið jöfnum höndum bæði uppgræðsla og gróðurvernd, og með hverju ári sem líður á þessi starfsemi auknum skilningi að fagna hjá landsmönnum. Fleiri og fleiri verður ljóst, að þarna er hægt að gera mikla hluti, ef fé er fyrir hendi og rétt tök eru tekin á þeim verkefnum, sem þarna liggja óleyst. Má þar til nefna girðingar um uppblásturssvæði og lítt gróin lönd og einnig frædreifingu og áburðardreifingu úr lofti, sem tíðkazt hefur nú meira og meira hin seinni ár.

Þegar Gunnlaugur Kristmundsson barðist sinni góðu baráttu í þessum málum, átti hann jafnan misskilningi að mæta hjá þeim, sem yfir löndunum réðu, og leiddi það stundum til málaferla, sem ég mun ekki fara út í hér.

Nú er hins vegar flestum, sem eiga vangróin lönd eða lönd, sem eru í hættu fyrir uppblæstri, það kappsmál að fá þau girt og friðuð eða grædd upp með einhverju móti, og eiga þeir, sem fyrir sandgræðslumálunum standa, ekki við neitt líkt því svipað skilningsleysi að etja í þessum málum og Gunnlaugur Kristmundsson átti í sinni tíð.

En þetta frv. gerir ráð fyrir því, að landgræðslan og landeigandinn taki höndum saman og semji um raunhæfar aðgerðir á hverjum stað og landgræðslan kosti meiri hluta til við þær aðgerðir, en landeigandinn þó nokkru í flestum tilfellum. Annars er nú um fleiri leiðir að velja um samstarf við hið opinbera samkv. þessu frv., því að það gerir ráð fyrir ýmsum leiðum til úrbóta á þessu sviði. Gert er ráð fyrir, að skipaðar verði gróðurverndarnefndir í byggðarlögum, ef landgræðslustjóri telur það geta stuðlað að því, að meira verði gert og betur litið eftir þessum málum á hverjum stað. Það er einnig gert ráð fyrir, að komið geti til mála að stofna félög til landgræðslu. Svo er gert ráð fyrir meiri rannsóknum en verið hefur og að áætlanir verði gerðar um framkvæmdir til 5 ára og þar fram eftir götunum.

Á undanförnum þingum hefur landgræðslumálið oft verið til umr., án þess þó að verða útrætt þar, og í byrjun þessa þings var flutt í þessari hv. d. frv. um landgræðslu, sem hv. 4. þm. Norðurl. e., Arnór Sigurjónsson, sem þá sat á þingi, flutti. Það frv. var í meginatriðum svipað þessu, en fór þó aðrar leiðir að sumu leyti. Þar voru landgræðslunni ætlaðir sérstakir tekjustofnar. Þetta frv. var sent landbn. þessarar d., og hún sendi það síðan til umsagnar ýmsum stofnunum, þ. á m. Búnaðarfélaginu, en fékk ekki svör önnur en þau, að eðlilegt væri að bíða eftir frv., sem þá var vitað að fram kæmi frá stjórninni, og sjá síðan, hvort eðlilegt væri að taka afstöðu til þessa frv., sem ég nefndi. Af þeim orsökum afgreiddi landbn. ekki það frv.

Þetta frv. var lagt fram í Nd. fyrir alllöngu og fékk þar einróma meðmæli í n. og var samþ. þar óbreytt frá því, að það var lagt fram. Landbn. þessarar d. sendi frv. m. a. til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, og tók búnaðarþing það, sem nýlega sat á rökstólum, málið til meðferðar og gerði um það ályktun og lagði til nokkrar brtt. Þessar brtt. hefur landbn. tekið flestar til greina og flytur hér á sérstöku þskj., nr. 404, fjórar brtt. Um þær tel ég ekki ástæðu að hafa mörg orð, þar sem þær eru afgreiddar samhljóða í n. og hníga mjög í sömu átt og þær till., sem búnaðarþing lagði til að gerðar yrðu við frv., enda geta menn borið þær saman á þskj.

Þetta mál er mjög mikils vert að mínu áliti, eins og ég gat um í upphafi máls míns, og mikil samstaða um frv. hér á hv. Alþ. og þess því von og nokkurn veginn vissa, að það gangi fram hér á þessu þingi, og tel ég, að þá sé þessum málum betur skipað en verið hefur

og þess sé að vænta, að meiri átök verði gerð í þessu máli eftirleiðis en hingað til, þótt þess beri að vísu að geta, að aðgerðir í landgræðslumálum hafa alltaf farið vaxandi hin síðustu ár, og með nýrri tækni í þeim efnum hefur víða sézt mikill árangur af starfi sandgræðslunnar, sem hér er gert ráð fyrir að verði kölluð landgræðsla ríkisins, vegna þess að starfssviðið er að sjálfsögðu allmiklu víðara en aðeins að sinna sandgræðslu, heldur einnig uppgræðslu á vangrónu landi og varna því, að vangróið land rýrni að gildi og gróðurfari.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var afgreitt frá landbn., var ég ekki viðstaddur, og vil ég því undirstrika það hér, að ég er fyllilega samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir, enda þótt um ýmis atriði mætti kannske deila. Vera má, að fyrir 3. umr. þessa máls komi ég fram með smábrtt., sem ég geri þá frekar grein fyrir, þegar þar að kemur. En þetta mál er, eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, mjög stórt mál, ef vel er að því staðið í öllum atriðum.

Það er tekið fram í grg. þessa frv., að í því séu meginbreytingar frá eldri lögum í 10 veigamiklum atriðum. Sé það svo, að þessi lög eigi að ná tilgangi sínum, verður eitt af meginundirstöðuatriðum, að svo megi fara, að vel verði að því staðið fjárhagslega, því að fjármagnið er afl þeirra hluta, er gera skal. Þess vegna er það, að ég vildi fregna það hjá hv. frsm., af því að þeir, sem tilheyra hæstv. ríkisstj., vita margt, hafa mikil völd og ráða auk þess yfir miklu fjármagni, þá vil ég vita það, hvernig þeir hafa unnið að því, að fjárhagsleg aðstaða til landgræðslu verði bætt frá því, sem verið hefur, því að sjálfsagt hefur það eitthvað borið á góma, og verði ekki betur að því staðið en nú, held ég, að verði lítið úr mörgum veigamiklum atriðum þessa frv., ef ekki verður þar verulega bætt frá því, sem verið hefur. Ég vænti, að hv. frsm. geti gefið einhverjar upplýsingar um þessi atriði, enda þótt það liggi ekki fyrir neitt í nál.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég mun hafa gleymt að geta þess, að hv. 1. þm. Vesturl. var ekki viðstaddur afgreiðslu þessa máls úr n. Hins vegar hafði ég ástæðu til að ætla, að hann væri frv. samþykkur í höfuðatriðum, sem einnig hefur komið fram hér í ræðu hans.

Það er getið um það í grg. þessa frv., að það hafi verið nokkuð til umr., hvort taka ætti inn í frv. ákvæði um tekjuöflun fyrir landgræðsluna, og í þeim frv., sem fram hafa verið lögð hér áður, voru ákvæði um það að ákveða í frv. sérstaka tekjustofna, bæði í því frv., sem fyrst var lagt hér fram, og svo sérstaklega í því frv., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði hér fram í haust. Þó fóru þær till. ekki í sömu átt.

Að athuguðu máli var frá því horfið að ætla landgræðslunni sérstaka tekjustofna, heldur yrðu fjárframlög hverju sinni að ákveðast á fjárlögum til þessara hluta. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað hv. þm. um það, hvað mikið verði lagt til þessara mála á næstunni á fjárl., því að það kemur vitanlega fram hverju sinni og er á valdi bæði ríkisstj. og fjvn. En ég vil benda á, að það er ekki ástæða til mikillar svartsýni í því efni og að álita, að skorin verði mjög við nögl fjárframlög, vegna þess að fjárframlög hafa alltaf farið hækkandi síðustu ár. Og þar sem mikil samstaða er um þetta mál og mikill skilningur á því, að það sé nauðsynjamál að græða upp landið og varna því, að það blási upp, eins og við hv. 1. þm. Vesturl. báðir höfum talað hér um, tel ég ekki ástæðu til að vantreysta mjög stjórnarvöldum í því efni. En ég leiði að sjálfsögðu alveg hest minn frá því að fara að nefna nokkrar tölur í því sambandi, því að það liggur ekkert fyrir um það. Og ég hygg, að t. d. hv. Nd., sem samþykkti þetta frv. nýlega alveg óbreytt frá því, sem það var lagt fram, hafi haft þann skilning á málinu, að það væri ekki nauðsynlegt að setja inn í það ákvæði um ákveðna tekjustofna. Ég get bætt því við, að þær till., sem fram hafa komið um ákveðna tekjustofna í þessu skyni, eru þannig vaxnar, a. m. k. sumar, að ég fyrir mitt leyti hefði ekki getað stutt þær. Og eftir atvikum álít ég, að það sé eðlilegt á þessu stigi málsins að afgreiða frv. án þess að fara að taka inn í það ákvæði um ákveðna tekjustofna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—39. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
41.—44. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 423).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ed. hefur gert smávegis breytingar á þessu frv., sem eru á þskj. 404. Það eru breytingar við 2., 3., 8. og 40. gr., eins og sjá má á þskj. Þessar breytingar eru ekki veigamiklar, og ég hefði viljað mælast til, að hv. Nd. féllist á að samþykkja frv. með þessari breytingu, sem hv. Ed. hefur gert.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

27. Jarðræktarlög (stjfrv.).

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til jarðræktarlaga [102. mál] (stjfrv., A. 151).

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki reiknað með, að þetta mál yrði tekið fyrir í dag, en úr því að tími vinnst til þess, er vitanlega gott að nota tækifærið til þess að koma málinu í nefnd.

Þetta frv. hefur verið samið af stjórn Búnaðarfélags Íslands eða búnaðarmálastjóra annars vegar og landnámsstjóra hins vegar, og má segja, að frv. sé til orðið m. a. vegna umr., sem fóru fram milli landbrn. og Búnaðarfélagsins á s. l. sumri. Eins og segir í aths. við frv., er um það getið, að Búnaðarfélagið hafi tekið málið upp eftir að hafa fengið bréf og óskir um að vinna að því frá landbrn., dags. 10. júlí 1964, um endurskoðun á jarðræktarlögunum.

Á s. l. þingi var gerð veigamikil breyting á jarðræktarl. og landnámsl., sem leiddi til þess, að styrkur var allmikið hækkaður til þeirra jarða, sem höfðu túnstærð undir 25 ha. Og það var gert ráð fyrir því, að sá styrkur næði til 3800 jarða á landinu eða mikils meiri hluta. Það var um það rætt, þegar það mál var til umr., hluti jarðræktarl. og landnámsl., að eftir væri að gera heildarátak, heildarendurskoðun jarðræktarlaganna, eins og legið hefur fyrir alllengi.

Það var 1961, sem búnaðarþing kaus 3 manna mþn. til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Fyrr var það nú ekki. Þessi nefnd starfaði næstum því heilt ár og skilaði af sér til búnaðarþings 1962, og búnaðarþing samþykkti þetta frv. n. með litlum breytingum. Var frv. síðan sent Alþingi. Það var tekið fyrir haustið 1962, en þá skipaði landbrh. þriggja manna nefnd til þess að endurskoða jarðræktarl. og hafa þó hliðsjón af því frv., sem mþn. búnaðarþings hafði samið. Í þeirri n. áttu sæti Pétur Gunnarsson tilraunastjóri, Birgir Finnsson alþm. og Kristján Karlsson fulltrúi hjá Stéttarsambandi bænda.

Þessi nefnd skilaði af sér seint á vetri 1963 eða undir þinglok. Það gafst ekki þá tími til þess að flytja frv. inn í Alþingi, og sumarið 1963 var sú ákvörðun tekin, að það skyldi lögð megináherzla á það að auka styrkveitingar til þeirra jarða, sem skemmst voru á veg komnar. Það var vitað mál, að hér þurfti að gera svo stórt átak, að það var ekki við því að búast, að það væri tekið í einum áfanga. Það mun hafa verið 1963, sem 10 ha markið var hækkað upp í 15 ha, þannig að hækkaður styrkur náði til þeirra, sem höfðu tún upp að 15 ha, og svo á s. l. vetri upp að 25 ha, og var þá, eins og áður segir, meginhlutinn af þeim jörðum í landinu, sem búið er á, sem fengu hækkaðan styrk, eða a. m. k. 2/3. Og það verður ekki um það deilt, að það vitanlega lá mest á því að ýta undir þá, sem voru skemmst á veg komnir. Með því að þetta var lögfest á síðasta þingi, 25 ha markið, með verulegri hækkun á jarðræktarstyrknum, hefur það komið í ljós, að það hefur ýtt allmikið við ræktuninni. Það liggur ekki enn fyrir, hversu mikið ræktunin hefur aukizt á þessu ári. Ég hef talað við nokkra ráðunauta, sem hafa verið að mælingum, en það er ljóst, að ræktunin hefur aukizt mjög mikið á þessu ári, og það sýnir sig, þegar skýrslurnar verða tilbúnar, og það má vitanlega fyrst og fremst þakka það lögunum frá síðasta þingi. Það var ekki vanþörf á að ýta við þeim mönnum, sem enn höfðu ekki túnstærð nema kannske upp að 10 ha og upp að 15 ha. Það er sagt, að meðaltúnstærð á landinu sé um 14 ha, en svo eru heilir landshlutar, sem hafa meðaltúnstærð innan 10 ha. Og það segir sig sjálft, að það er ekki hægt að framfleyta búi á slíkum jörðum, sem framfleyti fjölskyldu og skapi þau lífskjör, sem nú er krafizt, því að nú dugir ekkert annað en stefna að því, að heyfengur verði tekinn eingöngu af ræktuðu landi, og ekki aðeins það, að heyjað verði á ræktuðu landi, heldur einnig, að ræktað land verði notað til beitar. Þá mun það sýna sig, að afurðirnar aukast og aðstaða bænda til búrekstrar verður allt önnur en meðan verið er að hokra á jörðum, sem hafa litla ræktun.

Eins og ég sagði áðan, var það vitanlega ekkert lokamark á síðasta þingi að lögfesta styrkjahækkun til jarða, sem höfðu tún undir 25 ha, og sú lagfæring, sem gerð var á jarðræktarl., var aðeins áfangi og meiningin var alltaf sú að taka jarðræktarl. til heildarendurskoðunar, eins og nú er komið á daginn.

Það hefur verið sagt, að bændur hafi skaðazt á því, að vísitalan var slitin úr sambandi 1960 og styrkurinn ekki hækkaður samkv. vísitölu eftir það. Það má náttúrlega segja þá kannske líka, að launþegarnir hafi verið skaðaðir með því, að vísitalan var slitin úr sambandi. En um leið og ákveðið var að taka vísitöluna í samband og greiða laun samkv. vísitölu, þá lá það í hlutarins eðli, að það sama varð að gilda um jarðræktarl., því að í jarð-

ræktarl. gömlu segir, að jarðræktarstyrkur skuli greiðast samkv. kaupgjaldsvísitölu, þannig að eftir að kaupgjaldsvísitalan var slitin úr sambandi, var ekki heimilt að greiða styrkinn samkv. vísitölu. Nú er það dálitið undarlegt, að það skuli hafa verið í jarðræktarl. þetta ákvæði að greiða eftir kaupgjaldsvísitölu jarðræktarstyrk. Hitt er vitanlega miklu eðlilegra, eins og nú er upp tekið samkv. þessu frv., að miða jarðræktarstyrkinn við kostnaðinn af ræktuninni, og því er ákveðið samkv. þessu frv., að eftirleiðis verði jarðræktarstyrkurinn greiddur í samræmi við tilkostnaðinn í ræktuninni. Eftir því sem ræktunarkostnaðurinn hækkar, eftir því hækkar sú vísitala, sem styrkurinn verður greiddur eftir. Og í frv. er gert ráð fyrir, að hagstofustjóri í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins finni út það, sem nefnt verður samkv. þessum lögum jarðræktarvísitala.

Þetta frv. er samið og flutt í fullu samkomulagi við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Landnám ríkisins. Landnám ríkisins reiknaði út á s. l. vori, hvað styrkurinn þyrfti að hækka mikið, til þess að bændur fengju kostnaðinn upp borinn, og eftir því sem næst varð komizt, var gert ráð fyrir, að styrkurinn þyrfti að hækka um 28.5%. Seinna í sumar var þetta dæmi endurreiknað, og varð þá að samkomulagi að miða hækkunina við 30% að meðaltali. Sumir liðir hækka meira og aðrir þá kannske nokkru minna. En með þessum útreikningum, sem gerðir hafa verið af fulltrúum bændasamtakanna, á að vera fundið það, sem leitað hefur verið að, hækkun á jarðræktarstyrknum í samræmi við aukinn tilkostnað, og með vísitöluákvæðinu er fyrir það girt, að styrkurinn geti lækkað hlutfallslega, þótt jarðræktarkostnaðurinn aukist eða byggingarkostnaðurinn á þeim framkvæmdum, sem eru styrkhæfar samkv. lögunum.

Það eru tvö atriði í þessu frv., sem má segja að hafi ekki verið fullt samkomulag um. Fyrra atriðið er það, að Búnaðarfélagið og bændasamtökin óskuðu eftir því, að inn í frv. væri tekin styrkveiting til vatnsleiðslna í sveitunum. Og það er ekkert um það að efast, að það er mjög æskilegt að taka það ákvæði í jarðræktarl. að styrkja vatnsveitur í sveitum, því að það er vitanlega nauðsynlegt að hafa helzt sjálfrennandi vatn eða vatnsleiðslu í einhverju formi, bæði til neyzlu fyrir heimilismenn og fyrir búpening og svo einnig til þess að hafa gott kælivatn til þess að geta sent góða og vel kælda mjólk á markaðinn. Þetta ákvæði hefur ekki verið í jarðræktarl. áður, og tal um þetta ákvæði kom ekki til fyrr en í haust. Þetta kom t. d. ekki til umr., þegar við vorum að ræða saman í haust, fulltrúar bænda í 6 manna nefnd, og var ekkert um það rætt þá. Það er vitanlega hv. Alþingi, sem getur bætt þessu ákvæði inn í. En eins og málið stóð núna, þegar frv. var flutt, treysti ég mér ekki til að hafa þetta ákvæði með, enda þótt það sé nauðsynlegt, og vegna þess að það hafði ekki komizt til umr. áður. Og það er tekið fram hér, að ráðuneytið hafi ekki séð sér fært að svo stöddu að taka þetta ákvæði inn í frv. Það er vitanlega hægt að hafa það til athugunar nú á þessu þingi. Verði ekki samkomulag um það á þessu þingi, er þetta náttúrlega mál, sem altaf er hægt að taka upp. En þetta er nýmæli, að taka það í jarðræktarlög, og það hefur verið fundið til foráttu á fyrsta stigi málsins, að það væri ekki undirbúið, það væri enga grein hægt að gera sér fyrir því, hvað þetta mundi kosta mikið ríkissjóð á hverju ári. Sannleikurinn er sá, að Búnaðarfélag Íslands þarf að reyna að gera einhverja könnun á því og áætlun um það, hvað það mundi kosta ríkissjóð mikið árlega að taka þetta ákvæði inn í lögin, og ég verð að segja það, að þeir, sem amast við því nú á fyrsta stigi, hafa vitanlega nokkuð til síns máls, á meðan það er ekki hægt að gizka einu sinni á, hvað þetta mundi kosta.

Annað atriði er það, sem ekki varð fullt samkomulag um, og það er svolitil togstreita á milli Landnáms ríkisins, — kannske of mikið að segja togstreita, en það er skoðanamunur, — það er skoðanamunur á milli Landnáms ríkisins og Búnaðarfélags Íslands um það atriði 12. gr., hvort Landnámið skuli halda áfram að greiða út jarðræktarstyrk, eins og það hefur gert, eða hvort það á að vera í höndum Búnaðarfélagsins að meira leyti en áður. Ég fyrir mitt leyti sé nú ekki, að þetta skipti neinu máli, og bændurna vitanlega skiptir það engu máli. Þeir fá sama styrkinn, hvort sem það er landnámsstjóri, sem skrifar hann út, eða Búnaðarfélagið. En af því að þetta fyrirkomulag hefur verið, að Landnámið hefur greitt út hluta af styrknum, sem til fellur samkv. jarðræktarl., þá hefur rn. ekki séð ástæðu til að breyta því í frv. Það er vitanlega meiri hl. Alþingis, sem getur ráðið því, og skoðanir manna á þessu atriði fara áreiðanlega ekkert eftir pólitískum flokkum, því að þetta er fyrir utan það, en þetta fyrirkomulag hefur verið svona undanfarin ár, og það þarf náttúrlega að koma með einhverjar nýjar ástæður fram fyrir því, að það sé nauðsynlegt að breyta þessu, að mér finnst, áður en það er tekið til greina.

Eins og ég tók fram áðan, er meginhækkunin á jarðarbótaframlagi samkv. þessu frv. miðuð við 30% hækkun, sem er fundið samkv. útreikningum þeirra aðila, sem ég áðan nefndi. Ef þeim hefði fundizt eðlilegt, að það væri 35% eða eitthvað hærra, þá hefði það orðið það. En dæmið, sem reiknað var til enda, sýndi, að þetta væri það sanngjarna.

Í frv. er gert ráð fyrir, að laun héraðsráðunauta verði hér eftir greidd að 65% úr ríkissjóði og 35% úr héraði, en áður var þetta að hálfu frá ríkissjóði og að hálfu frá búnaðarsamböndunum. Hins vegar hefur það ekki verið tekið inn í frv., að ríkissjóður greiddi hluta af ferðakostnaði ráðunauta, enda þótt Búnaðarfélagið hafi borið þær óskir fram, og ég benti á það við 1. umr. um búfjárræktarl. hér í hv. d., að það væri líður í fjárl., að mig minnir á þessu ári 800 þús. kr. til Búnaðarfélagsins, og

það hefur verið bent á það, að það væri eðlilegt, þegar Alþingi treystir sér til að koma til móts við búnaðarsamböndin að þessu leyti, að hækka þann lið og að Búnaðarfélag Íslands skipti upp á milli búnaðarsambandanna úr þeim lið til þess að standa straum af ferðakostnaði héraðsráðunautanna að einhverju leyti. Og ég er alveg samþykkur því, að það væri eðlilegt að koma þannig eitthvað til móts við búnaðarsamböndin. Hvort það verður á þessu þingi, skal ég ekkert fullyrða um, en ég tel eðlilegt að stefna að því.

Með því að lögfesta það frv., sem hér er til umr., hafa jarðræktarl. í heild verið endurskoðuð og samræmd, og aukastyrkur til jarða, sem hafa tún innan við 25 ha stærð, er, eins og áður var sagt, miklu hærri samkv. þeim l., sem sett voru á síðasta þingi. Með l., sem sett voru í fyrra, á síðasta þingi, var gert ráð fyrir, að styrkurinn hækkaði um ca. 20 millj. árlega. Styrkur samkv. þessu frv. miðað við framkvæmdir 1963 hækkar um á milli 10 og 20 millj. En nú er það vitað, að ræktunin á þessu ári verður miklu meiri en áður, og er það vissulega gleðilegur vottur, að það sýnir sig, að sú blóðgjöf, sem aðilar hafa fengið með þessum l., er farin að verka, og með því að fá þetta lögfest til viðbótar er ég sannfærður um, að jarðræktarlöggjöfin í heild nær tilgangi sínum með því að ýta ræktuninni betur af stað en verið hefur. Árleg ræktun á áratugnum 1950—1960 mun hafa verið ca. 3500 ha. Ræktunin á s. l. ári, — ég man nú ekki nákvæmlega, hvað það var, en mig minnir, að það hafi verið 4500 ha., og ágizkun nú er, að ræktunin á árinu 1964 verði yfir 5000 ha. Og þá mætti ætla, þegar þetta frv. er einnig komið til að verka, að ræktunin gæti farið kannske allt upp í 6 þús. ha á ári, og það væri vitanlega mjög ánægjulegt. Því fyrr gætu allir bændur tekið heyskapinn af ræktuðu landi og því fyrr gætu bændur farið að nota ræktað land til beitar.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. á þessu stigi öllu meira. Ég efast ekkert um það, að hv. þm. hafa lesið það, gert sér grein fyrir innihaldi þess, og ég efast ekkert um, að það á fylgi allrar hv. þd. Það verður vitanlega ekki meira gert í þessu máli fyrir jól heldur en koma því í nefnd, og að sjálfsögðu getur hv. landbn. komið á framfæri atriðum, sem hún kann að vilja sýna eða ræða um, og ég efast ekki um, að t. d. vatnsveiturnar verða eitt af þeim atriðum, sem hv. landbn. vill að verði tekið til nánari athugunar.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er einn meginkjarninn í þeirri löggjöf, sem búskapur hvílist yfirleitt á, því að þessi löggjöf, jarðræktarlögin, eins og þau hafa verið og eins og þau eru lögð hér fram, þjóna tvenns konar tilgangi í landbúnaði. Annars vegar marka þau stefnuna í leiðbeiningastarfsemi innan landbúnaðarins undir starfsemi Búnaðarfélags Íslands og héraðsráðunautanna undir starfsemi búnaðarsambandanna í landinu. Hins vegar markar þessi löggjöf það framlag, sem ríkið greiðir til vissra framkvæmda innan landbúnaðarins, svo að hér er ekki um þýðingarlítið málefni að ræða. Það er nokkuð öruggt, að þegar jarðræktarlögin voru sett í upphafi, 1923, þá var meginkjarni þeirra að styrkja bændur til framkvæmda, að reyna að gera þeim kleift að notfæra sér þá tækni, sem tímarnir buðu þá upp á, en að vísu var miklu ófullkomnari en nú þekkist. Og þessi löggjöf hefur m. a. verið virkur þáttur í því að ýta undir alla tækni, sem landbúnaðinum hefur mátt verða til góðs á undanförnum árum. Það er því ekki undarlegt, þó að þessi löggjöf hafi komið einstaka sinnum til endurskoðunar, og margan undrar á því, hversu lengi það hefur dregizt nú að endurskoða jarðræktarl., ekki sízt, þegar litið er til þess, hversu gífurlegar verðlagsbreytingar hafa verið í landinu að undanförnu. Þeim mun ríkari ástæða hefði verið til að hraða miklu meira en reynslan hefur sýnt endurskoðun þessarar löggjafar.

Búnaðarfélagi Íslands var það þegar ljóst snemma á árinu 1960, eftir að hin nýja ríkisstj. hafði setzt að völdum og fellt gengið og sett efnahagsmálalöggjöfina, að jarðræktarlögin gátu ekki staðið óbreytt áfram, ef þau áttu að þjóna bændastéttinni jafnvel og þau höfðu áður gert. Þess vegna var það eitt af fyrstu verkum þess búnaðarþings, sem þá kom saman, í ársbyrjun 1961, að skipa mþn. til að endurskoða jarðræktarl. Og aðalverkefni n. átti að vera það að færa jarðræktarl. til samræmis með framlög þess opinbera miðað við það, sem þau höfðu verið, áður en efnahagsmálalöggjöfin hafði verið sett.

Hæstv. landbrh. kom inn á endurskoðun laganna, hver gangur hefði verið í þeim efnum á undanförnum árum. Það er búið að skipa margar nefndir til að fjalla um þessa löggjöf, fyrst mþn. búnaðarþings, og 1962 skipaði hæstv. landbrh. menn til þess að endurskoða löggjöfina. En enda þótt stjórnskipuð nefnd hefði skilað áliti í málinu, fékk það ekki framgang, þannig að það kom ekki fram á sjónarsviðið samt sem áður, og held ég þó, að það hafi verið samkomulag hjá þeirri nefnd um meginbreytingar á löggjöfinni.

Það er margsinnis búið að ýta á eftir endurskoðun jarðræktarl. af Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarþingi, og það hefur einnig verið gert af einstaka þm. hér á hv. Alþingi, en eigi hefur það borið neinn verulegan árangur. En á s. l. hausti skeður það, að þegar verið er að semja um verðlag á landbúnaðarafurðum, þá blandast inn í málið þau framlög, sem ríkið greiðir til vissra framkvæmda í landbúnaðinum, og það loforð er gefið, að jarðræktarframlög skuli hækka um sem næst 30% miðað við þær framkvæmdir, sem voru gerðar á árinu 1963. Og þetta var sá grundvöllur, sem

stjórn Búnaðarfélags Íslands og hennar starfsmenn ásamt Landnámi ríkisins höfðu að leiðarljósi við endurskoðun jarðræktarl. og þetta frv. grundvallaðist á í meginatriðum. En á það vil ég benda, og það er vert, að það komi strax fram, að það er tekið fram í þessu frv., sem er lagt fram af hæstv. ríkisstj., með leyfi forseta:

„Á tímabilinu frá 1959 til og með 1964 hefur kostnaður við ræktun túna úr mýrlendi, svo að eitt dæmi sé tekið, hækkað úr 8190 kr. í 14389 kr. eða um tæp 76% á ha samkv. virðingu Landnáms ríkisins vegna lántöku bænda úr ræktunarsjóði.“

Mér kemur því kynlega fyrir sjónir sá útreikningur, sem hæstv. ráðh. talaði hér um í ræðu sinni. Honum ber engan veginn saman við það, sem gefið er í skyn í því frv., sem hér liggur fyrir framan okkur á borðinu og er lagt fram af hæstv. ríkisstj. Á sama tíma og jarðræktarframlögin eiga að hækka að meðaltali um 30%, stendur það skýrum stöfum, að framlögin hafa rýrnað það mikið, að þau hafa rýrnað um 76% síðan 1959, þannig að það er rösklega þriðjungur af hækkuninni, sem á að taka inn í þetta frv., sem hér er til umr. Á þetta vil ég benda, og ég hygg, að þær tölur, sem í frv. standa, fái staðizt, þegar þær eru kannaðar reikningslega. En ég er ekkert að efast um það, að samkomulag hefur orðið í meginatriðum um þetta mál á milli þeirra aðila, sem áttu að endurskoða þetta, út frá þeim sjónarhól eða vettvangi, sem þessum aðilum var falið að endurskoða löggjöfina. Um það skal ég ekki deila. En það er ýmislegt, sem þó er vert að benda á í þessu frv. Það er í fyrsta lagi, að það, sem jarðræktin grundvallast í meginatriðum á hjá allflestum landsmönnum, framræsla lands og þurrkun lands, sá liðurinn, sem jarðræktin hvílir að megninu á, hækkar langminnst eða úr 65% í 70%, og er það, held ég, eini liðurinn, sem hækkar jafnlítið. En það líður langur tími, frá því að land er þurrkað og grafið, framræst, sem kallað er, þar til full afnot koma af því. Þess vegna er það tilfinnanlegt fyrir bændur að verða að leggja í jafnmikinn kostnað sjálfir og fá ekki arðinn af þeim kostnaði fyrr en eftir mörg ár. Og þess vegna finnst mér, að hér hefði þurft að stíga skrefið lengra en gert er, að þessi liður hefði einnig mátt hækka um 30%, eins og margir aðrir liðir þessa frv. Og á það er vert að benda, að bændur hafa beðið stórfellt tjón af þeim völdum, milljónatugi er óhætt að segja. Enda þótt ég geti ekki nefnt nákvæmar tölur, þá er óhætt að segja, að þar sé um að ræða milljónatugi. Og þeir aðilar, sem staðið hafa í umbótum á undanförnum árum og hefðu átt að fá þessa milljónatugi, fá þá aldrei. Þeir eru búnir að gera sínar framkvæmdir og til þeirra ná þessi framlög ekki.

En hvað hefur orðið um þessa milljónatugi? Það skal ég ekkert segja um, en næst er að ályktа, að þeir hafi horfið í dýrtíðarhít hæstv. ríkisstj. í stað þess að græða upp landið, eins og þessi löggjöf, sem hér er til umr., gerði ráð fyrir frá upphafi vega, að hún var lögfest.

Það er vitað mál líka, að allur byggingarkostnaður í landinu hefur hækkað geysimikið síðan 1959, og þau framlög, sem hafa verið greidd til þeirra umbóta, hafa skammt hrokkið og þau munu skammt hrökkva með þeim hækkunum, sem hér er lagt til, enda þótt í því sé kannske nokkur bót frá því, sem verið hefur.

En það er líka, eins og hæstv. ráðh. minnti á, einkennilegt, að þýðingarmikill liður, sem tekinn hefur verið upp í þetta frv., skuli hafa verið felldur út af hæstv. ríkisstj., að mér skilst, það er til vatnsveitna. Nú er það svo, að einstaka aðilar fá framlag eða lán frá því opinbera, ef þeir verða að leggja í kostnaðarsamar framkvæmdir við vatnsveitur og vatnsöflun til heimilanna, sem er nú miklu kostnaðarsamari og líka miklu nauðsynlegri en var áður fyrr, og það er ekki sízt mjólkurframleiðslan, sem hefur krafizt þess, að alltaf væri til staðar nægjanlega mikið og gott vatn á hverju heimili, auk þess sem það er nauðsynlegt fyrir allt heimilisfólk, að þar sé enginn skortur á hvað allar heilbrigðisráðstafanir snertir. Þess vegna vildi ég mælast til þess, að hæstv. landbrh., — ég segi ekki, að hann þurfi að endurskoða sína afstöðu, því að ég geri ráð fyrir, að hann sé sjálfur persónulega ekki mótfallinn þessu, heldur að hann beiti áhrifum sínum til þess, að þessi liður komist aftur inn í frv. og við getum þegar tekið hann inn í þetta sinn og byrjað að létta undir með þeim bændum, sem leggja í kostnaðarsamar vatnsveitur heima hjá sér. Það eru margir, sem verða að leiða vatnið marga km og kannske yfir hallalítið land, þar sem þarf að kaupa dýrar vatnsleiðslupípur og kostnaðurinn það mikill, að það er næstum útilokað fyrir bændur eina saman án nokkurs tilstyrks eða nokkurra hagstæðra lána í því skyni að leggja af mörkum það, sem til þarf, nema bíða af því verulegan fjárhagslegan skaða. Þess vegna er nauðsynlegt, að þetta ákvæði verði tekið inn í þessa löggjöf, einmitt inn í jarðræktarl. En ég vil í þessu sambandi benda á, að hér hafa þm. á undanförnum árum flutt till. í þessum efnum, enda þótt þær hafi ekki náð fram að ganga, og því æskilegt, að þeir, sem áhrif hafa í þessum efnum, beiti sér fyrir því, að annar eins nauðsynjaliður og þessi verði þegar upp tekinn.

Ég ræddi um það nokkuð í sambandi við frv., sem var hér til umr. fyrir nokkru, frv. til l. um búfjárrækt, að ráðunautastarfsemin í landinu væri svo þýðingarmikil, að þar bæri ríkinu að koma eins langt á móts við búnaðarsamböndin og unnt væri. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr þeirri hækkun, sem er í þessu frv. til jarðræktarráðunauta, 65% af þeirra launum verði greidd af því opinbera. En launin eru í mörgum tilfellum minni kostnaðarliður hjá búnaðarsamböndum en ferðakostnaðurinn, og því hefði verið mjög æskilegt, að ríkið hefði getað tekið á sig jafnmikið í launum ráðunautanna og í

ferðakostnaðinum, jafnmikið hvort tveggja. Og 800 þús., enda þótt það eigi að renna til búnaðarsambandanna í þessu skyni, eins og hæstv. ráðh. hefur getið hér um, það er ekki stór upphæð. Þegar farið er að skipta henni á milli allra búnaðarsambanda landsins, þá segir það lítið upp í þann kostnað, sem búnaðarsamböndin verða að taka á sig vegna þessarar þjónustustarfsemi, sem er nauðsynleg og útilokað með öllu að ganga þar skref til baka frá því, sem verið hefur, en aftur á móti þarf þessi starfsemi að eflast til mikilla muna.

Ég fagna því, að ný og betri vísitala virðist vera sett í þetta frv. eða betra fyrirkomulag en verið hefur, og vona ég, að það muni svo reynast í framtíðinni eins og til er ætlazt. En nokkuð er maður þó hvekktur orðinn á þessum vísitölum, vegna þess að það má að sjálfsögðu finna þær eftir ýmsum leiðum. Og ég vænti, að þeir aðilar, sem eiga að finna leið til að reikna út þá vísitölu, sem hér er getið um, finni þá réttu leið, sem jafnan getur fært bændunum það hlutfall, sem þeir eiga að hafa samkv. þessari löggjöf frá opinberum aðilum. En öruggari og tryggari leið í þessum efnum er sú, sem við framsóknarmenn höfum lagt til í okkar jarðræktarlagafrv., sem liggur fyrir hv. Nd. og er 46. mál Alþingis. Þar er í öllum greinum lagt til, að ríkið greiði visst hlutfall af kostnaði framkvæmdanna og vissum aðilum sé falið að reikna það út árlega, hver kostnaðurinn er, en það eru Búnaðarfélag Íslands, Teiknistofa landbúnaðarins, sem eiga að láta sína sérfræðinga meta árlega kostnaðinn við hverja framkvæmd fyrir sig eða líkt og gert er nú, þegar verið er að virða framkvæmdir til lántöku hjá stofnlánadeild landbúnaðarins. Þetta tel ég miklu öruggari og betri leið til þess að ná því marki, sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. virðast vilja ná með þeirri vísitölu, sem nú er sett inn í það frv., sem hér liggur fyrir. En hitt er líka óþolandi, ef vísitala er fastsett með sérstakri löggjöf og getur alls ekki þjónað sínum tilgangi, eins og gert var 1960 og bændastéttin hefur orðið að líða stórkostlega fyrir á fjölmörgum sviðum.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að lagasetningin frá í fyrra, breytingarnar á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, sá kaflinn, sem snýr að Landnámi ríkisins og 25 ha ákvæðinu, hafi orðið til þess að ýta við bændum til þeirra framkvæmda. Það er nú svo. Það kann vel að vera, að það þurfi að ýta við bændum. En sannanlega hefur ekki veitt af því að ýta við hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, því að hún hefur verið ákaflega svifasein, þegar um landbúnaðinn er að ræða, og það sannar þessi lagasetning kannske einna bezt. Þess vegna er það, að bændastéttin býr nú við mun lakari aðstöðu í þjóðfélaginu en nokkru sinni áður. Og ég vonast eftir því, að bændasamtökin í landinu, sem hafa sterka aðstöðu í þessum efnum, að ýta við stjórnarvöldum landsins, beiti starfsemi sinni í þeim efnum, því að sannarlega veitir ekki af að ýta við þeim háu herrum, sem þar ráða ríkjum, svo að eitthvað kunni að fást til hagsbóta bændastéttinni. Drátturinn á endurskoðun jarðræktarl. sýnir fyrst og fremst seinaganginn í þessum efnum, en enginn hefur deilt um það, að nauðsynlegt hafi verið að hefja endurskoðun á þessari löggjöf. Þess vegna ber að fagna því, að það hefur þó tekizt að ýta svo við hæstv. ríkisstj., bæði af einstökum þm. og stéttasamtökunum í landinu og búnaðarfélagsskapnum í heild, að hún hefur ekki séð sér fært annað en leggja jarðræktarlaga- og búfjárræktarlagafrv. fram á hv. Alþingi, enda þótt hún gangi þar á allan hátt miklu skemmra en óskir og vonir bændastéttarinnar hafa staðið til.

20 millj. kr. eru ekki stór upphæð, þegar á að skipta þeim niður á 6000 bændur í landinu og framkvæmdir þeirra. Það er ákaflega lítill hluti af öllum þeim kostnaði, sem bændastéttin leggur í árlega. En mér fannst tónninn í ræðu hæstv. ráðh. vera sá, að hérna væri gert vel, hérna væri verið að færa bændunum 20 millj. fram yfir það, sem þeir hefðu haft, og sannarlega ber að fagna þeirri upphæð, svo langt sem hún nær. En hún nær allt of skammt. Það skemmsta, sem hægt er að ganga í þessum málum, er að samþykkja það frv., sem við höfum flutt, framsóknarmenn, hér á hv. Alþingi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. fer illa, þegar hann er ósanngjarn og talar þvert gegn hug sínum, eins og hann var að reyna hér áðan, þegar hann t. d. fullyrðir, að bændur hafi aldrei haft verri aðstöðu en nú, það hefði sannarlega þurft að ýta við núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum, til þess að hún gerði nokkuð fyrir bændurna. Hv. þm. getur farið til bænda út á land og spurt þá um það, hvort þeir telji aðstöðu sína verri til búrekstrar nú en hefur verið, hvort þeir telji t. d. verra en 1958 eða oft áður, þegar framsóknarmenn fóru með landbúnaðarmál. Ég vænti þess, að hv. þm. geri það og fái réttar upplýsingar. Sjálfur er þessi þm., að ég ætla, bóndi, og hann ætti þá að geta einnig fundið það, hvort þetta er lakara nú eða áður. Hitt er alveg víst, að hvað sem um það er sagt, að bændur búi við erfiðleika og meiri erfiðleika en áður, að bændur hafa nú fengið tiltölulega meiri tekjuauka en margar aðrar stéttir. Laun bóndans eru í verðgrundvellinum nú 147500 kr., en voru 1958 67 þús. kr. Það er ekki erfitt reikningsdæmi að finna út, hve þessi hækkun er mörg prósent. Þetta eru laun bóndans. Og berum það saman við launahækkanir. Ég ætla ekki að reikna það dæmi til enda, hv. 1. þm. Vesturl. getur gert það. Og mér finnst, að hv. 1. þm. Vesturl. ætti að vera upp úr því vaxinn að tala hér þvert um hug sinn og allt annað en hann veit að er satt og rétt. Finnst mér, að hann ætti að vera vaxinn upp úr að gera það. Og satt að segja hefur mér fundizt upp á síðkastið eins og hann væri vaxinn upp úr því, þangað til

nú, að hann sannaði það, að þetta getur komið fyrir hann enn þá. En látum það nú vera, þetta er kannske freisting, sem menn geta fallið fyrir.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp sögu, sem mörgum er í fersku minni og skýr, söguna um það, hvernig búið var að bændunum t. d. síðast, þegar framsóknarmenn réðu mestu í ríkisstj. Það er vel hægt að rifja þetta upp, ef það væri þörf á því. En ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. Vesturl. kunni þessa sögu, hann muni þetta og það þurfi ekki að rifja það upp fyrir honum, þótt það hafi litið svo út áðan, þegar hann var að tala, að hann hefði alveg gleymt því. Hvernig stendur á því, að hv. þm. er nú að reyna að snúa hlutunum við?

Hv. þm. segir, að þetta frv. gangi of skammt, að hækkun á styrknum sé ekki í samræmi við þá hækkun, sem orðið hefur á ræktunarkostnaðinum, og vitnar hér í eina grein í aths. við frv. En ég vil þá — með leyfi hæstv. forseta — vitna í aðra grein, þar sem sagt er frá því, að að undangengnum viðræðum milli Búnaðarfélags Íslands og landbrn. um nauðsyn á hækkun framlags samkv. jarðræktarl. fól landbrn. Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins með bréfi, dags. 10. júlí 1964, að endurskoða jarðræktarl., svo og jarðræktarlagafrv. hinnar stjórnskipuðu nefndar, sérstaklega með það fyrir augum að kanna kostnað við jarðræktarframkvæmdir og hvað sé eðlilegt að styrkja þær framkvæmdir miðað við núgildandi verðlag og finna grundvöll vísitölu, sem tryggi, að jarðræktarstyrkir séu í eðlilegu hlutfalli við kostnað við framkvæmdir á hverjum tíma, um könnun á þessum atriðum verði haft samráð við ráðuneytið. Þessi könnun var gerð, og á þessari könnun voru útreikningarnir byggðir. Í rn. liggur fyrir bréf frá Búnaðarfélagi Íslands, þar sem Búnaðarfélagið samþykkir hækkunina 28.5%, sem landnámsstjóri hafði fundið út að ætti að vera í sumar. En við nánari athugun þótti eðlilegt að miða þetta við 30%. Stjórn Búnaðarfélagsins hefur fallizt á, að þessi prósenta væri hin eðlilega hækkun. Landnámsstjóri hefur í sínum útreikningum talið, að þetta væri sú eðlilega hækkun. Formaður Stéttarsambands bænda og aðrir fulltrúar bænda í sex manna nefnd hafa fallizt á, að þetta væri hin eðlilega hækkun og rétta hækkun. Og svo segir hv. 1. þm. Vesturl., að þetta eigi að vera meira, ef fullt réttlæti eigi að ske. Ég segi bara: Hv. 1. þm. Vesturl. er í landbn. Hv. landbn. getur vissulega kallað þessa aðila fyrir sig og borið það undir þá, hvort ég fer með rétt mál eða ekki. Samkv. því, sem fyrir liggur í útreikningum landnámsstjóra, þótti eðlilegt að miða við þessa hækkun, enda þótt hér vitni á móti sú grein, sem hv. þm. las hér upp áðan og mér kemur á óvart, þar sem sagt er, að ræktunin hafi hækkað um 76% samkv. virðingu Landnáms ríkisins vegna lántöku bænda og ræktunarsjóðs. Samkv. virðingu. Af hverju ekki samkv. raunverulegum kostnaði? Það hefði átt að standa. Ég skil ekki þetta. En þetta haggar ekki hinu atriðinu, að allir þessir aðilar, fulltrúar bændasamtakanna, eru sammála um þessa hækkun. Það var vissulega ekki neinn nauðungarsamningur þar. Það var samkomulag, sem gert var á frjálsum grundvelli, og mér finnst hv. 1. þm. Vesturl. sveigja óþarflega mikið að forustumönnum bænda, sem hér eiga hlut að máli, þegar hann talar um, að þarna sé allt of skammt gengið. Ég held, að þeir fulltrúar bænda, sem að þessu frv. standa, vilji bændastéttinni ekkert síður vel heldur en hv. 1. þm. Vesturl., og mér finnst, að hv. 1. þm. Vesturl. ætti að kanna þetta mál betur, áður en hann fer að hafa stóryrði hér um. Og sérstaklega hefði hann átt að bíða til 2. umr. um málið, þar sem hann hefur sérstakt tækifæri til þess að kanna þetta alveg til hlítar með því að kalla fyrir nefndina þá aðila, sem hér hafa komið við sögu. Þetta hefði vitanlega verið sá eðlilegi háttur hjá hv. 1. þm. Vesturl. En hann kaus að hafa það öðruvísi, og það er hans mál.

Hann vitnar í frv. framsóknarmanna, sem þeir hafa flutt nú í hv. Nd., að það mundi tryggja bændur miklu betur að ákveða visst hlutfall af ræktunarkostnaðinum, eins og þar er gert, heldur en vísitölu. En hér er lagt til, að fundin verði jarðræktarvísitala, sem miðast við hinn raunverulega kostnað, og hagstofustjóri á að reikna þessa vísitölu út í samráði við Búnaðarfélagið, Stéttarsambandið og Landnámið. Af hverju er hv. 1. þm. Vesturl. að gera þessa aðila bændanna, sem hér eiga að hafa hlutdeild að, tortryggilega með því að efast um, að þeir séu færir um hverju sinni að reikna rétta og eðlilega vísitölu fyrir jarðræktina, sem miðast við raunverulegan kostnað? Þetta finnst mér ekki viðeigandi.

Hv. þm. var að tala um dráttinn, sem hefði orðið á endurskoðun jarðræktarl., það hefði þurft að hraða þessu miklu meira, búnaðarþing hefði tekið fyrsta tækifærið. En er það nú alveg rétt? Búnaðarþing tók ekki fyrsta tækifærið, því að í ársbyrjun 1960 voru dýrtíðarlögin sett. Þá var ákveðið að taka vísitöluna úr sambandi, en í jarðræktarl. er ákveðið, að styrkurinn skuli greiddur samkv. kaupgjaldsvísitölu. Það má segja, að það sé alveg merkilegt ákvæði. Hefði hv. 1. þm. Vesturl. hrósað því, ef það hefði verið í frv., sem ég hefði flutt hér á Alþingi? En það sé fjarri mér að ásaka þá menn, sem settu þetta ákvæði inn í lögin. Þeir hafa áreiðanlega meint nokkuð gott, en reynslan er sú, að það hlaut að reynast illa, m. a. vegna þess, að það var engin trygging fyrir því, að kaupgjaldsvísitalan bætti bændum aukinn ræktunar- eða byggingarkostnað. Hvað er kaupgjaldið í samræmi við t. d. áburð, meðan hann var innfluttur, fóðurbæti, byggingarefni, erlent byggingarefni. Vissulega gat það margfaldazt í verði og hækkað miklu meira tiltölulega en kaupgjaldið. Og þá gat kaupgjaldsvísitalan alls ekki tryggt bændum kaup. Jarðræktarvísitalan, sem miðast við raunverulegan kostnað, mun örugg-

lega gera það, þegar þeir aðilar, sem trúandi er til að finna þá vísitölu á hverjum tíma, reikna það út. En ef búnaðarþing hefði ákveðið að nota fyrsta tækifæri, hefði það kosið mþn. á búnaðarþingi 1960, því að það settist að störfum um það leyti og eftir að dýrtíðarl. voru sett. En það er ekki fyrr en 1961, sem búnaðarþing kýs n. Það er ekki fyrr en 1962, sem frv. er tilbúið. Og hvernig var nú þetta frv.? Hefði það tryggt bændur betur en þetta frv.? Hefði það orðið til þess að gera bændum léttari róðurinn og auka ræktunina? Ég held ekki. Og vissulega var eðlilegt, að ríkisstj. skipaði n. til þess að endurskoða þetta frv. milliþinganefndar búnaðarþings, því að hvenær er það, að ríkisstj. tekur frv. til flutnings, sem hafa mikil útgjöld í för með sér, án þess að hafa haft sjálf með stjórnskipaðri nefnd hönd í bagga um, hvernig frv. var? Þess vegna var það, að það var skipuð nefnd með fulltrúum frá stjórnarflokkunum og einum framsóknarmanni til þess að endurskoða þetta frv. En hvenær skilar sú n. af sér til ríkisstj.? Það er í marzmánuði 1963. Og þá var ekki tækifæri til að lögfesta þetta frv. Og hvernig var þetta endurskoðaða frv. stjórnskipuðu n.? Fór það fram á hærri styrk og meiri styrk en þetta frv.? Ég held ekki. Þó dró það ekki úr frv. búnaðarþings. Það gerði endurbætur á frv. búnaðarþingsins á ýmsum sviðum. Og það er ekki viðeigandi af hv. 1. þm. Vesturl. að vera að tala um, að það hafi verið óhæfilegur dráttur hjá ríkisstj. við endurskoðun þessara laga. Það er á síðasta snúningi Alþingis 1963, sem stjórnskipaða nefndin skilar af sér. En það er á þinginu 1964, sem hin stóra endurbót er gerð og styrkur til bænda út á jarðrækt og byggingar er stórum aukinn, þannig að þeir, sem mesta höfðu þörfina, fengu greiddan jarðræktarstyrk vorið 1964 eftir hinni miklu hækkun. Þegar á þetta er litið og þetta er skoðað, veit ég, að hv. þm. telja, að hér hafi verið vel unnið, en ekki slælega. Og hv. 1. þm. Vesturl. veit þetta. Hann trúir því og hann meinar það, þótt hann segi annað, og sérstaklega veit hann, að ef hans flokkur hefði ráðið mestu í þessum málum, væri ekki komið svo langt sem nú er komið í ræktunarlöggjöfinni. Ég held, að við ættum að vera alveg sammála um þetta.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er heildarendurskoðuninni lokið, og við getum verið ánægðir með þann árangur, sem við höfum náð á þessu sviði. Við skulum ekki deila um það, hvort núv. ríkisstj. hefur verið ýtt nauðugri til þess að gera þetta eða ekki. Það skiptir út af fyrir sig engu máli, þótt það sé sagt, því að staðreyndirnar sýna, að það hefur ekki verið um neina nauðungarsamninga að ræða, enda útilokað, að það væri nokkur möguleiki fyrir stjórnarandstöðuna að neyða ríkisstj. til þess að gera nokkuð í þessum málum, sem hún vildi ekki. Hvaða aðstaða var til þess? Það kemur fram hér í frv., að landbrh. skrifaði Búnaðarfélagi Íslands og Landnáminu og óskaði eftir, að þau tækju að sér að endurskoða jarðræktarlögin með það fyrir augum að tryggja bændum þann ræktunarstyrk, sem þeim bæri, miðað við þá dýrtíð, sem orðin er. Þetta gerðist 10. júlí. En til að segja söguna eins og er, varð það að samkomulagi milli rn. og fulltrúa bænda í sex manna nefnd að bæta inn í þetta frv. sérstakri hækkun á súgþurrkun, og ég ætla ekkert að gera lítið úr þeim till., sem þar komu fram. Ég vil segja það alveg eins og er, að þessi aukastyrkur á súgþurrkun var ekki í frv., þegar ég fór að tala við fulltrúa bænda í sex manna nefnd. Hann var settur þar inn eftir þeirra óskum, alveg eins og það voru settar eftir þeirra ósk 5 millj. kr. til þess að hjálpa þeim bændum, sem verst eru settir. Það voru 5 millj. kr. settar í samkomulagi við þá. Hins vegar hafði ríkisstj. ákveðið á s. l. vori að gera eitthvað fyrir þessa bændur með því að senda mann austur á land til þess að gera allsherjarkönnun á hag bænda á Austurlandi. Og með því að senda þennan mann og láta hann vera í allt sumar til þess að athuga þetta, í því fólst vitanlega fyrirheit um, að það ætti eitthvað fyrir þá að gera, því að hvaða gagn hefðu þeir af því, að hagur þeirra væri kannaður, ef ekkert hefði komið á eftir? En þegar fulltrúar bænda í sex manna nefnd í haust voru á ráðstefnu á skrifstofu minni, eins og þeir voru oft, varð samkomulag um, að þetta væri í þessu formi. Upphæðin var ákveðin, og það var ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Landnámið skyldu gera till. til rn. um það, hvernig þessum peningum væri bezt varið. Og nú er það svo, að þó að ræktunin sé minnst á Austurlandi, hún er, eins og ég sagði áðan, ca. 14 ha. að meðaltali yfir landið, en það eru 10 ha. að meðaltali á Austurlandi, — ef við tækjum Austurlandið frá, gæti verið, að meðaltúnstærð, þegar Austurland væri frá tekið, væri 15 ha. Þá gætum við hugsað okkur, að það væru aðeins 10 ha. ræktaðir á Austurlandi, þegar það væri annars staðar á landinu 15 ha. Þetta er náttúrlega ákaflega mikill munur, og þess vegna er það, að almennt talað munu bændur á Austurlandi vera miklu verr settir en bændur annars staðar. Það er þó vitað, að í öllum sýslum landsins má finna bændur, sem eru á eftir og illa settir, og úr því að ákveðið er að rétta hlut þeirra, sem verst eru settir í einum landsfjórðungi, verður vitanlega að fara könnun fram um landið allt á sama hátt og á Austurlandi hefur verið gert, enda ákveðið, að það skuli veittar 5 millj. næstu 5 ár í þessu skyni. En þetta er ekki viðkomandi þessu frv. í rauninni, sem er verið að ræða um Ég kom aðeins inn á þetta, vegna þess að hv. þm. gaf tilefni til þess, að það hefði verið ýtt við ríkisstj. til þess að gera þetta. En grundvöllurinn að þessu frv. er ákveðinn með bréfi 10. júlí án nokkurrar ýtni frá einum né öðrum, og hjálpin til hinna verst settu bænda á Austurlandi er ákveðin í maímánuði, þegar Sigurður Elíasson var sendur austur til þess að gera umrædda könnun.

Hv. þm. talar um það, að bændur hafi orðið fyrir milljónatjóni vegna dráttarins á því að fá lögin staðfest. Ég held, að þegar sagan er rétt rakin, verði ríkisstj. ekki ásökuð fyrir þennan drátt. Og það var ekki mögulegt að greiða jarðræktarstyrk með álagi, nema jarðræktarl. væri breytt, úr því að þetta viturlega ákvæði var einu sinni í þeim, að binda jarðræktarákvæðið við kaupgjaldsvísitölu. Og hv. þm. heggur anzi nærri búnaðarþingi og sjálfum sér, þar sem hann á þar sæti, þegar hann er að tala um drátt í þessu máli, úr því að þeir létu á annað ár líða, frá því að vísitalan var tekin úr sambandi, þangað til þeim datt í hug að skipa nefnd í málið. Ef búnaðarþing hefði skipað nefnd í málið 1960, má ætla, að þessi löggjöf hefði komið ári fyrr. Og ég verð nú að segja það, að þótt bændur hafi um sinn ekki fengið allir hækkun á jarðræktarstyrkinn, — ég segi ekki allir, heldur aðeins þeir, sem hafa minni túnin, — þá verður náttúrlega erfitt að sanna það, að bændur hafi raunverulega orðið fyrir tjóni vegna dýrtíðarl., því að það munu margir spyrja að því, hvar bændur væru staddir í dag efnalega, ef efnahagslöggjöfin hefði ekki verið sett. Og hv. 1. þm. Vesturl. heggur anzi nærri sínum flokksbræðrum og sjálfum sér, þar sem hann stýddi nú vinstri stjórnina, þegar hann við þetta tækifæri fer að tala um efnahagslöggjöfina og fullyrða, að bændur hafi orðið fyrir milljónatjóni við það, að viðreisnin var hafin og þjóðinni var forðað frá því öngþveiti, sem við blasti, þegar hans flokkur gafst upp. En ég skal nú ekki fara langt út í það mál, það er öllum í fersku minni.

En hvers vegna er hv. 1. þm. Vesturl. að rifja þetta upp sjálfum sér og sínum flokksmönnum til raunar? Úr því að aðrir gera það ekki, ætti hann vissulega að taka þann kostinn að gefa ekki tilefni til þess, að þetta væri rifjað upp.

Hv. þm. talar um, að 800 þús. kr., sem eru á fjárl., nái skammt til þess að borga ferðakostnað ráðunautanna. Ég býst við, að það sé rétt, á meðan það eru ekki nema 800 þús., nái það skammt. Og ég er hv. þm. sammála um, að það væri æskilegt að taka þátt í þessum kostnaði. En þegar það verður gert, verður heppilegra að gera það með því að taka af þessum lið fjárl. og Búnaðarfélagið skipti því upp milli búnaðarsambandanna heldur en lögfesta það í jarðræktarl., og þó að þetta séu aðeins 800 þús. í ár, getur það orðið meira, hvenær sem Alþingi treystir sér til að taka í auknum mæli þátt í þessum kostnaði. Það má nú spyrja hv. þm. að því, hvernig stendur á því, að búnaðarsamböndin hafa ekki á undanförnum árum, meðan t. d. hann og hans flokkur réð meira en í dag, fengið meira til sín en núgildandi jarðræktarlög ákveða. Af hverju var ekki búið að breyta jarðræktarl. til þess að styðja búnaðarsamböndin betur?

Við skulum ekki ræða um það. Við vitum, að hv. 1. þm. Vesturl. hefur þann breyskleika að gera kröfur, þegar hann er í stjórnarandstöðu, en ég vil ekki segja, að hann hafi gleymt því að beita sér fyrir lagfæringu á þessu og ýmsu öðru, sem bændur biðu eftir, á meðan hann var í stjórnaraðstöðu, — ég vil ekki fullyrða það. Það má vel vera, að hv. þm. hafi munað eftir því og hafi viljað koma því í framkvæmd, en hann hafi bara ekki getað það. Ég skal ekkert dæma um það. En hafi hann reynt það og ekki getað það, þá ætti hann ekki nú að vera svo kotroskinn eins og hann virtist reyna að vera áðan og vera alveg undrandi yfir því, að það skuli nú ekki vera allt í þessu frv., sem hægt væri að hugsa sér að bændur gætu krafizt, t. d. eins og styrkur á vatnsveitur. Af hverju er ekki tekinn upp styrkur á vatnsveitur í þessu frv.? Hann er alveg undrandi, hv. 1. þm. Vesturl., yfir því, að það sé þó þörf á því, að bændur hafi sjálfrennandi vatn, vatnsleiðslur og geti kælt mjólkina. En hvernig stendur á því, að hv. framsóknarmenn, sem hafa flutt frv. undanfarin ár til nýrra jarðræktarlaga, hafa alveg gleymt því að setja vatnsleiðslurnar inn í sín frv.? Hvernig stendur á því? Og hvernig stendur á því, að þetta kemur fyrst á dagskrá í haust? Það var ekki á dagskrá í sumar, þegar við vorum að tala í rn. við fulltrúa bænda í sex manna nefnd. Það var ekki á dagskrá 10. júlí, þegar ég skrifaði bréfið til Búnaðarfélagsins, Stéttarsambandsins og Landnámsins. Það er ekki minnzt á það, fyrr en búið er að semja þetta frv. Þá er fyrst minnzt á það. Og þegar spurt er að því, hvað það muni kosta ríkissjóð árlega að taka þetta ákvæði inn, þá veit enginn um það. En nú hefur hv. 1. þm. Vesturl. uppgötvað, að þetta er nauðsynlegt, og það er gott. Ég er honum sammála. Það er nauðsynlegt fyrir hvern bæ að hafa vatnsleiðslu og gott kælivatn. En það er ekki bara núna, sem það er nauðsynlegt. Það hefur alltaf verið. Og mér finnst eðlilegt, að áður en þetta er tekið inn í frv., áður en það er ákveðið að styrkja vatnsleiðslur, þá geri Búnaðarfélag Íslands raunhæfa áætlun um, hvað það muni kosta ríkissjóð árlega að taka þetta ákvæði inn. Mér finnst eðlilegt, að þeir, sem eiga að borga brúsann, spyrji um það, hvað það kosti. Eða finnst hv. 1. þm. Vesturl. það ekki út af fyrir sig eðlilegt? En það er mikils virði, að hv. þm. skyldi nú hafa komizt að sannleikanum um það, að vatnsveitur eru nauðsynlegar, enda þótt hann og hans flokksmenn hafi gleymt því að taka það ákvæði inn í þau frv., sem þeir hafa flutt árlega til nýrra jarðræktarlaga.

Þetta frv., sem hér um ræðir, tryggir ræktunina og er mikilsverður áfangi að því marki, sem keppt er að, mikilsverður áfangi. Og það má vitanlega benda á, að það væri kannske æskilegt, að styrkurinn hækkaði um meira en 70%. Enda þótt forustumenn bænda, bændasamtökin, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sé sá eðlilegi mælikvarði, þá gætu bændur samt sagt: Það er eðlilegt, að við fáum

meira en 30%, vegna þess að það er dýrt að rækta. Það er eðlilegt, að við fáum styrk á vatnsveitur, og það er eðlilegt, að það séu fleiri þættir styrktir, enda þótt það hafi ekki verið fyrr. — Þetta getur verið sjónarmið bóndans, og þetta gæti verið það takmark, sem bændur og bændafulltrúar settu sér. En þeir, sem hafa orðið að sætta sig við það lengstum að vera með heldur ófullkomna löggjöf, t. d. eins og að binda styrkveitinguna við kaupgjaldsvísitölu, sem reyndist algerlega haldlaus, þegar til á að taka, þeir ættu sannarlega ekki að vera undrandi yfir því, þó að þeir fái ekki allt í einu. En með því, sem hefur gerzt í ræktunarmálunum nú á síðasta þingi, og með þessu frv., sem hér er lagt fram, hefur verið stigið stærra spor en nokkru sinni fyrr, miklu stærra og áhrifaríkara en hefði getað átt sér stað, ef framsóknarmenn hefðu farið með þessi mál, og þessi löggjöf mun marka stærra spor í ræktunarmálunum en jarðræktarlögin gerðu fyrst, þegar þau voru sett 1923. Og þetta er komið á daginn og á eftir að sýna sig betur.

Ég tel ekki ástæðu til að segja öllu meira að svo stöddu um þetta mál, en ég hafði sérstaklega tilefni til þess að gera aths. við það, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan, vegna þess að mér fannst hann drótta ósæmilega að forustumönnum bændasamtakanna, þegar hann hélt því fram, að þeir hefðu samið um eitthvað í sambandi við þetta frv., sem tryggði ekki hagsmuni bænda eins og eðlilegt væri.

Umr. frestað.

Á 31. og 32. fundi í Ed., 16. og 17. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 19. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var hér til umr. síðast, og ætla ég ekki að vera langorður um það, en get þó ekki látið hjá líða að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið við umr. málsins.

Hæstv. landbrh. minntist á það, hvers vegna Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing hefðu ekki gert till. um endurskoðun jarðræktarl. þegar á árinu 1960, eftir að búið var að afgreiða efnahagsmálalöggjöfina, sem hafði ýmsar hækkanir í för með sér. Því er til að svara, að í þann mund sem búnaðarþing kom saman stóðu umr. um efnahagsmálalöggjöfina hér á hv. Alþingi, og svo er annað, að þegar efnahagsmálalöggjöfin var á döfinni og túlkar þeirrar löggjafar voru að leiða þjóðinni fyrir sjónir, hverjar afleiðingar sú löggjöf hefði í för með sér, var það hreint ekki mikið, sem dýrtíðin átti að hækka, eða ca. 3%. Miklu fé var eytt til þess að koma þjóðinni í skilning um þessa miklu og merku löggjöf, og það var gefið út rit, sem kallað var „Viðreisn" og var sent inn á hvert einasta heimili á kostnað ríkissjóðs, til þess að tilkynna þjóðinni, hvað í vændum væri. Og í þessu merka riti stendur m. a. um áhrif gengisbreytingarinnar á lífskjörin, með leyfi forseta:

„Sú hækkun vísitölu framfærslukostnaðar um 13%, sem að framan er getið, sýnir þau áhrif, sem gengisbreytingin mundi hafa á lífskjör almennings, svo framarlega sem engar aðrar ráðstafanir væru gerðar samhliða." Slík hækkun framfærslukostnaðar hlyti að sjálfsögðu að verða öllum almenningi afar þungbær, ef dýrtíðin hækkaði um 13% frá því, sem hún hafði áður verið. En svo stendur enn fremur: „En niðurstaða þeirra athugana er sú, að hinar auknu fjölskyldubætur nægi til þess að jafna að fullu þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin að öðrum kosti hefði í för með sér fyrir fjölskyldu með 60 þús. kr. tekjur, þar sem börnin eru 3 eða fleiri. Gildir þetta fyrir fyrsta verðlagssvæði, þ. e. a. s. kaupstaði eða kauptún með yfir 3000 íbúa. Á öðru verðlagssvæði, en á því svæði eru sveitir og smærri kaupstaðir og kauptún, verður hagur barnafjölskyldna þeim mun betur tryggður." Og ef lengra er farið, kemur maður að kjarna málsins og heildarniðurstöðunni, sem átti að verða. „Sú aukning fjölskyldubóta og þær niðurgreiðslur á innfluttum neyzluvörum, sem að framan hefur verið lýst, munu draga mjög úr þeirri hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem breyting gengisskráningarinnar að öðrum kosti hefði í för með sér. Er gert ráð fyrir, að hækkunin verði tæplega 3% í stað um það bil 13% ella. En lækkun um 8.5% á rót sína að rekja til aukningar fjölskyldubóta, 1.6% til niðurgreiðslna á innfluttum vörum og 0.2% vegna þess, að ríkisstj. hefur í hyggju að fella niður námsbókagjald." Þetta var nú það, sem látið var í veðri vaka á þeim merku tímamótum, sem íslenzka þjóðin stóð á fyrir tæpum 4 árum. Þá átti dýrtíðin samkv. efnahagsmálalöggjöfinni að hækka aðeins um 3%.

Þennan sama vetur komu jarðræktarl. hér fyrir hv. Alþingi, og ég minnist þess, að ég gerði undir þeim umr. fyrirspurn til hæstv. landbrh., hver háttur yrði á hafður í þessum efnum varðandi vísitöluna, eða að öðrum kosti, hvort jarðræktarl. yrðu fljótlega endurskoðuð með tilliti til vaxandi dýrtíðar, sem þá var nokkurn veginn fyrirsjáanleg. Svar hæstv. ráðh. stendur að sjálfsögðu í þingtíðindum — með leyfi forseta — og hljóðar svo:

„Svo er fsp. um það, hvort ríkisstj. hafi á prjónunum nokkrar hugleiðingar um að breyta jarðræktarl. eða lagfæra, til þess að þau geti innt af hendi það hlutverk, sem þau hafa gert áður, vegna dýrtíðarinnar. Ég vil upplýsa það, að vitanlega hefur ríkisstj. hugleitt þetta, en hún er ekki tilbúin með till. um það, og ég hygg, að það sé meira en hægt er að segja og státa af oft áður."

Og enn fremur segir hæstv. ráðh.:

„Stjórnin hefur í hyggju að láta endurskoða ýmiss konar löggjöf landbúnaðarins einmitt

með það fyrir augum, að landbúnaðurinn verði ekki mjög hart úti vegna þeirra verðhækkana, sem verða óneitanlega á mörgum vörum, svo sem rekstrarvörum og öðru slíku, enda þótt núv. ríkisstj. sé ekki tilbúin með till. enn.“

Maður skyldi nú ætla, að úr því að svo fór, að dýrtíðin óx um meira en 3%, eins og var í veðri látið vaka, og enn fremur, að það var látið í veðri vaka þegar 1960, að endurskoða ætti jarðræktarl., að þessi löggjöf hefði komið fyrr fyrir hv. Alþingi endurskoðuð og í frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur fram, fyrr en að 4 árum liðnum. Og þetta finnst mér vítavert, hvað hæstv. ríkisstj. hefur rumskað seint og hvað hún hefur tafið málið og haft mikla fjármuni af bændastéttinni vegna þess. Og þar er ekki um að sakast við bændurna sjálfa eða þeirra félagsskap, því að þeir hafa jafnan gert sitt til að ýta á eftir málinu, eins og þegar kom fram við 1. umr. þessa máls og ég gat hér um.

Þá sagði hæstv. ráðh., að bændasamtökin, Búnaðarfélag Íslands og mér skilst Stéttarsamband bænda hafi ekki óskað eftir, að jarðræktarframlagið hækkaði meira en um 30%. Ég hef aflað mér upplýsinga um þetta, og það er síður en svo sannleikur, sem í þessum ummælum hæstv. ráðh. felst, en það stendur í grg. frv. hér, með leyfi forseta, — það er í 10. gr., á að vera 11. gr., niðurröðun efnis breytt frá því, sem verið hefur, til betra samræmis:

„Um leið og landbrh. fól Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins að endurskoða frv. það til jarðræktarlaga, sem samið var af nefnd, er landbrh. skipaði, og byggt var að mestu á frv. mþn. búnaðarþings, var þess getið, að frv. mætti ekki gera ráð fyrir meiri hækkun jarðræktarframlags en sem næmi 30%.“

Þarna stendur það skýrum stöfum, að fyrirskipunin kom frá landbrh. eða landbrn. og skyldi ríkisframlag til jarðarbóta miðað við sama magn jarðarbóta og árið 1963. Þarna tel ég, að það sé fyllilega sannað, hver á uppástunguna að þessari hækkun, eins og ég gat um í minni frumræðu, og tel ég, að það þurfi ekki að vera að deila um þessa hluti, þar sem það stendur skýrum stöfum í frv. hæstv. landbrh., og held ég, að hann hefði gott af því að lesa það og kynna sér sannindin, sem hann hefur lagt þar á borð fyrir Alþingi. Og ég met meira þau sannindi en hin, sem hann kemur með að öðru leyti.

Þetta hafa þeir enn fremur staðfest báðir búnaðarmálastjórarnir, Halldór Pálsson og Ólafur E. Stefánsson. Þeir hafa báðir sagt mér, að þetta hafi þegar verið ákveðið, þegar endurskoðun laganna hófst. Enda fór ekki endurskoðunin fram fyrr en á s. l. hausti og í vetur, enda þótt bréf rn. væri dags. snemma í júlí, vegna þess að starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem undirbjuggu þessa löggjöf, voru fjarverandi mestallt sumarið og gátu ekki sinnt þessu verki, fyrr en þeir komu í bæinn eftir ferðir sínar um landið í sumar.

Ég tel, að þetta sé nægjanlegt til að sanna þetta mál. Það stendur líka í þessu frv., að meðaltals jarðræktarkostnaður sé 76%, og þar af eiga bændurnir samkv. þessu frv. að taka á sig 46% á móti 30%, sem ríkið tekur á sig samkv. þessu frv., ef að lögum verður.

Þá var ráðh. að undrast yfir því, eins og raunar alltaf, að við höfum oft gert kröfur, framsóknarmenn, þegar við erum utan ríkisstjórnar, en ekki í ríkisstjórn. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það er oft og mörgum sinnum búið að endurskoða jarðræktarl. og auka framlag þess opinbera til jarðræktar í stjórnartíð framsóknarmanna, og einmitt í tíð vinstri stjórnarinnar kom hæstv. ráðh., sem nú er og var þá hv. þm. Rang., og bauð miklu betur, sagði, að þetta væri óviðunandi ástand miðað við þá dýrtíð, sem þá ríkti í landinu. En eftir að hann kom að völdum, hefur minna orðið úr honum að rétta hlut bændastéttarinnar en meðan hann var í stjórnarandstöðu. Hann t. d. gat þess, að hann ætlaði að afnema alla Framsóknarskattana á dráttarvélum og tækjum til landbúnaðarins. Hver varð staðreyndin? Hann hefur hækkað öll tæki landbúnaðarins um mikið á annað hundrað prósent. Það er hans þáttur í því máli, og annað hefur eftir því farið.

Svo minntist hæstv. ráðh. á það, að við framsóknarmenn hefðum aldrei flutt neitt um það, að styrkja ætti vatnslagnir á sveitaheimili, aldrei flutt nein frv. um það, en færum að fitja upp á þessu máli nú, af því að það hefði verið komið inn í frv. Hæstv. ráðh. er sennilega ekki minnugur maður, en ég vil minna hann á það, að við höfum oft og mörgum sinnum flutt frv. um sams konar efni á Alþingi og það síðast fyrir ári, og hans samþm., hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, flutti frv. ásamt Helga Bergs og fleiri hv. þm., þar sem átti að breyta l. um aðstoð til vatnsveitna á þann veg, að styrkur yrði greiddur samkv. þeim l. til vatnsveitna í sveitum, svo að málið er alls ekki nýtt fyrir okkur framsóknarmenn, en það má vera, að það sé nýtt og hljómi sem nýmæli í eyrum hæstv. landbrh., en ég vona, að svo verði ekki eftirleiðis. Ég vil líka minna á það jarðræktarlagafrv., sem við höfum lagt fram hér, framsóknarmenn, og gengur í flestum greinum lengra til móts við bændur en þetta frv.

Það hefur að undanförnu ríkt mikið góðæri hér á landi, enda þótt það hafi sýnt sig, að stjórnarfarið hafi átt erfitt. Sjávaraflinn hefur vaxið um því sem næst 60% síðan 1958 og verðgildi hans því sem næst tvöfaldazt, þannig að það er síður en svo, að það hafi nokkurt hallæri ríkt í landinu, og því er ástæða til að skera ekki við nögl sér hlut bændanna, heldur á góðærið, sem ríkt hefur til lands og sjávar, að verða til þess að horfa björtum augum til framtíðarinnar og miðla mönnum réttilega.

Ég tel, að ég hafi nú gert grein fyrir málinu, eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi, og

gangi þess frá upphafi, og ég sé ekki ástæðu á þessu stigi málsins til að ræða meira um það, nema sérstakt tilefni gefist til. En ég gat ekki látið hjá líða að láta sannleikann koma í ljós, eins og hann hefur verið í þessu máli frá upphafi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ákaflega gott að venja sig á það að leiða sannleikann í ljós, eins og hv. síðasti ræðumaður vill við hafa, og ég tel þá rétt að trúa því, að hann hafi haldið, að hann væri að túlka sannleikann hér áðan, en því miður hef ég dálitið við hans ræðu að athuga.

Það er bls. 14 í grg. með frv. til jarðræktarlaga, sem hann hefur vitnað í, þar sem segir, að jarðræktarkostnaður hafi hækkað frá því 1959 til 1964 um 76% samkv. virðingu Landnáms ríkisins vegna lántöku úr ræktunarsjóði. En þarna er bara tekið eitt dæmi út úr, úr því gerir hv. þm. meðaltal og segir, að bændur vanti þá 40%. Og nú spyr ég hv. þm., það þarf ekki langan tíma til að svara því: Hefur hann, þegar hann var að halda sína ræðu, gleymt því, að jarðræktarstyrkur hefur hækkað allmikið síðan 1959, áður en þetta frv. er flutt? Það á vitanlega að taka það með í reikninginn. Og mig furðar á því, að hér skuli nú koma fram rödd á Alþingi svona ákveðin, sem reynir að mistúlka þetta frv. og halda því fram, að það sé ekki komið til móts við bændastéttina með flutningi þess nema að hálfu leyti. Ég hafði alls ekki búizt við því. Og hann vitnar í Halldór Pálsson og Ólaf Stefánsson og vitnar þannig í þá, að þeir, sem hlusta á þetta mál og þekkja lítið til, gætu haldið, að þeir ágætu menn væru sömu skoðunar, vegna þess að Búnaðarfélagið hafði fengið bréf, sem rétt var, frá ráðuneytinu, þar sem talað var um að miða hækkunina við 30%. En hvað hafði gerzt, áður en þetta bréf var skrifað? Það gæti hv. þm. kynnt sér, úr því að hann vill hafa það, sem sannara reynist, og það er nauðsynlegt, að hann kynni sér það, sem hefur gerzt, áður en hann fer að vitna í Halldór Pálsson og Ólaf Stefánsson aftur með þeim hætti, sem hann gerði hér áðan. Ég get upplýst það, að í rn. liggur bréf frá Búnaðarfélagi Íslands, eftir að útreikningar höfðu verið gerðir á því, hvað styrkurinn ætti að hækka til þess að ná þessu marki, þá var talað um 28.5%, og það er enginn vafi á því, að hv. þm. getur fengið að sjá hjá Búnaðarfélaginu þessa bókun, hann getur einnig fengið að sjá í rn. þetta bréf, og það mundi væntanlega leiða hann í allan sannleika. Það hafa farið fram nákvæmir útreikningar um þetta atriði, og forsendurnar fyrir því, að frv. er nú byggt á 30%, en ekki 28.5%, eru þær, að það þótti eðlilegra, það var hreinni tala og það var öruggara, að þetta mark næðist, að miða við 30, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp forsendurnar fyrir því, að þetta var svo, það er saman tekið hér.

Þá er landbrh. lét undirbúa það frv., sem hér liggur fyrir, var sérstaklega haft fyrir augum að kanna kostnað við jarðræktarframkvæmdir og hvað sé eðlilegt að styrkja hverja framkvæmd fyrir sig, miðað við núverandi kostnaðarverð þeirra, og jafnframt að finna grundvöll að vísitölu, sem tryggi, að jarðræktarstyrkir séu jafnan í eðlilegu hlutfalli við framkvæmdakostnað.

Í lögunum 1950 eru verðlagsuppbætur ákveðnar, og skyldu þær miðaðar við vísitölu framfærslukostnaðar, en samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, skal fundin vísitala fyrir hinar styrkhæfu framkvæmdir, sem byggð sé á raunhæfum verðbreytingum á tilkostnaði framkvæmdanna á hverjum tíma. Ákvörðun framlagsfjárhæða í frv. á hina ýmsu framkvæmdaliði, sem 10. gr. tekur til, er gerð með hliðsjón af raunhæfum kostnaði hverrar framkvæmdar eftir verðlagi ársins 1964. Frv. tryggir með vísitöluákvæðunum, að hlutfall milli framlags og kostnaðarverðs fylgir breytingum þeim, er verða á framkvæmdakostnaði. Sú hækkun, sem orðið hefur á tímabilinu 1959 til 1964, er mjög mismunandi á hinum ýmsu framkvæmdaliðum, er 10. gr. frv. tekur til. Því verða hækkanir einstakra styrkliða misháar, miðað við framlagsgreiðslur samkv. núgildandi lögum.

Í öðru lagi er við samningu frv. einnig höfð hliðsjón af því, hverjar framkvæmdir ber að efla með tilliti til hagfræðilegrar þýðingar þeirra fyrir bændur almennt. Ræktunarliðirnir hækka, miðað við núgildandi lög, hlutfallslega meira en ýmsir aðrir framkvæmdaliðir, sömuleiðis súgþurrkun. Hækkun þessara liða nemur frá 59.8% til 137%, enda þótt heildarhækkun alls styrkjakerfisins nemi 30%, eins og grg. frv. ber með sér.

Einn einstakur framkvæmdaliður kippt úr samhengi er röng túlkun á þeim réttmætu úrbótum, sem fram koma í frv.

Að samningu þessa frv. stóðu Búnaðarfélag Íslands og landnámsstjóri, og fulltrúum bænda í sex manna nefnd var kynnt frv. og þeim gerð grein fyrir, hvernig framlagsgreiðslukerfið mundi verka á einstaka liði þeirra framkvæmda, sem það nær til, og þeir gerðu ekki aths. við það heldur. Verður því að ætla, að mætt hafi verið óskum landbúnaðarins með þeim breytingum, sem hér liggja fyrir, á viðhlítandi hátt, þar sem þessir aðilar standa að samningu frv. og féllust á, að heildarhækkunin væri 30%. Þá er hækkun á einstaka liði miklu hærri og á aðra liði þá lægri, og það er þetta, sem ég ætlast til að hv. þm. kynni sér nú rækilega, eins og hann hefur tækifæri til, bæði í hv. landbn. og með því að ræða við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, og hætta því að taka einstaka liði úr samhengi, heldur skoða allt málið í heild og skapa sér þannig rétta mynd. Það er það, sem þarf að gera. Og þetta veit ég nú, að hv. þm. gerir, þegar hann fer að átta sig á málinu. Annað er vitanlega ekki sæmandi. Hann hlýtur að gera það, og þá kemur sannleikurinn í ljós.

Hv. þm. var að tala um vatnsveiturnar og styrk til þeirra. Ég sagði hér við 1. umr., þegar málið var tekið fyrir fyrir fáum dögum, að framsóknarmenn hafi flutt frv. til breytinga á jarðræktarl., án þess að þar væri nokkuð minnzt á vatnsveiturnar. Og ég er hér með tvö frv., sem hv. framsóknarmenn hafa flutt, annað á s. l. ári og hitt á þessu þingi, og það er ekki minnzt á vatnsveitur. Framsóknarmenn hafa ekki gert tilraun til þess að koma vatnsveitustyrk inn í jarðræktarl., og það er ekki fyrr en í haust, að Búnaðarfélagið minnist á það að koma því inn í þetta frv. Það hafði ekki verið rætt um það áður, og það liggur ekkert fyrir um það, hvaða kostnað það gæti haft í för með sér árlega fyrir ríkissjóð, og engin áætlun, og það er það minnsta, að áður en þetta er tekið inn, sé það athugað nánar, því að í því formi er þetta alveg nýtt mál, þótt á síðasta þingi hafi verið flutt frv. til breytinga á vatnsveitul. Það eru sérstök lög, sem félmrn. hefur með höndum. Það er allt annars eðlis, og það vitanlega verður ekki gert hvort tveggja samtímis. Ég er alls ekki að mótmæla því, að þetta eigi heima í jarðræktarl. Ég býst við því, að það eigi þar heima. En það hefur ekki verið minnzt á að koma því inn í jarðræktarl. fyrr en núna, og það má vel vera, að þetta sé það stór liður, að það sé eðlilegt, að það þurfi að athugast nánar.

Hv. þm. minntist enn á, að það væri óeðlilegur dráttur, sem hefði orðið á endurskoðun jarðræktarl. Og hann var að afsaka búnaðarþingið, að það skyldi ekki hafa gert neitt 1960. Ég hef ekki að fyrra bragði deilt á búnaðarþing fyrir það, en mér finnst, að þeir hv. þm., sem eiga sæti á búnaðarþingi og deila á ríkisstj. fyrir drátt á þessu máli, hefðu átt að rumska strax 1960, þegar viðreisnarlöggjöfin var sett, og hverjir sem spádómarnir voru um vísitöluhækkun, lá það þó fyrir, að með viðreisnarlöggjöfinni var vísitalan tekin úr sambandi, kaupgreiðsluvísitalan, og það var kaupgreiðsluvísitalan, sem jarðræktarl. miðuðu við, þótt undarlegt sé. En sannleikurinn er sá, að 1961 samþykkir búnaðarþing að skipa mþn. til þess að endurskoða lögin, og það er 1962, á sumri 1962, sem n. skilar frv. til rn. Ráðuneytið hafði ekkert haft með þessa endurskoðun að gera. Það var búnaðarþingið, sem skipaði n., og það var alveg vonlaust að taka frv. þannig ómelt, og þess vegna varð að stjórnskipa nefnd til þess að athuga það. Sú n. skilaði frv. rétt undir þinglok 1963. En hvað gerist svo 1964? Það er stigið stórt spor þá til leiðréttingar á þessum málum og í rauninni hægt að segja meira en leiðréttingar, og ég er alveg undrandi, að hv. þm. skuli ekki viðurkenna það, því að hann talar hér eins og það hafi ekkert verið gert í jarðræktarlöggjöfinni fyrr en með þessu frv., þegar hann talar t. d. um það, að af því að einn styrkhæfur liður hafi hækkað um 76%, hljóti bændur að vanta um 40%. Þannig má ekki tala alveg óhugsað, því að það hlýtur að hafa verið alveg óhugsað, þessi ummæli. Það eru margs konar styrkir, sem hafa hækkað áður, og þegar hækkunin er miðuð við 1959 og 1964, kemur það til greina, hvað er komið áður en þetta frv. er flutt. Og þessi grg., sem ég las hér upp og er forsendur fyrir frv., er það greinileg, að hv. 1. þm. Vesturl. ætti ekki að vera lengur í vafa um, að hér er rétt með farið. Og ég get nú sagt eins og hv. síðasti ræðumaður: Ég ætlaði nú ekki að tala langt, enda er engin þörf á því á þessu stigi málsins. En af því að ég er alveg eins og hann, ég vil hafa það, sem sannara reynist, þá gat ég ekki látið því ómótmælt, sem hann fullyrti hér áðan og er að mínu áliti algerlega rangt.

Hv. þm. talar um, að framsóknarmenn hafi flutt ýmis mál til hagsbóta fyrir landbúnaðinn. Ég hef aldrei sagt það, að framsóknarmenn hafi aldrei gert það. Ég hef aldrei fullyrt það. Það væri líka skárra. Ég er viss um, að þeir hafa flutt frv., sem miða að því, mér dettur ekki í hug að neita því. En það verður að viðurkenna það, að þeir hafa, þessir hv. þm. og áreiðanlega ekki allir af viljaleysi, orðið að sætta sig við það að stíga minni spor til framfara og styrktar landbúnaðinum en hér er gert. Og við skulum vera sammála um það, hv. 1. þm. Vesturl. og ég, að þrátt fyrir dýrtíð, sem hefur orðið, því að dýrtíðin hefur vaxið, verðlag hefur hækkað, er aðstaða landbúnaðarins í dag betri, hún fer batnandi, hún er betri en hún hefur verið.

Ég hef staðið við það að afnema Framsóknarskattana af dráttarvélum. Það er búið að lækka tollana af landbúnaðarvélum úr 33%, sem þeir voru, í 10%. Yfirfærslugjaldið hefur verið afnumið. Og það er enginn vafi á því, að bændur eiga hægara með að kaupa dráttarvél nú en 1958. Það þarf færri dilka núna fyrir dráttarvél en 1958. Það þarf færri mjólkurlítra fyrir dráttarvél nú en 1958. Og hvers vegna skyldi þá ekki vera hægara fyrir bóndann að kaupa þessa hluti nú en þá?

Ég get lýst ánægju minni yfir þessum umr., og ég vænti nú þess, að hv. 1. þm. Vesturl. kynni sér málið betur en hann er búinn að, — hann hefur gott tækifæri til þess, — og leitist við að fara með rétt mál við 2. umr. þessa máls.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál til umsagnar, tel ég rétt að segja örfá orð við þessa umr. vegna þeirra umr., sem farið hafa fram hér í d. áður um þetta mál.

Í sambandi við þá aths., sem komið hefur fram, og aðfinnslur um það, að þetta merka mál, frv. til nýrra jarðræktarl., komi heldur seint fram, vil ég minna á, að það er allalgengt, að mál þurfi nokkurn aðdraganda og undirbúning, og það var naumast þess að vænta, að þetta mál væri nægilega undirbúið fyrr en þá á næstliðnu þingi. En til þess að koma þar nokkuð til móts við það, að breytingar á

þessum lögum koma ekki fyrr en nú, hafa verið tvívegis gerðar verulegar breytingar á styrkjum til jarðræktar og annarra liða, sem heyra undir jarðræktarlög. Á síðasta þingi var gerð sú mikla breyting, að styrkur vegna jarðræktar var hækkaður mjög á býli, sem hafa 25 ha. og minna tún. Þetta var mjög veigamikið atriði, því að meiri hluti bænda komst þá um leið undir ákvæðið um mikið hækkaðan styrk, og mér er persónulega kunnugt, að þessi lagabreyting olli því, að mjög mikið var ræktað og hefur verið ræktað eða undirbúin ræktun að síðan. Í öðru lagi var búið að breyta þessu ákvæði áður, þ. e. a. s. færa þetta takmark upp í 15 ha. úr 10. Einnig var sú breyting gerð á síðasta þingi, að stórkostlega var hækkað framlag til súgþurrkunar, sem er mjög veigamikið atriði í sambandi við heyhirðingu. Einnig var þá tekið upp nýtt ákvæði um styrk fyrir plógræsagerð.

Ég tel rétt að benda á þetta í sambandi við það, að kvartað er um, að breyting á jarðræktarl. komi heldur seint. En úr því að ég taldi mér skylt að benda á þetta og ég er hér kominn, vil ég einnig gera ofurlítið að umræðuefni það atriði, sem nú hefur verið deilt um, það er það, hvort taka eigi inn á jarðræktarlög nýjan styrk til vatnsveitna, bæði til heimilisþarfa og í peningshús. Ég get sagt það, að ég tel mjög eðlilegt, að þessi nauðsynlega framkvæmd sé styrkt, og meira að segja er hliðstæða fyrir því, að vatnsveitur hafa notið styrks, en ég álít, að á þessu stigi sé ekki eðlilegt að taka það inn í jarðræktarlög. Þetta atriði hefur aldrei verið í jarðræktarl., og má auðvitað deila um það, hvort það eigi þar heima eða einhvers staðar annars staðar, og ég ætla ekki að leggja neinn úrskurð á það. En í sambandi við það, sem nú er til umr., er það að segja, að það hefur náðst sérstakt samkomulag um það milli ríkisstj. og forsvarsmanna bænda, að jarðræktarstyrkur samkv. jarðræktarl. hækki um 30%, þ. e. a. s. um 30% miðað við þær framkvæmdir, sem styrks nutu 1963. Ef tekinn væri inn einn liður til viðbótar á jarðræktarl., þ. e. a. s. styrkur til vatnsveitna, mundi það að sjálfsögðu dragast frá styrk til annarra jarðarbóta og hann yrði þá þeim mun lægri, sem næmi því, sem til vatnsveitnanna færi. En þó er hitt enn veigameira, að fyrir liggur engin athugun á því, hvað þetta kynni að nema miklu. Það yrði alveg rennt blint í sjóinn með það, og þá yrði ekki hægt að reikna dæmið rétt út, heldur áætla það meira og minna. Þess vegna tel ég, að ekki sé unnt á þessu stigi að taka þetta atriði inn nú.

Svo vil ég bæta því við, að ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, og ég veit, að bændur fögnuðu því mjög í haust, þegar það var tilkynnt, að afgreidd mundu verða ný jarðræktarlög á þessu þingi. Ég læt alveg ósagt um það, hvort það hafi verið svo sérstaklega fyrir forgöngu bændasamtakanna, að þessi tilkynning var gefin út í haust. Mér er vel kunnugt um, að þetta mál hefur verið í undirbúningi lengi, og ég get vottað það, að hæstv. landbrh. hefur haft mjög góða forgöngu í þessu máli, ekki síður en í því að fá inn lagabreytingu þá, sem ég gat um áðan, um aukna jarðræktarstyrkinn. Og ég vænti þess, að í þeirri nefnd, sem við hv. 1. þm. Vesturl. báðir sitjum í, landbn., geti orðið milli okkar góð samvinna um afgreiðslu á þessu máli. Hann ber það gott skyn á þessa hluti, og veit ég, að ekki stendur á honum að styðja þetta frv., þó að honum kannske finnist, að það nái ekki nægilega langt í öllum greinum.

Um það má alltaf deila, hvernig sú heildarhækkun á jarðræktarstyrk eigi að deilast út á milli hinna einstöku liða, sem á jarðræktarl. standa. Ég fyrir mitt leyti hefði kosið, að þar gætu orðið einhverjar tilfærslur milli, en tel þó, að það sé ekki gott að gera mikið að því, þar sem það virðist vera nokkurn veginn samkomulag hjá þeim forsvarsmönnum bænda, sem að samningu frv. hafa staðið, að jarðræktarstyrkur skuli vera þetta t. d. á tún og þá ekki sami á allar túnasléttur eða þetta eða hitt á t. d. heyhlöður eða votheysgryfjur eða safnþrær o. s. frv. Í aðalatriðum tel ég, að eðlilegt sé, að þeir, sem um þetta mál hafa fjallað af hálfu bænda, hafi þarna mest um að segja, þó að ýmsir liðir þarna geti hins vegar verið mjög til álita, hvort ekki ætti að færa þá eitthvað til.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra það, að hv. 8. landsk. þm. er til viðræðu um ýmsar breytingar á þessu frv., sem hér liggur fyrir, ef bændasamtökin óska þess. Ég óttast ekki bændasamtökin í þessum efnum, en það er ýmislegt annað, sem ég held að verði kannske ljón á veginum, og á það kann e. t. v. að reyna síðar. Er ég fús að ræða við hv. þm. um breytingar á þessari löggjöf.

En ég verð að játa það, að ég gat aldrei fengið það út úr því bréfi, sem hæstv. landbrh. las hér áðan, að bændasamtökin sem slík hefðu haft sjálfdæmi um það, hvernig þau hefðu viljað útbúa jarðræktarlögin. Þeim var fyrirlagt í upphafi, að þau mættu hækka þetta mikið, en þau fengu aldrei kost á því að leggja málið fram nú í þetta sinn á þann hátt, sem þau óskuðu. Þeim var fyrirlagt í upphafi, að heildarhækkunin skyldi nema 30%, og á þeim grundvelli skyldi endurskoðun hafin. Þetta er það eina rétta í málinu.

Þá hefur bæði hæstv. ráðh. og hv. 8. landsk. rætt um aðra löggjöf í sambandi við þessa. Ég hef aldrei sagt það, að stofnlánadeildarl. eða sá hlutinn, sem tilheyrir Landnámi ríkisins, og hækkunin, sem orðið hefur á síðustu árum úr 10 ha. upp í 25 ha., sem nýtur framlags frá ríkinu allt að helmingi kostnaðar, væri ekki mikil réttarbót fyrir bændur. Það er síður en svo, enda höfum við framsóknarmenn flutt till. um þetta á hverju einasta ári, þangað til þetta var komið í lög, og í þessu felst að sjálfsögðu mikil réttarbót. En ég er sannfærður um það, að ef við framsóknarmenn hefðum ekki undirbúið þessa löggjöf og komið henni á í tíð

vinstri stjórnarinnar, 1957, hefði hún aldrei verið undirbúin í tíð þessarar stjórnar, svo mikið er víst. En það hefur ekki samkv. þeim l. verið réttarbót á öllum þeim liðum, sem tilheyra jarðræktarl. Það er önnur löggjöf, sem ekki ber að ræða nú. Ég hef verið að tala um þá löggjöf, sem hér liggur fyrir, og annað ekki.

Enn fremur vil ég taka það fram, að því er varðar vatnsveiturnar, að þess var ekki að vænta, að við framsóknarmenn óskuðum eftir framlagi ríkisins til vatnsveitna samkv. jarðræktarl., þegar við vorum með það í sérstöku frv. á Alþingi. Og ég tel, að það skipti ekki höfuðmáli, hvort heldur er. Ef á annað borð þetta framlag fæst, þá skiptir ekki máli, hvort það er samkv. sérstakri löggjöf, sem fjallar um vatnsveitur, eða samkv. jarðræktarl.

Ég ætla mér svo ekki að ræða meira um þetta frv. nú í þetta sinn. Ég vil geta þess, af því að hæstv. ráðh. var að tala um, að það hefði þurft áður fleiri dilka til þess að borga dráttarvélina hjá bóndanum heldur en nú, að ég efast mjög um, að þetta sé satt. Ég ætla að kynna mér þetta nánar, en ég efast mjög um, að þetta sé satt, og ég efast líka mjög um, að það þurfi færri mjólkurlítra nú en áður til að borga sama tæki. En nokkuð er víst, að hækkun á sér stað árlega og enn þá er hæstv. landbrh. að hlaða ofan á þessi tæki eins og önnur með hinum nýja söluskatti, sem verið er að leggja á og lögleiða.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það þarf ekki að vera neitt efamál um það, hvort það þarf fleiri mjólkurlítra eða fleiri dilka fyrir dráttarvélinni núna en 1953, það er svo auðvelt reikningsdæmi, en ég hef það ekki fyrir framan mig, og við getum reiknað það báðir, þegar við höfum gögn í höndunum, og um það þurfum við ekki að deila. Og ég veit hér um bil, hver útkoman er, ekki alveg upp á lítra eða upp krónu, en ég veit, hver niðurstaðan er.

Hv. þm. segir ekki hafa áttað sig á mínu máli áðan. Ég hef aldrei haldið því fram, að bændurnir hafi fengið sjálfdæmi til þess að semja þetta frv. Ég hef ekki haldið því fram, og ég geri ekki ráð fyrir því, að bændurnir hafi ætlazt til þess, að þeir fengju það. Í upphafi máls míns, þegar þetta mál var tekið fyrir til umr., minntist ég á bréf, sem ég skrifaði Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undangengnum viðræðum milli Búnaðarfélags Íslands og landbrn. um nauðsyn á hækkun framlaga samkv. jarðræktarl. fól landbrn. Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins með bréfi, dags. 10. júlí 1964, að endurskoða jarðræktarl., svo og jarðræktarlagafrv. hinnar stjórnskipuðu nefndar, sérstaklega með það það fyrir augum að kanna kostnað við jarðræktarframkvæmdir og hvað sé eðlilegt að styrkja þær framkvæmdir miðað við núgildandi verðlag og finna grundvöll að vísitölu, sem tryggi, að jarðræktarstyrkur sé í eðlilegu hlutfalli við kostnað við framkvæmdir á hverjum tíma. Um könnun á þessum atriðum verði haft samráð við rn."

Eftir að þessi könnun hafði farið fram, var fyrst talið eðlilegt samkv. bréfi frá Búnaðarfélaginu, að miðað væri við 28.5%, og í framhaldsviðræðum var ákveðið, að það skyldu vera 30%. Það hafa engin sjálfdæmi verið í þessu, ekki hjá ráðuneyti og ekki hjá bændunum, en það, að ákveðið er, að meðalhækkunin skuli vera 30%, eins og lagt er til í þessu frv., er að undangenginni þessari könnun, sem ég var að lýsa áðan og las upp forsendurnar fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 325, 326, 331).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. landbn. á þskj. 325, hefur n. orðið sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþ. með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þskj. Það skal þó tekið fram, að einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja fleiri brtt. við frv., þótt þeir væru í aðalatriðum samþykkir frv.

Þær brtt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru í fyrsta lagi við 9. gr. Þar hefur n. gert nokkrar breytingar á því, sem lagt er til í frv., eins og það kom frá ríkisstj. og þeim n., sem undirbjuggu það, og sú breyting, sem landbn. taldi að þyrfti að gera á þessari gr., var einkum við 2. tölulið, sem fjallar um réttindi þeirra, sem lönd eiga, sem tekin eru til ræktunar, annars vegar og hins vegar skyldur þeirra, sem ráða yfir símalínum og raflínum, sem lagðar eru í jörð á vegum þeirra fyrirtækja, sem póst- og símamálastjórnin ræður yfir annars vegar og raforkumálastjórnin hins vegar. Þarna var farið út í nokkrar verulegar breytingar frá því, sem áður hafði gilt, og bæði póst- og símamálastjóri og raforkumálastjóri mættu á fundi hjá n. til þess að skýra sín viðhorf að því er snerti réttindi og skyldur í þessu efni. Og það varð fullt samkomulag milli n. og þessara forsvarsmanna símans og raflínanna um þá breytingu, sem hér er lagt til að gera, og einróma álit, að ég hygg, nm., að hér sé farin heppilegri leið en frv. gerði ráð fyrir í upphafi.

Aðrar breytingar við frv. eru naumast efnislegar, heldur aðeins til að skýra nokkru nánar það, sem í frvgr. stendur. T. d. er breyt. við 10. gr. raunar engin, annað en það, að niður fellur eitt orð, sem n. taldi óþarft, og í öðru lagi að kveða nánar á um, hvað gr. meinti, að því er snertir aukaframlag til jarðræktar.

19. gr. er umorðuð, vegna þess að við lítum svo á, að málfar hennar mætti betra vera.

Þá er að geta þess, að tveir nm. hafa flutt fleiri brtt. á þskj. 331, sem ganga nokkru lengra í fjárframlögum til jarðræktar heldur en

frv. gerir ráð fyrir. En í sambandi við það vil ég geta þess, að þegar frv. þessu er skilað hér til Alþ., hafði áður orðið samkomulag í aðalatriðum um það milli forsvarsmanna bænda og ríkisstj., hversu mikil hækkun skyldi verða samkv. jarðræktarl. frá því, sem gilt hafði, þ. e. a. s. í kringum 30%. Við það samkomulag er miðað í þeim till., sem í frv. felast, og reiknað út frá því, að hækkun verði um 30% frá því, sem var 1963, miðað við sömu framkvæmdir. Þær brtt., sem þeir flytja á sérstöku þskj., hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Austf., ganga í þá átt yfirleitt, að þarna hækki tölur nokkuð.

Um þá breytingu, sem mestu máli skiptir og þeir leggja til, er þetta að segja: Aðalbreytingin í þeirra till. er sú, að framlög til nýræktar eða túnræktar yfir 25 ha. hækki verulega. Hins vegar virðist mér, að brtt. muni ekki hafa veruleg áhrif á þá ræktun, sem er innan við 25 ha., þó að samþ. verði. Aðrar till. til hækkunar eru allverulegar og mundu að sjálfsögðu valda því, að útgjöld samkv. frv. mundu hækka mun meira en það samkomulag, sem ég nefndi áðan, gerði ráð fyrir.

Um eina brtt. þessara hv. þm., þ. e. a. s. brtt. um það, að styrkur til vatnsveitna verði tekinn inn í jarðræktarlög, er það að segja, að þar er um algerlega nýjan lið að ræða, og var ekki ráð fyrir gert í því samkomulagi, sem ég nefndi áðan, að hann yrði með. Hins vegar vil ég gjarnan segja það, að það er þess vert að athuga leiðir til þess að koma þarna til móts við þá, sem enn eiga ólagðar vatnsveitur eða vatnsleiðslur til býla sinna í sveitum. En á það má þó benda, að til eru lög um vatnsveitur og styrk úr ríkissjóði til þeirra hluta frá 5. júní 1947, og geta sveitabýli komið á vissan hátt undir þessi lög og hafa komið eftir sérstökum ákvæðum á fjárl. hverju sinni. En ég hygg, að það væri þarflegt að gera skýrari ákvæði í þessum l. um það, hvernig þetta yrði framkvæmt. En á því stigi, sem jarðræktarl. eru nú eða frv. til jarðræktarl., tel ég ekki fært að styðja það, að þessi liður verði tekinn inn að þessu sinni, vegna þess að undirbúning vantar til þess, ekki aðeins það, að það er utan við það samkomulag, sem ég nefndi, heldur einnig það, að það liggur hvergi nærri nógu ljóst fyrir, hve mikið sé þarna um að gera, og tel ég, að þyrfti að undirbúa það mun betur en enn hefur orðið.

Með þessum stutta inngangi fyrir nál. landbn. vil ég vænta þess, að frv. í því formi, sem það nú er, og með þeim breyt., sem landbn. hefur lagt til að gerðar verði, vildi ég óska þess, að frv. fái greiðan framgang hér í d. og í báðum d. þingsins, þar sem nú er orðið mjög áliðið þings, en hins vegar komið mjög að þeim dögum, sem greiðslur samkv. frv. fara að hefjast, en þær eiga að fara fram út á þær framkvæmdir, sem gerðar voru árið 1964.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur gert grein fyrir þeim breytingum, sem landbn. flytur í heild við frv. til jarðræktarl., og skal ég ekki frekar um það fjölyrða, enda var þetta mál allmikið rætt við 1. umr. í vetur, og boðaði ég þá, að ég mundi ásamt fleirum flytja brtt. við þetta frv., enda þótt ég mundi fylgja frv., þótt mínar brtt. næðu ekki fram að ganga.

Það er nú svo, að þótt ýmis nýmæli hafi komizt inn í jarðræktarl. á undanförnum árum, er þó margt, sem þar mætti gjarnan koma inn og hefur meiri rétt á sér nú og í framtíðinni en verið hefur, eins og hv. 8. landsk. þm. drap réttilega á. Ég minntist á það hér í sambandi við annað frv., sem nýlega hefur verið afgreitt héðan úr d., það er frv. til búfjárræktarl., að ég teldi það réttlætismál, að búnaðarsambönd landsins fengju greiddan helming kostnaðar við ferðir og skrifstofuhald héraðsráðunauta. Þar sem svo er gert ráð fyrir í þessu frv. eins og búfjárræktarfrv., að ráðunautar hafi laun sín að 65 hundraðshlutum frá ríki og 35 hundraðshlutum frá búnaðarsamböndum, hef ég einnig við þetta frv. flutt sams konar till. og við búfjárræktarfrv., og færi ég sömu rök fyrir því og þá, að þar sem ríkið greiðir yfirleitt ferðakostnað sinna starfsmanna, sé ekki síður ástæða til, að ríkið greiði ferðakostnað ráðunauta a. m. k. að hálfu, þar sem ráðunautarnir eru að meiri hl. til starfsmenn hjá því opinbera en búnaðarsamböndum. Þetta er till. mín og hv. 4. þm. Austf., sem stendur ásamt mér að þeim till., sem eru á þskj. 331. Till. eru við II. kafla l. eða 10. gr. frv., og skal ég færa nokkur rök fyrir þeim brtt., sem við flytjum á þskj. 331.

2. till. er um breytingu á framlagi vegna framræslu lands, en framræslan eða þurrkun lands er í flestum sveitum undirstaða allrar annarrar ræktunar. Þessi undirstöðuframkvæmd kostar yfirleitt mikið og kemur það seint til afnota, að það er ekki réttlátt, að hlutaðeigandi aðili, sem að framkvæmdinni stendur, greiði hana nema að litlu leyti. Það eru þær kynslóðir, sem við landinu taka, sem njóta þessarar framkvæmdar, og því höfum við farið fram á það, að ríkið greiði 85% af kostnaði við framræslu í stað 65% nú.

Þá eru það brtt. okkar, sem miða að því, að ríkið greiði 25% í kostnaði við framkvæmdir, þ. e. jarðrækt, girðingar, votheyshlöður, áburðargeymslur, sem falla undir þessa liði. Þetta er að vísu nokkur hækkun frá því, sem verið hefur, en þó ekki það mikil, að það mundi ekki borga sig fyrir alla aðila í tvennu tilliti: Í fyrsta lagi mundi það ekki knýja á um eins hátt verðlag á landbúnaðarframleiðslu og ella væri, ef bændur verða að kosta þessar framkvæmdir að eins miklu leyti og verið hefur og að eins miklu leyti eins og það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Þess vegna er það, að við teljum, að þessi mál geti borgað sig fyrir alla aðila, ef til framkvæmda komi. Hv. 8. landsk. þm. gat þess, að brtt. okkar um jarðrækt næði aðeins til þess lands, sem væri yfir 25 ha. Þetta er okkur fyllilega ljóst, vegna þess að við álítum, að eins og sakir standa sé réttur þeirra tryggð-

ur, sem rækta land, sem er undir 25 ha. nú, þar sem Landnám ríkisins greiðir samkv. stofnlánadeildarl. það, sem á vantar, að jarðræktarl. nái til, svo að hlutaðeigandi aðili fái greiddan helming kostnaðar við framkvæmdina. Því teljum við, að það megi ekki með öllu telja það réttlætanlegt, að túnstærð sé við þetta miðuð, heldur framlagið sé hækkað það mikið, þegar kemur yfir 25 ha., að hlutaðeigandi aðili fái ekki minna en 1/4 kostnaðar greiddan, enda þótt það sé nokkuð stór trappa frá því að fá helming.

Þá eru það þurrheyshlöður og garðræktargeymslur, sem við leggjum til að framlag hækki til upp í 15% af kostnaði, en þetta er nú samkv. l. aðeins örfá prósent. Þessar framkvæmdir eru allkostnaðarsamar, því að byggingarkostnaður hefur hækkað geysimikið með hverju árinu, sem hefur liðið, og jafnvel þó að við förum ekki nema eitt einasta ár aftur í tímann, hefur byggingarvísitalan stigið allmikið og byggingarkostnaður því orðinn ákaflega tilfinnanlegur.

Þá er það eitt atriði, sem ég hygg að við séum allir sammála um að beri að taka fram yfir annað, en það er súgþurrkun. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því a. m. k. næstu 5 árin, að ríkið greiði 1/3 kostnaðar við súgþurrkun og þar með talið súgþurrkunarkerfi, blásari og aflvélar, sem knýja blásarann. En sú breyting er hjá okkur á þessu, að ríkið greiði 2/5 hluta kostnaðar, og á það jafnt við súgþurrkunarkerfið sjálft, blásarann og þá aflvél, sem knýr blásarann, og þarna er nokkur stigsmunur á. En því aðeins notast ræktun landsins, að heyþurrkunin og heygeymslan sé svo örugg og góð, að gildi grassins haldi sér með öllum þeim eiginleikum, sem grasið færir búfénu yfir sumartímann, og þetta mundi verða til þess, að það yrði allmikill sparnaður í fóðurbætiskaupum almennt hjá bændum. En að því verðum við líka að stuðla.

Þá er það 10. liður þeirra brtt., sem við flytjum, og það eru breytingar, sem fela í sér það nýmæli, að inn í löggjöfina séu tekin framlög vegna vatnsveitna á sveitarheimilum. Með vaxandi þægindum á heimilum og aukinni framleiðslu og meiri kröfum varðandi hreinlæti allt en áður var er þetta mikið nauðsynjamál, vegna þes að fjöldi bænda verður árlega að leggja í mikinn kostnað til þess að afla sér nægjanlegs og góðs vatns fyrir heimili sitt. Hv. 8. landsk. þm. minntist á það, að til væri löggjöf, sem sett var 1947. Það er alveg rétt, að það er löggjöf frá 5. júní 1947 um vatnsveitur. En það er tvennt, sem ekki hefur fengizt enn þá breytt í þeirri löggjöf, enda þótt legið hafi fyrir brtt. hin síðari ár um að kveða ljósara á um þessa löggjöf en áður var og tryggja meira fjármagn samkv. þeirri löggjöf, til þess að hún næði til fleiri aðila en verið hefur. Þess vegna er það, að við höfum flutt brtt. við þetta frv. um það, að bændur almennt, einstakir bændur, njóti framlags frá því opinbera, þegar um vatnsveitur er að ræða, enda er margt, sem mælir með því, að þetta sé tekið upp í jarðræktarlög, og ekki sízt það, að ráðunautar Búnaðarfélags Íslands gera áætlanir og skipuleggja þessar framkvæmdir fyrir bændur, eins og aðrar þær framkvæmdir, sem bændur fá framlag til samkv. jarðræktarl., og svo líka það, að ef þetta ákvæði er tekið inn í l. á þann hátt, sem við gerum ráð fyrir, verða allir jafnréttháir samkv. þeim l., sem ég hygg að þeir muni ekki vera samkv. núgildandi löggjöf um þessi efni, þar sem það hefur verið meira á valdi rn. að útdeila því fjármagni, sem verið hefur til umráða, heldur en þar hafi verið fastar reglur, sem hefur verið skylda að fara eftir. Ég vonast eftir því, þar sem hv. 8. landsk. þm. er mjög vinsamlegur í garð þess, að þetta ákvæði sé upp tekið í jarðarræktarl., að hann vinni að því bæði á þessu þingi og í framtíðinni við sinn flokk, sem telur sig mikinn bændaflokk, að þetta ákvæði komist inn í lögin. Ég veit, að hv. 8. landsk. þm. er þetta sjálfum mikið kappsmál, og ég vænti því mikils góðs af honum í þessum efnum.

Þá kem ég að einni meginbreytingu, sem hv. 4. þm. Austf. og ég viljum gera á greiðslufyrirkomulagi jarðræktarframlaganna. En það er það, eins og hv. þm. hafa veitt athygli út frá brtt. okkar, að þar er ekki miðað við einingu framkvæmdanna, heldur miðað við vissan hluta af kostnaði framkvæmdanna. Þetta gerum við til þess að tryggja það, að þegar dýrtíðin vex ört í landinu, fái bændurnir alltaf sinn vissa hluta, eins og löggjöfin gerir ráð fyrir, í framlag frá ríkinu. Reynsla okkar er nokkuð bitur í þessum efnum hin síðari ár, eins og kom greinilega í ljós, þegar vísitalan var fastsett árið 1960 og framlag samkv. jarðræktarl. hefur staðið í stað undanfarin ár og valdið bændum stórtjóni miðað við það, að eðlileg vísitala hefði gilt í þessum efnum, eða hitt, að alltaf hefði verið greitt sama hlutfall af kostnaði framkvæmdanna. Ég fagna því að sjálfsögðu, að upp í frv. hæstv. ríkisstj. er tekin vísitala á þessar framkvæmdir. Ég tel það mikla bót frá því, sem verið hefur. En reynslan hefur sýnt okkur, að það er hægt að óvirka þá vísitölu á skömmum tíma, og því er það, að hún mun ekki ná sama tilgangi í þessum efnum og það fyrirkomulag, sem við viljum hafa á þessum greiðslum, þar sem alltaf yrði skylda að greiða vissan hluta framkvæmdanna, því að það er þó aldrei hægt að gera óvirkt nema með breytingum á hlutaðeigandi löggjöf sjálfri, því verður ekki breytt með ákvæðum í öðrum lögum, sem hlutaðeigandi ríkisstj. kynni kannske að setja, eins og reyndin varð á með efnahagslöggjöfinni 1960.

Ég vænti því þess, að hv. alþm. sjái þá kosti, sem brtt. okkar hafa fram yfir þær brtt., sem eru í frv. sjálfu, og taki þær fram yfir frv. sjálft. Ég get fallizt á það, að hér sé um kostnaðarauka að ræða miðað við það, sem samkomulag varð um á s. l. hausti. En ég er ekki viss um, að þm. séu svo bundnir af þessu samkomulagi, að þeir geti ekki breytt þar um og

bætt um í þeirri löggjöf, sem fyrir Alþ. liggur, ef það felur í sér réttlátar kröfur, því að það er enginn vafi á því, að enda þótt oft sé um það rætt, að íslenzkir bændur njóti margvíslegra framlaga frá því opinbera, hefur það skýrzt undanfarandi ár og undanfarandi missiri, að það skortir mikið á, að íslenzka ríkið sé jafnoki nágrannaþjóðanna í þeim efnum. Og því er það, að ég held, að þær till., sem hér eru, gangi á engan hátt lengra, en á flestan hátt skemmra en það, sem gildir í hliðstæðri löggjöf hjá nágrannaþjóðum okkar. Og mér finnst, að það sé viðmiðunin hjá okkur, að við stöndum ekki lakar að landbúnaði okkar eigin þjóðar en aðrar þjóðir gera hjá sér, og ég vænti því þess, að hv. alþm. samþykki þær brtt., sem fyrir liggja á þskj. 331.

Ég ætla ekki nema að gefnu tilefni að ræða meira um þessi mál. Ég fagna hverri breytingu, sem til bóta er á þessari löggjöf, og mun ég fylgja þeim, enda þótt ég telji, að þar beri að stíga myndarlegra spor en gert er með því frv., sem lagt er fyrir á þskj. 151.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 331,1 felld með 10:9 atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 326,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 331,2.I—VI felld með 10:9 atkv.
— 331,2.VII felld með 10:9 atkv.
— 331,2.VIII felld með 10:9 atkv.
— 331,2.IX felld með 10:9 atkv.
— 326,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 326,3 (ný 19. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 326,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 326,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
24.—39. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 56. og 57. fundi í Ed., 18. og 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 23. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 343).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þegar landbn. skilaði áliti og brtt. við 2. umr. þessa máls, var raunar ein gr. frv. enn til nokkurrar umr. og hugmyndir um breytingar á henni, sem hafa síðan verið ræddar, og í morgun á fundi landbn. ákvað n. að flytja enn eina brtt., og er hún við 5. gr. Þessi gr. fjallar um launakjör héraðsráðunauta og hafði gætt nokkurrar óánægju í þeirra hópi út af því, að gert var ráð fyrir, að laun þeirra væru ákveðin af landbrh. eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands. Nú hefur orðið að samkomulagi innan landbn. á fundi í morgun að gera brtt., eins og ég sagði, og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp gr., eins og hún yrði, ef þessi brtt. yrði samþ.

„Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbrh. samþ.“ Þetta er óbreytt, síðari málsliður gr. orðist svo: „Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþ. af landbrh. að fengnum till. frá Búnaðarfélagi Íslands.“

Breytingin, sem í þessu felst frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að búnaðarsamböndin semji við ráðunautana um launakjör. Hins vegar, þar sem lögin gera ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði 65% af launum ráðunautanna, en búnaðarsamböndin 35%, þá er talið eðlilegt, að landbrh. hafi íhlutun um það, hver launin verða, og greiði ekki nema 65% af því, sem hann getur fallizt á að launin verði að fegnum till. Búnaðarfélagsins.

Það er samkomulag um þessa breytingu. Að vísu mættu ekki allir nm. í landbn., þegar hún var ákveðin, en ég hef ástæðu til að ætla, að þeir, sem ekki mættu, muni ekki beita sér fyrir því að torvelda það, að þessi breyt. nái fram að ganga.

Þá er þess í öðru lagi að geta, að af vangá hefur fallið niður hjá n. að gera breyt. á 39. gr., sem hefst á þessum orðum: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1965.“ Þar sem nú er komið langt fram yfir þennan tíma, taldi n. sjálfsagt að breyta þessu þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessar skriflegu brtt. með ósk um það, að hann leiti afbrigða fyrir því, að þær verði teknar til afgreiðslu við þessa umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 353) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 353,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 353,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Sþ., 24. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 358).

Á 59. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 358, n. 415, 414).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. það til jarðræktarlaga, sem hér er til 2. umr. í hv. d., er stjórnarfrv. komið frá Ed. Landbn. hefur haft það til meðferðar og mælir með samþykkt þess með áorðnum breytingum, er hv. Ed. gerði á frv., sem voru ekki miklar og enginn ágreiningur varð um. Stjórnarandstæðingar í n. skrifa þó undir með áskildum rétti til brtt., og þeir hafa lagt brtt. fram á þskj. 414. Þær brtt. eru um enn frekari hækkun framlaga og nokkuð breytta aðferð við ákvörðun þeirra. En samkv. frv., eins og það liggur fyrir hér, felst í því sem næst 30% hækkun framlaga frá gildandi lögum á hinum almenna framkvæmdastuðningi. Var það haft í huga sem hliðarráðstöfun við ákvörðun afurðaverðs á landbúnaðarvörum á s. l. hausti, eins og kunnugt er.

Í brtt. stjórnarandstæðinga er gert ráð fyrir stuðningi við vatnsveitur á einstökum sveitabæjum. Og því er ekki að leyna, að aðstaða er misjöfn til vatnsöflunar og sums staðar allkostnaðarsöm. Hér er því málefni, sem þarf að gefa gaum. En mín skoðun er, að það eigi að athugast undir hinum almennu vatnsveitulögum. Vatnsveitumálin, það má segja, að þau stefni í ógöngur í þorpum og þéttbýlisstöðum, sem sífellt eru að myndast, og ber þar margt til. Mikil þörf, vaxandi kröfur um vatnsgæði, matvælaiðnaður o. s. frv. og af þessu sífellt vaxandi kostnaður. Þau mál hljóta því að koma til athugunar á næstunni, og ég held, að vatnsveitur sveitabæja í einstökum kostnaðarsömum tilfellum eigi að falla þar undir.

Það er stundum talað um stefnur í landbúnaðarmálum. Sú stefna, sem birtist í jarðræktarlögunum og þeim stuðningi, sem er veittur til ræktunar, er stefna hinna frjálsu bænda, — stefna hinna mörgu frjálsu bænda, — stefna, sem vill byggja landið allt og framleiða landbúnaðarvörur og ala upp fólk, hvar sem gróðurmold gefur möguleikana. Þessi stefna byggist á frumkvæði bændanna. Það heyrast oft um það raddir, að við þurfum að skipuleggja landbúnaðinn, það eigi að stjórna honum með eins konar alföðurauga, hvort sem það er eitt eða fleiri, og matvælasjónarmiðið eitt eigi að ráða. Já, lítur þetta ekki ósköp vel út? Ég hef hrærzt í landbúnaði öll mín ár, og ég hef lagt mig eftir að virða fyrir mér athafnir og afkomu einstakra bænda víðs vegar um landið. Ef stefna skipulagningarinnar er rétt, stefna hinnar föðurlegu forsjónar, ætti afkoma búskaparins að vera í beinu samhengi við gæði jarðanna, búskapargildi þeirra. Allir, sem hafa kynnt sér íslenzkar sveitir og búskap, vita, að þetta er ekki svo. Og hvers vegna? Vegna þess að það er m. a. hæfni bændanna, sem veldur svo miklu um afkomuna. Sú stefna í landbúnaðarmálum, sem örvar athafnasemi og sjálfsbjargarhvöt bændanna, er farsælust. Með jarðræktarlögunum er sagt við hvern einasta bónda: Ef þú beitir orku þinni að þessu verkefni, að ræktun lands, stendur þér þessi stuðningur til boða. Og til þess að örva enn meir til stækkunar smábúanna hefur verið farið inn á þá braut að veita stærri hlut á ræktunina undir 25 ha. marki hjá hverjum bónda. Mér þótti rétt við þetta tækifæri að benda á þetta. Jarðræktarlögin, stuðningur ríkisvaldsins við ræktun í landinu, grundvallast á því, að bændurnir sjálfir eigi frumkvæðin. Þau byggja á hinni farsælu undirstöðu sjálfsbjargarviðleitninnar, af því að bændur þurfa sjálfir að framkvæma, en ekki er framkvæmt fyrir þá.

Þessa dagana hugsa margir stórt í landi voru og þeir hugsa líka stórt í landbúnaði, þ. e. a. s. halda a. m. k., að þeir geri það. Þess vegna eru uppi raddir um stórrekstur í landbúnaði. En allar athuganir, sem farið hafa fram á afkomu bænda og búskapar, benda til þess, að viss stærð búa gefi farsælustu afkomuna. Og skyldu ekki bændur sjálfir vera líklegastir til þess að finna hina hagkvæmustu bústærð? Stóru búin gefast ekki betur. En allt of mörg bú eru of lítil. Með auknum stuðningi jarðræktarlaga við litlu túnin eru bændur örvaðir til að ýta úr vör. Áður fundu þeir gjarnan vanmátt sinn til þess. Misráðið verðhlutfall milli nautgripa- og sauðfjárafurða hefur átt stóran þátt í því, hve seint hefur miðað í stækkun búanna víðs vegar. Á verðhlutfallinu hefur orðið stór breyting síðustu árin, enda er hugur sauðfjárbændanna allur annar nú.

Ég hef einhvern tíma áður orðað það svo, að galdur stjórnmálanna væri að leggja kraftsins ör á bogastreng fólksins.

Stefna jarðræktarlaganna, stuðningurinn við ræktunina, er í þessum anda. Og á engu fremur byggist velferð þjóðar í þessu landi á komandi árum en frjálshuga bændastétt með sívakandi sjálfsbjargarhvöt, á frjálshuga einstaklingum í sveit og við sjó, sem trúa á mátt sinn og megin.

Fyrsti landnámsmaður í Eyjafirði var Helgi magri. Þess er getið, að hann hafi verið kristinn, en hét þó á Þór til stórræða. Ég held, að Helgi magri hafi verið ákaflega hygginn bóndi. Ég lít á þessa frásögn miklu fremur sem tákn, og þessi frásögn dregur ekkert úr gildi hins kristna siðar né er niðrandi fyrir kristna trú. Hún er mér sönnun þess, að Helgi magri skildi, að fyrst og síðast ætti hver að treysta sjálfum sér og allra helzt þegar í harðbakka slær. Ellefu alda búskaparsaga í landinu sannar það, að á sjálfstrausti, forsjálni og sjálfsbjargarviðleitni björgumst við. Það er og verður grundvöllur búskaparins. Sjálfsbjargarviðleitnin hagnýtir sér vísindalega þekkingu. Það gera allir, sem hafa hyggindi Helga magra. Við þurfum að efla bændasjónarmiðin. Bóndi hugsar ekki eins og launþegi og má aldrei gera það. Í

minum huga væri „bóndinn" þá dauður. Stefna jarðræktarlaganna er stefna hinna frjálsu bænda, sem treysta fyrst og fremst á sjálfa sig, bændanna, sem eru félagslega sinnaðir einstaklingshyggjumenn.

Nefndin eða meiri hl. hennar leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Með þessu frv., sem hér er á dagskrá, eru jarðræktarframlögin hækkuð til samræmis við það, sem hæstv. ríkisstj. lofaði á s. l. sumri, þegar fyrir lá að ákveða verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða, en fulltrúar bænda í verðlagsnefnd og stjórn Stéttarsambands bænda mátu slíkt loforð þá sem nokkra viðurkenningu á því, að hlutur bænda þyrfti að batna. Frá sjónarmiði ríkisstj. hefur slíkt loforð á þeim tíma, þegar það var gefið, vafalaust ekki síður verið gefið með það í huga að halda hækkun landbúnaðarvaranna niðri að nokkru, svo að ríkisstj. ætti hægara með að halda í heiðri sínum hluta af júnísamkomulaginu svokallaða.

Með frv. er að mínum dómi stigið spor í rétta átt, en hefði þó þurft að hafa þar meiri stórhug og víðsýni gagnvart landbúnaðinum, og í leiðinni hefði gjarnan mátt minnast þess og reyna að bæta fyrir það, sem bændastéttin ein stétta í landinu tapaði, er vísitala á framlög til jarðabóta var afnumin með efnahagsmálalöggjöfinni 1960. Aðrar stéttir flestar a. m. k. náðu þó að verulegu leyti, a. m. k. að nokkru leyti, með uppsögn samninga því, sem þær töpuðu með afnámi vísitölunnar. En bændurnir urðu að búa við jarðræktarframlög hin sömu og 1959, þótt allur tilkostnaður við umbætur margfaldist í verði. Hið eina, sem fékkst, var hækkunin á aukaframlaginu til túnræktar fyrir þá, sem ekki höfðu komið túnrækt sinni upp fyrir ákveðna stærð, eins og kunnugt er, og var það að visu veruleg bót fyrir hina smærri bændur, það skal ég játa. Við framsóknarmenn bárum hvað eftir annað fram till. um hækkun á framlagi til að stækka litlu túnin, enda átti flokkurinn frumkvæði að lagaákvæði um slíkt 1957, og þó að till. okkar framsóknarmanna um þetta væru felldar hér á Alþ., fyrst um hækkun upp að 15 ha. markinu og síðar upp að 25 ha. markinu, þá tók hæstv. ríkisstj. slíkar till. upp sjálf seinna og gerði að sínum, og er auðvitað gott um það að segja, þó að það hefði að mínum dómi verið henni til meiri sóma að fallast á slíkt strax, þó að það kæmi frá öðrum en henni sjálfri.

Við framsóknarmenn höfum bæði á Alþ. í fyrra og einnig núna á þessu þingi flutt frv. um hækkun jarðræktarframlaganna og sett þær till. fram í nýju formi, eins og kunnugt er, þannig að miða framlögin við hundraðshluta af kostnaðarverði framkvæmdanna. Þetta hefur ekki fengið hljómgrunn hjá hv. stjórnarflokkum. Í Ed. báru fulltrúar Framsfl. í landbn. fram brtt. við þetta frv., og voru þær í samræmi við efni þess frv., sem við nokkrir þm. fluttum hér snemma í vetur í þessari hv. d. Þessar brtt. voru felldar í Ed., en samt hef ég leyft mér ásamt tveimur öðrum hv. þm., 5. þm. Vestf. og 5. þm. Norðurl. v., að flytja og leggja hér fram samhljóða brtt. við frv. eins og þær, sem framsóknarmenn í Ed. fluttu þar.

1. brtt. okkar er um það, að skrifstofu- og ferðakostnaður búnaðarsamtakanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Samkv. frv. er ekki gert ráð fyrir neinni greiðslu úr ríkissjóði til þeirra hluta, og búnaðarsamböndin verða ein að sjá um slíkt, þó að sá kostnaður verði óneitanlega að verulegum hluta til vegna framkvæmda búnaðarsambandanna við mælingar og úttekt jarðabóta og fleira, sem mér finnst og okkur flm. eðlilegast að ríkið taki þátt í, alveg eins og það á samkv. þessu frv. að borga fullan helming af launum héraðsráðunauta.

2. brtt., sem er við 10. gr. frv., er um það að hækka jarðræktarframlögin og að þau miðist við hundraðshluta af kostnaðarverði framkvæmdanna, eins og ég hef áður vikið að. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa brtt. Það er við 10. gr., að gr. orðist svo:

„Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari gr., skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar, vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi: Framlag 85% kostnaðar.

II. a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar. b. Túnrækt á söndum. c. Túnrækt á valllendi, móum og melum. d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi. e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis. f. Grjótnám: Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar um ræktunarlönd: a. Sex strengja gaddavírsgirðing. b. Fimm strengja gaddavírsgirðing. c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka. d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng: Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni: Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlöður úr varanlegu efni: Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur: a. Safnþrær. b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar: Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara: Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni: Framlag 15% kostnaðar.

IX. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa, vatnsupptaka, þar með talin borun fyrir vatni, vatnsgeymar og vatnsleiðsla frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss: Framlag 1/3 kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari."

Þetta ákvæði um stuðning við vatnsveitur til heimilisþarfa hefur ekki verið í jarðræktarl.

En við flm. teljum, að slíkt framlag væri mjög eðlilegt, því að fyrsta skilyrðið fyrir búrekstrarhæfni jarðar er auðvitað það, að þar sé vatnsból virkjað á þann hátt, sem nútíma búrekstur og lífnaðarhættir manna gera nauðsynlegt. Í vatnsveitul. er ákvæði um ríkisframlög til vatnsveitufélags eða sveitarfélags, en þau ákvæði ná ekki til vatnsveitna í sveitum, nema þar sem margir bæir geta verið saman um sömu vatnsveituna. Einstakir bæir koma þar ekki til greina, eins og kunnugt er, og ekki nær styrkur nema til stofnæðar að fyrstu greiningu, þó að margir bæir séu um sameiginlega vatnsveitu. En skilyrði til sameiginlegrar vatnsveitu fyrir marga bæi eða bólstaði eru mjög óvíða til staðar í sveitum vegna strjálbýlis.

Það reynist mjög dýrt og erfitt víða að ná góðri og öruggri vatnsveitu fyrir sveitabæi. Er það kostnaður, sem mörgum bónda reynist erfitt að borga, og ég veit ekki til þess, að það sé nokkurs staðar lán að fá til slíkra framkvæmda. Búnaðarþingsnefndin, sem endurskoðaði jarðræktarl., tók upp í frv. sitt ákvæði um heimilisvatnsveitur, og teljum við flm. brtt. á þskj. 414, að slík ákvæði eigi fyllilega heima í jarðræktarl. og stuðningur við slíkar framkvæmdir mjög tímabær, ekki síst með tilliti til stækkaðra búa og nýrra hreinlætis- og lífsvenja.

Með þessum brtt., sem ég hef nú hér lítillega vikið að og lesið, er, ef þær verða samþykktar, tekin upp sú stefna hvað framlögin snertir til umbóta í jarðrækt og byggingum bænda, að þau verði hluti af kostnaði við framkvæmdirnar. Það er ný stefna, sem við í Framsfl. höfum markað með þessum tillöguflutningi, og ég vænti þess, að það líði ekki mörg ár þangað til þessari stefnu verður komið í framkvæmd. Ég tel, að það sé nauðsynlegt gagnvart landbúnaðinum að efla stuðning við þessar framkvæmdir í sveitunum, jarðræktina, byggingarnar, sem tilheyra búrekstrinum, og t. d. vatnsveituframkvæmdir, því að það er vitanlega grundvöllur eða skilyrði fyrir því, að hægt sé að reka búskap, að þar sé nægt vatn fyrir hendi. Og þetta tel ég mjög þýðingarmikið, ekki einasta fyrir bændurna sjálfa, að þessi stuðningur verði aukinn, heldur líka fyrir þjóðfélagið í heild, sem hlýtur að eiga mikið undir því, að þau matvæli, sem landbúnaðurinn framleiðir, séu framleidd í landinu og ekki þurfi að fá þau annars staðar að.

Ég held nú, herra forseti, að ég hafi ekki ástæðu til að segja fleira að svo stöddu um þetta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Sunnl. hefur lýst stefnu Framsfl. í jarðræktarmálum, eins og hann segir að hún birtist í brtt. á þskj. 414. Þetta er nú stefna Framsfl. í dag og verður örugglega, á meðan hann er utan ríkisstj., en á það mundi reyna, ef flokkurinn kæmist í ríkisstj., hvort þannig yrði á málum haldið eins og hv. 2. þm. Sunnl. lýsti hér áðan.

Hv. þm. lýsti því yfir, að væri æskilegt, að þetta jarðræktarlagafrv. væri rismeira en raun ber vitni. Við gætum sjálfsagt verið sammála um, að það væri æskilegt, að hlutdeild þess opinbera væri stærri í ræktun og framkvæmdum í landbúnaðinum heldur en er og jafnvel heldur en lagt er til með þessu frv. En verður ekki samt sem áður að viðurkenna það, að með flutningi þessa frv. sé stigið stórt og heillavænlegt spor til þess að ýta undir ræktun og framfarir í sveitum landsins, stærra og heillarikara spor en áður hefur verið með setningu laga samkv. þessu frv. og því, sem gert var einnig á síðasta þingi í ræktunarmálunum? Það er komið í ljós, að lagasetningin 1964 hefur haft heillavænleg áhrif með því að ýta mjög undir ræktun í landinu, og hv. 2. þm. Sunnl. veit, að í Árnessýslu einni hefur ræktunin á árinu 1964 aukizt um nær 50% vegna l. frá síðasta Alþ., og í Rangárvallasýslu er aukningin svipuð, og sennilega er aukningin mikil um land allt vegna aukins framlags til ræktunarmálanna með lagasetningunni í fyrra, og vegna þess, að bændur áttu von á, að jarðræktarl. í heild yrðu endurskoðuð og framlagið aukið.

Ég vil gera eina aths. við það, sem sagt var hér áðan, að þetta frv. væri flutt vegna samkomulags við fulltrúa bænda í sex manna n. á s. l. hausti. Ég skal viðurkenna, að það var gott samstarf milli fulltrúa bænda og fulltrúa sex manna nefndar yfirleitt á s. l. hausti og samkomulag náðist um verðlagninguna, en í júnímánuði s. l. skrifaði ég Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins bréf og óskaði eftir því, að fundinn væri grundvöllur fyrir endurskoðun jarðræktarl. með tilliti til þess, að ríkisstj. hygðist flytja frv. til nýrra jarðræktarl., þegar Alþ. kæmi saman s. l. haust. Og í tilefni af því gerði Landnám ríkisins og Búnaðarfélag Íslands athugun á því, hvað eðlilegt væri, að jarðræktarstyrkurinn hækkaði, og samkv. bréfi frá stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem rn. barst í ágústmánuði, höfðu útreikningarnir sýnt, að eðlilegt væri að reikna með 28.8%. Og það má e. t. v. segja það, að ef ekki hefði orðið sérstakt samkomulag við fulltrúa bænda í sex manna nefnd um flutning jarðræktarlagafrv., hefði þetta ekki verið 30%, heldur t. d. tæp 29%. Þó skal ég ekki um það segja, því að eðlilegra væri a. m. k. að reikna með heilu prósenti en broti úr prósenti. En samkomulag við fulltrúa bænda í sex manna nefnd sérstaklega var um það að hækka styrkinn til súgþurrkunar, þannig að hann mætti verða 1/3 af kostnaði, og var þess vegna sérstakt framlag á fjárl. í því skyni, styrkur til viðbótar því, sem er í jarðræktarl., framlag skulum við segja, og að öðru leyti sérstakt samkomulag um framlag til þeirra bænda, sem verst eru settir, og það eru 5 millj. kr. á 5 árum, samtals 25 millj. kr. Þetta er það sérstaka samkomulag, sem gert var við fulltrúa bænda í sex manna nefnd, og var það út af fyrir sig heillavænlegt spor, að samkomulag náðist um verðlagninguna, og ekki verra fyrir

það, þó að það væru gerðar hliðarráðstafanir í því skyni að auðvelda samkomulagið.

Það frv., sem hér er um að ræða, gengur í svipaða átt og frv. mþn. búnaðarþings. Pálmi Einarsson landnámsstjóri hefur gert samanburð á þessu frv. og frv. mþn. búnaðarþings, og það, sem fram kemur, er það, að í því frv., sem hér um ræðir, er framlagið á hverja einingu, grunnframlagið, látið standa á heilum krónum, en áður var það oft á aurum, og það er fellt niður í þessu frv., en sá reginmunur er á orðinn frá því, að frv. mþn. búnaðarþings varð til, að þá var sérstakt framlag aðeins til þeirra jarða, sem voru með tún undir 15 ha., en nú er það til jarða, sem eru með tún að stærð undir 25 ha., og á árinu 1964 var talið, að það væru um 3800 býli, sem nytu þessa sérstaka styrks, vegna þess að túnstærðin væri undir 25 ha. Og samkv. lögunum, sem afgreidd voru hér í hv. Alþ. í fyrra, eiga þessir menn, sem hafa túnstærð undir 25 ha., að fá 50% af ræktunarkostnaðinum. Og þegar tillit er tekið til þess, sem hefur gerzt á þessu þingi með flutningi þessa frv., og til þess, sem gert var í fyrra, er náttúrlega miklu lengra gengið en gert var ráð fyrir með frv. mþn. búnaðarþings, og út af fyrir sig er ekki ástæða til annars en að fagna því, og það hlýtur hv. 2. þm. Sunnl. einnig að gera.

Þá er enginn vafi á því, að það er mikil breyting til bóta að hafa ákveðið, að hér skuli jarðræktarframlagið greitt samkv. sérstakri jarðræktarvísitölu, sem hagstofan finnur út hverju sinni. Og það er vitanlega miklu eðlilegra og hagstæðara en áður var, þegar miðað var við framfærsluvísitöluna. Nú verður miðað við jarðræktarvísitölu eða kostnað við jarðræktina, og sé ég ekki annað en þá sé náð því hugtaki, sem hv. 2. þm. Sunnl. var að ræða hér um áðan, að framlagið skyldi miðað við hundraðshluta. Samkv. jarðræktarl. er ákveðið grunnframlag, og ofan á það greiðist viðbót samkv. jarðræktarvísitölu, sem fundin er og reiknuð út árlega af hagstofunni og miðast við raunverulegan kostnað. Þetta í frv. er áreiðanlega miklu hagstæðara fyrir þá, sem eru að rækta, heldur en hin vísitalan, ef hún hefði verið tekin upp aftur.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa lagt til, að framlag væri veitt til vatnsveitna í sveitum. Það var nú ekki fyrr en á s. l. hausti, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands minntist á við mig að taka þetta inn í frv. Ég óskaði eftir því, að það væri gerð grein fyrir, hvað þetta mundi kosta á ári, ef það væri tekið inn í frv. Af eðlilegum ástæðum lá það ekki fyrir og engin áætlun um það. Það er þess vegna ekki eðlilegt, að þetta ákvæði verði tekin inn núna. Það er alveg nýtt. Auk þess eru skiptar skoðanir um það, hvort þetta eigi að vera í jarðræktarl. eða í vatnsveitul., sem fyrir hendi eru. Það eru ýmsir, sem halda því fram, að það eigi frekar að breyta þeim, þar eigi þetta ákvæði heima, og þeir sömu, sem telja það eðlilegt og rétt að taka þetta upp, eru þeirrar skoðunar margir, að það eigi frekar heima í sérstökum lögum en jarðræktarl. Um það vil ég ekkert fullyrða.

Ég get vel ímyndað mér, að þetta ákvæði verði lögfest, það verði tekinn upp sá háttur að auðvelda bændum að afla sér vatns, því að það er rétt, sem hér var sagt, að það er erfitt á mörgum sveitabæjum. En það hefur vitanlega verið lengi þannig, og þess vegna má í sjálfu sér segja, að það sé harla einkennilegt, að till. um, að það verði tekið inn í jarðræktarlögin eða vatnsveitulögunum skuli vera breytt, skuli ekki hafa komið upp fyrr en á s. l. hausti. Mér finnst þetta mál svo mikilvægt, að það væri eðlilegt, að það hefði komið fyrr fram, og það sé alveg sjálfsagt að athuga, með hvaða hætti það megi verða.

Um brtt. hv. stjórnarandstæðinga í hv. landbn. tel ég ekki ástæðu til að ræða sérstaklega. Þær ganga að sjálfsögðu nokkru lengra en frv., og það er eins og gengur, að stjórnarandstaðan finnur sig oft knúða til þess að flytja brtt., sem ganga lengra en það, sem á fram að ganga og ákveðið er af stjórnarflokkunum. Og ég geri ráð fyrir því, að það mætti færa ýmis rök fyrir því að lögfesta þessar till. Þá geri ég ráð fyrir því, að jafnvel þó að þessar till. væru inni í frv. og hefðu verið það í byrjun, hefðu hv. stjórnarandstæðingar samt fundið sig knúða til að ganga eitthvað lengra en ríkisstj. með flutningi frv. En ég skal ekkert vera að fullyrða um þetta. Gangur málanna er oft með þessum hætti hér í hv. Alþ., og ég veit það og hef reyndar heyrt það hjá stjórnarandstöðunni, að ýmsum og jafnvel flestum þeirra finnst þetta frv. harla gott og viðurkenna, að þarna sé gengið langt í áttina og þarna sé um verulegan stuðning við ræktun og framkvæmdir í sveitum að ræða. Og það er enginn vafi á því, að þessi löggjöf, bæði í fyrra og nú, mun marka stórt spor í ræktunarmálunum, og þegar við athugum það, hvaða þýðingu ræktun landsins hefur í nútíð og framtíð, hljótum við að vera sammála um, að það er eitt það helzta, sem verður byggt á í framtíðinni, og þegar landbúnaðurinn hefur fengið nægilega ræktun, er það mín skoðun, að það verði hægt að flytja út landbúnaðarafurðir án framlaga úr ríkissjóði.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu eða blanda mér mikið inn í þessar umr., en það var eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. landbrh., sem var á misskilningi byggt. Hann undraðist, að það skyldi ekki hafa komið fram fyrr en á s. l. hausti, að óskað hefði verið eftir því að taka upp styrk til vatnsveitna eða breyta l. um vatnsveitur. Þetta er ekki rétt, því að við hv. 4. þm. Sunnl. höfum flutt tvö undanfarin þing frv. til breyt. á l. um vatnsveitur, og á síðasta þingi var því máli vísað til hæstv. ríkisstj. Ég gerði fsp. um það um daginn, sem hæstv. félmrh. svaraði og gaf þær skýringar, sem hann taldi til framkvæmda í þeim málum, fólgnar í því að breyta túlkuninni á lögunum að því er varðaði dreifbýlið í sambandi

við stofnæðina. Ef hæstv. landbrh. hefur mikinn áhuga á því að koma þessu máli áleiðis, eins og kom beint fram í ræðu hans hér áðan, þó að hann sé ekki undir það búinn að gera þá breytingu í sambandi við jarðræktarlagafrv., þá hefur hann möguleika til þess, þar sem þetta mál hefur ekki fengið afgreiðslu hjá hæstv. ríkisstj.

Það er svo með þetta mál sem önnur, að það er mjög á dagskrá í dag, vegna þess að þörfin fyrir stærri vatnsveitur til sveitabæjanna fer vaxandi eins og þörfin fyrir stærri vatnsveitur í kaupstöðum og kauptúnum. Það þarf því engan að undra, þótt þetta mál sé til meðferðar hér nú, m. a. vegna þess að það hefur ekki fengizt sú afgreiðsla á því gegnum breytingu á vatnsveitul., sem við lögðum til, ég og hv. 4. þm. Sunnl., með frv. okkar, sem við höfum flutt hér á tveim undanförnum þingum og hlaut þá afgreiðslu að verða vísað til hæstv. ríkisstj. á síðasta þingi, eins og ég áður sagði. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. sýni þar áhuga sinn og fái einhverju áorkað til breytinga á vatnsveitul., fyrst ekki er hægt að koma málinu áfram í sambandi við jarðræktarlagafrv., eins og hann lét í veðri vaka.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég veit nú ekki, hversu skýrt ég hef talað áðan. Það, sem ég átti við, var, að það var fyrst á s. l. hausti, sem minnzt var á það að taka þetta ákvæði inn í jarðræktarl. Hitt var mér ljóst, að það var rætt um þetta mál á síðasta Alþ. í sambandi við vatnsveitulögin. En það hefur ekki komið til orða að taka þetta inn í jarðræktarl. fyrr en á s. l. hausti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja, en mér virtist gæta misskilnings í ræðu hæstv. landbrh. hér áðan, sem sjálfsagt hefur ekki komið fram viljandi frá honum, en ástæða er til að leiðrétta.

Hæstv. ráðh. komst svo að orði, að út á ræktun í túnum, sem eru undir ákveðnu marki, þ. e. a. s. 25 ha., væri jarðræktarframlag að viðbættu sérstöku framlagi samkv. landnámsl. 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði. Því miður eru ákvæði l. ekki á þann veg, heldur segir, með leyfi hæstv. forseta, í lögunum: „Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarl. 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði“ o. s. frv. Þessi 50% eru hámark þess, sem greitt er og greiða á. Og í 2. gr. landnámsl. er ákveðin fjárupphæð, sem veitt er ár hvert um nokkurt árabil til þessara útgjalda. Það hefur að sjálfsögðu verið þetta, sem hæstv. ráðh. vildi segja. En þó að þetta sé svona í l., er þess nú að vænta, og ég vil mega vænta þess, að þetta ákvæði l. verði framkvæmt á þann hátt, að framlag samkv. landnámsl. verði greitt að fullu upp í það hámark, sem heimilað er, og þá séð fyrir fjármunum til þess.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það, sem ég sagði áðan, var það, að þeir, sem hefðu tún undir 25 ha., ættu að fá 50% í styrk, og ég held, að ég megi segja, að undanfarið hafi þetta náðst að mestu leyti, það hafi verið allt að 50%, sem hefur tekizt að láta þessa menn hafa. Það er vitanlega sjálfsagt að leiðrétta það, ef það er ekki, en ég hef skilið landnámsstjóra svo, að þetta hafi í aðalatriðum tekizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 414,1 felld með 16:11 atkv.
5.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 414,2 felld með 16:10 atkv.
10.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
28.—36. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
37.—39. gr. og ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 475).

---

28. Búfjárrækt.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um búfjárrækt [70. mál] (stjfrv., A. 78).

Á 14. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um búfjárrækt hefur verið samið af n., sem Búnaðarfélag Íslands skipaði í samráði við landbrn. Í n. áttu sæti Sigurður Snorrason bóndi, Gísli Magnússon bóndi og Einar Gestsson bóndi á Hæli. Sigurður Snorrason var formaður n. Frv. þetta er heildarendurskoðun á núgildandi búfjárræktarlögum, og er gildandi búfjárræktarlögum alveg umsteypt með þessu frv., og er öruggt, að það er til mikilla bóta og framfara frá því, sem gildandi lög eru.

Frv. fer fram á allmikla hækkun á styrkjum til búfjárræktar frá því, sem gilt hefur í lögum frá 1957. Frv. er flutt að mestu leyti óbreytt frá því, sem n. skilaði því af sér. Hins vegar gerði búnaðarþing nokkrar breyt. á frv. til hækkunar á því framlagi, sem n. lagði til. Ráðuneytið tók þá afstöðu að halda sig í aðalatriðum við frv. n., og verður að telja, að það hljóti að vera forsvaranlegt, þar sem það er samið af n., sem Búnaðarfélagið hefur skipað, og með tilliti til þess, hverjir skipuðu n. Tillögur búnaðarþings til breyt. á frv. n. voru ekki efnislegar að öðru leyti en því, að búnaðarþing lagði til, að styrkirnir yrðu hækkaðir nokkru meira en n. lagði til. En að litlu leyti er þó frv. ekki alveg eins og n. skilaði því af sér, og tel ég rétt að greina frá því, að hverju leyti frv. hefur verið breytt frá því, sem n. skilaði því af sér.

Í 4. gr. og 54. gr. frv., eins og n. skilaði því af sér, var gert ráð fyrir, að héraðsráðunautar og sérfræðingar í búfjársæðingu tækju laun samkvæmt tilgreindum launaflokkum í núgildandi launakerfi ríkisstarfsmanna. Launakerfi þetta er tímabundið og breytingum háð og því óhagkvæmt að binda laun þessara starfsmanna í lögum, eins og téð ákvæði gera ráð fyrir. Í þess stað er ákveðið, að landbrh. ákveði launin að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, og ætti þá að vera fyrir því séð, að laun þessara manna verði í samræmi við það, sem gildir um aðra opinbera starfsmenn í launakerfi ríkisins.

Þá er breytt út af reglu gildandi búfjárræktarlaga og launin greiðist 65% úr ríkissjóði og 35% af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, en áður var hér um helmingaskipti að ræða. Þá er ekki gert ráð fyrir, að sú regla verði upp tekin, að ríkissjóður taki þátt í skrifstofukostnaði og ferðakostnaði héraðsráðunautanna beinlínis samkv. þessu frv., en það skal bent á, að búnaðarsamböndunum er ætlaður á fjárl. 1964 og einnig á frv. til fjárl. 1965 850 þús. kr. styrkur, og virðist eðlilegast, að við ákvörðun þessa styrks sé tekið tillit til útgjalda búnaðarsambandanna, þ. á m. þessa kostnaðar, og er þá eðlilegra að hækka þessa upphæð með tilliti til þess, að búnaðarsamböndunum verði veittur styrkur fyrir skrifstofuhaldi og ferðakostnaði ráðunautanna, heldur en að ákveða það beinlínis í l., að nokkur hluti þessa kostnaðar sé greiddur. Það er heppilegra. Og ég vil segja það, að ég vil heldur beita mér fyrir því, að þessi upphæð á fjárl. í heild verði hækkuð, og það mun vera praktískara og eðlilegra til þess að halda ferðakostnaðinum niðri heldur en annars væri. Og ef búnaðarsamböndunum er þannig úthlutað af Búnaðarfélagi Íslands í tiltölu við kostnað af heildarfjárhæð, sem er í fjárlögum, þá kemur það auðvitað búnaðarsamböndunum að alveg eins miklu gagni.

48. gr. í frv. n. og búnaðarþings gerir ráð fyrir, að tvö hrossaræktarbú sé rekin á vegum ríkisins. Undanfarin ár hefur verið rekið hrossaræktarbú við bændaskólann á Hólum og hrossaræktarbú á Kirkjubæ á Rangárvöllum, sem nýtur styrks úr ríkissjóði. Þá hef ég talið eðlilegra, að frvgr. sé í heimildarformi, að það sé heimilt að hafa tvö hrossaræktarbú, heldur en það sé beinlínis ákveðið í lögum.

Sektarákvæði 76. gr. frv. n. er breytt í samræmi við till. búnaðarþings.

Að öðru leyti er frv. eins og n. gekk frá því. Ég tel ekki nauðsynlegt að fara að rekja efni þessa lagabálks, sem hefur verið útbýtt meðal hv. þm., og einnig eru hér allýtarlegar athugasemdir prentaðar með frv., sem skýra frvgr. og þær breyt., sem frv. felur í sér frá gildandi lögum. Það er ekki nauðsynlegt að fara að rekja þetta lið fyrir lið, þar sem það liggur alveg fyrir, en frv. er miklu ýtarlegra en gildandi lög. Það fer yfirleitt í hverri grein fram á nokkra hækkun frá gildandi lögum, og er að áliti n., eins og segir í grg., sem fylgir frá n., mjög til bóta og til þess að ýta undir bata í búfjárræktinni, eins og það er orðað.

Framlög ríkisins samkv. gildandi lögum um búfjárrækt nema, miðað við áætlaða greiðslu 1964, 3 012 453 kr. Búnaðarfélag Íslands hefur reiknað út, að útgjaldaaukning ríkisins samkv. frv. n. og með framangreindum breyt ráðuneytisins muni nema 1 millj. 470 þús. kr. eða 47%.

Ég læt svo nægja við þessa umr., að svo stöddu a. m. k., að vísa til grg. og athugasemda, sem frv. fylgja, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir þýðingarmiklu máli, sem fyrst og fremst varðar búfjárræktina í landinu. Búfjárræktarlögin hafa löngum verið talin önnur sú löggjöf, sem er þýðingarmest fyrir íslenzkan landbúnað, en hin löggjöfin var löngum talin þýðingarmest og var líka nokkru eldri, það voru jarðræktarlögin. En lög um búfjárrækt voru fyrst sett árið 1931 og hafa síðan verið endurskoðuð 1948 og 1957, og enn fremur liggur nú fyrir endurskoðun á þessari löggjöf, og sérstaklega, eins og hæstv. ráðh. gat um, með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa, frá því að síðasta löggjöf var samþykkt, og einnig með tilliti til nýrrar tækni, sem tekin hefur verið í þjónustu búfjárræktarinnar.

En það er vert að athuga, um leið og maður hugleiðir þessi mál, hvað búfjárræktin skapar þjóðarbúinu miklar tekjur. En mér skilst, að eftir þeirri áætlun, sem gerð er í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða fyrir yfirstandandi verðlagsár, 1964—65, sé áætlað verðmæti landbúnaðarins í heild af búfjárræktinni eða búfénaðinum sem næst 1 milljarður 737 millj. 426 þús. kr. Þar af að sjálfsögðu gera stærstu upphæðina tekjur af nautpeningi, um 961 millj. 872 þús. kr., og sauðfjárræktin nokkru minni með 696 millj. 126 þús. kr. Tekjur af hrossum og aukabúgreinum, — á ég þar við alifugla- og svínarækt, — samtals rúmar 70 millj. kr. Hér sjá því allir, að nauðsynlegt er, að vel sé

á málum haldið, og ekki sízt þegar tillit er tekið til þess, hver var grundvallarhugsunin, sem lá að baki endurskoðun þessara laga. En það var till. búnaðarþings, sem grundvallaðist á því, að heyforði væri of lítill fyrir þann búpening, sem landsmenn hafa.

Þetta var uppistaðan í þessari till., sem fyrst var flutt á búnaðarþingi af þeim Sigurði Snorrasyni og Gunnari Guðbjartssyni, en eftir nánari athugun á búnaðarþingi var samþ. till. um nefndarskipun til þess að endurskoða löggjöfina í heild.

En þessi lagabálkur fjallar, jafnframt því að vera um ræktun búfjárins, um ásetninginn í landinu, þ. e. a. s. hvernig fóðra skal búfé og hvernig fara skal með þau mál, þegar eitthvað þykir á skorta í þeim efnum. Og það er athyglisvert, eins og ræktunarmálum hefur fleygt fram í landinu, að það skuli samt sem áður vera til, að of lítið fóður er til handa búfénaðinum, ef illa kann að ára. Og bændum er ekkert láandi í þessum efnum, því að þeir þurfa á miklum tekjum að halda. Samhliða því, sem þeir hafa ræktað, hafa þeir aukið bústofninn til þess að afla sér nýrra tekna til að rísa undir þeim útgjöldum, sem þeir verða nauðsynlega að inna af hendi hverju sinni.

Þessi endurskoðun, eins og hæstv. ráðh. gat um, hefur verið gerð af nefnd, sem var skipuð fyrir tilstilli Búnaðarfélags Íslands og búnaðarþings í samráði við hæstv. ríkisstj., og það er búið að vinna mikið í þessu máli. Þetta frv. er ávöxtur þeirrar iðju, að bæði sérfræðingar í landbúnaðarvísindum og menn með mikla reynslu hafa lagt fram sína þekkingu til þess að leysa þetta verkefni eins vel af hendi og auðið er.

Við Íslendingar getum ekki nema að nokkru leyti stuðzt við búfjárræktarlög erlendra þjóða, enda er landbúnaður okkar að mörgu leyti ólíkur landbúnaði annarra þjóða, ekki sízt þegar við tökum tillit til þess, að aðalkjarninn í okkar landbúnaðarframleiðslu er sú matvælaframleiðsla, sem búfénaðurinn gefur okkur. En aðrar þjóðir geta hæglega aflað sér matvæla á annan hátt, þ. e. a. s. með þeim gróðri, sem tekinn er beint frá jörðinni. Þeir hafa kornyrkju, og þeir geta ræktað líka alls konar baunir og mattegundir, sem eru það efnainnihaldsríkar, að það þarf ekki nauðsynlega að bæta þær upp með kjarna, sem búfjárafurðirnar fela í sér. Þess vegna skilur nokkuð á milli í landbúnaðarframleiðslu okkar og annarra þjóða. Og grundvöllurinn að okkar landbúnaðarframleiðslu liggur í grasræktinni, enda þótt við kunnum að geta ræktað nokkuð af matvælum og á þann hátt sparað okkur innflutning á þeim matvælum, sem aðrar þjóðir rækta í stórum stíl, eins og mjöltegundirnar.

En það hefur komið fram, að það mundi vera hagkvæmt fyrir Íslendinga að hafa hvorki kýr né kindur og hugsa ekki um graslendið, en hafa svín og hænsni. Það held ég, að mundi aldrei verða framtíðarlandbúnaður hér, því að hverri þjóð mun hollast að búa sem mest að sínu, og þess vegna er það, að við þurfum að nota víðlendi landsins, þar sem það er gróðri vaxið, samhliða því sem við endurbætum gróðurinn með því að taka fyrir stór landflæmi árlega til framræslu og víðtækari ræktunar.

Búfjárræktarlögin eru undirstaða þess, að bændum gefist kostur á að vinna sameiginlega að sínum ræktunarmálum í búfénaðinum, og þetta frv. miðar meira að því en löggjöfin hefur áður verið við miðuð, að bændur geti unnið stórátök á félagslegum grundvelli í búfjárræktinni. Framlögin, sem nú hækka, eru hækkuð tiltölulega meira á því sviði, sem snýr að félagslegum málefnum búfjárræktarinnar, heldur en það, sem varðar bændurna hvern og einn út af fyrir sig, og þetta tel ég alveg rétt, að það sé reynt að styrkja félagslega aðstöðu bændastéttarinnar sem bezt á þessu sviði, og þar af leiðandi tel ég, að þetta frv. miði í rétta átt. En það er ýmislegt í þessum málum, sem nánari athugunar þarf með heldur en þegar hefur verið gert.

Þetta frv. er í 9 köflum, og hljóðar hver kafli út af fyrir sig um vissan þátt í búfjárræktinni og vissan þátt í félagsstarfseminni.

Hæstv. ráðh. gat um það, að við nánari athugun hefur ekki verið hægt að fallast á till. milliþn. og búnaðarþings að því er varðar launakjör ráðunauta. Ég skal ekki við hann deila um það, hvor þátturinn er betri, að miða við sérstakan flokk út frá þeim kjarasamningum, sem gerðir hafa verið fyrir opinbera starfsmenn, eða fara hverju sinni eftir till. Búnaðarfélags Íslands, og ég tel, að þessum málum sé vel fyrir komið, ef sá háttur yrði á hafður, að jafnan væri hægt að fylgja þeim till., sem Búnaðarfélag Íslands gerir í þessum efnum. Hitt er svo annað mál, að í sambandi við leiðbeiningaþjónustuna er mjög mikill kostnaður, og mörg búnaðarsambönd landsins hafa á mörgum undanförnum árum, eftir því sem rekstur hefur orðið dýrari á bifreiðum, þá hafa þau átt fullt í fangi með að rísa fjárhagslega undir slíkum rekstri. Og því var það, að háværar raddir hafa komið fram um það, að ríkið ætti að taka jafnmikinn þátt í ferðakostnaði og launum ráðunautanna, og ég tel það mjög æskilegt, ef slíkt væri hægt. En hinu ber að sjálfsögðu að fagna, ef hæstv. ráðh. beitir sér fyrir því, eins og hann lét orð að falla áðan, að taka upp hærri fjárveitingu til búnaðarsambandanna en nú er. 850 þús. kr. eru ekki ýkjahá upphæð til að rísa undir kostnaði við bílarekstur hjá fjöldamörgum ráðunautum. Þetta er orðið það dýrt, að það þarf stórupphæðir til. Og því ber að sjálfsögðu að fagna, ef veruleg hækkun kann að fást á þessum lið fjárl., og það getur orðið til þess að létta undir með búnaðarsamböndunum að öðru leyti varðandi rekstur sambandsins og leiðbeiningaþjónustu, sem veita skal samkv. þessum lögum.

Þá gat ráðh. þess, að töluverð hækkun ætti sér stað samkv. þessu frv., ef að lögum yrði, töluverð útgjaldahækkun fyrir ríkið samanbor-

ið við það, sem áður var, eða 47% frá því, sem verið hefur. En öllum er kunnugt, hvernig þessum málum hefur verið háttað að undanförnu, bæði að því er varðar jarðræktarlög og búfjárræktarlög, að þá var *hinni svokölluðu* vísitölu, sem áður gilti, kippt úr sambandi árið 1960 með þeirri efnahagslöggjöf, sem þá var lögfest. Og afleiðingarnar hafa verið þær, að enda þótt dýrtíð hafi vaxið hröðum skrefum síðan, þá hafa hin opinberu framlög, bæði samkv. jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum, staðið í stað, nema þar sem sérstakt hlutfall hefur ríkt í lögunum eða hluti greiddur af kostnaðinum, eins og t. d. varðandi skurðgröft og einnig að því er varðar laun ráðunauta, en að öðru leyti hafa framlögin algerlega staðið í stað og eru því orðin mjög úrelt, og bændur hafa beðið stórfellt tjón vegna þess hin síðari ár.

Það ber því að fagna því, að nú skuli tekinn upp nýr háttur í þessum málum og nú skuli eiga að reikna út árlega þá vísitölu, sem greiða skal framlögin eftir, því að sannast sagna hefur hitt orðið algerlega ótækt og hefur orðið til þess að torvelda bæði félagslega uppbyggingu landbúnaðarins og einnig orðið til þess að torvelda bændum að standa í miklum framkvæmdum miðað við það, sem áður var.

Ég fagna því, að það skuli vera tekinn upp nýr háttur í þessum efnum og að það skuli greidd hærri framlög til þessarar starfsemi hér á eftir en verið hefur nú um skeið. Ég fagna því, að Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda hefur orðið það mikið ágengt í þessum málum, að það kom til, að þessi mál voru bundin í samningum hjá Stéttarsambandinu á s. l. hausti, og það er m. a. orsök í því, að þetta frv. hefur hlotið þá afgreiðslu af hálfu stjórnarvaldanna, sem raun ber vitni um.

Við framsóknarmenn munum að sjálfsögðu fylgja þessu frv., enda þótt við kunnum að flytja við það einhverjar brtt. og sömuleiðis að fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma. Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um þetta mál nú, ekki sízt vegna þess, að ég á sæti í þeirri n., sem mun fjalla um þessi mál. En mér þótti rétt, að við 1. umr. málsins kæmi það fram, sem ég hef nú getið hér um.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er í rauninni engin ástæða fyrir mig að tala nokkuð meira í þessu máli, vegna þess að hv. síðasti ræðumaður fór lofsamlegum orðum um frv. og gagnrýndi það lítið, sem tæplega var við að búast, þar sem þetta er frv. þeirrar n., sem Búnaðarfélagið skipaði í samráði við ráðuneytið, með örlitlum undantekningum, sem ég las hér áðan og spilla frv. lítið eða ekki neitt. Og þótt búnaðarþing hafi séð ástæðu til að fara fram á hærri styrki og ríkisstj. hafi ekki séð ástæðu til að fallast á það, þá hygg ég, að hv. Alþingi að athuguðu máli telji vel gert að þessu sinni með því að flytja frv. eins og n. gekk frá því.

Hv. þm. fagnaði því, að Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda hefði orðið það mikið ágengt að fá ríkisstj. til að flytja þetta mál. Það er auðvitað algert aukaatriði, og það er ekki það, sem bændur spyrja um, hverjum sé það að þakka, að þetta frv. er flutt og búfjárræktarlögin endurskoðuð. Það er algert aukaatriði, enda var ég ekkert að draga það fram hér áðan. En ég vil af þessu tilefni geta þess, að n., sem samdi frv., kom með það til mín í þinglokin s. l. vor og ræddi þetta mál við mig þá. Og ég tók n. þannig þá, þegar hún kom til mín, að ég hét að beita mér fyrir því, að þetta frv. yrði flutt. Ég sé svo ekki, að það geri neitt til, þó að þessu frv. sé blandað inn í samningana í haust, ef það þykir henta, skiptir mig ekki nokkru máli, en ég get aðeins getið þess, að ég átti samtal við n., sem samdi frv., á s. l. vori, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að nefndarmennirnir muna það, hvað okkur fór þá á milli.

Það er rétt, að jarðræktarstyrkur var ekki greiddur með vísitölu eftir 1960, einfaldlega vegna þess, að það var ekki heimilt. Eins og jarðræktarlögin eru nú, þá er svo ákveðið, að jarðræktarstyrkur skuli greiddur miðað við kaupgjaldsvísitölu, og þegar kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi, þá var ekki heimild til að greiða jarðræktarstyrkinn samkv. vísitölu eftir það, og vitanlega hafa bændur beðið tjón af þessu. En um það er ekki að sakast. Það má hins vegar ef til vill segja, að það tjón hafi að nokkru leyti verið bætt upp með því, að vísitalan var ekki í sambandi og kaupgjaldið þá ekki eins hátt á þessu tímabili, þannig að ef út í rökræður væri farið og reynt væri að draga fram plúsa og mínusa, þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að það eru ekki eingöngu mínusar, sem við mundum skrifa á blaðið, heldur einnig einhverjir plúsar, sem kannske mundu vega minna en mínusarnir. En nú er ekki lengur því til að dreifa, og það er ekki alveg rétt heldur, að það hafi engin uppbót komið, því að nú síðustu árin var jarðræktarstyrkurinn greiddur með 15% uppbót, og var það nokkur sárabót samkv. útreikningum hagstofunnar. Ég hef ekki spurt að því, hvernig þau 15% voru fundin. Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið einhverjar rökréttar forsendur fyrir því, þrátt fyrir lagaákvæðið, þannig að þar fengu bændur þó nokkra uppbót á jarðræktarstyrk.

En aðalatriðið er það, að með þessu frv. og með frv. til nýrra jarðræktarlaga, sem lagt verður fram innan skamms, er gert ráð fyrir að taka upp nýja jarðræktarvísitölu, sem er miðuð við framkvæmdakostnað og hagstofan reiknar út í samráði við Búnaðarfélag Íslands og landnámsstjóra. Og ég held, að hv. síðasti ræðumaður hljóti að verða sammála mér um það, að þegar þetta búfjárræktarfrv. er orðið að lögum og þegar nýju jarðræktarlögin verða sett á þessu þingi til viðbótar þeim leiðréttingum, sem gerðar voru í fyrra, þá hafi verið stigið betur í ístaðið í þessum málum bændastéttinni til handa en áður. En ekki er ástæða til að metast um það heldur hér í hv. Alþingi. Reynslan mun skera úr því. En ég hygg, að bændur kunni að meta það, sem nú hefur ver-

ið gert og ráðgert er að gera í þessu efni. Og ég skal alveg láta það hlutlaust, þótt það sé sett að einhverju leyti í samband við samninganna um afurðaverðið í haust, að svo langt er gengið í þessum málum sem raun ber vitni, og látum það alveg liggja milli hluta. En aðalatriðið er það, að hér eru góð mál á ferðinni og miklar leiðréttingar, sem landbúnaðurinn þurfti að fá, því að það er enginn vafi á því, að það er þjóðinni hollt og þjóðnýtt starf að auka ræktunina og bæta búfjárræktina, eins og þetta frv. miðar að, og jarðræktarlögin stuðla að aukinni ræktun. Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta af þessu tilefni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það var alls ekki meining mín að gera lítið úr hæstv. landbrh. eða lítið úr hæstv. ríkisstj., enda þótt ég minnti á það í ræðu minni, að það væri þýðingarmikið fyrir bændastétt landsins að hafa öflugan félagsskap, hafa öflugt leiðbeiningakerfi, eins og starfar á vegum Búnaðarfélags Íslands, og hafa öflugt Stéttarsamband bænda, sem jafnan er vakandi yfir málefnum landbúnaðarins. Ég held, að sá maðurinn, sem mest mætti fagna því, að til eru slíkar stofnanir í landinu eins og Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, sé fyrst og fremst landbrh., því að ef hann leitar vel innan þeirra samtaka, getur hann jafnan fundið styrk og stoð, ef hann vill berjast fyrir málefnum landbúnaðarins, sem ég efast ekki um.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 274, 275, 283).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í þessari d. gerði hæstv. landbrh. grein fyrir frv. og tildrögum þess, að það er fram borið, og ætlazt er til, að það verði afgreitt á þessu þingi, fer ég því ekki út í það.

Í þessu frv. felast ekki veruleg nýmæli frá eldri l. um búfjárrækt, sem eru að stofni til frá 1943 aðallega og svo með breytingum frá 1957. Aðalbreytingar frá eldri l. eru í kaflanum um ásetningu og skoðun á fóðurbirgðum, og er þar leitazt við að finna leiðir til þess, að þau mál fari betur úr hendi en verið hefur með því að fela héraðsráðunautum í hverri sýslu yfirumsjón með ásetningi og athugun á fóðurbirgðum og fóðrun á búfé. Ég tel, að þetta horfi til talsverðra bóta og sé því nokkurs virði, þetta ákvæði í lögunum.

Þá eru ákvæði í frv. um vísitöluhækkun á framlögum samkv. búfjárræktarl., sem miða skal við framkvæmdakostnað, á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í frv. til jarðræktarlaga, sem nú liggur fyrir Alþ., og er þetta nýmæli frá því, sem áður hefur verið, því að fram að 1960 voru ákvæði um verðlagsuppbót, sem fóru þá eftir framfærsluvísitölu, en síðan 1960 hafa framlög í þessu skyni staðið í stað.

Þá hefur landbn. gert nokkrar breytingar við frv. og orðið sammála um þær breytingar, sem prentaðar eru á þskj. 275, og tel ég rétt, að ég fari örfáum orðum um þær brtt. hverja eina.

Í 10. gr. eru þau ákvæði, að styrkur til nautgriparæktarfélaga vegna fitumagns á mjólk sé breytilegur eftir því, hversu mjólkin er oft mæld. Sú regla hefur gilt, að þessi aðstoð sé mismunandi há eftir því, hvort mjólkin er mæld og rannsökuð sjaldnar en sex sinnum á ári, annan hvorn mánuð eða mánaðarlega. N. hefur orðið ásátt um að leggja til, að þetta breytist þannig, að mismunurinn sé aðeins eftir því, hvort mjólkin er mæld sjaldnar en sex sinnum á ári eða annan hvorn mánuð minnst. Þetta er gert í samráði við nautgriparæktarráðunauta, sem telja, að í framkvæmd hafi það færzt í það horf á seinni árum, að mjólkin sé yfirleitt mæld samkv. 1. og 3. tölul. gr. Ég hef leitazt við að komast eftir því, hvort þetta valdi verulegum breytingum á kostnaði ríkissjóðs til styrktar þessari starfsemi, og virðist svo, að það muni ekki hafa nein teljandi áhrif, svo að ekki mun vera hægt að gera neitt verulegt úr því, að þessi breyting valdi kostnaðarauka.

Breyting við 12. gr. er aðeins nánari útfærsla á því, sem fram eigi að taka í samþykktum um nautgriparæktarfélög.

Við 17. gr. er smávægileg breyting til lagfæringar á orðalagi.

Við 18. gr. er sú ein breyting, að 2. tölul. gr. er styttur, með því að það, sem niður er fellt, er óþarft með öllu og óeðlilegt, þar sem slík ákvæði eiga að sjálfsögðu að vera í samþykktum þeim, sem greinin fjallar um.

Við 64. gr. er smávægileg breyting, einungis nánari útfærsla á störfum forðagæzlumanna.

Við 65. gr. er veruleg breyting frá því, sem verið hefur í l. og framkvæmd um það efni, sem gr. fjallar um, en það er skýrsluhald fóðurbirgðafélaga. Breytingin er gerð í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og þann mann í Búnaðarfélaginu, sem hefur eftirlit með skýrsluhaldi, svo og hagstofustjóra, sem telur þessa breytingu verulega til bóta, að því er snertir öflun á þeim upplýsingum, sem hagstofan fær í gegnum þessar skýrslur.

Við 66. gr. er lítils háttar orðalagsbreyting um tilgang fóðurbirgðafélaga og við hann bætt ákvæðum, sem stuðla eiga að bættri hirðingu búfjár og meðferð þess.

Við 72. gr. er leiðrétting á prentvillu.

Við 73. gr. er sú breyting ein, sem er afleiðing af breytingu á 65. gr., ef samþ. verður.

Þá skal þess enn getið, að á fundi landbn. í morgun kom n. sér saman um að flytja enn eina brtt. við frv., þ. e. við 48. gr., sem fjallar um hrossarækt. Brtt. þessi hefur ekki verið prentuð á þskj., og flyt ég hana því hér skrifl. og hún er þannig:

„Heimilt er að veita hrossaræktarfélögum fjárframlag til stofnræktar hrossa, ef ráðu-

nautar Búnaðarfélags Íslands og stjórnir hrossaræktarsambanda og búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með. Árlegt framlag í þessu skyni má vera 300 kr. á hverja skýrslufærða hryssu, enda hliti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands."

Það hefur verið mjög eftir því leitað af hálfu Landssambands hrossaræktarfélaga að fá inn í l. ákvæði, sem heimiluðu hrossaræktarfélögum að hefjast handa um stofnræktun góðhesta. Ég hef rætt þetta mál við hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélagsins, og hann er því mjög fylgjandi, að grein áþekk þessari komi inn í lögin. Svo og hafa ýmsir áhugamenn um góðhrossarækt hreyft þessu máli við n., og hún hefur talið rétt að verða við þessum óskum. Það skal fram tekið, að það liggur ekki ljóst fyrir, hvað þetta mundi kosta, en eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eru það mjög óverulegar upphæðir, því að ekki eru líkur til, að nema 1—2 hrossaræktarfélög verði stofnuð á næstunni með það fyrir augum að njóta þessa styrks og þá með aðeins fá hross til þess að gera.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. með ósk um það, að hún verði afgreidd hér.

Þess skal svo að lokum getið, að framlag vegna búfjárræktarl., eins og þau hafa verið frá því 1957, var áætlað fyrir árið 1964 3 millj. kr. úr ríkissjóði. Þá höfðu þessi framlög staðið í stað síðan ákvæði um framfærsluvísitölu voru numin úr gildi 1960. Búnaðarfélag Íslands hefur tekið að sér að reikna út, hversu mikil gjaldaaukning mundi verða samfara því að samþykkja þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, og telur, að hækkunin mundi verða 1 millj. og tæpar 500 þús. kr. eða um 47.3% aukning. Tvær af þeim breytingum, sem landbn. leggur hér til að verði samþ., geta komið til með að valda einhverri mjög smávægilegri hækkun á þessari áætlun, en ekki það mikili, að talið verði, að það nemi nema mjög óverulegum upphæðum. Það er breytingin á 10. gr. og breytingin á 43. gr., sem ég lýsti hér áðan.

Þá skal þess enn getið, að í sambandi við þá skrifl. brtt., sem ég flutti hér áðan, hafa komið fram nokkrar fleiri brtt. frá einstökum nm. í landbn., en ein þeirra, liður 6, fjallar um sama efni og sú brtt., sem ég flutti hér áðan fyrir hönd n. og gengur að vísu aðeins styttra en till. hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Austf., en á nefndarfundi hefur orðið samkomulag um það, að þeir sætta sig við að draga þá till. til baka. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fara út í þær aðrar brtt., sem fyrir liggja á þskj. 283, en get þess aðeins, að þær hafa verið til umr. í n. og n. ekki séð sér fært að styðja þær sem heild. Þær fjalla aðallega um hækkanir á tölum, og má að sjálfsögðu lengi deila um það, hvað hæfilegt sé að ákveða, þegar um fjárframlög er að ræða, en ég tel, að miðað við samkomulag, sem gert var í haust um þetta frv., sé því samkomulagi fullnægt með þeim fjárveitingum, sem frv. gerir ráð fyrir yfirleitt, að því er tölur snertir, og hef ekki treyst mér til að mæla með þessum hækkunum. Ég tel að vísu, að sumar tölur væri kannske æskilegt að hækka, en mjög vafasamt um aðrar, og hef ég tekið þá afstöðu, að eðlilegast væri að láta þær allar vera óbreyttar frá því, sem er í því frv., sem hér liggur fyrir, og sem fjárframlög til bændastéttar tel ég að þær skipti ekki verulegu máli.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til, að þær breytingar, sem landbn. í heild hefur orðið sammála um að flytja, verði samþykktar.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur í aðalatriðum gert grein fyrir þessu frv., sem hér er til umr., og mun ég ekki ræða það á annan hátt en þann, sem snýr að þeim brtt., sem ég ber hér fram ásamt hv. 4. þm. Austf. (PÞ), en þetta mál hefur verið til athugunar í landbn. nú um skeið, og hefur nefndin reynt að færa það til hins betra horfs, eftir því sem henni hefur sýnzt að betur mætti fara.

Hv. frsm. gat þess, að þetta frv. hefði verið lagt fram í haust, eftir að samkomulag hefði náðst um þá heildarhækkun, sem mætti verða á búfjárræktarlögunum, og það hygg ég, að muni rétt vera. En tildragandi þessa máls er sá, að upphaflega er flutt á búnaðarþingi till. þess efnis að athuga forðagæzlu landsins, vegna þess að þar þótti ýmislegt ábótavant, og út frá því var hafizt handa um að endurskoða búfjárræktarlögin í heild, og var skipuð mþn. af búnaðarþingi til að endurskoða búfjárræktarlögin, og svo endurskoðuð lágu lögin fyrir búnaðarþingi, sem starfaði árið 1964, og gerði það þing nokkrar breytingar á frv. mþn. Málið var endanlega afgreitt frá búnaðarþingi til Búnaðarfélags Íslands, en svo skeður það í landbrn., að flestallar till. búnaðarþings eru felldar þar niður, og í aðalatriðum er frv. eins og það kom frá mþn., en það eitt inn tekið af till. búnaðarþings, sem fjallar um hækkun á sektum, ef lögin eru brotin, en allt annað var fellt niður, enda kostaði sú till. ríkissjóð ekki neitt.

Það má segja, að í þessu frv. sé framlagi ríkisins varið á fernan hátt. Það er í fyrsta lagi til að greiða laun sérfræðinga, sem eiga að starfa eftir þessari löggjöf, og hluta af launum héraðsráðunauta í búfjárrækt. Í öðru lagi greiðir ríkið framlag til þess að veita verðlaun á búfjársýningum. Í þriðja lagi er greiddur hluti af rekstrarkostnaði við sæðingarstöðvar og ýmsa félagsstarfsemi varðandi landbúnaðinn. Og í fjórða lagi er greiddur hluti af stofnkostnaði við byggingu sæðingarstöðva. Nú má um það deila, hvað er þýðingarmest og þýðingarminnst af þeim atriðum, sem framlag er veitt til samkv. þessu frv., en mér þykir þó sýnt, að það sé tvennt, sem mestu veldur, að vel sé hlúð að í þessum efnum, og það er í fyrsta lagi, að eigi sé sparað um of við þá sérfræðinga, sem eiga að veita aðstoð skv. þessari löggjöf, og sömuleiðis varðandi ráðu-

nautalaunin, og enn fremur sé hlutinn, sem snýr að rekstri bæði sæðingarstöðva og starfsemi búfjárræktarfélaga og búnaðarsambanda almennt í landinu. Og allar tillögur okkar miða að því að létta undir í þessum atriðum, sem ég hef þegar drepið á.

Við byggjum árlega fyrir marga milljónatugi yfir búféð og heyfenginn í landinu. En til þess að þessar framkvæmdir komi að tilætluðum notum, verður búféð að vera arðberandi og gott, því að það er arðurinn af því, sem á að rísa undir þeim byggingarkostnaði, sem bændur verða allajafna að inna af hendi, og þetta vona ég, að hv. þm. skilji, að það er ekki þýðingarlitið, að hlúð sé að ræktun búfjárins, til þess að þar séu arðbærir og góðir gripir, sem eiga létt með að skapa bóndanum tekjur.

Ein meginbreyting skv. þessu frv., sem hér liggur fyrir á búfjárræktarlögunum, er að færa alla starfsemi búfjárræktar inn á víðara svið en verið hefur, breikka þann grundvöll, sem starfsemin nær til, enda hægara við að eiga nú en áður, þar sem við búum við betri samgöngur á landi og fullkomnari flugsamgöngur en verið hefur áður og betri tækni við sæðingu búfjár. Nú eru möguleikar á því fyrir bændur, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, að notfæra sér þau beztu naut og þá beztu hrúta, sem til eru, með því að flytja sæði þeirra á milli landshluta og ala upp búfé, sem byggist á úrvalsgóðum stofnum, en þessi starfsemi tekur sinn tíma, og hún kostar mikið fjármagn, og þess vegna er það, að það er ekki lítil þýðing þess, að búfjárræktarlögin styrki þessa starfsemi eins vel og dyggilega og maður telur að framast sé unnt af þjóðfélaginu að gera hverju sinni, og brtt. okkar hv. 4. þm. Austf. og mín þær miða að því, að svo verði gert.

1. till. er um það, að ríkið greiði skrifstofu- og ferðakostnað héraðsráðunauta að hálfu á móti búnaðarsamböndunum. Þetta er ekki meira en það, sem ríkið gerir í fjöldamörgum tilfellum. Það borgar t. d. allan ferðakostnað ráðunauta hjá Búnaðarfélagi Íslands, og það borgar líka allan ferðakostnað hjá fjölmörgum starfsmönnum sínum. Það er því ekki óeðlilegt, að ríkið taki þátt í hluta af ferðakostnaði héraðsráðunauta, eins og það greiðir hluta af launum sömu ráðunauta, og því höfum við lagt til með fyrstu till., að ríkið taki að sér helming kostnaðar á móti búnaðarsamböndunum við skrifstofuhald og ferðakostnað héraðsráðunauta.

2. till. okkar fjallar um hækkun á framlagi til búnaðarsambanda eða nautgriparæktarsambanda vegna starfsemi við skýrsluhald og eftirlit með félagsstarfseminni almennt. Hér er um hækkun að ræða úr 16 kr. í 20 kr., miðað við hverja kú, sem skýrsla er send um til Búnaðarfélags Íslands. — Þá er í sömu grein breyting um hækkun á framlagi úr 330 kr. í 1500 kr. á hvern uppalinn nautkálf hjá hlutaðeigandi samböndum, en sem kunnugt er, þá er eldi þessara kálfa mjög kostnaðarsamt, og venjulega þarf að ala þá algerlega inni allt árið. Þetta kostar því sitt og því nauðsynlegt að greiða nokkurt framlag frá ríkinu til þess að koma til móts við félögin, sem eiga að sjá um þessa starfsemi.

3. till. okkar er við 19. gr. Hún er um það, að sæðingarstöðvar skv. VI. kafla þessa frv. fái jafnt framlag á þá hrúta, sem þar eru notaðir, og sauðfjárræktarfélög, en þau eiga að fá skv. þessu frv. 1330 kr. á 1. verðlauna hrúta, en eins og hv. þm. sjá skv. frv., á framlagið að vera 300 kr., en við leggjum til, að það verði hækkað upp í 1330 kr. Það er vitað mál, að sæðingarstöðvar nota ekki nema úrvalshrúta, og því mjög vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, að hafa miklu lægra framlag til þeirra hrúta, sem eru á sæðingarstöðvunum, en annarra, sem almennt eru notaðir heima fyrir í sauðfjárræktarfélögunum. Framlög þessi renna öll til félagslegrar starfsemi, en þau falla ekki í hendur einstakra manna, og því finnst mér, að að því beri sérstaklega að hlúa, að þarna sé gert jafnt undir höfði vegna jafngóðra gripa, sem eru í sauðfjárræktarfélögum og hins vegar á sæðingarstöðvum.

4. till. okkar er við 20. gr. og er um hækkun á framlagi til stofnræktunar sauðfjár. Hér verður um mjög takmarkaða fjártölu að ræða, þar sem aðeins má hafa eitt slíkt bú í hverri sýslu og fjárfjöldi auk þess á hverju búi mjög takmarkaður. En á þennan hátt verður smám saman hægt að velja úr það sauðfé innan íslenzka fjárstofnsins, sem sameinar þá beztu eiginleika fjárins til afurðagetu, og því mikilvægt, að hér sé vel á málum haldið og reynt að styðja í hvívetna þá starfsemi, sem að þessu lýtur.

5. till. okkar er um hækkun á framlagi vegna afkvæmarannsókna. Samfara þessum rannsóknum er mikil vinna, sem er þess virði, að hún sé samvizkusamlega af hendi leyst og að menn þeir, sem við það starfa, geti ætlað sér svo nægan tíma, að þar skorti ekki neitt á, að vel takist til í þessu starfi og það komi að tilætluðum notum.

6. till. okkar er um það að taka upp heimild í þessa löggjöf um, að hrossaræktarfélög og einstakir bændur njóti framlags frá því opinbera til þess að rækta hestastofna. En frá því að við lögðum fram þessa 6. brtt. okkar, viðbót við 48. gr. frv., hefur það skeð, að fundur var haldinn í landbn. Ed. rétt fyrir hádegið í dag, og hv. formaður n. fór fram á það, að n. í heild tæki upp þessa till. með lítils háttar breytingu, og á það höfum við fallizt að taka till. okkar til baka, en sú skrifl. till., sem hér liggur fyrir, verði samþ. Eini munurinn á þessum tveim tillögum er sá, að úr okkar till. er það fellt, að einstakir bændur geti notið framlags, en það nái einungis til þeirra, sem hafa félagsstofnanir. Mér skilst, að þótt einstaka bændum kunni að finnast, að það sé ekki komið nægjanlega til móts við þá á þennan hátt, þá sé þeim innan handar að afla sér þess félagsskapar, sem veiti þeim tilskilin framlög

frá því opinbera, eins og í okkar till. felst, og með það sjónarmið fyrir augum hef ég fallizt á það og sömuleiðis annar flm. till., að þessi till. sé tekin til baka, en að við sameinum okkur um þá till., sem áður hefur verið lýst af hv. frsm. nefndarinnar.

Þá er það 7. till. okkar. Hún er um það, að sérfræðingar á sæðingarstöðvum fái laun frá ríki að jafnmiklum hluta og héraðsráðunautar, en í frv. er gert ráð fyrir, að þeir fái aðeins helming launanna frá því opinbera, en héraðsráðunautar 65%. Við leggjum til, að þarna sé ekki gert upp á milli, því að það er sýnilegt, að við sæðingarstöðvarnar verða að starfa eigi minna menntaðir menn á sínu sviði en héraðsráðunautarnir almennt í landinu, og því ekki ástæða til að gera þarna upp á milli.

Þá leggjum við einnig til, að framlög vegna sæðingar verði hækkuð. Reynslan hefur sýnt það, að rekstur sæðingarstöðvanna er erfiður. Þar kemur það til, að ferðalög geta orðið mjög kostnaðarsöm hér á vetrum, og auk þess er ekki komin enn þá sú skipulagning á þessi mál, að hér sé hægt að búast við þeim fullkomnasta og bezta árangri, sem miðað er við hjá öðrum þjóðum, sem lengi hafa haft slíka starfsemi undir höndum. Því er það, að við höfum farið fram á það með þeirri brtt., sem er við 54. gr., b-liðinn, í 7. till. okkar, að þar verði gerð helmingshækkun frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég tel mig hafa gert grein fyrir brtt. okkar, sem allar miða að einu og sama marki, og það er að efla í hvívetna þá starfsemi, sem við þegar höfum viðurkennt á undanförnum árum og viðurkennum enn þá betur með því frv., sem hér liggur fyrir, og að við veitum þann tilstyrk í þessum málefnum, sem koma mun bændastéttinni að fullkomnum notum, svo að búfjárræktarstarfið á komandi tímum verði miklu auðveldara og þægilegra viðfangs en það hefur reynzt á liðnum áratug.

Þegar við ferðumst um önnur lönd, sjáum við hvarvetna blasa við okkur gripi af einum og sama stofni, sem segja okkur það, án þess að nokkur útlisti þau mál, að þar eigi að baki sér áratuga- og aldagömul starfsemi, og til þess að við getum gert aldir að áratugum í þessum efnum, þá verðum við nú að stíga skrefið eins stórt og unnt er, þegar við endurskoðum búfjárræktarlögin með þetta fyrir augum.

Ég vænti svo þess, að hv. þdm. samþykki till. okkar, sem eigi munu kosta ríkissjóð neinu sem nemur og því ekki stórvægilegar breytingar að því leyti, en þýða á hinn bóginn verulega mikið fyrir þá starfsemi, sem mörkuð er með því frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 295) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 283,1 felld með 8:6 atkv.
4.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 275,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 275,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 283,2 felld með 8:7 atkv.
14.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 275,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 275,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 283,3 felld með 8:7 atkv.
19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 283,4 felld með 7:7 atkv.
20.—26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 283,5 felld með 8:7 atkv.
27.—47. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 283,6 tekin aftur.
— 295 samþ. með 15 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
49.—53. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 283,7 felld með 7:7 atkv.
54.—63. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 275,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 275,6 (ný 65. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 275,7 (ný 66. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
67.—71. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 275,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 275,9 samþ. með 16 shlj. atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
74.—82. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 296).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 51. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um búfjárrækt var flutt í Ed. og fékk jákvæða afgreiðslu þar, en nokkrar breytingar voru þó samþykktar, sem eru ekki veigamiklar, heldur aðeins til frekari skýringar og fyllingar á málinu.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem valin var af Búnaðarfélagi Íslands í samráði við landbrn. Var n. skipuð 1964 og lauk hún störfum einnig

á því ári. Þetta frv. er flutt eins og það kom frá n. að undanteknu því, að nokkur breyting var gerð á 4. gr. frv. og 54. gr. Þar var gert ráð fyrir, að héraðsráðunautar og sérfræðingar í búfjársæðingu tækju laun samkv. tilgreindum launaflokki í núgildandi launakerfi starfsmanna ríkisins. Launakerfi þetta er tímabundið og breytingum háð, og þótti því eðlilegra, að laun ráðunauta væru ákveðin af landbrh. að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Þá var breytt út af þeirri reglu, sem gilt hefur um laun ráðunauta, að nú eru laun þeirra greidd að 65% úr ríkissjóði í stað 50% áður. Hins vegar lagði n. til, að það yrðu sömu hlutföll í ferðakostnaði ráðunautanna, en á það hefur ekki verið fallizt. Hins vegar þótti eðlilegt að benda á sérstakan lið í fjárl., sem Búnaðarfélag Íslands hefur árlega til meðferðar, þ. e. 850 þús. kr. núna á gildandi fjárl., og það þykir eðlilegra, að sá liður verði hækkaður og notaður eins og verið hefur til þess að skipta á milli búnaðarsambandanna til að mæta sérstökum kostnaði, m. a. ferðakostnaði ráðunautanna. Það þykir eðlilegt, að þetta sé hverju sinni eftir því, sem veitt er á fjárl., frekar en að binda það í lögum. Að öðru leyti er frv. eins og n. skilaði því af sér.

Í nefndinni áttu sæti Einar Gestsson bóndi á Hæli, Gísli Magnússon bóndi og Sigurður Snorrason bóndi, og var Sigurður Snorrason formaður nefndarinnar.

Þetta frv. er, eins og sjá má, í 9 köflum og allviðamikið. Lög um búfjárrækt eru frá 1931 og voru endurskoðuð 1957, og þótt ekki sé lengra liðið en síðan 1957, þótti ástæða til að endurskoða lögin á ný. Það er ekki um veigamiklar breytingar að ræða í þessu frv. frá gildandi lögum, ekki um neinar veigamiklar breytingar eða stefnubreytingar að ræða. Það, sem í þessu frv. felst, er aðallega að færa til hækkunar nokkuð marga liði, sem búfjárræktin er bundin við, og er það vitanlega ekki meira en hægt er að segja, að til samræmis sé við aukinn tilkostnað frá því, sem var 1957. Þá er tekið inn í þetta frv., eins og jarðræktarlagafrv., eftir að vísitalan er tekin að verka aftur á kaup, þá er það eitt tekið inn í þetta frv., að greiðslur séu samkv. sérstakri vísitölu, sem hagstofan reiknar út.

Hv. Ed. gerði nokkrar breytingar á frv., eins og áður er sagt. Sú fyrsta var gerð við 10. gr. frv. á þskj. 275 og við 12. gr. á sama þskj., 17. gr., 18. gr., 64 gr., 65. gr., 66. gr., 72. gr. og 73. gr., allt á þskj. 275, og geta hv. þm. kynnt sér það. Einnig var gerð breyting á 48. gr., sem er á þskj. 295, þ. e. að veita hrossaræktarfélögum heimild til þess að fá nokkurn styrk til stofnræktar hrossa, ef ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og stjórn hrossaræktarsambandanna eða búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með því. Það er ekki talið, að það geti verið veigamikil útgjöld í sambandi við það, og í trausti þess var þetta nú samþ., enda þótt um það væri samið, þegar þetta frv. var flutt, hversu langt það skyldi ganga í útgjöldum, og var í samræmi við það, sem mþn. búnaðarþings hafði lagt til.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að fara nánar út í frv., það liggur fyrir og ljóst, hvað í því felst, og er því ekki ástæða til þess að rekja það nánar.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 296, n. 385, 386).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. til nýrra búfjárræktarlaga er stjórnarfrv. og var lagt fram árla á þessu þingi fyrir hv. Ed. Það hefur um skeið verið til athugunar hjá landbn. þessarar hv. d. og var afgreitt frá n. nú fyrir 2—3 dögum. Mér finnst skylt að taka það fram, vegna þess að þess er getið í nál. okkar, að hv. 7. landsk. þm. hafi ekki verið viðstaddur, þegar málið var afgreitt úr n., að fjarvera hans stafaði af því, að hann fékk ekki fundarboð. Sá misgáningur var ekki starfsmönnum þingsins að kenna, heldur mér.

Landbn. flytur á þskj. 386 5 brtt. við frv. Ég vil leyfa mér að gera örstutta grein fyrir þessum brtt. nefndarinnar.

Það er í fyrsta lagi brtt. um það, að 4. gr. frv., sem fjallar um laun búfjárræktarráðunautanna, orðist eins og þar segir, en sams konar breyting hafði verið gerð í hv. Ed. á jarðræktarl., og okkur þótti því hlýða, að þessar tvær greinar í báðum lögunum væru með sama eða svo til sama orðalagi. Það, sem raunar felst í þessari till., er það, að ráðunautarnir eiga að semja við búnaðarsamböndin um þann hluta, sem búnaðarsamböndunum ber að greiða, þ. e. a. s. 35% af launum þeirra, en þar sem ríkissjóður á að greiða meiri hl. eða 65%, er talið eðlilegt, að landbrh. samþykki, hver launin verða, og greiði síðan 65% af því, sem hann fellst á, að laun þessara manna verði.

Við 6. gr. frv. leggur n. til, að gerð verði sú breyting, að á eftir orðinu „kynbótanefnd" komi: ef héraðsráðunaut þykir ástæða til. — Þetta ákvæði um kosningu kynbótanefnda var í hinum eldri búfjárræktarl. og er sett hér inn enn, en þannig er ástatt, að í mörgum sveitarfélögum mun þessum ákvæðum laganna ekki hlýtt, og það kemur til af því, að nautgripasamböndin og sæðingarstöðvarnar hafa tekið við því starfi, sem þessum kynbótanefndum er ætlað að vinna. Okkur þykir því ástæðulaust að vera að skipa hreppsnefndum að kjósa þessar nefndir í þeim sveitum, þar sem verkefni þeirra er ekki lengur til.

Hið sama er að segja um 3. brtt. Við leggjum til, að á eftir orðinu „hrossakynbótanefnd" komi: ef héraðsráðunaut þykir ástæða til. — Við vitum, að í fjölmörgum sveitum okkar lands er svo litið um hesta og hrossabúskap, að þessu ákvæði laganna er alls ekki hlýtt. Í þessum sveitarfélögum eru ekki þessar nefndir kjörnar, enda mun það jafnvel vera svo, þar sem hrossarækt er lítil, að menn kaupa þá hesta, sem þeir telja sig þurfa að nota, frá þeim héruðum, þar sem hrossarækt er rekin.

Eins og hv. þd. er í minni, voru samþ. hér í fyrra lög um breytingu á búfjárræktarl. að því er varðaði kafla þeirra um hrossarækt. Þetta var frv., sem ég flutti ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. Nú er lagt til í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að þessi lög, sem þingið samdi í fyrra, séu felld úr gildi. Landbn. d. getur ekki fallizt á þetta og vill taka upp í frv. 1. gr. þeirra laga eða bæta inn í 32. gr. ákvæðum, sem stóðu í þessum l., sem þingið samþykkti í fyrra. Þetta varðar töku stóðhesta, sem ólöglega ganga lausir. Eftir búfjárræktarl. og þessu frv., sem hér liggur fyrir, virðist það vera heimilt hverjum manni að taka sig upp og fara inn í lönd manna og afréttir og taka þar stóðhesta, sem lausir kunna að ganga. Þetta finnst landbn. vera fullmikið frjálsræði, enda held ég, að það yfirleitt þekkist ekki, að hver og einn borgari í landinu taki að sér slík löggæzlustörf. Aftur á móti getur hver og einn borgari kært, ef hann sér, að lög landsins eru brotin. Þess vegna leggjum við til, að inn í greinina verði tekin þessi ákvæði, sem voru í l., sem þingið samþykkti í fyrra, að umráðamanni landsins, hvort það er heimaland eða afréttur, þ. e. a. s. bóndanum sjálfum eða ábúandanum eða fjallskilastjóranum, verði gert skylt að framkvæma þessi ákvæði laganna.

5. brtt. er um hrossaræktarkaflann einnig. Við leggjum til, að þar sem svo hagar til, að telja má eðlilegt, að stóðhestum sé leyft að ganga lausum, þ. e. a. s. þar sem beitilönd eru það einangruð, þá leggjum við til, að það sé ekki eingöngu á valdi Búnaðarfélagsins að veita slíkar undanþágur, heldur geti einnig sýslunefndirnar gert það, ef þær samþykkja það með 4/5 hlutum atkv., eftir að þessi mál hafi fengið þá afgreiðslu heima í sveitahreppunum eins og lögin gera ráð fyrir.

Ég hef þá í stuttu máli gert grein fyrir þessum 5 brtt., sem eru á þskj. 386. Um lögin sjálf skal ég ekki fara mörgum orðum. Þetta er mikill lagabálkur í 9 köflum og milli 80 og 90 greinar, minnir mig. En ég verð að segja það eins og er, og tala þá ekki fyrir munn n., heldur mín sjálfs, að jafnvel þessi mikli lagabálkur finnst mér vera heldur leiðinlegur á margan hátt. Eflaust hefði mátt koma öllu þessu máli fyrir í enn þá færri greinum og styttra máli, og allur sá upptíningur á styrkjum til búfjárræktarinnar, sem er tíndur hér til í l., allt ofan í 15 aura, finnst mér vera heldur leiðinlegur sparðatíningur. Ég held, að það væri miklu nær að láta þessa upphæð renna beint til Búnaðarfélagsins og láta Búnaðarfélagið ásamt hæstv. landbrh. ráðstafa þessu fé eftir því, sem þætti bezt henta. En forsvarsmenn bændastéttarinnar, Búnaðarfélagið og stjórn þess, leggja mikla áherzlu á það, að þetta mál fái framgang, og ég vil ekki bregða fæti fyrir það.

Það má segja, að þetta frv. feli ekki í sér miklar breytingar frá eldri búfjárræktarl. Það eina, sem í því raunar felst, er það, að þessir styrkir, sem ég nefndi, eru allverulega hækkaðir, þannig að til þessara mála verður veitt úr ríkissjóði eitthvað á 5. millj. kr., og svo það, að á þessa styrki á að koma verðlagsuppbót eftir reglu, sem fundin verður. En eins og ég sagði, finnst mér allur þessi upptíningur á þessum styrkjum vera bændastéttinni ekki til neins sóma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðallega vegna síðustu orða hv. frsm., að ég tek til máls. Ég býst við, að hv. alþm. þekki forsögu þessa máls. Búnaðarþing óskaði eftir því, að búfjárræktarl. væru endurskoðuð, og það var skipuð n. í samráði við landbrn. til þess að endurskoða lögin. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að breytingarnar frá eldri l. eru aðallega í því fólgnar að hækka hin ýmsu framlög til búfjárræktarinnar. En það er þó nokkuð meira í þessum lögum en það. Það eru ýmis ákvæði, sem varða búfjárræktina sérstaklega, utan þess að fá framlög úr ríkissjóði til hennar.

N., sem skipuð var af Búnaðarfélaginu í samráði við landbrn., vann að þessu máli, og frv. er flutt raunverulega óbreytt frá því, sem n. skilaði því af sér, að öðru leyti en því, að það er sérstakt ákvæði um það, hvernig verðlagsuppbótin skuli fundin samkv. sérstakri vísitölu.

Það má vel vera, að það hafi mátt þjappa þessu frv. saman og hafa það í styttra máli og þó ná sama árangri eða jafnvel betri. Það hefði mátt hafa styrkina eða framlögin í öðru formi, þannig að það hefði ekki verið í svo mörgum liðum sem það er í frv. En þetta finnst mér ekki skipta neinu höfuðmáli. Búnaðarfélagið og búnaðarþing hafa lagt áherzlu á að fá þetta fram, og framlög til búfjárræktarinnar eru hækkuð verulega, og þetta má verða til þess að stuðla að því, að kynbætur og tilraunir eigi sér frekar stað en áður. Og það er eitt af því, sem ber brýna nauðsyn til, að gera ýmsar athuganir, kynbætur og tilraunir í sambandi við búfjárræktina ekki síður en aðrar greinar atvinnulífsins og atvinnuveganna yfirleitt.

Um brtt., sem hv. landbn. flytur á þskj. 386, er fátt að segja. Það er rétt, að 1. till. er alveg í samræmi við till., sem samþ. var við jarðræktarl., og það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að það er eðlilegt, að það sé samhljóða í búfjárræktarl. og jarðræktarl. varðandi launagreiðslur til héraðsráðunautanna. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að gera þessar till. hv. landbn. að umtalsefni. Það má gera ráð fyrir því, að a. m. k. 4. till. og sú 5. reyndar líka

gætu valdið nokkrum ágreiningi, ekki víst, að allir líti sömu augum á það, en ég tel ekki ástæðu til að ræða um það sérstaklega. Hv. alþm. geta skorið úr því, hvað þeir vilja í því efni. En hér er komið inn á dálítið viðkvæmt mál, sem hv. alþm. munu yfirleitt þekkja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 386,1 (ný 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 386,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
18.—28. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 386,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 386,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 386,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
36.—48. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
49.—53. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
54.—55. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
56.—60. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
61.—76. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
77.—82. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Nd., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 419).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr þar.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. Nd. hefur gert nokkrar breytingar á frv. til búfjárræktarl., eins og sjá má á þskj. 386. Breytingarnar eru við 4., 6., 29., 32. og 35. gr., og þarf ég ekki að lýsa þessum brtt., þar sem þær liggja fyrir. Ég hefði viljað óska eftir því, að hv. Ed. sæi sér fært að samþykkja frv., eins og það er nú. Þessar brtt. eru ekki veigamiklar og ættu ekki að skemma frv., þótt það væri lögfest með þeim hætti.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Brtt. þær, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi við 4. gr., og sú breyting leiðir beinlínis af því, að við umr. um frv. til jarðræktarl. voru tekin inn ákvæði, sem eru efnislega shlj. þessari brtt., og þess vegna tel ég eðlilegt, að hún verði samþykkt. Aðrar brtt. tel ég ekki veigamiklar við frv. og brtt. við 6. gr. tel ég að sé til bóta. Hún er á þá leið, að álit héraðsráðunautar komi til um það, hvort kjósa skuli kynbótanefndir. Ég tel það til bóta. Aðrar brtt., sem Nd. hefur gert við þetta frv., eru við kaflann um hrossarækt. Ég fyrir mitt leyti mun ekki leggjast á móti því, að þessar till. verði samþykktar, og tel ekki ástæðu til að leggja málið að nýju fyrir landbn., þar sem þessar breytingar voru nokkuð ræddar í n. á fundum og ég hef ástæðu til að ætla, að þar sé ekki andstaða yfirleitt gegn þeim. Þó tel ég þær ekki nauðsynlegar, en get fallizt á eftir atvikum, að frv. verði samþ. hér með þessum breytingum í heild, þar sem nú er áliðið þings og ég tel nauðsynlegt, að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 476).

---

29. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna** [101. mál] (stjfrv., A. 147).

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Lög um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna eru frá árinu 1955. Á s. l. ári voru sett ný lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóð barnakennara með allverulegum breytingum frá því, sem áður var, sem raktar voru ýtarlega í sambandi við þau mál, þegar þingið hafði þau til meðferðar. Á s. l. vori var eftir beiðni stjórnar lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna ákveðið að láta endurskoða lög um þann sjóð, og fól fjmrn. Kr. Guðmundi Guðmundssyni tryggingafræðingi að semja slíkt frv. í samræmi við gildandi lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og skyldi þetta gert í samráði við stjórn lífeyrissjóðsins. Þetta frv. er árangur þessarar endurskoðunar, og er um ákvæði þess fullt samkomulag við fulltrúa hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.

Frv. fylgir ýtarleg grg. eða skýringar við einstakar greinar, en þar sem allar meginbreytingarnar eru í samræmi við það, sem áður var gert varðandi lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóð barnakennara, tel ég ekki ástæðu til að rekja það hér að nýju. Ég legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 279, 280).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er efni þess það að gera hliðstæðar breytingar á l. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og þegar hafa verið samþ. hér á hv. Alþ. að því er snertir lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og lífeyrissjóð barnakennara. Jafnhliða þessu er sú breyting gerð á, að nafni sjóðsins er breytt, vegna þess að nú er það farið að tíðkast í nokkrum mæli, að karlar stundi hjúkrunarstörf. Eru þeir meðlimir í Hjúkrunarfélagi Íslands, og þykir því auðvitað eðlilegt, að þeir séu teknir með í þetta.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. á þskj. 279 ber með sér, er n. sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með einni orðalagsbreytingu, sem flutt er á þskj. 280. Eins og kemur fram í nál., var að vísu einn hv. nm. fjarstaddur, þegar það var afgreitt, en aðrir nm. mæla með samþykkt þess með áðurgreindri breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 280,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 280,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 294).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 4. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Stjórn lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna fór fram á það á s. l. ári, að samið yrði frv. að nýju um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna til samræmis við gildandi lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en á árinu 1963 voru sett ný lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og gerðar á eldri lögum margar mjög mikilvægar breytingar. Kr. Guðmundi Guðmundssyni tryggingafræðingi var falið að annast þessa endurskoðun í samstarfi við stjórn lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, og er þetta frv. árangur þess starfs. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja hér þær meginbreytingar, sem gerðar voru 1963 á lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hv. alþm. eru þær enn í ferska minni, en þetta frv. er til samræmingar við þau lög. En þar er því við að bæta, að núgildandi lög ná aðeins til hjúkrunarkvenna, en gert er ráð fyrir því, að þessi lög nái einnig til karlmanna, sem annast hjúkrunarstörf.

Í Ed., sem fékk þetta mál til meðferðar og hefur afgr. það, var gerð orðalagsbreyting varðandi heiti þessa sjóðs. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir, að hann héti Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna. Þetta orðalag féll ekki alls kostar í geð öllum, og ég vil taka það fram, að áður en ég lagði þetta frv. fyrir hv. Ed., var athugað í ráðuneytinu, hvort ekki væri hægt að finna orðalag, sem félli betur við íslenzkt mál, því að á því er enginn vafi að konur eru menn að réttu máli íslenzku, *fornu og nýju*, og orðið menn tekur bæði til kvenna og karla. En ástæðan til þess, að höfundur frv. hafði orðað þetta svo, var fyrst og fremst sú, að í kjarasamningi opinberra starfsmanna og kjaradómi er þetta orðalag notað margsinnis og að jafnaði um hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn. Í fjhn. Ed. var samt sem áður sú niðurstaðan að leggja til að breyta heitinu og kalla hann lífeyrissjóð hjúkrunarfólks. Ég tel það til bóta. Í samræmi við þetta var samþ. að tillögu fjhn. Ed. að breyta fyrirsögn laganna og 1. gr. Hins vegar lagði n. ekki til að breyta orðalagi í öðrum greinum frv., þar sem fyrir kemur bæði hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, heldur aðeins varðandi heiti sjóðsins. Ég vildi beina því til hv. fjhn. þessarar d. að taka það mál til athugunar, en þetta orðalag, hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, kemur enn fyrir í frv., í 17. gr., 18. gr., 20. gr. og 21. gr.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Um það var efnislega alger samstaða í hv. Ed. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 327, 328).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna var á sínum tíma lagt fyrir Ed. Í meðferð málsins í Ed. var gerð sú breyt. á, að heiti frv. var breytt. Í stað lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna var sett: lífeyrissjóður hjúkrunarfólks, og önnur breyt., sem af því leiddi, varð við 1. gr. frv. Í meðferð málsins í fjhn. þessarar hv. d. kom það til umr. samkv. ósk forustukvenna Hjúkrunarfélagsins, að þessu

yrði breytt aftur í sitt upprunalega horf, og færðu þær fram þau rök fyrir því, að lengst af hefðu hjúkrunarkonur verið þær einu í þessari stétt, en aðeins nú nýlega hefðu karlmenn komið þar til, gerzt hjúkrunarmenn, en þær töldu það nokkurs virði og ekki lítils virði að viðhalda heitinu hjúkrunarkona, þar sem því yrði við komið. N. féllst á þetta sjónarmið hjúkrunarkvennanna og taldi eftir atvikum rétt að breyta aftur heiti frv. í sitt upprunalega form, þannig að það yrði lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna. Þetta getur verið nokkurt aukaatriði, en greinilega var það mjög mikið áhugamál hjúkrunarkvennanna, að hinu upprunalega heiti yrði haldið, sem til hafi orðið eftir mjög gaumgæfilega athugun, áður en málið var lagt fyrir þingið við samningu frv., og taldi n. því rétt að verða við þessum mjög svo ákveðnu óskum og leggur því til, að frv. verði nú breytt í sitt upprunalega horf, þannig að heiti þess verði: frv. til l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna, og 1. gr. breytist samkv. því og þar komi orðin „hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna" í stað: hjúkrunarfólks, eins og frv. er nú, eins og það kom frá Ed.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta þykir kannske of lítið mál til að deila um, en ég vil alls ekki fallast á það, að konur séu ekki menn. Þetta er hrein málvilla, sem á að fara að láta okkur samþ. hér. Það er latmæli, tekið upp á síðustu áratugum, að kalla konur ekki menn. Samkv. gamalli íslenzkri málvenju og algerri hefð eru konur auðvitað menn. Þess vegna er ekki hægt að samþ. þessa vitleysu, réttast væri að vísa henni frá.

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki taka upp deilur um þetta. Það er hins vegar mjög algengt að segja t. d.: góðir Íslendingar, konur og menn, sem er mjög algengt í ræðuávarpi og ekki talið vera neitt brot á lögmálum íslenzkrar tungu. En með tilliti til þeirra athugasemda, sem hér hafa komið fram, þykir mér rétt, að málið verði ekki afgreitt núna, heldur verði því frestað.

Umr. frestað.

Á 56. og 57. fundi í Nd., 18. og 22. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 294, n. 327, 328, 351).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um lífeyrissjóð hjúkrunarfólks, en það heiti var þessu gefið í hv. Ed., þegar það var þar til meðferðar. Ég verð að segja það, að ég kann verr við þetta heiti á sjóðnum heldur en það, sem hann ber núna, sem er lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna. Þetta mál kom til meðferðar hjá hv. fjhn. í þessari deild. Ég var ekki á þingi, þegar það gerðist, og tók því ekki þátt í athugun nefndarinnar á þessu frv., en hún skilaði brtt. um það, að sjóður þessi skyldi heita lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna, en það er það heiti, sem frv. upphaflega bar. Nú finnst mér það dálítið skothent að setja í lög ákvæði um konur og menn, — konur og karlar hefði frekar getað staðizt, — en þar sem ég tel það miklu eðlilegra, að sjóðurinn haldi sínu gamla heiti og nefnist lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, hef ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 351, sem fela þetta í sér. Nú hefur að vísu verið á það bent, að dæmi séu þess, að karlar séu farnir að læra hjúkrunarstörf og stunda þau. Ég vil nú vænta þess, að það séu undantekningar, en til þess að þeir verði ekki alveg utan við sjóðinn, legg ég til í 7. brtt. minni, að inn í frv. komi ný gr., þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess skv. hjúkrunarlögum." Ég vil benda á það, að alveg hliðstætt ákvæði þessu er í frv. til hjúkrunarlaga, sem liggur fyrir. Í. 1.—6. gr. þess frv., eins og það nú er, er eingöngu talað um hjúkrunarkonur, en í 7. gr. frv. er ákvæði um það, að ákvæði frv. taki einnig til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til að kalla sig hjúkrunarmenn. Nú geri ég ráð fyrir, að þetta verði samþykkt í hjúkrunarlögunum, og þá tel ég rétt að hafa alveg hliðstætt ákvæði í lögunum um lífeyrissjóð, þannig að karlar geti komið undir þau, ef þeir fást við þessi störf. Mættu þá allir vel við una. Ég geri ráð fyrir, að hjúkrunarkonur vilji helzt halda hinu gamla nafni á sínum lífeyrissjóði.

Ég vil gera ráð fyrir, og það er ákveðin von mín og ósk, að hér eftir sem áður verði það nær eingöngu konur, sem taka að sér hjúkrunarstörf. Það er svo gott að fá aðhlynningu frá góðri konu, þegar maður er sjúkur. Ég mundi alls ekki fella mig við það, að í stað konu kæmi karlmaður til að stumra yfir mér og hjálpa mér, þegar ég er lasinn. Á þessu tvennu geri ég ákaflega mikinn mun, því er alls ekki saman jafnandi. Ég vil því vænta þess, að það verði svo sjaldgæft, að til undantekninga megi teljast, að karlmenn fari að starfa á þessu sviði, — kann að vísu að vera, að þeir gætu snúizt eitthvað fyrir veikar konur á kvennadeildum sjúkrahúsa með sæmilegum árangri, — en fyrst og fremst og ég vil segja nær eingöngu eiga hjúkrunarstörfin að vera unnin af konum hér eftir sem áður, og því vil ég láta kenna lífeyrissjóð þennan við konur eins og áður og nefna hann lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60., 61. og 62. fundi í Nd., 30. marz, 1. og 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vildi aðeins mega draga till. á þskj. 328 til baka eftir samkomulagi, sem gert hefur verið í fjhn. Fjhn. mun við 3. umr. flytja aðrar brtt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Brtt. minar á þskj. 351 tek ég aftur nú, þar sem samkomulag hefur orðið um, að fjhn. flytji þær óbreyttar við 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 328 og 351 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 294, 441).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. bar ég fram brtt. á þskj. 351, sem ég þá gerði grein fyrir. Eftir að þær till. minar birtust, kom í ljós, að fleiri vildu þá Lilju kveðið hafa.

Hv. meðnm. minir í fjhn. komu að máli við mig, sögðust vilja taka aftur þær brtt., sem þeir höfðu áður borið fram á þskj. 328, en óskuðu að gerast meðflm. að minum till. Mér þótti auðvitað gott að fá slikan stuðning við minar till., og því varð það að samkomulagi, að ég tæki minar till. aftur við 2. umr., en þær yrðu síðan bornar fram af öllum fjárhagsnefndarmönnum við 3. umr. Og síðan í samræmi við þetta samkomulag liggja nú minar gömlu till. fyrir, afturgengnar og endurprentaðar, á þskj. 441, fluttar af fjhn. óskiptri.

Eins og ég skýrði frá við 2. umr. málsins, er efni þessara brtt. það, að lífeyrissjóðurinn skuli halda sínu gamla nafni og heita lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og inn í frv. verði sett ákvæði um, að karlar, er fást við hjúkrunarstörf, skuli eiga aðild að sjóðnum.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vona, að brtt. á þskj. 441 verði vel tekið hér í deildinni, og einnig vænti ég þess, að hv. efrideildarmenn geti fallizt á að samþ. frv. svo breytt, þegar þangað kemur.

ATKVGR.
Brtt. 441 samþ. með 23:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 455).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, GilsG, GÍG, GTh, HB, JÁ, MJ, ÓB, ÓlJ, ÞK, AuA, BGuðm, SÓÓ.
nei: JÞ.
6 þm. (HermJ, KK, PÞ, AG, ÁB) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 477).

---

30. Hreppstjórar.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um hreppstjóra [51. mál] (stjfrv., A. 57).

Á 13. fundi í Ed., 10. nóv., frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ein elzta félagslega heildin í þjóðfélagi okkar Íslendinga er hreppurinn, og Grágás, sem er elzta lögbók Íslendinga, hefur nokkur ákvæði um skipan hreppanna og hlutverk þeirra, og með setningu tíundarlaganna 1096 var einnig aukið hlutverk hreppanna og þeim falin forusta í framfærslumálum sveitanna sérstaklega. Í okkar fornu löggjöf eru einnig mjög merk lagaákvæði í sambandi við hreppana, fyrir utan framfærsluskylduna, um tryggingamálin sérstaklega, sem talið er að hafi ekki þá átt sér neina hliðstæðu í samtímalöggjöf nágrannaríkja okkar.

Það er einkennandi, að sjálfstjórn hreppanna var mjög mikil eða segja má alger í hinu forna þjóðveldi innan tiltekinna marka, sem landslög settu, því að það var ekkert stjórnvald sett yfir þá fyrstu aldirnar, eftir að land byggðist, umfram allsherjarvaldið, sem var hjá Alþingi, eins og kunnugt er, en allsherjarframkvæmdavald nær ekkert. Hrepparnir, má segja, að hafi verið undirstaðan, hreppaskipting og meðferð hreppsmálefna undirstaða og upphaf sveitarstjórna hér á Íslandi.

Þegar Jónsbók var lögtekin 1281, voru flest ákvæði Grágásar svo og eldri lagasetningar um framfærslu og aðra starfsemi hreppanna tekin upp í hana, og fór svo um aldir, að ákvæði Jónsbókar um hlutverk hreppanna héldust óbreytt að heita mátti, allt til ársins 1781, en þá er sú breyting gerð, að með konungsbréfi var allt vald í ýmsum málefnum hreppanna, ýmsum tilteknum málum og þar á meðal í framfærslumálum einnig, fengið í hendur sýslunefndarmönnum, en hreppstjórar fara þá með vald í umboði þeirra.

Síðan má segja, að lítil breyt. hafi verið gerð á málefnum hreppanna þar til árið 1907, er ný sveitarstjórnarlög voru sett. Eins og ég sagði áðan, snerta hin fornu lög okkar um hreppana fyrst og fremst sveitarstjórnarmálin, en

það er vegna þess, að allsherjarvald ríkisins var þá lítið sem ekkert.

Hin almenna löggjöf um sveitarstjórnarmál á Íslandi hefur verið mjög dreifð þar til nýlega, að sett voru heildarlög um þau efni, og þau komu til framkvæmda 1. jan. 1962. En þau lög höfðu ekki nein bein ákvæði um störf hreppstjóranna, eins og eðlilegt er, þar sem þeir voru fyrst og fremst umboðsmenn framkvæmdavaldsins — allsherjarframkvæmdavaldsins.

Þetta hefur aðeins verið rifjað upp vegna þess, að hér er fjallað um einn þeirra tiltölulega fáu þátta í stjórnarfarsmálefnum okkar, sem á sér óslitna ævaforna erfðavenju. Og þó að sveitarstjórnarmálefnin séu nú á dögum að miklu leyti í höndum oddvitanna og hreppsnefndanna, þá eru störf hreppstjóranna enn afar þýðingarmikil fyrir dreifbýlið í landinu. Það má segja, að nú á dögum bresti að mestu lagaákvæði um hreppstjórana og störf þeirra. Helztu ákvæði eru í gamalli reglugerð frá 29. apríl 1880. Það er eins og vænta má, að reglugerðin er ekki lengur í sem beztu samræmi við starfsháttu nútímaþjóðfélags og ýmislegt, sem öðruvísi mætti vera og betur fara. Ég hef hins vegar álitið, að enn væru hættir þannig í byggðaskipun, að æskilegt væri að viðhalda áfram þeirri skipan, að hreppstjórar annist tiltekin og óhjákvæmileg störf í þágu framkvæmdavaldsins og í þágu almennings.

Það hefur því þótt nauðsynlegt að setja nýjar reglur um störf hreppstjóranna og aðhæfa þau sem bezt nútímaaðstæðum og reyna jafnframt að hagnýta störf þeirra sem bezt, en kunnugt er, að fjöldi góðra og hæfra manna skipa þessar stöður í dag og hafa löngum skipað þær. Það varð því að ráði að taka til meðferðar í dómsmrn. undirbúning að frv. til l. um hreppstjóra, sem hér liggur fyrir, og í það eru tekin helztu almennu atriðin, sem varða stöðu hreppstjóranna. Það er hins vegar gert ráð fyrir því, að þessari löggjöf fylgi síðar reglugerð, sem mundi kveða nánar á um einstök og sundurliðuð atriði starfa þeirra, sem væru þess eðlis, að betur eigi heima í reglugerð en löggjöfinni sjálfri.

Það má segja, að ástæðan fyrir því, að ég efndi til þessarar endurskoðunar, var nauðsynin á að lagfæra laun hreppstjóranna. En eftir að sú athugun hófst, fannst mér eðlilegra að hafa endurskoðunina nokkru víðtækari, og niðurstöður þess koma fram í því frv., sem hér liggur fyrir.

Ef við víkjum að nokkrum atriðum frv., sem telja má nýmæli og rétt er að gera grein fyrir nú, þá er það fyrst í 2. gr., að þar er sagt, að þegar starf hreppstjóra losnar, þá skuli sýslunefnd kjósa hlutbundinni kosningu, ef óskað er, 3 íbúa í hlutaðeigandi hreppi til hreppstjórastarfs, og skipar sýslumaður einn þeirra hreppstjóra. Það eru í raun og veru ekki nýmæli í þessu. Það er þannig nú, að sýslunefndirnar eiga að tilnefna 3 menn, en er sagt berum orðum hér, að það skuli kjósa þessa menn hlutbundinni kosningu, ef óskað er. Það má segja, að í raun og veru sé það meginregla, sem gildi í sambandi við þessi mál, ef leitt er frá margs konar hliðstæðum ákvæðum um sveitarstjórnarmál, og hygg ég, að það hafi verið framkvæmt í vissum tilfellum einnig svo. En ég taldi miklu eðlilegra, að bein ákvæði væru um það, ef þess væri óskað í sýslunefnd, að hlutfallskosning væri við höfð, og í samræmi við almennar reglur um sveitarstjórnarmál.

Í 3. gr. eru almenn ákvæði, sem hreppstjórar þurfa að uppfylla til stöðunnar, og er ekkert sérstakt eða nýtt um það að segja.

Í 4. gr. eru ákvæði um það, að heimilt skuli í reglugerð að setja ákvæði um aldurshámark fyrir hreppstjóra að fenginni umsögn sýslunefndar þar um. Það eru engin ákvæði um aldurshámark hreppstjóra nú, en hins vegar eru störf þeirra þess eðlis og svo þýðingarmikil, að það er kannske ástæða til þess að setja ákvæði um aldurshámark, t. d. lögreglustjórn, að svo miklu leyti sem hún er framkvæmd í umboði sýslumanns, og kynni kannske að vera ástæða til að gera það eitthvað í ríkari mæli, þá er það náttúrlega vafasamt, þegar menn eru komnir yfir hið almenna aldurstakmark, 70 ára aldur, að það verði ekki annmarkar á því að uppfylla þá skyldu, sem þeim kynni að verða á herðar lögð. Ég hef hins vegar ekki lagt til, að þetta verði beint ákveðið í frv. um aldurshámarkið, að hin almenna regla um aldurshámark embættismanna skuli um það gilda, heldur gert ráð fyrir því, að ráðh. hafi heimild til að ákveða þetta, en mundi þó áður fá umsögn þeirra, sem gerst til þekkja, sýslunefndanna og þar á meðal auðvitað sýslumannanna, um þetta mál. Ég veit ekki, hvað hv. n., sem fær þetta til meðferðar, kann um þetta að sýnast, og kemur sjálfsagt til álita að ákveða beinlínis aldurshámarkið. Það mundi ég láta í hendur n. að ákveða um, ef henni sýndist svo. Hef ég ekkert við það að athuga, að því verði breytt, en fannst að sumu leyti, að eðlilegt gæti verið að hafa þennan hátt á.

Í 6. gr. eru ákvæði um störf hreppstjóra, og hún er ekki ýtarleg, eins og hv. þm. sjá. Það er sagt, að þeir séu umboðsmenn sýslumanns hver í sínum hreppi, þeir fari með lögregluvald, annist innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf í umboði sýslumanns, svo og önnur störf, eins og þar stendur, sem nánar kann að vera kveðið á um í reglugerð.

Sem dæmi um störf hreppstjóra má nefna það, að þeir fara með lögregluvaldið að vissu leyti í umboði sýslumannsins, annast fógetagerðir, uppskriftir búa og halda uppboð. Hreppstjórar eru og úttektarmenn. Þeir standa fyrir utankjörfundarkosningu og eru oddvitar undirkjörstjórna. Jafnframt annast hreppstjórar fjölmörg önnur störf, sem varða héraðsmálefni almennt, svo að í reyndinni má segja, að þeir séu á margan annan hátt, sem hvorki er ákveðið í lögum né reglugerð, fyrirsvarsmenn í hreppi sínum, sem byggist þá á fornri hefð og venju. En eins og ég vék að áðan, hefði ég talið eðlilegra, að öll nánari ákvæði um

störfin, framar því, sem tiltekið er í þessari grein, yrðu síðar, að frv. samþykktu, ef að lögum verður, sett í reglugerð.

Þá vil ég koma að ákvæðinu um laun hreppstjóra í 7. gr. Það er vikið að því í athugasemd við gr., hver laun hreppstjóra hafi verið fyrir fardagaárið 1963—64. Það eru 5778 kr. fyrir hreppstjórastarf í hreppi með 100 íbúa eða færri, en síðan hækkuðu þau um 693 kr. fyrir hverja byrjaða 50 íbúa. Þar segir einnig, að fram á síðustu ár hafi launin hækkað í samræmi við almennar launabreytingar ríkisstarfsmanna, en eftir að launaákvæði kjaradóms komu til framkvæmda, hafa launin verið hækkuð um 15% aðeins, og var það gert til bráðabirgða.

Bæði vegna launahækkana opinberra starfsmanna á árinu 1963 og einnig vegna þess, að talið hefur verið, að í launum hafi hreppstjórar dregizt nokkuð aftur úr, þá er nú lagt til að hækka launin í 7500 kr. í minnstu hreppunum, innan við 100 íbúa, og hækkunin vegna hverra 50 íbúa verði 900 kr. í stað 693 kr. áður. Þetta er innan við 50% hækkun á launum hreppstjóranna frá því, sem áður hefur verið.

Í minnstu hreppunum, sem eru innan við 100 íbúa, mundu launin þannig verða, eins og ég sagði, 7500 kr., árslaunin, í hreppum með 100—150 íbúa 8400 kr. og síðan hækka um 900 kr. við hverja 50 íbúa, þannig að þegar hrepparnir eru t. d. komnir upp í 800 íbúa, eins og t. d. Vopnafjörður og Ölfushreppur, þá eru launin orðin 20 000 kr. með þessu ákvæði og hækka upp í 22 þús., en voru 15 480 kr., þegar þau síðast voru greidd. Ef hreppur er kominn upp í allt að 1500, segjum eins og Njarðvíkurhreppur t. d., þá yrðu launin 31 800 kr. Og stærsti hreppurinn, sem er Selfosshreppur, sem er með allt að 2000 íbúa, þá mundu launin verða 41 700 kr. og geta komizt upp í 46000 kr., en í þeim hreppi gátu launin hæst komizt upp í 34 500 kr. En þetta er yfirleitt rétt innan við 50% launahækkun frá því, sem verið hefur.

Ef litið er á þetta í sambandi við aðra flokka, þá vil ég geta þess, að 1947 eru hreppstjórar í hreppi með innan við 100 íbúa eða færri með í árslaun 500 kr. Þá voru lögreglumenn með 500 kr. á mánuði og gátu farið upp í 700 kr. á mánuði á 6 árum, en árslaun hreppstjóranna 500 kr. Nú 1964 eftir kjaradóminn eru lögreglumenn með mánaðarlaun 7430 kr. og geta farið upp í 9040 kr. á 15 árum. Ef hreppstjórar hækka til jafns við lögreglumennina, er þetta nokkurn veginn það sama. Hér er lagt til 7500 kr. í minnstu hreppunum, en eins og ég sagði, þá eru lögreglumennirnir með 7430 kr. á mánuði og upp í 9040 kr. og hlutfallið yrði þá svipað og það var 1947. Það er eilítið hærra, hækkunin, en hjá Dagsbrúnarmönnum. Nú skal ég ekki segja, hvort endilega á að bera saman við Dagsbrúnarmenn og lögreglumenn, enda er það lítið eitt hærra, og ég hef alltaf haft virðingu fyrir hreppstjórunum og stöðu þeirra og hef þess vegna lagt til, að þetta væri ívið hærra, eða 7500 kr.

Það kemur til álita, hvaða áhrif þetta hefur á fjárgreiðslur ríkisins. Þá sjáum við, að litlu hrepparnir eru langflestir. Hreppar, sem eru innan við 100 íbúa, eru 40. 36 hreppar eru innan við 150 íbúa, þ. e. a. s. á bilinu frá 100—150. Á bilinu frá 150—200 eru líka 36 hreppar og 24 á bilinu frá 200—250 íbúa, 14 á bilinu frá 250—300 og 15 á bilinu 300—350 íbúa. Svo fer þeim að fækka hreppunum, og það eru 7 hreppar á bilinu frá 400—450 og 7 á bilinu 450—500. Síðan eru 12 hreppar á bilinu frá 500 upp í 1000 íbúa. Á bilinu 1250—1500 eru aðeins 2 hreppar, 1 hreppur á bilinu 1500—1750 íbúa og aðeins einn hreppur yfir 1750 íbúa eða á bilinu 1750—2000, það er Selfosshreppur, sem ég nefndi áðan, og Seltjarnarneshreppur er annar stærsti hreppurinn. Þetta mundi í heild hafa þau áhrif, að laun hreppstjóranna mundu verða, ef þetta yrði samþykkt, 2 409 500 kr., en eru í fjárlagaáætluninni fyrir 1965 2 070 000 kr. og þyrfti því heildarupphæðin að hækka um 339 500 kr. eða tæpar 340 000 kr. Eins og nú standa sakir, eru hreppstjórarnir alls 214 í landinu, og áhrifin verða þá í heild þessi, sem ég hef nú greint.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en vildi mega vona, að með því mundi komast á nokkru betri skipan um málefni hreppstjóranna og þá launagreiðslur til þeirra sér í lagi.

Að svo mæltu vildi ég mega leggja til, að málinu yrði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tel það vel farið, að nú skuli eiga að stofna til nýrrar lagasetningar um hreppstjóra, heildarlöggjafar. En það er eins og hæstv. dómsmrh. drap á hér áðan, að löggjöf um þessa sýslunarmenn er og hefur verið um langt skeið mjög í molum og ófullkomin, þar sem helztu lagaákvæði, sem þá varða, er að finna í l. frá 1938, um laun hreppstjóra, og aðalákvæðin þó í eldgamalli reglugerð, frá 1880, sem í mörgum greinum og flestum greinum er orðin gersamlega úrelt.

En það er hins vegar svo, eins og hæstv. dómsmrh. vék að og gerði grein fyrir í sinni framsöguræðu, að hreppstjórasýslanin er eitt hið elzta opinbera starf hér á landi, þar sem segja má, að það eigi rætur sínar að rekja til starfs hreppstjórnarmanna Jónsbókar. Þó að þeim væri þá í upphafi að vísu ætlað aðeins að fara með sveitarstjórnastörf, þá festist hins vegar fljótt sú venja, að hreppstjórnarmenn, sem nafnið hreppstjóri festist við, færu með ýmiss konar störf í umboði valdsmanns, þ. e. sýslumanns, og hann færi smám saman að hafa skipti af störfum hreppstjóranna og það færi svo að lokum, að þessi venja var staðfest með konungsúrskurði, eins og greint var frá, þar sem hreppstjórum var boðið að fara eftir sýslumannsboði. En á öllu tímabilinu til 1808 fóru þó hreppstjórar með hvort tveggja í senn, sveitarstjórnastörf og umboðsstjórnarstörf. 1808 verður sú breyting á, að sjálfstjórn

sveitarfélaga er felld úr gildi með konungsúrskurði, og eftir það og allt fram til 1872 fóru hreppstjórar reyndar líka með störf, sem í eðli sínu voru sveitarstjórnarstörf og umboðsstjórnarstörf, en fóru þá með þau að öllu leyti í umboði ríkisins eða konungsstjórnar. En 1872 varð hins vegar meginbreyting á í þessum efnum, þar sem gerð voru alger skil á milli sveitarstjórnar og umboðsstjórnar. Sveitarfélögin fengu aftur sinn forna sjálfstjórnarrétt, og settar voru á fót sérstakar hreppsnefndir, en hreppstjórar urðu sýslunarmenn ríkisins og fara eftir það með framkvæmdarvaldsstörf á vegum ríkisins. Skömmu eftir það, eða 1880, var gefin út þessi reglugerð um hreppstjóra, sem enn er að formi til í gildi, og þar var einmitt gert ráð fyrir því og er gert ráð fyrir því, að hreppstjórar séu umboðsmenn sýslumanns, bæði gagnvart hreppsnefndum og almenningi.

Þegar litið er á þessa sögu og annars vegar á það, hve löggjöfin um þessa sýslumenn hefur verið mjög í molum, eins og ég áðan drap á, þá er tímabært að mínum dómi og ekki vonum fyrr, að efnt sé til heildarlöggjafar um þessa starfsmenn ríkisins, og því fagna ég út af fyrir sig. Hins vegar verð ég um leið að segja það, að ég hefði kosið, að þessi lagaákvæði um hreppstjórana, fyrst það er á annað borð verið að endurskoða réttarákvæðin um þá og gefa út nýj heildarlög um þá, hefðu verið nokkru viðameiri og fyllri. Ég hefði kosið, að í slíkum lagabálki, sem á að vera heildarlöggjöf um hreppstjóra, hefði verið vikið nokkru nánar að og gerð nokkru fyllri grein fyrir verkefnum og þó allra helzt valdsviði hreppstjóra. En ákvæði frv. eru vægast sagt fátækleg um það efni, þar sem það er í raun og veru lagt alveg á vald ráðherra að ákveða það með reglugerð, því að sú upptalning, sem fyrirfinnst í 6. gr., segir raunar afar lítið. Þar segir aðeins þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald og annast innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf í umboði sýslumanna, svo og þau önnur störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum eða reglugerðum.“

Síðan er svo viðbót við þetta í 10. gr., þar sem segir, að dómsmrh. setji í reglugerð frekari ákvæði um störf hreppstjóra og kjör.

Mér er náttúrlega ljóst, að það er ógerningur að telja upp í lögum verkefni hreppstjóra, svo að tæmandi sé. Það er auðvitað algerlega ógerlegt, og ætlast enginn til þess. En ég held þó, að það hefði verið hægt að drepa á meginverkefni þeirra, eins og reyndar gert var á sinni tíð í hreppstjórareglugerðinni frá 1880, t. d. skipti þeirra af lögreglumálum, skipti þeirra af uppljóstrun brota, innheimtustörf o. fl., o. fl., auðvitað breytt eftir þeirri þróun, sem síðar hefur átt sér stað, og í samræmi við aðstæður nú á tímum. En þarna er aðeins sagt, að þeir fari með lögregluvald, og er það raunar ekki neitt frekar markað. Ég vil þó benda á, að t. d. í lögum um meðferð opinberra mála eru talsvert fyllri ákvæði um þá löggæzlumenn, sem lögreglumenn nefnast. Í annan stað er sagt, að þeir annist fógetagerðir og önnur störf í umboði sýslumanns. Ég geri ráð fyrir, að þar sé haft í huga, að það sé samt ákveðið í öðrum lögum, hvenær þeir geti framkvæmt fógetagerðir í umboði sýslumanns, og sama máli gegni um önnur störf þeirra, sem þeir færu með í umboði sýslumanns, eins og uppskriftagerðir og önnur störf í sambandi við skipti. Og þannig mætti fleira nefna. En sérstaklega hefði ég kosið, að það hefði verið reynt að marka valdssvið hreppstjóranna nokkuð gagnvart sýslumönnum. Þarna er sagt, að þeir séu umboðsmenn sýslumanns hver í sínum hreppi. Í því geri ég ráð fyrir að eigi að felast, að hreppstjórar taki við skipunum af hálfu sýslumanns og eigi að lúta boði hans. En það hefði að mínum dómi verið æskilegt, að það hefði verið reynt að útfæra þetta nokkru nánar.

Mér sýnist, að í raun og veru sé ekki um aðra meginbreytingu að tefla í þessu frv. en breyt. á launakjörum hreppstjóra. Ég held, að til hennar sé full ástæða, og geri ekki ráð fyrir, að það telji neinn eftir þá hækkun, sem þeim er ætluð. Hitt gæti frekar að mínum dómi komið til álita, hvort eftir þessu frv. er nægilega vel gert við hreppstjóra. Satt að segja var þetta ekki mjög há upphæð, sem hæstv. ráðh. nefndi, sem hreppstjóralaunin hækkuðu í heild, þannig að mér finnst það hljóti að koma til álita, hvort það er, jafnvel eftir þá endurbót, sem í þessu frv. felst, nægilega vel gert við þessa sýslunarmenn, því að ég tek alveg undir það með hæstv. ráðh., að það á m. a. af sögulegum ástæðum að halda uppi virðingu og veg þessara sýslunarmanna.

En með hliðsjón af þessu, að í þessu frv. er fyrst og fremst og eiginlega nær eingöngu um að tefla endurbætur á og endurskoðun á l. um laun hreppstjóra frá 1938, en ákaflega takmarkað tekið inn af þeim ákvæðum, sem eru í hinni gömlu hreppstjórareglugerð, eða hliðstæður þeirra ákvæða, þá hefði þetta frv. allt eins mátt heita frv. til l. um laun hreppstjóra o. fl., eins og l. frá 1938. En sem sagt, launabreytingarinnar tel ég þörf og tel þess vegna, eins og ég þegar hef sagt, að það hafi verið ástæða til endurskoðunarinnar, og tel það vel farið, að það skuli stofnað til þessarar lagasetningar, þó að frv. sé nokkuð öðruvísi úr garði gert en ég hefði kosið. Það má náttúrlega segja, að það megi lagfæra það og koma breyt. á því að í sambandi við meðferð n. En sannleikurinn er sá, að það er dálítið erfitt að koma við veigamiklum breyt. á svona lagabálkum í sambandi við nefndarmeðferð.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins víkja að nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., hvort nógu vel sé gert við hreppstjórana í launamálunum. Það má náttúrlega lengi um það

deila. Ég vildi aðeins í því sambandi vekja athygli á, að hækkunin, sem ég taldi að í heild mundi koma á launagreiðslurnar, er til viðbótar 15% hækkun, sem þegar er komin á laun hreppstjóranna, eftir að kjaradómur ákvað laun opinberra starfsmanna á miðju árinu 1963, þannig að frá því, sem áður var, áður en hann gekk í gildi, þá, eins og ég sagði, er hækkunin tæp 50%. Það hefur verið talið, að að meðaltali hafi laun opinberra starfsmanna kannske hækkað um milli 40 og 45%, ef ég man rétt. Þá var tilhneiging hjá mér að hafa hækkunina heldur meiri en minni en meðaltalið, eins og fram kom í fyrri ræðu minni.

Mér fannst hv. þm. vilja gera heldur lítið úr þessu frv. í lok ræðu sinnar, að eiginlega ætti þetta að heita frv. um laun hreppstjóra, og skil ég ekki þá tilhneigingu, því að ég var áður mjög ánægður yfir þeim athugasemdum, sem fram komu um, að það mætti gera frv. fyllra og löggjöfina meiri.

Það var engin tilhneiging hjá mér til þess að miklast yfir þessu frv. Ég er allshugar feginn því, að fram koma ábendingar um, að það mætti gera það ýtarlegra. Og það, að það er ekki ýtarlegra í sambandi við störf hreppstjóra, er hreinlega vegna þess, að mig skortir sjálfan persónulega þekkingu og reynslu í þessu efni, því að lagaþekkingin ein, þó að ég sé ekki að tala um, að henni sé fyrir að fara hjá mér, hún er ekki nægjanleg í þessu sambandi, heldur einmitt sú reynsla, sem menn hafa fengið af hreppstjórnarstörfunum. Ég gerði að vísu ráðstafanir til þess, að sérstakt samband var haft við tvo sýslumenn, þá Björn Fr. Björnsson sýslumann Rangæinga og Ásgeir Pétursson sýslumann í Borgarnesi, og mínir fulltrúar, sem að þessu unnu, höfðu leiðbeiningar og stuðning frá þeim, þó minni en til var ætlazt af sérstökum og óviðráðanlegum ástæðum. En það vill svo vel til, að hér í d. munu vera tveir hreppstjórar, og sú n., sem málið fengi til meðferðar, gæti auðvitað haft stuðning af viðræðum við þá og einnig hv. 3. þm. Norðurl. v., sem er lagaprófessor, ef hann á þá ekki sæti í allshn., sem mér er ekki kunnugt um.

Ég mundi því líta á það með mikilli ánægju, að frv. gæti orðið meira að vöxtum og nánar tiltekið um störf hreppstjóranna í meðferð þingsins. Og auðvitað er þetta ekki aðeins breyt. á launum hreppstjóranna. Það er beint ákvæði í 2. gr. um hlutfallskosningar, sem ég taldi að vísu, að mundi verða lítið á að giltu. Það er verulegt ákvæði, sem d. verður að taka afstöðu til, um hámarksaldur hreppstjóranna. Ef ekki verður breytt um frá því, sem hér er, er á valdi ráðh. að ákveða það í reglugerð síðar. Hvort menn vilja taka það beinlínis upp, það kemur til athugunar undir meðferð málsins. Og í þriðja lagi er svo færð saman löggjöf, sem er á víð og dreif um hreppstjórana og er til stuðnings og getur einmitt lagt grundvöllinn að því, að auðveldara sé að fylla í eyður þessa frv. allt það, sem betur mætti fara. Ég endurtek það, að mér þætti ekki nema vænt um, að það gæti orðið ýtarlegra en hér er, og vænti þess í alla staði, að gott samkomulag geti orðið um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 338).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt. Frv. að efni til miðar að því að setja heildarákvæði um störf hreppstjóra, sem ekki hafa áður verið í l., heldur dreifð ákvæði annars vegar um laun hreppstjóra og hins vegar gamalt reglugerðarákvæði um störf hreppstjóra. Það þykir eðlilegt, að þetta verði sameinað í ein lög, þar sem saman eru dregin öll þau meginatriði, sem máli skipta varðandi hlutverk og störf hreppstjóra og jafnframt laun þeirra, og er í lögunum gert ráð fyrir töluverðri launahækkun til hreppstjóra, enda miðað við þau störf, sem þeir víða hafa, þá eru launin orðin í fullu ósamræmi við þau verkefni, sem þeir þurfa að sinna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. að öðru leyti efnislega. Hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir því, þegar það var lagt fyrir.

En ég vildi leyfa mér, herra forseti, að mæla um leið fyrir næsta frv. á dagskrá, sem er um skipti á dánarbúum og félagsbúum, þar sem það er í framhaldi af þessu frv. um hreppstjóra, því að það atriði hefur áður verið í l. um laun hreppstjóra og aukatekjur, sem eru felld úr gildi með frv. um hreppstjóra, og er því þetta frv. efnislega um það eitt, að ákvæði um þóknun til hreppstjóra fyrir skipti á dánarbúum og félagsbúum verði tekin inn í þá löggjöf. Það er hin eina efnisbreyting í því sambandi, þar sem hin lögin eru úr gildi felld. Og n. mælir jafnframt með því, að það frv. verði samþ. óbreytt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. um hreppstjóra með fyrirvara og vildi aðeins gera grein fyrir því, af hvaða ástæðum það er. Raunar kom það nokkuð fram við 1. umr. þessa máls, og ég gæti alveg eins skírskotað til þess. En í þessu frv. er fyrst og fremst um að ræða launabætur til hreppstjóra. Ég álít þær nauðsynlegar. Hins vegar hefði ég talið æskilegra, að í frv. væru fleiri efnisreglur um hreppstjóra en þar er að finna, úr því að verið er að endurskoða löggjöfina um þá. Það er minn fyrirvari. Það eru hins vegar ekki tök á því eða aðstaða til að koma þeim breytingum inn í meðförum þingsins eða a. m. k. ekki nema með því að tefja eitthvað fyrir málinu, en það vil ég ekki gera, og þess vegna hef ég mælt með frv., eins og

það nú liggur fyrir, en þó með fyrirvara þessum, sem ég hef minnzt á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. til l. um hreppstjóra, hefur skort í gildandi löggjöf heildarákvæði um störf þeirra, og þótti ástæða til að taka það til endurskoðunar og flytja frv. það, sem hér liggur fyrir, til laga um hreppstjóra. Og það má segja, að verulegt efnisatriði í sambandi við frv. séu ný ákvæði um laun hreppstjóra, en launagreiðslur til þeirra höfðu dregizt nokkuð aftur úr, og þau ákvæði, sem í þessu frv. felast, eru miðuð við það að hækka laun hreppstjóranna til samræmis við þær launahækkanir, sem orðið hafa hjá sambærilegum eða svipuðum embættismannaflokkum.

Það eru svo smáatriði í sambandi við þetta mál, nýmæli, eins og um heimild til þess að setja ákvæði um aldurshámark hreppstjóra, það sama og annarra opinberra starfsmanna, sem ekki hefur verið fyrir hendi, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að áður en það verði gert, verði haft samráð við sýslunefndir, ef til þess kemur að gefa út reglugerð um þetta atriði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið frekar, en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 431).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um hreppstjóra er komið frá hv. Ed. og er flutt af dómsmrh. af hálfu ríkisstj. Í Ed. voru engar breytingar gerðar á frv. og yfirleitt samstaða um málið og það þar samþ. Allshn. hv. d. hefur síðan haft frv. til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Hæstv. dómsmrh. gerði ýtarlega grein fyrir frv., þegar hann flutti það og eins við 1. umr. í þessari hv. d., og kom þar fram eins og vitað var, að mjög hefur skort á heildarákvæði um þau störf, sem hér um ræðir. Aðalákvæði um hreppstjóra er að finna í reglugerð frá 1880. Sú reglugerð, svo gömul sem hún er, er á ýmsum sviðum orðin úrelt og henni ekki fylgt nema að litlu leyti. Það hefur verið löngu ljóst, að þörfin hefur verið brýn að fá settar ákveðnari reglur um þetta starf, sem er mjög mikilvægt, eins og við flestir eða allir vitum. Það hvílir á fornum stofni, og hreppstjórar hafa löngum haft mikilvægu hlutverki að gegna og margir þeirra haft forustuhlutverk hver í sínum hreppi. Með frv. eru heildarákvæði sett, að vísu ekki mjög ýtarleg, um sumt, en í frv. er gert ráð fyrir því, að samin verði ýtarleg reglugerð, sérstaklega um störf þessara manna. Um skipun hreppstjóra er ekkert nýtt nema það, að þegar sýslunefndir kveðja til hreppstjóra, 3 að tölu, má, ef óskað er, beita hlutfallskosningu. Þetta ákvæði er nýtt, en að öðru leyti er formið á skipun hreppstjóra hið sama.

Í 6. gr. frv. er svo talið upp nokkuð af þeim störfum, sem hreppstjórar eiga að hafa á hendi, og þessi störf eru æði tilbrigðarík. Þeir fara með lögregluvald, þeir annast jafnvel fógetagerðir, uppskriftir dánarbúa, þeir halda uppboð, þeir annast innheimtur ýmiss konar og margt fleira. Og yfirleitt er það svo í reynd, að hreppstjórar láta sig varða ekki aðeins málefni sveitar sinnar á flestum sviðum, heldur og héraðsmálefni. Það er reynslan. En eins og ég drap á, er í frv. ekki tæmandi upptalning á öðrum störfum, sem hreppstjórar fara með, og gert ráð fyrir því, að nánar verði útfært þeirra starfssvið í reglugerð.

Þá hafa hreppstjórar fengið nokkur laun fyrir starfa sinn, sem að vísu hafa ekki verið há og jafnvel ekki fylgzt með hækkun launa annarra samsvarandi stétta. En nú verður sú breyting t. d. á gerð, eftir því sem í frv. segir, að lægstu laun hreppstjóra, þ. e. a. s. hreppstjóra, sem eru í hreppi með 100 íbúa eða færri, munu hækka um 1700—1800 kr. á ári, og stighækka laun eftir fólksfjölda í hreppi. Í grg. segir, að hækkun þessi miðist að nokkru leyti við hækkun á launum lögreglumanna, eins og þau eru í dag. Þá gerir frv. ráð fyrir því, að fjmrh. hafi heimild til þess að breyta launum hreppstjóra, er breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins almennt. Auk fastra launa hafa svo hreppstjórar þóknun fyrir einstök störf sín, og eru ákvæði um slíka þóknun í lögum og reglugerðum eftir því, hvert starfið er, sem þeir inna hverju sinni af höndum.

Þetta er það helzta, sem frv. fjallar um, og í raun og veru sýnist okkur í allshn., að það sé nægilega greinilegt um störf og starfssvið hreppstjóra, þannig að þegar ýtarleg reglugerð komi til, verði þetta í mjög sæmilegu lagi,

eins og vera ber, og lengi hefur verið þörf á að færa í viðunandi og gott horf.

Með frv., ef að lögum verður, falla úr gildi l. um laun hreppstjóra og aukatekjur, og fyrir þá sök verða breytingar á l. um dánarbúaskipti frá 1878 til samræmis við þetta frv. um hreppstjóra. Er það frv. nú á dagskrá hér næst á eftir hreppstjórafrv. Mér þykir ekki ástæða til þess að hafa sérstaka framsögu um það mál, þegar það kemur fyrir, en leyfi mér að minnast aðeins á það hér. Það er aðeins nauðsynleg breyting og varðar launakjör hreppstjóra í sambandi við uppskriftar- og virðingargerðir á dánarbúum, en leiðir að öðru leyti af sjálfu sér og af þessu frv., sem ég hef hér mælt fyrir.

Eins og ég gat um í upphafi, hefur allshn. einróma samþ. að mæla með því, að þetta frv. til l. um hreppstjóra og enn fremur frv. til l. um breyt. á skiptal. í sambandi við þóknun hreppstjóra við uppskriftar- og virðingargerðir verði samþykkt. Síðan óska ég eftir því, að að lokinni þessari umr. verði þessi mál bæði samþ. til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 487).

---

31. Skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. [53. mál] (stjfrv., A. 59).

Á 13. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er einnig fylgifrv. með frv. um hreppstjórana og leiðir af því, og læt ég nægja að vísa til grg., sem fylgir frv., um þetta tiltekna atriði, sem hér er gert ráð fyrir að hafa aðra skipun á, ef frv. um hreppstjórana verður að lögum.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh. um það, hvað líður endurskoðun skiptalaganna samkv. þál., sem var samþ. á Alþingi 20. marz 1963. En þessi þál. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á l. nr. 3 frá 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og l. nr. 25 frá 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti."

Þar sem þetta frv. er hér til umr., sem tilheyrir nefndri löggjöf, vildi ég heyra frá hæstv. ráðh., hvað langt er komið endurskoðun nefndra laga.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get því miður ekki gefið svör við þessari spurningu að svo stöddu. Ég skal gera ráðstafanir til þess að upplýsa d. nánar um það, hvað líður þessari endurskoðun, sem spurt er eftir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 339).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. ber að skoðast í tengslum við það frv., sem ég gerði grein fyrir áðan, um hreppstjórana, en það þótti nauðsynlegt að taka upp þá breytingu, sem hér er lagt til, á 16. gr. l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum, og miðar að því, að tekið er þar upp ákvæði um greiðslur til hreppstjóra, þegar þeir fyrir hönd sýslumanns standa fyrir uppskrift eigna eða virðingargerðum, og er á því byggt, að þessar greiðslur verði hálfu hærri en laun votta við gerðirnar, eins og fram kemur í grg.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 442).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 488).

---

32. Tollskrá o. fl. (lækkun tolla á vélum til atvinnuveganna).

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. [173. mál] (stjfrv., A. 417).

Á 63. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar að meginefni til um lækkun tolla á ýmsum vélum og tækjum atvinnuveganna. Með setningu tollskrárl. á árinu 1963 var ákveðin veruleg lækkun á tollum á landbúnaðarvélum og sömuleiðis lækkaðir tollar á ýmsum vélum og tækjum til fiskveiða. Hins vegar var að svo stöddu ekki talið fært að lækka tolla á vélum frá því, sem verið hafði, en á þeim var yfirleitt 35% tollur, og er svo ákveðið í tollskránni frá 1963. Þessi mál þurftu nánari athugunar, og með bréfi 16. des. 1963 fól ég tollskrárnefnd að kanna möguleika á lækkun tolla af vélum og tækjum almennt. Í því bréfi voru sérstaklega rakin viss atriði, sem þyrftu sérstakrar athugunar við: Í fyrsta lagi, að hve miklu leyti væri framkvæmanlegt að ákveða tolla af vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða lægri en á vélum og tækjum til annarra nota. Og í öðru lagi, hve mikið það mundi kosta ríkissjóð, ef lækkaðir væru tollar á vinnuvélum og öðrum tækjum þess iðnaðar, sem framleiðir vörur og veitir þjónustu fyrir innlendan markað. Enn fremur átti n. að athuga, hvaða aðrar breytingar kynni að þurfa að gera á tollskránni, ef tollar á vélum og tækjum yrðu lækkaðir, og jafnframt fjárhagslegar afleiðingar af öllum þessum fyrirhuguðu breytingum. Þá var lögð á það sérstök áherzla, að í þessu sambandi, lækkun vélatolla, þyrfti að athuga áhrif lækkunar þeirra á samkeppnisaðstöðu innlendra vélaframleiðenda eða hins íslenzka iðnaðar.

Tollskrárnefnd hefur fyrir nokkru skilað till. sínum um þetta efni, og frv., sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum í samræmi við þær till. Meginatriðin eru þessi:

1) Að lækka tolla á almennum iðnaðarvélum úr 35% í 25%.

2) Að lækka tolla á vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða almennt úr 35% niður í 10%.

3) Að séu slíkar vélar jafnframt framleiddar hér innanlands, skuli tollur af þeim innfluttu vélum, sem eru hliðstæðar, vera 15%, en ekki 10%.

4) Gert er ráð fyrir að lækka tolla á síldardælum, sem nú eru mjög að ryðja sér til rúms, niður í 4%, og er það í samræmi við toll á kraftblökkum.

Það eru nú samkv. tollskránni einstakar iðnaðarvélar, sem bera 50% toll, og þær eru lækkaðar niður í 35%. Nú er það svo, að ýmsar af þeim vélum og ýmis af þeim tækjum, sem þessi tollalækkun nær til, eru framleiddar hér í landinu, og því hefur verið ákveðið að endurgreiða tolla af efni í slíkar vélar, sem framleiddar eru innanlands, að svo miklu leyti sem tollar af efni í vélarnar eru hærri en tollar af vélunum sjálfum. Nú er heimild í 3. gr. tollskrárinnar, 12. tölulið, til að lækka gjöld af efni í innlendar framleiðsluvörur, þegar efnivaran er með hærra gjaldi en hin fullunna, innflutta vara. Þetta ákvæði er rýmkað með upphafi 2. gr. í þessu frv., þannig að í stað heimildarinnar til að lækka gjöld af efni í þessar innlendu framleiðsluvörur sé heimilt að lækka eða endurgreiða sem sagt að fullu. En varðandi innlendu framleiðsluna er það að segja, að auk slíkrar lækkunar eða endurgreiðslu á efni í vélarnar hefur verið ákveðið að fella niður söluskatt af framleiðslu vélanna til þess að auðvelda hinum innlendu framleiðendum að standast samkeppni við innfluttar vélar. Þetta þykir nauðsynlegt vegna þess, að hér er um svo verulega lækkun tolla á þessum vélum fyrir útflutningsatvinnuvegina að ræða, eða úr 35% niður í 15%, að sjálfsagt þykir og nauðsynlegt að veita hinum innlenda iðnaði þann stuðning, sem felst í því að fella niður söluskattinn af hinum innlendu vélum.

Auk þeirra lækkana, sem ég hef rakið, á vélatollum eru í frv. nokkur ákvæði tæknilegs eðlis og staðfestingar á eldri úrskurðum, sem telja verður, að muni standa til frambúðar, og þykir rétt að taka slíkt inn í tollskrárlögin nú með viðeigandi tollaprósentum. Sum þessara atriða standa í sambandi við millilríkjasamninga, eins og að er vikið í grg. frv.

Sú nýjung mun vera nú að ryðja sér til rúms varðandi mjólkurgeymslu og mjólkurflutninga að nota stóra geyma til þess að geyma í mjólk

heima á sveitabæjum og mjólkin síðan tekin úr þessum geymum beint á stóra tankbíla og flutt þannig til mjólkurbúanna. Þá má gera ráð fyrir því, að þessir geymar, sem eru úr ryðfríu stáli, komi á næstunni að verulegu leyti í stað mjólkurbrúsa, og er lagt til, að tollar á slíkum geymum séu lækkaðir úr 50%, eins og er í gildandi tollskrá, niður í 25%.

Í gildandi tollskrá er heimild til þess að fella niður eða lækka gjöld af bifreiðum fyrir öryrkja eða fyrir lamað og fatlað fólk, allt að 150 á ári. Það er sérstök nefnd lækna, sem ákveður það, hverjir njóta þessara hlunninda á hverjum tíma, en þessi læknanefnd hefur eindregið farið fram á það, að þessi tala, 150, verði hækkuð upp í 250 á ári og enn fremur ætlaðar 50 bifreiðar til endurveitinga á áður veittum undanþágum. Þessar till. læknanefndarinnar eru teknar upp í þetta frv.

Þá er lagt til, að tekin sé upp heimild til þess að endurgreiða gjöld af rúmum, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum. Rúm þessi bera nú 90% toll, ef þau eru ekki með sérstökum mekanískum útbúnaði fyrir sjúkrahús, en með þessum breytingum er gert ráð fyrir, að endanlegur tollur verði 35%, þegar endurgreiðsluheimildin er notuð.

Loks er nýmæli, sem stendur í sambandi við það frv. um nafnskírteini, sem liggur fyrir, og er það í 3. gr. frv., að ef ákveðið verður í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, sé fjmrn. heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu. Þetta nýmæli er sett inn eftir till. hagstofustjóra og stendur í sambandi við það frv., sem ég gat um. En hugmyndin er sú, að komið yrði á fót við hagstofuna sérstakri fyrirtækjaskrá, sem yrði, að því er fyrirtæki snertir, hliðstæð þjóðskránni, að því er varðar skráningu einstaklinga.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langt mál í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er aðeins eitt atriði þess og raunar e. t. v. það veigamesta, sem ég ætlaði að fara hér um nokkrum orðum. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um það, þó að tollar á rúsínum og eplum og slíku séu færðir til samræmis við það, sem þegar hefur verið ákveðið í rn. í sambandi við millirikjasamninga eða því um líkt, heldur ætla ég að fara örfáum orðum um þær breytingar, sem hér eiga sér stað í sambandi við tolla á vélum og tækjum.

Við höfum haft þann hátt á hér á Íslandi að leggja háa tolla á vélar, sem við notum til framleiðslunnar, bæði þeirrar, sem við seljum á erlenda markaði, og einnig þeirrar, sem við seljum innanlands. Það liggur í hlutarins eðli, að með þessum hætti er samkeppnisaðstaða þeirra framleiðenda, sem selja vörur sínar í samkeppni við erlenda framleiðslu, mjög rýrð, auk þess sem tollar af vélum og tækjum hníga í þá átt að gera vélvæðingu og bætt vinnubrögð erfiðari en ella. Á þetta hefur oft verið bent í umr. um þessi mál, og hæstv. fjmrh. hefur á undanförnum árum hvað eftir annað lýst sig samþykkan þeim sjónarmiðum í grundvallaratriðum og tilkynnt, að það væru í undirbúningi tollskrárbreytingar í þessa átt. Og samkv. því, sem fram kemur í grg. þessa frv., hefur hæstv. fjmrh. skrifað tollskrárnefnd fyrir rúmlega ári og óskað eftir till. hennar, sem gengju í þessa átt, og þær liggja nú fyrir í frv. þessu.

Árangurinn af þeim athugunum, sem fram hafa farið og hér liggja fyrir, er þá í meginatriðum sá, að þær vélar, sem áður hafa verið í 35% tolli, sem eru langflestar vélar til iðnaðar og iðnaðarframleiðslu, eru lækkaðar þannig, að úr verða þrír flokkar: einn í 25%, annar í 15% og sá þriðji í 10%. Skiptingin byggist á því, að því er virðist, að þau tæki og vélar, sem notuð eru til framleiðslu á vörum, sem seldar eru á innlendum markaði, lenda í 25% tollinum, og vélarnar, sem framleiða vörur fyrir erlendan markað, í 10% tollinum, og síðan 15% tollur, sem er til þess að skapa vernd fyrir þá innlenda framleiðendur, sem framleiða vélar, sem notaðar eru til framleiðslu á vörum fyrir erlendan markað.

En það eru fleiri vélar og tæki, sem um er að ræða, að notuð eru til framleiðslu á vörum til útflutnings eða innlends markaðar, heldur en þau, sem hérna er um að ræða, því að það er einnig um að ræða vélar og tæki til fiskveiða og til landbúnaðar, sem þetta frv. snertir ekki beinlínis. Í því sambandi langar mig til þess að minna á það, að þær kröfur hafa iðulega komið frá bændasamtökunum og nú síðast frá búnaðarþingi, sem sat hér nýlega, að vélar til frumvinnslu í landbúnaði nytu sömu tollmeðferðar og hliðstæðar vélar til fiskveiða og sjávarútvegs. Þessi leiðrétting hefur enn ekki fengizt. Og í sambandi við þetta er ástæða til þess að taka eftir einum tölulið í þessu frv., sem hér liggur fyrir, en það er 13. tölulíður 1. gr.

Þannig er mál með vexti, að mjólkurframleiðendur, bændur á helztu mjólkurframleiðslusvæðunum, eru nú að breyta um hátt á að flytja mjólkina heiman frá sér til mjólkurbúanna. Í stað þess, að þeir hafa áður flutt hana í brúsum, er nú fyrir dyrum — og hefur sums staðar þegar verið gert — að koma upp geymum heima við, þar sem mjólkin er geymd kæld og síðan flutt í tankbílum til mjólkurbúanna. Í tilefni af þessari breytingu er lagt til í því frv., sem hér liggur fyrir, að tankar úr ryðfríu stáli, sem sérstaklega séu gerðir fyrir mjólk, eftir nánari skilgreiningu og ákvörðun fjmrh., skuli vera í 25% tolli, í stað þess að þeir voru í 50% tolli áður. Það er ástæða til þess að minna á það í þessu sambandi, að mjólkurbrúsarnir, sem nú eru notaðir, 10 lítra eða stærri, eru samkv. þessum sama kafla tollskrárinnar, 73. kaflanum, í aðeins 10% tolli. Grindur og kassar undir flöskur og hyrnumjólk

eru í 4% tolli. Og helzta hliðstæðan, ef maður leitaði hliðstæðu í öðrum greinum við þessa mjólkurtanka, eru raunar fiskkassar, sem eru í 4% tolli. Mér virðist rétt að minna á þetta í sambandi við þennan 13. tölulið, að eðlilegt hefði verið, að þessir tankar yrðu í mun lægri tollflokki, 10% eða 4%, með hliðsjón af því, sem ég hér hef verið að benda á.

Ég nefndi áðan, að það er gert ráð fyrir í þessu frv., að þær framleiðsluvélar og tæki, sem notaðar eru til að framleiða vörur fyrir innlendan markað, séu í hærra tollflokki en þær, sem notaðar eru til að framleiða fyrir erlendan markað. Í sjálfu sér er ekki vandi að færa nokkur rök að því, að þetta kunni að vera eðlilegur háttur. En ef betur er að gáð, er nú kannske ekki svo ýkjamikill munur á, fyrir hvaða markað verið er að framleiða.

Hvernig sem við kjósum að leggja á okkur tolla, verðum við auðvitað sjálfir íslenzkir neytendur, að borga þá. Við getum ekki farið neinar krókaleiðir til þess að láta aðra borga tolla okkar með því t. d. að leggja tolla á vélar, sem notaðar eru við útflutningsframleiðsluna, útflutningsgjöld eða því um líkt. Allt þetta borgum við að sjálfsögðu sjálfir. Það má þess vegna í fljótu bragði, ef maður lítur á bara einhverja augnabliksmynd, segja, að það skipti kannske ekki miklu máli, hvernig tollarnir eru á lagðir eða hvar þeir eru teknir, af hvaða vörutegundum.

En ef betur er að gáð, kemur þó að sjálfsögðu í ljós, að tollapólitíkin getur haft og hefur mjög veruleg áhrif á atvinnuþróunina í landinu. Tollar, sem lagðir eru á vélar og framleiðslutæki, hljóta að verka í þá átt að rýra ekki aðeins samkeppnisaðstöðuna, heldur einnig að tefja fyrir vélvæðingu og fullkomnari tækniútbúnaði í atvinnuvegum landsmanna yfirleitt, og þess vegna eru slíkir tollar hættulegir og óskiljanlegir. Út frá þessu sjónarmiði virðist mér, — þó að það beri að virða það skref, sem hér er tekið í rétta átt, — of skammt gengið. Það væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt, — og verður að vona, að að því sé stefnt, þótt síðar verði kannske, — að tæki og vélar til útflutningsiðnaðarins og raunar helzt allrar framleiðslu séu tollfrjáls. Mest af þeim vélum, sem iðnaðurinn fyrir innlendan markað notar, er, svo sem fram hefur komið, lækkað úr 35 og ofan í 25%. Þó virðist mér við fljótlegan yfirlestur, að allmikið af slíkum vélum sé enn í 35%. Þó skal ég ekki fullyrða, hvað þar er um mikinn hluta að ræða, fyrr en þetta hefur verið athugað nánar, en mér sýnist, að mest af þessum vélum, sem notaðar eru til framleiðslu á innlenda markaðinum, fari nú í 25% tolla. Þessi iðnaður hefur á undanförnum mánuðum og árum átt í mjög verulegum erfiðleikum, sem öllum hv. þdm. er væntanlega kunnugt um. Þessir erfiðleikar eiga sér sjálfsagt ýmsar orsakir. Það er um að ræða rýrða tollvernd í einhverjum tilfellum. Það er í öðrum tilfellum um það að ræða, að erlendir aðilar bjóða vörur á undirboðsverði eða „dumping"-verði, og það er um að ræða lánsfjárskort til þess að gera þær úrbætur í hagræðingu og framleiðniaukningu, sem æskilegar væru. Þessa erfiðleika þarf raunar að kanna til hlítar til þess að finna grundvöll fyrir úrbótum, og liggur raunar till. um það fyrir hv. sameinuðu Alþingi frá 5. þm. Reykv.

Ýmsar leiðir eru að sjálfsögðu til úrbóta í þessum efnum, svo sem aukin fyrirgreiðsla í sambandi við lánsfjárútvegun, aukin aðstoð við hagræðingu og sérstakir tollar á undirboðsvörur, eins og gert er ráð fyrir í 27. gr. tollskrárinnar.

Það er enginn vafi á því, að nokkuð hefur verið um það að ræða á undanförnum mánuðum, að vörur hafa komið á markaðinn á undirboðsverði, og framleiðendur hafa haft hug á því, að einhverjar ráðstafanir fengjust gerðar til þess að stemma stigu við þessu. Það er jafnan nokkrum erfiðleikum bundið að færa beinlínis sönnur á, hvenær er um að ræða undirboð og hvenær ekki. En þeir, sem kunnugir eru, telja, að það sé ekki neinum vafa undirorpið, að allmikil brögð hafi verið að undirboði að undanförnu á nokkrum sviðum, og mig langar til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort hann hafi í hyggju að beita ákvæðum 27. gr. í sambandi við þessi meintu undirboð á t. d. bómullarvörum, bómullarfatnaði og slíku, og enn fremur veiðarfærum, sem einnig hefur verið talið, að væru boðin hingað á undirboðsverði.

Til stuðnings þessum iðnaði er auðvitað ein leiðin sú, sem hér er verið að fara, nefnilega að lækka tolla á framleiðslutækjunum, sem þessi iðnaður notar. Það er þó hætt við því, að með þessari lækkun úr 35% í 25% sé of skammt gengið til þess að verða að verulegu liði í því að styðja að þessum iðnaði og leysa erfiðleika hans í svipinn, þó að þetta sé að sjálfsögðu til bóta fyrir aðstöðu iðnaðarins yfirleitt. En það er þó ein grein iðnaðarins, sem ekki hefur hag af þessum tollalækkunum, og það er sú grein hans, sem framleiðir einhverjar af þeim vörum, sem tollur er lækkaður á og þar með rýrð samkeppnisaðstaða þeirra innlendu fyrirtækja, sem eiga hlut að máli, sem fyrst og fremst eru vélsmiðjurnar. Í sambandi við það er hér gert ráð fyrir heimild til þess að endurgreiða þeim tolla af hráefnunum, og er það að sjálfsögðu gott. En auk þess virðist mér, að það þurfi að beita sömu ráðstöfunum til þess að styðja að samkeppnismöguleikum þessara greina, eins og ég rakti áðan um greinar iðnaðarins almennt, þ. e. aukið lánsfé til vélvæðingar og aðstoð við hagræðingu o. s. frv.

Fyrir nokkrum árum var hér á ferð norskur sérfræðingur í iðnaðarmálum, sem hafði það sérstaka hlutverk að gera till. um ráðstafanir til þess að leysa úr því, sem kallað var aðlögunarvandamál iðnaðarins, og þessi aðlögun, sem þarna var um að ræða, var aðlögun að lægri tollum, hvort sem það nú yrði vegna þátttöku í einhverjum viðskiptabandalögum, eins og þá var á dagskrá, eða með öðrum

hætti. Till. þessa norska sérfræðings hafa ekki verið birtar, en þess hefur orðið vart, að iðnrekendur telja, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki lagt eins mikla áherzlu á það að veita þann stuðning, sem ætlazt var til samkv. þessum till., eins og þeir höfðu gert sér vonir um, og víst er um það, að iðnrekendur bera sig um þessar mundir mjög illa, vegna þess að þeir telja, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki veitt þeim þá fyrirgreiðslu í sambandi við þessi aðlögunarvandamál, sem rætt er um, eins og þeir höfðu gert sér vonir um. Ég hef áður getið þess, að það er skoðun mín, að tollar á vélum og tækjum, sem framleiðsluatvinnuvegirnir nota til að framleiða vörur, hvort sem er til útflutnings eða til innanlandsmarkaðarins, séu mjög skaðlegir og þá alveg sérstaklega auðvitað á þeim, sem notuð eru til útflutningsins og verða að keppa á erlendum markaði. Í samræmi við þessa skoðun lögðum við hv. 1. þm. Norðurl. e., þegar tollskrárfrv. var til meðferðar hér í þessari hv. d. í fyrra, fram till. um það, að tollar á slíkum vélum og tækjum yrðu færðir ofan í 4%, eins og þeir eru af veiðarfærum og helztu rekstrarvörum fiskveiðanna. E. t. v. væri rétt að hafa tvískiptingu á og færa þá kannske tollana niður í núll á þeim vörum, sem notaðar eru við útflutningsiðnaðinn, og þá 4% á þeim, sem notaðar eru við iðnaðinn ella. En stefna verður að því að sjálfsögðu að lækka þessa tolla miklu meira en gert er í þessum tillögum, sem hér er um að ræða.

Enn fremur hefur verið vakið máls á því oft í sambandi við tollamál, að við höfum haft hér háa tolla á byggingarefni. Slíkt er auðvitað að ýmsu leyti hliðstætt við háa tolla á vélum og tækjum til framleiðslunnar. Tollarnir á byggingarefninu hækka ekki aðeins íbúðakostnaðinn, heldur íþyngja þeir líka atvinnuvegunum með auknum stofnkostnaði og hafa þess vegna sömu áhrif og tollarnir á vélum og tækjum, eins og ég var að tala um. Í þessu sambandi, — án þess að ég skuli eyða tíma í að rekja það, það hefur svo oft verið gert, — má minna á það sjónarmið, sem fram kom í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna, og það má minna á þau sjónarmið, sem fram komu um þessi efni í sambandi við umr. um hugsanlega alúmíníumverksmiðju. En svipuð sjónarmið og þar koma fram eiga að sjálfsögðu við um aðrar greinar okkar atvinnulífs.

Í fyrra lögðum við það til, hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, hér í þessari hv. d., að endurgreiddir yrðu tollar af byggingarefni til íbúðarhúsnæðis, af íbúðum allt að 360 rúmmetrum að stærð, og endurgreiðslan yrði 110 kr. á rúmmetra. Það hlýtur þó að koma til athugunar, hvort ekki væri eins rétt að láta þetta koma fram á þann hátt að lækka beinlínis eða afnema tolla á algengasta byggingarefni, eins og timbri, steypustyrktarjárni og því um líku. Tollar af meðalíbúð voru í fyrra taldir vera í kringum 50 þús. kr., og þeir eru líka að sjálfsögðu mjög miklir á mannvirkjum atvinnuveganna. Það er ekki bara íbúðarhúsnæðið, sem þeir lenda á.

Hæstv. ríkisstj. hefur unnið að því að „líberalísera" viðskiptalífið í landinu, m. a. með því að lækka tollvernd, og það er eðlilegt, að menn spyrji sig þeirrar spurningar, hvort sú meginstefna sé rétt. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að að meginstefnu til sé það rétt. En hins vegar vil ég vara menn við að trúa því, að „liberalísering" í verzlun og viðskiptum sé eitthvert allsherjar „patentmedisín", sem hægt sé að beita án nokkurs samræmis eða sambands við aðra þætti efnahagslífsins. Það leysir engan vanda að bera sér í munni orðið frelsi í viðskiptum og nota það sem einhvers konar orðaleik. „Líberalíseringin" má að sjálfsögðu ekki koma örar en svo, að atvinnuvegirnir þoli það. Atvinnuvegirnir verða að hafa svigrúm til þess að aðlaga sig breyttum skilyrðum, og þetta virðist mér, að hæstv. ríkisstj. hafi e. t. v. ekki alltaf haft nægilega í huga og m. a. þess vegna eigi nú iðnaðurinn og ýmsir framleiðendur hér innanlands í þeim erfiðleikum, sem okkur eru öllum kunnir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki haft tækifæri til að líta á þetta frv. fyrr en nú á þessum fundi og er þess vegna ekki tilbúinn til þess að segja mikið um það að svo komnu máli. En örfá orð vildi ég samt hafa um málið strax á þessu stigi.

Ég held, að hv. þdm. hljóti flestum að vera að meira eða minna leyti ljósir þeir erfiðleikar, sem íslenzkur iðnaður á nú við að búa, og sé kunnugt um það, að ýmsar greinar íslenzks iðnaðar, sem hafa dafnað allvel um langt skeið, og jafnvel iðngreinar, sem þrifizt hafa í landinu allt frá upphafi vega, eins og fatagerð og annað slíkt, — ýmsar þessar iðngreinar eiga nú mjög í vök að verjast vegna efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstj. Það er kunnugt af skýrslum og blaðaskrifum, ályktunum frá mannfundum, t. d. iðnrekenda, að iðngrein eins og t. d. skógerð er því nær að leggjast niður í landinu. Fataiðnaðurinn hefur dregizt stórkostlega saman. Vefnaðariðnaður ýmiss konar á í vök að verjast. Sum matvælaframleiðsla, eins og kexframleiðsla, er því nær að leggjast niður. Þetta er auðvitað áhyggjuefni fyrir marga og þá auðvitað ekki sízt fyrir þau byggðarlög, sem hafa byggt sérstaklega á iðnaði. Ég nefni í þessu sambandi minn heimabæ, Akureyri, sem hefur orðið þegar mjög hart úti í þessum efnum, þar sem mörg iðnfyrirtæki hafa ýmist stórkostlega dregið saman framleiðslu sína núna í seinni tíð eða lokað með öllu. Og afleiðingin hefur orðið sú t. d., að þar hefur atvinna nú um skeið verið algerlega ófullnægjandi. Það er líka kunnugt um, að iðnrekendur hafa nú í seinni tíð a. m. k. haft uppi allháværar kröfur og að því er manni virðist ekki að ástæðulausu um það, að iðnaðinum, sem framleiðir fyrir innanlandsmarkað, væri gefið meira svigrúm en hann hefur fengið til þess að aðlaga sig því verzlunarfrelsi, sem

hæstv. ríkisstj. hefur komið á og gumar svo mjög af, og þeirri rýrnandi tollvernd, sem stefnt hefur verið að í hennar tíð. Mig minnir, að um það leyti, sem þessar breytingar voru að eiga sér stað, hafi því verið heitið af núv. hæstv. fjmrh. og öðrum talsmönnum hæstv. ríkisstj., að iðngreinarnar skyldu fá nægilegt svigrúm til þess að aðlaga sig þessum nýju viðhorfum. En það hefur sem sagt sýnt sig, að aðlögunartíminn hefur ekki verið nægur a. m. k. og aðrar ráðstafanir, sem til greina hafa getað komið til þess að létta samkeppnisaðstöðuna við svo að segja óheftan innflutning á þeim iðnaðarvörum, sem keppt geta við þessa framleiðslu, þær ráðstafanir hafa ýmist verið engar eða ófullnægjandi. Miðað við það, hvernig ástandið er í málefnum iðnaðarins nú, hefur maður þess vegna getað búizt við því, að einmitt núna, þegar afleiðing þessarar stefnu hæstv. ríkisstj. hefur verið að koma svo glögglega í ljós, þá hefði verið gert eitthvert verulegt átak af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að létta þessum iðngreinum, sem verst urðu úti, samkeppnisaðstöðuna.

Ég fæ ekki betur séð en að staða iðnaðarins almennt hér á landi, þ. e. a. s. þess iðnaðar, sem þarf að keppa við innflutning erlendis frá, sé mjög ámóta og sízt betri en útflutningsframleiðslunnar til þess að mæta því heimsmarkaðsverði, sem um er að ræða. Ég fæ ekki betur séð en málum sé svo komið, að t. d. hvers konar aukinn tilkostnaður innlenda iðnaðarins hljóti að mæða jafnmikið á honum eins og tilkostnaðaraukning í sjávarútvegi, og það er fyrst og fremst vegna þess, að hér eru á markaðnum í svo að segja öllum greinum vörur, sem eru fluttar inn á heimsmarkaðsverði eða jafnvel undir því, þannig að iðnaðurinn hefur ekki sömu möguleika og hann hefur haft oft áður til þess að geta yfirfært tilkostnaðinn í verðlagið. Þetta gat hann oft og tíðum, meðan höft voru almenn, en nú mundu slíkar hækkanir í a. m. k. mjög mörgum tilfellum þýða það, að innlenda framleiðslan seldist ekki. Ég fæ ekki séð, að það sé ákaflega mikill eðlismunur á því að framleiða vörur fyrir útlendan markað og skapa þannig gjaldeyri eða framleiða vörur úr innlendum eða erlendum hráefnum til þess að spara gjaldeyrinn. Ég tel, að þarna eigi að vera um jafnréttháan atvinnurekstur að ræða og jafnþarfan í flestum tilfellum fyrir þjóðfélagið og það sé þess vegna ákaflega hæpið að gera ákaflega mikinn mun á þeirri aðstöðu, sem þessum atvinnugreinum er sköpuð. En það er greinilegt, að þrátt fyrir það, að hæstv. ríkisstj. hefur minnkað mjög tollvernd íslenzks iðnaðar og jafnframt komið á svo að segja óheftum innflutningi, hyggst hún enn gera iðnaðinum stórum erfiðara fyrir en útflutningsframleiðslunni, og sést það m. a. á því, að samkv. þessu frv. eiga vélar, sem innlendi iðnaðurinn notar, ýmist að vera í 25% eða 35% tollflokki, á meðan vélar til útflutningsframleiðslunnar eru í 4, 10 og 15% tollflokki. Ég álít þess vegna, að þessi — ég vil segja: lítilfjörlega lækkun á vélum iðnaðarins komi ekki að neinu verulegu haldi og þarna hefði þurft að gera miklu meira, til þess að það hefði jafnað metin að nokkru verulegu leyti, því að það er nú svo, að hér þarf innlenda framleiðslan í mjög mörgum tilfellum að keppa við vörur frá löndum, sem hafa enga tolla á iðnaðarvörum og ekki heldur neina tolla á því hráefni, sem um er að ræða. Þetta er mjög algengt, að innlendi iðnaðurinn verði að borga tugi prósenta í toll af hráefnunum og hann verði einnig að borga háa tolla af sínum vélum, en verður síðan að keppa við framleiðslu iðnaðarins, sem hefur enga tolla, hvorki á þeim vélum, sem iðnaðurinn byggir á, né heldur á hráefninu. Til dæmis um þetta vil ég nefna vefnaðariðnaðinn.

Ég álít líka og get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel, að það sé fráleitt að hafa vélar til landbúnaðarins í miklu hærra tollflokki en annarrar útflutningsframleiðslu, og það sé engin skynsamleg ástæða til þess, að landbúnaðurinn, sem a. m. k. í öðru orðinu er talinn sérstaklega styrkjaþurfandi af almannafé, sé látinn búa við miklu lakari kjör hvað tolla snertir á vélum heldur en sjávarútvegurinn. Ég get þess vegna fyllilega tekið undir það, að mér finnst það réttmætt í sambandi við svona endurskoðun á tollunum, að landbúnaðarvélar séu lækkaðar a. m. k. niður í það, sem sjávarútvegurinn býr bezt við.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en ég tel, að það væri verkefni þeirrar hv. n., sem fær málið til athugunar, alveg sérstaklega að athuga það, hvað hægt er að gera og hvað nauðsynlegt er að gera fyrir iðnaðinn í landinu, þannig að ekki verði áframhald á þeirri þróun, sem nú er hafin, að hann sé smátt og smátt að molna niður, vegna þess að honum sé ekki sköpuð eðlileg samkeppnisaðstaða eða gert yfirleitt fært að byggja sig upp með nýtízkulegum hætti.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. beindi til mín fsp. um það, hvort í ráði væri að beita 27. gr. tollskrárl., sem fjallar um undirboðs- og jöfnunartolla, í sambandi við meint undirboð á vissum vörutegundum. 27. gr. tollskrárl. var nýmæli, sem tekið var inn í tollskrána nýju 1963, og er meginefni hennar þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjmrh. leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum. Undirboðstoll má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn."

Nú hafa komið fram staðhæfingar um það, að í vissum greinum og þá sérstaklega varðandi veiðarfæri væri um undirboð að ræða. Þetta hefur komið fram hjá íslenzkum aðilum, sem framleiða veiðarfæri, og hefur það mál að undanförnu verið til athugunar. Eins og

sagt er í 27. gr. tollskrárl., er það fjmrn., sem tekur endanlega ákvörðun um það, hvort þessu ákvæði skuli beita. Því hefur aldrei verið beitt hingað til hér á landi, en í samráði við fjmrn. hefur iðnmrn. látið fara fram rækilega athugun á þessu máli í sambandi við veiðarfæri, og er það mál nú til athugunar hjá ríkisstj. Meira get ég ekki sagt um það mál á þessu stigi.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék nokkuð almennt að aðstöðu iðnaðarins og taldi hana að mörgu leyti erfiða sem stendur. Ég ætla ekki að ræða hér um áhrif hins aukna viðskipta- og innflutningsfrelsis í sambandi við iðnaðinn, en aðeins minna á það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, skapar íslenzkum iðnaði að sjálfsögðu engin ný vandamál, heldur þvert á móti. Þetta frv. felur einmitt í sér lækkun á tollum af vélum, sem íslenzkur iðnaður þarf að nota. Sú lækkun er úr 35% og niður í 25%, og ætla ég, að mörg, ef ekki flest íslenzk iðnaðarfyrirtæki telji það nokkru skipta, að þessi almenni vélatollur er þannig færður niður. Í engu ákvæði þessa frv. er hlutur íslenzks iðnaðar gerður lakari en nú er, heldur þvert á móti. Varðandi vélar vegna útflutningsiðnaðarins, sem almennt eru lækkaðar úr 35% niður í 10%, er þess að geta, að mjög ýtarlegar athuganir fóru fram á aðstöðu hins íslenzka iðnaðar, sem framleiðir slíkar vélar eða hliðstæðar vélar, og ég get skýrt frá því hér, að m. a. voru ýtarlegar viðræður við Félag ísl. iðnrekenda um það mál, og náðist að lokum full samstaða um það, þannig að fulltrúar Félags ísl. iðnrekenda tjáðu sig samþykka þeirri lausn, sem hér væri gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að þar sem vélar vegna útflutningsatvinnuveganna eru einnig framleiddar í landinu, verði tollurinn ekki 10%, heldur 15%, í öðru lagi, að tollurinn verði endurgreiddur af efnivörum til slíkra véla, og í þriðja lagi, að söluskattur af þessari innlendu framleiðslu verði felldur niður. Þetta töldu fulltrúar íslenzks iðnaðar nægilega tollvernd fyrir þennan þátt íslenzks iðnaðar.

Varðandi þau ummæli hv. 4. þm. Norðurl. e., að óeðlilegt væri, að landbúnaðurinn nyti verri tollkjara eða tollaákvæða heldur en sjávarútvegurinn, kennir þarna nokkurs misskilnings. Í tollskránni 1963 voru tollar af vélum vegna landbúnaðarins yfirleitt hafðir lægri en sá almenni 35% vélatollur, þannig að af mjög mörgum vélum, sem landbúnaðurinn notar, var tollurinn ákveðinn 10%, og lagfæringar nú sjávarútveginum til handa eru einmitt miðaðar við að samræma tollinn af vélum vegna sjávarútvegsins þessum 10%, sem ákveðin voru fyrir tveimur árum varðandi ýmsar landbúnaðarvélar.

Varðandi þá geyma til geymslu og flutnings á mjólk, sem ég minntist á og hv. 6. þm. Sunnl. minntist á, er þar um helmings tollalækkun að ræða frá því, sem tollskráin ákveður núna, eða úr 50% niður í 25%. Þar sem hér er um nýmæli að ræða og e. t. v. má líta svo á, að þetta komi að einhverju leyti í stað mjólkurbrúsa, sem í tollskránni eru með 10% tolla, er sjálfsagt að taka það til athugunar í n., hvort ástæða væri til að færa þessa tolla af mjólkurgeymunum lengra niður en hér er gert ráð fyrir. En þessi var að athuguðu máli till. tollskrárnefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 445, 446 og 453, 447, 450, 454).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar að undanförnu, en eins og nál. þau og brtt., sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki náð algerri samstöðu um málið, þannig að meiri hl. mælir með því, að það verði samþ. með þeim brtt., sem hann flytur á þskj. 450, en aðrir nm. hafa skilað sérálitum og flytja viðtækari brtt. Brtt. meiri hl. eru á þskj. 450.

Eru það efnislega tvær brtt., sem hér er um að ræða. Önnur er um lækkun á tolli á mjólkurtönkum. Þetta mál bar á góma við 1. umr. málsins, og með brtt. meiri hl. er komið á móts við þær óskir, sem þar komu fram um lækkun á þessum tolli. Í öðru lagi er brtt., sem gengur út á heimild handa ríkisstj. til þess að lækka eða endurgreiða gjöld af heilum, innfluttum dráttarbrautum. Á sameiginlegum fundi fjhn. beggja d., sem um getur í nál. meiri hl., kom fram ábending um þetta atriði frá hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, en með þessari till. er komið nokkuð til móts við það sjónarmið. Ég sé, að 2. minni hl. fjhn., hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur flutt um þetta sérstakar brtt., sem ganga nokkru lengra, en því treystist meiri hl. ekki til að mæla með að svo stöddu.

Ég vil enn fremur geta þess, að mér hefur verið á það bent af skrifstofustjóra Alþ., eftir að málið var afgreitt úr n., að ákveðin formsatriði í frv. mætti færa til betri vegar, og með tilliti til þess vil ég beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann gefi stutt fundarhlé á milli umr., þannig að n. gefist kostur á því að athuga þessi atriði, og mundu þá vera væntanlegar brtt. um þetta fyrir 3. umr. málsins, ef samkomulag verður um það. Hér er sem sagt eingöngu um formsatriði að ræða. En með tilliti til þessa taldi meiri hl. rétt að taka einnig aftur til 3. umr. þær till. um efnisbreytingar, sem gerðar eru á þskj. 450.

Að öðru leyti hef ég ekki meira að segja um afstöðu meiri hl. n. til þessa máls, en að gefnu tilefni í ræðum þeim, sem fluttar voru við 1. umr. málsins af hálfu þeirra tveggja hv. stjórnarandstæðinga, sem þá töluðu, svo og vegna þeirra nál. frá minni hl., sem útbýtt hefur verið, vildi ég fara um þau atriði, sem þar skipta máli að mínu áliti, örfáum orðum.

Þau sjónarmið, sem liggja að baki brtt. hv.

1. minni hl., eru tvenns konar: í fyrsta lagi, að of skammt sé gengið í tollalækkunum í frv., og í öðru lagi, að einstökum atvinnugreinum sé enn mismunað í tollum meira en réttmætt sé.

Um fyrra atriðið má auðvitað lengi deila. Það verður m. a. spurning um það, hve ríkissjóður má miklu tapa í umræddum tolltekjum. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að vélum sé smyglað inn sem neinu nemi, þannig að ríkissjóður hlýtur að tapa tolltekjum sem lækkununum nemur. Verður þá spurningin um það, hve mikil sú lækkun megi verða, þannig að fjárhagsáætlun standist. Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða fleiri orðum um þetta atriði. En í þessu sambandi má þó minna á það, að tilgangur tolla, sérstaklega þeirra, sem lagðir eru á framleiðslunauðsynjar, getur verið sá að koma í veg fyrir allt of mikið misræmi milli erlends og innlends verðlags. Er þess skammt að minnast, að þegar hið svokallaða bjargráðafrv. vinstri stjórnarinnar var lagt fram sællar minningar, en í því var m. a. gert ráð fyrir miklum nýjum yfirfærslugjöldum á framleiðslunauðsynjar atvinnuveganna, var það m. a. varið með því, að nú væri svo komið, að það borgaði sig í rauninni ekki lengur fyrir bændurna að halda áfram að heyja, þó að þeir gerðu það enn þá af gömlum vana, því að erlendur fóðurbætir væri orðinn svo ódýr. Nú er misræmi milli innlends og erlends verðlags að vísu ekki nærri því eins mikið og þá var. En talsverð röskun varð þó á verðhlutföllum milli þess erlenda og innlenda með þeim miklu kaup- og verðhækkunum, sem urðu árið 1963, þannig að innflutta varan hefur síðan verið ódýrari en áður miðað við tekjur hér innanlands. En þetta á auðvitað í ríkara mæli við þær framleiðslunauðsynjar, sem notaðar eru til framleiðslu fyrir innlendan markað, en hvað útflutningsframleiðsluna snertir. En á það má þó benda, að einmitt þessi röskun á verðhlutfallinu milli þess innlenda og erlenda gerir það að verkum, að um nokkuð breytt viðhorf er að ræða í þessum efnum frá því fyrir 1963.

Hitt meginsjónarmiðið, sem virðist liggja að baki þeim brtt., sem fluttar eru af hv. 1. minni hl., er það, að ekki beri að mismuna í tolli milli atvinnugreina, svo sem gert sé í gildandi tollal. og jafnvel eftir að það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið samþykkt. Ég er því út af fyrir sig sammála, að ekki sé ástæða til þess að gera mun á frumframleiðslu og iðnaðarframleiðslu í þessu efni, enda mun það ekki vera þetta sjónarmið, sem liggur tollafrv. að baki, eins og ég kem rétt á eftir að. En hins vegar finnst mér, að gild rök hnígi að því, að gerður sé hér munur á framleiðslu fyrir innlendan og erlendan markað, ekki þó vegna þess, að ég álíti framleiðslu fyrir innlendan markað þjóðarbúinu minna virði en útflutningsframleiðslu, í því efni get ég út af fyrir sig alveg tekið undir það, sem segir í nál. hv. 1. minni hl., en hins vegar ber þess að gæta, að innflutningstollar eru hugsaðir sem neyzluskattar, en ekki sem skattar á framleiðsluna. Af því leiðir, að til þess er ætlazt, að það séu notendur vörunnar, sem beri tollinn, en ekki framleiðendur. En nú er það kunnugt, að útflutningsframleiðslan getur ekki velt tollum, sem á hana eru lagðir, yfir á neytendur á sama hátt og framleiðendur fyrir innlendan markað. Það má því gera ráð fyrir, að tollar á vélar iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað, séu bornir af neytendum þess varnings, en það á auðvitað ekki við um bátavélar og aðrar vélar, sem notaðar eru af útflutningsframleiðslunni. En hitt er svo annað mál, að erfitt getur oft verið að draga markalínu milli framleiðslu fyrir innlendan og erlendan markað, þar sem ýmsar atvinnugreinar framleiða bæði fyrir innlendan og erlendan markað. Þannig gæti það t. d. verið álitamál, hvort landbúnaðurinn eigi hér að sitja við sama borð og sjávarútvegurinn, þar sem landbúnaðarframleiðslan er sem kunnugt er meira fyrir innlenda markaðinn en þann erlenda.

Eins og grg. þess frv., sem hér liggur fyrir, ber með sér, er það þetta sjónarmið, sem liggur að baki þeirri mismunun, sem um er að ræða. En það vafamál, sem ég nefndi, hvort landbúnaðurinn eigi að njóta í þessum efnum sömu aðstöðu og sjávarútvegur, hefur verið túlkað landbúnaðinum í vil, og ætti það síst að vera ámælisvert frá sjónarhóli þeirra, sem öðrum fremur telja sig formælendur landbúnaðarins.

Þá kom það fram í ræðum beggja þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem hér töluðu við 1. umr. málsins, að tollavandamáli iðnaðarins væri ekki nægilega sinnt í frv. því, sem hér liggur fyrir. Hér er vissulega um mikið vandamál að ræða, en eins og hæstv. fjmrh. skýrði frá við 1. umr. málsins, hefur eigi unnizt tími til að ljúka endurskoðun tollalöggjafarinnar í heild með tilliti til iðnaðarins, en að því verður unnið á sumri komanda. Annars held ég, að það sé á misskilningi byggt, sem fram kom í ræðum beggja þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem hér töluðu við 1. umr. málsins, og það kemur raunar líka fram í nál. hv. 2. minni hl., að hin versnandi samkeppnisaðstaða ýmissa iðngreina á innlendum markaði, sem svo mjög hefur verið kvartað um síðustu mánuðina og vafalaust ekki að tilefnislausu, eigi rót sína að rekja til þess, að skref hafi nýverið verið tekin að tilhlutun hæstv. ríkisstj. í þá átt að rýmka um innflutning á þessum varningi. Mér er ókunnugt um það, að neitt slíkt hafi átt sér stað hvað snertir þann iðnað, sem mest hefur verið rætt um í þessu sambandi, en það er fatnaðariðnaðurinn, síðan núverandi skipan innflutningsmála var ákveðin hér á hv. Alþ. fyrir 4—5 árum ágreiningslaust að mig minnir. Ég hygg meira að segja, að allt síðan 1951 hafi ekki verið um að ræða verulegar hömlur á innflutningi vefnaðarvöru og annars þess, sem til fatnaðar heyrir.

Það er alkunna, að á árunum 1947 og þar

til 1951 var mjög tilfinnanlegur skortur á vefnaðarvöru hér á landi, ströng skömmtun og það sem verra var, að fólk fékk ekki einu sinni út á þá skömmtunarseðla, sem út voru gefnir. Ég held, að ég eigi enn þá hinn viðfræga stofnauka fyrir ytri fatnaði, sem þá var gefinn út, það fékkst aldrei neitt út á hann og voru alltaf langar biðraðir, ef það fréttist, að vefnaðarvara kæmi í búð. En með þeim ráðstöfunum, sem stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. gerði í efnahagsmálum árið 1950, var ráðin bót á þessu ófremdarástandi, og síðan hef ég aldrei orðið var við það, að kvartað hafi verið um skort á vefnaðarvöru, hvorki innlendri né erlendri. Það hafa að vísu verið lækkaðir tollar á einstökum tegundum fatnaðar, sérstaklega þar sem um er að ræða varning, sem vitað var að smyglað væri til landsins í allstórum stíl, en ekki mun það hafa verulega þýðingu, og auðvitað er smyglið líka samkeppni við innlendan iðnað.

En þó að þetta sé að mínu áliti á misskilningi byggt, að þessi verri samkeppnisaðstaða iðnaðarins standi í sambandi við aðgerðir til þess að rýmka innflutninginn frá því, sem áður var, neita ég því síður en svo, að það sé staðreynd, að samkeppnisaðstaðan hafi versnað síðustu mánuðina. En þar hygg ég að aðrar orsakir séu að verki. Á ég þar einkum við það, sem ég nefndi áðan, nefnilega hinar stórfelldu kaupgjaldshækkanir, sem urðu á árinu 1963 og hlutu að valda allmikilli hækkun á verði innlendrar framleiðslu, án þess að um samsvarandi hækkun væri að ræða á innfluttu vörunni, þannig að hagstæðara varð nú fyrir kaupendurna innanlands að kaupa erlendu vöruna þrátt fyrir háan toll. Ég hugsa, að það sé í þessu, sem ástæðan liggur til þess, að samkeppnisaðstaða innlenda iðnaðarins hefur versnað frá því, sem áður var.

Hér er auðvitað um mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla þá, sem framfæri sitt hafa af því að starfa við umrædda framleiðslu, þó að því máli verði af áðurgreindum ástæðum ekki ráðið til lykta í sambandi við afgreiðslu þessa máls. En hitt má þó ekki gleymast, að við ákvörðun tolla á neyzluvarningi verður líka að taka tillit til annarra hagsmuna en þeirra einvörðungu, sem eiga áður nefnd iðnfyrirtæki og vinna við þau, en það, sem ég hér hef í huga, eru hagsmunir neytendanna. Útgjöld til fatnaðar eru stór liður í vísitölu framfærslukostnaðar. Samkv. núgildandi vísitölugrundvelli nemur þessi kostnaður um 15% allra útgjalda, ef miðað er við útgjöld vísitölunnar í heild, en um 20%, ef miðað er eingöngu við útgjöld til kaupa á vöru og þjónustu eða A-lið vísitölunnar. Þess má geta í þessu sambandi, að samkv. vísitölugrundvellinum nema útgjöldin til fatnaðar meiru en húsnæðiskostnaðurinn. En hitt er auðvitað rétt, að það er vitað, að húsnæðisliðurinn er vanmetinn í vísitölunni. Hitt getur ekki farið milli mála, að útgjöldin til fatnaðar eru verulegur kostnaðarliður, þannig að ef þau útgjöld væri hægt að lækka, svo að um munaði, væri það veruleg kjarabót. Þetta hefur líka einmitt verið ljóst hv. 4. þm. Norðurl. e., því að þegar tollskráin var hér til meðferðar fyrir tveimur árum á hv. Alþ., flutti hann till. um verulega lækkun tolla á tilbúnum fatnaði. Ég hef hér með mér þskj.-part þingtíðindanna frá 1962, en á þskj. 545 eru birtar þær brtt. við tollskrána, sem hv. þm. þá flutti. Hann vildi gera eftirtalda lækkun á tollum á fatnaði, með leyfi hæstv. forseta:

Tolla af ytri fatnaði karla vildi hann lækka úr 90% í 60%, á ytri fatnaði kvenna úr 90% í 60% og lækka tolla á manchettskyrtum sem nam því sama. Nærfatnað karla úr baðmull vildi hann lækka úr 70% í 50% og annan nærfatnað karla úr 90% í 60%. Nærfatnað kvenna úr baðmull vildi hann lækka úr 70% í 50% og annan nærfatnað kvenna úr 90% í 60%. En allur mun þessi varningur, eftir því sem ég bezt veit, vera framleiddur hér á landi.

Nú er ég síður en svo að upplýsa þetta hv. þm. til ámælis eða álitshnekkis. Þvert á móti lít ég þannig á, að hér hafi verið um skynsamlegar og athyglisverðar till. að ræða, og ég man ekki betur en að á sínum tíma tæki ég, sem hafði þá framsögu fyrir fjhn. um tollskrármálið, þessum till. vinsamlega, þótt ég að vísu treystist ekki til þess að mæla með því, að þær yrðu samþ. án nánari athugunar. Og ég held, að ég hafi þá einmitt minnzt á það, að það væri óvíst, að tekjutap ríkissjóðs yrði mikið þrátt fyrir þessa verulegu lækkun tollanna, því að það er vitað, að mjög mikið er um það, bæði að þeir, sem ferðast til útlanda, kaupi þar fatnað á sig í stórum stíl, auk þess sem fólk lætur kunningja sína, sem eru í siglingum o. s. frv., kaupa fyrir sig. Þannig á sér stað verulegur innflutningur á fatnaðarvörum, bæði löglega og ólöglega, sem vera má að kynni verulega að draga úr, ef tollarnir væru lækkaðir verulega, þannig að ríkissjóður gæti þannig fengið bætt a. m. k. að nokkru það tolltekjutap, sem hann kynni að verða fyrir, vegna þess að tollstigarnir yrðu lækkaðir.

Nú er einmitt vaxandi skilningur á því meðal launþega, að leggja beri áherzlu á raunhæfar kjarabætur, eins og það er orðað, eða aukinn kaupmátt launa, en láta sér ekki nægja snuðtúttuna að hækka kaupið án nokkurra trygginga fyrir því, að kauphækkanirnar verði ekki allar sóttar aftur í vasa launþeganna sjálfra með hækkuðu verðlagi. Ef eitthvað á að gera í þeim efnum, sem raunhæft megi teljast, þá sýnist einmitt fátt vera nærtækara en slíkar tollalækkanir á nauðsynjum, sem nokkur von er til samkv. áður sögðu, að framkvæma megi án þess, að tolltekjur ríkissjóðs minnki tilfinnanlega. Ef tollar á fatnaðarvöru væru t. d. lækkaðir um helming og gert ráð fyrir því, að tollurinn næmi helmingi vöruverðsins, þá væri hér samkv. vísitölugrundvellinum um 4% raunhæfar kjarabætur að ræða verkalýðnum til handa, sem hiklaust má fullyrða, að séu meiri kjarabætur en nokkru sinni hafa náðst

í einu a. m. k. tvo síðustu áratugina með verkfallsbaráttu, þ. e. a. s. þegar dæmið er reiknað til enda, þannig að tekið sé tillit til þeirra verðhækkana, sem leitt hefur af kauphækkunum. En kauphækkanirnar hafa auðvitað út af fyrir sig numið allmiklu meira en þessu, en það er allt annað mál.

Nú er ég ekki að segja, að þetta sé hægt að gera í einu vetfangi. Í því efni þyrfti auðvitað að taka tilhlýðilegt tillit til áhrifa slíkra aðgerða á hag innlendu framleiðslunnar og auðvitað þá jafnframt að gera aðrar ráðstafanir til þess að bæta hag hennar, svo sem lækka hráefni til iðnaðar o. s. frv.

En hvað sem því líður, þá gefur þetta þó hugmynd um þá þýðingu, sem þessi mál hafa frá hagsmunasjónarmiði neytendanna. Allar þær ríkisstj., sem setið hafa að völdum hér á landi síðustu tvo áratugina, hafa verið ásakaðar þunglega fyrir það af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að þær hafi, eins og það hefur verið orðað, rænt öllum þeim kjarabótum, sem verkalýðurinn hefur áunnið sér með kaupgjaldsbaráttu sinni, með því að velta kauphækkunum yfir á vöruverð og láta launþegana þannig greiða sér kauphækkanirnar sjálfir. Þá athugasemd má að vísu gera við þetta, að að jafnaði eru það auðvitað ekki ríkisstjórnirnar, sem verðleggja vöru og þjónustu. Það eru atvinnurekendurnir, sem það gera. Hitt er hins vegar rökrétt, hvort sem réttmætt er að öðru leyti, að áfellast ríkisstj. fyrir það að beita ekki þeim tækjum, sem þær hafa yfir að ráða, til þess að hindra það, að atvinnurekendur velti kauphækkununum þannig af sér. Hér má fyrst og fremst nefna verðlagseftirlitið. En fleira kemur til greina í þessu sambandi, svo sem það atriði, sem hér er einkum til umræðu, að sé innflutningur á umræddri vöru ekki heftur, þá skapar það atvinnurekstrinum slíkt aðhald, að hann hefur ekki nema takmarkaða möguleika á því að hækka verð til samræmis við hækkað kaup, þannig að annaðhvort verða atvinnurekendur að greiða kauphækkanirnar af hagnaði sínum, sé hann fyrir hendi, eða mæta þeim með hagræðingu og öðrum ráðstöfunum til þess að bæta rekstur sinn, svo að þá verða þær kjarabætur, sem tilgangurinn var að ná með því að hækka kaupið, raunhæfar. Ef samkeppni er hins vegar útilokuð með innflutningshöftum og háum verndartollum, þá gefur það auga leið, að atvinnurekendur fara þá leiðina, sem fyrirhafnarminnst er til að fá kostnaðarauka sinn vegna hærra kaupgjalds greiddan, eða þá leið að hækka vöruverðið sem nemur hinu hækkaða kaupi.

Ég ætla svo ekki að orðlengja fleira um þetta, en hitt gefur auga leið, að það er ekki í sömu andrá hægt að halda fram kröfum bæði atvinnurekstrarins og neytendanna í þessu efni. Ef það er heimtað af ríkisstj., að hún geri ráðstafanir til þess, að kauphækkanir, sem verkalýðurinn kann að semja um, verði raunhæfar kjarabætur, þá er ekki jafnframt hægt að ásaka hana fyrir, að hún veiti framleiðslunni fyrir innanlandsmarkað aðhald með því að leyfa innflutning, því að það er einmitt slíkt aðhald, sem knýr atvinnureksturinn til að axla þær byrðar, sem hann hefur tekið á sig með því að semja um hærra kaup. Ef hins vegar er heimtað, að atvinnurekendum sé í skjóli hafta og tollverndar ávallt gert kleift að velta öllum kauphækkunum af sér yfir í vöruverðið, þá verður allt tal um raunhæfar kjarabætur í rauninni ómerkt hjal. Þá er ekki lengur hægt að tala um kaupgjaldsbaráttuna sem kjarabaráttu, heldur aðeins baráttu fyrir aukinni verðbólgu.

Ég vil taka það fram, að í þessu liggur ekki, að ég sé að dróttа því að hv. 4. þm. Norðurl. e., að hann hugsi á þennan veg. Það veit ég, að hann gerir ekki. En það er nauðsynlegt, að þessi vandasömu mál séu athuguð frá öllum hliðum, og verkalýðshreyfingin verður að gæta þess, að samræmi sé í þeim kröfum, sem hún gerir á hendur stjórnarvöldum, ef hægt á að vera að koma til móts við þær.

Herra forseti. Meiri hl. fjhn. leggur til, að þetta frv. verði afgr. frá þessari hv. d. með þeim efnisbreytingum, sem hún leggur til að gerðar verði með brtt. á þskj. 450, en auk þess eru, eins og ég hef þegar getið, væntanlegar fáeinar brtt. fyrir 3. umr., sem eru þó eingöngu formlegs eðlis.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl., náði fjhn. ekki samstöðu um afgreiðslu þessa frv. Hv. 1. þm. Vesturl., sem í fjarveru hv. 1. þm. Norðurl. e. tók sæti í fjhn., og ég höfum gefið út sérstakt nál. á þskj. 446 og brtt. á þskj. 447.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að gera grein fyrir þessu. Ég skal neita mér um að fara langt út í umr. um almenn atriði, eins og frsm. hv. meiri hl. gaf þó tilefni til.

Ég ræddi þessi atriði nokkuð við 1. umr. málsins, og umfram það, sem þá var sagt og fram kemur í nál. á þskj. 446, hef ég ekki miklu við að bæta. Það hefur verið skoðun min lengi, og ég hef tekið hvert tilefni, sem gefizt hefur í sambandi við tollskrármál, til þess að láta þá skoðun í ljós, að nauðsyn beri til að lækka mjög verulega, helzt afnema tolla á vélum og tækjum til framleiðslunnar. Ég sé ekki ástæðu til þess að rökstyðja þetta svo mjög nú, það hef ég og reyndar margir fleiri gert áður, og ég skal ekki endurtaka það. Það liggur í augum uppi, að sá aukni stofnkostnaður, sem af þessu leiðir, rýrir samkeppnisaðstöðu þeirra framleiðenda, sem slíka tolla eiga að greiða, og ekki nóg með það, heldur eru slíkir tollar hemill á viðleitni framleiðenda til að bæta vélakost og tækjakost, og það er kannske ekki síður alvarlegt atriði.

Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. hér áðan, að við, sem að þessu nál. stöndum, teldum, að jafnvel eftir að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefði verið samþ., þá ætti sér stað mismunun milli einstakra greina framleiðslunnar í tollamálum. Ég vil, að það komi skýrt fram, að ég álít meira að segja, að sú

mismunun sé aukin með þessu frv., og þykist ég hafa sýnt fram á það í nál. á þskj. 446. Mér virðist, að eftir að þetta frv. hefur verið samþ. óbreytt, væri um að ræða 5 tollaflokka á vélum og tækjum til framleiðslunnar í staðinn fyrir þó ekki nema 4 eða jafnvel ekki nema 3 áður á þessum tækjum.

Það eru þá í fyrsta lagi bátar, sem eru tollfrjálsir, og vélar til þeirra, sem eru það í raun líka. Þó að þær séu í 10% tolli samkv. skránni sjálfri, þá eru tvær heimildagreinar til þess að endurgreiða tolla af þeim og sýnilegt, að löggjafinn ætlast til, að svo sé. Í öðru lagi er það 4% flokkur. Í honum eru veiðarfæri og ýmsar vélar og tæki til fiskveiðanna, t. d. eins og síldardælur, sem nú bætast við samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, og hliðstætt. Í þriðja lagi eru svo í 10% tolli landbúnaðarvélar og vélar til fiskiðnaðarins samkv. þessu frv. Í fjórða lagi er svo 15% tollur. Þar eru vélar til fiskiðnaðarins, sem einnig eru framleiddar hér innanlands. Og síðast í fimmta lagi eru vélar og tæki til iðnaðar, sem fyrst og fremst vinnur fyrir innlendan markað, og iðnaðar úr landbúnaðarvöru og líku í 25% tolli.

Raunar er svo 6. flokkurinn, sem ég hef nú gengið fram hjá og geri ekki sérstakan ágreining um, og það eru vélar til ýmiss konar þjónustuiðnaðar, sem eru enn í 35% tolli og voru víst raunar í 50% áður. En þær ætla ég ekki að gera hér sérstaklega að umtalsefni. En mér virðist, að það sé óeðlilegt að skipta framleiðslunni niður í flokka, sem búi við misjöfn skilyrði að þessu leyti til.

Mér virðist, að við þessa flokkun gæti tveggja sjónarmiða. Þau tæki, sem notuð eru til frumframleiðslu — til hráefnisöflunar, eru sett í lægri tollflokka en hin, sem eru til iðnaðar eða fullvinnslu hráefna, því að þegar tækin til fiskveiða eru í ýmist 0 eða 4% tolli, eru tækin til fiskiðnaðar í ýmist 10% eða 15% tolli, og þegar tæki til hráefnaöflunar í landbúnaði eru í 10% tolli, eru tæki til iðnaðar á því sviði í 25% tolli. Hér er því um að ræða ósamræmi og misjöfnun, sem ég get ekki fundið nein eðlileg rök fyrir.

Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir mismunun á þeim grundvelli, hvort um er að ræða framleiðslu útflutningsvöru (en þar er nú raunar bara átt við fiskiðnað, eftir því sem ég fæ bezt séð, í þessu frv.) eða vinnslu fyrir innlendan markað. Ég geri ráð fyrir því, að flestir geri sér það ljóst, að mörkin þarna á milli geta verið æðióglögg og getur orðið æðimiklum erfiðleikum undirorpið að gera þau mörg glögg í framkvæmd. En látum það liggja á milli hluta. Þó að svo væri, að hægt væri að gera þessar línur sæmilega glöggar, finn ég ekki rök því til stuðnings, að eðlilegt sé að draga þessa markalínu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að það væri í sjálfu sér eðlilegt að draga þessa línu, sökum þess að þeir tollar, sem legðust á þær vélar, sem notaðar eru til framleiðslu vara til sölu á innanlandsmarkaði, kæmu fram í vöruverðinu og væru því í raun og veru neyzlutollar eða neyzluskattar. Þetta út af fyrir sig er ekki vefengt. En hitt er ljóst, að til þess að þetta geti komið fram í vöruverðinu, verður iðnaðurinn að hafa þá aðstöðu að geta hækkað vöruverðið sem þessu svarar, og það liggur jafnljóst fyrir eftir sem áður, að þetta rýrir samkeppnisaðstöðu iðnaðarins við hliðstæðar vörur, sem ekki eru framleiddar undir þessum skilyrðum. Og svo er hitt sjónarmiðið, sem ég nefndi áðan og ég vil undirstrika enn á ný, að tollar af þessu tagi verka til þess að draga úr áhuga manna og viðleitni til þess að vélvæðast og búast betri tækjum.

Þetta sjónarmið, að hafa lægri tolla á vélum, sem ætlaðar eru til útflutningsframleiðslunnar, heldur en hinum, sem ætlaðar eru til framleiðslu fyrir innanlandsmarkað, er, eins og ég sagði áðan, þess eðlis, að mér finnst það hljóta að vera nokkuð erfitt í framkvæmd. Þeir erfiðleikar koma strax fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að höfundar þess hafa ekki treyst sér til þess að gera þarna annan greinarmun á í raun heldur en skilja á milli fiskiðnaðar og annars iðnaðar. En vissulega er það ýmiss konar annar iðnaður en bara fiskiðnaður, sem hefur möguleika til þess að vera og er að nokkru leyti kannske þegar orðinn útflutningsiðnaður. Út í þetta skal ég ekki fara frekar og ekki eyða tíma hv. d. í frekari rökstuðning fyrir okkar máli, því að eins og ég sagði áðan, hef ég við ýmis tækifæri komið þeim rökum á framfæri og skal því ekki taka langan tíma frá hv. d. til þess að gera grein fyrir máli 1. minni hl.

Við höfum á þskj. 447 lagt fram brtt., sem allar hníga í þá átt að jafna aðstöðu iðnaðargreinanna og atvinnugreinanna þannig, að við viljum marka þá stefnu, að allar vélar og tæki til framleiðsluatvinnuveganna, hverrar greinar þeirra sem vera skal, skuli búa við sömu tollkjör og sem allra lægst. Næst mínu skapi hefði verið að leggja til, að þessir tollar væru afnumdir, en við höfum á þessu stigi ekki viljað ganga lengra en að leggja til, að þessar vélar og tæki verði öll í 4% tolli.

1. till. á þskj. 447 er um mjólkurtankana, sem ég gerði að umræðuefni hér við 1. umr. þessa máls. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans undirtektir í því máli, og hv. fjhn. hefur lagt fram till. um það, að tollur á þessum geymum skuli lækka úr 25% ofan í 10%, og er það þakkarvert, svo langt sem það nær. Hins vegar höfum við í 1. minni hl. lagt til, að þetta lækki ofan í 4%, í samræmi við þá stefnu, sem er í till. okkar að öðru leyti.

Þegar tollskrármál hafa verið til umr. hér á hv. Alþ., höfum við framsóknarmenn jafnan lagt áherzlu á ýmis fleiri atriði en þau, sem hér eru aðallega til umr. Okkur hefur þó þótt rétt vegna þess, hve hér er um mikið grundvallaratriði að ræða, — hvernig eigi að tolla vélar til framleiðslunnar, — að takmarka okkar tillögugerð og okkar málflutning við það atriði eitt. Áður höfum við flutt till. um t. d. endurgreiðslu á tollum af íbúðarhúsnæði,

og erum við að sjálfsögðu enn þá þeirrar skoðunar, að það beri að gera og raunar e. t. v. taka til endurskoðunar tollun á byggingarefni yfirleitt, þótt við höfum ekki að þessu sinni séð ástæðu til þess að flytja till. af því tagi af þeim sökum, sem ég var að gera grein fyrir. Ég sé hins vegar, að hv. 2. minni hl. fjhn., 4. þm. Norðurl. e., hefur flutt brtt. í þessa átt, og mun ég að sjálfsögðu styðja hana, þó að við af þeim ástæðum, sem ég gerði grein fyrir áðan, flytjum ekki slíka till í 1. minni hl.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta til viðbótar því, sem þegar er sagt. Brtt. okkar á þskj. 447 eru þess eðlis, að þær eiga að marka ákveðna stefnu í þessum málum og við höfum þess vegna ekki séð ástæðu til þess að setja þær þannig fram, að það fari fram endilega atkvgr. um hvern einstakan tölulið, heldur væri að sjálfsögðu eðlilegt til hægri verka, að hæstv. forseti bæri upp stafliðina, eins og þeir liggja fyrir í heild. Skal ég þá ekki fara fleiri orðum um þetta, en geta þess þó að lokum, að það kemur fram annaðhvort í grg. eða í framsöguræðu hæstv. fjmrh., að tekjutap ríkissjóðs við þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, eins og það liggur fyrir, sé um 25 millj. kr. Samkv. sundurliðun, sem ég hef fengið frá fjmrh., hef ég reiknað út, hvaða viðbótartekjumissir væri fólginn í því fyrir ríkissjóð, að samþykktar yrðu brtt. okkar á þskj. 447, og telst mér svo til, að það muni vera 27½ millj. Það er að vísu nokkurt fé. En þegar við með skömmu millibili þurfum að taka afstöðu til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, eru jafnan hundruð millj., sem þar er um að ræða, svo að mér virðist ekki, að þær 27½ millj., sem hér er um að ræða, geti ráðið neitt úrslitum um það, hvaða stefnu menn vilja marka í sambandi við þetta mikilvæga mál, sem hér er við að fást.

Frsm. 2 minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru fyrst örfá orð vegna ummæla í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., og er þá fyrst að taka þar til, þegar hv. frsm. var að verja mismun á tollum, annars vegar á tollum til þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir erlendan markað, og hins vegar tollar á vélar og tæki til þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað. Hann sagði í því sambandi, að innflutningstollarnir á iðnaðinn, sem framleiðir fyrir innanlandsneyzluna, væru hugsaðir sem neyzluskattar og þess vegna væru þeir eðlileg fjáröflunarleið og þess vegna væri verjandi að leggja þá á, vegna þess, að mér skildist, að iðnrekendur ættu auðvelt með það að leggja þá á neyzluna, hækka sem sagt verðlagið, þannig yrðu þetta neyzluskattar. Kann að vera, að þetta sé í sumum tilfellum unnt og sjálfsagt nokkuð oft, en ég hygg þó, að á þessu kunni að verða miklir annmarkar, þegar óheft samkeppni kemur til af hálfu erlends iðnvarnings, sem veitt er nærri hömlulaust inn í landið. Ef ekki er þar fyrir hendi nægileg tollvernd, hlýtur svo að fara, að ekki sé mögulegt vegna samkeppnisaðstöðunnar að hækka verðlagið, og mundi þetta þá lenda á atvinnuvegunum alveg á nákvæmlega sama hátt og þessir tollar mundu lenda á þeim, sem reka útflutningsiðnaðinn.

Þá sagði hv. ræðumaður, að nýverið hefðu engin þau skref verið stigin, sem gætu orsakað það, að iðnaðurinn ætti nú frekar í vök að verjast en áður, og það væru aðeins kauphækkanirnar, sem hefðu komið til á undanförnum árum, sem gerðu það að verkum, að iðnaðurinn stæði nú verr að vígi en áður. Ég mun koma að þessu atriði nánar síðar, en ég vil aðeins benda á, að það er auðvitað alveg beint samband á milli þess, hvað hann er fær um að greiða hátt kaupgjald og hvað hann er fær um að færa niður sína vöru, þar er alveg beint samband á milli og þeirrar aðstöðu, sem honum er sköpuð, m. a. aðstöðu, sem mótast af því, hvaða tolla verður að greiða af fjárfestingu iðnaðarins, vélum og tækjum, sem hann þarf á að halda.

Hv. ræðumaður sagði, að það væri ekki unnt að halda fram í þessum málum bæði hagsmunum atvinnurekenda annars vegar og hins vegar neytenda og verkalýðsins. Ég held, að þetta sé mikill misskilningur. Ég held, að þarna geti verið fullkomið samræmi í, og mun ég nánar rekja það síðar.

Þá gerði hann loks að umtalsefni tillögugerðina fyrir 2 árum, sem laut að því, að ég hefði lagt til þá, sem er rétt, að tollar á aðfluttum fatnaði yrðu lækkaðir úr 90% niður í 60%. Ég gæti nú sjálfsagt sagt eins og mikilhæfur stjórnmálamaður gerði stundum hér á hv. Alþ., að ég hef oft skipt um skoðun á skemmri tíma en tveimur árum. En ég hygg líka, að 60% tollur á þessar vörutegundir ætti ekki út af fyrir sig að verða ákaflega hættulegur, þó að sú lækkun hefði átt sér stað, ef fatnaðariðnaðurinn í landinu t. d. byggi við hliðstæð kjör og aðrar atvinnugreinar. En á það hefur verulega skort.

Eins og fram hefur komið, var ekki uppi ágreiningur um það í fjhn., að ákvæði þessa frv. stefndu út af fyrir sig til bóta, svo langt sem þau næðu. Um hitt voru aftur á móti skiptar skoðanir, eins og nál. og brtt. bera með sér, hve miklar breytingar væri nauðsynlegt eða framkvæmanlegt að gera á því takmarkaða sviði tollskrárl., sem þetta frv. fjallar aðallega um. En meginefni frv. er um breytingar á vélakafla tollskrárl., og er yfirleitt gert ráð fyrir lækkun úr 35% í 25% á vélum og tækjum, sem notuð eru í þeim iðnaði, sem framleiðir fyrir innanlandsmarkað, en hins vegar lækkun í 15% og 10% yfirleitt á vélum og tækjum, sem notuð eru í fiskiðnaði og landbúnaði og hafa borið hærri tolla til þessa.

Þær brtt., sem ég flyt við vélakaflann í frv. og í tollskránni, eru fyrst og fremst þær, að dregið verði verulega úr þeirri mismunun, sem frv. gerir ráð fyrir, annars vegar milli innanlandsiðnaðarins og sjávarútvegs, fiskiðnaðar og landbúnaðar hins vegar, og legg

ég til, að þær iðnaðarvélar, sem þannig eru settar í 25% tollflokk, verði færðar niður í 15% flokkinn, þ. e. a. s. þar verði látin duga hæstu gjöld, sem lögð eru á vélar og tæki útvegs, fiskiðnaðar og landbúnaðar. Þá legg ég til, að nokkuð af vélum og tækjum til landbúnaðarins verði fært niður í lægsta flokk, sem tæki útvegsins eru yfirleitt í, þ. e. a. s. 4%, í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða sambærileg tæki í landbúnaðinum við þau, sem að þessu leyti njóta beztu kjara.

Ég sé, að hv. 1. minni hl. leggur til, að gengið verði allmiklu lengra í þessa átt, þ. e. a. s. meginhluti véla og tækja verði færður niður í 4% flokkinn, og má sjálfsagt færa sterk rök fyrir þeirri tillögugerð, þó að ég hafi tekið þann kost að þessu sinni að fara nokkuð vægara í sakirnar. Yfirleitt verður að telja, að sú fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð að leggja toll á vélar og tæki til þeirrar höfuðatvinnugreinar, sem þjóðin byggir afkomu sína á, sé meira en hæpin í flestum tilfellum, og mun það óvíða tíðkast meðal annarra þjóða að nokkru marki. Út yfir tekur þó að mínu viti, að höfuðatvinnugreinunum sé stórlega mismunað í þessum efnum og miklu þyngri gjöld lögð á eina þeirra en aðra. En þrátt fyrir þá lækkun, sem í þessu frv. er ráðgerð, er slík mismunun gagnvart iðnaðinum aukin frá því, sem er nú. Þessi mismunun gagnvart iðnaðinum er þeim mun háskalegri nú en oftast áður, sem aðstaða hans öll hefur í mörgum greinum farið stórversnandi á síðari árum og þó aldrei meira en á síðasta ári og því ári, sem nú er að líða. Tvö síðustu árin a. m. k. hefur verið um að ræða verulega fækkun í starfsmannahaldi iðnaðarins og í sumum greinum hans mjög mikla. Allmörg iðnfyrirtæki, sérstaklega í fatnaðariðnaði og sumum greinum matvælaframleiðslu, hafa ýmist orðið að hætta starfsemi sinni með öllu eða hafa mjög dregið saman seglin. Nú í vetur hafa tugir iðnfyrirtækja hér í Reykjavík ekki getað staðið í skilum við verkafólk með launagreiðslur, og það mun nú vera orðið aðalstarf stéttarfélags verksmiðjufólksins að standa í innheimtu launa fyrir fólkið. Uppsagnir starfsfólks, jafnvel í tugatali samtímis, eru orðnar daglegt brauð. Þessi þróun málanna er ekkert sérkenni fyrir þann iðnað, sem sumir mundu e. t. v. telja óþarfari en annað eða lítt þarfan. Samdrátturinn nær ekki síður til hinna greinanna, svo sem veiðarfæraiðnaðarins, sem nú virðist bíða dauða síns mitt í viðreisninni, og einnig til gróinna fyrirtækja eins og t. d. Vinnufatagerðar Íslands og enn annarra fyrirtækja, sem byggja að verulegu leyti á innlendu hráefni, svo sem t. d. skógerðar, en í þeirri grein hjarir nú aðeins eitt fyrirtæki og mun þó búa við erfiðan rekstur. Þó að ástandið sé ekki slíkt í öllum greinum iðnaðarins og þau fyrirtæki búi við sæmilegan hag eða jafnvel góðan, sem t. d. njóta náttúrlegrar verndar, sem svo mætti kalla, í þeim tilvikum, sem erlend samkeppni kemur ekki til greina vegna flutningskostnaðar, eða búa við vernd vegna hamla á samkeppnisinnflutningi enn þá eða njóta mjög fullkominnar tollverndar, held ég, að það sé ekki unnt að láta eins og ekkert sé. Þegar þessi atvinnugrein, sem flestir landsmenn hafa lífsframfæri af, er svo á vegi stödd sem iðnaðurinn er nú að verulegum hluta, þá ber löggjafarvaldinu tafarlaust að leita orsakanna og gera ráðstafanir, sem duga til bjargar.

Ég ætla, að það sé auðsætt, að orsakanna til þeirra erfiðleika, sem ýmsar greinar iðnaðarins þurfa nú við að búa, sé fyrst og fremst að leita í aðgerðum núv. ríkisstj. og þá alveg sérstaklega þeim að opna í sífellt ríkara mæli fyrir hömlulausan innflutning samkeppnisiðnaðar, án þess að gefa iðnaðinum nokkurt svigrúm eða möguleika jafnframt með öðrum ráðstöfunum til þess að standast þá samkeppni, sem af þessu hefur leitt, nema síður hafi verið, því að jafnframt verzlunarfrelsinu svonefnda hafa tollar af innfluttum samkeppnisiðnvarningi í ýmsum tilfellum verið lækkaðir og sú vernd, sem þeir veittu ásamt með takmörkunum á innflutningi, þess vegna minnkað.

Nú er þess mjög að gæta, að mikill hluti íslenzks iðnaðar er vaxinn upp við skilyrði takmarkana á innflutningi og í ýmsum tilfellum hárra verndartolla og rekstur hans hefur auðvitað oft verið miðaður við þau skilyrði og uppbygging hans. Það er þess vegna bersýnilegt, að snöggar stórbreytingar geta reynzt harla örlagaríkar og jafnvel kippt grundvellinum undan mörgum fyrirtækjum, jafnvel þó að þau með nægum tíma og möguleikum til endurskipulagningar og hagræðingar í rekstri gætu reynzt fullkomlega samkeppnisfær við hliðstæð erlend fyrirtæki. Nú er það vafalítið svo, að sumt af þeim smáiðnaði, sem hér hefur verið starfræktur, á vafasaman rétt á sér frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En fyllilega verður þó ekki gengið úr skugga um það, hvaða iðngreinar eigi tilverurétt hér, nema þeim hafi verið sköpuð lífsskilyrði til jafns við aðrar atvinnugreinar og möguleikar til þess að skipuleggja rekstur sinn eftir kröfum tímanna. En á þetta hefur mjög skort og skortir enn, og eru fjárfestingarskattarnir, þ. e. a. s. tollar af vélum og tækjum og söluskatturinn af sama, þar eitt gleggsta dæmið. Það mun nú láta nærri, að að undanförnu hafi þessi gjöld numið 40—45%, miðað við innkaupsverð aðkeyptra framleiðslutækja iðnaðarins, meðan hliðstæð sköttun á tækjum til fiskveiða hefur verið í kringum 2% og í kringum 20% á tækjum og vélum til landbúnaðarins. Það hefur verið bent á það og leidd að því sterk rök, m. a. af forsvarsmönnum iðnaðarins, að ef mismununin á þessu sviði væri úr sögunni, gæti iðnaðurinn að óbreyttum öðrum rekstrarskilyrðum hækkað laun til starfsmanna um 10—20%, mismunandi eftir því, hver endingartími tækjunum er ætlaður, og eftir því, hve mikla fjárfestingu þyrfti á hvern starfsmann. Og auðvitað gæti þessi mismunun þá eins komið fram að einhverju leyti, ef um það

væri að tefla, í lækkuðu verðlagi. Mér virðist því óvíst, hvort hið opinbera þyrfti nokkru að tapa við slíka breytingu, þar sem auknar tekjur og þar með aukin gjaldheimta vegna atvinnurekstrar eða þá starfsmanna hans kæmi í stað hinnar fyrri skattlagningar.

Margs annars þarf auðvitað að gæta í sambandi við uppbyggingar- og rekstrarskilyrði iðnaðarins og við mat á gildi hans. Þar koma m. a. til lánamálin og fjölmargt fleira, en eitt vil ég þó sérstaklega nefna, sem ég held, að ekki megi gleymast, og það eru möguleikar nýtízkuiðnaðar og þá ekki sízt smáiðnaðar ýmiss konar til þess að nýta vinnuafl, sem ekki mundi notast þjóðfélaginu í neinni annarri atvinnugrein. Þar er því oft um hreinlega fundið fé að ræða fyrir þjóðarheildina. Stöðvun smáiðnaðarins mundi því vafalaust ekki eingöngu þýða minnkaða framleiðslu, heldur beinlínis baka hinu opinbera aukin útgjöld, þar sem fjöldi fólks yrði sviptur atvinnumöguleikum, og er þetta í raun augljósara en mörg orð þurfi um að hafa.

Eins og ég áður sagði, mun það vera harla sjaldgæft, að iðnaðarþjóðir leggi tolla, a. m. k. svo að nokkru nemi, á innflutning véla og tækja eða hráefna til iðnaðarins og nær algilt, að þær vernda auk þess iðnað sinn jafnframt með tollum á fullunninn varning. Hér er því nánast um alíslenzkt fyrirbæri að ræða, sem varla kann góðri lukku að stýra, allra sízt þegar þess er gætt, að iðnvarningi þessara þjóða, sem búa miklu betur að sínum iðnrekstri, er takmarkalaust hleypt inn á okkar þrönga markað.

Mér þykir það líka athyglisvert í þessu sambandi, að í öllum ráðagerðum um stóriðju hér á landi gera talsmenn hennar ráð fyrir því, að allur innflutningur fjárfestingarvara, véla, tækja og byggingarefnis, verði með öllu tollfrjáls, þar sem engum erlendum auðhringum mundi detta í hug að ráðast í slíkan rekstur, ef honum væru búin sömu skilyrði hvað þetta snertir og íslenzkum iðnaði. Og nú þegar hafa verið samþ. hér á hv. Alþ. lög um tollfrelsi fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju. Ég spyr nú, hvort nokkur sanngirni eða samræmi sé í þeirri stórfelldu mismunun, sem hér er stefnt að, og það mætti líka spyrja, hvort því mundi verða unað, að erlendir aðilar njóti hér annars og meiri réttar en Íslendingar sjálfir.

Með till. mínum er þó ekki gengið lengra til móts við þarfir iðnaðarins en svo, að ég legg til, að tollar á vélum og tækjum verði færðir niður í 15%, eða eins og ég áðan sagði hæsta tollflokk, sem tilsvarandi framleiðslutækjum fiskiðnaðar og landbúnaðar er gerður. Skemmra held ég, að ekki verði með nokkurri sanngirni gengið, enda mundi sú mismunun, sem nú er, aukast að öðrum kosti.

Auk till. minna varðandi lækkun tolla á iðnaðarvörum og iðnaðarvélum flyt ég svo nokkrar till., sem eru utan þess sviðs, sem markast af þessu frv. Er þar í fyrsta lagi um að ræða nokkra lækkun á nokkrum vöruteg-unum til bygginga, sem nú bera hærri toll en aðrar sambærilegar efnivörur til húsbygginga, en þær eru nú flestar í 35% tollflokki.

Í öðru lagi flyt ég þær brtt., að felldur verði niður tollur af pappír, bæði til blaðaútgáfu og bókagerðar, en þessar vörur eru nú í 4% tollflokki hvað blaðapappír snertir og pappír að öðru leyti í 30% tollflokki. Mér virðist harla óeðlilegt, að blaðaútgáfa sé skattlögð hér á landi, á sama tíma sem um það er rætt af ráðamönnum á öðrum Norðurlöndum að styrkja dagblaðaútgáfu með stórum fjárframlögum af opinberu fé. Er líka öllum kunnugt, að blaðaútgáfa hér á landi er alls ófær um skattgreiðslur, enda er henni haldið uppi með miklum erfiðleikum og mikilli meðgjöf af hálfu stjórnmálasamtaka og annarra þeirra samtaka, nema þar sem um er að ræða útgáfustarfsemi þeirra aðila, sem aðstöðu sinnar vegna geta skattlagt neytendur almennt stórkostlega óbeint með því að láta þá greiða auglýsingar sínar í hækkuðu vöruverði. Við Íslendingar viljum telja okkur mikla bókmenntaþjóð og ættum því ekki að skattleggja bókagerð okkar með háum pappírstollum. Við ættum þar að láta nægja að skattleggja þá útgáfustarfsemi, sem einhverjum ágóða skilar.

Loks flyt ég 3 brtt. við heimildagr. tollskrárlaganna. Í fyrsta lagi þá, að ríkisstj. verði heimilað að endurgreiða þeim, sem byggja íbúð til eigin þarfa, tolla af aðfluttu byggingarefni. Þetta nái þó aðeins til þeirra, sem byggja íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína í fyrsta skipti á ævinni. Þessa till. flutti ég einnig 1963, þegar tollskráin var til meðferðar. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að fjárfestingarsköttun ríkisins á sviði íbúðabygginga eigi verulegan þátt í hinum óhæfilega háa byggingarkostnaði hér á landi, byggingarkostnaði, sem er miklum mun hærri en t. d. á öðrum Norðurlöndum og er einn allra mikilvirkasti verðbólguhvatinn í þjóðfélaginu. Lækkun tolla á byggingarefni var vafalaust einhver raunhæfasta leiðin til umbóta á þessu sviði, leið, sem hægt er að fara, hvenær sem fjáröflunarsjónarmið ríkisins leyfa. Ég er þeirrar skoðunar, að þá ætti að byrja á því að rétta unga fólkinu, sem er að byggja upp heimili sín í fyrsta skipti, höndina með því að íþyngja því ekki um skör fram með því að skattleggja framtak þess, eins og nú er gert.

Í öðru lagi flyt ég svo þá brtt. við heimildargr. tollskrárinnar, að ríkisstj. verði heimilað að endurgreiða tolla af dráttarbrautum og hlutum til þeirra. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeirri till. hæstv. fjmrh., sem flutt er af meiri hl. fjhn. á sérstöku þskj. og fjallar um heimild til að lækka þessa tolla niður í 10%, en ég álít réttara að hafa heimildina svo rúma, að endurgreiða megi öll gjöld af þessum tækjum. Hér er um að ræða framkvæmdir til grundvallarþjónustu við sjávarútveginn, viðhald skipastólsins, og einnig er hér um að ræða aðstöðu til þess að efla skipasmíðaiðnaðinn í landinu, þ. e. a. s. ný skip. Mér finnst allt mæla með því, að slíkar framkvæmdir séu

tollfrjálsar á sama hátt og innflutningur fiskiskipanna sjálfra, því að ella væri hér í raun og veru um öfuga tollvernd að ræða. Rökin fyrir þessari breytingu verða þó enn skýrari, þegar þess er gætt, að flestar þær þjóðir, sem stærstar eru í skipasmíðaiðnaði og munu koma til með að keppa við þann skipasmíðaiðnað, sem nú er að festa hér rætur, styrkja skipasmíðar mjög verulega af almannafé. Má þar t. d. nefna Vestur-Þýzkaland, Frakkland, Holland og — þótt ótrúlegt kunni kannske að þykja — sjálf Bandaríki Norður-Ameríku.

Loks flyt ég þá brtt. við heimildagr., að endurgreiða megi tolla af dísilvélum til rafmagnsframleiðslu. Sú fjáröflunaraðferð ríkisins að tolla innflutning á vélum og tækjum til raforkuframleiðslu er auðvitað harla einkennileg, þegar þess er gætt, að ríkið sjálft er aðaleigandi orkuveranna og jafnframt aðalseljandi raforkunnar. Má í þessu sambandi minna á þann grátbroslega atburð, þegar Sogsvirkjunin var í fjárþröng vegna tollgreiðslu til ríkisins fyrir nokkrum árum og þegar gripið var til þess ráðs, að ríkið gaf út skuldabréf að upphæð 25 millj. kr. til þess að greiða sjálfu sér sömu upphæð í tollum.

Í þessu sambandi má einnig minna á, að svo virðist sem nú eigi með öllu að afnema tolla á aðfluttum vélum, tækjum og efnum til vatnsaflsvirkjana, ef virkjað verður hér fyrir atvinnurekstur erlendra auðhringa, og getur þá tæplega verið hugmyndin, að réttur Íslendinga sjálfra eigi að vera annar og minni í þessu efni. Eins og kunnugt er, er raforkuþörf okkar nú í sjauknum mæli fullnægt með rafmagnsaflstöðvum, og virðist með öllu fráleitt að torvelda uppsetningu slíkra stöðva, þar sem þeirra er þörf, með því að leggja háa tolla á innflutning þeirra.

Ég ætla, að af því, sem ég hef nú sagt, sé ljóst, í hverju brtt. mínar felast, og ég legg til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef nú að nokkru lýst. Þar með er þó engan veginn sagt, að ég telji ekki þörf á frekari breytingum á lögum um tollskrá, en stuttur athugunartími í hv. fjhn. hefur ekki leyft þá íhugun, sem þurft hefði til gagngerðrar tillögugerðar um frekari breytingar.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Sú ríkisstj., sem hér situr, telur sig vera stjórn frjálsra viðskipta. Því er það, að ég vildi minnast örlítið á eina af þeim brtt., sem felast í frv. hæstv. ríkisstj.

Hv. 10. þm. Reykv., sem hafði framsögu hér fyrir meiri hl. n., talaði mjög um nauðsyn þess, að það þyrfti frelsi í öllum viðskiptum, og hér er ein heimildagr. í tollskrárl., 3. gr., 27. liður, sem fjallar um að fella niður gjöld á bifreiðum til fólks, sem er bæklað og lamað eða hefur við mikla vanheilsu að búa. Og að sjálfsögðu er ekki nema gott eitt um þetta að segja, að þessi heimild sé í lögum, og enn fremur það, að þessi heimild skyldi rýmkuð verulega frá því, sem verið hefur, því að takmörkun bifreiðanna til þessa fólks hefur verið allt of mikil. En frelsið hefur hins vegar verið ákaflega lítið hjá þessu fólki að velja á milli hinna mörgu bifreiðategunda, sem hafa verið fluttar til landsins. Mér hefur verið tjáð, að það sé ekki frjálst val nema á 25 bifreiðategundum af þeim 150, sem fluttar voru inn árið sem leið, og þetta er allt of lítið. Yfirleitt hefur fólkið orðið að taka, hvort sem það hefur viljað eða ekki viljað, þessar austur-evrópsku bifreiðar. Það má vel vera, að þær séu undir mörgum kringumstæðum ágætar. En maður, sem fatlast og er vanur öðrum bifreiðum, það mundi koma sér bezt fyrir hann að geta fengið þá bifreiðartegund, sem hann hefur vanizt, frá því að hann fór að aka bíl. Þess vegna er það, að ég vildi spyrja frsm. eða hæstv. fjmrh. um það, hvort þessi heimild verði ekki rýmkuð um frjálsa valið á milli einstakra bifreiðategunda, vegna þess að mér er vel kunnugt um, að það er mikið áhugamál og mikið nauðsynjamál fyrir það fólk, sem á hér hlut að máli. Og sé ekkert á döfinni um það, að þetta yrði gert, vildi ég og mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. tæki þetta mál til athugunar, enda finnst mér, að það væri í fullu samræmi við þá stjórnarstefnu, sem hún hefur haldið fram, að það ætti að vera frelsi í viðskiptum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) beindi til mín fyrirspurn, sem ég skal gjarnan svara. Það er í sambandi við þá tollaeftirgjöf, sem gert er ráð fyrir að lamaðir og fatlaðir fái. Í tollskrá var lengi vel ákveðið, að veita mætti allt að 50 öryrkjum á ári tollundanþágu, sem næmi 40 þús. af hverri bifreið, og það væri ákveðið af nefnd þriggja lækna, hverjir skyldu njóta þessarar undanþágu. Þessi skipan varðandi læknanefndina, sem úrskurðar til fullnaðar um það, hverjir skuli njóta undanþágunnar, er óbreytt. Hins vegar var upphæðin hækkuð á s. l. ári úr 40 þús. upp í 70 þús. á bifreið og tala bifreiðanna einnig nokkuð hækkuð. En nú er lagt til eftir tillögu læknanefndarinnar að hækka þessa tölu enn verulega, þannig að hún verði 300 á ári, eða 250 bifreiðar til nýrra aðila og 50 bifreiðar til endurnýjunar. Nú spyr hv. þm., hvort breyting sé fyrirhuguð á því, að meginþorra þessara bifreiða hefur orðið að kaupa frá vöruskiptalöndum eða Austur-Evrópu. Ég vil taka það fram, að ég er honum alveg sammála í þessu efni, að það væri æskilegt að geta gefið öryrkjunum frjálst val um það, hvaða bifreið þeir keyptu, hvaða tegund, frá hvaða landi. En ástæðan til þess, að um nokkur undanfarin ár hafa þessi viðskipti verið bundin við Austur-Evrópulönd, er eingöngu viðskiptalegs eðlis. Eins og kunnugt er, eru þessi viðskipti, sem okkur eru mikilsverð vegna sölu á okkar afurðum, bundin við jafnvirðiskaup, þannig að við þurfum að kaupa jafnvirði þess, sem við seljum þessum löndum, í vörum þaðan. Nú hafa sum þessara ríkja lagt á það ákaflega mikla áherzlu, að keypt yrði þaðan ýmiss konar iðnaðarframleiðsla, sem erfiðlega hefur

gengið að koma út hér á landi, og ein tegund þessarar iðnaðarframleiðslu eru bifreiðar, sem lögð hefur verið mjög mikil áherzla á af hálfu sumra þessara ríkja að selja hingað. Það hefur því orðið sú niðurstaðan, að varðandi þessar undanþágubifreiðar varðandi tolla yrði þeim viðskiptum aðallega beint til þessara landa, sem krefjast jafnvirðiskaupa. Ég skal ekki segja um, hvort möguleikar verða á því að fá þessu breytt, en það er sjálfsagt eftir ábendingu hv. þm. að kanna, hvort væru möguleikar að taka þetta upp að nýju og gefa öryrkjunum meira valfrelsi en verið hefur. Ég get ekkert fullyrt um það nú, en það er sjálfsagt, að það mál verði athugað að nýju.

ATKVGR.
Brtt. 454,1.a—b felld með 10:8 atkv.
— 447,a felld með 10:8 atkv.
— 454,1.c kom ekki til atkv.
— 450 teknar aftur til 3. umr.
— 454,1.d felld með 10:8 atkv.
— 447,b felld með 10:8 atkv.
— 447,c—e felld með 10:8 atkv.
— 454,1.e felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 454,2.a felld með 10:8 atkv.
— 454,2.b felld með 10:8 atkv.
— 454,2.c felld með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 417, 450).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haldið fund út af þeim formsatriðum í sambandi við frv., sem ég gat um við 2. umr., að væru til athugunar. Hefur n. orðið sammála um að flytja í þessu tilefni nokkrar brtt. við frv., sem útbýtt hefur verið fjölrituðum meðal hv. þdm., og leyfi ég mér hér með að leggja þær fram sem skriflegar brtt. og biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 464) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 450 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 464 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 465).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar tollskráin nýja var lögð fyrir Alþ. 1963, var það tekið fram, að þó að hún yrði samþ. með ýmsum þeim lagfæringum, sem hún fól í sér, mundi haldið áfram athugun og endurskoðun á tollamálum. Í samræmi við það fól ég í des. 1963 tollskrárnefnd að athuga og gera till. um lækkun á tollum af vélum og ýmsum tækjum vegna atvinnuveganna. N. var sérstaklega falið að athuga, hvort hentugt þætti og mögulegt væri að lækka tolla af vélum til vinnslu útflutningsafurða meira en á vélum og tækjum til annarra nota, enn fremur að athuga sérstaklega áhrif lækkunar á vélatollum á samkeppnisaðstöðu hins íslenzka iðnaðar og að sjálfsögðu að semja grg. um þann tekjumissi, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna þessara tollalækkana. Í grg. eða aths. við þetta lagafrv. er birt orðrétt það bréf, sem ég ritaði tollskrárn., og hefur hún fyrir nokkru skilað till. um þetta efni.

Meginbreytingin, sem hún lagði til og felst í frv., er sú, að almenn lækkun á vélatollum verði úr 35 niður í 25%, en tollar lækki úr 35 niður í 10% á vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða, öðrum en þeim, sem jafnframt eru framleiddar í landinu sjálfu. Á slíkum vélum verði tollurinn 15%. En auk þess hefur verið ákveðið að endurgreiða tolla af efni til slíkrar vélaframleiðslu innanlands og enn fremur að fella niður söluskatt af sölu hinnar innlendu vélaframleiðslu. Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar með hliðsjón af hinni innlendu vélaframleiðslu, og þegar þess er gætt, að tollar á hinum innfluttu vélum vegna útflutningsatvinnuveganna lækka svo mjög, taka slíkt stökk eins og hér er gert ráð fyrir, úr 35% niður í 10%, er þetta óhjákvæmileg og sjálfsögð aðstoð við hinn innlenda iðnað.

Í meðförum hv. Ed. voru gerðar nokkrar formbreytingar á frv. og tvær efnisbreytingar. Önnur er sú, að geymar úr ryðfríu stáli fyrir mjólk eru farnir að ryðja sér til rúms, og er gert ráð fyrir því, að þeir komi í vaxandi mæli í stað mjólkurbrúsa. Mjólkurbrúsar eru með 10% tolli, en þessir geymar eru nú með 50% tolli. Í frv. var eftir till. tollskrárn. upphaflega gert ráð fyrir, að tollur af þessum geymum færi niður í 25%, en var ákveðið í Ed. að fara með hann niður í 10% eða sama toll og er nú á mjólkurbrúsum.

Önnur breytingin er sú að heimila að lækka eða endurgreiða gjöld af heilum, innfluttum dráttarbrautum, þannig að gjöld af þeim verði 10% verðtollur. Það hefur verið undirbúið og gert ráð fyrir því, að á næstunni verði nokkuð um slíkan innflutning að ræða, og þykir rétt að veita þessa tollalækkun á slíkum dráttarbrautum.

Í hv. Ed. höfðu, þegar málið var til meðferðar þar, fjhn. beggja deilda samstarf um athugun á málinu. Um leið og ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., vil ég bera fram þau tilmæli, að hv. fjhn. afgreiði málið þannig, að 3. umr. og endanleg afgreiðsla geti orðið á morgun. Það er að sjálf-

sögðu mikil nauðsyn, þegar frv. er flutt um lækkanir á tollum, eins og hér er um að ræða, að málið nái skjótri afgreiðslu í þinginu, vegna þess að vitanlega stöðvast allar tollaafgreiðslur, meðan málið liggur hér fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, n. 474 og 479, 480).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til meðferðar. Eins og fram kemur í nál. frá meiri hl. fjhn., klofnaði n. um afgreiðslu málsins. Við meðferð málsins í Ed. *hélt n. sameiginlegan fund með hv. fjhn. Ed.*, þar sem sérfræðingar þeir, sem unnið hafa að samningu frv., voru mættir. Síðan var frv. athugað, eftir að það kom til Nd., og meiri hl. fjhn. mælir með því, að það verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá Ed., sem gerði á því örfáar breytingar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., það var gert af hæstv. fjmrh. við 1. umr., og kemur skýrt fram í grg., hvers vegna frv. er flutt og að haldið sé áfram að vinna að þeirri endurskoðun, sem hér yrði að einhverju leyti lögfest.

Þegar fjhn. Nd. hafði málið til meðferðar, lá fyrir erindi frá Búnaðarfélagi Íslands varðandi breytingar á tollskránni. Enn fremur kom, eftir að n. hafði afgreitt málið, erindi frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í sambandi við leiðréttingar og samræmingu, svo og munnlegar ábendingar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna í sambandi við samræmingu á tollum á varahlutum í vélar. Þessar ábendingar munu að sjálfsögðu komast til þeirrar n., sem endurskoðar tollskrána, og tel ég ekki ástæðu til *þess að fjölyrða um þetta hér, en eins og fram* kemur í nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 474, mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram hefur verið tekið nú þegar, varð fjhn. þessarar hv. þd. ekki sammála um afgreiðslu frv. um breytingar á tollskrá o. fl., og hef ég ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. gefið út nál. fyrir 1. minni hl. þeirrar n., sem ekki hefur enn þá verið útbýtt, en ég mun í örfáum orðum gera grein fyrir því, sem þar um ræðir.

Aðalágreiningurinn í n. varð sá, að við í minni hl. vildum ganga nokkru lengra til lækkunar á tollum en frv. gerir ráð fyrir og heldur en hv. meiri hl. vildi fallast á, og við höfum endurflutt hér þær brtt. að mestu leyti, sem fulltrúar Framsfl. í hv. fjhn. Ed. fluttu þar, en ekki náðu fram að ganga. Brtt. okkar eru birtar á þskj. 480 og eru um það að lækka þá liði, sem þar eru tilgreindir, í 4% toll í stað misjafnra tolla, sem eru á þeim vélum og tækjum frá 10% og upp í 25%. Ég vil geta þess til leiðréttingar, að inn í brtt. okkar hefur slæðzt ein prentvilla, þ. e. 1. liður a, við 13. tölul. 732201: í stað 25% komi 4, eins og þar stendur, á að vera í stað 10% komi 4, vegna þess að hv. Ed. hafði þegar fallizt á að breyta umræddum tolli í 10%. Þessar brtt. okkar skýra sig vitanlega allar sjálfar, og ég skal ekki eyða tíma hv. d. á síðustu minútum þessara þingfunda til þess að rekja þær lið fyrir lið, en þær hníga í stuttu máli allar í þá átt að jafna aðstöðu *iðnaðargreinanna og atvinnu*greinanna, þannig að mörkuð sé sú stefna, að allar vélar og tæki til hverrar greinar framleiðsluatvinnuveganna sem vera skal búi við sömu tollakjör og þau geti orðið sem allra lægst.

Við fulltrúar Framsfl. höfum yfirleitt, þegar rætt hefur verið um breytingar á tollskrá, flutt allmargar aðrar till. til breyt. um lækkun og lagfæringu á tollum, og við erum enn þá þeirrar sömu skoðunar að því leyti, að þar sé enn mikið verk óunnið. En við höfum gert *það nú til samkomulags, á sama hátt og gert* var í hv. Ed., að brtt. okkar að þessu sinni eru alveg innan þess ramma, sem frv. markar, þ. e. að þær fjalla einungis um þá liði, sem frv. tekur til. Við höfum t. d. á undanförnum þingum og a. m. k. í fyrra, þegar tollskrárbreyting var hér til umr., fluttum við till. um það, að ríkissjóður endurgreiddi húsbyggjendum aðflutningsgjöld, sem næmi, að því er mig minnir, 110 kr. á rúmmetra á allt að 360 teningsmetra íbúð. Við erum vitanlega enn þá þeirrar sömu skoðunar, að þessi till. eigi fullan rétt á sér og fátt hafi meiri áhrif á framleiðslukostnaðinn í landinu en hinn hái húsnæðiskostnaður og að ástandið í húsbyggingarmálunum sé þannig, að það sé óhjákvæmilegt að gera þar róttækar úrbætur. En eins og ég segi, höfum við ekki flutt þessa till. nú. Við höfum ekki heldur tekið upp þá till, sem við höfum margsinnis flutt um lækkun á rafknúnum heimilistækjum, og af sömu ástæðu og ég hef áður greint, en ekki af því, að við séum nú fallnir frá þeim óskum.

Hér hefur í sambandi við þetta mál nokkuð borið á góma í hv. Ed. aðstaða iðnaðarins, eins og hann er nú orðinn, og vil ég leyfa mér að fara um það aðeins örfáum orðum.

Það er staðreynd, að í ýmsum greinum iðnaðar hefur orðið verulegur samdráttur á síðustu mánuðum og að nokkur fyrirtæki hafa orðið að leggja reksturinn niður, en önnur hafa dregið mjög saman og fækkað fólki. Vitanlega eru ýmsar ástæður, sem liggja til þess ástands, sem nú ríkir í iðnaðinum, og mismunandi. En ein af þeim mun vera minnkuð tollvernd, lánsfjárskortur, óhagstæð skattakjör o. fl. Nú er ég ekki að halda því fram, að iðnaðurinn hér á landi eigi ekki að geta

staðizt samkeppni erlendis frá án verndartolla eða óeðlilega hárra innflutningsgjalda. En ég vil leyfa mér að benda á, að allar slíkar breytingar hljóta að verða að gerast á nokkuð löngum tíma. Fleira fólk hefur nú framfæri sitt af hvers konar iðnaðarstarfsemi en nokkurri annarri atvinnugrein. Þýðing iðnaðar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap er óumdeilanleg og hlýtur enn þá að fara vaxandi, enda verðum við Íslendingar eins og aðrar þjóðir að stefna að því að efla þennan þátt atvinnumálanna og búa honum skilyrði eftir föngum til jafns við aðrar höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar. Iðnaðurinn veitir mjög mörgu fólki atvinnu, og margt af því fólki er þannig statt, að það getur ekki unnið aðra vinnu en léttur iðnaður veitir því tækifæri til. Þannig sparast verulega þjóðarverðmæti með því að halda uppi tilteknum tegundum iðnaðar, og ég held, að það mundi verða til tjóns fyrir þjóðfélagið, að hann félli allur niður.

Með auknum innflutningi iðnaðarvara erlendis frá skapast vissulega nokkur hætta á þessu. Til þess að mæta því eru sjálfsagt nokkuð mörg ráð, en eitt ráð og það, sem kemur upp í hugann í sambandi við meðferð tollskrár hér á þingi, eru tollar og aðflutningsgjöld af vélum til iðnaðarframleiðslu. Og það er það, sem við höfum tekið upp m. a. í okkar brtt., að færa niður ýmsar vélar og tæki til iðnaðar í tolli til jafns við vélar og tæki til annarra höfuðatvinnuvega þjóðarinnar til þess með því að reyna að hjálpa iðnaðinum í þeirri hörðu baráttu, sem hann á nú í. Að sjálfsögðu hljóta aðrar ráðstafanir einnig að koma til greina, en hér er bent á eina leið, sem verða mætti til nokkurra úrbóta.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, barst, meðan á meðferð málsins stóð í fjhn., bréf frá Búnaðarfélagi Íslands, þar sem nokkrar óskir um lagfæringar á tollum voru tilgreindar. Við höfum leyft okkur að taka hér upp eina eða tvær brtt. við frv. í samræmi við þetta bréf, en flestar þær aðrar ábendingar, sem í því bréfi var að finna, voru þegar teknar upp af fjhn.-mönnum Framsfl. í hv. Ed. og því endurfluttar af okkur.

Þessar breytingar eru þær, að í 2. tölulið brtt. okkar á þskj. 480, þegar talað er um endurgreiðslu tolla af hreyflum minni en 200 hestafla, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar, er bætt við orðunum „eða til súgþurrkunar á sveitabæjum.“ Okkur finnst, að þessi ábending Búnaðarfélagsins eigi rétt á sér, hér sé um nokkuð hliðstætt atriði að ræða og einmitt er þegar heimilt að endurgreiða gjöldin af. Þá höfum við tekið upp aðra breytingu, minni háttar, í samræmi við óskir Búnaðarfélagsins.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að lengja mál mitt um þetta frv. Eins og fram hefur komið, erum við út af fyrir sig samþykkir þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir, en hefðum í einstaka tilfellum viljað ganga nokkru lengra til lagfæringar en þar er gert og höfum því borið fram brtt. á þskj. 480.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. gat ekki mætt í n., þegar þetta mál var afgreitt, og gat ekki heldur mætt á þingfundi í dag og hefur brottfararleyfi. Ég vil því segja örfá orð um þetta frv. til l. um breyt á tollskrá. Það verða aðeins örfá orð. Ég vitna til þeirrar afstöðu, sem Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., markaði með nál. sínu á þskj. 453 til þessa máls, en þar tók hann þá afstöðu að fylgja þessu frv., en bar fram margar brtt. við það til þess að freista þess, hvort hv. þd. fengist ekki til að ganga nokkru lengra í áttina til tollalækkana á ýmsum vörum, einkanlega efnivörum til iðnaðarins, einnig í nokkrum tilfellum til landbúnaðarins, til jafns við tollakjör, sem sjávarútvegurinn nýtur. Þessar till. hans voru allar felldar, og sé ég ekki ástæðu til að endurflytja þær. Mér sýnist það nokkuð ráðið, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst afgreiða þetta mál, og samþykkt þess leiðir af sér nokkra lækkun í vissum tilfellum á innfluttum vélum.

Það eru þó tvær af till., sem þm. Alþb. fluttu í hv. Ed., sem ég vil leyfa mér að taka hér upp og endurflytja og fá þannig úr því skorið, hvort hv. þd. er ófáanleg til þess að gera þær leiðréttingar, sem í þeim felast. Þessar till. eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Það er við 2. gr., á þann veg, að við gr. bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi: a. Að endurgreiða þeim, sem byggja í fyrsta skipti íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína, aðflutningsgjöld af innfluttu byggingarefni, sem til byggingarinnar þarf. Hámarksupphæð endurgreiðslunnar skal miðuð við efnisþörf til íbúðar að stærð 360 rúmmetrar. Um endurgreiðslurnar skal að öðru leyti farið eftir reglum, sem fjmrn. setur. Og b-liður, tölul. 43: Að endurgreiða gjöld af dísilvélum, sem ætlaðar eru til raforkuframleiðslu.

Fyrri liðurinn er, eins og menn heyra, þess efnis, að felld verði niður innflutningsgjöld af efni undir þeim kringumstæðum, þegar einstaklingur er að byggja í fyrsta sinn íbúð til eigin þarfa. Þessi aðflutningsgjöld, tollar og söluskattur samtals, eru talin nema nú um 70 þús. kr. af íbúð, sem er 360 rúmmetrar að stærð. Það væri nokkur viðurkenning, nokkur léttir, nokkur hvatning ungu fólki, sem er að byggja yfir sig, ef það fengi þessa aðstoð frá hendi ríkisins, að endurgreiðsla kæmi á aðflutningsgjöldum efnisins í húsið, þegar einstaklingur byggir hið fyrsta sinn yfir sig og sína. Ég held, að þetta sé innan þess ramma, að þjóðfélagið geti veitt þessa aðstoð, og held, að það væri hollt, að hún væri veitt, eins og erfiðleikarnir eru fjallháir hjá þeim, sem eru að byggja yfir sig.

Hin till. skýrir sig sjálf. Hún er um það, að heimiluð verði endurgreiðsla tolla af þeim dísilvélum, sem keyptar eru til rafmagnsframleiðslu.

Þessar till. eru skriflegar og of seint fram komnar, og verð ég að biðja hæstv. forseta að leita fyrir þeim afbrigða.

Ég lýsi svo yfir stuðningi Alþb. við frv.,

en æskilegt þætti mér, að þessar tvær litlu breytingar fengjust fram.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt (sjá þskj. 486) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 480,1 felld með 17:14 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 480,2 felld með 17:13 atkv.
— 486 felld með 18:13 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 489).

==========

33. Verkamannabústaðir.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1962, um verkamannabústaði** [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrir tæpum 3 árum var lögunum um verkamannabústaði breytt allnokkuð hér á hv. Alþingi. Breytingin var þá í því fólgin að hækka lánsfjárhæðirnar á íbúð upp í 300 þús. kr. og hækka nokkuð þau tekju- og eignamörk, sem giltu um þá, sem öðluðust réttindi til að njóta hlunninda þessara laga. Það hefur nú sýnt sig, að þessar tölur, sem samþykktar voru þá, eru enn orðnar of lágar og þurfa leiðréttingar við. Það hefur því verið samið frv., sem hér er lagt fram, um, að lánsfjárhæðirnar verði hækkaðar um 50%, eða úr 300 þús. upp í 450 þús. kr. Í öðru lagi hefur verið hækkað tekjumarkið, sem var áður 65 þús. kr. í árstekjur, upp í 100 þús. kr. og að viðbættum þó 7500 kr. fyrir hvert barn á framfæri, sem áður var 2500 kr. Eignamarkið hefur líka verið hækkað úr 150 þús. kr. upp í 200 þús. kr.

Það hefur, eins og alkunnugt er, orðið mikil hækkun á byggingarkostnaði síðustu árin, og það hefur þess vegna orðið mjög erfitt fyrir þá, sem hafa fengið íbúð í verkamannabústöðum, að útvega sér fé í viðbót við þau lán, sem veitt eru úr sjóðnum. Hefur það valdið því, að nú í augnablikinu a. m. k. eiga ýmsir, sem eru í gangi með þessar byggingar, í erfiðleikum með í fyrsta lagi að útvega það fé, sem á vantar, og í öðru lagi að standa undir því, þegar af því þarf að borga miklu hærri vexti en af þeim lánum, sem veitt eru úr sjóðnum.

Þessar leiðréttingar ættu að greiða fyrir því í fyrsta lagi, að menn verði aðnjótandi þessara friðinda, sem lögin gera ráð fyrir, og í öðru lagi að komast yfir þá erfiðleika, sem því eru samfara að útvega viðbótarfé til byggginganna. Þetta er aðalinntak frv. og þarf ekki lengri skýringa við.

Í þeim breytingum, sem gerðar voru síðast á lögunum, var sett inn nýtt ákvæði um það, að ef maður hafði átt íbúð í 10 ár, þá gat hann borgað upp lánið til sjóðsins og gat síðan ráðstafað íbúðinni á þann hátt, sem honum þóknaðist, og tekið þann hagnað af sölu, ef um sölu var að ræða, sem hann þannig fékk. En annars átti ekki að vera mögulegt að gera þetta, eins og lögin voru áður, heldur átti þessi íbúð að ganga til næsta eiganda með þeim kjörum, sem upphaflega höfðu verið veitt. Reynsla er ekki komin mikil á þetta, en þó þannig, að við samningu þessa frv. var talið eðlilegt að hækka þetta timamark úr 10 árum upp í 20 ár, þannig að ekki væri eins greitt um vik fyrir einstaka eigendur þessara íbúða að selja þær og njóta hagnaðarins sjálfir af sölunni. Það er nokkurt álitamál, og ég vildi skjóta því til þeirrar nefndar, sem þetta frv. fær til meðferðar, hvort ekki bæri að afnema þetta ákvæði með öllu, þannig að upphafleg ákvæði verkamannabústaðalaganna yrðu látin gilda, og þessi heimild félli niður með öllu. Ráðuneytið vildi þó ekki gera þetta að svo vöxnu, en vildi skjóta því til Alþingis að taka ákvörðun um þetta atriði.

Fleiri atriði eru að vísu, sem þyrftu athugunar við, og ég skal aðeins nefna eitt. Það er, hvort ekki væri ástæða til að setja inn í þessi lög ákvæði um hámarksstærð þeirra íbúða, sem njóta fyrirgreiðslu á þennan hátt. Það eru engin takmörk fyrir því í þessum lögum og hefur verið algerlega á valdi verkamannabústaðastjórnarinnar að ákveða, hvaða íbúðastærðir gætu komið undir þessi lög, og það hefur leitt til þess, að íbúðir hafa verið gerðar allstórar og stærri en ástæða er til að styrkja. Þess vegna er til athugunar einnig fyrir hv. n., sem málið fær til umr., hvort ekki væri ástæða til að setja eitthvert hámarksákvæði í lögin um íbúðastærð, því að þegar íbúðirnar eru orðnar mjög stórar, þá er ekki ástæða til, að hlunnindi þessara laga komi til framkvæmda gagnvart þeim íbúðum.

Vextir af lánum byggingarsjóðs eru nú 6%, en það er á valdi rn. og Seðlabankans að ákveða þá, og ég tel rétt að láta það koma fram hér, að meiningin er, ef þessar breytingar verða samþykktar, og raunar hvort sem er, að vextir verði lækkaðir mjög verulega og í samræmi við það, sem ætlað er að gera af hinum almennu lánum húsnæðismálastjórnar. Þessar hækkanir á lánum til íbúða í verkamannabústöðum eru líka að nokkru leyti miðaðar við þá hækkun, sem ákveðið hefur verið

að gera á íbúðalánum almennt, og hefur verið höfð þar hliðsjón af því samkomulagi, sem gert var í vor um lán til íbúðabygginga á vegum húsnæðismálastjórnar, þar sem lánin á íbúð hafa verið hækkuð mjög verulega eða um 130 þús. kr. minnst og möguleikar til þess, að þau geti orðið enn hærri.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frv. fleiri orð. Málið liggur mjög ljóst fyrir. Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 322, 323).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið til athugunar frv. á þskj. 17 og hefur skilað nál. á þskj. 322, þar sem n. samþykkir að leggja til, að frv. verði samþ., en flytur á sérstöku þskj., 323, brtt. Efni þessa frv. er það, að 1. gr. gerir ráð fyrir því, að lánsfjárhæð út á hverja verkamannabústaðaíbúð verði allt að 450 þús. kr. í stað 300 þús. kr. hámarks, sem nú er í lögum, 1. 2. gr. segir, að 4. tölulíður í 6. gr. l. um verkamannabústaði orðist svo, að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína s. l. 2 ár og hafi eigi haft yfir 100 þús. kr. árstekjur, miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 7500 kr. fyrir hvert barn á framfæri né yfir 200 þús. kr. skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu. Hér er um að ræða skilyrði fyrir því að geta fengið lán úr byggingarsjóði verkamanna.

Síðan lögin um verkamannabústaði voru sett árið 1962, hafa almenn launakjör hækkað mjög, svo sem kunnugt er, og þess vegna hefur nú þótt nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði um hámarkstekjur og eignir. Áður var miðað við, að tekjur mættu ekki nema meiru en 65 þús. kr., miðað við meðaltal þriggja síðustu árstekna viðkomandi lánaumsækjenda, en nú er þetta hámark fært upp í 100 þús. kr. Og enn fremur er hækkað hámarkið fyrir viðbót þeirri, sem miðuð er við hvert barn á framfæri, það var áður 2500 kr. fyrir hvert barn, en er núna hækkað upp í 7500 kr. Og í samræmi við þetta er hækkuð eignaviðmiðunin, sem var áður í hámarki 150 þús. kr., upp í 200 þús. kr.

Í 3. gr. frv. segir, að 6. gr., 8. tölul., síðasti málsl. orðist svo í aðallögunum:

„Ef maður hefur átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið.“

Brtt. n. á þskj. 323 er breyting við þetta ákvæði, en brtt. hljóðar svo:

„Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.“

Þessi ákvæði varða eignayfirfærslu á verkamannabústöðum. Í 6. gr. núgildandi l. um verkamannabústaði er kveðið svo á um þetta efni, að þegar íbúð er seld, megi söluverð slíkrar íbúðar ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Þetta er aðalreglan. En síðar segir, að ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann njóta verðhækkunar af verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið. Þetta ákvæði um 10 ára takmarkið var sett inn í lögin 1962. Áður var þetta ákvæði ekki í lögunum, og það þýddi, að þegar maður seldi íbúð í verkamannabústöðum, naut hann ekki verðhækkunar nema að því leyti, sem hann hafði greitt íbúðina upp. Þegar l. voru endurskoðuð árið 1962, var á það bent, að þetta ákvæði kæmi hastarlega niður á mönnum, sem höfðu fest kaup á verkamannabústöðum, en þyrftu svo síðar af eðlilegum ástæðum, vegna þess að fjölskyldan stækkaði eða aðrar breytingar yrðu, að kaupa nýtt húsnæði. Þá væru slíkir menn mjög illa settir til þess að komast yfir nýja íbúð.

Þetta var aðalsjónarmiðið, sem lá til grundvallar því, að þetta ákvæði um það, að ef maðurinn hefði átt íbúðina í 10 ár, mætti hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiddi lánið upp, — þetta var meginástæðan fyrir því, að þetta ákvæði var sett inn í lögin 1962. Síðan lögin voru sett 1962, hefur það komið hins vegar í ljós, eins og vitað var að vissu leyti, að þetta 10 ára ákvæði þénar vel þeim mönnum, sem ætla að selja íbúðina, en það þénar miklu miður þeim manni, sem ætlar að kaupa íbúðina og nýtur þá ekki þeirra hagfelldu lána, sem eiga að hvíla á henni. Með tilliti til þessa mun hafa verið sett ákvæði eins og er í frv. á þskj. 17, þ. e. a. s. að breyta 10 ára takmarkinu upp í 20 ár, þannig að menn yrðu að eiga íbúðina í 20 ár til þess að geta notið þeirrar aðstöðu að greiða upp lánið og hljóta verðhækkun á öllu kostnaðarverði íbúðarinnar. Með þessu ákvæði er því horfið í áttina til þess ástands, sem var fyrir 1962.

Heilbr.- og félmn. ræddi ýtarlega um þessi efni og komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að ganga ekki eins langt og lagt var til í frv. sjálfu, að miða frestinn við 20 ár, heldur að fara bil beggja og hafa tvo fresti, eins og segir í brtt. n., annan 10 ára og hinn 20 ára, þ. e. a. s. eftir 10 ár njóti sá, sem selur verkamannabústaðaíbúð, verðhækkunar, sem

svari helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming byggingarlánsins, þegar sala fer fram, en hafi maðurinn átt íbúðina í 20 ár, megi hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Ég hef þá lokið við að skýra efni frv. og efni þeirrar brtt., sem heilbr.- og félmn. gerir við frv. Þýðing þessa frv., sem hér liggur fyrir, er sú, að það er gert ráð fyrir, að lánin út á verkamannaíbúðir hækki um 50%. Lánin voru hækkuð 1962 í 300 þús. kr. úr 140—150 þús. kr., sem tíðkaðist áður, voru hækkuð m. ö. o. um 100% árið 1962, og nú er lagt til, að þau hækki aftur um 50%. Af þessu má marka, að það eru gerðar hér veigamiklar ráðstafanir til þess að stuðla að því, að löggjöfin um verkamannabústaði nái tilgangi sínum, þ. e. a. s. að veitt verði sem mest hjálp til þeirra, sem mest þurfa á henni að halda.

Á undanförnum árum hefur verið veitt mikið fjármagn til íbúðarlána í verkamannabústöðum. Það mun láta nærri, að á árunum 1960—1964 hafi nálægt 80 millj. kr. verið afgreiddar í lánum til verkamannabústaða. Þetta er mikið fjármagn, þegar tekið er tillit til þess, að það er samkvæmt eðli og tilgangi laganna aðeins mjög takmarkaður hópur, sem ætlazt er til að njóti aðstöðu til þess að fá lán á þessum vettvangi.

Það er séð fyrir tekjum til verkamannabústaðanna, eins og kunnugt er, með framlögum úr sveitarsjóðum og jafnháu framlagi frá ríkinu. Þetta fyrirkomulag er meginuppistaðan í tekjuöflun til byggingarsjóðs verkamanna. Ég skal geta þess, að það er áætlað, að hinar föstu tekjur byggingarsjóðsins muni nema á þessu ári um 15 millj. kr., þ. e. a. s. að 12.8 millj. kr. verði framlög sveitarsjóðs og ríkissjóðs, en 2.9 millj. annað ráðstöfunarfé, aðallega árgjöld, þ. e. a. s. afborganir og vextir af lánum sjóðsins. En fjárþörf byggingarsjóðsins er mikil. Það má marka af því, að nú eru tæplega 190 lánsumsóknir fyrir hendi hjá stjórn byggingarsjóðs verkamanna, sem þarf að fullnægja. Ef við gerum ráð fyrir því, að það séu veittar 450 þús. út á hverja íbúð, nemur fjárþörfin til þess að svara þessum umsóknum um 85 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. muni sjá sjóðnum fyrir ráðstöfunarfé til viðbótar því, sem hann hefur af sínum föstu tekjum, og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, til þess að þessi löggjöf nái tilgangi sínum. Með þessum aðgerðum, sem nú eru gerðar á þessu sviði, er fylgt sömu stefnu og á öðrum sviðum húsnæðismálanna, og hér hefur verið ýtarlega rætt um undanfarna daga að efla lánastarfsemina til þess að gera byggjendum íbúðarhúsa sem auðveldast að koma sér þaki yfir höfuðið. Og þess er að vænta, að þessu frv. verði vel tekið og afgreitt skjótlega.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Í sambandi við þá brtt., sem hv. heilbr.- og félmn. hefur hér flutt, sé ég ekki ástæðu til að gera neinn sérstakan ágreining á þessu stigi málsins, þar sem vitað er, að það gæti tafið fyrir framgangi málsins, og annars vegar hitt, að hér mun vera um samkomulagsatriði í hv. n. að ræða, þ. e. a. s. nefndin getur fallizt á þessa till. þannig, eins og hún birtist á þskj. 323. Ég vil þó nota þetta tækifæri til að láta í ljós nokkurn beyg um framkvæmd þessa atriðis, þar sem það er miklu flóknara viðfangs en hið fyrra atriði var og eins og frv. gerir ráð fyrir. En eins og ég sagði, ég skal ekki gera um þetta sérstakan ágreining á þessu stigi málsins, sér í lagi með hliðsjón af því, að það gæti tafið framgang málsins, sem ég efast þó ekki um að allir hv. þdm. eru sammála um, að nauðsyn sé á að afgreiða bæði fljótt og vel, eins og hv. frsm. gat um hér áðan, að jafnvel verði reynt svo sem kostur er að tryggja fjárhagslegan grundvöll að framkvæmd málsins. Það er kannske ekki tilefni til þess sérstakt við umr. um þær breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að fara sérstaklega út í sögu málsins, þ. e. a. s. gang mála á vegum byggingarsjóðs verkamanna, þau rúmlega 30 ár, sem hann hefur nú starfað, en lagasetning um hann fór fram rétt um árið 1930, þegar fyrstu byggingarfélög verkamanna voru stofnuð á Akureyri, Reykjavík, Siglufirði, Patreksfirði og Flateyri.

Ég held, að það skaði ekki, þó að upplýst sé nú, að á vegum þessa kerfis hafi síðan, þótt í bylgjum hafi gengið eins og ýmsir aðrir hlutir í okkar þjóðfélagi, verið byggðar hér 1326 íbúðir. Eðlilega eru fjölmennustu bæirnir þarna stærstir aðilar að, eins og t. d. Reykjavík með 595 íbúðir, Ísafjörður með 46, Keflavík með 50, Hafnarfjörður með 122, Akureyri með 112 og Akranes með 36 íbúðir. Það má einnig fullyrða, að allt það fólk, sem í þessum á 14. hundrað íbúðum býr í dag og sér í lagi þegar það komst yfir þessar íbúðir á vegum kerfisins, hefði ekki með nokkrum öðrum hætti getað eignazt íbúð, svo mjög sem stakkur hefur verið þröngt skorinn um tekju- og eignarmörk þess fólks, sem þarna gat orðið aðilar að. Sérstaklega ber því að fagna þessu atriði og þeirri vissu, að þetta fólk væri ekki annars í eigin húsnæði í dag, svo langt sem það getur talizt eigin húsnæði að eiga íbúð í þessu kerfi. Það er einnig töluverðum annmörkum háð að selja þær, eins og hv. frsm. kom hér að áðan og gerði rækilega grein fyrir í sambandi við þá brtt., sem n. leggur fram. Hann gat einnig um það, hvernig tekjur eru til orðnar fyrir þetta kerfi og hvernig það hefur verið rekið undanfarin ár. Ég hlýt að minnast þess frá fyrstu lántökunni, eftir að ég kom til starfa í stjórn byggingarsjóðsins, að nokkur skrekkur fór um okkur árið 1958, þegar farið var inn á þá braut að taka lán með 8% vöxtum, en lána þau út á 6%. Hér kemur það sama fram og hæstv. félmrh. gat um í framsöguræðu sinni fyrir frv., sem einnig liggur fyrir þessari hv. þd., um húsnæðismálastofnun ríkisins, að gjalda ber fullan varhuga við að fara um of inn á þessar brautir, þó að aðstæður kunni að neyða menn til þess stöku sinnum. Það leiðir ekki

nema til einnar niðurstöðu, að sjálft stofnfé sjóðanna hlýtur að ganga til þurrðar og grundvöllur þeirra að veikjast að mun.

Af þessu yfirliti, sem ég drap hér á áðan um þann íbúðafjölda, sem byggður hefur verið á vegum kerfisins, og lánsloforð til einstakra byggðarlaga í þeim efnum, sem nær þó ekki nema til ársloka 1962, verður ljóst, að íbúðir byggðar fyrir áhrif laganna eru komnar, eins og ég sagði, á 14. hundrað. Þar af hefur Reykjavík nálega helming þessara íbúða eða því sem næst 600 íbúðir. Hin ströngu tekjumörk, sem enn þá er ekki breytt nema til samræmis við hækkandi laun, ættu einnig í framtíðinni að tryggja það, að áfram verði það fólk fyrst og fremst aðnjótandi þeirra fríðinda, sem lög þessi gera ráð fyrir, og tryggt verði, að þar verði þeir fjárhagslega getuminnstu í þessum íbúðum áfram. Ég hika ekki heldur við að fullyrða, að þetta íbúðalánakerfi er merkilegt fyrir þá sök m. a., að það á áreiðanlega drýgstan þátt í því og fjárhagsleg aukning sjóðsins á undanförnum árum á áreiðanlega mikinn þátt í því, að meðalíbúðin, sérstaklega hér í Reykjavík og stærri kaupstöðunum, hefur farið minnkandi. En það hefur verið einn mikill ljóður á byggingarháttum landsmanna undanfarin ár, að byggðar hafa verið allt of stórar íbúðir, sem gengur óhjákvæmilega út yfir það, að færri íbúðir hafa verið byggðar. Í nýútkomnum Fjármálatíðindum eða riti Framkvæmdabankans, sem heitir „Úr þjóðarbúskapnum", er þess getið varðandi byggingar, að í Reykjavík hafi 42% fullgerðra íbúða verið 3 herbergi og minni árið 1962 og 58.2% 1963. En í kaupstöðum og kauptúnum er mikill meiri hluti íbúða fjögurra herbergja og stærri þessi ár, og meðalstærð fullgerðra íbúða í Reykjavík árið 1963 er 322 rúmmetrar, en 372 rúmmetrar í kauptúnum. En svo stækkar þetta aftur í kaupstöðum landsins, en þar er meðalíbúðin 406 rúmmetrar. Það hefur oft verið á það bent í umr. um þessi mál, að langdýrustu íbúðirnar eru þær minnstu. Þar er kjarninn sá sami, þ. e. a. s. dýrasti hluti íbúðarinnar, eldhús og bað, er nánast sá sami og í stóru íbúðunum, en fermetrarými annarra herbergja þeim mun minna.

Það er allra manna mál, að við þurfum að byggja meira af litlu íbúðunum á kostnað þeirra stóru, fækka þeim, miðað við sama mannafla og fjármuni til íbúðabygginga og verið hefur, því að litlu íbúðirnar eru fyrst og fremst til afnota fyrir þá, sem minnsta hafa fjárhagsgetu í byrjun síns búskapar, þ. e. ungu hjónin, sem eru að hefja sinn búskap. En því miður hefur reynslan orðið sú undanfarna áratugi, að einmitt þessar íbúðir hafa orðið dýrastar í byggingu og allt of lítið af þeim verið byggt vegna þess, hve vinnuafl og fjármunir hafa verið tepptir í of stórum íbúðum. Um þessa hlið að öðru leyti má að sjálfsögðu ræða frekar í sambandi við lögin um húsnæðismálastofnunina, þegar þau koma hér til síðari umr., en ég vek athygli á þessu tvennu, þ. e. a. s. í fyrsta lagi þeirri staðreynd, að þeir, sem í verkamannabústöðum búa í dag, hefðu ekki með öðrum hætti átt þess kost að komast yfir húsnæði og að það íbúðalánakerfi, sem þau starfa eftir, er langlíklegast til þess að lækna marga af þeim stóru ágöllum, sem eru á byggingarháttum landsmanna í dag.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. Ég skal fyllilega taka undir það, sem hér hefur komið fram í ræðum tveggja síðustu hv. ræðumanna, að lögin um verkamannabústaði voru og eru hin þarfasta löggjöf, sem hefur komið að verulegu gagni. Ég skal einnig lýsa yfir því, að ég tel, að sú breyting á lánaupphæð, sem á að gera samkv. þessu frv., er mjög eðlileg og algerlega nauðsynleg miðað við þá hækkun byggingarkostnaðar, sem orðið hefur, og miðað við það, sem þó er verið að gera í sambandi við hin almennu íbúðalán.

Það, sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs, var fyrst og fremst að óska eftir frekari upplýsingum um, hvað fyrirhugað sé að gera í sambandi við fjáröflun fyrir þetta kerfi. Hér er um að ræða 50% hækkun á þeim lánum, sem heimild er til þess að veita til verkamannabústaða. Þá langar mig til þess að spyrja í fyrsta lagi: Er það ætlun hæstv. ríkisstj. að afla þriðjungi meira fjár til þessara hluta, og er ætlunin að gera það nú á þessu ári, þannig að það komi til framkvæmda á því ári? Eða er e. t. v. ætlunin að afla meira fjár en þarf til að mæta þessari hækkun einni? Mér sýnist, að á því sé full þörf, því að þótt löggjöfin sé hin gagnlegasta, hefur það alltaf háð henni meira og minna, að það hefur ekki verið hægt, stundum a. m. k., að sinna nándar nærri öllum þeim, sem hafa viljað og haft heimild til að hagnýta sér þetta kerfi. Hv. frsm. n. upplýsti, að nú á þessu ári mundi vera um að ræða 15 millj. kr. tekjur til þessarar starfsemi. Það gefur auga leið, að þarna er um allt of lítið fjármagn að ræða, þegar svo er komið, að ætlunin er þó að veita allt að 450 þús. kr. út á íbúð, og er raunar vafalaust ætlun hæstv. ríkisstj. að afla þarna nokkurs fjár til viðbótar. En mér þætti fróðlegt að vita, hvort ætlunin er að láta við það eitt sitja að afla svo sem 50% viðbótarframlags eða hvort ætlunin er að afla meira fjár. 15 millj. kr. mundu þýða að öllu óbreyttu, að hægt yrði aðeins að afgreiða rúm 30 lán, en 50% aukning mundi þá þýða eitthvað innan við 50 lán árlega, og það er vitanlega of lítið. Þarna er þörf á að bæta töluvert um, m. a. vegna þess, að þetta skiptist á ýmsa kaupstaði, og það hefur stundum verið þannig, a. m. k. í sumum hinum smærri, að þau lán, sem þeir áttu kost á til verkamannabústaða, hafa verið svo fá, að það hefur verið ýmsum erfiðleikum bundið að hefja framkvæmdir. Það er hagkvæmara og kemur alla vega betur út að geta byggt þó nokkra bústaði í einu heldur en að leggja kannske í það að byggja svo sem 2—4 í kaupstað hverju sinni eða jafnvel færri.

Ég vil sem sagt lýsa fylgi mínu við frv., en jafnframt æskja upplýsinga um það, hvað fyrirhugað er um fjáröflun til þessa kerfis.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég er ekki rétti aðilinn til þess að svara fsp. hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Reykn., en mér fannst rétt að segja nokkur orð í sambandi við þessa fsp.

Ég sagði áðan, að það væri gert ráð fyrir því, að ríkisstj. mundi veita ráðstöfunarfé til byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári til viðbótar við hinar föstu, árlegu tekjur. Þetta er í raun og veru það eina, sem liggur fyrir og ég get skýrt frá hér. En það, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, er auðvitað þýðingarmikið, að ríkisstj. skuli vera viðbúin að veita sjóðnum meira fjármagn en hann hefur yfir að ráða með sínum föstu, árlegu tekjum. Stjórn byggingarsjóðs verkamanna mælti með þessu frv. í trausti þess, að þetta yrði gert, og við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en ríkisstj. muni gera þetta.

En ég held, að hjá hv. síðasta ræðumanni gæti nokkurs misskilnings, ef hann telur, að það þurfi svo mikið viðbótarfjármagn, að það þurfi að lána kannske út á allar íbúðir, sem sótt hefur verið um núna á þessu ári. Í framkvæmd er þetta ekki þannig. Það er ekki lánað til þessara íbúða örar en þær eru byggðar upp, og það þarf hvergi nærri eins mikið fjármagn á þessu ári og þarf til þess að fullnægja lánaumsóknum, sem nú liggja fyrir. Þær hljóta samkv. reynslu okkar að dreifast á nokkur ár. Að vísu er alltaf hreyfing á umsóknafjöldanum, það koma nýjar umsóknir. En það er sama. Það þarf ekki eins mikið fjármagn og mér virtist koma fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Og þegar hið almenna veðlánakerfi, sem gert er ráð fyrir að þurfi að fullnægja lánum til 750 íbúða á ári, þarf þó ekki nema 220—230 millj. til þess að geta annazt þetta hlutverk sitt, þá sjáum við, að það er miklu minna, sem þarf til byggingarsjóðs verkamanna, sem ég ætla að þurfi ekki að lána út á miklu meira en sem svarar 50 íbúðum á ári, miðað við löggjöfina eins og hún er og þann tilgang að veita aðeins þessi lán til þeirra, sem verst eru settir. Og þegar l. voru endurskoðuð árið 1962, var gert ráð fyrir því, að sá fjöldi, sem gæti notið lána hjá byggingarsjóði verkamanna, væri 10% af því fólki, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég vildi aðeins láta þess getið, sem ég hef nú sagt að gefnu tilefni frá síðasta hv. ræðumanni. Ég fagna því, að allir, sem hér hafa talað, eru sammála um mikilvægi þeirrar löggjafar, sem hér er um fjallað, mikilvægi laganna um verkamannabústaði. Það fer ekki á milli mála, að sá þáttur, sem þessari löggjöf er ætlað að sinna í húsnæðismálunum, má ekki liggja eftir. Það á að vera aðalsmerki okkar í þessum málum að hjálpa þeim bezt, sem þurfa þess mest, og það er tilgangur laganna um verkamannabústaði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 322 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 335).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um verkamannabústaði er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþ. shlj. með einni lítilli breytingu, sem ég skal koma nokkrum orðum að síðar.

Meginákvæði þessa stutta frv. eru þau í fyrsta lagi að hækka lánin, sem veitt eru til verkamannabústaðabygginga, um 50% frá því, sem verið hefur, en þessi lán hafa verið 300 þús. kr. á íbúð, en eru skv. þessu frv. hækkuð upp í 450 þús. eða um svipaða upphæð og lán hins almenna veðlánakerfis eru hækkuð.

Þá er enn fremur í 2. gr. gert ráð fyrir því, að nokkuð verði rýmkuð skilyrðin fyrir því að fá inngöngu í byggingarfélög. Eins og nú er í gildandi lögum um þetta, þá er viðmiðunin, þ. e. a. s. tekjumarkið, sem maður má hafa til þess að fá inngöngu í slíkt félag, 65 þús. kr. og viðbót fyrir hvert barn á framfæri 2500 kr. Þetta er hvort tveggja hækkað, tekjumark mannsins úr 65 þús. kr. í 100 þús. og að auki fyrir hvert barn í 7500 kr. í staðinn fyrir 2500. Í samræmi við þetta er eignaviðmiðun hækkuð úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. Þetta er hvort tveggja gert til þess að rýmka möguleikana fyrir því, að menn með lægstu tekjur geti orðið aðilar að byggingarfélagi.

Auk þess var í frv. gert ráð fyrir, að því aðeins gæti eigandi íbúðar í byggingarfélagi selt hana á þann hátt, að hann nyti verðhækkunarinnar, að hann hefði átt hana í 20 ár. Þessu atriði breytti hv. Ed. þannig, að ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, þá er lagt til að hann njóti verðhækkunarinnar að helmingi, en til þess að hann njóti hennar að fullu, þá þarf hann að hafa átt hana í 20 ár.

Þetta eru þau einu atriði, sem frv. fer fram á. Ég hefði óskað eftir því, að afgreiðslu þess yrði flýtt og það gæti orðið sem fyrst að lögum, vegna þess að svo margir bíða eftir því, að þessum ákvæðum verði breytt, að æskilegt væri, að afgreiðsla frv. í þessari hv. d. gæti gengið sem fyrst fyrir sig.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað

til hv. heilbr.- og félmn., og vænti, að hv. þdm. aðstoði við það að greiða götu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 335, n. 428).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. mælir með því, að frv. verði samþykkt með einni breyt., sem nefndin flytur á þskj. 323.

Samkv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lán út á íbúðir, sem byggðar eru á vegum byggingarfélaga verkamanna, hækki úr 300 þús. kr. í 450 þús. kr., eða um 50%. Síðast þegar þessum lánsupphæðum var breytt, var hækkunin úr 150—160 þús. kr. í 300 þús. kr., eða 100%.

Í annan stað er svo lagt til í 2. gr. frv., að tekjuviðmiðunin, sem farið hefur verið eftir við veitingu lánsfjár úr byggingarsjóði verkamanna, verði hækkuð nokkuð, miðað við breyttar aðstæður. Í frv. er gert ráð fyrir, að miðað verði við 100 þús. kr. árstekjur að meðaltali á 3 árum, að viðbættum 7500 kr. fyrir hvert barn á framfæri, og að viðkomandi megi ekki eiga meiri skuldlausa eign en 200 þús. kr., miðað við þann tíma, þegar hann kaupir íbúðina. Það er þetta atriði, sem heilbr.- og félmn. leggur til að verði breytt þannig, að í stað „100 þús. kr. árstekjur" komi: 120 þús. kr., og í staðinn fyrir „7500 kr. fyrir hvert barn á framfæri" komi: 10000 kr., og loks, að í stað þess að eignarviðmiðunin sé 200 þús. kr., verði hún 250 þús. kr.

Ég skal geta þess, að ég hef heyrt þá viðbáru gegn þessari till. heilbr.- og félmn., að hún mundi e. t. v. valda því, að umsóknafjöldi um lán úr sjóðnum mundi aukast verulega, ef tekjumarkið væri rýmkað eins og n. leggur til. Það mun hafa verið upplýst í hv. Ed., að fyrir lægju um 190 umsóknir um lán úr sjóðnum. Ég hygg nú, að það sé ekki fyrst og fremst tekjumarkið, sem sker úr um umsóknafjöldann, heldur hitt, að hjá byggingarsjóði verkamanna er um að ræða þau hagstæðustu lánskjör til íbúðabygginga, sem völ er á, og hygg ég, að það sé það, sem ræður úrslitum um umsóknafjöldann, hámarksupphæðin hafi þarna ekki veruleg áhrif. En það hefur sýnt sig undanfarið, að þær tölur, sem miðað hefur verið við í lögunum, hafa fljótlega reynzt of lágar. Út frá því leggur heilbr.- og félmn. til, að gerð verði á frv. þessi breyting.

Síðast, þegar lögunum um verkamannabústaði var breytt, var sett inn í þau ákvæði, sem heimiluðu íbúðareigendum að greiða upp lánin að 10 árum liðnum. Gátu þeir samkv. því notið fullrar verðhækkunar á söluverði íbúðarinnar, ef um sölu var að ræða. Með ákvæði 3. gr. þessa frv. er lagt til, að hert verði á ný á þessum fyrirmælum laganna, og voru nm. í heilbr.- og félmn. sammála um, að rétt væri að gera það. Munu jafnvel sumir hverjir vera þeirrar skoðunar, að réttast væri að hverfa aftur til sömu lagaákvæða varðandi þetta atriði og áður voru í lögunum, þegar mönnum var ekki heimilt að njóta verðhækkunar að þessu leyti. Hv. Ed. hefur breytt ákvæðum frv. um þetta efni, eins og fram kemur á þskj. 335, þannig, að ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, þá má hann að auki njóta verðhækkunar sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta hækkunarinnar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Eins og ég sagði, eru sumir nm. heilbr.- og félmn. ekki alls kostar ánægðir með þetta atriði í frv., en sáu þó ekki ástæðu til að leggja til breytingar á því.

Það mun hafa komið fram í umr. um þetta frv. í hv. Ed., að ef frv. nær fram að ganga, sé það ætlun ríkisstj. að afla meira fjár til byggingar verkamannabústaða, en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, um leið og lánsupphæðirnar eru hækkaðar.

Ég leyfi mér svo fyrir hönd heilbr.- og félmn. að leggja til, herra forseti, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. flytur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 428 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 444).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68., 69., 70. og 71. fundi í Ed., 12., 13., 20. og 26. apríl. var frv, tekið. til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Nd., þar sem gerð var á því nokkur breyting til hækkunar á tekjumörkum og eignamörkum fyrir þá menn, sem geta gerzt aðilar að byggingarfélögum verkamanna samkv. frv. Um þetta eru kannske nokkuð skiptar skoðanir, en hv. Nd. taldi, að tekjumarkið hefði áður verið það lágt, að það

væri nauðsynlegt að lyfta því ofboðlítið, og var gert á þann hátt að hækka tekjumarkið úr 100 þús. kr. upp í 120 þús. kr.

Nú er það svo, að fyrir liggja hjá stjórn byggingarsjóðsins allmargar umsóknir, sem stjórnin hefur viðurkennt að uppfylli þau skilyrði, sem áður hafa verið sett og lægri eru en hér er gert ráð fyrir. Ég tel því ekki óeðlilegt, ef hv. Ed. vill samþykkja frv. eins og það nú er, að sá framgangsmáti verði hafður, að þeir, sem þegar hafa sótt og uppfylla hin lægri tekjumörk og eignamörk, sitji í fyrirrúmi um afgreiðslu á lánum hjá stjórn byggingarsjóðsins. Og ég fyrir mitt leyti mun, ef það kemur til minna kasta, stuðla að því, að svo megi verða, þannig að hin nýju tekjumörk komi ekki til framkvæmda og verði látin gilda fyrr en þessar umsóknir, sem viðurkenndar hafa verið, hafa verið teknar til afgreiðslu. Ég mun leggja nokkuð upp úr því, að málinu yrði nú ekki vísað aftur til hv. Nd., heldur væri unnt að afgreiða það eins og það liggur hér fyrir með þessum skilningi, sem ég hef nú lýst.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

34. Lán fyrir Flugfélag Íslands.

Á 61. fundi í Ed., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h/f [172. mál] (stjfrv., A. 397).

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á s. l. þingi flutti ríkisstj. frv. um heimild til þess að veita Flugfélagi Íslands ríkisábyrgð á láni, sem það hugðist taka til þess að kaupa flugvél af gerðinni Fokker Friendship, en ætlunin var að nota þá flugvél á innanlandsleiðum. Þessi ábyrgðarheimild hefur verið notuð, og mun þessi vél koma til landsins nú væntanlega í þessum eða næsta mánuði. Flugfélagið telur nauðsyn að eignast aðra sams konar vél til viðbótar, sem yrði einnig notuð á innanlandsleiðum, í því skyni að geta veitt sem bezta þjónustu hér innanlands. Ríkisstj. vill stuðla að því, að þetta geti orðið, og flytur því þetta frv., sem hér liggur fyrir og er sams konar og hið fyrra frá síðasta þingi. Það er um að heimila ríkisábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en 32 millj. kr. Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 435).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á heimild til handa hæstv. ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Það mun hafa verið venja, þegar fram á slíkar beiðnir hefur verið farið af hálfu flugfélaganna, þá hefur verið við því orðið, og eins og nál. á þskj. 435 ber með sér, mælir fjhn. einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 518).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa á þskj. 397. Frv. þetta er flutt í Ed. og hefur þar verið afgreitt samhljóða, og fjhn. hefur á fundi sínum í gær samþykkt að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Fyrir rúmu ári var veitt heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á nýrri vél til innanlandsflugs. Í fréttum útvarpsins í dag var skýrt frá því, að þessi vél hefði farið sína fyrstu reynsluferð, og má því vænta, að hún komi nú til landsins innan

skamms til mikilla hagsbóta fyrir flugsamgöngur hér innanlands. Það er hugsað að kaupa aðra slíka vél, sem mun vera til afgreiðslu innan árs, og til þess að það megi verða, hefur Flugfélagið óskað eftir því, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir láni allt að 80% af kaupverði vélarinnar, þó ekki yfir 32 millj. kr. Hér er um að ræða mjög mikilsvert samgöngubótamál. Flugflotinn, sem notaður hefur verið innanlands undanfarin ár, er orðinn nokkuð gamall og þarfnast mjög endurnýjunar við. Það eru komnar nýjar og mjög miklu afkastameiri flugvélar, sem ætlunin er að kaupa fyrir þessar samgöngur, og það hlýtur að vera gleðiefni öllum þeim, sem nota vilja flugvélar til innanlandsflugs, og þeir eru orðnir margir á Íslandi, að eiga nú von á því að fá nýjar og fullkomnar og í öllu tilliti nýtízkulegar flugvélar til þessara samgangna.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

---

35. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins [154. mál] (stjfrv., A. 333).

Á 55. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar fiskverð var ákveðið af verðlagsráði sjávarútvegsins upp úr áramótunum síðustu, hækkaði verðið á fiskinum, eins og kunnugt er, um 5½%. Verðið í fyrra, 1964, var þó talið það hátt, að gera þurfti sérstakar ráðstafanir þá, til þess að endarnir næðu saman hjá bæði útvegsmönnum og vinnslustöðvum. Þá var ákveðið að veita 43 millj. á árinu 1964 til framleiðniaukningar og annarra endurbóta við framleiðslu freðfisks. Ákveðið var, að stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutaði þessu fé til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Það varð þess vegna niðurstaðan í janúarmánuði s. l., að það væri vart hægt að hugsa sér, að vinnslustöðvarnar gætu tekið á sig þá hækkun, sem leiddi af niðurfellingu þessa styrks á árinu 1964 og hækkandi kaupi, án þess að þar kæmi til nokkurrar aðstoðar, svipað og árið 1964. Það varð því niðurstaðan, að ríkisstj. ákvað, um leið og þetta fiskverð var ákveðið, að leggja til við Alþingi, að veita mætti 25 aura verðuppbót á hvert kg af línu- og handfærafiski og enn fremur 33 millj. kr. á árinu 1965 til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Þetta er því nokkur lækkun á framlagi ríkissjóðs frá árinu 1964, þó að verðið hafi hækkað til útvegsmanna og sjómanna um 5½% frá því, sem það var í fyrra. Þessar greiðslur eru taldar nema nú samtals 55 millj. kr., en voru í fyrra taldar mundu nema yfir 90 millj. kr.

Það er ýmislegt, sem kemur til greina í þessu sambandi, sem verðlagsráð sjávarútvegsins tók tillit til, eins og t. d. hækkandi verð bæði á hraðfrystum fiski og á saltfiski, enn fremur hafa farmgjöld á frystum fiski verið lækkuð mjög verulega á árinu, og hjálpar þetta einnig til að ná endunum saman. En forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, sem nú, eins og kunnugt er, er formaður verðlagsráðsins, taldi að athuguðu máli, að það væri ekki unnt enn að fella aðstoð ríkisins alveg niður, þrátt fyrir þá hækkun, sem orðið hefði á mörkuðunum, og það, að farmgjöldin hefðu lækkað, eins og ég sagði, um ca. 1/3.

Þá er þess að geta í þessu sambandi, að aðalhækkun útflutningsafurðanna hefur orðið á saltfiskinum og frysta fiskinum, en miklu síður og raunar ekki vitað enn um, að tilsvarandi hækkun mundi koma á skreiðina. Þess vegna er það opið mál enn, hvort hún muni ekki einnig þurfa nokkurrar aðstoðar við, þó að það liggi ekki enn þá fyrir.

Í 3. gr. frv. er svo tekið upp sams konar ákvæði og var í bráðabirgðaákvæði, sem fylgdi lögunum frá í fyrra. Þar segir, að stjórn aflatryggingasjóðs sé heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjútvmrh. Þetta er óbreytt frá því, sem var í fyrra, og er flutt samkv. eindregnum tilmælum togaraeigenda. Hér er ekki um að ræða breytingu á því grundvallaratriði í aflatryggingasjóðslögunum, að bætur skuli reikna út miðað við aflamagn og úthaldstíma, heldur einungis, að greiðslur útreiknaðra bóta til hvers einstaks togara skuli miðaðar við úthaldstíma togarans. Aðferðin er þá sú, að fyrst eru reiknaðar bætur skv. reglum sjóðsins, en heildarupphæð allra bótanna til togaranna samanlagt síðan skipt niður á samanlagðan úthaldstíma allra togaranna og bætur til hvers einstaks skips síðan reiknaðar miðað við úthaldstíma þess skips. Þetta hefur því engin

áhrif á heildarupphæð bótanna til togaranna, heldur aðeins á skiptingu þeirra innbyrðis á milli skipa.

Þetta er, eins og ég sagði, gert að eindreginni ósk togaraeigenda, vegna þess að það er oft og tíðum erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig reikna beri bætur til einstaklinganna, sem þennan atvinnuveg stunda, vegna þess að aflinn segir þarna ekki til nema um nokkurn hluta afkomunnar. Sumt af aflanum er lagt á land hér heima, annað flutt til útlanda, og þess vegna miklu erfiðara að skipta eftir þessum reglum, heldur er hér lagt til, að heildarupphæðinni, sem togararnir fá samkv. reglum aflatryggingasjóðsins, verði skipt á milli hinna einstöku skipa í hlutfalli við úthaldsdaga þeirra.

Þetta er aðalefni frv., og tel ég ekki, að það þurfi frekari skýringa við.

Í grg., sem frv. fylgir, er þess getið, hvernig þessum útgjöldum ríkissjóðs skuli mætt. Það eru raunar tvær leiðir þar hugsanlegar. Önnur er sú að mæta þessum nýju útgjöldum, sem ekki var séð fyrir í fjárlögum ársins, með nýjum sköttum eða þá að draga úr útgjöldum sem þessari útgjaldaaukningu svarar. Sú leiðin hefur verið valin að fara ekki út í nýja skattlagningu, heldur fresta framkvæmdum, eins og heimilað er í fjárlögum að gera, sem nemur þessari upphæð og þeirri, sem vitað er að muni koma til á árinu einnig vegna 6.6% launahækkunar opinberra starfsmanna.

Eins og ég sagði áður, er gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn við þessa aðstoð til sjávarútvegsins nemi 55 millj. kr. og kostnaðurinn við launahækkun opinberra starfsmanna um 65 millj. kr., eða samanlagt 120 millj. Fjárlögin voru, eins og öllum hv. þm. er ljóst, það þröng, eins og frá þeim var gengið, að það eru engar líkur til, að hægt sé að taka þessa upphæð til greiðslu að óbreyttum tekjum eða útgjöldum, án þess að það komi fram sem halli á fjárlögum. Þetta vildi ríkisstj. forðast og hefur þess vegna tekið þá ákvörðun samkv. heimildinni í fjárl. að fresta um 20% af framkvæmdunum, sem munu nema milli 500 og 600 millj. kr. samtals, og ætti þá að nást sparnaður, sem næmi svipaðri upphæð og þessi útgjaldaliður til sjávarútvegsins og aukin gjöld til starfsmanna ríkisins nema.

Ég vildi svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í fyrra var ákveðið að greiða nokkrar uppbætur til sjávarútvegsins vegna þess, hvernig hag hans var komið þrátt fyrir metafla mörg ár í röð og óvenjulega hagstætt verðlag, og sagði það sína sögu um, hvernig efnahagsmálastefna og atvinnumálastefna hæstv. ríkisstj. hafði leikið þennan aðalatvinnuveg landsmanna.

Okkur var svo sagt í haust og það var hiklaust ráðgert í greinargerð fjárlagafrv. og öðrum skýrslum, að þessi mál hefðu færzt þannig til betri vegar, að þessar bætur féllu niður. En nú kemur í ljós með þessu frv., sem hér liggur fyrir, hversu haldgóðar þær upplýsingar hafa verið, sem þá voru gefnar um þessi mál. Nú kemur það sem sé í ljós, að uppbætur verða að halda áfram til sjávarútvegsins. Þær eru að vísu áætlaðar nokkru minni fyrir þetta ár en þær voru í fyrra, en það er augljóst á þessu frv., sem hér liggur fyrir, að það verður að halda áfram að greiða uppbætur til sjávarútvegsins, og þeir, sem eru inni í þeim málum, draga það ekki í efa, að full nauðsyn sé á slíku, eins og málum útvegsins er komið. Því mun ég mæla eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. Ég hygg, að sjávarútveginum muni síst veita af því, sem þar er gert ráð fyrir honum til stuðnings, eins og komið er.

En ég get ekki látið hjá líða að benda á það í þessu sambandi, að í fyrra var aflað tekna til þessa og álögur samþykktar til að standa undir uppbótum til sjávarútvegsins. En nú er í sambandi við þetta frv. ráðgert að afla enn tekna með því að skera niður framkvæmdir, enda þótt það sé áður búið að afla tekna fyrir ríkissjóð til þess að greiða miklu hærri uppbætur en þær, sem ráðgerðar eru með þessu frv. Þannig ætlar hæstv. ríkisstj. að ná tvisvar því sama með þessum aðferðum, leggja fyrst á álögur í fyrra til að mæta uppbótum til sjávarútvegsins, láta svo í það skína í haust, að þær uppbætur falli algerlega niður, koma svo með uppbætur á ný nú í marzmánuði, sem ákveðnar voru raunar í janúarmánuði, og afla þá aftur á ný tekna með niðurskurði verklegra framkvæmda til þess að greiða það, sem búið var að leggja skatta á þjóðina til að standa undir.

Ég mun ekki fara langt út í að ræða í þessu sambandi hag og afkomu sjávarútvegsins, en eins og ég sagði áðan, aðeins lýsa yfir því, að ég vil fullkomlega styðja þær uppbætur, sem hér eru ráðgerðar til útvegsins, og mun síst af því veita. En það er athyglisvert að gefa því gaum, að svona skuli vera komið við hin allra beztu skilyrði, og sýnir það alveg svart á hvítu, að stjórnarstefnan í framkvæmdinni er í meginatriðum röng. Annars væri ekki komið svona fyrir aðalútflutningsvegi landsmanna við allra hagstæðustu skilyrði.

Við höfum á undanförnum árum bent á nokkur atriði í þessu sambandi, og sérstaklega höfum við Framsfl. bent ýtarlega á, hvernig lánapólitík ríkisstj. hefur leikið sjávarútveginn og aðrar hliðstæðar atvinnugreinar og hvernig vaxtapólitíkin hefur líka leikið framleiðsluatvinnuvegina. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess, að hér komi inn á Alþ. vitnisburður, sem enn hefur borizt um þessi efni frá manni, sem menn áreiðanlega almennt bera traust til, að hafi fullt vit á þessum málum og einurð til að segja það, sem honum sýnist rétt. Þessi maður er Haraldur Böðvarsson útvegsmaður á Akranesi, sem ritar um þessi efni ritgerð eða skýrslu, sem hann kallar, í Morgunblaðið í dag, aðalmálgagn ríkisstj. Þar segir þessi mikilsvirti og mikilhæfi útgerðarmaður m. a., með leyfi hæstv. forseta, og er hann þá að ræða,

hversu ólánlega sé komið fyrir útgerðinni, og rekur þar ýmsar ástæður:

„Einn liður í rekstri skuldugra fyrirtækja er mjög erfiður viðfangs, en það eru vextir af lánum.“ — Það kemur nú ekki vel heim við það, sem hæstv. viðskmrh. fræðir okkur um af og til, því að hann segir, að vaxtaútgjöld á útgerðinni séu svo lítil, að þau hafi enga þýðingu. — „En vextirnir eru enn þá allt of háir,“ heldur höfundur áfram, og vil ég geta þess, að Haraldur Böðvarsson & Co. greiðir árlega í þessa hít 3—4 millj. kr. Síðan segir Haraldur Böðvarsson, og það er aðalatriðið: „Hverjar eru svo leiðir til úrbóta í útgerð og fiskiðnaði?“ því að hann slær því föstu, sem margir fleiri þekkja, að ástandið sé hið alvarlegasta. „Réttilega hefur verið m. a. bent á aukna vinnuhagræðingu, meiri tækni með nýtízkuvélum, en hinar fullkomnu vélar kosta mikið fé. Og ofan á verð vélanna, t. d. gaffallyftara og fleiri véla, bætist 35% tollur í ríkissjóð.“ Og síðan segir hann: „Og hvar fæst lán til kaupa á þessum nauðsynlegu vélum? Mér vitanlega hvergi, þótt sannanlegt sé, að slíkar vélar spara mikið vinnuafl og borga sig á tiltölulega stuttum tíma, þar sem næg verkefni eru fyrir hendi.“

Hér er sem sé alveg komið inn á kjarna málsins og þann kjarna, sem við í stjórnarandstöðunni í Framsfl. höfum bent á ár eftir ár, m. a. úr þessum ræðustól, en það er þetta, að hæstv. ríkisstj. fer algerlega öfugt að. Hún stritast við að draga úr útlánunum, fyrst og fremst útlánunum til framleiðslunnar og þeirra, sem þurfa á lánum að halda til ýmissa allra nauðsynlegustu framkvæmda. Það dregur úr rekstrarfé útgerðarinnar, og það gerir útgerðinni og öðrum framleiðsluatvinnuvegum landsins erfiðar undankomuleiðir undan þeirri dýrtíðarholskeflu, sem rís í landinu vegna stefnu ríkisstj. að öðru leyti.

En undankomuleiðirnar ættu vitanlega fyrst og fremst að vera þær að koma rekstri í betra horf með meiri vinnuhagræðingu, meiri vélvæðingu og öðru slíku. En þessum leiðum er lokað með lánapólitík ríkisstj. Síðan gortar ríkisstj. af því, að upp byggist einhver lítilfjörlegur gjaldeyrisvarasjóður og menn verði að leggja það á sig að draga saman lánveitingarnar, loka inni sparifé til þess að hlynna að honum, það verði að vera aðalatriðið, sparifé megi ekki vera í umferð. En það er svo einmitt þessi lánapólitík ríkisstj., sem verður til þess, að það situr á hakanum, sem sízt skyldi, t. d. hjá framleiðslunni, sem vantar rekstrarfé. En það eru framkvæmdir í landinu samt sem áður, þ. á m. verðbólgufram-kvæmdir, þannig að ekki ræðst við neitt. En það eru ekki þær framkvæmdir, sem fyrst og fremst þurfa að eiga sér stað, sem sitja fyrir með þessu lagi, heldur hinar, sem menn gera til að bjarga fjármunum sínum undan dýrtíðarholskeflunni með því að leggja þá í margs konar byggingar og framkvæmdir, þ. á m. ýmsar, sem ekki eru meðal þess nauðsynlegasta, sem þjóðarbúið þarf á að halda.

Ég segi það hér einu sinni enn, sem ég hef sagt hér á undanförnum árum, að þetta verður aldrei lagað, verðbólgan verður aldrei stöðvuð, og þessu verður aldrei komið í nokkurt horf, meðan ríkisstj. reynir að gera slíkt einvörðungu með því að draga saman útlánin, halda uppi háum vöxtum, auka dýrtíðina meira en kaupgjaldið í landinu, og beitir öðrum slíkum samdráttarráðstöfunum, en lætur fjárfestinguna vera stjórnlausa, eins og hún er nú í landinu, gerir með þessu móti ráðstafanir, sem verða til þess, að það kemst ekki í framkvæmd, sem fyrst og fremst þarf að gera, eins og Haraldur Böðvarsson svo skörulega og skilmerkilega bendir á í ritgerð sinni.

Það, sem Haraldur Böðvarsson segir í Morgunblaðinu, er nákvæmlega það sama, sem við höfum verið að reyna að vekja athygli á öll þessi ár, að það þarf að breyta um stefnu og í staðinn fyrir að reka þá lána- og vaxtapólitík, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið, þá þarf að hafa sparifé í umferð og beina því þangað, sem það verður að mestu liði fyrir þjóðarbúskapinn. Það verður að endurskoða efnahagsmálastefnuna í grundvallaratriðum, ef það á að verða nokkur minnsta von til þess að komast út úr þessu öngþveiti. Og allra sízt verður út úr þessu öngþveiti komizt með því að bæta því nú við, sem hæstv. ríkisstj. lýsir yfir að hún ætli að gera, sem sé því að skera niður verklegar framkvæmdir ríkisins um 20%. Það eru þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. lýsir nú yfir að eigi að gera, og sú yfirlýsing kemur fram einmitt í sambandi við þetta frv., og um það mun ég fara nokkrum orðum.

Ég hef þegar lýst afstöðu minni til frv. sjálfs, og hún er alveg jákvæð, með þeim rökum, sem ég hef rakið. En ég bendi á, að svona smáuppbætur til útvegsins er vitanlega engin lausn á vandamálum útgerðarinnar, ekki hin minnsta lausn, þó að það sé nauðsynlegt að vera með þessu, eins og sakir standa. Það verður að endurskoða þessi mál frá rótum, m. a. í þá stefnu, sem Haraldur Böðvarsson bendir á í þeirri grein, sem ég var að vitna til og er í aðalatriðum hin sama, sem við í stjórnarandstöðunni margir höfum missirum saman reynt að beita okkur fyrir og verður vitanlega að lokum ofan á. Það er á hinn bóginn spurning, hve mikið tjón menn verða búnir að gera sér, áður en blaðinu verður alveg snúið við.

En nú segir hæstv. ríkisstj., að til þess að fá peningauppbæturnar eigi að skera niður allar verklegar framkvæmdir ríkisins og öll framlög á fjárl., sem ekki eru lögbundin, að því er mér skilst. Þetta er það nýjasta, sem hæstv. ríkisstj. hefur fundið upp á, og við sjáum, að þetta staðfestir enn betur það, sem áður var reyndar augljóst, að hæstv. ríkisstj. hrekst frá einu neyðarúrræðinu til annars.

Maður skyldi halda, að þau væru hinir mestu kreppu- og örðugleikatímar, þegar til stendur að grípa til neyðarráðstafana af þessu tagi, en það er nú öðru nær, eins og við allir þekkjum. En þetta sýnir öngþveitið og ég vil segja

ráðleysið, því að hér er allt á fleygiferð í því dýrtíðarflóði, sem efnt hefur verið til. Með þessu er í raun og veru ætlun hæstv. ríkisstj. að umturna alveg þeim fjárl., sem sett voru fyrir aðeins 2½ mánuði. Í desembermánuði voru þó lögfestar nýjar álögur, sem eiga að gefa hátt á 3. hundrað millj. kr., og þá voru með því álögurnar í heild fyrir utan vegáætlunina færðar upp í 3½ milljarð, en ef álögurnar í vegáætluninni eru taldar með, um 3 milljarða og 800 millj.

Nú á að skera niður opinberar framkvæmdir um 120 millj., því að það er talið, að ekki sé hægt að fá þessar 120 millj. í framkvæmdirnar af þessum hálfa fjórða milljarði. En þetta er yfirlýsing um, að það sé ekki hægt að halda uppi verklegum framkvæmdum og ólögboðnum framlögum, sem nema 600 millj. af 3½ milljarði. Sýnir þetta enn, að það fer sílækkandi sá hluti af ríkistekjunum, sem gengur til opinberra framkvæmda og nauðsynlegustu framkvæmda. Eftir því sem álögurnar vaxa, virðist fara minni hluti af þeim til framfaranna, framkvæmdanna.

Með þessu er stefnt að því líka, að nýjar álögur og niðurskurður á þjónustu nemi um 400 millj. á nokkrum mánuðum. Nýju álögurnar munu nema um 270 millj. eða svo, niðurskurðurinn á framkvæmdunum nemur 120 millj. Nýjar álögur og niðurskurður á þjónustuframkvæmdum á að nema samtals um 400 millj. á örfáum mánuðum.

Ríkisstj. segir okkur alltaf, að sig vanti peninga. En við vitum, að ríkisstj. hefur þá yfirlýstu efnahagsmálastefnu að hafa greiðsluafgang til þess að draga úr kaupgetunni og draga peninga úr umferð inn í kerfið. Það er hennar átrúnaður, að með því að takmarka lánveitingarnar, leggja inn í bankakerfið hluta af sparifjáraukningunni og með því að hafa greiðsluafgang á fjárl. megi sjá öllum borgið í þjóðarbúskapnum. Og þess vegna er hæstv. ríkisstj. stöðugt að streitast við að koma á landsmenn nýjum og nýjum álögum. Og nú þegar hún í bili telur, að menn hafi fengið meira en nóg af nýjum álögum, þá á að reyna að ná þessu sama marki með því að draga úr lífsnauðsynlegustu framkvæmdum. Og þetta á að gera, eins og ég sagði, þótt skattálagning og skattaálögur séu orðnar meiri en nokkru sinni fyrr.

En væri nú ekki nær fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að fara inn á sparnaðarleiðir, heldur en að ráðast eingöngu á þá liði fjárl., sem eiga að fara til verklegra framkvæmda og til þýðingarmestu málanna? Væri ekki nær fyrir hæstv. ríkisstj. að snúa sér af alvöru að sparnaði og reyna að minnka eyðslu á öllum sviðum og bæta þannig hag ríkissjóðs, ef hann þyrfti á því að halda, að hagur hans sé réttur? En um það höfum við vitanlega ekki fengið neina skýrslu. Við höfum ekki fengið neina skýrslu um, hvernig ríkissjóður raunverulega stendur, nema það, sem allir gerðu ráð fyrir, að fjárl. stæðust fullkomlega í reyndinni, eins og þau voru orðin, þegar frá þeim var gengið fyrir áramót, og við margir höfðum trú á og trúum enn, að stefnt væri að verulegum greiðsluafgangi með þeim álögum, sem þá voru samþykktar. En ef ríkisstj. vantar peninga, hvers vegna fer hún þá ekki inn á sparnaðarleiðina? Það verður að vera skýlaus krafa og er áreiðanlega skýlaus krafa í landinu, að slíkt sé gert og það ósleitilega og þannig, að það sjáist í framkvæmd, áður en hugsað er til þess að skera niður þýðingarmestu þjónustuframkvæmdir ríkisins, eins og ríkisstj. hefur nú lýst yfir að hún ætli að gera.

Þá er einnig í þessu sambandi ástæða til að minna á það, hvernig gengur með skilin á sköttunum í ríkissjóðinn. Mundi það ekki vera eðlilegra, ef ríkisstj. vantar peninga, að hún gerði myndarlega gangskör að því, að söluskattinum væri öllum skilað í ríkissjóðinn, öllu því, sem tekið er af mönnum í söluskatt, væri raunverulega skilað í ríkissjóðinn? En það er á almannavitorði, að stórkostlegur misbrestur er á því. Og ég er alveg sannfærður um, að ef ríkisstj. gerði rösklega herferð í þessu efni, verulega rösklega og beitti til þess orku sinni og sinna manna, mundi verða af því stórkostlegur árangur og miklu meiri árangur en nemur þessum 120 millj., sem nú er gert ráð fyrir að skera niður af verklegum framkvæmdum. Sama er að segja um beinu skattana, sem að vísu hefur verið lofað að lækka og vitanlega verða að lækka, því að í fyrra voru þeir gersamlega óbærilegir. En ef gengið væri í það af verulegum dugnaði að fá í lag grundvöll beinu skattana, þ. e. a. s. framtölin, mundi alveg vafalaust líka verða verulegur tekjuauki að því fyrir ríkissjóð.

Það verður svo að teljast ömurlegt, að á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. leggur til að lækka opinberar framkvæmdir á þessa lund, sem hér er gert ráð fyrir, er hún uppvís að því fullkomlega að innheimta ekki einu sinni löglega álagða skatta hjá ríkustu mönnum landsins eins og stóreignaskattinn. En það hefur verið upplýst hér á hv. Alþ. hvað eftir annað, að á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. lætur elta aðra til þess að greiða lögboðin gjöld, — og það er ekkert við því að segja, að það sé gengið eftir því, að menn greiði lögboðin gjöld, — er ekki innheimtur nema að sáralitlu leyti löglega álagður skattur, stóreignaskatturinn. Allt þetta er nauðsynlegt að minna á, þegar til stendur að gera ráðstafanir af þessu tagi.

Við, sem erum dálítið kunnugir efnahagsmálastefnu ríkisstj. og á hverju hún er byggð, vitum, að þessar ráðstafanir, sem nú á að fara að gera, að draga úr opinberum framkvæmdum, eiga sér tvenns konar rætur í kerfi hæstv. ríkisstj. Annars vegar er að reyna að fá greiðsluafgang hjá ríkinu, ekki í því skyni að nota hann til að styðja nauðsynlegustu framkvæmdir, eins og áður tíðkaðist yfirleitt með greiðsluafganga, þegar þeir urðu, heldur til þess að draga fé inn í peningakerfið og draga þannig úr þenslunni, eins og þeir kalla

það, og kaupgetunni. Þetta er annar þátturinn. En hinn þátturinn er sá beinlínis að draga úr fjárfestingunni. Okkur er það alveg ljóst, að hæstv. ríkisstj. hugsar sér að draga úr fjárfestingunni, því að hún telur sjálfsagt, að fjárfestingin sé of mikil í heild. Það er mjög athyglisvert að sjá nú, hvaða framkvæmdir það eru, sem hæstv. ríkisstj. telur helzt, að megi missa sig eða fresta, þegar um slíkt sé að ræða, að framkvæmdir séu meiri en þjóðarbúið ræður við. Hverjar eru þá þær framkvæmdir, sem eiga að víkja? Það eru þær framkvæmdir, sem fé er veitt til á fjárl.? Það eru skólarnir, það eru spítalarnir, það eru hafnargerðirnar, það eru vegirnir og brýrnar, það eru raforkulínurnar, svo að aðeins örfá dæmi séu nefnd af fjöldamörgum, sem nefna mætti.

Ég mun ekki fara út í það hér í þessum fáu orðum, sem ég segi, að lýsa því, hvernig ástatt er í þessum greinum, þessum þjónustugreinum, sem ég hef hér nefnt, eins og menntamálum, heilbrigðismálum, samgöngumálum og raforkumálum. Ég vænti þess, að það muni verða gert af öðrum. En ég vil leyfa mér að benda á, að það eru þessar framkvæmdir, sem hæstv. ríkisstj. telur, að helzt megi missa sig og eigi að víkja fyrir öðru, ef framkvæmdir í landinu séu of miklar að hennar dómi. En ég segi, að þegar nú á að draga úr framkvæmdum í landinu með því að klípa af þessum framkvæmdum, er því fórnað, sem sízt skyldi. Þá er því hreinlega fórnað, sem sízt skyldi. Þá er þetta látið víkja fyrir fjöldamörgu öðru, sem fremur mætti bíða, þegar litið er á þjóðarhaginn.

Sannleikurinn er sá, að þessar framkvæmdir, sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að setja í úrkastsflokkinn, eiga að vera í forgangsflokki framkvæmdanna. Ef þannig er komið fyrir hæstv. ríkisstj., sem augljóst er raunar, að hún kann engin ráð til þess að láta lífsnauðsynlegustu framkvæmdir sitja í fyrirrúmi um vinnuafl og fjármagn, þá á sú ríkisstj. ekkert erindi lengur í ráðherrastólunum. Hún á að fara. Sú ríkisstj., sem grípur til þessa úrræðis í einhverju hinu mesta góðæri, sem þjóðin hefur lifað, á engan rétt á sér. Sú ríkisstj., sem setur þessar framkvæmdir í úrkastsflokkinn, sem eiga að vera í forgangsflokknum, á engan rétt á því að fara áfram með málefni landsins. Hún á að afsala sér völdunum.

En þá er það fjárfestingin í heild. Það er sagt, að hún sé talin of mikil. Þeir telja hana of mikla. Það er mjög erfitt fyrir okkur að dæma um þetta, sem engan aðgang eigum að neinum framkvæmdaáætlunum eða öðru, sem snertir þessi efni. Og ég skal því ekki dóm á þetta leggja, um heildarfjárfestinguna á næstunni. En hitt veit ég, að fjárfestingarmálin eru í algeru öngþveiti, verðbólguöngþveiti, og fyrir því öngþveiti eiga nú ýmsar af þýðingarmestu framkvæmdum þjóðarinnar að víkja, því að það á engu að fresta nema þeim. Verðbólguframkvæmdirnar eiga að halda áfram, sem við sjáum daglega fyrir augum okkar, en skólar, spítalar, vegir, hafnir og raforkulínur eiga að víkja, svo að dæmi séu nefnd.

Það getur staðið þannig á, að réttmætt sé að draga úr framkvæmdum ríkisins eða fresta einhverjum þeirra, og það hef ég því bent á áður við ýmis tækifæri. En það verður þá að vera vegna þess, að aðrar enn þýðingarmeiri framkvæmdir fyrir þjóðarbúið, sem aðrir hafa með höndum en ríkið, þurfi að hafa forgang og megi til með að komast í framkvæmd. En að efna til niðurskurðar á sjúkrahúsbyggingum, skólabyggingum, samgönguframkvæmdum og annarri mikilsvarðandi þjónustu, til þess að gegndarlausar verðbólgu- og gróðabrasksframkvæmdir þeirra fésterkustu í landinu geti haft forgangsaðstöðu varðandi vinnuafl og efni, það er hneyksli. Það er hneyksli að setja framkvæmdir ríkisins í úrkastsflokk, til þess að slíkt geti farið fram. Ég dreg í efa, að það, sem nú á að gerast hér í þessu tilliti, gæti gerzt í nokkru af hinum nálægu Evrópulöndum, þar sem við þekkjum bezt til. Ég dreg í efa, að svona atburðir gætu gerzt í nokkru þeirra landa.

Ef við svo íhugum þetta ofurlítið nánar, kemur líka í ljós, að það eru engin stórvirki í framkvæmd núna, engin sérstök stórvirki í framkvæmd, sem ætti að þurfa að víkja fyrir. En samt telur ríkisstj., að það þurfi að skera niður 20% af framkvæmdum ríkisins. Á hverju eiga menn þá von hjá stjórn, sem fylgir þessari stefnu, ef nú verður bætt við á næstunni t. d. byggingu stóriðjufyrirtækja og stórvirkjana í því sambandi, miklum mannvirkjum í Hvalfirði á vegum Bandaríkjanna, og svo á verðbólgufjárfestingin að halda áfram óhindruð og ringulreiðin og skipulagsleysið í fjárfestingarmálum?

Það verður að gera þá skýlausu kröfu til hvaða ríkisstj. sem er, að hún líti yfir þjóðarbúskapinn í heild. En ef einhver dirfist að tala um, að það eigi að fresta einhverjum framkvæmdum öðrum en skólum, spítölum, vegagerðum og öðrum slíkum framkvæmdum, t. d. fresta einhverju af því, sem aðrir vilji gera en ríkið sjálft, þá verður æpt: Höft, höft, höft. Hann vill höft. — Mikið eiga menn að vinna fyrir frelsið, ef þetta á að ganga svona. Opinberum framkvæmdum verði kastað í úrkastsflokkinn, en allar hinar, sem menn sjá daglega fyrir augunum og telja má þýðingarminni, eiga að hafa sinn gang, hvað sem tautar.

Hvernig er svo þetta frelsi, sem menn eiga að færa þessar fórnir? Hvernig er það frelsi? Auðvitað ekkert nema nafnið. Það er bara frelsi fyrir þá ríku. Það er bara frelsi fyrir þá, sem hafa nóga peninga, og ekki fyrir neina aðra, hinir eru allir undir höftum. Það er ekki frelsi fyrir neina aðra, en við getum kallað það frelsi fyrir þá. Hér eru höft, og þau eru framkvæmd með lánapólitíkinni, þau eru framkvæmd á þann hátt, sem Haraldur Böðvarsson er að segja mönnum frá í Morgunblaðinu í dag, þannig að það fást ekki lán til þess að kaupa nauðsynlegustu vélar til fiskiðnaðar-

ins. Þetta eru höftin, sem eru í gildi. Það eru lánsfjárhöftin. Frelsið er aðeins fyrir þá, sem hafa nóga peninga.

En ef einhverjum skyldi detta í hug, að það væri skynsamlegt að reyna að raða framkvæmdunum á þjóðarbúinu niður og einhverjir yrðu að fresta sínum framkvæmdum, sem væru taldar ónauðsynlegri en þær, sem hér er verið að ræða um, þó að þeir hefðu nóga peninga, þá æpa menn: höft. Það eru höft, ef það snertir þá, sem hafa nóga peninga, en hitt eru ekki höft. Lánsfjárhöft eru ekki höft, af því að þau snerta aðeins þá, sem þurfa á fjármagni að halda frá öðrum.

Og hvernig eru lánsfjárhöftin framkvæmd? Þau eru framkvæmd þannig, að verulegur hluti af sparifjáraukningu þjóðarinnar er tekinn af viðskiptabönkunum og lagður inn í Seðlabankann, að mestu leyti til að halda þessu fé úr umferð. Þetta á m. a. að gera til þess að draga úr fjárfestingunni, og þetta var okkur sagt að væri einhlítt til þess að hafa jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En hvar er jafnvægið í þjóðarbúskapnum? Þetta verkar aftur á móti á þá lund, sem margsannað er og margupplýst, að það verður að sitja á hakanum, sem sízt skyldi, t. d. á vegum framleiðsluatvinnuveganna, fjárfestingar til þess að bæta rekstraraðstöðuna, og þetta verkar einnig þannig, að unga fólkið í landinu, sem þarf að koma sér upp íbúðum og annarri staðfestu, finnur mest fyrir þessum höftum. En frelsið er fyrir hina.

Við sjáum biðraðirnar hérna við bankadyrnar á morgnana. Benda þær til þess, að jafnvægi sé í lánamálunum eða jafnvægi í efnahagsmálunum? Nei, þær benda til þess, að þar ríki hið mesta jafnvægisleysi. Og það eru þessir, sem bíða við dyrnar á bönkunum, sem eru að glíma við haftapólitík ríkisstj., þessa sérstöku tegund af höftum. Verið er að reyna að stjórna með „peningapólitískum" ráðstöfunum einum saman, eins og gert er í sumum stóru löndunum, þar sem er allt yfirfljótandi í fjármagni. En það er ekki hægt að gera hér, svo að í nokkru lagi sé, og það ættu menn nú að vera búnir að læra.

Það verður laglegt ástand hér á næstu árum eða næstu missirum, ef á að halda áfram þessari pólitík og leggja í nýjar stórframkvæmdir. Það verður laglegt ástand. Ég held, að það þurfi sannarlega að skoða þessi mál meira í heild en menn hafa fengizt til að gera nú um sinn.

Áhrifin af þessari lánapólitík, sem ég hef verið að lýsa og koma fram í gjaldeyrisstöðunni, eru dýru verði keypt. Þau kosta rekstrarfjárskort hjá framleiðslunni og verri afkomu á allar lundir, minni möguleika til þess að greiða eðlilegt kaup og annað því líkt. Þau kosta peningaþröng og getuleysi hjá þeim, sem sízt skyldi. En þessi pólitík hefur samt ekki læknað verðbólguna. Hún hefur magnazt. Og ekki hefur dregið úr fjárfestingunni í heild, en þetta hefur haft áhrif þannig að breyta fjárfestingunni. Það eru önnur verkefni, sem fengizt er við, og þar ber mest á verkefnum þeirra fjársterkustu. Og hún verður til þess, þessi stefna, að það eru þeir, sem fá forgangsaðstöðu fram yfir aðrar nauðsynlegustu framkvæmdir og fram yfir sjálfa framleiðsluna. Hvernig er t. d. orðið með vinnuaflsskortinn hjá sjálfri framleiðslunni, og hvernig stendur á honum? M. a. kemur til hin gegndarlausa samkeppni frá verðbólgufjárfestingunni. En þetta verður ekki læknað með því að taka 120 millj. af því fé, sem á að verja til þess að byggja heilbrigðisstofnanir, skóla og annað slíkt, sem þjóðin verður að halda áfram að koma í framkvæmd. Og ef menn halda, að sú pólitík geti staðizt, að ekki sé hægt að halda áfram með sæmilegum hraða við slíkar framkvæmdir í mestu góðærum, hvenær ætla menn þá að vinna það upp aftur? Það er tæpast hægt að hugsa sér, að annað eins góðæri og verið hefur nú um sinn geti orðið um alla framtíð.

Í raun og veru er fjárfestingin undirstaða þjóðarbúskaparins í framtíðinni, alveg eins og heimilanna. Tekjur og afkoma þjóðarinnar á næstu árum fer vitaskuld að verulegu leyti eftir því, hvernig til tekst með fjárfestinguna, með framkvæmdirnar, hvort menn leggja í skynsamlegar framkvæmdir eða óskynsamlegar. Við vitum, að verðbólgufjárfesting er oft mjög óskynsamleg og stórlega hættuleg. Vegna verðbólgunnar leggja menn t. d. í miklu stærri framkvæmdir en þeir í raun og veru hafa efni á og þeir þurfa, þ. e. þeir, sem hafa veruleg peningaráð. Þetta vitum við vel, og við vitum, að verðbólgan er versti ráðunauturinn, sem til er varðandi fjárfestingarframkvæmdir.

En hvað er gert á heimilunum? Hvað gerir hygginn húsbóndi, ef hann þarf að horfast í augu við, að það er takmarkað, sem hann getur komið í framkvæmd, og það er auðvitað ævinlega takmarkað, og það er líka takmarkað, sem þjóðarbúið getur komið í framkvæmd? Hygginn húsbóndi lítur yfir heildina og reynir að raða verkefnunum niður eftir þýðingu þeirra fyrir heimilið í heild. En er það þetta, sem hæstv. ríkisstj. gerir með sinni fjárfestingarpólitík? Nei og aftur nei, ekkert í þá átt. Það, sem hún gerir, er að setja í úrkastsflokkinn það, sem sízt skyldi, láta það í raun og veru hafa forgang, sem helzt mætti bíða, reyna svo að halda þessu innan einhverra takmarka, að því er manni skilst, með lánapólitík, sem verður til þess, að það fellur oft niður, sem þarflegast er.

Ég vil svo að lokum segja þetta: Ríkisstj., sem gefst alveg upp við þá frumskyldu í nútímaþjóðfélagi að tryggja því þýðingarmesta forgang, en lætur það þess í stað sitja á hakanum, á engan rétt á sér, ríkisstj., sem í mesta góðæri gefst upp við að halda uppi eðlilegum lágmarksframkvæmdum í skólamálum, íbúðamálum, heilbrigðismálum, samgöngumálum og öðrum þvílíkum höfuðþáttum, á engan rétt á sér.

Að endingu vil ég svo spyrja um þrennt:
Á að skera niður framlög til allra verklegra framkvæmda án undantekninga? Mér virðist eiga að gera þetta skv. yfirlýsingunni í grg., en það væri æskilegt að fá þessu beint svarað.

Á að skera niður öll ólögboðin framlög á fjárl.? Og ef svo er ekki, hver eru þá undantekin?

Hvað á að gera við 22. gr. og sérstaklega tvennt á henni? Ætlar ríkisstj. að hætta við að nota lántökuheimildina til ríkisspítalanna upp á 10 millj. kr.? Og hvað ætlar ríkisstj. að gera við lántökuheimildina til flugvallagerða, 15 millj. kr.?

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði á þessu ári um 55 millj. kr. í verðuppbætur á fisk. Því er lýst yfir í grg. frv., að ríkisstj. hafi gefið fyrirheit um þessa greiðslu, þegar samið var um fiskverð í upphafi þessa árs. Þeir fiskverðssamningar, sem þá fóru fram, voru á ýmsan hátt mjög athyglisverðir. Í fyrsta lagi vegna þess, að þeim samningum stjórnaði að þessu sinni aðalefnahagsmálaráðunautur ríkisstj., Jónas H. Haralz, og réð mestu um þá samninga sem oddamaður í dómnum. Niðurstaða þessara samninga varð sem sagt sú, sem kemur fram í þessu frv., að aðalefnahagsráðunautur ríkisstj., sá sem hafði með ríkisstj. alveg sérstaklega markað viðreisnarstefnuna í efnahagsmálum, komst að þeirri niðurstöðu, að það væri óhjákvæmilegt nú að taka upp sérstakar verðuppbætur á fisk og taka upp sérstakar mismunauppbætur á fisk í ríkari mæli en áður hafði verið. Nú minnast menn þess í þessu sambandi, að það var einmitt eitt af aðalviðkvæðunum hjá þeim viðreisnarmönnum í upphafi viðreisnarinnar, að það væri alveg óhjákvæmilegt að gera efnahagsráðstafanir til þess að afnema allar uppbætur og þá ekki síst uppbætur til aðalatvinnuvega landsins, og þá var því haldið sérstaklega fram, m. a. af þessum efnahagsráðunaut ríkisstj., Jónasi Haralz, að alveg sérstaklega væri hættulegt að haga uppbótagreiðslum þannig, að mismunað væri uppbótunum til hinna ýmsu framleiðslugreina í landinu. En nú sem sagt er hans úrskurður þessi. Nú á að veita sérstakar uppbætur úr ríkissjóði á fisk, sem veiddur er með handfæri og línu, fram yfir annan fisk, sem að landi berst. Nú er úrskurðurinn sá, að það skuli styrkja alveg sérstaklega þá fiskkaupendur og fiskverkendur í landinu, sem vinna að því að hraðfrysta fisk, en hinir, sem kaupa fisk á sama verði til herzlu eða til þess að salta hann, þeir skuli ekki fá neinar slíkar bætur.

Þetta segir ekki litla sögu um það, hvernig farið hefur með þessar kenningar efnahagsráðunautarins í þessum efnum. Hann hefur sem sagt orðið að standa frammi fyrir því að verða að samþykkja það eftir fimm ára viðreisnarstefnu, sem hann í upphafi viðreisnartímabilsins taldi að væri með öllu óalandi og óferjandi.

Þá er það ekki síður athyglisvert í sambandi við þessa samninga, sem fóru fram um fiskverðið í upphafi þessa árs, að þegar þessir samningar eru gerðir, þá hafði það skeð, að sjávarútvegurinn hafði búið við hagstæðara árferði en um langan tíma áður og miklu hagstæðara erlent markaðsverð en þekkzt hafði nokkurn tíma áður. Útflutningsverð á fiski hafði hækkað sérstaklega mikið og miklum mun meira m. a. á frosnum fiski en t. d. á hertum fiski. Það liggur sem sagt fyrir, að samið hefur verið við aðalkaupendur okkar að frosnum fiski nú, sumpart rétt fyrir áramótin og að nokkru leyti nú eftir áramótin, og aðalkaupendurnir, sem kaupa hraðfrystan fisk, borga nú hvorki meira né minna en 10% hærra verð en þeir gerðu árið á undan. Samkv. útreikningum þeirra, sem fást við fiskframleiðslu, þá hefur það verið gefið upp, að 10% verðhækkun á útfluttum fiskafurðum jafngildi fyllilega 50% launahækkun við framleiðsluna, en eigi að síður komst efnahagsráðunautur ríkisstj. að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir þetta allt saman, hið góða árferði með aflann og aðrar kringumstæður, hina miklu verðhækkun á erlendum mörkuðum, þá yrði eigi að síður að samþ. sérstakar verðuppbætur að þessu sinni og það með þeim hætti, sem hann komst að niðurstöðu um. Þetta er að mínum dómi þungur áfellisdómur um viðreisnarstefnuna, sem gilt hefur í landinu nú um fimm ára tímabil.

Ég býst við því, að ýmsir þeir, sem heyra þessi orð mín, verði kannske nokkuð undrandi á því, að efnahagsráðunautur ríkisstj. skuli hafa komizt að þessari niðurstöðu, þegar kringumstæðurnar voru þessar, því að sannleikurinn er sá, að ef allt hefði verið með felldu, hefðu þessar greinar sjávarútvegsins vegna hækkandi markaðsverðs erlendis ekki átt að þurfa á neinum uppbótum að halda á þessu ári og þó búið mun betur en þær bjuggu fyrir rúmu ári. En hver er þá ástæðan til þess, að efnahagsráðunauturinn kemst samt sem áður að þessari niðurstöðu, að það verði að grípa til uppbóta?

Til þess að skýra það er í rauninni óhjákvæmilegt að líta nokkuð yfir það, sem var að gerast á s. l. ári í þessum efnum, og einnig til þess, sem hefur verið að gerast í fjármálum ríkisins að undanförnu. Við minnumst þess, að í janúarmánuði 1964, fyrir rétt rúmu ári, lagði ríkisstj. fram frv. hér á Alþingi um sérstakar ráðstafanir til stuðnings sjávarútveginum. Þá var lagt til að hækka söluskattinn úr 3% upp í 5½% eða um 2½%. Þær álögur mundu nema í kringum 300 millj. kr. á ári, en gert var ráð fyrir, að þessar álögur mundu þó skila í ríkissjóð nokkru lægri upphæð á árinu 1964, af því að innheimtan stæði ekki alveg allt árið. Það kom auðvitað í ljós, að þó að þessar miklu álögur væru samþ. hér á Alþingi

undir því fororði, að þær væru gerðar til stuðnings sjávarútveginum, varð strax að upplýsa það, að verulegur hluti eða í kringum 1/3 af þessum álögum ætti nú að renna í ríkissjóð beint, en ekki til sjávarútvegsins. Ríkissjóður þurfti sem sagt á því að halda, að sagt var, að greiða hækkaðar bætur vegna almannatryggingalaga, og ríkissjóður þurfti einnig á meira fé að halda vegna niðurgreiðslu á verðlagi o. s. frv. En allt um það fékk sjávarútvegurinn þó nokkra upphæð, sérstaklega togaraútgerð fékk allmyndarlega upphæð af þessum álögum, sem þarna voru á lagðar.

En svo gerðist það bara, þegar kom fram undir árslokin eða nokkru fyrir síðustu áramót, að þá var ríkissjóður þannig á vegi staddur, að hann varð að tilkynna, að hann yrði að slá eignarhaldi sínu á þennan skatt, að ríkissjóð vantaði svo peninga, að þessi skattur yrði að renna í ríkissjóð, og það yrði að taka þennan stuðning af sjávarútveginum, sem hann hafði fengið með sérstökum skattaálögum.

Þess var getið í grg. fjárlfrv., að upphæð, sem næmi 95.5 millj. kr. og komið hefði út úr þessum sérstaka skatti, yrði nú á þessu ári látin renna beint í ríkiskassann, því að ríkissjóður þyrfti á upphæðinni að halda. Þegar þetta var samþ. hér á Alþingi, spurði ég sérstaklega um það, hvort það væri mat ríkisstj. á hag sjávarútvegsins, sem nú ætti að sjá af þessari upphæð beint í ríkiskassann, að sjávarútvegurinn mundi ekki þurfa á neinni frekari aðstoð að halda, eða hvort meiningin væri að koma aftur eftir nokkra mánuði og leggja á nýjar álögur til þess að hjálpa sjávarútveginum í staðinn, eftir að ríkissjóður hafði tekið þessar tekjur af honum. Við þessu fengust harla lítil svör, þegar var verið að gera þessar ráðstafanir um áramótin. En niðurstaðan er nú sem sagt þessi, að vegna þess að ríkissjóður þurfti að hirða til sín þær tekjur, sem áður runnu til sjávarútvegsins, þann skatt, sem hafði verið á lagður vegna sjávarútvegsins, þá þarf nú að koma á nýjan leik og segja: Nú þurfum við að láta sjávarútveginn fá nýja greiðslu upp á 55 millj. kr.

Það er að vísu ekki valin sú leið nú að leggja á nýjan skatt í þessu skyni. En hin leiðin er valin, að skera niður útgjöld ríkisins, sem ákveðin voru á nýlega samþykktum fjárl. til verklegra framkvæmda, sem þessu nemur.

Það kemur sem sagt í ljós, að fjármálastefna ríkisstj. hefur leitt til þess, að útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið þannig jafnt og þétt, að ríkissjóður hefur þurft að draga til þær upphæðir, sem áttu að renna til atvinnuveganna, og ríkissjóður hefur hvað eftir annað gripið til ráðstafana, sem hafa íþyngt framleiðsluatvinnuvegunum og þar með sjávarútveginum, m. a. með því að leggja á söluskatt æ ofan í æ.

Það, sem raunverulega hefur verið að gerast í þessum efnum, er því það, að söluskattshækkunin, sem ákveðin var í upphafi ársins 1964, og svo aftur söluskattshækkunin, sem ákveðin var nú um síðustu áramót, en þessi hækkun nemur samanlagt úr 3% upp í 7.5% eða um 4.5%, en það nemur eftir þeim áætlunum, sem ríkisstj. hefur lagt fram, álögum upp á 560 millj. kr., — af þessari upphæð má segja, að eigi nú að renna til sjávarútvegsins skv. þessu frv. 55 millj. En það hefur verið staðið svo haganlega að þessu, að á meðan var verið að sækja þessar tekjur í vasa almennings í landinu, hefur alltaf verið sagt: Þetta erum við að gera til þess að bjarga útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta erum við að gera, að leggja þetta á, til þess að bjarga sjávarútveginum. — En það er efnahagsmálastefna ríkisstj., það er fjármálastefna ríkisins, sem hefur leitt út í þessar ógöngur. Það er rétt, að menn geri sér fulla grein fyrir því.

En svo kemur með þessu frv. tilkynning um það, að nú sé óhjákvæmilegt fyrir ríkissjóð, þrátt fyrir alla þessa nýju skatta, sem á hafa verið lagðir og raunverulega hafa að mestöllu leyti runnið í ríkissjóð, þá sé óhjákvæmilegt að skera niður verklegar framkvæmdir á árinu 1965 upp á 120 millj. kr., draga sem sagt úr framkvæmdum, eins og hér hefur verið lýst, til byggingar skóla, byggingar sjúkrahúsa, hafnargerða og annarra slíkra verklegra framkvæmda, um 20% frá því, sem nýlega hefur verið samþ. á Alþingi við afgreiðslu fjárl. Hér er um býsna stóra tilkynningu að ræða, og hún er sannarlega þess eðlis, að það hefði verið ástæða til þess, að ríkisstj. hefði gefið ýtarlegri og gleggri skýrslu hér á Alþingi um það, hvaða nauður rekur virkilega til þess, að svona er komið og að til þess arna þarf að grípa.

Sú skýring, sem hér hefur verið minnzt á, að ríkisstj. hugsi sér að skera niður verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins og opinberra aðila um 120 millj. kr. vegna of mikillar þenslu á vinnumarkaðinum, vegna þess að það verði að skapa pláss fyrir annað, sem er nauðsynlegra, — sú skýring fær ekki staðizt. Að vísu skal ég játa, að það er mikil þensla á íslenzkum vinnumarkaði og vantar stórlega vinnuafl, m. a. til framleiðsluatvinnuveganna. Það er rétt. En sú ríkisstj., sem á sama tíma og þetta gerist berst um á hæl og hnakka og reynir að rökstyðja það, að réttmætt sé og nauðsynlegt nú að ráðast í stóriðju á þeim grundvelli, sem lagt hefur verið fram, sem mundi heimta a. m. k. 1000 menn í byggingarvinnu í næstu 3—4 ár, — sú ríkisstj., sem telur það alveg nauðsynlegt, eins og nú háttar í íslenzku atvinnulífi, að ráðast í slíkar umdeildar framkvæmdir, getur ekki á sama tíma haldið því fram, að það sé nauðsynlegt vegna ástandsins á íslenzkum vinnumarkaði að minnka framkvæmdir við byggingu skóla, við byggingu hafna í landinu og annars slíks, sem nemur 120 millj. kr.

Ég álít alveg þvert á móti, að tal ríkisstj. og hennar ráðamanna um nauðsyn þess að ráðast í hinar miklu stóriðjuframkvæmdir beri alveg greinilega vott um það, að hún hefur enga grein gert sér fyrir því, hvernig ástatt er raunverulega á atvinnumarkaði í landinu nú. Við

höfum sem betur fer búið við það á undanförnum árum, að sjávarútvegsframleiðsla okkar hefur farið ört vaxandi frá ári til árs. Afli, sem borizt hefur að landi, hefur aukizt nú í nokkur ár í kringum 20% á ári. En 20%, sem er 150—200 þús. tonn af afla, sem berst að landi, heimta vitanlega vinnuafl. Það er engin leið að koma þessu í útflutningsverðmæti án þess, að þetta heimti meira og meira vinnuafl. Og þannig hefur líka ástandið verið, að það hefur heldur engin leið verið að framleiða allt þetta vörumagn til útflutnings, án þess að það þyrfti að ráðast í allmiklar nýjar framkvæmdir, sem líka hafa heimtað vinnuafl. Það hefur því verið þannig ástatt hjá aðalframleiðslugreinum okkar á undanförnum árum, að framleiðslan hefur búið við meiri og meiri vinnuaflsskort. Það hefur vantað vinnuafl og alltaf farið versnandi frá ári til árs. En á sama tíma og þetta gerist hugsar þó ríkisstj. sér, að það verði gert án þess, að það hafi nokkra verulegar afleiðingar i efnahagskerfinu, að ráðast í stóriðjuframkvæmdir, sem heimta það vinnuafl, sem ég talaði um hér áðan.

Nei, það er enginn vafi á því, að allur undirbúningur og sá mikli áhugi, sem hefur komið fram hjá ríkisstj. í sambandi við stóriðjuframkvæmdirnar, ber þess einmitt glögglega vott, að hún hefur ekkert gert sér grein fyrir því, hvernig ástandið er á islenzkum vinnumarkaði nú í dag. Ef hún hefði gert það, þá hefði hún auðvitað tekið upp allt aðra stefnu í fjárfestingarmálunum en hún hefur gert. Þá mundi hún fara inn á þá braut að raða niður framkvæmdunum á annan veg en nú hefur verið gert.

Ríkisstj. hefur reynt á undanförnum árum af allmiklu kappi að afgreiða fjárlög fyrir áramót. En það hefur ekki verið ýkjamikið að marka þessa fjárlagaafgreiðslu, sem drifin hefur verið í gegn fyrir áramót. Eins og ég sagði áðan, var þannig að farið í byrjun ársins 1964, að ekki hafði liðið nema einn mánuður, frá því að fjárlög voru afgreidd, að ríkisstj. kom fram með frv. á Alþ., sem í rauninni alveg umturnaði fjárlagaafgreiðslunni með því að leggja á landsmenn nokkur hundruð millj. kr. í nýjum sköttum. Og nú er þannig farið, að fjárlögin voru að vísu afgreidd núna fyrir jól, en svo er strax farið i það að gjörbreyta því, sem ákveðið var með setningu síðustu fjárlaga. Þær fjárveitingar, sem þar voru samþykktar, eiga ekki lengur að standa. Nú er þeim raskað, og allri fjárlagaafgreiðslunni er raskað.

Ástæðurnar eru einfaldlega þær, að minum dómi, að efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur verið að hrynja að undanförnu. Af því er gripið til vinnubragða eins og þessara. Það er með flaumósuhætti unnið að afgreiðslu fjárlaga, sem menn hafa alls ekki séð, hvernig á að standa við, og síðan er rokið til á eftir að leggja fram mikilsverð fjárlagafrv. í rauninni eða frv. um mikilsverð fjárhagsmálefni rétt á eftir, sem í grundvallaratriðum raska sjálfri fjárlagaafgreiðslunni.

Ég álít, að kjarni þessa máls, sem ég hef gert hér að umtalsefni, sé sá, að þær ráðstafanir, sem nú er ákveðið að gera með því að skera niður verklegar framkvæmdir ríkisins um 120 millj. kr. árið 1965, eru ekki gerðar vegna sjávarútvegsins eða vegna stuðnings við hann. Ríkisstj. getur sparað sér það algerlega að afsaka þennan mikla niðurskurð, sem nú á að framkvæma á verklegum framkvæmdum, með því, að hún sé að auka stuðning sinn við sjávarútveginn. Um það verður ekki deilt, enda kom það skýrt fram í ræðu hæstv. sjútvmrh., þegar hann talaði hér fyrir frv., að honum er ljóst, að stuðningurinn við sjávarútveginn á að vera minni á þessu ári en hann átti að vera árið á undan. Það er því ekki verið að skera niður útgjöld til verklegra framkvæmda samkv. fjárlögum vegna stuðnings við sjávarútveginn. Það er rangt. Þessi niðurskurður á sér stað vegna þess, að ríkisstj. telur, að svo sé komið fjárhag ríkisins, að fjárl. fái ekki staðizt.

Það var mikið ógæfuspor, sem hæstv. ríkisstj. steig, þegar hún hækkaði söluskattinn í lok s. l. árs. Með því hvarf ríkisstj. í rauninni frá þeirri verðstöðvunarstefnu, sem hún hafði á óbeinan hátt lofað með júnísamkomulaginu við verkalýðsfélögin á s. l. sumri. Þá velti hún af stað á nýjan leik þeim verðhækkunum, sem vitanlega halda áfram að spinna upp á sig, og þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert síðan, og hafa í rauninni miðað að því að þrengja kosti útflutningsatvinnuveganna, minnka þann stuðning, sem þeir voru aðnjótandi áður, og leggja á útflutningsatvinnuvegina ný gjöld, — þessar ráðstafanir fá ekki heldur breytt því, að það verður óhjákvæmilegt að ganga inn á meginsjónarmið launþegasamtakanna í landinu í sambandi við nýja kjarasamninga á komandi sumri. Það, sem liggur fyrir launþegasamtökunum alveg skýrlega í þessum efnum, er það, að á undanförnum árum hefur afkoma þjóðarbúsins verið mjög hagstæð og þó aldrei hagstæðari en nú á s. l. ári. Það liggur einnig fyrir verkalýðssamtökunum í landinu, að verð á útflutningsvörum þjóðarinnar hefur farið stórhækkandi. Þetta allt skapar grundvöll að því að mæta kröfum launþegasamtakanna um hækkun á því kaupi, sem augljóslega er orðið allt of lágt miðað við verðlagið í landinu. Það verður því algerlega þýðingarlaust fyrir efnahagssérfræðinga ríkisstj. eða rikisstj. sjálfa að reyna að koma fram með slík rök, þegar verður setzt að samningaborðinu í vor, að svo sé ástatt fyrir framleiðsluatvinnuvegum landsins, að þeir geti ekki borgað hærra kaup. Ef þeir hefðu fengið að búa að sínu, án þess að verða fyrir búsifjum af hálfu rikisstj. með hækkuðum sköttum, án þess að ríkisstj. hefði tekið í ríkissjóð þær tekjur, sem framleiðsluatvinnuvegirnir áttu að hafa, var auðvelt að mæta kauphækkunarkröfum verkafólks á hendur útflutningsatvinnuvegunum. Af því stendur nú ríkisstj. frammi fyrir því, að hún verður einnig að mæta því eftir nokkra mánuði, að það hlýtur að verða

samþykkt mjög veruleg kauphækkun til alls verkafólks í landinu. Allar ytri ástæður mæla með slíku og skapa rök fyrir slíku. Það er aðeins það eina, sem þar stendur í veginum, að efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur þarna þvælzt fyrir og hefur gert aðstöðuna alla erfiðari. En þó að svo sé ástatt með þá efnahagsmálastefnu, að hún vinni hér öndvert gegn, er alveg óhugsandi, að verkalýðssamtökin í landinu taki tillit til slíks, heldur verður ríkisstj. að lærast það, að hún verður að breyta um efnahagsmálastefnu frá því, sem verið hefur.

Í grg. þessa frv. er einnig skýrt frá því, að ríkissjóð vanti 65 millj. kr. til þess að standa undir 6.6% launahækkun til opinberra starfsmanna. Enginn vafi getur nú leikið á því, að ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því, áður en fjárlög voru samin, að til greiðslu eins og þessarar hlyti að koma. Kröfur um launahækkun til opinberra starfsmanna höfðu komið fram, og ég hygg, að ríkisstj. hafi, áður en hún afgreiddi fjárl., verið búin að viðurkenna það, að til einhverrar hækkunar í þessum efnum yrði að koma. Hér er því í rauninni ekki um neinn nýjan útgjaldalið að ræða þannig séð. Þessi útgjaldaliður hefur eins og hinir komið til vegna þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur rekið í efnahagsmálum. Hér er beinlínis um afleiðingu af aðgerðum hennar sjálfrar að ræða.

Ég skal svo ekki ræða hér frekar um þetta frv. Það hefur aðeins gefið mér tilefni til þess að ræða hér nokkuð um efnahagsmálin á breiðari grundvelli. Sjálft frv. fjallar um ekki ýkja veigamikil atriði, ákveðnar greiðslur til sjávarútvegsins, sem þó eru mun minni en þær greiðslur voru, sem sjávarútvegurinn bjó við áður. Því er meginefni frv. ekki þess eðlis, að það gefi út af fyrir sig tilefni til langra umræðna.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ræða þetta frv. sérstaklega, heldur þann boðskap, sem boðaður er í grg. frv., en vil þó í upphafi máls míns minna á það, að skömmu eftir s. l. áramót fór fram á vegum ríkisútvarpsins í þættinum „Á blaðamannafundi" viðtal við einn af stærstu útgerðarmönnum landsins, Einar Sigurðsson, sem í daglegu tali er kallaður Einar ríki. Spyrjendurnir voru m. a. hv. 5. þm. Vesturl. og ritstjóri Þjóðviljans. Þeir spurðu margs, og þar á meðal var sérstaklega rætt um þá ákvörðun útgerðarmannsins að hafa skilið við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. En rökin, sem hann færði fyrir því, voru m. a. þessi: Nú er svo auðvelt að selja, að það selst hver uggi, sem á land kemur. Hann selst fyrir hærra verð en áður hefur verið. Svo kom til viðbótar um afkomu útvegsins, en fiskiríið hafi verið betra nú en nokkru sinni fyrr, en þegar svo útgerðarmaðurinn var spurður um afkomuna og hann hafði áður upplýst, að hann hefði byggt þrjú frystihús, var svarið þetta: Ég byggði frystihúsin áður fyrr. Það var á þeim árum, þegar Framsfl. stjórnaði. En ég get ekki haldið þeim við á viðreisnartímum. Ég ætlaði að reyna að endurbæta lítils háttar eitt frystihúsið, sagði útgerðarmaðurinn, en ég varð að hætta við það vegna fjárskorts, því að viðreisnin leyfði það ekki. Þetta var einn af stjórnarstuðningsmönnunum, sem gaf þennan dóm, og niðurstaðan af samtalinu var þetta: Ég gat byggt þrjú frystihús, þegar Framsókn stjórnaði, en ekki haldið þeim við undir stjórn viðreisnar.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, segir sömu sögu. Þegar árferðið er þannig, að metaflaár er ár eftir ár, hver uggi selst fyrir hærra verð en nokkru sinni fyrr, er uppbótakerfið tekið upp á ný og endurbætt. Það hefur sitt að segja.

En það, sem ég vildi sérstaklega ræða hér um, er boðskapur sá, sem kemur fram í grg. frv. á þskj. 333 um það, að fjárins til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hér er stefnt að, skuli aflað með því að skera niður verklegar framkvæmdir, eins og það er orðað, um 20%. Þegar við vorum að afgreiða fjárlög fyrir jól, var það eitt af síðustu lögum þingsins þá, að hæstv. ríkisstj. flutti frv. um hækkun á söluskatti. Ég sagði frá því við 3. umr. fjárl. eða vakti athygli á því réttara sagt, að Alþýðublaðið birti sama daginn frásögnina af söluskattshækkuninni og kindinni, sem var komin í sjálfheldu. Mér finnst þetta frv. eða þessi aðgerð hæstv. ríkisstj. sýna það og sanna, að Alþýðublaðið vissi, hvað það var að fara. Því var ljóst, að hæstv. ríkisstj. var komin í sjálfheldu og var að reyna að leita eftir stráunum, sem enn þá var hægt að ná til úr sjálfheldunni. Og áfram er haldið á þeirri braut að kroppa nú enn á ný í sinustráin, sem enn kunna að vera í syllunni.

Ég verð að segja, að það er ekki nein fyrirmyndarstefna, sem rekin er af hæstv. ríkisstj., að hún skuli hafa hækkað söluskattinn um verulega fjárhæð á síðustu dögum fyrir jólin, en sker niður fjárl. nú. Ég benti á það í þeirri ræðu, sem ég flutti þá, að ef ríkisstj. áleit sjálf, að fjárhag landsins væri þannig komið, að það væri ekki hægt að koma áfram málefnum þjóðarinnar nema með nýjum álögum ofan á álöguflóðið, sem yfir þjóðina hefði gengið, þá bar henni skylda til að leita samstarfs við Alþingi um að skera niður á fjárl. Þetta gerði hún ekki, heldur hækkaði álögurnar fyrir jól, en sker niður hluta fjárlaganna eftir áramót. Hæstv. ríkisstj. fer í þann endann, eins og á hefur verið bent, sem sízt skyldi. Hæstv. ríkisstj. er ekki að lækka eyðsluna. Ég benti á það í fjárlagaumr., að eyðslan í sambandi við utanferðir, veizlur og önnur slík atriði hjá hæstv. ríkisstj. hefur hækkað um 500% síðan 1958. Það er ekki talin ástæða til þess að skera hér niður. Hvað hefur kostnaðurinn við skattaálagninguna í landinu aukizt? Í árslok 1963 um 200—300%, en miklu meira núna. Það er ekki verið að skera þar niður. Það er ekki verið að gera tillögu um að leggja niður ýmis embætti og stofnanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur stofn-

að nú á síðustu árum. Það er a. m. k. ekki enn þá komin fram tillaga um að draga saman eða leggja niður Efnahagsstofnunina, og það er ekki einu sinni uppi till. um að leggja niður prestsembættið í Kaupmannahöfn, sem var stofnað án lagaheimildar og án allra venjulegra framkvæmda á slíkum málum á s. l. ári. Væri nú ekki nær, að hæstv. ríkisstj. færi að hyggja að þessum atriðum í íslenzkum fjárl., ef á að fara að skera stórkostlega niður? Það þýðir ekki að tala hér um, að þetta séu smámunir einir. Ef á annað borð er orðið það ástand í góðærinu, að við verðum að fara að skera niður af þeim verkefnum, sem mest nauðsyn er fyrir fólkið í landinu, þá verðum við einnig að fara í þessi og fyrst og fremst í þessi atriði.

Hvaða málaflokkar eru það, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að skera niður? 20% lækkun á fjárveitingum er ekkert smáræði. Ég vil geta þess og mun hafa getið þess fyrr í umr., hæstv. heilbrmrh. til verðugs hróss, að á fjárl. fyrir árið 1965 er veruleg hækkun til byggingar sjúkrahúsa, læknisbústaða, svo að það stefndi að því að gera nokkurt átak í þeim málum. Þörfin var greinileg, eins og allir vita. En með þessari framkvæmd á að skera niður 20% einnig af þeim framkvæmdum, að því er bezt verður séð. Hér er þó ekki um neinar óþarfaframkvæmdir að ræða. Landsfólkið hefur lagt mikið á sig í þessum efnum, og stórar stofnanir, eins og Landsspítalinn, eru búnar að vera geysilengi í byggingu, og sá kostnaðarauki, sem er orðinn við þá framkvæmd vegna þess, hve hún hefur dregizt, verður ekki talinn í milljónum, heldur í milljónatugum. Og nú á að skera niður einnig þar 20% af framkvæmdafé. Þetta er þó sú heilbrigðisstofnun í landinu, sem er sú fullkomnasta og bezta og þar sem þrengslin eru orðin slík, að það er fyrir löngu raunverulega í óefni komið. Samt á nú að bíða með þessa framkvæmd eins og fleiri.

Það lá fyrir í áætlun vita- og hafnarmálastjóra við fjárlagaafgreiðsluna, að hann kom með framkvæmdalista upp á einar 200 millj., og það þýddi 80 millj. kr. útgjöld hjá ríkinu — og 100 millj. kr., ef með var tekið það, sem vantaði á greiðslu í eldri framkvæmdir. Það kom einnig fram í þeirri skýrslu, að það var nokkurt átak gert í því á árinu 1964 að greiða niður eldri skuldir og var notaður til þess hluti af greiðsluafgangi ríkissjóðs. Nú var fjárveiting til hafnargerða í landinu svo lág, að ljóst var, að það hlaut að sækja í sama horfið aftur. En með þessum niðurskurði, sem nú á að fara að gera, eru þar skornar niður um 8 millj. kr., svo að það verður til 1/4 af því fé, sem ríkið þyrfti að leggja í sinn hluta til hafnarframkvæmda í landinu árið 1965. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að þegar hafnir eru farnar að kosta tugi millj. í framkvæmd, segja 700 þús. kr. lítið til þess að greiða ríkissjóðshlutann, en það er hæsta fjárveitingin, sem er þó á fjárl., og eftir þennan niðurskurð munu aðeins 5 hafnir á landinu fá fjárveitingu, sem nemur 500 þús. kr., allar aðrar hafnir á landinu eru þar fyrir neðan. Þetta er myndin af hafnargerðinni. Sýnist hv. þm., að hafi verið ástæða til að taka 1/5 hluta þar af? Við afgreiðslu fjárl. lá fyrir skýrsla frá fræðslumálastjóra um umsóknir vegna nýrra skólabygginga í landinu. Þessi skýrsla bar með sér, að það þurfti um 40 millj. kr. til þess að fullnægja umsóknum um skólabyggingar og greiða 1/5 hluta kostnaðar, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt lögum, að ríkið greiði. Nú voru þessar framkvæmdir ekki allar samþykktar, þó að nauðsyn hefði borið til. Og það hafa orðið hér í hv. Alþ. í vetur miklar umr. um skólamál, og hæstv. menntmrh. svaraði hér fsp. um daginn, þar sem hann hélt því fram, að það hefði raunverulega verið fullnægt að koma unglingum í skóla, þeim sem það vildu, og væri stefnt að því. En hvað gerist á þessu ári? Af þeim 40 millj., sem ríkið þurfti að leggja til nýrra skólabygginga á árinu 1965, mun það greiða um 11 millj. Verður þetta til þess, að fullnægt verði því, að börnin og unglingarnir í landinu geti komizt í skóla, þau sem vilja? Það verður ekki. En það er þó meira að gert en þetta, því að á s. l. ári var gefin út reglugerð, sem tekur af öll tvímæli um það, að ekki má hefja skólaframkvæmd, fyrr en fjármagn fyrir 1/5 hluta liggur fyrir. Nú hafði engin skólaframkvæmd í landinu meiri fjárveitingu en 1/5 hluta til nýbygginga, og með því að skera þann hluta niður um 20%, er komið niður fyrir þetta mark, og það þýðir í raun og veru, að það verður ekki byrjað að byggja nýjan barnaskóla eða unglingaskóla í þessu landi árið 1965. Þetta gerist, þegar góðæri er meira en nokkru sinni fyrr. Þetta er árangurinn af 5 ára viðreisnarstjórn. Og það er ekki öll sagan sögð með þessu, því að mörg sveitarfélög hafa orðið að hafa framkvæmd skólabygginganna miklu örari en lögin gerðu ráð fyrir og eru í stórfelldum skuldum vegna þessara framkvæmda. Það er ekki vegna þess, að þau hafi viljað vinna að því að fjárfesta of mikið, heldur hefur þörfin knúið sveitarfélögin áfram, vegna þess að börnin og unglingarnir biðu eftir skólastofunum, og það var óframkvæmanlegt að stöðva verkið, þó að forráðamenn sveitarfélaganna hefðu ætlað sér þetta. Þess vegna sitja nú einnig eftir stórar fjárhæðir í skuldum, og sveitarfélögin og bæjarfélögin verða að greiða aukna vexti vegna þessara framkvæmda, auk þess sem verðbólgan heldur áfram að aukast og gera verkið dýrara.

Við áramótin 1963—64 sameinaðist hv. Alþ. um það að leggja á þjóðina um 100 millj. kr. í nýjum sköttum vegna vegamálanna. Þetta var gert af því, að hv. alþm. var ljóst, að það stefndi í fullkomið óefni með vegagerðina í landinu, og þeir vildu leggja það á sig og fólkið í landinu, að greiða 100 millj. kr. nýja skatta til þess að reyna að bæta úr þessu. Nú hefur svo til tekizt, að úr þessu fjármagni hefur m. a. vegna dýrtíðarinnar orðið miklu minna, þegar til framkvæmdanna hefur komið. En annað hefur skeð, og það er það, að bílainnflutningur til landsins og bílar í umferð

hafa aukizt stórkostlega og tekjur ríkissjóðs af þeim hafa líka stórkostlega aukizt. Við afgreiðslu síðustu fjárl. hækkaði ríkissjóður sinn hluta í þessum tekjum með því að hækka leyfisgjöldin af bifreiðum, og ég sýndi fram á það með rökum, að nettótekjur ríkissjóðs af umferðinni munu verða á þessu ári, ef miðað er við fyrri áætlanir, um 500 millj. kr. a. m. k. 47 millj. kr. ætlaði ríkissjóður skv. fjárl. að leggja til umferðarinnar aftur í sambandi við vegina. Þetta á einnig að skera niður um 20%.

Við sitjum yfir því þessa dagana að reyna að koma saman vegáætlun. Erfiðleikarnir eru fólgnir í því, að það vantar meira fjármagn til þess, að það sé hægt að vinna hin nauðsynlegustu verkefni í vegamálunum, sem við teljum, sem þekkjum til úti í kjördæmunum. En á sama tíma sem við erum að reyna að teygja þannig úr krónunum, er hæstv. ríkisstj. að skera af fjárveitingunum uppi í Efnahagsstofnun og í ráðuneyti.

Þannig er nú að farið, að það er verið að skera af þessum fáu krónum, á sama tíma sem tekjur ríkissjóðs af umferðinni aukast stórlega. Og þunginn í umferðinni, bæði af bílafjölgun og stærri bílum, vex dag frá degi.

Um flugmálin vil ég segja, að það kom fram í fjvn. við fjárlagaafgreiðslu, að fyrir það fé, sem varið er til flugmála á árinu 1965, er að mestu eða öllu leyti búið að vinna. Nú verður það eitt af því, sem á að beita skurðarhnífnum á, og þeir, sem skuldirnar bera, verða að standa undir þeim áfram, og verkefnin bíða.

En hver er svo tilgangurinn með öllu þessu? Í fyrra var söluskatturinn hækkaður í byrjun ársins 1964 til þess að bjarga sjávarútveginum. Á síðari hluta ársins, þegar fjárlög voru sett upp á nýjan leik, fékk ríkissjóður tekjustofnana. Þá var bara bætt við nýjum tekjustofni, einnig vegna ríkissjóðs. Og nú á að skera niður af ríkisútgjöldunum, ekki til þess að taka minni skatta af fólkinu í landinu, heldur til þess að fleyta áfram, reyna að ná í fleiri strá í sjálfheldunni, því að þessi aðgerð leysir engan vanda, og hæstv. ríkisstj. verður áfram í sjálfheldunni, en stráunum fækkar, sem hún hefur möguleika til að ná til.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ef marka mætti orð hv. stjórnarandstæðinga við fyrri hluta þessarar umr., er ekki vel komið fyrir ríkisstj. Viðreisnin er úr sögunni, og sjálf er stjórnin líkust kind, sem komin er í sjálfheldu og hefur nokkur strá til að naga, eftir hinni áhrifaríku lýsingu hv. 3. þm. Vesturl. Þó var svo að heyra sem ófarir stjórnarinnar væru ekki nema smáræði miðað við það, hvernig atvinnurekendur í landinu hefðu verið leiknir. Þeir voru tveir nefndir með nafni, annar af hv. 1. þm. Austf. og hinn af hv. 3. þm. Vesturl., og það voru heiðursmennirnir Haraldur Böðvarsson og Einar Sigurðsson. Eftir lýsingum þeirra flokksbræðra var svo að sjá, að þessir tveir atvinnurekendur væru nú á algeru nástrái, nær dauða komnir, ef þeir þá enn halda lífi þá sólarhringa, sem liðnir eru frá því, að hin ömurlega lýsing var gefin hér í d. s. l. þriðjudag.

Nú vitum við það allir, að það er rétt, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að þessir tveir ágætu menn voru ekki alveg örsnauðir, áður en viðreisnin hófst, svo að það má að vissu leyti kenna viðreisninni þeirra ófarir, ef þeir eru nú jafnilla staddir og þessir tveir ágætu þm. vildu vera láta. En þá skýtur óneitanlega dálítið skökku við í málflutningnum, bæði því, sem hér hefur verið básúnað ár eftir ár að undanförnu og raunar einnig skaut upp í máli þessara hv. þm. s. l. þriðjudag, að höfuðárangur viðreisnarinnar væri sá, að hinir ríku væru orðnir ríkari, en hinir fátæku fátækari. Eftir lýsingu hv. 3. þm. Vesturl. er nú ekki lengur hægt að tala um Einar ríka, heldur Einar fátæka, eftir að viðreisnin fór að hafa sín áhrif.

Nei, það er vissulega dálítið betra að gæta orða sinna og hafa eitthvert samræmi í því, sem sagt er. Nú hef ég að vísu ekki heyrt, að þessir tveir góðu atvinnurekendur séu búnir að segja sig til sveitar, enda er það nú úr sögunni, svo að eitthvað kynni að vera orðum aukið um þeirra bága hag eftir hinum ömurlegu lýsingum þessara félaga. En látum það vera. Það má vel vera, að þeirra hagur sé hlutfallslega lakari nú en áður. En þá er það einungis staðfesting þess, að hv. framsóknarmenn hafa haft algerlega rangt fyrir sér, þegar þeir hafa sagt, að hinir ríku hafi orðið ríkari vegna aðgerða núv. ríkisstj., *því að ég hygg, að fáa* tvo menn, ef nokkra, væri hægt að nefna, sem betur voru staddir hér á landi, áður en viðreisnin hófst.

En hvort sem þessir menn hafa auðgazt á þessum árum eða tapað eða eru jafnilla staddir og þeir félagar vildu vera láta, er hitt alger misskilningur hjá hv. þm., þegar þeir halda því fram eða láta í það skína, að ráðstafanir núv. ríkisstj. hafi orðið til þess að draga úr framkvæmdum í sjávarútvegi eða öflun atvinnutækja, og þá á það jafnt við um fiskiskip, um hús til fiskvinnslu og fiskvinnsluvélar, einmitt þessi atriði gerðu hv. þm. sérstaklega að umræðuefni, og hv. 3. þm. Vesturl. a. m. k. vitnaði hér til þess, að Einar hefði þó verið búinn áður fyrr að eignast þrjú frystihús, hengi e. t. v. á þeim enn, en gæti a. m. k. ekki mikið um þau bætt.

Nú skulum við líta á þessi síðustu ár og miða við það, sem oft er hér til vitnað og þessum hv. þm. er stöðugt mjög ríkt í huga, vinstristjórnartímabilið.

Er það svo, að nú hafi dregið úr fiskiskipakaupum eða byggingu fiskiðjuvera og véla til þeirra? Hvað segja opinberar skýrslur um það? Það liggja hér fyrir um þetta gögn, annars vegar úr ritinu Úr þjóðarbúskapnum, 13. hefti, frá febrúar 1964, og hins vegar úr sama riti,

14. hefti, febrúar 1965. Þar eru skýrslur um fjármunamyndun á árunum frá 1957—1963. Og tölurnar eru allar færðar til sambærilegs verðlags, þ. e. til verðlags ársins 1960. Samkv. þessu var fjármunamyndun í fiskveiðum, þ. e. a. s. togurum og bátum, á árinu 1957 128.4 millj. og 1958 150.7 millj. En á árinu 1962 var sambærileg fjármunamyndun 150.6, þ. e. a. s. nærri því hin sama og á árinu 1958, þar sem þessi fjármunamyndun var mun meiri en 1957. En á árinu 1963 er sambærileg fjármunamyndun 287.2 millj., og samkv. bráðabirgðatölum, sem ég hef fengið frá Efnahagsstofnuninni, er á árinu 1964 sambærileg tala 362 millj. eða meira en tvisvar sinnum hærri en 1958.

Þetta gefur síður en svo til kynna, að dregið hafi úr áhuga manna eða getu til að stunda fiskveiðar hér við land, enda veit hvert mannsbarn, að svo er ekki. En á hitt ber að leggja áherzlu, að þessi stórkostlegu skipakaup, — og þau eru einkanlega bátakaup á hinum síðari árum, — eru ekki sízt fyrir margvíslega fyrirgreiðslu ríkisvaldsins nú eins og áður. En sú fyrirgreiðsla hefur að sjálfsögðu þurft að aukast, eftir því sem eftirspurnin hefur vaxið. Vitanlega verður mér svarað með því, að þau séu ekki ríkisstj. að þakka, þessi mjög auknu skipakaup, það séu aflabrögðin. Vissulega er það rétt. Það eru aflabrögðin, sem skera úr. En þá þýðir ekki heldur að tala um samdrátt eða að þessi atvinnuvegur sé á nástrái um fyrirgreiðsluskort ríkisstj., þegar ríkisstj. hefur með sínum ráðstöfunum getað greitt fyrir því að fullnægja hinni stórkostlegu eftirspurn, sem vaxið hefur nú ár frá ári.

Með svipuðum hætti kemur í ljós, hvílík öfugmæli það eru, að dregið hafi úr ráðstöfunum til vinnslu sjávarafurða í landi. Þær tölur eru í þessum skýrslum taldar undir iðnaði, en b-liður þar er vinnsla sjávarafurða. Til þeirra var fjármunamyndun á árinu 1957 110.6 millj., 1958 153.4 millj., en 1962 var sambærileg tala 179.4 millj. og árið 1963 173.7 millj. Allt eru þetta sambærilegar tölur og afsanna gersamlega þá fullyrðingu, að í þessu hafi orðið stöðnun, að nú sé verr búið að atvinnuvegunum en áður, að nú geti menn ekki aflað sér nauðsynlegra atvinnuhýsa eða véla vegna ráðstafana ríkisvaldsisins. Í þessu hefur orðið fyllilega eðlileg aukning, svo að varlega sé talað, — aukning, sem auðvitað ytri ástæður eru grundvöllur fyrir, — aukning sem hefði ekki getað átt sér stað, ef ekki hefði verið fyrir hendi margs konar fyrirgreiðsla af hálfu ríkisvaldsins.

Ef það er svo, eins og varð að leiða af ummælum hv. 1. þm. Austf. og hv. 3. þm. Vesturl., að þeir Einar Sigurðsson og Haraldur Böðvarsson hafi orðið þarna afskiptir og þeirra hlutur sé nú verri en áður, er það vegna þess, að aðrir, sem áður voru fátækir og gátu ekki bjargað sér, hafa nú átt kost á því, sem þeir áttu ekki kost á á hinum sælu vinstristjórnardögum. Ég hygg þó sanni nær, að þessir atvinnurekendur tveir, sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni, ekki af mér að fyrra bragði, heldur af hv. framsóknarmönnum, hafi átt fyllilega sinn þátt í þeirri atvinnuuppbyggingu, sem hefur verið í landinu, þeir hafi ekki farið þar halloka, en þeir hafi ekki heldur auðgazt með óeðlilegum hætti fyrir atbeina núv. ríkisstj., sem ég yrði þó ekki hissa á, að hv. framsóknarmenn færu að halda fram hér nú á eftir og þar með ómerkja sitt tal s. l. þriðjudag.

Einhvern hag hefðu þessir atvinnurekendur, svo illa sem þeir eru nú komnir að mati þessara hv. þm., átt að hafa af vaxtalækkun ríkisstjórnarinnar. En hv. 1. þm. Austf. vill ekki þakka ríkisstj. þá athöfn, heldur er hún af honum sögð fyrir atbeina og harða baráttu framsóknarmanna, enda segir hann, að það séu engin ytri skilyrði nú, sem réttlæti það frekar í ár en í fyrra að lækka vexti, og það sé rangt, sem haldið hafi verið fram, að meiri jöfnuður bæði á verðlagi og lánveitingum, lántökum, lánaeftirspurn, hafi réttlætt þessa vaxtalækkun. Í sjálfu sér er það ákaflega barnalegt að vera ætíð að deila um það, hverjum eitthvað sé að þakka. Það eru auðvitað þeir, sem ábyrgðina bera og ákvörðun verða að taka, sem valdið hafa og hljóta að hafa skömm eða heiður af sínum gerðum. Hitt er auðvitað ekki hægt að forðast, að stundum verður að gera það, sem hv. framsóknarmenn hafa mælt með, enda er erfitt hjá því að komast, nú eftir að þeir eru farnir að prédika það, að þeir séu gersamlega skoðanalausir og haldi fram öllum skoðunum, sem til séu í landinu, og það eina, sem máli skipti, séu ekki ólíkar skoðanir, heldur það, hvort þeir vilji ganga undir árabuðir til þess að gera Eysteini kleift að semja við íhaldið að nýju og koma honum þannig í ríkisstj.

Það er mjög erfitt, þegar flokkur er jafngersamlega skoðanalaus og heldur fram öllu, sem hugsanlegt er um lausn mála, að komast hjá því, að einhvern tíma hittist svo á, að eftir hans till. sé farið, að hann hafi nefnt, hvað gera skyldi. En hv. 1. þm. Austf. ætti þó auðveldlega að hafa getað aflað sér upplýsinga um, að einmitt í lánamálunum varð gerbreyting á árinu 1964 frá því á árinu 1963. Samkv. þeim skýrslum, sem nú liggja fyrir yfir árin tvö, voru heildarinnlán hjá bönkunum, þ. e. fjármálastofnunum, á árinu 1963 660 millj. kr., en útlán 762 millj. kr. Á árinu 1964 er þetta aftur á móti mjög breytt og mjög breytt til batnaðar. Þá voru heildarinnlán 1029 millj., en útlán einungis 707 millj. Þessar tölur sýna mjög glögglega gersamlega breytt viðhorf í þessum efnum, og þær réttlættu því frekar, að vaxtalækkun mætti eiga sér stað, þar sem meiri jöfnuður hafði verið á verðlagi síðari hluta ársins 1964, meiri kyrrstaða en um langt bil þar á undan. Það var þess vegna mjög eðlileg fjármálaráðstöfun, að vextir skyldu nú lækkaðir, og í fullu samræmi við það, sem fram hefur verið haldið af ríkisstj. og hennar stuðningsmönnum fyrr og síðar.

Þá deila hv. stjórnarandstæðingar mjög á

ríkisstj. fyrir það að hafa nú tekið ákvörðun um að draga úr fjárfestingarútgjöldum samkv. fjárl. fyrir 1965, svo að nemi 1/5 eða 20%. Og einkanlega hv. 3. þm. Vesturl. flutti hér mjög hjartnæma ræðu um það, hversu illa margir væru nú leiknir af þessu verki ríkisstj. og hversu miklu verr væri nú komið bæði hag ríkissjóðs og almennings af þessum sökum heldur en hefði verið á árinu 1958, sem hann sérstaklega vitnaði til í því sambandi. Nú er það svo, að einmitt þessi ummæli gefa sérstaka ástæðu til þess að bera saman, hvort nú sé ætlunin að hafa minni verklegar framkvæmdir heldur en voru á því dýrðarinnar ári 1958, þegar vinstri stjórnin var í fullu veldi. Og því hef ég fengið Efnahagsstofnunina til þess að bera þetta saman fyrir mig og breyta árunum til sambærilegs verðs og er þá miðað við árið 1960 í öllum tilfellum.

Ef vegamálum er sleppt, lítur þetta þannig út, að eftir að búið er að draga frá fimmtungslækkunina og miðað við ríkisreikninginn 1958, en þar eru útgjöldin hærri en í fjárl. 1958, er það svo, að til verklegra framkvæmda, og það er sem sagt sama verðlag notað í báðum tilfellum, var á ríkisreikningi 1958 varið 166 millj. 105 þús., en eftir lækkunina nú verður sambærileg tala 251 millj. 134 þús. Ef vegamál eru tekin með í báðum tilfellum, sýnir ríkisreikningurinn 1958 töluna 216 millj. 10 þús., en með niðurskurði nú eða lækkun 365 millj. 81 þús. Hvernig sem á er litið, er því alveg ljóst, að þrátt fyrir lækkunina verður nú varið mun meira fé til verklegra framkvæmda en var á árinu 1958, — mun meira fé. Og heyri menn svo harmagrát og sjái krókódílstár hv. 3. þm. Vesturl. hér á dögunum, þegar hann var að tala um það, hversu illa menn væru nú leiknir miðað við það, sem verið hefði á vinstristjórnarárunum. En einmitt þeir, sem hann barmaði sér mest yfir, eins og sjúkir menn, ungmenni í skólum og þeir, sem njóta eiga veganna, eru nú hlutfallslega enn betur staddir en þessar tölur gefa til kynna, miðað við árið 1958, þegar samanburður er gerður á þessum tveimur árum, 1958 og 1965.

Segja má að vísu, að fólki hafi fjölgað í landinu og þess vegna sé eðlilegt, að nú séu hærri fjárhæðir til verklegra framkvæmda en áður var. En ef litið er á það, hvað á mann er ætlað nú og samkv. niðurstöðu ríkisreikningsins 1958 og allt talið með, eru það þá 1295 kr., miðað við 1923 kr. nú. Slíkt er hlutfallið og sýnir, hversu stórlega verklegar framkvæmdir hafa aukizt í tíð núv. ríkisstj. og hversu fjarri því fer, að nú sé verr búið að almenningi í þessum efnum en var áður fyrr og þó einkum á vinstristjórnartímanum. Þrátt fyrir það, að nú hafi þótt eðlilegt að lækka þessar fjárveitingar, eru þær hlutfallslega miklu hærri en áður var. Um þetta tjáir ekki að deila.

En þá segja hv. þm., og þeir vitna oft til þess, að nú sé hlutfallslega minna varið af ríkisfé til verklegra framkvæmda en áður var, og vitna þá í heildarútgjöld fjárl. Slíkur samanburður er sannast sagt ákaflega lítils virði, og einkanlega hæpinn hér, þar sem á vinstristjórnartímanum var svo komið um skeið, að það voru tvenn fjárlög og í raun og veru mjög erfitt að átta sig á öllu reikningshaldi. En látum það út af fyrir sig vera. Höfuðástæðurnar til þess, að nú hefur farið svo, sem vafalaust er rétt, að í þessu skyni er varið hlutfallslega minna fé en oft áður af heildarútgjöldum, eru fyrst og fremst tvær:

Annars vegar eru hinar stórkostlega auknu almannatryggingar, sem eins og Páll heitinn Hermannsson á Eiðum sagði, þegar hann skar sig úr flokki sinna félagsbræðra hér á þingi og greiddi atkv. með alþýðutryggingal. 1946, hafa skapað annað og betra þjóðfélag á Íslandi. Og voru þó tryggingal. 1946 ekki nema upphaf, það má segja, lítið upphaf þess, sem síðan hefur margfaldlega verið aukið við. Þessi löggjöf hefur átt meiri þátt í því að jafna lífskjör á Íslandi og skapa öllum landsmönnum mannsæmandi líf heldur en flest annað, löggjöf, sem að vísu hefur getað staðizt vegna stöðugra framfara í atvinnuháttum, vegna nýrrar tækni, aukins afla og ýmislegs annars, en löggjöf, sem vissulega hefði ekki orðið jafngóð eða almenningi til nytja, ef þar hefði notið við ráða framsóknarmanna, sem streittust þar á móti, sátu hjá, þegar mest á reyndi, og gerðu sitt til að gera tortryggilegt það, sem helzt horfði til umbóta.

Þessi miklu útgjöld hljóta vitanlega að setja sinn svip á fjárl., og vitanlega verður að taka tillit til þeirra, þegar metið er og talað er um skattabyrði á öllum almenningi. Fjárl. eru nú að verulegu leyti orðin til þess, eins og ég segi, að jafna lífskjör í landinu, og einkanlega þeir, sem verr eru staddir, fá fyrir þá milligöngu bættan upp þann mun, sem þeim væri erfitt að þola og hlyti að verða þeim til mikils trafala í þeirra lífsbaráttu, ef þessi hjálp kæmi ekki.

Önnur útgjöld, sem verulega þýðingu hafa og úrslitum ráða einnig um afkomu ríkissjóðs, eru niðurgreiðslur á ýmiss konar vörum og útflutningsuppbætur og þá ekki síst til landbúnaðarins. Það hefur áður verið til þess vitnað, að það sýnir sannast að segja kalda vináttu og umhyggju framsóknarmanna til bændastéttarinnar að gera slíkt veður eins og þeir gerðu í vetur út af söluskattshækkuninni, vegna þess að það liggur fyrir, að hana varð að ákveða til að draga úr sárasta broddinum gagnvart almenningi af bændavöruverðsákvörðuninni í haust. Ég segi ekki, að bændur hafi verið illa að því verðlagi komnir, sem þá var ákveðið. Hitt þori ég að fullyrða, að það hefði ekki einungis skapað mikla truflun í atvinnulífi og atvinnurekstri, heldur megna óvild milli atvinnustétta, ef ekki hefði í haust verið tekið það ráð að greiða landbúnaðarvörurnar niður í stórauknum mæli, eins og ríkisstj. gerði. Við vitum, að það er ærin tortryggni, að lang-

samlega mestu leyti ástæðulaus, en tortryggni, sem er fyrir hendi, hvort sem okkur líkar betur eða verr, af þessum sökum jafnvel eins og er. En ef vöruverðshækkunin hefði komið beint inn í verðlagið, eins og við blasti, ef niðurgreiðslurnar hefðu ekki verið auknar, hefði allt verðlag hækkað hér um bil tvöfalt á við það, sem þó varð eftir áramótin, þegar söluskatturinn fór að segja til sín. Út af fyrir sig væri það skiljanlegt, að verkalýðshreyfingin hefði uppi hörð mótmæli vegna þessarar vöruverðsniðurgreiðslu og segði: „Það er verið að fara í kringum þá kauphækkun, sem við í raun og veru eigum vegna þeirrar vöruverðshækkunar, sem til bænda rennur, og við frábiðjum okkur þessa milligöngu ríkisvaldsins.“ Þessu hefur þó sáralítið verið haldið fram, enda erfitt fyrir þá sömu málsvara verkalýðsins, sem eru tregir, svo að vægt sé talað, til endurskoðunar á vísitöluútreikningnum. Þeir hafa látið sér skiljast, að það væri, þegar allt kæmi til alls, heppilegra að greiða vöruverðið niður eða við skulum segja a. m. k. ekki ámælisvert, þó að þeir vitanlega fagni því ekki sérstaklega og hafi haft uppi mótmæli gegn því, að skattheimta væri gerð í því skyni að standa undir þessum greiðslum. En hitt er sannast sagt óskiljanlegt og lýsir sömu starblindunni, sömu feigðarþránni, sem forustumenn Framsfl. virðast vera haldnir, a. m. k. frá árinu 1956 fram á þennan dag, fyrir sinn eigin flokk og fyrir sína skjólstæðinga, að þeir skuli sérstaklega vera að magna óvild gegn þessari skattheimtu, sem var óhjákvæmilegt skilyrði þess, að hægt væri að draga úr þeim augljósu, fyrirsjáanlegu vandræðum, sem hlutu að verða, ef þessi aðferð um auknar niðurgreiðslur var ekki viðhöfð.

Hv. þm. segja: „Við erum ekki út af fyrir sig á móti niðurgreiðslunum, en það er bara hægt að taka þetta fé annars staðar.“ En hvar á að taka það? Þeir segja: „Ja, með auknum sparnaði.“ Hvar voru þeirra sparnaðartill. við afgreiðslu fjárl.? Ég held ekki, að þeir hafi einu sinni haft rænu á því að bera fram till. um að afnema blessaðan prestinn í Kaupmannahöfn, sem er þó þeirra aðalkeppikefli að reyna. Þeir höfðu ekki einu sinni svo mikið við. Hitt held ég, að sé sanni nær, að það liggi fyrir við skjótlega athugun þingskjala, að ef farið hefði verið eftir þeirra till. nú frá því við afgreiðslu fjárl. og síðan, mundi rekstrarafkoma á þessu ári í beinu fé vera kringum 770 millj. lakari en hún er. Þeir hafa ýmist viljað svipta ríkissjóð tekjum eða auka útgjöld án þess að afla annarra tekna í staðinn, sem nemur hvorki meira né minna en kringum 770 millj.

Og sparnaðartill., það má margt segja um þau frv., sem þessir hv. þm. bera fram, og þeirra ágætu till. Einn þeirra sagði, að flokksbróðir hans hefði flutt till. um að ráða hvorki meira né minna en 60 menn til þess að fara um landið til þess að sýna kvikmyndir, það fælist í hans till. Eitthvað mundu nú þessir 60 menn kosta, þó að því sé sleppt, sem er dálítið gaman, að þessir herrar — (Gripið fram í.) Ja, þeir geta talað um það á flokksfundi hjá sér, hvort það sé rétt talið eða ekki. Við heyrðum þm. segja það hér í d. og þeir geta gert það upp sín á milli, hvor þeirra er betri í reikningi. En hitt getum við svo gert okkur í hugarlund, samræmið, að einmitt þessi þm., sem vildi láta að sögn flokksbróður síns gera út 60 menn til að sýna kvikmyndir í sveitum landsins, var að tala hér um hina miklu hættu af ameríska sjónvarpinu. En hann minntist ekkert á það, að yfirleitt flestar kvikmyndir, sem hér eru sýndar, eru með enskum texta, og væri þá ekki nokkru nær, áður en ríkið færi að gera sérstaka ráðstöfun með 60 manna sendinefndina út um allt land til að fara inn á heimilin og sýna kvikmyndir, að snúa textanum a. m. k. á íslenzku, og yrði það þó viðbótarkostnaður ofan á annað?

Við getum líka margt sagt um það, hvort það sé hyggilegt að taka upp ömtin gömlu á Íslandi, sem einvaldskonungarnir fyrirskipuðu hér, en var fyrsta verk frjálsrar þingstjórnar á Íslandi að afnema. En um það verður ekki deilt, enda ekki heldur á móti borið, að slík skipan, jafnvel þótt nafnið sé nú ekki haft á dönsku lengur, heldur tekið upp norska nafnið fylki, mundi hafa í för með sér töluvert aukinn kostnað.

Það má líka tala og færa mörg rök fyrir eflingu háskólans, sem till. liggur fyrir um nú. En að sjálfsögðu hlýtur sú efling háskólans að hafa kostnað í för með sér. Ég er ekki að telja eftir peningana. En mennirnir, sem segja: Það á að spara, — þeir verða sjálfir að gera grein fyrir, hvað þeir ætla að spara til þess að fá fé fyrir öllum þeim nytjatill., sem þeir eru með.

Ein till., sem hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti í gær, var um auknar raforkuframkvæmdir í landinu. Vafalaust eru þær mjög nauðsynlegar og æskilegar. En þetta kostar peninga, það verður ekki gert án þess að hafa fé til þess.

Það gæti líka vel hent sig, að einstaka maður, þótt þeir væru ekki margir, vildi brjóta móti kenningu Jóns Sigurðssonar og flytja Alþ. til Þingvalla, eins og tveir hv. framsóknarmenn gera nú till. um og vilja láta hefja deilur um í landinu. En dettur nokkrum í hug, að það yrði gert án þess, að það mundi kosta verulegt fé, að það mundi kosta töluvert fé, ég vil segja milljónatugi, milljónahundruð að koma upp þeim aðbúnaði á Þingvelli, sem þyrfti til þess, að þar væri hægt að halda þing, og síðan milljónatugi, milljónahundruð í auknum rekstrarkostnaði hvert einasta ár að halda þingið þar, en ekki þar sem stjórnsýsluvöldin eru saman komin, eins og í sjálfum höfuðstað landsins?

Svo eru þessir menn, sem flytja þessar till., eina á dag a. m. k., að tala um sparnað. Sannleikurinn er sá, að það er engin svo fjarstæð till. flutt á Alþ. eða lausri hugmynd hreyft, sérstaklega ef það er í hópi hv. Alþb.-manna, að ekki sé kominn einhver framsóknarmaður á sömu stundu hér í ræðustólinn til þess að

yfirbjóða og heimta dálitið meira, eyða meira fé úr ríkissjóði, sýna, að hann sé ívið ábyrgðarlausari en sá ábyrgðarlausasti af þeim, sem menn höfðu hingað til ímyndað sér að fyrirfyndust í landinu.

Vitanlega er hér við vandamál að etja. En það tjáir ekki að tala svo, eins og hv. þm., að hér sé um einhvern nýjan vanda að ræða, sem núv. ríkisstj. hafi skapað og sé að kenna okkar ýmist illvilja eða úrræðaleysi. Það hefur öðru hverju hér í vetur verið viðurkennt af talsmönnum allra flokka, að verðbólgan væri vandamál, sem við hefðum verið að etja við í full 25 ár og ekki enn tekizt að leysa. Og það er miklu einlægara að gera sér grein fyrir þessu og tala út frá því hreinskilnislega um vandann, a. m. k. gera sér grein fyrir þeim spurningum, sem menn verða að reyna að leysa, heldur en tala algerlega út í hött, eins og hv. þm. gera, og láta sem þessi vandi sé okkar uppfinning og eins og ég segi: sökum okkar illvilja eða úrræðaleysis. Ég játa það, að okkur hefur ekki tekizt til hlítar að ráða við þennan vanda frekar en okkar fyrirrennurum hefur, frekar en flestum stjórnum a. m. k. í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku hefur tekizt, þó að ég játi, að verðbólgan er hér meiri og hefur vaxið hraðar og er þar af leiðandi hættulegri á Íslandi en í flestum þessara landa. Sums staðar hefur hún orðið enn þá hættulegri og valdið meira tjóni en þó hjá okkur. Ég veit, að sumir þm. hafa rennt augunum yfir lítinn umræðuútdrátt í Nordisk kontakt um orðaskipti í sænska þinginu, þar sem stjórnarandstæðingar kölluðu stjórnina þar verðbólgustjórn og kenndu henni um, að allt væri að fara úr skorðum. Þetta eru sams konar ásakanir og stjórnarandstæðingar hafa yfirleitt beint að ríkisstj. hér á landi á þessu tímabili, sem ég vitnaði til. Okkur hefur *hins vegar reynzt erfiðara* að ráða við vandann heldur en mörgum, en þó engan veginn og langt frá því öllum öðrum. En það er vissulega líka rétt, sem kom fram í þessum sænsku umr., og því var haldið fram af hálfu ríkisstj., þegar sagt var: „Við viljum miklu heldur hafa þann óstöðugleika í verðlagi, sem við höfum nú og játum, að við ráðum ekki við til hlítar, heldur en það atvinnuástand, sem var á millistríðsárunum."

Hver okkar er sá, sem játi ekki, að þó að verðbólgan sé hættuleg og við verðum að reyna að berjast gegn henni og ráða við vandamálin, sem af henni stafa, er ástandið nú í íslenzku þjóðlífi, íslenzkum þjóðmálum, ég vil nærri því segja eins og himnaríki miðað við helvíti, samanborið við það, sem var 1934—1939 hér í Reykjavík og víðs vegar á landinu. Ég er ekki að kenna neinum um það ástand, *sem þá var. Það sé fjarri mér að halda*, að það hafi verið illvilji eða sérstök skammsýni þáverandi valdhafa, að ekki tókst betur til. Svipað var ástandið víðast hvar þá, sums staðar enn þá lakara, eins og í Rússlandi, þar sem milljónir manna beinlínis dóu úr hungri. Það gerðist þó ekki á Vesturlöndum. En hér í Reykjavik var það sannarlega ekki öfundsvert, ekki fyrir stjórnendur og þá auðvitað miklu síður fyrir atvinnuleysingjana, þegar þeir stundum, meðan bærinn hafði 30—40 þús. íbúa, voru kannske 3—4 þús. yfir mikinn hluta vetrarins.

Við skulum vissulega viðurkenna, að þó að okkur hafi ekki tekizt að ráða við allan vanda, hefur okkur þó tekizt að bægja þessum vanda frá, því mesta böli, sem yfir Ísland hefur gengið a. m. k. á þessari öld og kannske allt frá móðuharðindatímabilinu.

Það eru margar orsakir, sem til þess liggja, að ekki hefur farið eins eftir stríðið nú og fór á milli stríðsáranna. Ein af höfuðástæðunum er sú, að nú kunna menn betur að nota sér sérfræði hagfræðinganna heldur en þeir kunnu þá, og þegar menn eru hér í þingsölum og annars staðar öðru hverju að senda hagfræðingum hnútur, skulum við vissulega viðurkenna, að þeir hafa mikið gagn gert öllum þjóðum og einnig okkar íslenzku þjóð. Án þeirra leiðbeininga, án þeirra áhrifa til góðs hefði vissulega getað farið, og margir hefðu spáð því, að það hlyti að fara á sömu leið og fór á árunum *milli 1930 og 1940*. Það er vegna þess að menn hafa kunnað að læra af reynslunni, þótt þeir kunni ekki að ráða við allt, að þessu böli hefur verið afstýrt. Og þrátt fyrir allt er ekki einungis svo, að nú búi menn við fulla atvinnu víðast hvar á Íslandi, þar sem ekki koma til alveg staðbundnir, sérstakir örðugleikar, sem vel má segja, að meira ætti að gera til að leysa, en þar fyrir utan búa menn við fulla atvinnu, eftirspurn eftir vinnuafli, og þrátt fyrir allt tal um mikla skatta, um dýrtíð og erfiðleika búa þeir við ólíkt betri kjör en nokkru sinni fyrr, kjör, sem hafa batnað ár frá ári.

Það kom fram í umr. á þriðjudaginn, að ríkisstj. hefði með ráðstöfunum sínum, sérstaklega söluskattinum, átt þátt í því að veikja trú manna á, að hægt væri að gera að nýju svipað samkomulag og var gert í sumar og að verkalýðurinn mundi nú móta sínar kröfur, þá væntanlega um kauphækkanir, miðað við það. Um það skal ég ekkert segja. Ég ræð því ekki, og sá hv. þm., sem um þetta talaði, ræður því ekki heldur, hvað verkalýðsfélögin ákveða og hvers þau krefjast, og enn þá síður um hvað verður samið að lokum, því að þar ræðast engir einir við, heldur a. m. k. tveir og stundum fleiri aðilar. Hitt veit ég, eins og kom hér fram hjá hv. 5. þm. Austurl. á fundinum fyrr, að allir, sem áttu hlut að júnísamkomulaginu, gátu sér fyrir það gott orð og uxu af því að hafa komið þar nærri. Þetta samkomulag varð strax vinsælt, og það er vinsælt enn þrátt fyrir það, sem á milli kann að hafa borið. Ég veit með vissu, að verkalýðurinn *mun íhuga* það rólega og öfgalaust, hvort sú stefna, sem þar var upp tekin um að krefjast þess, sem menn hafa von um að sé framkvæmanlegt, og fari ekki þar fram úr, sé honum *ekki heillaríkari og veiti honum meiri* raunverulegar kjarabætur en þær óraunhæfu kröfur, sem hingað til hafa oft verið fram knúnar.

Það er ekki mitt að dæma um það. Það er verkalýðurinn sjálfur, sem sker úr um það, hvaða kröfur hann gerir, með hverjum krafti hann fylgir þeim eftir og um hvað að lokum verður samið. En þá mun hann einnig vissulega skoða og kynna sér árangurinn, sem af júnísamkomulaginu varð, miðað við árangur af samningum, sem höfðu í sér fólgnar miklu meiri nafnkauphækkanir áður fyrr. Og mér blandast ekki hugur um, að dómurinn getur ekki orðið nema á einn veg, og hann er sá, að það hafi verið hyggilega að málum staðið í sumar og það þyki óhyggilegt að hverfa frá þeirri heillastefnu, sem þá var valin.

Ég hef, herra forseti, talað um þetta mál almennt, eins og umr. gáfu tilefni til. Hv. stjórnarandstæðingar játuðu, að þeir væru út af fyrir sig ekki ósamþykkir frv., sem fyrir liggur, og hef ég því ekki þurft að fjölyrða um það. En það, sem á stjórnina var deilt fyrir, var hennar almenna efnahagsstefna og þessi gamli söngur, að hér væri allt í kaldakoli, snúið við staðreyndum, sögð auðn og upplástur, þar sem er „gróandi þjóðlif með þverrandi tár".

Óskar Jónsson: Herra forseti. Það er mér kannske dálítill vandi á höndum að stiga hér í ræðustólinn eftir hina miklu ræðu hæstv. forsrh., en samt sem áður finnst mér það nú ekki svo alvarlegt, því að ég verð að segja, að það er ekki ríkisstj. Íslands, sem hefur bægt vandanum frá þjóðinni á undanförnum árum, heldur góðæri til lands og sjávar og dugnaður almennings.

Hér er til 1. umr. frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, á þskj. 333. Ekki þarf að draga í efa, að aðstoð sú, sem þar er gert ráð fyrir að veita sjávarútveginum, sé nauðsynleg, en hún er þrenns konar, svo sem lýst hefur verið. Í fyrsta lagi greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura í verðuppbót á hvert kg línu- og handfærafisks. Í öðru lagi framlag frá ríkissjóði á árinu 1965 eða yfirstandandi ári um 33 millj. kr., er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu fiskafurða. Og í þriðja lagi er stjórn aflatryggingasjóðs heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári.

Í raun og veru er dálitið erfitt að kingja því, að til alls þessa þurfi að grípa nú, þar sem verið hefur metafli og stórhækkandi verðlag undanfarið. En allt á sínar orsakir, og skal ég koma að því síðar. Í aths. við frv., sem m. a. eru röksemdir fyrir nauðsyn lagasetningar þessarar, er gert ráð fyrir, að verja þurfi úr ríkissjóði 55 millj. kr. til að fullnægja framkvæmd hennar. Þá er frá því skýrt í aths., að ekkert fé hafi verið áætlað til að mæta þessum greiðslum í fjárl. ársins 1965 og því verði að gera sérstakar fjárhagslegar ráðstafanir þeirra vegna. Þetta er mjög illa farið. Hér hlýtur nauðsyn að bera til, annað fær ekki staðizt. Síðan er því bætt við, að sama máli gegni um hækkun útgjalda vegna þeirrar 6.6% launahækkunar opinberra starfsmanna, sem samið var um í byrjun þessa árs. Sú útgjaldahækkun er áætluð 65 millj. kr. Alls sé því um 120 millj. kr. útgjaldaaukningu að ræða, sem ekki sé neitt fé til að mæta á fjárl. yfirstandandi árs. Það verður að segja, að þetta lítur engan veginn vel út, að þurfa nú að bæta enn við nýjum álögum á þá stórkostlegu summu, sem búið var að ákveða að innheimta af þjóðinni samkv. fjárl.

Ég hygg, að mörgum hafi þótt allforvitnilegt að vita, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlaði að mæta þessum útgjöldum, og svarið lét ekki lengi á sér standa. Hæstv. ríkisstj. ákveður að nota heimild í 22. gr. fjárl. yfirstandandi árs til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins og greiðslu framlaga til annarra aðila, er nema á fjárl. ársins 1965 samtals 600 millj. kr., og lækka þessi framlög um 20%, til þess að hægt sé að mæta þeirri 120 millj. kr. útgjaldahækkun, sem að framan getur. Ég hygg, að það hafi fleirum en mér brugðið í brún við þennan boðskap, og hvers vegna, má ég spyrja? Að mínu viti er hér um bráðnauðsynlegar framkvæmdir að ræða, sem nú á að skerða, framkvæmdir, sem þjóðin hefur ekki efni á því að láta dragast úr hömlu. Í annan stað er svo skammt liðið frá setningu fjárl., að ótrúlegt er, að ekki hafi mátt sjá fyrir þá útgjaldaliði, sem hér um ræðir. Verður ekki vægara að kveðið en að um furðulegt áhugaleysi sé að ræða, eða þá fyrir fram ákveðinn niðurskurð á verklegum framkvæmdum ríkisins. Hvort heldur sem er, verður að víta harðlega.

Ég held, að fáum hafi komið það til hugar, eftir að búið var að leggja hátt á 3. hundrað millj. kr. viðbótarhækkun á þjóðina með hækkun söluskattsins í desember, að hæstv. ríkisstj. gripi nú til slíkra örþrifaráða að skera niður nauðsynlegustu og brýnustu framkvæmdir þjóðarinnar, þ. e. skólabyggingar, sjúkrahús, hafnir, vegi, flugvelli, raforkuframkvæmdir, atvinnubótafé o. s. frv. Þessar framkvæmdir eiga nú að víkja, en engar sparnaðarráðstafanir gerðar, ráðdeildarloforðin mörgu nú gleymd. Eða hvar eru nú hinir miklu viðreisnarsjóðir, sem sífellt er verið að guma af? Varla hefði þá munað mikið um að hlaupa hér undir bagga í bili. Getur það verið, að hér sé verið að umþótta vinnuaflið frá brýnustu framkvæmdum þjóðarinnar og því eigi að þoka í aðrar áttir? Því verður vart trúað, en margt kemur í hugann í sambandi við þau áform, sem hér eru á döfinni.

Ég mótmæli harðlega þessum ráðstöfunum um niðurfellingu fjármagns til nauðsynlegustu uppbyggingar í þessu landi. Það er ekki grunlaust um, að manni detti í hug, að hæstv. ríkisstj. hafi alls ekki gert sér grein fyrir, hvernig þessi niðurskurður verkar. Ég veit vel, hvernig hann verkar í mínu kjördæmi, og ég mótmæli alveg sérstaklega fyrir þess hönd.

Og ég er undrandi einnig yfir því, að hæstv. landbrh. og samgmrh. skuli hafa gefið samþykki sitt til þessa, sem á þó manna bezt að vita, hve skaðvænleg áhrif niðurskurðurinn hefur á framvindu mála í sveitum og þorpum landsins.

Margar þær fjárveitingar, sem í fjárl. standa, eru miðaðar við það að ljúka ákveðnum verkefnum. Ýmsir munu nú þegar hafa gert áætlanir samkv. ákvæðum fjárl., hafizt handa um útvegun efnisbirgða, véla, mannaráðningar með fleira, sem nú fer allt úr skorðum og hefur margs konar óþægindi í för með sér. Nú verður að gera nýjar áætlanir. Hvað um vegáætlunina, sem búið er að leggja mikla vinnu í? Raskast hún ekki öll, og verður hún ekki að endurskoðast? Hvað um raforkuframkvæmdirnar? Eitthvað dragast þær saman? Ætli þeir þakki fyrir, sem beðið hafa eftir rafmagni árum saman, en eygðu nú, að úr mundi rætast í ár, en verða enn að bíða? Hvað um hafnarbætur og hafnarrannsóknir, flugvelli, jarðræktarstyrki, að maður tali nú ekki um sjúkrahúsbyggingar og skólabyggingar af öllu tagi, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og svona mætti lengi telja, allt framkvæmdir, sem þola enga bið, ef fram á að þoka með eðlilegum hætti.

Fyrir nokkrum dögum var hér í hv. d. minnzt á það, að nota þyrfti svipu til að keyra áfram framkvæmdir, og í því sambandi talað um hjúkrunarskólann og hlutdeild hjúkrunarkvenna í því máli. Ég fæ nú ekki betur séð en landsbyggðin öll verði að grípa til svipunnar og slá í stjórnar-Grána, sem nú virðist reika ráðvilltur og stjórnlítill um klungur íslenzkra efnahagsmála þrátt fyrir gósenlönd hinna geysimiklu þjóðartekna. Ég verð að segja, að slík meðferð á fjárl. og fjárveitingum, sem búið er að ákveða með lögum, er ekkert annað en freklegar kreppuráðstafanir, er sanna óhugnanlega, að verðbólguófreskjan er nú þegar farin að gleypa óhugnanlega bita af arði íslenzkra, ofþjakaðra erfiðismanna og kvenna og af þjóðarframleiðslunni í heild. Menn sjá í hendi sér, hvernig ástandið er, þegar talin er þörf að grípa til jafnróttækra kreppuráðstafana nokkrum vikum eftir að fjárlög eru afgreidd. Og víst er um það, að vinnandi stéttir landsins geta áreiðanlega getið sér til, hvernig tekið mun á kröfum um kjarabætur þeim til handa nú í vor, þegar nú á öndverðu ári á að grípa til slíkra kreppuráðstafana, sem hér eru á ferðinni.

Er það nú víst, að hæstv. ríkisstj. og fylgismenn hennar hafi efni á því að auglýsa á þennan hátt fyrir þjóðinni fall sitt fyrir verðbólgudraugnum, sem hún hefur stríðalið og látið leika svo lengi lausum hala, að við hann verður ekki lengur neitt ráðið? Það hefur mikið verið fjargviðrazt út af því, að vinstri stjórnin svonefnda skyldi þurfa að segja af sér, vegna þess að hún náði ekki samkomulagi um að ráða fram úr 17% vísitöluhækkuninni 1958, sem þá átti að hafa siglt öllu í strand. Núv. hæstv. ríkisstj. lætur sig ekki muna um það að láta vísitöluna hækka öll árin frá 1959 um 17 vísitölustig á hverju einasta ári, sem liðið er síðan, sé reiknað á sama hátt og 1958. Þess vegna er svo komið, að allt virðist nú keyrt í strand og væri það fyrir löngu, ef hið mikla góðæristímabil, sem hefur staðið um sinn, hefði ekki komið til sögunnar. Í dag er ástandið þannig, að meginframleiðslugreinarnar bera sig ekki, að þeirra eigin sögn. Útgerðin ber sig ekki, nema þegar um metafla er að ræða, iðnaðurinn berst í bökkum, og ekki þykir ástandið almennt gott í landbúnaðinum. Og þar við bætist, að almenningur verður að vinna óhóflegan vinnutíma til að geta lifað samkv. kröfum tímans.

En af hverju er þetta þannig á því góðæristímabili, sem nú hefur verið? Þetta getur ekki stafað nema af einu, af óstjórn eða stjórnleysi. Viðreisnin svokallaða í þeirri mynd, sem við þekkjum hana, mótast af stjórnleysi. Þess vegna hefur fjárfestingin leikið lausum hala í algeru skipulagsleysi. Fer þá ekkert skipulag eða áætlunargerð fram? mætti spyrja. Jú, vissulega. Um 13 manns starfa í Efnahagsstofnuninni, 16—17 manns starfa í gjaldeyrisdeildinni á Laugavegi 77. Í þessum stofnunum vinnur margt góðra manna og safna skýrslum, semja áætlanir og vinna að alls konar „statistik" í þjóðarbúskapnum, sem vitanlega er allt sent til hæstv. ríkisstj. til úrvinnslu. En nú er spurningin: Gerir hún það? Stjórnarfarið ber þess lítinn vott. Hún virðist una ákaflega vel stjórnleysinu og ástandinu, eins og það er, og að breyta um gæti eyðilagt hinn pólitíska sans í söfnuðinum, svo að maður noti skrýtið orðalag. En það er mergurinn málsins.

Það, sem verður að gera, er að taka fjárfestingarmálin föstum tökum, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Á annan hátt verður ekki ráðið við verðbólguna. En sé nú svo komið, að nauðsyn reki til að skera niður allar fjárfestingarákvarðanir fjárl. um 20% á miðjum starfstíma, hljóta fjármál þjóðarinnar að vera komin í algeran vítahring. Það er augljóst mál og ekki annað hægt að álykta en allt tal hæstv. ríkisstj. um vaxandi og batnandi efnahagsafkomu sé hrein blekking, sem er þó hörmulegt að verða að segja um þá menn, sem í stjórnarstólunum sitja hér á Alþ.

Uppistaðan í öllu því, sem nú er bollalagt um framtíð þjóðarinnar, er meiri menntun, sérfræðileg þekking, aukin hagræðing, háþróaðra skipulag á öllum sviðum. Hvernig fær það samrýmzt þeirri stefnu að draga úr byggingu þeirra stofnana, sem eru undirstaðan að því að iðnvæða þjóðina á öllum sviðum? Það fær ekki staðizt, og við fordæmum þann boðskap, að til þess þurfi nú að draga. Það væri líka næsta óvarleg ráðstöfun og er næsta óvarleg ráðstöfun, ef svo væri nú þrengt að fjármálum þjóðarinnar, sem um er talað, að nú skuli eiga að gefa frí þeim mönnum frá stólum sínum, sem farið hafa með fjármálastjórnina á

viðreisnardögunum, bæði efnahagsmálaráðuneytisstjóranum og jafnvel sjálfum fjmrh. Eða hræðast þeir þá mynd, sem við blasir?

Fram undan er mikið stríð innanlands milli flestra stétta og hæstv. ríkisstj., það er augljóst mál. Allir krefja um meira fé. Skattgreiðendur frábiðja sér þyngri skattbyrðar. Brátt mun að því reka, að svo til allir launamenn ríkis og bæja, verkamenn og bændur krefjist launahækkana frá ríkissjóði, bæjarfélögum, almannastofnunum og atvinnurekendum. Og gegn þeim kröfum verður ekki hægt að standa, þeim verður að mæta að meira eða minna leyti, það er gömul og ný reynsla. En við hlið þessa magnast verðbólgudraugurinn og heimtar æ stærri hluta þjóðarteknanna í sinn hlut og tekur æ stærri skammt af hvers manns diski. Það er þetta, sem við verðum að muna. Hvað verður þá til í verklegar framkvæmdir, þegar næst verða sett saman fjárlög, fjárlög, sem vafalaust verða á 5. milljarðinn að óbreyttu ástandi stjórnleysis og ringulreiðar í fjárfestingarmálum? Sennilega er það mannlegt fyrir fjármálastjórn á Íslandi að biðja um langt og gott sumarleyfi og skilja nú eftir auða stóla, eins og einn aldinn stjórnmálamaður sagði í blaðagrein í gær, en stórmannlegt er það ekki.

Hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. Ég lít svo alvarlegum augum á ákvörðunina um 20% niðurskurð á verklegum framkvæmdum á fjárl. ársins 1965, að ég held, að það megi ekki seinna vera, að þessi virðulega stofnun snúi sér nú að því að ráðast á verðbólgudrauginn og knésetja hann. Ólafur Thors sagði við þjóðina fyrir nokkrum árum úr forsætisráðherrastól, og þorri þjóðarinnar var honum sammála: „Ef ekki tekst að stöðva verðbólguna, er allt annað unnið fyrir gýg.“ Síðan eru liðin nokkur ár, og verðbólgan heldur áfram fullum skrefum og aldrei með stærri skrefum en hin síðustu ár. Skilja menn ekki hvert stefnir? Þetta verk, að ráðast gegn verðbólgunni, verður Alþingi að hafa forustu um að vinna með hjálp þjóðarinnar. Ef hæstv. ríkisstj. vill ekki eða getur ekki sameinað alþm. til að vinna þetta verk, þá verður hún að segja af sér. Þetta verk er aðkallandi, því að þjóðin krefst tafarlausra, jákvæðra vinnubragða í þessu vandamáli, sem ekki má undir höfuð leggjast. Þetta er stærsta vandamál, sem Alþingi og þjóðin á nú við að glíma, og ég vildi mega bera þá ósk fram úr þessum stól, að gegn þessu vandamáli snúumst við allir af heilum hug.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hélt hér langa og mikla ræðu, ekki mjög hjartnæma nema síðustu orðin, sem hann tók úr þjóðsöngnum okkar. Hann endaði með því að lýsa því yfir, að nú væri „gróandi þjóðlíf með þverrandi tár.“ Það átti sjálfsagt að skilja það svo, að sá gróandi og þau þverrandi tár, sem kannske eiga sér nú sem betur fer stað í þjóðlífinu, væru þessari hæstv. ríkisstj. að þakka. Slíkt er náttúrlega misskilningur, eins og hinum glöggskyggna ráðh. er vitanlegt. Og í viðbót við þau tár, sem þjóðin kann að fella og hefur fellt út af því að þurfa að búa við slíkan forsrh. og slíka ríkisstj. sem hún þarf nú að búa við, þá eykst hryggðin einmitt við þær síðustu fregnir, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að skera niður hvorki meira né minna en fimmtung af því allt of litla fé, sem Alþingi ákvað í vetur að veita til verklegra framkvæmda á þessu ári.

Hæstv. forsrh. vildi afsanna m. a., að útgerðin væri illa stödd, afsanna það með því að minnast tveggja útgerðarmanna, sem hafa verið nefndir við sögu þessa máls við síðustu umr. þess, og lýsti því yfir, að það væri ekki útlit fyrir, að útgerðin væri illa leikin, þar sem þessir menn væru og hefðu verið með duglegustu útgerðarmönnum og með þeim ríkustu, en væru þó ekki enn búnir að segja sig til sveitar. Það á sem sagt að vera mælikvarðinn í þessu efni, hvort útgerðin og útgerðarmenn eru komnir á það stig að vera búnir að segja sig til sveitar. Eftir þessum mælikvarða vill líklega hæstv. ríkisstj. dæma afkomu eða afkomuleysi þessara og annarra atvinnugreina.

Hæstv. ráðh. gat þess líka, að allar framkvæmdir kostuðu fé, stórfé meira að segja. En hann nefndi ekki það stórfé, sem færi í óhófseyðslu ríkisstj. Kostar hún ekki líka stórfé? Hann gat þess ekki, en hann hafði úrtölurnar á lofti og afsakanirnar fyrir niðurskurði í sambandi við fjárveitingar, vegna þess að framkvæmdir kostuðu stórfé.

Í svipuðum dúr var ýmislegt fleira af því, sem hæstv. ráðh. talaði í afsökunarskyni vegna niðurskurðar á framkvæmdafénu.

Frv. það, sem hér er til meðferðar, fjallar að forminu til um fjárhagsaðstoð til sjávarútvegsins, og er talið, að sú fjárhæð, sem leggja þarf þar fram, muni nema um 55 millj. kr. Vafalaust er þessi aðstoð óhjákvæmileg og þarf ekki að vera neinum undrunarefni, þegar á það er litið, hve þessi mikilvægi atvinnuvegur er orðinn margtröllriðinn af völdum efnahagsmálastjórnar ríkisstj. Hefur ríkissjóður eðlilega fyrir nokkrum árum orðið að veita sjávarútveginum aðstoð og Alþingi heimilað fé til þeirra hluta, en það fjármagn hefur fljótlega sogazt inn í eyðsluhít ríkisstj. og því nú óhjákvæmilegt að afla nýs fjármagns til nauðsynlegustu aðstoðar.

Þessu frv. um aðstoð til sjávarútvegsins fylgir svo sú tilkynning, að ríkisstj. vanti enn fremur 65 millj. kr. til að standa straum af launahækkunum þeim, sem ákveðnar voru til opinberra starfsmanna skv. samkomulagi þar um skömmu eftir áramót. Það getur enginn efi leikið á því, að hæstv. ríkisstj. hefur vitað um þessa 120 millj. kr. útgjaldabyrði, áður en endanlega var gengið frá fjárl. ársins. En hana hefur skort einurð og þrek til þess að láta þá upphæð koma inn í útgjaldadæmið og láta Alþingi þar með fjalla um málið, eins og vera bar og skylt var í sambandi við afgreiðslu fjárl. En hæstv. ríkisstj. kaus heldur þá leiðina að fá stuðningslið sitt á Alþingi til

að samþ. niðurskurðarheimild sér til handa á fjárveitingum til verklegra framkvæmda, heimild, sem fæstir stjórnarliðar munu hafa látið sér detta í hug, að ríkisstj., stjórn þeirra, mundi nota, og má segja, að slíkt hafi verið að vonum. En nú hefur þingheimur fengið tilkynningu um, að hæstv. ríkisstj. ætli að fresta fjárveitingum til verklegra framkvæmda um 20% eða um 120 millj. kr. Með þessu ætlar hæstv. ríkisstj. að fótumtroða gildi fjárl. og ómerkja mörg þýðingarmestu ákvæði þeirra.

Það hefur ætíð þótt lítilmótleg framkoma að nota sér möguleika, sem aðili kann að hafa til að skjóta sér undan að greiða af höndum fé, sem honum ber að greiða og hann hefur sjálfviljugur undirgengizt að annast og inna af höndum, og mótaðili er jafnframt í þeirri góðu trú, að greiðslan fari refjalaust og skilvíslega fram. Og því lítilfjörlegri er slík framkoma, þegar vitað er, að á undan hefur farið fjárplógsstarfsemi, sem meðfram hefur verið afsökuð með því, að nú þurfi að ná inn fé til að inna af höndum þær fjárgreiðslur, sem um er að ræða. Slík framkoma hefur aldrei verið talin stórmannleg og á engan hátt réttlætanleg og allra síst þegar ríkisstj. á í hlut. Slíkur fjárdráttur eða m. ö. o. fjárflutningur af hendi hæstv. ríkisstj. frá þeim, sem fengið hafa loforð um ríkisfé skv. fjárl., yfir til annarra óskyldra útgjalda, hlýtur að valda réttlátri reiði og þá ekki síst þeirra, sem bíða með tvær hendur tómar eftir lofuðu fé frá hinu opinbera til þess að hrinda af stað framkvæmdum í þágu almennings.

Fólkið úti á landi vill ekki enn trúa þeirri fregn, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið endanlega ákvörðun um að fella niður fimmtung af því tiltölulega litla og allt of litla fé, sem ákveðið var á síðustu fjárl. til verklegra framkvæmda á þessu ári. Fólkið kallar þetta svik, og það vill í lengstu lög ekki þurfa að trúa slíku á hæstv. ríkisstj. Það verður og vafalaust verkefni hæstv. ráðh. og stuðningsblaða þeirra að benda fólkinu á, að slík ákvörðun sé a. m. k. ekki venjuleg svik og náttúrlega sé það að þakka meiri hl. Alþingis og forsjá hæstv. ríkisstj., að gengið sé þannig frá fjárl., að hægt sé að gera svona svik lögleg.

Hitt getur verið erfiðara fyrir suma dreifbýlisþingmenn stjórnarliðsins, að verjast ámæli af að hafa gefið ríkisstj. það voðavopn í hendur, sem 46. liður 22. gr. fjárl. sýnir sig nú að vera. Og svo verður þessum hv. þm. líka erfitt að fella þennan niðurskurðarþátt inn í lofsöng stjórnarflokkanna um byggðajafnvægi og stuðning við hinar dreifðu byggðir. Vafalaust munu þeir reyna að finna leið til þess, og það eru nú þegar svo margir falskir tónar í þeim lofsöng, að þeim verður vafalaust ekki mjög erfitt um að bæta þar einum fölskum tón við. Sú heimild í 22. gr. fjárl., sem niðurskurðurinn er byggður á, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárl. fyrir árið 1965. Sama gildir um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárl. 1965.“ Hér virðist ekki vera um að ræða heimild til að fella fjárveitinguna úr gildi, heldur aðeins heimild til að fresta framkvæmd til 1966 og þar með að fresta útborgun á þeim hluta fjárins, sem ákveðið hefur nú verið að greiða ekki út á þessu ári. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvernig hyggst hún geyma þau 20% af fjárveitingum til verklegra framkvæmda skv. fjárl. þessa árs? Verður það t. d. sett á biðreikning hvers verks og handbært til notkunar á næsta ári, strax og þörf er fyrir? Og ef svo bæri til, að aðilar einhverra framkvæmda gætu á þessu ári útvegað bráðabirgðalán til verksins, sem svaraði þeirri upphæð af fjárveitingu þessa árs, sem ríkisstj. ætlar ekki að greiða út fyrr en 1966, má þá treysta því, að yfirlýsing fáist um, að hlutaðeigandi fjárhæð liggi laus fyrir til útborgunar strax eftir lok þessa árs til greiðslu á bráðabirgðaláni, sem tekið kynni að verða til verksins í ár?

Það má segja, að það væri í raun og veru ástæða til að spyrja enn fremur hæstv. ríkisstj., hvort hún telur ekki eðlilegt og sjálfsagt, að fjárveitingar skv. fjárl. til verklegra framkvæmda á næsta ári ákveðist án tillits til þess fjár, sem hlutaðeigandi framkvæmd kann að eiga inni hjá ríkinu af fjárveitingu 1965. Það er út af fyrir sig æskilegt að heyra eitthvað frá hæstv. ríkisstj. um þetta, þó að ég hins vegar voni, að það komi ekki til kasta þessarar hæstv. ríkisstj. að fjalla um þau mál, þegar þar að kemur.

Það er út af fyrir sig sorgleg og raunaleg og reyndar óþolandi staðreynd, hve þessi hæstv. ríkisstj. er reikul í ráði yfirleitt og ráðdeildarlaus í meðferð fjármuna. Ég skal ekki fjölyrða um það, þótt það sé nú fyrir löngu deginum ljósara, að hún hefur þverbrotið flest sín hátíðlegu loforð, sem hún gaf út og byggði stjórnarstefnu sína á í upphafi. Ég læt það vera, því að margt af þeim trúarlærdómi, sem hún gaf út í sinni hvítu bók, sem hún lét heita eftir sér og kallaði „Viðreisn“, var að margra dómi gersamlega vonlausir hlutir og í raun og veru sumt hættulegt í framkvæmd. En í stað þess að sinna þeirri lýðræðislegu skyldu að segja af sér eftir að hafa beðið skipbrot í flestum þeim málefnum, sem hún hafði lofað að framkvæma, hangir hæstv. ríkisstj. áfram og hrekst eins og stjórnlaust fley frá einum boðanum á annan og veit þar af leiðandi ekki sitt rjúkandi ráð. Í einu er hún þó sjálfri sér samkvæm. Hún heimtar einlægt meira og meira fé til þess að halda stjórnarskútunni á floti, og hún horfir ekki í það, að þegar enn eru lagðir fjármunir til nauðsynlegra hluta, eins og til verklegra framkvæmda, og hún hefur samtímis fengið heimilaðar skattaálögur, sem munu nema á þessu ári allt að 300 millj., þá er það henni ekki nóg í viðbót við skattpíningar undanfarinna ára, heldur kemur á daginn, að hæstv. ríkisstj. ætlar að hafa sig undan greiðslu á fimmtungi af framlagi þessa árs til verklegra framkvæmda, og það má segja, að annað eins hafi

skeð og það, að hún hugsi nú ráð sitt, hvernig hún á að komast út úr því að geta fellt þessi 20% algerlega niður til þess að þurfa ekki að greiða þá upphæð út. En það er ekki ástæðulaust að spyrja, hvers vegna ríkisstj. skuli þá ekki loksins nú detta í hug að grípa til einhverra af hinum margumtöluðu sparnaðarráðstöfunum sínum. Ég held, að það væri nær fyrir hæstv. forsrh. að grípa til skjóðunnar, þar sem þessi loforð eru fyrir hendi, og vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefði ekki, — ja, við skulum segja manndóm eða vilja eða getu til þess að grípa til einhverra þeirra sparnaðarráðstafana, heldur en að hrópa hér út yfir þingheim og spyrja: Hver eru ráð Framsóknar? Þetta er náttúrlega mikil uppgjöf í þessu máli, að hæstv. ríkisstj. viðurkennir sparnaðarloforð sín og viðurkennir örþrot ríkisstj. og verður þess vegna að kalla eftir þeim sparnaðarráðstöfunum, sem stjórnarandstaðan gæti lagt fram. En það þarf sennilega ekki að undra hæstv. ráðh., þó að slíkt sé ekki talið hafa mikla þýðingu, að leggja þeim lið á þann hátt, vegna þess að það er búið að margsýna sig, að þessi hæstv. ríkisstj. er stjórna ófúsust á að taka nokkuð gott til greina, ef það kemur frá stjórnarandstöðunni. Það er þá ekki fyrr en allt er komið í þrot, að hún fer að hugleiða að grípa til einhvers þess, sem stjórnarandstaðan hefur lagt til.

Á þessu ári ráðgerir hæstv. ríkisstj. að innheimta hjá þjóðinni meir en 3½ milljarð kr. Það fór nú ekki mikið fyrir stjarnfræðikennslu í gagnfræðaskólum, þegar ég var þar, ég þekkti þessar tölur, en ég skynjaði ekki gildi þeirra, og það má þá kannske segja þessari hæstv. ríkisstj. til hróss, að þær eru komnar niður á jörð og maður fær að þreifa á þeim.

Þessa 3½ milljarð hefur svo ríkisstj. til ráðstöfunar skv. fjárl. þessa árs, og af þeim tölum, sem fylgja þessu frv., sem hér er til umr., lítur út fyrir, að ráðgert hafi verið, að af þessum 3½ milljarði ættu að ganga 600 millj. til verklegra framkvæmda af opinberri hálfu. Skv. þessu virðast því hin raunverulegu rekstrarútgjöld ríkissjóðs nema nú um 2.9 milljörðum eða um 83% af þessum 3½ milljarði, sem ráðstafað hefur verið til notkunar á þessu ári, og af því getur hæstv. ríkisstj. ekki séð af 600 millj. til verklegra framkvæmda.

Þegar þessar 120 millj. eru dregnar frá þeim 600, sem talið er, en ég hef ekki sannprófað, að hafi átt að ganga til verklegra framkvæmda á þessu ári og til annarra slíkra framlaga hliðstæðra, eru eftir 480 millj. Þá kemur fram, að það eiga að ganga rösk 13% af þessum 3½ milljarði til verklegra framkvæmda í landinu. Hitt fer í lögbundin gjöld og eyðslu.

Þegar svona er komið, hefði mátt vænta þess, að ríkisstj. hefði reynt að fara að sýna alvarlega viðleitni í sparnaðaráttina, eins og ég vék áðan að. Það er ekki úr svo litlu að moða. Eftir því sem tölfróðum manni telst til, hafa verið gefin 59 — fimmtíu og níu — opinber sparnaðarloforð af hálfu ríkisstj., og ekki minnist ég þess, að neitt þeirra hafi verið framkvæmt, a. m. k. ekkert, sem máli skiptir.

Í ræðu hæstv. sjútvmrh., sem hann flutti, þegar þetta mál var lagt fyrir þd., gat hann þess, að sú fjárfúlga, sem 20% mundu verða dregin frá, mundi vera milli 500 og 600 millj. kr. Í grg. frv. er slegið föstu, að það séu 600 millj., og þar með engin önnur tala nefnd, en að 20% af því séu 120 millj. En í tilefni af orðum hæstv. sjútvmrh. vildi ég spyrja: Ef það kemur í ljós, að sú fjárfúlga, sem á að draga 20% frá, nær ekki 600 millj., heldur verður eitthvað lægri, á þá e. t. v. að hækka prósentufrádráttinn, t. d. úr 20 í 25, eða á að láta sitja við þá frádráttaruphæð, sem fæst með 20% af þeirri fjárhæð, sem sönnust reynist í þessum efnum?

Í tilefni af þessu og í raun og veru þótt þessi orð hefðu ekki fallið, þá er margföld ástæða að krefjast þess af ríkisstj., að hún gefi þm. þegar tæmandi skýrslu um, hvaða fjárveitingar er um að ræða í sambandi við greiðslufrestinn. Mér þykir það ekki ótrúlegt, að hv. stjórnarstuðningslið taki undir þessa ósk, en hún er jafnsjálfsögð, þó að þeir telji það ekki máli skipta að fá slíkar upplýsingar í hendur.

Þótt ekki liggi fyrir tæmandi upplýsingar um, hve vítt fyrirhugaður greiðslufrestur á að ná, þá er það augljóst mál, að hann mun ná til allra bráðnauðsynlegustu fjárveitinga um allt land og hafa hættuleg og óheillavænleg áhrif, — óheillavænleg áhrif á þá möguleika, að hægt sé að ná þeirri framkvæmdaáætlun, sem ætlað var og mikla nauðsyn ber til að náð verði á þessu ári. Ég skal ekki telja upp þá fjárveitingaliði, sem mestum vandræðum mun valda, að skertir séu. Það hafa aðrir hv. þm. vikið að því, og ég skal ekki endurtaka það. Það dylst hins vegar engum, að þessi boðskapur og ráðstöfun ríkisstj. er hallærisráðstöfun. Það mætti segja, að ekki þyddi að deila við dómarann, ef um væri að ræða hallæri vegna náttúrlegrar óáranar af völdum fyrirbæra, sem við fáum ekki ráðið við. En að slíkt sem þetta skuli skella yfir í einu hinu mesta góðæri til sjávar og sveita, sem þjóðin hefur nokkurn tíma búið við, slíkt er auðvitað óþolandi. Ríkisstj. verður að sætta sig við þann dóm, að hún sé bendluð við þá fjárhagslegu óáran, sem yfir þjóðina hefur dunið á undanförnum árum. Þessi hæstv. ríkisstj. mun því ætíð verða kennd við fjármálaóreiðu og ráðleysi. Hún er vissulega hallærissmiður og plága þjóðarinnar, sem stritast við að sitja, hvað sem þjóðarhag líður. Hún ætti því nú að sýna þjóðinni þá hollustu að segja af sér. Syndamælir þessarar hæstv. ríkisstj. er fyrir löngu fullur, en nú flóir fyrst út af, svo að mark er að, þegar fyrir liggur, að 3½ milljarður hrekkur ekki til að mæta útgjöldum ríkisins, og í ljós kemur, að hún vílar ekki fyrir sér að skerða stórlega það smátt skammtaða fé, sem Alþingi er búið að ákveða, að ganga skuli til verklegra framkvæmda á þessu ári, en á sama tíma situr fjármunaeyðslan í öndvegi og fer vaxandi. Þessa hæstv. ríkisstj. virðist of lítið varða um þjóðarhag, a. m. k. í sambandi við fólkið, sem býr úti á landsbyggðinni. Alþingi

verður að stöðva þennan ósóma. Það verður að dæma þessa ríkisstj. úr leik, eins og hinir fornu Breiðfirðingar á sínum tíma dæmdu hina illræmdu svokölluðu Fróðárhirð til að hverfa af sjónarsviðinu.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Ég mun ekki að ráði ræða efni þess frv., sem hér liggur fyrir. Eins og nú er komið, verður vafalaust ekki hjá því komizt að greiða þær verðuppbætur og aðra styrki til framleiðslunnar, sem frv. gerir ráð fyrir. Út af 3. gr. frv. vil ég þó láta í ljós þá skoðun, að ég tel höfuðnauðsyn, að rækileg athugun fari fram á hag togaraútgerðarinnar og aðstæðum til togaraútgerðar hér á landi.

En ég tel rétt að víkja nokkuð að þeirri yfirlýsingu, sem fram kemur í grg. með þessu frv., að ríkisstj. hafi ákveðið að skera niður um 20% greiðslur til verklegra framkvæmda skv. fjárl. fyrir árið 1965 og nota þær 120 millj., sem þannig fást, í rekstrarkostnað ríkisins. Það var allmargt, sem núverandi hæstv. ríkisstj. lofaði að framkvæma, þegar hún tók við völdum fyrir 5 árum. Meðal þess, sem tilkynnt var með nokkru yfirlæti í upphafi valdatíma ríkisstj., var, að hverfa ætti frá því uppbótakerfi og styrkjakerfi, sem áður gilti, og taka upp annað efnahagskerfi, sem að því miði að draga efnahag og atvinnulíf landsmanna úr sandbleytunni upp á fastan grunn, eins og hæstv. fjmrh. komst að orði í fjárlagaræðu sinni, er hann mælti fyrir frv. til fjárl. fyrir árið 1960. Niðurskurður verklegra framkvæmda er eitt af mörgum táknum þess, að ríkisstj. hefur gefizt upp við að framfylgja þeirri meginstefnu, sem hún mótaði í upphafi. Meðal annarra stefnumála ríkisstj. var aukinn sparnaður í rekstri ríkisins og lækkun skatta og annarra opinberra gjalda. Þessar fyrirætlanir ríkisstj. hafa þó mistekizt svo algerlega, að aldrei hefur óhófseyðsla ríkissjóðs verið meiri en nú og skattar og tollaálögur á almenning svo ofboðsleg, að menn fá engan veginn undir þeim risið.

Það var ekki aðeins við myndun núv. ríkisstj., að lofað var skatta- og tollalækkunum, heldur hefur ríkisstj. þráfaldlega síðan verið að lofa lækkun á álögum, og á s. l. sumri var því hátíðlega lýst yfir af ríkisstjórnarinnar hálfu, að henni þættu skattaálögur allt of háar og þetta mundi vissulega verða lagað á yfirstandandi ári. Síðan þessar yfirlýsingar voru gefnar í fyrrasumar, hefur söluskatturinn verið stórhækkaður, og var sú hækkun áætluð 270 millj. af sjálfri ríkisstj. Í kjölfarið kemur sá stórfelldi niðurskurður á framlögum til verklegra framkvæmda, sem boðaður er í grg. þess frv., sem hér er til umræðu.

Þær raunverulegu ástæður, sem liggja til þeirra stórkostlega auknu álaga, sem framkvæmdar voru með hækkun söluskattsins í vetur, og þeirrar nýstárlegu tekjuöflunar, sem gert er ráð fyrir með þeim niðurskurði, sem nú hefur verið ákveðinn, eru afleiðingar af misheppnaðri stjórnarstefnu. Efnahagsráðunautar ríkisstj. fóru ekki dult með það, að voði væri fyrir dyrum, ef ekki tækist að framfylgja hinni nýju efnahagsmálastefnu. Nú er þessi spá efnahagsráðunautanna að koma fram. Framkvæmd á hinni svokölluðu viðreisnarstefnu ríkisstj. hefur mistekizt, og nú verður að reyta menn inn að skyrtunni í nýtt uppbóta- og styrkjakerfi, sem kemur ofan á hinar þungbæru álögur, sem fyrir voru.

Það er vissulega rétt, sem bent hefur verið á í þessum umr., að leita ber fyrst annarra ráða heldur en skera stórlega niður fjárframlög til hinna nauðsynlegustu framkvæmda, og það má sannarlega benda á liði, sem vel má spara á og óhæfilegt er að gera ekki alvarlegt átak til að skera niður. Það hefur verið margbent á ýmsa af þeim liðum, sem sjálfsagt er að skera niður, og suma ætti auðvitað hreinlega að fella niður alveg, fyrr en gripið er til þess úrræðis að stöðva hinar nauðsynlegustu framkvæmdir, svo sem byggingu sjúkrahúsa, skólahúsnæðis, vegaframkvæmdir o. s. frv. Sjálfur benti hæstv. fjmrh. í sinni fyrstu fjárlagaræðu fyrir 5 árum á 11 atriði, sem þyrftu athugunar við og mundi vera hægt að lækka. Hæstv. fjmrh. fór í fjárlagaræðu sinni 1960 allrækilega út í að lýsa hinni nýju leið til sparnaðar, sem hann ætlaði að fara, og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Og enda þótt einhverjir kunni að kalla þetta undarlegan sparnað, að byrja á því að setja á stofn skrifstofudeild," — hann var að tala um hagsýslustofnun, — „þá er reynslan sú alls staðar, að þessi kostnaður borgar sig upp í beinhörðum peningum á stuttum tíma og það margfaldlega. Kostnaður við strangara eftirlit og umbætur í vinnubrögðum er vanur að skila hagnaði fljótlega."

Þetta voru orð hæstv. fjmrh., er hann mælti í febr. 1960. Það var von, að hann væri bjartsýnn og vongóður um, að sparnaðarfyrirætlanir hans tækjust. Því skyldi ekki takast að draga úr kostnaði hér undir hans stjórn eins og hagsýslufyrirkomulagið hafði margborgað sig í beinhörðum peningum annars staðar að hans sögn? En þetta fór því miður á annan veg, eins og svo margt annað, og skýringin á því er mjög einföld að mínum dómi. Það var valin röng aðferð við framkvæmd hinnar svonefndu hagsýslu. Það hefði að mínum dómi átt að byrja á því að mennta íslenzka sérfræðinga til þessara starfa. Það var ekki gert, heldur sóttir erlendir menn, sem sjálfsagt eru vel færir í sinni grein, en þeir þekkja ekki íslenzkar aðstæður, sem á margan hátt eru aðrar en í þeirra landi.

Eitt af því, sem endurskipuleggja átti samkv. ummælum hæstv. fjmrh., var Skipaútgerð ríkisins. Hann sagði í fjárlagaræðu 1960, að hallinn á Skipaútgerðinni væri áætlaður 15 millj. í fjárlagafrv. fyrir 1960. Enn fremur sagði hæstv. ráðh., að tekið yrði til sérstakrar athugunar, hvort ekki væri hægt að draga verulega eða að öllu leyti úr þessum miklu útgjöldum ríkissjóðs án þess að draga úr nauðsynlegri þjónustu við landsbyggðina. Og þetta urðu ekki orð-

in tóm. Hingað var fenginn norskur sérfræðingur til að athuga rekstur strandferðaskipanna, og hann gerði till. um breytingar. En þær reyndust óframkvæmanlegar. Þessar till. höfðu verið miðaðar við siglingaaðstæður innan skerjagarðsins í Noregi, en sérfræðingurinn þekkti ekkert til siglinga við hina brimasömu strönd Íslands. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1963 sýnir, að hallinn á Skipaútgerðinni það ár hefur orðið tæpar 24 millj. kr., og sami halli er í áætlun fjárl. fyrir árið 1965. Þannig fór um sjóferð þá, og þannig hefur því miður farið um alla þá tilraun til sparnaðar, sem hæstv. fjmrh. byrjaði á, og þess vegna þarf að beita þeim þungu skattaálögum, sem nú er gert.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um aðra þá liði, sem ríkisstj. ætlaði að koma við sparnaði á samkv. yfirlýsingu hennar við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1960. Þegar fjárlög voru til afgreiðslu 1960, hafði utanrrn. að sögn ríkisstj. haft til sérstakrar athugunar, með hverjum hætti mætti koma við sparnaði varðandi utanríkisþjónustuna. Árangurinn af þeirri athugun er ekki sjáanlegur enn þá. Af þessu leiddi ekkert annað en vafasamar tilfærslur á sendiherrum. Innflutningsskrifstofan var lögð niður og kostnaðurinn af þeim störfum, sem hún hafði gegnt, færður yfir á ríkisbankana. Lækka átti kostnað við skyldusparnað, en sá kostnaður var 1959 2 millj. 150 þús. kr. Þessi kostnaður er áætlaður 3 millj. kr. í fjárl. fyrir árið 1965. Kostnaður við framkvæmd orlofslaga var áætlaður 625 þús. kr. í fjárlagafrv. fyrir árið 1960. Þetta þótti hæstv. ríkisstj. mikið, og var gefið fyrirheit af hennar hálfu, að unnt mundi að lækka verulega. Þessi fjárhæð er nú tvöfölduð í fjárl. fyrir árið 1965. Oft hefur verið halli á rekstri póstsjóðs. Ríkisstj. sagði 1960, að ætlunin væri að láta hann bera sig, póstsjóðinn. Þetta var gert með því að hækka burðargjöldin. Með þessu móti varð hagnaður árið 1960 6.7 millj. Á árinu 1964 varð hagnaðurinn 37 þús. Endurskoða átti bílakostnað ríkisins og starfsmanna þess og setja um það fastari reglur. Ég held, að fullyrða megi, að sparnaðar hafi lítið orðið vart, en hér er erfitt um samanburð, þar sem bílakostnaður er ekki færður í einu lagi í ríkisreikningnum. Gefið var fyrirheit um að leggja niður ýmsar launaðar nefndir. Varla held ég, að mikið hafi farið fyrir því. Bráðnauðsynlegt var talið að ganga fastara og betur eftir innheimtu ríkistekna. Í þessu sambandi má geta þess, að sett hefur verið á fót sérstök stofnun í Reykjavík til að innheimta opinber gjöld fyrir ríkissjóð og Reykjavíkurborg. Það er ekki að efa, að hert hefur verið mjög á innheimtu gjalda hjá almenningi. En dæmið um stóreignaskattinn, sem hv. 1. þm. Austf. nefndi í fyrradag, sýnir, að ekki er eins fast sótt að um innheimtu hjá öllum almenningi. Loks er að minnast á gerbreytingu, sem gerð var á fyrirkomulagi skattálagningar og skattheimtu, þegar allar undirskattanefndir voru lagðar niður, svo og allar yfirskattanefndir. Í staðinn var fjölgað skattstjórum og sett á stofn embætti ríkisskattstjóra. Kostnaður við undirskattanefndir, yfirskattanefndir og ríkisskattanefndir fyrir breytinguna var samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðunni 1960 3 millj. kr. á ári. Allur kostnaður við skattlagningu var á árinu 1959 8 millj. 763 þús. Þegar breytingin var komin til framkvæmda árið 1963, var kostnaðurinn af þessum málum 18.5 millj., og í fjárl. 1965 er kostnaðurinn við skattálagninguna áætlaður 21 millj.

Þannig hefur farið með sparnaðinn hjá hæstv. ríkisstj. Þar sem bezt hefur tekizt, er ástandið óbreytt. Annars staðar hafa orðið stórfelldar hækkanir. Síðan núv. ríkisstj. tók við völdum hefur risnukostnaður, ráðstefnukostnaður og annar ferðakostnaður samtals numið um 23.6 millj. kr. Ég vil ekki fullyrða, að losna hefði mátt alveg við þennan kostnað. En það fullyrði ég, að mátt hefði að skaðlausu fækka bæði veizlum og utanferðum hjá hæstv. ríkisstjórn.

Í umr. um frv. til læknaskipunarlaga hér um daginn bar byggingu hjúkrunarskóla nokkuð á góma. Ég spurði þá ríkisstj., hvort treysta mætti því, að sú 7 millj. kr. fjárveiting, sem var í fjárl. 1965 til byggingar hjúkrunarskóla, yrði ekki skorin niður eins og önnur fjárfestingarframlög. Ekkert svar fékkst við þeirri fsp. Ég vil þess vegna endurtaka þessa fsp. og leyfi mér að vænta svars frá hæstv. ríkisstj. um þetta atriði.

Það hefur mörgum orðið undrunarefni, hve ómakleg orð féllu í sambandi við hjúkrunarskólann af hálfu hæstv. forsrh. og menntmrh. hér um daginn. Þetta var út af því, að ég skýrði frá áskorunum, sem sendar höfðu verið ríkisstjórn frá 70 læknum og læknanemum og 300 hjúkrunarkonum, áskorunum um að hraða byggingu hjúkrunarskólans. Hæstv. ráðh. kölluðu þessar áskoranir óviðeigandi vinnubrögð og gamanþætti, og þetta átti að vera af því, að þessir hæstv. ráðh. hefðu þegar verið búnir að leysa málið, þegar áskoranirnar bárust. Mér skildist helzt á þeim, að þeir vildu biðjast undan því algerlega, að aðrir væru nokkuð að skipta sér af þessu húsbyggingarmáli. Samtök hjúkrunarkvenna hafa frá öndverðu barizt fyrir stofnun hjúkrunarskóla hér á landi og alltaf borið málefni hans mjög fyrir brjósti. Sama er að segja um húsbyggingarmál skólans. Þeim mun ómaklegri eru hrakyrði hæstv. ráðh. um þessa stétt. Ég gat ekki betur skilið hæstv. forsrh. en hann kenndi því um í sambandi við vöntun á húsnæði fyrir hjúkrunarskólann, að forráðamenn skólans hefðu lagt of mikið upp úr því að hafa heimavist í skólanum, þess vegna hefði verið vanrækt að byggja kennslustofur fram að þessu. Þegar hafizt var handa um byggingu hjúkrunarskólans 1952, var orðinn tilfinnanlegur skortur á húsnæði í landsspítalanum, en í húsakynnum hans var þá heimavist hjúkrunarskólans og samkv. lögum var þá skylda, að hjúkrunarnemar byggju í heimavist. Til þess að losa húsnæði í landsspítalanum fyrir barnadeild var ákveðið 1952 að byggja fyrst þann hluta húss fyrir hjúkrunarskólann, sem nota skyldi fyrir heimavist. Þetta er skýring-

in á því, að heimavist skólans var byggð fyrst. Þegar gengið var frá teikningum 1952, efaðist enginn um, að skólinn þyrfti heimavist, hvorki þáverandi skólastjóri, skólanefnd, sem jafnframt var byggingarnefnd skólans, né heilbrmrh., sem skólinn heyrði þá undir, og teikningar voru auðvitað gerðar bæði af kennslustofum og heimavist ásamt öðrum vistarverum, sem með þurfti. Það var af þessum ástæðum, sem fyrst var lögð áherzla á heimavistina. Síðan var gert ráð fyrir, að haldið yrði áfram með bygginguna og kennslustofur byggðar í öðrum áfanga.

Ég hef fengið upplýsingar um það frá landlækni, sem er formaður skólanefndar hjúkrunarskólans, hvað skólanefndin hefur gert í byggingarmálum skólans. Samkv. yfirliti og fundargerðarbókum skólanefndar hefur húsameistara ríkisins verið falið að endurskoða teikningar af öðrum áfanga byggingarinnar á fundi skólanefndar 11. maí 1957. Þetta er síðan ítrekað á fundum skólanefndarinnar árin 1958 og 1960. Árið 1961 gerir landlæknir rn. og fjvn. grein fyrir húsnæðis- og fjárþörf skólans og biður húsameistara ríkisins um kostnaðaráætlun. Síðan er skólanefnd sífellt að endurnýja beiðnir um endurskoðun teikninga allt fram til ársins 1963, en þá var ráðinn sérstakur húsameistari til að breyta teikningunum. Mér finnst rétt, að það komi hér fram, að þegar hjúkrunarskólinn varð 30 ára, en það var á árinu 1961, vakti skólastjóri hans athygli á því opinberlega, hver nauðsyn væri á því að hefjast þegar handa um áframhaldandi byggingarframkvæmdir við skólann. Skólastjóri benti þá á, að þrjú sjúkrahús væru í smíðum hér í bænum, og spurði, hvar þá ætti að fá hjúkrunarlið, þegar þau væru tilbúin, þessi sjúkrahús, og tækju til starfa. Skólastjórinn benti þá á, að bygging viðbótarhúsnæðis mundi varla taka minna en 5 ár, og frá þeim tíma, að húsið væri fullbyggt, mundu líða 3 ár, þangað til fleiri hjúkrunarkonur færu að útskrifast en nú er. Það mundu því líða 8 ár, frá því að hafizt væri handa um framkvæmdir, þangað til stækkun skólans færi að gera gagn að því er tæki til fjölgunar hjúkrunarkvenna. Skólastjórinn sagði þá, það er í nóv. 1961, að bersýnilegt væri, að til stórra og skjótra aðgerða þyrfti að grípa um framhaldsframkvæmdir, ef forða ætti frá neyðarástandi í þessum málum.

Hæstv. menntmrh. skýrði frá því um daginn, að fundur hefði verið haldinn 6. maí 1964 í hjúkrunarskólanum og allir hefðu á þeim fundi verið sammála um að hefja ekki byggingarframkvæmdir fyrr en vorið 1965. Sannleikurinn er sá, að skólastjórinn lét þá í ljós ósk um, að byrjað væri á byggingunni strax vorið 1964. En ríkisstj. hafði þá þegar ákveðið að nota ekki lánsheimild til byggingarframkvæmdanna. Það voru þessi málalok vorið 1964, sem sýndu læknum og hjúkrunarkonum fram á, að án baráttu þessara stétta væri mikil hætta á ferðum í byggingarmálinu. Sjúkrahúslæknar og aðrir læknar skrifuðu þá undir áskorun um að hefja bygginguna 1964, og Hjúkrunarfélag Íslands hélt félagsfund 11. ágúst 1964 og samþykkti þar áskorun, sem byrjað var að safna undirskriftum undir á fundinum. 300 hjúkrunarkonur undirrituðu áskorun þessa og afhentu ríkisstjórn í síðasta mánuði, en auðvitað hefur ríkisstj. vitað það og það fyrir löngu, að slík áskorun væri á leiðinni, og auðvitað hefur það hert á þessum málum. Það er þessi áhugi hjúkrunarstéttarinnar og læknastéttarinnar, sem hæstv. forsrh. kallaði mjög óviðeigandi aðferðir og hæstv. menntmrh. leyfði sér að nefna gamanþátt hér í umr. um daginn.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hjúkrunarkonum og læknum er bezt kunnugt um, að hér eru engin gamanmál á ferð og ekkert einkamál einstakra ráðh., hvernig að heilbrigðismálum er unnið, þótt ríkisstj. virðist standa í þeirri trú. Hæstv. ríkisstj. hefur með síðustu aðgerðum sínum bezt sannað það sjálf, að svo sannarlega er þörf á áskorunum og eftirrekstri, til þess að koma áleiðis framkvæmdum vegna heilbrigðismálanna í þessu landi og annarra nauðsynjamála. Niðurskurður ríkisstj. á fé til verklegra framkvæmda er afleiðing af lélegri stjórnarstefnu, sem er álíka nothæf í íslenzkum þjóðmálum og áætlun um bætt skipulag á rekstri Skipaútgerðarinnar, sem reyndist, þegar á átti að herða, vera miðuð við siglingar innan skerjagarðsins í Noregi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki heyrt alla ræðu þessa hv. þm., sem hefur á skömmum þingmannsferli getið sér mikið frægðarorð, því að hann hefur staðið hér upp og látið uppi undrun sína yfir því, að þm. skyldu tala samkv. því, sem sannfæringin segir þeim, en ekki dylja hug sinn. Þessi boðskapur er nokkuð nýr á Alþ., að hann sé sagður jafnberum orðum, jafnvel þó að við höfum haft flokksmenn hv. þm. grunaða um, að þeir fylgdu þessari kenningu nokkuð lengi. En ég vildi aðeins, af því að ég heyrði niðurlag ræðu hv. þm., sýna fram á, hvernig hann fer með ummæli. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram hér á Alþ., að hjúkrunarkonurnar hefðu haft óviðeigandi aðferðir í þessu máli. Ég vil leyfa mér að lesa upp það, sem ég sagði, orðrétt, eins og stendur með leyfi hæstv. forseta:

„En furðulegast af öllu var þó, þegar hv. þm. sagði, að hjúkrunarkonur hefðu nú hundruðum saman eftir áramótin skrifað undir áskorun um byggingu hjúkrunarkvennaskóla og þannig yrði að reka þessi mál áfram með svipum, eins og hann sagði. Það er að vísu rétt, að nú eftir áramótin barst ríkisstj. í hendur plagg frá hjúkrunarkonum, þar sem samþykkt er að skora á hæstv. ríkisstj. að greiða fyrir byggingu Hjúkrunarskóla Íslands, svo að henni verði lokið hið bráðasta. Eftir plagginu sjálfu er hins vegar svo að sjá, að þessi samþykkt hafi verið gerð hinn 11. ágúst 1964, og okkur undraði áhugi forustukvenna, þegar við fengum plaggið í hendur einhvern tíma í febrúar, að það skyldi hafa tekið allan tímann frá því í ágúst þangað til í febrúar að skjóta því upp

í Stjórnarráð. Nú upplýsir hv. þm., að þetta plagg hafi fyrst verið undirritað eftir áramótin. En svipuhöggin, sem þurfti að greiða, og áhrifamátt þeirra má sjá af því, að í 20. gr. fjárl. eru ætlaðar undir XIII. lið, 20. gr., 11. undirlið, 7 millj. kr. til byggingar hjúkrunarskóla, þannig að ríkisstj. og Alþ. voru þegar áður en þetta plagg var undirritað búin að gera ráðstafanir til þess bæði að afla fjár og gera annað, sem þurfti, til þess að í þessa byggingu yrði ráðizt. Það mun vera rétt, að lánsheimild, sem var fyrir hendi í fyrri fjárl., var ekki beitt á síðasta ári, af því að þá var málið ekki nógu undirbúið af hálfu stjórnar skólans. Látum það eiga sig. En hitt er óhagganlegt, að áður en þessi undirskriftasöfnun var hafin, sem hv. þm. nú upplýsir að hann á einhvern hátt er sérstaklega kunnugur, var búið að gera ráðstafanir til þess, að þessi skólabygging yrði hafin og henni haldið áfram með öllum mögulegum hraða, þangað til henni lyki. Á hitt má svo einnig minna í þessu sambandi, að til fárra skóla hefur á seinni árum verið varið meira fé en einmitt hjúkrunarkvennaskólans á landsspítalalóðinni, enda sjá það allir, sem þar fara um, að þar er fyrir hendi mjög stór og vegleg bygging. Ástæðan til þess, að hún hefur hins vegar komið að minni notum en ella, er sú, að forstöðufólk stofnunarinnar taldi ráðlegra og varði til þess of fjár, að þarna væri um algeran heimavistarskóla að ræða, þannig að meginhluti húsrýmisins er undir heimavist, en ekki sjálfar skólastofurnar. Ég þori að fullyrða, að ef með þennan skóla hefði verið farið á svipaðan hátt og aðra skóla hér í Reykjavík, fyrst og fremst hugsað um skólastofur og aðrar slíkar aðstæður, hefði hjúkrunarkvennaskólinn fyllilega nægt þann dag í dag. Það er sú ákvörðun forustumanna stofnunarinnar að hafa þetta heimavistarskóla, sem hefur gert að verkum, að skólinn varð of lítill fyrr en flesta grunaði og menn áttuðu sig á og nú þarf enn að verja of fjár í þessu skyni. Ég hef enga þekkingu til þess að dæma um réttmæti þess, að allir hjúkrunarnemar eigi að vera í heimavist í sínum skóla. Ég veit hins vegar, að það er einstætt skilyrði um skóla hér í Reykjavík, að sá háttur sé á, og ég hef einnig lesið ádeilu á þá aðferð frá aðila, sem mér skilst að telji sig hafa sérþekkingu í þeim efnum. Það eru atriði, sem ég skal ekki blanda mér í. Hitt stendur óhagganlegt: í þessu skyni hafa verið gerðar þær ráðstafanir, sem stjórnvöld á sínum tíma töldu fullnægjandi. Og nú enn var búið, áður en þetta svipuhögg var reitt, sem hv. þm. talaði hér áðan um, af hálfu ríkisstj. og Alþ. að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að skólabyggingunni yrði haldið áfram, og þess vegna voru þau ummæli, sem hér voru viðhöfð, vægast sagt mjög óviðeigandi."

Þetta er orðrétt það, sem ég sagði. Ég taldi ummæli hv. þm., þegar hann talaði um svipuhögg, sem enn þyrfti að beita gagnvart ríkisstj., mjög óviðeigandi. Svo kemur þessi hv. þm. og segir hér, vegna þess að hann hefur vissa áheyrendur, að ég hafi sagt, að framkoma hjúkrunarkvenna væri mjög óviðeigandi. Hér mega allir dæma um, hvert mark er takandi á orðum þessa hv. þm. Hitt er svo annað mál, að ég lét líka uppi, að okkur hefði undrað það, að það skyldi taka allt frá því í ágúst fram í febrúar að koma undirskriftaskjalinu upp í Stjórnarráð. En þessi hv. þm. hafði fullyrt hér í þinginu, að undirskriftirnar hefðu fyrst verið hafnar eftir áramót. (Gripið fram í.) Jú, hv. þm. fullyrti það víst, að þær hefðu farið fram eftir áramót. (Gripið fram í.) Við höfum nú heyrt, hvað er að byggja á því, sem þessi þm. segir, og honum ferst ekki að leiðrétta aðra. En ef hann getur sýnt, að ég hafi misheyrt, skal ég biðja hann afsökunar að sjálfsögðu og geri það fyrir fram. En ég ætlast ekki til þess, að hann biðji mig afsökunar á útúrsnúningi orða minna, vegna þess að til þess hefur hann ekki manndóm. En það var það, sem ég sagði, að hann hefði beitt óviðeigandi orðum, þegar hann talaði um, að það hefði þurft svipuhögg á ríkisstj., það svipuhögg að fá þessar áskoranir, sem voru afhentar í febrúar, og hann sagði eða ég skildi hann svo, að þeim hefði verið safnað eftir áramót. En hvað sem því líður, koma þær fyrst okkur til vitundar í febrúar. Og hv. þm. ætlar nú að reyna að snúa sig út úr því, að við höfum vitanlega verið kunnugir þessum áskorunum, þegar till. er borin fram í desember. Hvernig áttum við að vera kunnugir þessum áskorunum? Ég hafði aldrei heyrt þær nefndar, hef sannast sagt allt öðru að sinna en að skeyta um slíkt. Það er hv. þm., sem hefur hlaupið á sig með stóryrðum hér um ríkisstj., illyrðum og síðan skrökvað því hér, að ég hafi sagt það um framkomu hjúkrunarkvenna, sem ég að maklegu sagði um hann.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það má segja, að frv. þetta sé að nokkru leyti tvíþætt. Það eru í fyrsta lagi ákvæði um aðstoð við sjávarútveginn, og í öðru lagi er það tilkynnt í aths., að eigi að lækka fjárframlög til verklegra framkvæmda um ca. 20%. Ég skal ekki blanda mér í þær deilur, sem hér hafa orðið út af ýmsu, sem er óviðkomandi frv. að meira eða minna leyti. En aðstaða okkar norðanlands er dálítið sérstæð hvað sjávarútveginn snertir. Það hefur verið lítill afli, og auk þess höfum við frekar verið að reyna að gera út á línu en ýmsir aðrir landsmenn. Austfirðingar hafa haft sérstöðu nú í tvö ár hvað snertir síldveiðarnar, síldin hefur verið þar. Vestfirðingar hafa talsvert mikla erfiðleika, einkum norðan til. Þó er það svo, að beztu línumiðin virðast vera á Patreksfirði og jafnvel á sumum höfnum Snæfellsness. En norðanlands er ástandið þannig, að ég sé ekki, að það verði gert út á línu, nema veitt verði meiri aðstoð en hér er talað um, annaðhvort í gegnum aflatryggingasjóð eða þá með beinum framlögum úr ríkissjóði. Þessir 25 aurar hrökkva ákaflega skammt, og ég veit, að það nær jafnt til Norð-

urlandskjördæmis eystra og Norðurlandskjördæmis vestra. Afli línubáta hefur verið ca. 60—70 tonn á mánuði á þessu svæði, og sjá allir menn, þegar brúttótekjurnar eru 180—190 þús. fyrir bát yfir mánuðinn, en kaup 11 manna, þó að miðað sé bara við tryggingu, er um 130 þús., hvort hægt er að bera uppi veiðarfærakostnað, beitukostnað, olíukostnað og allar viðgerðir á skipi, þó að ekki sé reiknað með afskriftum og með vöxtum nema að litlu leyti þennan árstíma. Þetta er ekki hægt. Ríkisstj. verður þess vegna eitthvað í þessum málum að gera.

Ég hef oft talað um, að það þyrfti að breyta l. um aflatryggingasjóð. Fiskimálastjóri sagði við mig, að ég færi ekki rétt með, það væri ekki miðað við 5 ára meðaltal síðustu árin, en hins vegar talaði ég við þann mann, sem með þann útreikning hafði að gera, og hann sagði, að miðað væri við meðaltalið, ekki endilega að þeir fylgdu svo fast, að það væru síðustu árin. En aflamagnið hefur verið svo lítið víðast hvar á þessu svæði, að það skiptir ekki máli, og nú fyrir áramótin varð útkoman sú, að við fengum um 20 þús. úr aflatryggingasjóði til línubáta, þar sem hallinn var áreiðanlega 100 þús. á mánuði. Þessir 25 aurar á kg hrökkva ákaflega skammt, því að á 60 tonn gerir það um 15 þús. kr. Nú hefur hlutur sjávarútvegsins verið þannig, að ég hygg, að af honum hafi verið tekið með kauphækkunum — það eru alltaf 100 millj., sem hann fékk úr ríkissjóði s. l. ár. Svo kemur launaskattur, hækkað orlofsfé, óhagstæðari hlutaskipti, þannig að þetta mun alls nema ca. 200 millj. Í staðinn á hann að fá liðlega 50 millj. Vera má, að verðhækkanir vinni þetta eitthvað upp, en þá kemur líka til greina, að kaup í frystihúsum hefur stórhækkað, þannig að ég efast um, að það geri meira en vega upp á móti.

Ég hygg, að ef eigi að stunda línuútgerð hér, og það hlýtur ríkisstj. að verða að gera upp við sig, veiti ekki af krónu á kílóið, til þess að hægt sé að gera út á línu, miðað við aðrar fiskveiðar. Og það, að bátarnir eru að basla við línuútgerð fyrir Norðurlandi og hluta a. m. k. af Vestfjörðum, það er fyrst og fremst af því, að ef það er ekki gert, er fólkið í þessum kauptúnum og bæjum atvinnulítið. Útgerðarmönnum er vel ljóst, að þeir skaðast á þessu, en það er ekki annað hægt vegna fólksins, sem býr í þessum kaupstöðum, þannig að annaðhvort er að breyta aflatryggingasjóðslögunum og reglugerðinni eða auka bein framlög úr ríkissjóði til línuveiða, ef línuveiðar eiga að geta þrifizt. Þetta verður ríkisstj. að gera sér ljóst og þá sérstaklega sjútvmrh.

Viðvíkjandi þessum 33 millj., sem eiga að ganga til frystihúsanna, vildi ég benda á það, að í fyrra var því skipt eftir fiskmagni, en það er allt annað en þarfir frystihúsa. Ég hef mikil kynni haft af þeim mönnum, sem reka þau, og oft spjallað við þá um þessa hluti, og það skýzt ýmislegt upp úr mönnum í einkasamtali, sem þeir eru ekki að flagga með í opinberum skýrslum, og ég veit fyrir víst, að þau frystihús, sem bezta hafa aðstöðu, eru rekin með hagnaði, og það eru þau frystihús, sem mest hafa hráefnið, og það eru þau frystihús, sem fá mest af þessum 33 millj. Þau frystihús, sem hafa aðstöðu til þess að frysta síld og fá mikinn þorskafla, eru tvímælalaust rekin með hagnaði, ef þau eru vel rekin. Hin frystihúsin, sem hafa lítið hráefni og að ýmsu leyti dýrt í vinnslu, eru rekin með stórhalla. Nú skal ég játa það, að ríkisstj. hefur síðari árin sýnt talsverðan skilning á því að reyna að hjálpa þeim, sem örðugast eiga. Ég vil ekki vanþakka það. En það er miklu betra, að það komi eftir eðlilegum leiðum heldur en þar sé hlaupið undir bagga einstaka sinnum og þá kannske vafasamt, hversu vel með það fé er farið í þau skipti. Ég held því, að þetta atriði þyrfti ríkisstj. að athuga, hvort væri ekki hægt að verja þessum 33 millj. kr. á sanngjarnari og þarfari hátt en greiða eitthvað visst á hverja framleiðslueiningu, því að ég sé ekki, að þá, sem reka sín frystihús með hagnaði, sé nokkur ástæða til þess að styðja. En hinir, sem eru að basla við að reka frystihús með takmörkuðu hráefni og við erfið skilyrði, þurfa aðstoðar við, ef þeir eiga ekki að gefast upp. Á þetta atriði vildi ég benda.

Ég hef oft minnzt á aflatryggingasjóðinn. Mér finnst reglurnar vera of þröngar, of ákveðnar. Mín skoðun er sú, að það þurfi fyrst og fremst að hafa þann grundvöll við bátaútvegsinn, að báturinn hafi nokkurn veginn viðunandi rekstrarafkomu, hvar sem er á landinu. Það þýðir ekki að vera að flokka þetta niður í svæði og segja, að þetta svæði þurfi minna, til þess að hægt sé að reka útgerð, heldur en annað svæði. Og sannleikurinn er sá, að línuútgerð er líka lítið hagstæðari hér fyrir sunnan, ef hún er nokkuð hagstæðari en fyrir norðan fyrri hluta vetrar og allt fram í febrúar. Veiðarfæratjónið er meira, og það munar ekki öllu á aflamagninu. Það er svo nákvæmt t. d. nú hjá aflatryggingasjóði, að það munaði broti úr prósenti, ¼ % eða eitthvað svoleiðis, að síldveiðibátarnir innan við 90 tonn, sem litla síld veiddu, fengju einhverja aðstoð úr honum. En þessi hluti úr prósentu réð úrslitum um það, að þeir fengu ekki neitt. Þetta þarf að vera meira á valdi sjóðsstjórnarinnar, að geta tekið meira tillit til aðstæðna en verið hefur. Það er ekki þægilegt fyrir minni skipin, sem fyrst og fremst halda uppi línuútgerðinni, að beztu skipstjórarnir eru algerlega keyptir frá þeim, það er hér um bil ómögulegt að fá þá á minni skipin. Og þá er ekki nema um tvennt að gera, og annað er að leggja skipunum meiri eða minni hluta úr árinu. Þá kemur það líka til greina, að þá þurfa þeir að borga hluta af tryggingagjaldinu, þannig að það verður erfiðara fyrir þá. Í öðru lagi vildi ég benda á það viðvíkjandi aðstöðu þessara skipa, og ég hef gert það hér áður, að skip innan við 100 tonn fá sáralitlar bætur frá tryggingafélögunum, og þetta eru engar smáupphæðir. Ég get sagt ykkur, að árlega undanfarið hef ég orðið að greiða af þeim bát, sem er innan

við 100 tonn, þetta 300—400 þús. kr. í viðgerðarkostnað, og nú varð ég, auk þess sem ég fékk úr Samábyrgðinni, því að ég fékk dálitinn hluta frá tryggingunum, þá varð ég að greiða um hálfa milljón. Meginið af þessum upphæðum greiða tryggingafélögin viðvíkjandi vélaviðgerðum og öðru slíku af bátum, sem eru yfir 100 tonn. Þessi aðstöðumunur nær ekki nokkurri átt. Og hann einn gerir það að verkum, að það má heita, að það sé útilokað að reka bát milli 40 og 100 tonn, þó að það væri ekki annað.

Þetta vildi ég benda ríkisstj. á, að þetta getur ekki gengið svona lengi, því að þá er ekki annað fyrir hendi en hætta að gera út á línu og jafnvel að það sé ekki hægt að gera þessi skip út. Ég vil ekki segja, að þessir 25 aurar séu einskis virði, en þeir skipta sáralitlu máli.

Það er eins og allir haldi, að það megi allt leggja á hráefnaframleiðsluna. Sannleikurinn er sá, að allir ganga í skrokk á útgerðinni. Það eru netagerðarverkstæði, það eru vélaverkstæði og svo kemur þessi blessuð löggjöf, t. d. þessi launaskattur, sem lagður er á öll fyrirtæki. Og það, sem er dæmalausast við þetta allt saman, er, að ríkisstj. virðist sjást alveg yfir það, að þetta kostar allt saman mikla vinnu og flestöll fyrirtæki eru í hraki með vinnuafl. Það hreinlega gengur ekki hjá kaupfélögunum nú að koma reikningunum frá sér, þannig að menn geta ekki gert skattskrár sínar. Þetta eru orðnar ótal skýrslur, sem þarf að gera, og ég held, að það væri jafnvel eðlilegra fyrir ríkisstj. að sleppa þessum blessaða launaskatti og eiga sína 25 aura og nota þá í staðinn fyrir þennan blessaða launaskatt. Ég get ekki séð, að þetta sé neinn vinnusparnaður eða hagsýni. Í fyrsta lagi þurfum við að fara að semja skýrslur um, hvað mörg kg við höfum veitt af fiskinum. Svo þurfum við að betla þessa 25 aura út á það. Í öðru lagi þurfum við að fara að gera skýrslur um þennan launaskatt. Og svo þurfum við að vappa með þá aura til yfirvaldsins og afhenda honum þá og getum það ekki fyrr en seint og síðar meir og megum búast við að verða fyrir sektum út af því, hvað við greiðum þetta seint. Mér finnst engin hagsýni í þessu. Ég held, að það væri réttara að gera þetta allt saman einfaldara og fyrirhafnarminna, létta einhverju af sköttunum og létta þá af ríkissjóðnum í staðinn einhverju af þessum aurum, sem hann er að mylgra í útgerðina. En þessir aurar mega sín svo lítils, að þeir ráða engum úrslitum.

Það er fleira, sem kemur til greina í útgerðarmálunum. Það er t. d. hlægilegt að láta hæst launuðu starfsmenn þjóðarinnar, sem eru skipstjórarnir, nagga við útgerð, sem ekki getur staðið í skilum, um að borga fyrir sig sjúkrasamlagsgjöld. Enginn þorir að hreyfa því eða tala um það, að þessu eigi að breyta. Vitanlega ætti ríkisstj. að hafa frumkvæði um, að þessu verði breytt. Það er alveg ástæðulaust fyrir fyrirtæki, sem geta ekki staðið í skilum, að vera að borga sjúkrasamlagsgjöld fyrir hæst launuðu menn þjóðfélagsins. Það er í raun og veru allt í lagi með hásetana. Tímarnir eru bara breyttir, þetta eru orðnir hæst launuðu mennirnir nú og alveg ástæðulaust að borga fyrir þá sjúkrasamlagsgjöld. Það er orðið þannig með skipstjórana, að þeir hafa verið að reyna að leita að öllum mögulegum leiðum til að komast undan að þurfa að borga af þessum miklu tekjum sínum. Þeir reyna að eiga í skipunum og reyna ótal leiðir til þess að koma sér hjá því, þannig að það væri miklu viturlegra, að ríkisstj. hlutaðist til um að hafa skattana skaplega og launin hófleg, þannig að útgerðinni þyrfti ekki að blæða.

Þið haldið, að þetta sé vitleysa í mér um það, að þeir, sem gera út, séu í erfiðleikum með að standa í skilum, en það er ekki. Sem dæmi get ég sagt ykkur, að það eru 250 tonna skip, það voru keyptir þessir svokölluðu tappatogarar frá Austur-Þýzkalandi, og ástandið er þannig, að það er einn þeirra, sem hefur staðið í skilum í Seðlabankanum, og það er ekki af því, að hann hafi borið sig, heldur af því, að það eru önnur atvinnufyrirtæki, sem hafa hjálpað til, að hann hefur staðið í skilum. Einn eru þeir búnir að taka, aðrir hafa verið seldir til efnaðri og sterkari manna, sem hafa aðstöðu við fiskvinnslu og annað, sem getur bjargað. En þessi skip bera sig ekki í beztu síldarárunum, sem hafa komið. Það er ekki hægt að standa í skilum með vexti og afborganir. Og hvað þá um minni skipin? Hitt veit ég, að þau skipin, sem mest afla, geta staðið í skilum og geta afskrifað. En það er aðeins sá hópurinn, sem mest aflar.

Og svo er annað, að það er ríkisvaldið, sem gengur á undan að féfletta útgerðina, t. d. á síldinni í sumar. Það er bæði óeðlilegt og óréttlátt, að það sé gert, að þeir, sem óskuðu eftir því að leggja upp hjá síldarverksmiðjum ríkisins þannig að fá raunverulegt verð, mér er sagt, að þeir muni fá 40 kr. á málið í uppbót, hinir, sem voru efnaminni og höfðu ekki efni á því að bíða með að fá alla greiðsluna, fá ekki neitt. Það er ekki rétt af ríkisvaldinu að láta þetta viðgangast. Ekki gera kaupfélögin þetta, þó að ýmsir finni að þeim um ýmislegt, og má sjálfsagt eitthvað út á þau setja, eins og gerist og gengur, en þau gera þetta ekki. Fátæki maðurinn fær alveg jafnt og sá ríki fyrir það, sem hann leggur inn. Og ríkisstj. ætti sannarlega að ganga á undan með að hindra það, að þetta sé gert. Ég veit, að það er sérstök stjórn fyrir síldarverksmiðjunum, en ríkisstj. ræður vitanlega skipulagi á þeim hlutum, bæði hvað lög og reglugerð snertir. Þarna er ekki rétt að farið. Það eiga allir að sitja við sama borð, hvort sem þeir eru fátækir eða ríkir, og fá sama verð fyrir vöruna, þó að aðstaða þeirra sé eitthvað misjöfn, og sumir hafa ekki haft aðstöðu til þess að lána hluta af aflaverðmætinu.

Á þessi atriði vildi ég benda einmitt við þetta tækifæri, því að þessi styrkur er það lítill, að

hann ræður engum úrslitum, ekki sízt eins og á að verja honum, þessar 33 millj. a. m. k., — hann ræður engum úrslitum um afkomu útvegsins. Vextir hafa verið lækkaðir. Út af fyrir sig gæti ég þakkað ríkisstj. fyrir það. Hitt vil ég taka fram, að ég hef aldrei álitið vaxtahækkunina annað en vitleysu, og hún var aldrei annað en vitleysa. Glöggir menn, sem eru mjög kunnugir öllum þessum málum, úr flokki Sjálfstfl. hafa sagt við mig, að vaxtahækkunin hafi aldrei verið nema vitleysa. En hún var gerð, og það er út af fyrir sig leiðinlegt að gera fyrst vitleysur og maður þurfi svo að þakka fyrir, að þær séu lagaðar. En hvað um það, það er þakkarvert, að vextirnir voru lækkaðir. Hins vegar hafa vextirnir hjá fiskveiðasjóði ekkert lækkað og ekki heldur á landbúnaðarlánum, en það finnst mér ekki rétt. Það er búið að lækka vexti á hinum lánunum úr 12% og í 9%, en föstu lánin hjá fiskveiðasjóði hafa ekkert lækkað. Það má segja, að viðvíkjandi línubátunum ráði þetta ekki úrslitum, þessum minni, því að þeir standa fastir í mjög háu verði, en fyrir nýju skipin skiptir þetta miklu máli.

Ég skal ekki að öðru leyti fara út í það, sem gerzt hefur. Það er ekki til neins að vera alltaf að þræta um það, og það geta verið skiptar skoðanir um hlutina og ekki endilega víst, að annar aðilinn hafi að öllu leyti rétt fyrir sér. En hitt veit ég, og ég trúi ekki öðru en stjórnarliðinu finnist það leitt líka að þurfa að skera niður verklegar framkvæmdir um 20%, a. m. k. allar greinar framkvæmdanna. Og ég held satt að segja, að ef vilji væri fyrir hendi, og ég vona, að hann verði fyrir hendi hjá ríkisstj., að hún gangi ekki eins langt í þessu efni og kemur fram í grg. þessa frv.

Ég hygg, að flestum, sem hafa rafmagn t. d., sé ljóst, og ég veit, að þeir skilja það, að fólk, sem ekki hefur rafmagn, er mjög óánægt yfir því, og ég hef fundið það einmitt hjá bæjafólkinu, að það hefur fullan skilning á því, að það sé eðlilegt, að fólk, sem býr úti í sveitunum, þrái að fá rafmagnið. Ég er sannfærður um, að það telur enginn þá aura eftir, sem það mundi láta í það. Og fyrir mitt leyti vildi ég segja það, að ég teldi betur varið því fé, sem fer í blessaða Bændahöllina, að láta það, þótt við skattlegðum okkur sjálfa, til þess að styðja það, að þessir sveitabæir fengju rafmagn, heldur en verja því í einhverjar gistihallir í Reykjavík, sem bændum koma í raun og veru ekkert við, og það eru alltaf ¾%, sem fara í Bændahöllina árlega af afurðaverði bændanna. Það væri hægt að leggja rafmagn á fáein býli fyrir það. Ég er ekki að segja, að bændur eigi persónulega að leggja fram fé til þess að leggja þær línur, sem ríkið á og rekur og tekur eðlilega gjald fyrir, — ég er ekki að halda því fram. Ég held því fram, að ég hygg, að sveitafólkið vildi ekki leggja neitt frekar á sig en það að fórna einhverju, til þess að það mætti hraða þeim framkvæmdum. Ég vil því vona, að ríkisstj. a. m. k. taki það til athugunar, hvort það væri ekki hægt að komast hjá því að skera þann lið niður. Ég er sannfærður um, að ríkisstj. getur það. Það má vel vera, að við verðum að taka lán í bili, þótt ég skuli ekki um það fullyrða. En hvað er það að taka lán til nauðsynlegra framkvæmda? Ég sé ekki, að það sé nein goðgá.

Satt að segja er ég engan veginn sannfærður um, að það þurfi að skera þessar framkvæmdir niður, eins og gert er ráð fyrir. Mér þykir ekki ólíklegt, að tekjur ríkissjóðs verði meiri en gert er ráð fyrir, það er skattalögregla á ferðinni, og það ætti ekki að vera ólíklegt, að hún þefaði eitthvað uppi af söluskatti, sem gleymzt hefði, og einhverju fleiru. Það er verið að auka innflutning á ýmsum hlutum, kexi, fötum og öðru slíku. Það er ekkert ómögulegt, að tolltekjurnar verði eitthvað meiri, eða innflutningsgjöldin, og ég skal ekki segja, hvaða breytingar verða gerðar á skattstiganum. En mér þætti ekki ólíklegt, því að krónutala manna hefur verið mikil í launatekjum ýmissa aðila, bæði fyrirtækja og einstaklinga, að það væri þó nokkur summa, sem kæmi þar inn, þannig að þótt ríkisstj. segi þetta í grg., þá er ég engan veginn sannfærður um, að hún þurfi að lækka þessar framkvæmdir jafnmikið og hún gerir ráð fyrir. Satt að segja er það ákaflega erfitt í framkvæmd að skera allt niður um 20%. Það væri að mörgu leyti hagkvæmara og hlýtur að verða raunar í framkvæmdinni, að einhverjum ákveðnum framkvæmdum væri þá frestað, en aðrar fullgerðar. En hvað sem því líður, ég hef ekki aðstöðu til þess, ég er því ekki svo kunnugur. Við, sem erum í stjórnarandstöðunni, höfum ekki aðstöðu til þess að fylgjast það nákvæmlega með tekjum ríkissjóðs og allra sízt hvað stjórnin ætlar sér að gera í skattamálum. Við getum ekki komið með fullyrðingar um það, hvað hægt er að gera og hvað ekki er hægt að gera, en ég vildi vona a. m. k., að ríkisstj. skildi, að það eru vissir hlutir, eins og t. d. rafmagnsmálin, sem okkur er ákaflega illa við úti í dreifbýlinu að sé frestað, ef nokkur leið er til annars, og ég held, að leiðirnar séu til, ef bara vilji er að fara þær.

Það var mjög ánægjulegt að hlusta á ræður hæstv. forsrh. Satt að segja er það alltaf hressilegt og þarft í raun og veru að dusta rykið úr fötunum. Hins vegar er það nú svo, að hæstv. ráðh. deildi á stjórnarandstöðuna og sagði, að framsóknarmennirnir hefðu komið með tóm eyðslufrv. og ekki bent á neinar sparnaðarleiðir. Ég vil ekki taka þetta til mín satt að segja. Ég benti hér við 3. umr. á ýmsa liði til sparnaðar. Ég benti t. d. á, að það væri hægt að afnema fjölskyldubætur með tveimur fyrstu börnunum, það mundi nema um 120 millj. kr. á ári. Ég benti á það, að hægt væri að hætta að leggja 50 millj. á ári til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem í raun og veru ekkert væri greitt úr. Ég benti á það, að hægt væri að spara á ýmsum liðum, t. d. að endurskoða prestakerfið, það væri hægt að fækka eitthvað sendiherrunum á Norðurlöndum, það væri hægt að minnka ríkisstjórnarkostnaðinn og það væri

hægt að koma betra skipulagi á í ýmsum ríkisstofnunum og spara þannig peninga. Ég benti á, að það væri ekki fráleitt að hafa tvo hagsýna menn til þess að athuga þetta, hvað hægt væri að gera í því efni að reka hlutina með meiri hagsýni. Hins vegar er það með stjórnarandstöðu á hverjum tíma, að það er dálitið erfitt fyrir hana að koma með ákveðnar till., því að stjórnarliðið getur gjarnan notað það sem áróðursefni. Það er ómögulegt að spara neitt án þess að koma við pyngju einhvers aðila, og þess vegna hlífist stjórnarandstaðan jafnan við að koma með ákveðnar till. í þá átt. Segja má, að réttara hefði verið og viturlegra að mínu áliti af stjórnarandstöðunni að koma ekki með neinar hækkunartill., heldur aðeins að deila á ríkisstj. fyrir ofþenslu og of mikla eyðslu. Og mín skoðun var sú, að það hefði verið skynsamlegra að gera það. Hins vegar er það þannig með hækkunartill., sem stjórnarandstaðan ber fram, að vitað er fyrir fram, að þær ná ekki fram að ganga. Það verður því frekar að skoðast sem óskalisti.

Í öðru lagi deildi hæstv. forsrh. á stjórnarandstöðuna fyrir heimskuleg frv. Það er nú svo, að persónulega er ég á móti þessum þáltill., sem hann nefndi hér. En það er þannig, að sumir menn eru hugsjónamenn, og það eru ekki allir á sama máli, og það eiga allir rétt á sínum skoðunum. Nú var það t. d. á sínum tíma, að Jónas Hallgrímsson vildi hafa þingið á Þingvöllum, aðrir voru raunsærri og vildu hafa það hér í Reykjavík. Sumir eru fátækir hugsjónamenn, en aðrir eru ríkir og raunsæir, og það er nú svo, að það eru ekki allir menn eins. Við verðum að skilja hugsjónir manna, og enginn hefur skammað eða lastað Jónas Hallgrímsson fyrir að vilja hafa þingið á Þingvöllum. Mér finnst þess vegna, að ómögulega geti ég farið að deila á mína flokksbræður, þó að þeim detti í hug að flytja þessa stofnun til Þingvalla, og það mætti skollinn vita, ef þetta færi til þjóðaratkvgr., nema það yrði hreinlega samþ., vegna þess að Reykvíkingar vildu e. t. v. losna við okkur og aðrir hefðu gaman af að skopast að því, að þeir drykkju þá minna brennivín á Þingvöllum. Það væri ómögulegt að segja um það, hvernig þetta færi. Raunar langar mig ekki til þess að vera á Þingvöllum að vetri til, því að mér finnst ekkert skemmtilegt að vera þar, og mundi þess vegna ekki greiða þessu atkv. En við megum ekki fyrirlíta hugsjónir annarra manna eða dæma menn of hart, þótt þeim detti eitthvað annað í hug en okkur sjálfum.

Viðvíkjandi t. d. bíómyndunum, satt að segja sé ég ekki annað en það sé samræmi í því hjá hv. flm. viðvíkjandi bíómyndunum, því að þegar börnin okkar í sveitinni mega ekki vinna nema til kl. 5, hvað eiga blessuð börnin að gera? Ég sé ekki betur en að það veiti ekki af 100 manns til að vera á ferðinni með bíó til að hafa ofan af fyrir krökkunum, þegar foreldrarnir eru að basla við að mjólka kýrnar og taka saman, þannig að það er algert samræmi í skoðunum þessa hagfræðings, að það verður aldrei of mikið af bíóum, ef börnin eiga ekkert að gera eftir kl. 5 á daginn eða unglingarnir upp að 18 ára aldri, stórir slánar á léttasta skeiði í raun og veru. Og þá þarf eitthvað að hafa þeim til afþreyingar. Ekki má vera sjónvarp frá Keflavík, — ja, það er kannske, þegar hæstv. menntmrh. er kominn með sitt nýja sjónvarp, að börnin hafi nóg að gera að horfa á það og þurfi ekki neitt að hafa áhyggjur af því, að þeim leiðist. Þetta voru aðalatriðin. En þó að ég sé ekki alltaf sammála mínum flokksmönnum um hlutina, er það ekki nema eðlilegt. Þeir hafa rétt á sinni skoðun og ég á minni, og ég sé ekki, að það sé neitt við það að athuga.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að misnota rétt minn til þess að fá að tala oftar en aðrir. En vegna þess að það var eitt atriði utan við sjálft meginefni þess máls, sem hér er um að ræða, sem ég vék að áðan af tilefni frá hv. 11. þm. Reykv. (KTh) og hann bar þá á móti, svo að allur þingheimur heyrði, að ég hefði rétt fyrir mér, þykir mér við eiga að lesa upp úr því, sem tekið hefur verið eftir honum hér í þinginu og stendur í ræðunni, eins og hún er skráð, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir síðustu áramót undirrituðu 300 hjúkrunarkonur áskorun til ríkisstj. um að hraða byggingu nýs hjúkrunarskóla. Árið áður höfðu 70 læknar gert hið sama. Þannig þarf að reka þetta allt saman áfram með svipu."

Hv. þm. neitaði því hér, svo að allir heyrðu, að hann hefði sagt, að þessar undirskriftir hefðu orðið eftir áramót. Nú hafa menn einnig af þessu heyrt, hvaða mark er takandi á orðum þessa hv. þm.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég treysti mér varla til þess að blanda mér inn í þær umr., sem hafa farið hér fram um hjúkrunarskólann, en við hinu hafði ég nú samt búizt, fyrst hæstv. forsrh. hefur tvívegis komið hingað upp til að svara hv. 11. þm. Reykv. (KTh), að hann mundi svara þeirri fsp., sem þm. beindi sérstaklega til hans um þetta mál. En sú fsp. var á þá leið, hvort sá niðurskurður, sem er ráðgerður í sambandi við þetta frv., ætti að ná til þeirra 7 millj., sem væru veittar til byggingar hjúkrunarskóla á þessu ári. Mér finnst, að hér sé um atriði að ræða, sem verulegu máli skiptir, og fyrst hæstv. forsrh. hefur ómakað sig tvívegis hingað upp til að gera þetta mál að umræðuefni, hefði hann átt að svara þessari fsp.

Ég minnist þess, að fyrir ekki mörgum dögum stóð hæstv. forsrh. hér eins og útblásinn vindbelgur og hældi sér mjög af því, að ríkisstj. væri búin að ákveða að veita 7 millj. kr. til byggingar hjúkrunarskólans á þessu ári. Ef hins vegar svo fer, að sá niðurskurður, sem er ráðgerður í sambandi við þetta frv., á einnig að ná til þessa framlags, eru ekki veittar

nema 5.6 millj. kr. til hjúkrunarskólans á þessu ári, sem þýðir það, að framkvæmdir við skólann munu mjög tefjast frá því, sem áður hefur verið áætlað. Ég vil þess vegna taka undir þá fsp. hv. 11. þm. Reykv. til forsrh. eða menntmrh., að þeir svari því, hvort það er nú raunverulega meiningin að lækka þetta framlag til hjúkrunarskólans um 20% og framkvæma þar af leiðandi miklu minna í sambandi við þessa framkvæmd heldur en hæstv. forsrh. lýsti yfir hér fyrir örfáum dögum. Og ég verð að segja það, að ef það reynist rétt, að það eigi að skera niður þetta framlag eins og önnur, er lítið að marka yfirlýsingar hæstv. forsrh., því að það, sem hann segir, að eigi að vera 7 millj. í dag, eru orðnar 5.6 millj. hjá honum nokkrum dögum síðar og kemur þar af leiðandi að miklu minni notum heldur en upphaflega var til ætlazt.

Hæstv. ráðh. var að halda því fram í sambandi við þetta mál, að hæstv. ráðh. hefðu ekki farið neitt óviðurkvæmilegum orðum um það frumkvæði hjúkrunarkvenna að skora á ríkisstj. að hraða framkvæmd í þessu máli. Ég minnist ekki betur en einn af hæstv. ráðh., að vísu ekki hæstv. forsrh., heldur menntmrh., léti svo ummælt hér fyrir nokkrum dögum, að hjúkrunarkonurnar hefðu með þessari undirskriftasöfnun sinni leikið gamanþátt. Ég hygg, að ef hæstv. forsrh. fer að leita jafnvandlega í umr. þingsins og hann hefur gert í sambandi við ræðu hv. 11. þm. Reykv., geti hann fundið þessi ummæli hæstv. menntmrh. En eins og hér hefur verið rakið, er það ekki neinn gamanþáttur, sem hjúkrunarkonur hafa leikið í þessum málum, þótt þær hafi ýtt á eftir því, að framkvæmdum væri hraðað. Þær vita miklu betur en bæði við hér á þingi og hæstv. ríkisstj., hvílík nauðsyn það er, að hjúkrunarskólinn verði efldur og aukinn. Og þær hafa líka séð það betur en aðrir, hvílíkur dráttur hefði átt sér stað í þessum málum, og ég verð að segja það, að ef svo fer, að nú á að skera niður þetta framlag um 20%, eins og önnur framlög, veitti ekki af nýrri undirskriftaáskorun frá hjúkrunarkonum um það að hraða þessu máli betur en hæstv. ríkisstj. ætlar á því að halda.

Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., ef þau orð, sem hæstv. forsrh. lét falla, hefðu ekki gefið mér tilefni til þess að gera við það nokkrar aths. En áður en ég vík að þessum ummælum hæstv. forsrh., ætla ég að minnast nokkrum orðum á það aðalmál, sem liggur hér fyrir og raunverulega er það, að skera á niður allar verklegar opinberar framkvæmdir um 20%. Ég hef vikið að því áður hér á Alþ., að hæstv. ríkisstj. er um margt ólík ríkisstjórnum nágrannalandanna og fylgir annarri stefnu en þær. Þetta hefur m. a. komið fram á undanförnum árum á þann hátt, að undir forustu hæstv. ríkisstj. hefur kaupmáttur tímakaups verkafólks farið stöðugt minnkandi hér á landi, á sama tíma sem kaupmáttur tímakaupsins hefur farið vaxandi í nágrannalöndum okkar. Hér hefur verið fylgt þeirri stefnu að láta verðlagið hækka stöðugt meira en kaupgjaldið með þeim afleiðingum, að kaupmáttur tímakaupsins hefur stytzt og menn hafa orðið að stórlengja vinnudag sinn til þess að hafa sæmilega afkomu. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin hins vegar verið á þann veg, að kaupmáttur tímakaupsins hefur stöðugt verið að aukast, vegna þess að verðlagið hefur hækkað minna en kaupgjaldið. Hér hefur sem sagt þróunin orðið allt önnur, vegna þess að það hefur verið fylgt allt annarri stjórnarstefnu, því að ekki verður árferði um kennt, að þessi þróun hefur átt sér stað hér hjá okkur, vegna þess að árgæzka til lands og sjávar og verðlag á útflutningsvörum hefur aldrei verið hagstæðara en á undanförnum árum. En það er í mörgu fleiru en þessu, sem hæstv. ríkisstj. er ólík ríkisstj. nágrannalandanna og fylgir annarri stefnu en þær. Í öllum okkar nágrannalöndum er stefnt að því að auka hina opinberu fjárfestingu. Það er eitt meginmark ríkisstj. í nágrannalöndum okkar að auka hina opinberu fjárfestingu. Hér er stefnt að því að skera hana niður.

Ég vil aðeins nefna lítið dæmi um þetta. Í því tímariti, sem Norðurlandaráð gefur út og útbýtt er meðal þm., birtist nýlega áætlun dönsku ríkisstj. um opinbera fjárfestingu, sem er ráðgerð í Danmörku næstu 3 árin. Þessi áætlun ber það með sér, að gert er ráð fyrir, að framlög ríkisins til fjárfestingar aukist þar um 50% 3 næstu árin. Samkv. þessari áætlun á t. d. framlag til vegamála að hækka úr 1000 millj. kr. á þessu fjárlagaári upp í rúml. 1500 millj. kr. á árunum 1967—1968. Framlög til skólabygginga og rannsóknarstofnana eiga á sama tíma að hækka úr 423 millj. kr. í 583 millj. kr. Framlög til spítalabygginga, þ. e. a. s. opinber framlög, eiga á þessum tíma að hækka úr 187 millj. kr. í 297 millj. kr. En hér er að sjálfsögðu alls staðar reiknað með dönskum kr. Þannig má rekja þetta áfram, en í heild er niðurstaðan sú, að opinber fjárfesting í Danmörku er áætlað að aukist um 33% á þessum tíma, þ. e. a. s. þegar ráðgerð fjárfesting sveitarfélaga og ríkisins er lögð saman, en þegar tekin eru framlög ríkisins eins, er gert ráð fyrir 50% aukningu.

Vegna hvers er það, sem ríkisstj. Danmerkur og ríkisstj. nágrannalandanna stefna að því að auka á þann hátt hina opinberu fjárfestingu, þ. e. framlög til vegamála, hafnarbóta, flugvallargerða, til skólabygginga, rannsóknarstofnana og spítala? Það er vegna þess, að þessar framkvæmdir eru í raun og veru undirstaða allra annarra framkvæmda í þjóðfélaginu. Skilyrði þess, að það sé hægt að bæta aðstöðu atvinnuveganna og sækja fram í samræmi við aukna tækniþróun í framtíðinni, eru þau, að samgöngurnar batni stórlega frá því, sem nú er, og menntunin batni stórlega frá því, sem nú er. Það er fullkomlega rétt, sem hæstv. menntmrh. hefur verið að hafa eftir ýmsum erlendum fræðimönnum, hagfræðingum og skólamönnum, hér í þinginu á undanförnum árum, að engin fjárfesting borgi sig

betur en sú, sem er látin ganga til skólabygginga og menntamála. Og það er í samræmi við það, sem ríkisstjórnir nágrannalandanna stefna að því að auka þessi framlög stórkostlega, jafnvel um 50%, eins og ráðgert er að gera í Danmörku. En hér á landi er nú tekin upp allt önnur stefna í þessum efnum. Það er tekin upp sú stefna að skera þessar framkvæmdir niður, á sama tíma sem stefnt er að því að auka þær í öðrum löndum. Og hver verður niðurstaðan af því, að þessi stefna er tekin upp hér á landi? Niðurstaðan verður óhjákvæmilega sú, að íslenzkt atvinnulíf og íslenzkt menntalíf kemur til með að dragast aftur úr því, sem gerist hjá öðrum þjóðum á komandi árum, við fylgjumst ekki nægilega vel með þróuninni í þessum efnum, því að það eru einmitt þessar framkvæmdir, skólabyggingarnar, bættar samgöngur, spítalar og annað þess háttar, sem tryggja okkur það, að við getum fylgzt með framþróuninni líkt og aðrar þjóðir, og þetta er jafnframt undirstaða þess, að það sé hægt að byggja atvinnuvegina þannig upp, að við getum haldið til jafns við aðrar þjóðir. Þess vegna er það stefna ríkisstjórna í nágrannalöndum okkar og víðar að auka hina opinberu fjárfestingu og beita aðgerðum til að draga úr framkvæmdum einstaklinga, sem frekar mega bíða.

En ríkisstj. Íslands getur ekki hugsað sér það. Það er verðbólgufjárfesting spekúlantanna, sem verður að ganga fyrir öllu öðru. Það eru verzlunarstórhýsin og skrifstofuhallirnar, sem verða að ganga fyrir öllu, og fyrir þeim verða skólarnir, fyrir þeim verða vegirnir, fyrir þeim verða spítalarnir að víkja. Hér eins og á svo mörgum öðrum sviðum fylgir hæstv. ríkisstj. Íslands allt annarri stefnu en þeirri, sem er fylgt í nágrannalöndum okkar, stefnu, sem hlýtur að leiða til þess, að við drögumst aftur úr öðrum þjóðum á sviði menntamála og á sviði samgöngumála, á sviði rannsóknarmála, á sviði atvinnumála, nema það verði fljótlega horfið frá þeirri stefnu, sem nú er fylgt. Hér er sem sagt verið að ráðast á undirstöðuframkvæmdirnar í þjóðfélaginu, framkvæmdirnar, sem allar aðrar framfarir byggjast á. Það er verið að vega hér að sjálfum grundvellinum, sjálfum grundvelli atvinnuveganna, sem eru bættar samgöngur og meiri menntun, og það verður til þess, að það kemst kyrkingur í allt atvinnulífið á eftir, í stað þess að aðrar þjóðir stefna að því að tryggja þessa undirstöðu og gera hana sem bezta og öruggasta, því að á því velta allar aðrar framfarir í þjóðfélaginu. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

En það, sem ég vildi nú koma að, er tilefni, sem hæstv. forsrh. gaf mér til þess að kveðja mér hér hljóðs. Hæstv. forsrh. sagði eitthvað á þá leið, — ég man ekki ummæli hans alveg rétt, en efnislega þó, — hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri eiginlega orðin stefna Framsfl. að hafa enga stefnu og segja, að menn gætu fylgt honum án tillits til þess, hvaða skoðanir þeir hefðu, aðeins að þeir hefðu áhuga á því að komast í ríkisstj. Mig undrar það stórkostlega, að nokkur þm. skuli leyfa sér að viðhafa slík ummæli, sem ekki hafa við neitt að styðjast. Alveg sérstaklega undrast ég það, að hæstv. forsrh. skuli viðhafa slík ummæli, og mig undrar það, að hann skuli koma upp hér áðan með miklu stærilæti og vera að tala um það, að einhver þm. hefði ekki ummæli rétt eftir, þegar hann sjálfur hefur ummæli jafnranglega eftir og hann hefur hér gert og ég hef nú vitnað til. Ég veit, að hæstv. forsrh. þykist hér vera að vitna til ummæla, sem hafa komið í Tímanum og eru á þá leið, að andstæðingar Íhaldsins eigi að þoka sér saman, ef þeir eru sammála um meginstefnu, þó að ágreiningur kunni að ríkja um einstök dægurmál. Þessi ummæli reynir hæstv. forsrh. að túlka á þá leið, að það sé verið að bjóða mönnum til fylgis við Framsfl., þó að þeir hafi enga stefnu og séu eiginlega ósammála um allt, þó að í öllum þessum ummælum hafi jafnan verið skýrlega fram tekið, að menn þurfi og verði að vera sammála um meginstefnuna, en hins vegar geti verið ágreiningur um ýmis dægurmál. En það er með þessum hætti, sem allir stórir flokkar nú á dögum eru upp byggðir, þó að því sé kannske þannig háttað í flokki hæstv. forsrh., að þar megi enginn aðra skoðun hafa en hann sjálfur. Og ég get vel trúað því, að hæstv. forsrh. vilji byggja flokk sinn upp á þann hátt og honum hafi á einhvern hátt tekizt það og sú fyrirmynd, sem hann hefur helzt í huga, bendi honum til þess að byggja flokkinn upp á þann hátt. En það er ekki lýðræði að byggja flokka upp með þeim hætti, og það verður ekki farsælt í neinu þjóðfélagi að byggja flokka upp með þeim hætti. Það verður að vera hægt að byggja flokka upp með þeim hætti, ef flokksmenn eru sammála um meginstefnuna, að þeim sé leyfilegt að hafa skoðanafrelsi og láta ágreining sinn koma fram um ýmis þau dægurmál, sem minna máli skipta.

Mér finnst rétt í framhaldi af þessu að beina nú umr. inn á annan vettvang og beina því til hæstv. forsrh., vegna þess að hann er að tala um stefnuleysi andstæðinganna: hver er stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálunum í dag? Hvaða stefna er það, sem ríkisstj. fylgir í efnahagsmálunum í dag? Ég held, að hæstv. ríkisstj. geti sízt af öllu svarað þessu sjálf og það geti eiginlega enginn svarað þessu fyrir hana, því að það er auðséð, að ríkisstj. fylgir þeirri stefnu í efnahagsmálunum í dag að lifa frá degi til dags með því að hækka söluskatt tvisvar eða þrisvar á ári, með því að skera niður verklegar framkvæmdir og með því að grípa til annarra og slíkra vandræðaráðstafana, sem fela ekki í sér neina markvissa stefnu. Það var yfirlýst stefna hæstv. ríkisstjórnar, þegar hún kom til valda, að hún ætlaði að stefna að því að afnema allar uppbætur og styrki. Er það það, sem blasir við í dag, að hæstv. ríkisstj. hafi afnumið allar

uppbætur og styrki? Nei, uppbóta- og styrkjakerfið hefur aldrei blómgazt betur í þessu þjóðfélagi en einmitt nú í dag eftir 6 ára stjórn núv. ríkisstj. Og það sýnir kannske gleggra en nokkuð annað, að það er síður en svo, að ríkisstj. fylgi nú orðið þeirri stefnu, sem hún boðaði í upphafi, heldur einmitt hið gagnstæða. Og þannig má rekja þetta á fleiri sviðum.

Það er ekki hægt í dag að sjá neina ákveðna stefnu hjá hæstv. ríkisstj. aðra en þá að hanga og hlynna að hagsmunum nokkurra braskarahópa, sem standa að stjórnarflokkunum. Við hagsmuni þessara braskarahópa, sem mestu ráða í stjórnarflokkunum, eru verk stjórnarinnar miðuð, og til þess reynir hún að hanga að geta hlynnt að hagsmunum þessara manna. Og ég skora á hæstv. forsrh., ef hann treystir sér til þess, að svara því, mótmæla því, að þetta sé rétt, sem ég hef nú haldið fram, að svo er komið hjá hæstv. ríkisstj., að hún fylgir ekki lengur neinni ákveðinni fjármálastefnu, heldur lifir frá degi til dags með nýjum sköttum og niðurskurði, stritast við það eitt að sitja og hlynna að þeim fámennu braskarahópum, sem standa að þeim flokkum og ráða þeim flokkum, sem hún styðst við.

En það mætti spyrja hæstv. forsrh. að fleiru, — því miður hefur hann gengið úr d., hann kemur hingað vafalaust aftur. Það mætti spyrja hæstv. forsrh. að því, hver sé raunveruleg stefna Sjálfstfl. Sjálfstfl. lýsir því að vísu ákaflega hátíðlega yfir, að hann vilji hlynna að einkaframtakinu, hann sé á móti öllum ríkisrekstri, hann sé á móti öllum höftum. En hvernig er þetta í framkvæmd? Ég veit ekki betur en það sé rétt, að t. d. ríkisrekstur er meiri hér á landi en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu, og ég skal síður en svo telja það vera rangt ráðið, eins og okkar aðstæður eru. En það er hins vegar í fullkominni andstöðu við stefnu Sjálfstfl., að svo skuli vera, flokksins, sem segist vera á móti öllum opinberum rekstri og ekki vilja neitt nema einkarekstur.

Hver hefur þá verið afstaða Sjálfstfl. til þessa ríkisrekstrar? Jú, afstaða Sjálfstfl. hefur verið sú, að ég held, að hann hafi átt þátt í því að setja á allan þann ríkisrekstur, sem hefur verið settur á stofn hér fram að þessum degi, eða a. m. k. þann ríkisrekstur, sem nú er starfræktur í landinu.

Sjálfstfl. segist vera ákaflega mikið á móti höftum. En hver er reynslan í þessum efnum, og hver eru verk flokksins í þessum efnum? Það nægir að svara þessu með því að rifja það upp, hvað gerðist, þegar hæstv. núv. forsrh. settist fyrst í ríkisstj. Það var í ríkisstj., sem kom hér til valda í ársbyrjun 1947. Sú ríkisstj. tók upp strangari höft — og meira að segja skömmtun — heldur en nokkur önnur ríkisstj. hefur gert fyrr og síðar, sem stjórnað hefur þessu landi. Og það var síður en svo, að Sjálfstfl. væri á móti þessu. Hann studdi öll þessi höft, og þessi höft voru meira að segja lögð á að ráðum hagfræðinga Sjálfstfl. Og hvernig er ástatt í þessum efnum í landinu í dag? Það er þannig ástatt í þessum efnum í landinu í dag, að það eru nú í gildi öflugri lánsfjárhöft en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu. Það er þrengt að einkaframtakinu og framtaki félaga og ríkisstofnana með stórkostlegri lánsfjárhöftum en þekkjast í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu í dag. Og þetta er framkvæmt undir forustu Sjálfstfl. Svo er þessi flokkur að tala um það, að hann sé á móti höftum. Hver getur botnað í því, hvaða stefnu sá flokkur hefur, sem framkvæmir og gerir allt annað en hann lýsir yfir og þykist fylgja?

Ég skal til viðbótar þessu taka afstöðu Sjálfstfl. til kommúnismans. Sjálfstfl. þykist vera ákaflega mikið á móti kommúnistum, vilja ekki nein mök við þá hafa. Í tvö undanfarin ár hefur ekki linnt blaðaskrifum hjá sjálfstæðismönnum út af því, að framsóknarmenn sátu í stjórn verkalýðssamtakanna með kommúnistum. Þetta var talin dauðasök, og það var aðeins látið í það skína, að ekkert slíkt mundi henda Sjálfstfl. eða honum mundi aldrei detta í hug að láta slíkan ófarnað henda sig eins og þann, sem hefði hent Framsfl., að sitja í stjórn verkalýðssamtakanna og eiga fulltrúa í stjórn verkalýðssamtakanna með kommúnistum. En hvernig er skrifað í blöð Sjálfstfl. í dag? Í dag er skrifað þannig í blöð Sjálfstfl., að Framsfl. er harðlega ásakaður fyrir það, að hann skyldi leyfa sjálfstæðismönnum að taka sæti í stjórn verkalýðssamtakanna við hliðina á kommúnistum.

Hvernig í ósköpunum er hægt að leggja neitt upp úr yfirlýsingum slíkra manna, sem þannig haga sér, sem segja eitt í dag og annað á morgun? Ég held þess vegna, að hæstv. forsrh. ætti ekkert síður að gera heldur en bregða öðrum um stefnuleysi, því að hjá Sjálfstfl. er ekki hægt að finna neina stefnu, þegar það er krufið til mergjar. Sjálfstfl. hefur ekki nema eitt markmið, og það er að hanga við völdin til þess að þjóna vissum braskarahagsmunum, hagsmunum þeirra fáu braskara, sem ráða Sjálfstfl., sem gefa út Morgunblaðið og Vísi. Hlutverk flokksins er fyrst og fremst að þjóna þessum mönnum, og honum er nákvæmlega sama, á hvern hátt það er gert. Hann getur gert það í samstarfi við Alþfl., samstarfi við Framsfl., samstarfi við kommúnista, og hann er reiðubúinn til að fylgja hvaða stefnu sem um er að ræða, aðeins ef honum tekst að verja þessa hagsmuni. Þetta er sannleikurinn um Sjálfstfl., og þess vegna ætti hæstv. forsrh. ekkert síður að gera en að bregða öðrum flokkum um stefnuleysi, því að Sjálfstfl. hefur enga þjóðmálastefnu, heldur er hann eins konar hlutafélag, sem vinnur fyrir ákveðinn braskarahóp í þjóðfélaginu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér hefur komið það nokkuð á óvart, að málsvarar hv. Framsfl. og þó alveg sérstaklega nýliði flokksins á þingi, hv. 11. þm. Reykv., Kristján Thorlacius, hefur gert byggingu hjúkrunarkvennaskólans hvað eftir annað að sérstöku umræðuefni. Bæði hann og hv. síðasti ræðumaður hafa hvað eftir annað lýst alveg

sérstökum áhuga sínum og flokks síns á því, að byggingu hjúkrunarkvennaskólans yrði hraðað sem allra mest. Víst er um það, að lengi hefur verið full þörf á því, að sá skóli yrði stækkaður og honum yrði lokið. En þess vegna hefur mér komið skyndilegur áhugi þeirra á þessum skóla dálítið spánskt fyrir sjónir, að það eru ekki mjög mörg ár síðan ég átti sæti í ríkisstj. með fulltrúum og undir forsæti manns úr þessum hv. flokki. Ég sat í ríkisstj. Hermanns Jónassonar frá 1956—1958 eða í 2½ ár. Á þeim árum hafði ég að vísu ekki með málefni hjúkrunarkvennaskólans að gera, þau heyrðu þá undir hæstv. félmrh. og heilbrmrh., Hannibal Valdimarsson. Hinn ráðh., sem fyrst og fremst samkv. eðli málsins hlaut að fjalla um málefni skólans, var hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson. Á þeim árum var það því fyrst og fremst mál fulltrúa Alþb. í ríkisstj. og fulltrúa Framsfl. í ríkisstj. að sanna í verki áhuga sinn á málefnum hjúkrunarkvennaskólans og byggingarframkvæmdum í þágu hans. En það get ég fullyrt, að þau 2½ ár, sem ég sat í þeirri ríkisstjórn með fulltrúum þessara flokka, var aldrei, ekki eitt skipti, á ráðherrafundi minnzt á nauðsyn byggingar fyrir hjúkrunarkvennaskólann í Reykjavík. Áhugi hv. Framsfl. á þessu efni er því nokkru nýrri af nálinni og á sér áreiðanlega einhverjar sérstakar skýringar. En það má segja hv. þm., fyrrv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, til hróss, að hann man þessa sögu áreiðanlega jafnvel og ég, og þess vegna hefur hann talið hyggilegast og raunar hans flokksmenn að gera þetta ekki að neinu sérstöku umræðuefni.

Sannleikurinn er sá, að núv. ríkisstj. hefur tekið með allt öðrum hætti á málefnum hjúkrunarkvennaskólans og sýnt mun meiri skilning á þörfinni fyrir nýbyggingu honum til handa heldur en því miður átti sér stað á stjórnarárum Hermanns Jónassonar eða hans stjórnar. Annars kom mér mjög á óvart ræðuhald hv. 11. þm. Reykv. hér áðan, því að mér er kunnugt um, að fyrir nokkrum dögum fékk hann frá formanni skólanefndar hjúkrunarkvennaskólans nákvæmt yfirlit um það, sem gerzt hefur í byggingarmálum hjúkrunarkvennaskólans allar götur síðan 1957, nákvæma skrá um það, sem gerzt hefur í byggingarmálum skólans síðan 1957. Þessa skrá kaus hann að vísu ekki að lesa, af því að hefði hann gert það, hefði komið svolítið annað í ljós en hann kaus að gefa í skyn í ræðu sinni. Þessi skrá er ekki löng, og ég held, að einfaldast sé, að ég lesi hana. Hv. þm. Kristján Thorlacius bað um, að skráin yrði gerð, eflaust í því skyni að kunngera hv. þm. efni hennar, þegar hann bað um hana. En þegar hann hefur fengið hana, þegir hann um hana. Talar það eflaust sínu máli um það, hvort skýrslugerð formanns skólanefndarinnar, landlæknis, dr. Sigurðar Sigurðssonar, styður hans mál eða það mál, sem við hæstv. forsrh. höfum flutt hér í þessu sambandi.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég nú að gera grein fyrir þeirri skýrslu, sem hv. þm. Kristján Thorlacius hefur í höndum, hefur í tösku sinni eða skúffu sinni, þó að hann hafi ekki kosið að gera þm. kunnugt um innihald hennar. Hún byrjar á því að gera grein fyrir fundi í byggingarnefndinni 11. 6. 1957. Þá er húsameistara ríkisins falið að athuga og endurskoða teikningar að öðrum áfanga byggingarinnar, teikningu frá 1952. Síðan eru umr. um þessa gömlu teikningu frá 1952 á fundum 28. 9. 1957, 19. 8. 1958, 3. 11. 1958, 3. 3. 1960, 11. 4. 1960, 22. 4. 1960, þá var Bárður Ísleifsson viðstaddur, 13. 1. 1961, 14. 4. 1961, 10. 8. 1961. Á þeim fundi, 10. 8. 1961, greinir landlæknir frá því, að hann hafi gert rn. og fjvn. grein fyrir húsnæðis- og fjárþörf skólans og að hann hafi beðið húsameistara um kostnaðaráætlun vegna 2. áfanga byggingarinnar, en ég tek fram, að þá liggur enn engin teikning fyrir og engin kostnaðaráætlun.

15. 2. 1962 eru enn framhaldsumræður um 2. áfanga skólabyggingarinnar. Þá er lagt til grundvallar í umr. bréf skólastjóra til húsameistara 19. 8. 1961. 19. 6. 1962 er enn fundur í skólanefndinni. Þar er rædd teikning Bárðar Ísleifssonar frá 1952, gamla teikningin um húsnæðisþörf 2. áfanga, itrekuð beiðni til Bárðar Ísleifssonar um að hraða lokateikningu og kostnaðaráætlun, 19. 6. 1962. Bárður Ísleifsson leggur fram nýjan tillöguuppdrátt að 2. áfanga, að mestu leyti svipaðan uppdættinum frá 1952. Það er fyrst þarna, sem kemur fram hugmynd að nýjum tillöguuppdrætti fyrir 2. áfanga skólans. 27. 11. 1962: framhaldsumr. um síðasta tillöguuppdrátt Bárðar Ísleifssonar og hann beðinn að gera lokateikningar að 2. áfanga. 15. 3. 1963: uppdráttur Bárðar Ísleifssonar athugaður með Herði Bjarnasyni húsameistara ríkisins. Hörður Bjarnason skýrði frá því, að sökum annríkis á teiknistofu hans og þó einkum Bárðar Ísleifssonar vegna landsspítalans teldi hann óhjákvæmilegt að fá aðstoð utan teiknistofunnar til þess að gera teikningu að 2. áfanga. Samþykkt að fela húsameistara að ráða mann eða menn til þess, enda yrði verkið unnið á ábyrgð húsameistara ríkisins. 21. 6. 1963: formaður greindi frá því, að sótt hafi verið um fjárveitingu til 2. áfanga skólans í fjárl. 1964, miðað við, að hann yrði byggður á þremur árum. Jafnframt var tilkynnt, að húsameistari ríkisins hafi falið arkitektunum Eiríki Einarssyni og Herði Björnssyni að ljúka teikningu af téðum byggingaráfanga og væru þeir að vinna að því. Það er m. ö. o. 21. 6. 1963, sem fyrst er sótt um fjárveitingu til þess að byggja 2. áfanga skólans og þá miðað við fjárlög 1964. Þegar hér er komið eru málefni hjúkrunarkvennaskólans komin í mínar hendur.

Ég athugaði þá, þegar þessi umsókn berst, hversu langt undirbúningi málsins er komið, en það er grundvallarregla í skólakostnaðarlögum varðandi skólabyggingar, hvort sem þær eru byggðar sameiginlega af ríki og sveitarfélögum eða af ríkinu einu, að yfirleitt er ekki veitt fé til byggingannna fyrr en undirbúningi er lokið eða a. m. k. svo langt komið, að

endanleg bráðabirgðateikning og kostnaðaráætlun liggur fyrir. Á árinu 1963, þegar fjárlög fyrir 1964 voru afgreidd, lá hvorki fyrir teikning af 2. áfanga hjúkrunarskólans né heldur kostnaðaráætlun um bygginguna. Ég gekk fullkomlega úr skugga um þetta í des. 1963, þegar gengið var frá fjárl. fyrir árið 1964, og þess vegna treysti ég mér ekki til að leita fast eftir því við fjvn., að ákveðin fjárveiting yrði tekin til byggingar hjúkrunarskólans í fjárl. ársins 1964, beinlínis sökum þess, að mér virtist málið vera síður undirbúið en mörg önnur mál, sem líkt stóð á um. Til þess þó að sýna, að fullur skilningur væri á nauðsyn þess, að sem fyrst yrði hafizt handa um byggingu 2. áfanga hjúkrunarkvennaskólans, varð það að samkomulagi, að bætt skyldi við lánsheimild, sem gert var ráð fyrir að yrði í fjárl. 1964 fyrir byggingu menntaskólans og kennaraskólans, — bætt skyldi við hana lánsheimild til handa hjúkrunarskólanum. Ef málinu skyldi á næstu mánuðum miða svo hratt áfram, að einhver von væri til þess, að unnt væri að hefja framkvæmdir á árinu 1964, þá skyldi lánsheimildin vera til.

Nú held ég áfram að lesa skýrslu landlæknis, formanns skólanefndar skólans:

12. 9. 1963: formaður las bréf, er hann ritaði menntmrn. 22. júlí 1963 um fjárveitingaþörf til skólans vegna 2. áfanga, áætlaður rúml. 5500 teningsmetrar og kostnaðaráætlun um 11 millj. kr. 15. 11. 1963: arkitektarnir Eiríkur Einarsson og Hörður Björnsson lögðu fram teikningu, er þeir gerðu í samráði við Bárð Ísleifsson og skólastjóra. 12. 11. 1963: rætt um teikningu Eiríks Einarssonar og Harðar Björnssonar og nokkrar aths. gerðar, arkitektunum falið að ganga frá teikningu og gera sem fyrst nákvæma kostnaðaráætlun. Þannig stendur málið, þegar fjárlög fyrir 1964 eru afgreidd. Það kemur greinilega fram í þessari fundargerð 12. 11. 1963, að þá er hvorki teikningu né kostnaðaráætlun lokið. Svo kemur fundur 23. 1. 1964, þ. e. í janúar í fyrra, teikningar samþykktar af skólanefnd og samþykkt að leita samþykkis menntmrn. á þeim. Það er m. ö. o. ekki fyrr en 23. jan. 1964, sem skólanefndin samþykkir teikningarnar. Húsameistara er falið að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur og semja útboðslýsingu. 30. 4. 1964: formaður las bréf, er hann hafði ritað menntmrn. varðandi fjárveitingaþörf 2. áfanga byggingar skólans. Greindi hann jafnframt frá því, að teikningar hefðu verið sendar rn. í marzlok 1964 til staðfestingar. Enn fremur greindi formaður frá viðræðum sínum við rn. o. fl. um öflun fjár til byggingarinnar.

M. ö. o.: menntmrn. fær í marzlok í fyrra teikningar 2. áfanga til staðfestingar frá byggingarnefnd skólans. Og hvernig bregzt rn. við því? Hinn 6. maí 1964 er haldinn sá fundur, sem ég greindi frá um daginn í hjúkrunarskólanum með skólanefndinni og skólastjóranum og rætt um, hvernig á byggingarmálum skólans skuli tekið, eftir að nú liggur teikning og kostnaðaráætlun fyrir. Í maíbyrjun í fyrra má segja, að um tvær leiðir hafi verið að ræða. Það var engin fjárveiting komin inn á fjárlög vegna þess, hve undirbúningurinn hafði verið síðbúinn. En það var lánsheimild í fjárl. Um það var að gera að leita á hinn mjög þrönga lánamarkað og nota lánsheimildina til þess að afla nokkurra millj. kr. lánsfjár og hefja bygginguna sumarið 1964 með nokkurra millj. kr. lánsfé. Hin leiðin var sú að marka stefnuna í byggingarmálunum nú þegar og leitast við að fá í fjárlög fyrir 1965 þá upphæð, sem unnt yrði að byggja fyrir á árinu 1965, og síðan áfram þær fjárhæðir, sem nauðsynlegar væru, til þess að byggingu skólans gæti verið lokið sem allra fyrst. Það var mjög eindregin skoðun mín og skoðun embættismanna menntmrn., að mun skynsamlegra væri að hefja ekki byggingu fyrir fáeinar millj. sumarið 1964 og láta síðan grunn standa óhreyfðan í heilt ár, heldur miða þvert á móti við það að byrja framkvæmdir af fullum krafti á árinu 1965, byggja þá eins hratt og unnt væri á því ári og tryggja nauðsynlegt fé í því skyni. Ég skildi það sem niðurstöðu þess fundar, og það gerðu embættismenn menntmrn. líka, að allir aðilar, sem á fundinum voru, hefðu fallizt á rök mín og embættismanna menntmrn. fyrir því, að síðari leiðin væri vænlegri, og fulltryggt mætti telja, að skólinn yrði ekki fullbúinn síðar, þótt sú leið yrði farin. Þess vegna skoðaði ég það sem niðurstöðu fundarins, að þannig skyldi farið að, og gerði till. í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1965 um þá fjárveitingu, sem byggingarmeistarinn taldi hægt að byggja fyrir árið 1965. Hann taldi hægt að byggja fyrir 7 millj. kr. á því ári. Um þá fjárveitingu var beðið, og hún fékkst. Þess vegna eru 7 millj. kr. til byggingar hjúkrunarskólans í fjárl. fyrir árið 1965. Og ég endurtek og fullyrði, að það hefði að engu leyti hraðað byggingu skólans, þótt byggingin hefði verið hafin sumarið 1964 með nokkurra millj. kr. lánsfé, þar sem ég fullyrði, að skólinn hefði ekki orðið fyrr tilbúinn með því móti, og það er auðvitað mergurinn málsins og það eina, sem skiptir máli. Ég tel því, að með þessu séu tekin af öll tvímæli um það, að ríkisvaldið hefur sýnt byggingarmálum hjúkrunarkvennaskólans þann skilning og þann áhuga, sem eðlilegur var og raunar er ekki sérstaklega þakkarverður. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða og sjálfsagt að sinna því af áhuga og velvild, en þessar upplýsingar taka hins vegar af öll tvímæli um það, að ásakanir um skilningsleysi af hálfu ríkisvaldsins á þessum málum eru algerlega úr lausu lofti gripnar.

Og þá eru hér eftir tvær fundargerðir enn hjá skólanefndinni. Það er fundur 14. 5. 1964: formaður greindi frá viðræðum sínum við menntmrh. og heilbrmrh. um húsnæðisþörf skólans og brýna þörf til úrbóta. Og svo 4. 2. 1965, þ. e. a. s. 4. febr. s. l. Arkitektarnir Eiríkur Einarsson og Hörður Björnsson lögðu fram

staðfestingu byggingarnefndar Reykjavíkur á uppdráttum 2. áfanga skólans svo og verklýsingu. Arkitektunum var falið að semja grg., sem svo yrði send menntmrn. Síðan virðist fundur ekki hafa verið haldinn. En eins og ég skýrði frá í ræðu hér um daginn, sendi skólanefndin hinar endanlegu teikningar af 2. áfanga hjúkrunarskólans til menntmrn. 5. febr. 1965. 10. febr. biður rn. um umsögn fræðslumálastjóra og kostnaðaráætlun húsameistara, sem vantaði. 16. febr. svaraði fræðslumálastjóri, 18. febr. svarar húsameistari og 5. marz s. l., þ. e. a. s. 5. þ. m., staðfesti menntmrn. teikningarnar og skýrði landlækni frá því með bréfi 8. marz s. l., og er þar með fengin fullgild heimild fyrir byggingarnefndina til þess að hefja framkvæmdir og ráðstafa því fé, sem til skólans hefur verið varið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þessa sögu nánar en hér hefur verið gert, þótt að vísu væri full ástæða til þess og mætti svo sem gjarnan gera það. En fyrst svo undarlega vildi til, að hv. 11. þm. Reykv. kaus að þegja um skýrslu, sem hann þó hafði beðið um og fengið um málið, þótti mér rétt, að hv. þm. fengju að kynnast henni. Varðandi þær áskoranir, sem okkur hafa borizt bæði frá læknum og hjúkrunarkonum um að flýta sem mest framkvæmdum í þessu máli, er það að segja, að það mun hafa verið í s. l. mánuði, sem tvær ágætar forustukonur hjúkrunarkvenna komu á minn fund og afhentu mér undirskriftaskjal undirskrifað af u. þ. b. 300 hjúkrunarkonum í landinu. Ég veitti því að vísu athygli, að undirskriftaskjalið var gamalt, og hafði orð á því í léttum tón við þær ágætu hjúkrunarkonur, sem við mig ræddu, að það virtist hafa tekið talsverðan tíma að safna öllum þessum undirskriftum saman. Þær svöruðu því til í jafnléttum tón, að þær væru eflaust til annarra starfa betur fallnar en þeirra að standa í slíkum undirskriftasöfnunum og þess vegna hefði þetta dregizt eitthvað lengur en eflaust hefði verið ástæða til og hefði þurft að vera. Ég man ekki betur en ein af skýringunum, sem ég hef fengið hjá þessum ágætu forustukonum samtakanna, hafi verið sú á því, að hraðinn hefði þó ekki verið meiri en þessi, að þeim hefði verið kunnugt um, hvað hefði verið að gerast í málinu, og ég varð ekki var við annað en þessar forustukonur hjúkrunarkvenna hefðu fullan skilning á því og mætu það að verðleikum, að ríkisstj. hefði sýnt hjúkrunarkvennaskólanum þann áhuga að tryggja hærri fjárveitingu til hans á fjárl. 1965 en til nokkurs annars skóla, sem í byggingu er. Þetta var þeim algerlega ljóst, a. m. k. þegar þær ræddu við mig, og ég efast ekki um, að sú skoðun þeirra er alveg óbreytt, að þetta hafi verið myndarleg ráðstöfun hjá ríkisstj.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í það að ræða um hjúkrunarkvennaskólann, því að hann hefur komið hér óvart inn í þessar umr., en vil þó út af ræðu hæstv. menntmrh. segja það, að það situr hvorki á honum né öðrum að telja, að Framsfl. hafi staðið illa á verði í þessu máli, því að hjúkrunarkvennaskólinn mun hafa verið byggður á árunum frá 1950—1956, þegar Framsfl. fór með stjórnina í landinu undir forsæti Steingríms Steinþórssonar á fyrra tímabilinu og sat í stjórn öll þau ár. Ég held, að það hafi ekki verið gert myndarlegra átak í heilbrigðismálunum heldur en landsspítalabyggingin 1930, og Framsfl. fór þá með ríkisstj.

Út af ræðu hæstv. forsrh., sem hann flutti hér í dag, vil ég segja það, að ég tel mig ekki hafa sagt hér í þingræðu, að hæstv. ráðh. gerðu eitt eða neitt af illvilja, og ég held, að það megi leita í öllum mínum þingræðum, að þau orð er hvergi að finna. Ég ætla hvorki hæstv. ráðh. né hv. þm., að þeir leysi mál af illvilja. Hitt vil ég segja, að hæstv. forsrh. þarf ekkert að undra, þó að við framsóknarmenn gagnrýnum það, sem mistekizt hefur hjá hæstv. ríkisstj., því að svo oft hafa þeir hv. sjálfstæðismenn og stjórnarsinnar yfirleitt gagnrýnt það, sem þeir töldu hafa mistekizt hjá stjórnum okkar flokks. Þess vegna verða þeir eins og aðrir að þola slíka gagnrýni og ástæðulaust að biðjast undan því.

Það virðist hafa komið illa við hæstv. forsrh., að ég og hv. 1. þm. Austf. skyldum fara að vitna í samherja hans. Ég taldi það hins vegar afskaplega sanngjarnt að vitna til samherja hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna, þegar ég benti á það, sem þeir hefðu sagt um afkomu útgerðarinnar undir stjórn núv. hæstv. ríkisstj. En hæstv. ráðh. taldi slíkt ekki hafa verið neitt ágæti eða a. m. k. mjög hæpið og taldi, að við værum með því að hygla hinum ríku. En ég vil um þetta segja: fyrst þeir vitna svo í hin grænu tré, hvað þá um hin? En til viðbótar þessu um afkomu útgerðarinnar, sem upplýst var í ræðu Einars Sigurðssonar hins ríka og Morgunblaðsgrein Haralds Böðvarssonar, sem birt er í aðalblaði stjórnarinnar athugasemdalaust, vil ég geta þess, að hér fengum við hv. þm. skýrslu í gær um greiðslur ríkisábyrgðasjóðs árið 1964. Hvað segir þessi skýrsla? Hún segir það, að vegna sjávarútvegsins hafi verið greiddar ríkisábyrgðir milli 60 og 70 millj. kr. á árinu sem leið. En ég vil benda á það, að á árinu 1957 og 1958, sem hér er verið að vitna til oft, var ekki greitt vegna fiskiðjuveranna nema innan við 2 millj. kr. hvort árið. En á árinu 1965 eru þetta 16.4 millj. kr. vegna frystihúsanna. Er þetta vegna þess, að afkoma fiskiðjuveranna sé svo miklu betri nú en hún var 1957—1958? Ef svo er, því er hæstv. ríkisstj. að greiða milljónatugi fyrir útgerðina, sem hefur hina beztu afkomu? Og ef afkoman er svo góð hjá útveginum, hvers vegna er þá verið að koma nú með uppbótakerfið ár eftir ár, sem hæstv. ríkisstj. lýsti þó yfir í upphafi sinnar tilveru að væri það, sem bæri að forðast? Hér skýtur því skökku við, og mér er nær að halda, að vitnisburður útgerðarmannanna tveggja, sem hefur verið vitnað til, og skýrsla þessi segi nokkuð, hvernig er að gera út á viðreisnartímum.

Hæstv. forsrh. talaði um það í dag, að það færi lítið fyrir sparnaðartill. okkar framsóknarmanna í sambandi við afgreiðslu fjárl. og hér á hv. Alþ. Í því sambandi vil ég segja það, að á fyrstu árum núverandi stjórnarsamstarfs lögðum við fram við afgreiðslu fjárl. sparnaðartill., m. a. um að leggja niður eða draga saman sendiráðin á Norðurlöndum. Við tókum þar upp till., sem hæstv. núv. utanrrh. hafði lýst yfir sem fjmrh. 1959 að ætti að framkvæma. Stjórnarliðið felldi þetta og aðrar þær sparnaðartill., sem við höfum flutt. Við höfum lýst því yfir í nál. okkar við fjárlagaafgreiðsluna, að við flyttum ekki sparnaðartill. vegna þess að við værum búnir að reyna á sparnaðarvilja núv. þingmeirihl., og svo hins, að á hverju ári hefur hæstv. ríkisstj. ætlað sér svo ríflegar tekjur, að hún hefur haft hundruð millj. í greiðsluafgang. Þess vegna voru till. til þess að draga úr útgjöldum aðeins til þess að gefa hæstv. ríkisstj. rýmra um hendur til þess að ráðstafa fénu, án þess að Alþ. segði sitt um. Þetta var það, sem við kærðum okkur ekki um.

Þær tölur, sem hæstv. forsrh. fór hér með í sambandi við till. okkar til hækkunar, voru svo algerlega út í bláinn, að ég er alveg hissa, að hann skyldi finna mann, sem gat lagt þannig saman. Hins vegar sýndum við fram á, að við fjárlagaafgreiðsluna síðustu breyttu hv. núv. stjórnarliðar tekjuáætluninni sem nam 180 millj. kr. á tveimur dögum. Það var hærri fjárhæð en útgjaldatill. okkar í stjórnarandstöðunni, sem fluttar voru af minni hl. fjvn. En svo vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hefur orðið úr heildarendurskoðun fjárl. með sparnað fyrir augum, er hér var yfirlýst á hv. Alþ. við valdatöku núv. valdhafa? Hvað hefur orðið úr 59 tölusettu sparnaðarfyrirheitunum, sem voru gefin í fjárlagaræðum tveggja fyrstu áranna af meiri hl. fjvn.? Hæstv. forsrh. og ríkisstj. ætti að leita að framkvæmdum á einhverjum af þeim atriðum, áður en hún fer að biðja stjórnarandstöðuna um sparnaðartill. Framkvæmdin á þessum fyrirheitum fyrirfinnst ekki, eins og mun koma í ljós, ef að er gáð.

Hæstv. forsrh. sagði réttilega, að það er tvennt, sem hefur haft veruleg áhrif á hækkun fjárl. Það eru annars vegar niðurgreiðslurnar og hins vegar tryggingarnar. En hvað segir hækkun þessara tveggja liða? Hún segir fyrst og fremst söguna um þá dýrtíðaraukningu, sem hefur orðið hjá núv. hæstv. valdhöfum. Hún segir söguna um það, að valdhafarnir, sem tóku höndum saman til þess að stöðva dýrtíðina í landinu, verði að bæta á hundruðum millj. eftir hundruð millj. til þess að reyna að veita dýrtíðinni eitthvert viðnám. Þessi ummæli í ræðu hæstv. forsrh. staðfesta það, sem við höfum haldið fram við fjárlagaafgreiðsluna, að það væri eyðsla, dýrtíð, sem væri undirstaðan í fjárlagaafgreiðslunni eða einkennið á henni. Og þetta er alveg rétt, þessir tveir liðir eru fyrst og fremst sönnunin fyrir því.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um búvöruverðið og áhrif þess á niðurgreiðslurnar, vil ég spyrja: Var það kannske hugsun hæstv. forsrh., að bændurnir í landinu ættu að sitja eftir með sitt verðlag? Ef svo átti ekki að vera, leiddi það af sjálfu sér, að verðlag búvara varð að hækka vegna þeirrar dýrtíðaraukningar, sem átt hefur sér stað á s. l. ári og árinu þar áður.

Út af útflutningsuppbótunum vil ég einnig segja það, að það varð að samkomulagi milli hæstv. ríkisstj., þeirrar sem nú situr, og Stéttarsambands bænda 1960 að breyta framleiðsluráðslögunum þannig, að ríkissjóður greiddi útflutningsuppbætur á búvörur gegn því, að það væri ekki lagt á innanlandsverðið, eins og áður hafði verið, mismunurinn á útflutningi og innanlandssölunni. Það var áður í lögum, og um það gekk dómur, og þessu var breytt í lögunum, og þá voru útflutningsuppbæturnar teknar.

Út af þeim samanburði, sem hæstv. forsrh. gerði hér á fjárl. 1958 og fjárl. nú, vil ég nú segja það, þar sem hann vitnaði til ræðu minnar, að þar sem ég vék að fjárl. 1958 í ræðu minni hér á þriðjudaginn, gerði ég samanburð á því, sem ég kallaði eyðslu þá og í fjárl. nú. Að öðru leyti vitnaði ég ekki til þeirra fjárl. En ég vil segja það, að það verður ekki hægt að komast frá þeim samanburði án þess að líta á heildarútgjöld fjárl., eins og hæstv. forsrh. vildi þó vera láta. Fjárl. hafa nú á þessum árum meira en fjórfaldazt eða nærri því fimmfaldazt, ef gerður er hliðstæður samanburður, og það þarf því engan að undra, þótt þess vegna væri nokkru hærra til verklegra framkvæmda nú en var 1958. En ef á að gera samanburð eins og hæstv. forsrh. gerði hér áðan og ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér, þá á að horfa til baka, þá eigum við að bera okkur saman við liðna tímann, en ekki horfa fram á við.

Eins og hv. 5. þm. Reykv. benti hér réttilega á áðan, verðum við að miða okkar uppbyggingu við framtíðina, en ekki við fortíðina. Hver gerir nú sömu kröfur til menntunar og gerðar voru hér, þegar fræðslulögin voru sett 1946? Ef við gerum ekki meiri kröfur nú en við gerðum þá, göngum við aftur á bak. Það eru alltaf vaxandi kröfur frá fólkinu í landinu um nýja skóla. Ég sýndi fram á það, að ríkið hefði þurft að leggja 40 millj. í nýja skóla, barna- og unglingaskóla í landinu, til þess að fullnægt væri því, sem fólkið eða skólahéruðin fóru fram á um byggingu barna- og gagnfræðaskóla. En það verða 11 millj. til þessara framkvæmda á árinu 1965. Við göngum ekki götuna fram á veg, ef við tökum þá stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert, að skera niður fé til skólamálanna. Við göngum þá ekki götuna fram á veg til vísinda og tækni, ef við ætlum að skera niður fé til þessara framkvæmda. Og við göngum ekki götuna fram á veg í heilbrigðismálunum, ef við ætlum nú að skera niður fjárveitingar til þessara fram-

kvæmda þar og segja: Það er þó til, að það hafi ekki verið betur gert en nú. — Og þannig er það, að kröfur tímans hafa breytzt. T. d. veiðitæknin á sviði sjávarútvegsins, hin nýja tækni í síldveiðunum, hefur kallað á stærri skip en áður var. Stærri skip kalla á nýjar hafnir og stærri. Þess vegna verðum við að miða uppbygginguna í landinu við framtíðina, en ekki við fortíðina. Og við getum ekki heldur gert ráð fyrir því, að við getum haft sömu vegi í landinu nú og þegar bílarnir voru 10—15 þús., þegar við gerum ráð fyrir, að þeir verði milli 40 og 50 þús. á árinu 1970. Við getum ekki heldur reiknað með því, að fólkið í landinu sætti sig við, að það fái ekki meiri framkvæmdir í vegamálum nú en þegar ríkissjóður hafði 30—40 millj. kr. í tekjur af benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi, eins og hann hafði 1958, þegar nú eru komnar tekjur yfir 200 millj., vegna þess að við höfum lagt á nýja skatta, ekki til þess að úr framkvæmdunum yrði dregið, heldur framkvæmdunum yrði hraðað. Okkur er ljóst, að við eigum mikið af óleystum verkefnum og við verðum að horfa til framtíðarinnar, en þessi aðgerð hæstv. ríkisstj. að skera niður fé til þeirra framkvæmda, sem sízt mega bíða, er að horfa aftur á bak.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki tefja þessar umr. með löngu máli, því að sannast að segja hef ég ekki sérstaklega ríka ástæðu til þess að svara mjög því, sem fram er komið, þar sem það hefur lítið snert kjarna þessa máls og engu verið haggað af því, sem ég benti á í minni fyrri ræðu. En þó vildi ég víkja hér aðeins örfáum orðum að ræðu hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. var í dag að senda Haraldi Böðvarssyni tóninn, en þóttist vera að tala við framsóknarmenn. Hann gerði okkur upp orðin á ýmsan hátt, hvað við hefðum sagt, og svaraði því svo þannig, að það var auðheyrt, hvert þeim sendingum var ætlað að fara. Í því sambandi varð honum nokkuð fjölyrt um, að hann hefði ekki heyrt það enn þá, að Haraldur Böðvarsson hefði sagt sig til sveitar. Ég hef ekki heldur heyrt það. En mér finnst hæstv. forsrh. setja markið nokkuð lágt, ef hann telur allt í sæmilegu lagi, meðan hann hefur ekki frétt, að Haraldur Böðvarsson hafi sagt sig til sveitar. Hygg ég, að þá muni hans stefna hafa þjarmað að æðimörgum illyrmislega, þegar Haraldur Böðvarsson verður að grípa til þess.

En svo að maður sleppi nú slíkum málflutningi eða að ræða hann, þá vil ég minna á, hvað það var, sem var aðalatriðið í því, sem við vitnuðum til frá Haraldi Böðvarssyni, en það var þetta: Hann sagði, að helzta úrræðið í sjávarútveginum til að sleppa undan hinum slæmu búsifjum stjórnarstefnunnar eða þróun málanna undanfarið væri að auka vinnuhagræðingu og tækni með nýtízku vélum. Síðan sagði Haraldur Böðvarsson, að þessar vélar kostuðu mikið fé og af þeim yrði að greiða mjög há tolla. Og loks sagði hann orðrétt: „Hvar fæst lán til kaupa á þessum nauðsynlegu vélum? Mér vitanlega hvergi, þótt sannanlegt sé, að slíkar vélar spara mikið vinnuafl og borga sig á tiltölulega stuttum tíma, þar sem næg verkefni eru fyrir hendi.“

Þetta stangast alveg á við það, sem hæstv. forsrh. hélt fram, því að hann hélt því fram, að í þessum efnum væri allt í lagi. En það er mergurinn málsins, að í þessum efnum er allt í ólagi, því að það er ekki hægt að fá lán til að kaupa vinnusparandi vélar, eins og Haraldur Böðvarsson segir, og þarna er um einn meginkjarnann í stefnu stjórnarinnar að ræða, því að hún hefur hugsað sér að draga úr því, sem hún kallar ofþenslu, með því að klípa lánveitingar við nögl. Þá verkar þetta eins og Haraldur Böðvarsson segir frá, og fram hjá þessu er ekki hægt að komast með léttúðugu tali um, að þessir miklu stólpar hafi ekki enn þá sagt sig til sveitar. Hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en svo, að hægt sé að afgreiða það þannig. Hæstv. ráðh. ætti að taka þessi mál alvarlegar og reyna að setja sig inn í það, hvar skórinn kreppir, og bæta úr því í stað þess að ræða þessi alvarlegu efni í svo léttúðugum tón.

Þá kom það mjög greinilega fram hjá hæstv. ráðh., í fasi hans og tali raunar, að það er mjög farið að snerta hinar fínu taugar hans, hve hæstv. ríkisstj. neyðist til þess að taka sífellt fleira og fleira til greina af því, sem framsóknarmenn hafa lagt til á undanförnum árum. Hann segir, að þeir, sem völdin hafa, taki ákvarðanirnar. Það er auðvitað sjálfsagt að bera sig mannalega og láta svo í lengstu lög sem menn þurfi ekki að taka tillit til neins. En sannleikurinn í þessu máli er sá, að hæstv. ríkisstj. hefur orðið að láta undan, eins og mannýgt naut, má segja í ýmsum dæmum, t. d. í vaxtamálinu, hefur orðið að hopa á hæli og taka tillit til þess, sem Framsfl. hefur haldið fram, vegna þess að Framsfl. hefur haft almenningsálitið með sér og haft rétt að mæla. Þannig hefur það verið í vaxtamálinu, þar sem vextir hafa verið lækkaðir þrívegis og það tvívegis, rétt eftir að búið var að lýsa því yfir, að tillögur framsóknarmanna væru ábyrgðarlausar. Þá komu ótætis staðreyndirnar til liðs við framsóknarmenn, og stjórnin neyddist til að láta undan síga.

Hæstv. forsrh. var mjög að afsaka, að það skyldi ekki alltaf hafa verið hægt að komast hjá því að gera það, sem framsóknarmenn hefðu lagt til. Það bar vist að skilja þetta svo, að hæstv. forsrh. og hans menn hefðu í lengstu lög reynt að komast hjá því að taka það til greina.

Ekki finnst mér þessi málflutningur hæstv. forsrh. bera vott um mikið víðsýni eða vinnubrögð, sem líkleg séu til þess að bera góðan árangur, því að ég held, að það sé mjög óviturlegt af stjórnarvöldunum að meta tillögur og uppástungur, frv. og ályktanir eftir því, hvaðan þetta kemur. Ég held, að það væri miklu betra, að hæstv. ríkisstj. temdi sér að meta till. eftir

innihaldi þeirra og hversu þær muni geta dugað, en ekki eftir því, hvaðan þær koma. Ég held, að forsrh. þurfi þess vegna ekkert að vera að eyða tíma sínum í að afsaka það fyrir þjóðinni, þótt hann hafi tekið upp till., sem framsóknarmenn hafa áður flutt, það sé honum ekki til neinnar vansæmdar. Hitt held ég, að væri rétt fyrir hæstv. forsrh., að breyta til um vinnubrögð í þessu efni nokkuð, því að ofstæki af þessu tagi, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., sómir sér ekki vel í forsætisráðherrasætinu.

Ég vil líka í fullri vinsemd benda hæstv. forsrh. á, að hann gæti mikið lært af okkur í stjórnarandstöðunni í þessum efnum. Við höfum þann sið yfirleitt að taka tillit til málanna eftir innihaldi þeirra. Við samþykkjum t. d. mörg mál, er koma frá hæstv. ríkisstj. Við metum málin eftir innihaldinu, en ekki því, hvaðan þau koma. En þeir hafa aftur á móti tamið sér hin óábyrgu vinnubrögð að fella öll mál, sem koma frá stjórnarandstæðingum, gjörsamlega án tillits til þess, hvað í þeim er, taka að vísu upp síðar heilmikið úr þessum málum og láta sem það sé frá sér og færa svo fram afsakanir eftir á. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. gæti mikið lært af okkur í stjórnarandstöðunni um ábyrg vinnubrögð í þessu tilliti og ætti að breyta til og sníða sín störf meira eftir því, sem við gerum. Við tökum sem sé algjörlega afstöðu til málanna, sem koma frá stjórninni, eftir innihaldinu og látum það ekki standa í vegi fyrir stuðningi okkar við mál, þó að þau komi frá ríkisstj. Mér finnst þessi vinnuaðferð okkar miklu ábyrgari en vinnuaðferð hæstv. ríkisstj. Þetta vil ég benda hæstv. forsrh. í allri vinsemd.

Ég sagði, að það hefði verið tekið eins og hver annar góður brandari, að vextirnir hafi verið lækkaðir um áramótin vegna aukins jafnvægis í peningamálum. Ekki vildi hæstv. forsrh. telja þetta réttmætt. Hann sagði, að það hefði verið hægt að sjá, að jafnvægi hefði aukizt og ástæða hefði verið til vaxtalækkunar, á því, að útlán hefðu vaxið eitthvað minna en innlánin. Ég sé ekki, hvaða samband er þarna á milli, nema útlánin hafi minnkað vegna þess, að eftirspurnin eftir lánum væri minni en áður. Það er það, sem átt er við, þegar talað er um jafnvægi í lánamálum. En svo var alls ekki. Eftirspurnin eftir lánum hafði stóraukizt, en það var bara lánaskömmtunin, sem hafði verið hert. Það var af þeirri ástæðu einni saman, sem útlán höfðu vaxið minna en innlán, og þess vegna hlógu allir, þegar sú ástæða var borin fram fyrir vaxtalækkuninni, að jafnvægi í peningamálum hefði aukizt. Það vissu sem sé allir, að ástæðan var ekki sú, heldur einfaldlega hin, að hæstv. ríkisstj. hafði rétt einu sinni rekið sig á vegginn og ekki var hægt að koma saman framleiðsludæminu, t. d. hjá sjávarútveginum, nema með því að lækka vextina, á sinn hátt eins og ekki var hægt að koma saman íbúðadæminu í júní nema lækka vextina. Þannig halda menn áfram að reka sig á staðreyndirnar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að menn skyldu engar áhyggjur hafa af því, — hann sagði það ekki orðrétt svona, en efnislega var það þetta, sem hann sagði, — þó að verklegar framkvæmdir væru skornar niður frá því, sem fyrirhugað var á fjárl., eða vera neitt að fjargviðrast út af því, því að þær mundu verða meiri raunverulega eftir niðurskurðinn en þær voru 1958. Var hann með nokkrar tölur í þessu sambandi. Þessar tölur hef ég enga aðstöðu til að meta, en ég vil ekki álíta, að efnahagsstofnun hæstv. ráðh. gefi út rangar tölur í þessu tilliti. Hitt er svo annað mál, að ég efast um, að slíkar tölur, með þeim vísitölum, sem notaðar eru til þess að finna þær út, gefi nokkra raunverulega hugmynd um magn verklegra framkvæmda 1958 annars vegar og hins vegar það, sem fyrirhugað er að gera í sumar eftir niðurskurðinn. En þetta læt ég alveg lönd og leið. Ég vil þess í stað benda á, að í raun og veru skiptir það engu höfuðmáli í þessu sambandi, hvernig samanburðurinn við 1958 kemur út. Allur búskapur Íslendinga verður að vera á fleygiferð fram á við. Mundi hæstv. forsrh. t. d. telja það viðunandi, að Íslendingar hefðu jafnstór fiskiskip og þeir höfðu 1958 og búin að tækjum eins og þau voru 1958, og þannig mætti endalaust telja? Miðar hann allt við, að þjóðin standi í stað og engar framfarir verði á neinu sviði og engin aukning í neinum efnum?

Eins og hv. 3. þm. Vesturl. (HS) benti hér á áðan, verður alltaf að miða við, að framfarir verða að vera í opinberum framkvæmdum eins og í tækninni, ef við eigum ekki að dragast aftur úr og verða ósambærilegir við alla aðra. Þess vegna er það ekki samanburðurinn við 1958, sem skiptir hér máli. Það er ekki heppilegt að snúa andlitinu aftur í þessu sambandi. Það er miklu heppilegra að snúa því fram og reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig hinar verklegu framkvæmdir, sem á að skera niður, eru samanborið við þörfina nú, miðað við þær kringumstæður, sem við nú búum við, miðað t. d. við þarfir framleiðslunnar fyrir framkvæmdir hins opinbera og þjónustuna henni til stuðnings, miðað við þær eðlilegu kröfur, sem nú í dag verður að gera til fræðslukerfisins t. d. o. s. frv. Svona samanburður við 1958 hefur ekki hina minnstu þýðingu og ekkert gildi. Hann er það, sem kallað er, algerlega út í hött, en á hinn bóginn ber hann vott um, að þeir, sem þannig tala, eru ekki líklegir til þess að geta fylgt þróuninni eftir, hvað þá náð sér fram úr, eins og vera þyrfti um forustumenn.

Hæstv. ráðh. kom hér víða við í dag og sumt voru algerlega óskyld efni, m. a. þegar hann var að útlista fjárl. og annað þess konar, skýra það, hvers vegna verklegar framkvæmdir hlytu að fá alltaf minna og minna af skatt- og tolltekjunum. En það er raunar alveg furðuleg kenning, að það skuli þykja gott, að sífellt fari minna af álögunum í verklegar framkvæmdir. Slíkt er þó auðvitað fullkomið alvörumál, en það hefur verið rætt ýtarlega af öðrum, og fer ég ekki út í það.

Í þessu sambandi kom einu sinni enn kapítuli um alþýðutryggingarnar, og var hæstv. ráðh. að senda framsóknarmönnum smásendingar. Ein var í því fólgin að minnast löggjafarinnar frá 1946, og sagði hann, að Framsóknarflokksmenn hefðu streitzt þar á móti með því að sitja hjá. Það er undarleg aðferð við að streitast á móti að sitja hjá, það verð ég að segja. Framsfl. streittist ekki neitt á móti. Hann sat hjá vegna þess, að einn veigamesti kaflinn í frv. 1946 var um skipulagsbreytingu, sem flokkurinn var mótfallinn, en ýmis önnur atriði voru í frv., sem flokkurinn var meðmæltur, svo að það ráð var tekið að sitja hjá og gerð grein fyrir því. En þessi kafli, sem flokkurinn var mótfallinn, var þannig vaxinn, að hann var aldrei framkvæmdur. Hann reyndist ekki betur en það í löggjöfinni. Síðan er þessi alveg eðlilega og málefnalega afstaða sífellt notuð til þess að kasta slettum í Framsfl. Og síðasta formúlan, sem hæstv. ráðh. hefur fundið upp varðandi þetta, er sú, að framsóknarmenn hafi streitzt á móti með því að sitja hjá. Ég vil í þessu sambandi minna hæstv. ráðh. á, að það hefur komið fyrir, að menn hafi streitzt á móti alþýðutryggingum, þó að það hafi ekki komið fyrir Framsfl. Það hefur komið fyrir Sjálfstfl., því að hér var háð hin harðasta barátta við Sjálfstfl., þegar tryggingarnar voru innleiddar fyrst að nokkru ráði á árunum 1934—37. Þá var það, sem Alþfl. og Framsfl. háðu harða baráttu við Sjálfstfl. til þess að koma alþýðutryggingunum á. Mér vitanlega hafa engir hér á landi streitzt á móti tryggingum nema flokkur hæstv. ráðh.

Fleira sérkennilegt sagði hæstv. ráðh., sem er kannske ekki ástæða til að vera að eltast við, en það tekur enga stund að minnast á það. Hann sagði, að það væri ljótt af framsóknarmönnum að deila á ríkisstj. fyrir að innleiða söluskattinn nú síðast, því að hann hefði verið innleiddur til þess að koma í veg fyrir, að bændur yrðu óvinsælir. Þetta var efnið í því, sem hæstv. forsrh. sagði um þennan þátt. Jæja! Það er þá trúlegt, að þeir hafi staðið í þessu til þess að koma í veg fyrir, að bændur yrðu óvinsælir í kaupstöðunum. Hefði ekki verið miklu hreinlegra fyrir hæstv. ráðh. að viðurkenna það, sem allir vita, að auðvitað voru þeir að þessu öllu saman til þess að reyna að halda niðri framleiðslukostnaðinum? Það er til þess, sem þetta er gert, ekki til þess að kaupa bændum vinsældir í kaupstöðum. Ég er alveg hissa, að hæstv. ráðh. skuli þykja svona málflutningur vænlegur, nema þetta eigi að skoðast sem spaug. Það getur vel verið, að þetta eigi að skoðast sem spaug, og þá hefur þetta sitt gildi, en ekkert að öðru leyti. Þetta dettur engum í hug að taka alvarlega. En auðvitað hefur hæstv. forsrh. leyfi til að gera að gamni sínu eins og aðrir menn.

Nei, við skulum vera alveg hreinskilnir í þessu og horfast í augu við, að bændur voru neyddir til þess að hækka verðið á landbúnaðarvörunum vegna þess dýrtíðarflóðs, sem stjórnarstefnan hafði haft í för með sér. Þá kom að því, því að þetta er ein hringavitleysa allt saman, sem stjórnin hefur komið af stað, að framleiðslukostnaðurinn mundi verða allt of hár, því að kaupið þurfti að hækka mikið. Þá var reynt að draga úr því með því að innleiða söluskatt og halda niðri framleiðslukostnaðinum með því að láta ekki alla hækkunina koma inn í kaupgjaldið. Þetta á ekkert skylt við málefni bænda, en það er dálítið skemmtilegt, að hæstv. ráðh. skuli vera farinn að gera að gamni sínu á þennan hátt.

Hæstv. ráðh. sagði, að menn ættu ekki að tala svona út í hött eins og framsóknarmenn gera, heldur ættu menn að tala skynsamlega um verðbólguna og annað, sem stendur í sambandi við hana. Þetta var efnið í einum kaflanum í ræðu hæstv. ráðh. Við höfum nú verið að reyna að benda á ýmsa meginþætti í því, hvernig farið hefur. En út af þessu vil ég spyrja: Hvarflar það aldrei að hæstv. forsrh., að eitthvað sé bogið við aðgerðir þeirra í þessum efnum? Átti þetta að verða svona, eins og það er orðið? Ég held ekki. Ég held, að það hafi ekki verið ætlunin, að þetta yrði svona. En nú hefur allt farið ferlega í hnút. Ég mundi því kalla, að það væru skynsamlegar umræður um verðbólguna, ef hæstv. forsrh. notaði tíma sinn til að ræða um, hvaða aðrar aðferðir væru hugsanlegar en þær, sem hann hefur viðhaft og hafa leitt út í þetta. Það mundi ég kalla skynsamlegar umræður um verðbólguna. En það er þetta, sem við framsóknarmenn erum sífellt að reyna að benda á. En forsrh. ber höfðinu við steininn og fer út í aðra sálma, þegar kemur að kjarna málanna, slær út í skens og gamanmál, sem út af fyrir sig getur átt rétt á sér, en hefur auðvitað ekkert gildi, þegar um þessi alvarlegu efni er að ræða og komast þarf að niðurstöðu um nauðsynlegar breytingar á stefnunni.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta, sem hér hefur komið fram. En ég vil að lokum vekja athygli á því, að það stendur allt óhaggað, sem hér var dregið fram í upphafi um meginefni málsins, þ. e. a. s. þá yfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið um það, að hún ætli að skera niður verklegar framkvæmdir um 20%. Meginefni málsins er, að nú eiga opinberar framkvæmdir að víkja, það á að lækka þær um 20%, en engum öðrum framkvæmdum í landinu á að fresta. Eins og ég sagði og stendur óhrakið, eru opinberar framkvæmdir settar með þessu í úrkastsflokkinn. Það hefði verið miklu eðlilegra, að þessar umr. hefðu snúizt um þennan kjarna málsins en um ýmislegt af því, sem hæstv. forsrh. fjallaði um í dag og til þess eins var sagt að leiða athygli frá þessum aðalkjarna málsins.

Þessa stefnu, að setja opinberar framkvæmdir í úrkastsflokkinn, teljum við ranga og hættulega. Jafnvel þótt hæstv. forsrh. kynni að geta sýnt fram á, að þær yrðu eitthvað meiri nú í krónutölu en þær voru 1958, þá verða þær allt of litlar, miðað við brýnustu þarfir. Við sjáum þetta t. d. á hafnarmannvirkjunum, þar sem ekki verður veitt hærri fjárhæð en 560

þús. kr. í nokkra hafnargerð, hversu stórfelld sem hún er, og annað þar fram eftir götunum. Það verður hættulegur afturkippur miðað við verkefnin, sem þarf að leysa vegna þeirra hraðfara breytinga, sem verða að eiga sér stað í þjóðfélaginu. Ekkert vinnst með því að snúa andlitinu aftur. Menn verða að snúa því fram.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en mér finnst, að ég þurfi að leiðrétta allmikla missögn, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hér í dag og snertir mál, sem ég er flm. að. Hann var að ræða um þær hækkanir, sem framsóknarmenn hefðu flutt till. um við fjárl., og með ýmsum tillöguflutningi hér á hæstv. Alþingi vildu þeir auka mjög útgjöld ríkissjóðs. M. a. sagði hæstv. forsrh., að framsóknarmenn legðu til að bæta við 60 nýjum ríkisstarfsmönnum við kvikmyndasýningar í sveitum, og gat þess, að hann hefði heimildina fyrir þessu úr ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP). Nú neita ég því ekki eða skal ekkert tortryggja það, að þetta sé rétt eftir haft, að þessi hv. þm., Björn Pálsson, kunni að hafa sagt þetta, því að mér var bent á það, þó að ég heyrði það ekki sjálfur, að í dag hefði hann sagt, að þessir nýju opinberu starfsmenn við kvikmyndasýningar í sveitum ættu að verða 100. En þeim hefur þá fjölgað á tveimur dögum um 40, — þ. e. a. s. ef barnaverndarlögin verða sett. Já, mun rétt vera þannig. Nú þykir mér mjög leiðinlegt, að jafnmætur hv. þm. og 5. þm. Norðurl. v. er skuli hafa farið með svona fjarstæður, en eins og hv. þm. ættu að vita og ekki síður hæstv. forsrh. en aðrir, er ekki minnzt á það einu einasta orði í till. okkar um kvikmyndasýningar í sveitum, hvorki till. sjálfri, grg. með till. né í framsöguræðu minni, að það eigi að setja einn einasta ríkisstarfsmann í sveitum til kvikmyndasýninga. Það er fjarri því. Það er ekki nokkur stafur fyrir því öllu saman, sem hæstv. forsrh. er að hafa eftir hv. þm. Birni Pálssyni. En veit þá hæstv. forsrh., að þetta er vitleysa, eða veit hann það ekki? Heldur hann, að þetta sé kannske rétt?

Ég hef enga hugmynd um það, hvernig á þessu getur staðið, að hv. 5. þm. Norðurl. v. kemur með þennan rakalausa uppspuna, en þó dettur mér í hug skýring á því. Hann getur ekki haft þessar upplýsingar úr till., sem við fluttum um kvikmyndasýningarnar, ekki úr grg., ekki úr framsöguræðunni, hann hlýtur að hafa fengið þetta frá einhverjum öðrum. Hann gat ekkert fengið frá flm. annað en það, sem hann sagði um málið. Það tala aðrir oftar saman, og það eru hæstv. forsrh. og hv. þm. Björn Pálsson. Og mér dettur í hug, af því að þeim fellur mjög vel saman og það elskar hver sér líkt, að hv. þm. hafi fengið þessa vitneskju frá hæstv. ráðh., og þá sé ég alveg, hvernig botninn í öllu saman er. Það er alveg eins og sagt var um Dýrleif á Parti. Það var norðlenzkur maður, sem var gjarn á að segja lygasögur, og einu sinni þegar hann var að segja eina þeirra og fólk trúði honum ekki, þá var hann spurður um heimildirnar, og þá svaraði maðurinn: „Dýrleif á Parti sagði mér, en ég hafði áður sagt henni.“ Og er ekki þarna komin heimildin fyrir því, hvaðan hv. þm. Björn Pálsson hefur þessar fregnir um 60 eða 100 opinberu starfsmennina? Ég held, að það sé varla mörgum blöðum um það að fletta, að þannig muni þetta vera.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú hlustað á þessar umr. í tvo daga með mikilli athygli, og þær eru og hafa orðið þeim mun furðulegri, eftir því sem lengra hefur liðið á, og allra furðulegastar nú hjá hv. 3. þm. Vestf. (**Gripið fram í:** Já, og forsrh.) Þegar ég flutti þetta frv., var öllum hv. þm. ljóst, að hér var um að ræða frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og í frv. er ekkert annað en ákvæði, sem snerta afkomu sjávarútvegsins og ráðstafanir til aðstoðar honum. Eigi að síður hafa þessar umr. nú í tvo daga ekki snúizt um þetta, heldur um allt aðra hluti eins og t. d. meiri hluta fundartímans í dag, þar sem umr. snerust um stofnun hjúkrunarskóla, af hvaða ástæðu sem það nú hefur verið. En það lítið sem sagt hefur verið um frv. sjálft, hefur flestallt og ég held nærri allt verið jákvætt, og hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa lýst sig samþykka frv., og er ég þeim út af fyrir sig þakklátur fyrir það. Þó hafa komið fram einstaka atriði í sambandi við frv. sjálft, sem ég finn ástæðu til að segja um nokkur orð, áður en þessum umr. lýkur.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) taldi, að í fyrra eða fyrir áramótin hefðu verið gefnar upplýsingar um það, að til nýrra niðurgreiðslna til sjávarútvegsins mundi ekki þurfa að koma. Þetta er að vissu leyti rétt. Það var ekki talið fyrir áramótin, að óbreyttu ástandi og að óbreyttu fiskverði, að þá mundi þurfa til neinna nýrra ráðstafana að koma. Árið 1964 var sjávarútveginum veittur tvenns konar styrkur. Annars vegar voru veittar 43 millj. kr. til vinnuhagræðingar í frystihúsum og til kaupa á ýmsum tækjum í því sambandi. Í öðru lagi var veitt 6% uppbót á fiskverðið til þess að mæta óskum sjómanna í þessu sambandi. Þessi vinnuhagræðing, sem komið hefur verið á hjá frystihúsunum, hefur svo orðið til þess m. a., ásamt með þeim verðhækkunum, sem hafa orðið á útfluttum sjávarafurðum, að við ákvörðun fiskverðsins nú um áramótin var talið, að fiskvinnslustöðvarnar mundu geta tekið á sig þann aukna kostnað, sem af því leiddi, að þessar uppbætur úr ríkissjóði yrðu felldar niður, og það hefur verið gert. Þær nýju uppbætur, sem hér er borið fram frv. um, eru til komnar vegna þess, að fiskverðið hækkaði um 7½ % í ákvörðun verðlagsdóms, og sú uppbót, sem ríkissjóði er ætlað að taka á sig nú, er sú upphæð, sem svarar til þessarar hækkunar, þ. e. a. s. ef ekki hefði til hækkunarinnar komið, þá hefðu í ár ekki þurft nein

framlög að dómi verðlagsdómsins að koma til sjávarútvegsins yfirleitt. Til þessara uppbóta, þessara 33 millj., sem nú eru ætlaðar til hraðfrystihúsanna til þess að auka möguleika þeirra til vinnuhagræðingar, hefði eftir úrskurði dómsins eða að áliti dómsins ekki þurft að koma, ef fiskverðshækkun hefði ekki orðið. Hin upphæðin, sem frv. fer fram á, er að bæta á línufisk og handfærafisk 25 aurum til þess að örva til þessarar veiði. Það er vitað, að æskilegustu gæði fisksins eru einmitt þau, sem fást af línufiski og handfærafiski. Það er bezti fiskurinn, sem vinnslustöðvarnar geta fengið, og það hefur þess vegna verið talin ástæða til að reyna að örva menn til þeirrar veiði með þessu viðbótarframlagi úr ríkissjóði. Þetta hefur líka verið til þess gert, að einmitt þessi veiði, sem að verulegu leyti er stunduð á ýmsum þeim stöðum, þar sem hráefni til frystihúsanna er af skornum skammti, gæti orðið til þess að auka hráefnismagn frystihúsanna og gera þeirra afkomu þar með betri.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP), sem hv. síðasti ræðumaður vildi nú um of bendla við óflokkslegt samband við ríkisstj., að mér skildist á honum, hann vildi nú ekki samt, þessi hv. þm., telja, að þessi hækkun á fiskverðinu, á línufiskinum og handfærafiskinum, væri að verulegu gagni. Ég vil þó benda á, að þessi hækkun, einmitt þessi 25 aura hækkun, hún er svo að segja alveg sú sama og sú hækkun, sem almennt varð á fiskverðinu, þannig að þeir, sem þessa útgerð stunda, fá tvöfalda hækkun á þennan fisk á árinu 1965, miðað við árið 1964. Ég tel þess vegna, að þetta, þó að ekki sé mjög há upphæð, þá sé það a. m. k. mjög í áttina, að fá tvöfalda hækkun á þennan fisk í staðinn fyrir það, að aðrir fá aðeins einfalda hækkun eða 7½%, sem nálgast að vera sama upphæð eða 25 aurar á kíló.

Þá vildi þessi hv. þm. líka telja, að þeim 33 millj., sem nú eru veittar til hraðfrystihúsanna, mætti verja betur á annan hátt. En ég held, að það sé ekki skoðað ofan í kjölinn hjá hv. þm., því að þessar 33 millj. eru veittar frystihúsunum til þess að bæta sína framleiðni og auka sinn vélakost til vinnslunnar, og það hlýtur fyrr eða síðar og raunar mjög bráðlega, eins og komið hefur í ljós vegna uppbótanna s. l. ár, að leiða til þess, að frystihúsin verði fær um að kaupa fiskinn hærra verði en þau hafa getað gert áður, þannig að þessar 33 millj., sem þarna er um að ræða, verði óbeinlínis til þess að veita bátunum, sem hv. þm. bar nú mest fyrir brjósti, meiri aðstoð en vera mundi, ef þessu hefði ekki verið veitt í þennan farveg.

Þetta eru nú, að ég ætla, þær aðalathugasemdir, sem komið hafa fram við frv. En eins og ég sagði í upphafi, skilst mér, að flestir hv. þm., sem talað hafa, hafi verið á þeirri skoðun, að frv. væri rétt og þarft, og tjáð sig því samþykka, þannig að ég held, að um það þurfi ekki lengri umr. En umr., sem fram hafa farið þessa tvo daga, hafa, eins og ég sagði, verið miklu meira um allt annað en um efni frv. Þær hafa fyrst og fremst beinzt að því, hver hætta væri í því fólgin að skera niður verklegar framkvæmdir um 20%, eins og sagt er frá í grg. fyrir frv., að ríkisstj. hafi ákveðið að gera. En úr því að það er talið nauðsynlegt og eðlilegt, að þessi aðstoð verði veitt úr ríkissjóði til sjávarútvegsins, og ég hef ekki heldur heyrt vefengt, að það væri talið nauðsynlegt, að laun opinberra starfsmanna væru hækkuð um 6.6%, eins og gert var nú nýlega og með þeim afleiðingum, að útgjöld ríkissjóðs þess vegna hækki um 65 millj., eða útgjöld alls af þessum tveim ástæðum hækki um 120 millj. kr., þá sé nauðsynlegt, að þessum útgjaldaauka ríkissjóðsins verði mætt á einhvern hátt. Ef menn eru óánægðir með þessa ráðstöfun, sem nú hefur verið gerð, að takmarka hinar opinberu framkvæmdir um 20%, hvað vildu þeir þá? Vildu þeir láta vera að gera þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til aðstoðar sjávarútveginum og til hækkunar á launum opinberra starfsmanna, og ef þeir vildu það ekki, hvernig átti þá að mæta þeim? Átti frekar að mæta þeim með álagningu nýrra skatta heldur en að mæta þeim á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir að gera, með því að fresta opinberum framkvæmdum um sinn? Ríkisstj. taldi, að það væri réttara að fresta hinum opinberu framkvæmdum heldur en að fara í nýja skatta, og annað hvort þessa varð að gera, ef átti að stofna til þessara útgjalda, sem frv. gerir ráð fyrir, og þeirra útgjalda, sem leiðir af hækkun launa opinberra starfsmanna.

Hv. þingmenn Framsfl. hafa sagt í umr.: Hví ekki að fara sparnaðarleiðina? Út af fyrir sig er það náttúrlega sparnaður með vissum hætti að fresta framkvæmdum til næsta árs. En fyrir þeim hefur sjálfsagt vakað einhver annar sparnaður, og hefur ýmislegt verið nefnt, sem mér þykir nú að mörgu leyti allkyndugt, en skal ekki fara langt út í, og alveg sérstaklega þykir mér það furðulegt, að þegar þm. þessa flokks, hv. Framsfl., báru fram við afgreiðslu fjárl. till. um hækkun á fjárlagagreiðslum um 300 millj. kr. — þrjú hundruð milljónir króna — á einu bretti, þá séu þeir að tala um sparnað, því að þessi sparnaður, sem þeir hafa minnzt á, er svo furðulega aumur og lítill, að hann telur ekki í þessu sambandi, hann er ekki af sömu stærðargráðu og þessir útgjaldaliðir eru og alls ekki sambærilegur við þau auknu útgjöld, sem þeir fluttu till. um við fjárlagaafgreiðsluna.

Náttúrlega er það alveg rétt, að ýmsar opinberar framkvæmdir eru mjög nauðsynlegar. Það er nauðsynlegt að leggja vegi og byggja hafnir. Það er nauðsynlegt að byggja skóla og sjúkrahús og ýmislegt þess háttar. En þetta verður ekki allt gert á einum degi. Þetta verður ekki allt gert í einu vetfangi. Það verður að hafa eitthvert plan í þessu, þetta verður að gerast á þann hátt, sem viðráðanlegur verður að teljast, og ef fé er ekki til framkvæmd-

anna með öðrum hætti en að leggja á nýjar álögur, þá er ekki um annað að ræða en að fresta framkvæmdunum um sinn.

Hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) sagði hér í dag, að þetta væri önnur stefna en nágrannar okkar hefðu tekið. Hann taldi, að þeir, — og minntist sérstaklega á Dani í þessu sambandi, — þeir hefðu stefnt að aukinni opinberri fjárfestingu upp á síðkastið, og það má vel vera, að það sé rétt. En ég bendi á, að það er með vissum hætti annað ástand þar en hér. Hér er ekkert atvinnuleysi og svo mikil eftirspurn eftir vinnuafli, að það er ekki nálægt því hægt að fullnægja þeirri eftirspurn, og það er annað, þegar ástandið í atvinnumálum er þannig, að það er ekki hægt að fullnægja eftirspurninni eftir vinnuafli, eða á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er, þó að lítið sé. Það er alveg rétt, að atvinnuleysi í Danmörku hefur verið minnkandi á undanförnum árum, en það er þó til, og það hefur verið skoðun margra merkra erlendra hagfræðinga, að þegar eftirspurn væri eftir vinnuafli meiri en hægt væri að fullnægja, þá bæri ríkisstj. á hverjum tíma að takmarka sínar framkvæmdir eða fresta þeim, þangað til nauðsyn bæri til að hafa þær uppi, til þess að atvinnuleysi yrði ekki í landinu. Nú hefur að vísu ekki þessi grundvöllur legið fyrir þessari ákvörðun ríkisstj., en mér finnst þó, að hann að vissu leyti svari til þeirrar ákvörðunar, sem tekin hefur verið, því að það er ekki eins mikil ástæða til að flýta framkvæmdum ríkisins, þegar atvinnuástandið í landinu er eins og ég sagði, eins og það væri æskilegt að flýta þeim, ef atvinnuleysi væri fyrir hendi.

Nú er sú fjárhæð, sem veitt er til opinberra framkvæmda, í kringum 600 millj. kr., þ. e. a. s. með þessari 20% lækkun, sem hefur verið ákveðin, lækkar hún niður í 500 millj. eða kannske lítið eitt niður fyrir það. En þó að allir vilji sem allra fyrst fá sínum framkvæmdum lokið, þá er allmikið hægt að vinna fyrir þessa upphæð, sem verður eftir í fjárl., þó að þessi framlög yrðu skorin niður um 20%, þannig að ég tel, að það sé út af fyrir sig enginn voði á ferð. Það er náttúrlega æskilegt, að þessar framkvæmdir ýmsar geti hafizt og orðið framkvæmdar sem allra fyrst. Ég skal t. d. nefna þær framkvæmdir, sem ég hef með að gera, eins og hafnargerðirnar, að mér er það vel kunnugt, að þar er þörfin mjög brýn. Ég veit, að hún er líka brýn á ýmsum öðrum sviðum, eins og t. d. að fá vegi lagða, skóla byggða, sjúkrahús reist og annað þess háttar. En allt verður að hafa sinn tíma, og ég tel, að með þeirri fjárhæð, sem eftir verður eftir þessa frestun, sem ákveðin hefur verið, sé vel hægt að framkvæma mjög verulegan áfanga í öllum þessum málum.

Fjárfestingarhlutfall okkar Íslendinga, þ. e. a. s. sá hluti af þjóðartekjunum, sem varið er til fjárfestingar, er sennilega meiri hjá okkur en hjá nokkurri annarri þjóð, og er það kannske eðlilegt, vegna þess að hér er svo margt ógert og margt, sem þarf að gera. En að áfram sé siglt svo hátt eins og gert hefur verið að undanförnu, það efast ég um, að sé skynsamlegt, þannig að það megi vel úr þessum framkvæmdum draga í bili eða fresta, þangað til aðstæður verða heppilegri og eðlilegri.

En það, sem vakti fyrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa rætt þetta mál á þessum grundvelli, var að reyna að sanna það, að efnahagsstefna ríkisstj. hefði fullkomlega brugðizt, hún hefði beðið skipbrot og þess vegna bæri ríkisstj. að segja af sér. Ég tók eftir því, að hv. 11. þm. Reykv. (KTh) ræddi um þetta nokkuð og tók sem dæmi, hvernig fyrirætlanir ríkisstj. um sparnað hefðu mistekizt, hvernig Skipaútgerð ríkisins hefði komið illa út á undanförnum árum. Þeir vildu nefnilega, hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem um þetta töluðu á þennan hátt, sýna það og sanna, að stjórnarstefna þessarar ríkisstj. væri svo fráleit, að framsóknarmenn þyrftu að koma til og fá stjórn þessara mála í sínar hendur. Ég veit ekki, hvort það hefur einmitt vakað fyrir hv. 11. þm. Reykv. að nefna Skipaútgerð ríkisins í þessu sambandi. Það er alveg rétt, að hagur Skipaútgerðar ríkisins hefur farið hraðversnandi upp á síðkastið, ekki vegna þess, að þeir ráðunautar, sem til hafa verið kvaddir, hafi ekkert þekkt nema innanskerssiglingu í Noregi, — það er fullkomlega rangt hjá þessum hv. þm., því að þeir menn, sem um þetta hafa fjallað, hafa ýmist verið Íslendingar eða þeir Norðmenn, sem um það hafa fjallað, þeir hafa farið hér í kringum land og kynnt sér allar aðstæður, — en það, sem strandað hefur á, er, að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur aldrei viljað á þessar till. fallast og ekkert viljað gera til þess að bæta úr þessu slæma rekstrarfyrirkomulagi. En ég vil benda á, að þessi framkvæmdastjóri Skipaútgerðar ríkisins er framsóknarmaður úr innsta hring, þannig að ef sú stjórn, sem framsóknarmenn vilja nú að taki við á þessu landi, á að miðast við afköst þessa forstjóra, þá býð ég ekki í það, því að afkoma Skipaútgerðarinnar hefur farið versnandi frá ári til árs úr tiltölulega smáum upphæðum fyrst og upp í yfir 30 millj. kr. halla á ári nú. Og þetta er undir stjórn framsóknarmanna og framsóknarmanns úr innsta hring. Það hafa verið gerðar ýtarlegar tilraunir til þess að fá hann til þess að breyta um og reyna að koma þessum rekstri í betra horf, en það hefur aldrei tekizt, og niðurstaðan er þessi, eins og ég segi. Ef útkoman úr þeirri stjórn framsóknarmanna, sem þeir vilja stofna til til þess að taka við af þessari, verður eitthvað svipuð og útgerð Skipaútgerðar ríkisins, þá býð ég ekki í hana og bið æðri máttarvöld að forða þjóðinni frá því, að sú stjórn komi hér til valda.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Ég hef engan áhuga á því að ræða hjúkrunarkvennaskólann í sambandi við aðstoð við sjávarútveginn eins og hv. 11. þm. Reykv. og fleiri hv. þm., sem talað hafa, hafa gert. Mér finnst, að það mál eigi sinn stað og sinn tíma, en eigi ekki að blandast

í þetta, sem hér liggur fyrir, og get þess vegna látið máli mínu lokið. Ég er þakklátur þeim hv. þm. öllum, sem hafa tekið undir það að styðja þetta frv., því að ég tel, að það miði í rétta átt, og þrátt fyrir þær utanveltuumr., sem hér hafa farið fram í sambandi við frv., þykist ég vita, að þessir hv. þm. muni að lokum fylgja frv., og það vænti ég að þeir geri, — frv., eins og það liggur hér fyrir.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Hæstv. félmrh. minntist í lok ræðu sinnar á rekstur Skipaútgerðar ríkisins og lýsti sök á hendur forstjóra Skipaútgerðarinnar fyrir það, hve þetta fyrirtæki bæri sig illa, hann væri framsóknarmaður og það mundi vera orsökin. Ég vil bara minna á það, sem ég sagði hér í dag, að hæstv. fjmrh. var þeirrar skoðunar, þegar þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda, að það mundi vera hægt að breyta rekstri Skipaútgerðarinnar á þann hátt að fá erlenda sérfræðinga til þess að gera þar um tillögur. Þessir sérfræðingar, segir hæstv. félmrh., hafi komið hingað og farið ferð eða ferðir í kringum land. En mér skilst nú, að jafnvel þótt farin sé ferð af útlendingi í kringum land einu sinni eða tvisvar eða hvað oft sem er farið, þá séu engar líkur til, að slíkir menn, sem ekki þekkja betur hér til aðstæðna á öllum árstímum, geti gert till., sem séu raunhæfar um lausn þeirra mála. Hitt finnst mér æðihart, að hæstv. ráðh., sem er æðsti yfirmaður þessarar stofnunar, skuli ekki taka það á sig, hve rekstur þessarar stofnunar hefur gengið illa, heldur skjóta sér á bak við embættismann, sem auðvitað ber ekki að taka lokaákvörðun um rekstur þessa ríkisfyrirtækis né annarra. Og trúi því hver sem vill, að hæstv. félmrh., sem er æðsti yfirmaður þessarar stofnunar, fái því ekki ráðið fyrir forstjóra stofnunarinnar, hvernig þetta fyrirtæki er rekið. Ég hélt, að hann væri miklu meiri valdamaður í þessu þjóðfélagi en svo.

Það kom glögglega fram í ræðu hæstv. forsrh. fyrr í dag, að honum hafði runnið í skap. Hæstv. forsrh. svaraði ræðu minni aðallega með útúrsnúningum, og fannst mér satt að segja vera fulllítið forsætisráðherralegt við ræðu hans. En eftir þessa ræðu veit maður, að það getur stundum verið erfitt fyrir jafnvel forsrh. að stilla skap sitt, og ekkert við því að segja.

Ég saknaði þess, að hann skyldi ekki koma neitt að efninu, sem var verið að ræða. En þau svipuhöggg, sem nefnd voru hér fyrir nokkrum dögum, virðast hafa haft þau áhrif á skapsmuni hans, að hann hafi ekki haft ástæðu til að koma að efninu. Þegar þessi mál voru rædd hér um daginn, fannst hæstv. ráðh. það óþarfi af hjúkrunarkonum og læknum að senda áskoranir um byggingu hjúkrunarskóla, og hann sagði, að svipuhöggin hefði ekki þurft að greiða og áhrifamátt þeirra mátt sjá af því, sagði hæstv. ráðh., að í 20. gr. fjárl. eru ætlaðar undir XIII. lið, 11. undirlið, 7 millj. kr. til byggingar hjúkrunarskóla, þannig að ríkisstj. og Alþingi voru þegar áður en þetta plagg var undirritað búin að gera ráðstafanir til þess að bæði afla fjár og gera annað, sem þurfti til þess, að í byggingu yrði ráðizt. Nú er, eins og hefur komið fram í grg. með því frv., sem hér er til umr., ákveðið af hæstv. ríkisstj. að skera niður um 20% verklegar framkvæmdir í landinu skv. fjárl. Hæstv. ráðherrar, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., hafa verið margspurðir að því bæði fyrr og nú í þessum umr., hvort ætlunin væri að skera niður einnig þennan lið, og við þessu hafa enn ekki fengizt svör. Mér hefði fundizt satt að segja eðlilegra, að hæstv. forsrh. hefði svarað þessu málefnalega heldur en að vera hér með þá útúrsnúninga, sem hann var, heldur en að notfæra sér mismæli, sem áttu sér stað í ræðu minni hér í umr. um daginn, er ég sagði, að undirskrifuð hefði verið áskorun eftir áramótin, í stað þess að það hefði verið afhent áskorun. Í ræðu hæstv. forsrh. sjálfs kom það fram, að hann vissi sjálfur, að undirskriftirnar höfðu hafizt í ágústmánuði 1964. Honum fannst það, að mig minnir, ekki lýsa miklum áhuga hjá hjúkrunarkonum, að þessar undirskriftir hefðu ekki verið afhentar ríkisstj. fyrr en eftir áramót. Þetta er ekkert undarlegt, þó að það taki nokkurn tíma að safna undirskriftum hundraða manna um allt land. Og ég gat ekki skilið ummæli hæstv. forsrh. á annan veg en þann, að honum fyndust það einkennileg vinnubrögð hjá hjúkrunarkonum að efna til þessara undirskrifta, og ef það hefur verið óviðeigandi af mér, eins og forsrh. þó greinilega sagði, að nefna þessar áskoranir, þá get ég ekki skilið annað en að eitthvað hafi verið einkennilegt við áskoranirnar sjálfar, ef ekki mátti nefna þær.

Annars var það í þessum umræðum hér í dag til marks um málflutning hæstv. forsrh., að hann tók dæmi um setningu laga um almannatryggingar og hann tók dæmi af lagasetningu um almannatryggingar árið 1946 og sagði, að framsóknarmenn hefðu þá verið á móti þessari lagasetningu nema einn þm. Hæstv. forsrh. sá ekki ástæðu til þess að taka það fram, að upphaflega, þegar lög um almannatryggingar voru sett á árinu 1936, stóðu þeir að því að setja þessi lög, þessi gagnmerku lög, sem forsrh. undirstrikaði, að væru mjög merkileg lagasetning. Af einhverjum ástæðum gleymdist hjá hæstv. ráðh. að geta um það, að það var einmitt Framsfl., sem í félagi við Alþfl. kom þessum lögum upphaflega fram á Alþingi, og honum láðist einnig að geta þess, hverjir voru andvígir þessum lögum, almannatryggingalögunum, þegar þau voru upphaflega sett, en einmitt þá börðust flokksmenn hæstv. ráðh. harðri baráttu gegn setningu laganna um almannatryggingar og greiddu atkv. móti þeirri lagasetningu.

Ég vil þá fara hér nokkrum orðum um ræðu hæstv. menntmrh. Ég verð að segja það hreint eins og er, að það er nokkuð annað að eiga orðastað við jafnprúðan mann og hæstv. menntmrh., þó að hann sé ekki sammála þeim, sem hann ræðir við. Hæstv. menntmrh. furð-

aði sig á því, að Framsfl. sýndi nú mikinn áhuga á byggingu hjúkrunarkvennaskóla. Hæstv. ráðherra þarf ekkert að vera undrandi á þessum áhuga, því að ég get upplýst hann um það, að þegar fyrri áfangi hjúkrunarskólans var byggður, þegar bygging hans hófst árið 1952, átti Framsfl. sæti í ríkisstjórn, og félmrh. þá og heilbrmrh. var Steingrímur Steinþórsson, sem fór með málefni hjúkrunarkvennaskólans. Framsfl. hefur því frá upphafi sýnt byggingarmálum hjúkrunarskólans fyllsta áhuga, og það er ekki fyrst hér í þessum umr., sem sá áhugi vaknar.

Hæstv. menntmrh. las upp skýrslu landlæknis um fundargerðir skólanefndar hjúkrunarskólans og lét í ljós nokkra undrun yfir því, að ég hefði ekki getið þess, að ég hefði þessa skýrslu undir höndum. Ég gat þess að vísu ekki, að ég hefði þessa skýrslu undir höndum, en þau orð, sem ég sagði um hjúkrunarskólann, voru að verulegu leyti byggð á þessum fundargerðum. Og þessar fundargerðir sanna einmitt það, sem ég tók fram í minni ræðu, að allt fram til ársins 1963, síðast á því ári, stóð á undirbúningi þessa máls hjá embætti húsameistara ríkisins. En áhugi hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa verið meiri en svo á þessu máli, að þrátt fyrir þá töf, sem varð á teikningum og kostnaðaráætlunum hjá húsameistara ríkisins, sá ríkisstj. enga ástæðu til að grípa inn í um undirbúning málsins.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu um fund menntmrh. í hjúkrunarskólanum 6. maí, að skólastjóri hjúkrunarskólans kannast ekki við það, að samkomulag hafi þá orðið með öllum þeim aðilum, sem voru á þeim fundi, um, að fresta skyldi að hefja framkvæmdir við hjúkrunarskólann þangað til á yfirstandandi ári. Og allfurðuleg finnst mér þau ummæli hæstv. menntmrh., að það hefði ekkert flýtt fyrir byggingu hjúkrunarskólans, þó að það hefði verið byrjað á byggingunni ári fyrr en raun varð á. Það finnst mér allnýstárleg kenning, að það flýti ekki fyrir framkvæmdum á einu verki, að það sé byrjað á verkinu ári fyrr en nú er fyrirhugað.

Það var athyglisvert í ræðu hæstv. menntmrh., að nú kallaði hann ekki áskoranir lækna og hjúkrunarkvenna gamanþátt, eins og hann hafði gert í fyrri ræðu sinni. Skil ég það svo, að þar hafi nokkru valdið um, að nokkrar hjúkrunarkonur voru hér staddar á áheyrendapöllunum í dag, og hafi það ef til vill haft þessi áhrif.

Ég skal ekki fara lengra út í að ræða þetta mál. Þetta hjúkrunarskólamál hefur blandazt inn í þessar umr. og hefur verið tekið sem dæmi um, hvernig nauðsynjamál ganga í höndum stjórnarinnar, ef ekki er á eftir þeim rekið af þeim aðilum, sem hafa áhuga á málunum, meiri áhuga en hæstv. ríkisstjórn.

En ég vil að lokum, þar sem ekki hefur enn þá komið fram svar við þeirri fyrirspurn, sem ég og aðrir þm. hafa borið hér fram, frá hæstv. ríkisstj., endurtaka enn einu sinni þá fyrirspurn, hvort ætlunin sé að greiða að fullu þá 7 millj. kr. fjárveitingu til hjúkrunarskólans, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs, eða hvort skera eigi fjárveitinguna niður eins og aðrar fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég veit, að þm. virða mér til vorkunnar, þó að ég leiði hest minn hjá því að svara hv. 11. þm. Reykv. Ég sannaði, svo að ekki verður um deilt, á fundinum milli 5 og 7, að hv. þm. hafði farið með rangt mál um tvö atriði, er hann hafði gert að árásarefni á mig. Hv. þm. bar á móti öðru atriðinu með framíkalli. Ég lýsti því þá yfir, að ef ég hefði farið rangt með, þá bæði ég hann afsökunar. Síðar kom í ljós, að það var ég, sem hafði rétt fyrir mér, en ekki hann. Hann hafði ekki manndóm í sér til að biðjast afsökunar og hefur því ekki einungis farið rangt með, heldur visvitandi rangt með, og mega menn kalla það hverju nafni sem þeir vilja, það að fara vísvitandi rangt með og hafa ekki manndóm í sér til að viðurkenna sína yfirsjón. Við þvílíkan mann, sem staðinn er að álíka athæfi, er ekki viðmælandi.

Hv. 5. þm. Reykv. gerði mikið úr því, svo sem raunar 1. þm. Austf. áður, að fjármagn væri frjálst til ýmiss konar verðbólgufamkvæmda. Hv. 5. þm. Reykv. skýrði betur en 1. þm. Austf., við hvað hann átti með því, talaði um hin miklu verzlunar- og skrifstofuhús, sem hér væru reist. Ég vil af þessu tilefni, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það, sem hlutlaus skýrslugjafi segir um þessi efni, í ritinu Úr þjóðarbúskapnum, fyrst í 13. hefti og síðan í 14. Í því fyrra segir:

„Verzlun, veitinga- og skrifstofuhús. Auk húsrýmis fyrir eiginlega verzlun og veitinga- og gistihús fela þessar framkvæmdir í sér allt skrifstofuhúsnæði annað en í opinberum byggingum. Fjármunamyndun þessi er því í þágu fjölmargra greina iðnaðar og þjónustu auk verzlunarinnar. Alls nam fjármunamyndunin 137.6 millj. kr. árið 1962, á verðlagi ársins, en þar af voru framkvæmdir við olíu- og benzinstöðvar 3 millj. kr.

Framkvæmdum þessum var lengst allra haldið niðri með takmörkun fjárfestingarleyfa, en árið 1960—62 verða þær um tvöfalt meiri að magni en næstu árin á undan, 1957—59, eða 97—111 millj. kr., á verðlagi ársins 1960, á móti 47—57 millj. kr. Framkvæmdir ársins 1962 voru að heita má jafnar að magni og árið áður.

Stærsta einstaka framkvæmdin, sem í þennan flokk fellur, er Bændahöllin. Teljast framkvæmdir við þá byggingu hafa numið nálægt fimmtungi heildarframkvæmda árið 1962."

Í seinna heftinu segir:

„Verzlun, veitinga- og skrifstofuhús. Töluverð aukning varð á framkvæmdum í þessari grein frá 1962—63. Magnaukning milli áranna var 38.2%. Aukning bygginga í þessari grein á undanförnum árum stendur að miklu leyti í sambandi við tvennt: annars vegar þann skort á húsnæði af þessu tagi, sem langvarandi fjár-

festingarhöft höfðu skapað, en þeim var ekki aflétt fyrr en á árinu 1960, hins vegar þörf á nýju húsnæði vegna aukinnar þjónustu, einkum í nýjum hverfum stækkandi kauptúna og kaupstaða.“

Þetta er greinargerð hlutlauss aðila fyrir þessum byggingum, og það er rétt, að þær hafa aukizt verulega, eins og þessar skýrslur sanna. En til þess liggja þær ástæður, sem hér er í stuttu máli gerð grein fyrir. Það hefur einnig komið fram, að af hálfu erlendra skipulagssérfræðinga, sem fengnir voru til starfa til að undirbúa nýtt skipulag fyrir Reykjavík og nágrenni, bentu þeir á, að miðað við svipaða kaupstaði eða bæi erlendis væri starfsrými fyrir verzlanir, iðnað og skrifstofur orðið of lítið í Reykjavík.

Þetta er óhagganleg staðreynd og kemur af þessu, að þessum byggingum var haldið niðri í mörg ár, meðan fjárfestingarhömlurnar voru. Þá var þeim haldið niðri hér í Reykjavík. En menn þurfa ekki annað en fara í kaupstaði og kauptún, þar sem framsóknarmenn hafa meginhluta verzlunar í sínum höndum, til þess að sjá, að þvílíkum höftum var þá ekki fylgt á þeim stöðum. Það nægir í því sambandi að minna á tvo staði ekki alls fjarri Reykjavík, annars vegar Selfoss og hins vegar Borgarnes. En hið sama má sjá víðast hvar sem um þetta land er farið. Hinu pólitíska fjárfestingarbannvaldi var beitt til þess að hindra sams konar framkvæmdir í Reykjavík og leyfðar voru hvarvetna annars staðar um landið, a. m. k. kaupfélögum, sem voru Framsfl. velviljuð.

Það er eðlilegt, að úr þessu væri bætt með svipuðum hætti og raun ber vitni. En það er einnig ánægjulegt að sjá, að stærsta einstaka framkvæmdin, sem í þennan flokk fellur, er Bændahöllin. Það var fimmtungur heildarframkvæmda árið 1962, sem sú bygging var af þessum fjárfestingarlið. Það sýnir, að bændur landsins voru ekki í sínum stéttarsamtökum í sama einangrunar- og fjandskaparhuga eins og ráðamenn Framsfl. Þeir höfðu á þessu aðrar skoðanir. Þeir hafa talið, að of lítið væri einmitt um slíkar fjárfestingar í Reykjavík, og viljað þar um bæta með sínum framlögum. Það hefur að vísu komið fram, að hv. 5. þm. Norðurl. v. telur, að þarna hafi verið um nokkra ofrausn að ræða af hálfu bænda, það er annað mál. Þetta sýnir, að bændur hafa sízt talið, að framkvæmdir þessarar tegundar væru of miklar hér í Reykjavík.

Hv. 5. þm. Reykv. vitnaði til þess, að í öðrum löndum væri farið öðruvísi að en hér, þar væri annarri stjórnarstefnu fylgt í flestum efnum. Vera kann, að svo sé að sumu leyti og þó ekki að öllu skv. því, sem einmitt hv. þm. hefur öðru hverju fárazt yfir í blaði sínu. Ekki er ýkjalangt síðan hann sagði það vera orsök kosningaósigurs brezku stjórnarinnar í aukakosningum, að hún hefði ekki tekið upp haftastefnu, heldur skattastefnu á innflutning í staðinn. Hann sagði, að þetta sýndi, að brezku stjórnendurnir hefðu ekki nógu mikinn stjórnmálaskilning, sem sagt að þeir féllust ekki á að beita höftunum, þessu höfuðbjargráði Framsóknar, heldur létu skattana, þ. e. a. s. peningavaldið, skera úr, eins og þessi hv. þm. öðru hverju ásakar ríkisstj. fyrir.

Hv. þm. sagði, að danska stjórnin færi a. m. k. öðruvísi að en við Íslendingar, hún ætlaði að auka opinbera fjárfestingu á næstu þremur árum um 50%, að því er mér skildist. Nú skal ég játa, að það er lengri tími en þrjú ár frá því að vinstri stjórnin fór frá. En svo einkennilega vill til, að þó að tekið sé tillit til mannfjölda og verðlag látið vera það sama á báðum tímabilunum, þá er, eftir að niðurskurðarheimildinni hefur verið beitt, fjárfestingin svo að segja 50% meiri á árinu 1965, skv. því, sem hér um ræðir, heldur en var 1958, svo að hér er þrátt fyrir niðurskurðinn um mjög verulega hækkun að ræða. Það tjáir ekki fyrir hv. þm. að halda því nú fram, að ekki stoði að líta aftur, heldur verði að líta fram og til hins breytta þjóðfélags, sem við erum staddir í. Það voru þeir sjálfir, sem buðu upp á þennan samanburð í sínum fyrri ræðum og gera það raunar stöðugt með sínum málflutningi og skrifum. Þeir halda því fram, að hér sé kyrrstaða í þjóðfélaginu og jafnvel afturför og það sé verið að stórminnka framkvæmdir frá því, sem áður hafi verið, þegar aðeins er dregið úr ferðinni í bili af þeim sérstöku ástæðum, sem nógsamlega hefur verið gerð grein fyrir. Sannleikurinn er líka sá, að heildaraukning á opinberum framkvæmdum er örugglega miklu meiri en 50% á þessu tímabili, sem ég hér vitna til. Fjárfesting bæjarfélaganna hefur sem sagt aukizt hlutfallslega enn þá meira en ríkisins, t. d. Reykjavíkurborgar, sem langsamlega mest munar um í þessu sambandi. Um það hef ég að vísu ekki handbærar tölur nú í kvöld, en þetta er auðvelt að kanna, a. m. k. í stórum dráttum, þó að hlítarsamanburður sé ef til vill nokkuð erfiður. Látum það koma fram, sem réttast er. Aðalatriðið er, að því fer fjarri, að þrátt fyrir þennan niðurskurð, sem hér um ræðir, búum við í kyrrstöðuþjóðfélagi. Við erum að auka opinberar framkvæmdir frá ári til árs, svo mikið, að erfitt er undir að standa, bæði fjárhagslega og varðandi mannafla, sem til þessara framkvæmda þarf.

Segja má, að dæmið liggi ofureinfalt fyrir nú: Hvort vilja menn heldur greiða fyrir útveginum á þann veg, sem þetta frv. segir til um, og stuðla að því, að hann geti starfað með eðlilegum hætti, eða eiga hlut að því, að hann stöðvist og þar með verði raunverulega meiri þörf á opinberum framkvæmdum til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi? Eins og hæstv. sjútvmrh. sagði áðan, fer því svo fjarri, að það sé rétt, sem hv. framsóknarmenn segja, að það sé eðlilegt að hafa sem allra mestar opinberar framkvæmdir, þegar atvinnulíf allt er í blóma. Þvert á móti, þá er það kenning hinna hæfustu hagfræðinga, þeirra, sem það er mest

að þakka, að þjóðirnar hafa ekki aftur lent í sams konar ófæru og þær gerðu á millistríðsárunum, að opinberum framkvæmdum eigi að haga þannig að draga heldur úr þeim eða a. m. k. minnka ferðina, þegar mikill vöxtur er í atvinnulífinu sjálfu, en auka heldur hinar opinberu framkvæmdir, þegar samdráttur vofir yfir eða er orðinn í atvinnulífinu, og halda þannig nokkrum jöfnuði á. Þetta vita allir, og þetta veit auðvitað enginn betur en hv. 1. þm. Austf. eftir sína löngu reynslu, m. a. sem stjórnandi, enda benti hann oft á þessi sannindi áður fyrr, þegar sá gállinn var á honum að hafa heldur það, sem sannara reyndist.

Hv. þm. talaði, og báðir þessir hv. þm. raunar, 1. þm. Austf. og 5. þm. Reykv., um þær miklu lánsfjárhömlur, sem hér væru. Og hv. 1. þm. Austf. talaði um, að það ætti ekki að frysta fé, eins og hann segir, heldur beina lánsfénu á þann veg, sem heppilegastur væri.

En þá komum við einmitt að því, sem er mjög athyglisvert. Þessir hv. þm. tala stöðugt um þýðingu lánsfjárins í okkar landi, enda er sannleikurinn sá, að það eru mjög fáir og alveg teljandi einstaklingar, sem eru svo öflugir, að þeir geti ráðizt í verulegar framkvæmdir án atbeina opinberra lánastofnana. En hér eru lánastofnanir einmitt allar, eða svo að segja allar, nema hinir litlu einkabankar, sem í þessu hafa sáralitla þýðingu, undir opinberri stjórn, undir yfirstjórn Alþingis, sem kýs bankaráðin, bankaráðin velja fyrir atbeina ríkisstj. bankastjórana, þannig að að þessu leyti eru hér á landi meiri afskipti af lánsfjármálum og þar með fjárfestingarmálum einstaklinga heldur en í flestum öðrum löndum, sem við höfum spurnir af.

Það má vel vera, að því verði svarað, að það sé illa haldið á þessu valdi. Það er allt annað mál. En þetta vald er fyrir hendi, og það væri einungis til þess að skapa glundroða og fullkomið öngþveiti, eins og raunin var orðin, að bæta ofan á öll þessi opinberu afskipti sérstakri stofnun til þess að veita fjárfestingarleyfi. Ríkisvaldið hefur í hendi sér nú þegar að ráða að mjög verulegu leyti yfir því, hvernig fjármunum er varið í þessu landi, í hvaða stórframkvæmdir er ráðizt.

Þau beinu pólitísku afskipti, sem Framsfl. vill koma á aftur í þeirri von, að hann fái þá hlutfallslega meiri völd yfir þessum málum en hann hefur nú, leiddu aftur á móti til þess ástands, sem ég drap áðan á, varðandi verzlunar-, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði, þar sem blábert bann var búið að koma á hreinu öngþveiti, sem svo aftur á móti leiðir til þess, að ef til vill er í mesta lagi ráðizt í framkvæmdir skjótlega eftir að þessum hömlum er af létt. Svona horfa máiln við í raun og veru, ef þau eru skoðuð öfgalaust.

Nei, það er vissulega ekki þörf hér á meiri opinberri forsjá og afskiptum en þegar er.

Hv. 1. þm. Austf. var enn að vitna í Harald Böðvarsson, sem hann dró inn í þessar umr. Ég vakti athygli á því, að það væri misskilningur, sem hv. þm. vildi hafa eftir Haraldi Böðvarssyni, að það væri dregið hér úr möguleikum til öflunar á vélakosti, iðnaðarhúsnæði eða fiskiðnaðarhúsnæði, að þetta hefði einmitt aukizt nokkurn veginn í réttu hlutfalli við almenna þróun í þjóðfélaginu, eins og þær tölur sýndu, sem ég las upp, og þetta hefði ekki gerzt og ekki getað gerzt nema með aðstoð og atbeina ríkisvaldsins á ýmsan veg.

Það er nokkuð gaman að því að bera saman það, sem hv. þm. í þessum umr. hefur eftir Haraldi Böðvarssyni, við það, sem þm. hafði sagt daginn áður í öðru sambandi. Með leyfi hæstv. forseta, þá sagði hv. 1. þm. Austf. á þriðjudaginn, og þá vitnaði hann í Harald Böðvarsson:

„Einn liður í rekstri skuldugra fyrirtækja er mjög erfiður viðfangs, en það eru vextir af lánum.“ Svo kemur í svigum, það er víst eftir þm. sjálfan: „Það kemur ekki vel heim við það, sem hæstv. viðskmrh. fræðir okkur um af og til, því að hann segir, að vaxtaútgjöld á útgerðinni séu svo lítil, að það hafi enga þýðingu.“ Sviginn lokast. Þá kemur víst Haraldur aftur: „En vextirnir eru enn þá allt of háir, heldur höfundur áfram, og vil ég geta þess, að Haraldur Böðvarsson & Co. greiðir árlega í þessa hít 3—4 millj. kr.“

Þetta hefur hv. þm. eftir Haraldi Böðvarssyni. Daginn áður hafði þessi hv. þm. haldið hér ræðu, þar sem hann var að tala um vaxtalækkun, og með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa upp það, sem hann sagði þá:

„Nú hlýtur hæstv. viðskmrh. og aðrir, sem hér eiga hlut að máli, að vita það, að vextirnir eru stórkostlegur liður í útgjöldum framleiðslunnar, bæði útflutningsframleiðslunnar og iðnaðarins. Ég hef haft með höndum dæmi, verðlagningardæmi eða vinnsludæmi fyrir frystan fisk frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, — að vísu eru það orðin nokkuð gömul dæmi, þau munu vera frá 1961 eða þar í kring, og hlutfallið er náttúrlega breytt núna frá því, sem það var þá, — sem gerðu ráð fyrir því, að vaxtakostnaðurinn, auðvitað stofnlánavextir með, væri sem allra næst 40% af kaupgjaldskostnaðinum. Þetta hlutfall er auðvitað eitthvað breytt núna frá því, sem það var þá. En þetta voru þau vinnsludæmi, verðmyndunardæmi, sem gerð voru á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og þessi mál voru algerlega krufin til mergjar í sambandi við þá miklu deilu, sem var 1961 út af gengislækkuninni þá og kauphækkuninni. Þá var ýtarlega farið ofan í þetta og þetta allt saman ómótmælanlega sýnt. En nú hefur þetta hlutfall breytzt. Samt sem áður er það vitanlega þannig, að vextirnir eru stórkostlegur liður í framleiðslukostnaðinum.“

Þetta segir hv. þm. s. l. mánudag. Eftir þessum upplýsingum mundi vinnulaunakostnaður Haralds Böðvarssonar í mesta lagi vera kringum 10 millj. kr. Það getur skeð, að það hafi breytzt eitthvað lítillega, eftir því sem hv. þm. segir. En hvað segir nú Haraldur Böðvarsson sjálfur í þessari Morgunblaðsgrein:

„Fyrirtæki okkar feðga, H. B. & Co. á Akranesi, greiddi í vinnulaun og aflahluti s. l. ár um 45 milljónir og að auki keypta vinnu hjá öðrum áætlað um 5 millj.“

Það eru sem sagt 50 millj., en ekki 10 eða innan við 10, eins og ætlað var eftir dæmi hv. þm., sem hann segist hafa alveg sérstaklega rannsakað. (**Gripið fram í:** Ætli Haraldur Böðvarsson sé ekki nokkuð ríkur?) Ekki var svo að heyra á lýsingu hv. þm. s. l. þriðjudag. (Gripið fram í.) Ég er að vitna í hv. þm. Ef hann finnur sjálfur, að hann hefur talað af sér, þá er honum nær að þegja heldur en að verða sér meira til skammar. Já, nú er það Sölumiðstöð og nú er það Haraldur, en Eysteinn hefur aldrei sagt neitt. Ég held, að flokksmennirnir hafi rétt fyrir sér, að hann tali jafnvel of mikið enn, þó að hann hafi töluvert dregið af sér seinni hluta þingsins. Og ég er ekki frá því raunar, að hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) kunni að þykja það líka. Hann var að spyrja mig um það, hvaða heimildir ég hefði fyrir því, að framsóknarmenn þyrftu ekki að vera ýkjamikið sammála til þess að vera í Framsfl., bara ef þeir vildu berjast á móti íhaldinu. Ég leyfi mér að vitna í hv. formann Framsfl., í grein, sem hann skrifaði um s. l. áramót og ritstjóra Tímans fannst svo mikið til um, að hann prentaði þennan kafla upp úr, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með heimild herra forseta:

„Eysteinn sagði,“ segir Tíminn: „En hér kemur líka til, að íhaldið væri illa komið, ef kommúnistar lognuðust út af hér eins og á Norðurlöndum og í Bretlandi og stjórnmálaflokkur umbótamanna yrði hér sterkari en íhaldið eins og í þessum löndum.

Hér er komið að kjarna málsins og leiðinni til að leysa vandann. Hér þarf að efla öflugan umbótaflokk, sem verði sterkari en íhaldið, eins og umbótaflokkar eru á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Hér þarf ekki að byggja allt frá grunni né reisa á rústum í þessu efni. Næststærsti flokkur landsins, Framsfl., byggir starf sitt og stefnu á þessum grundvelli, þarf engra hagsmuna að gæta, sem koma í bága við það, og á vaxandi gengi að fagna.

Við síðustu kosningar varð Framsfl. næststærsti flokkurinn í bæjunum, en hafði áður lengi verið stærsti flokkurinn í sveitunum.

Framsfl. er einu pólitísku fjöldasamtökin á Íslandi, sem hugsanlegt er að efla svo, að hliðstætt verði við hina stóru umbótaflokka í nágrannalöndunum, sem hafa náð þar forustunni frá íhaldinu í þessum löndum.

Allar bollaleggingar um að ná þvílíku marki án þess að byggja á Framsfl. og því mikla afli, sem í honum býr, eru loftkastalar einir og hillingar, sem aldrei geta komið að liði.

Deildu og drottnaðu, hefur lengi verið mikið einkunnarorð peningavaldsins. En eiga menn ekki að fara að vara sig á því? Þess sjást merki víða og einnig hér í kosningunum síðast, að menn vilja fækka flokkunum og stækka þá.

Menn verða að geta verið saman í flokki, þótt þá greini á um margt, og má um þetta margt lærdómsríkt sjá um þessar mundir í bókum þeim, sem út koma nú um Wilson forsætisráðherra Breta, en þær eru sumar að verulegu leyti saga brezka Verkamannaflokksins síðustu áratugina. Verkamannaflokkurinn brezki hefði ekki náð völdum af íhaldinu í kosningunum í haust, ef hann hefði verið bútaður niður í smáflokka á undanförnum árum, jafnóðum og ágreiningur varð um ýmis málefni, t. d. um utanríkismálefni og varnarmálefni, en um þau efni hefur verið heitur ágreiningur í þeim flokki, einnig um þjóðnýtingu og fleira. Wilson hefur heldur ekki alltaf verið í meiri hlutanum þar innan veggja, þótt hann sé formaður og samnefnari fyrir flokkinn.

Umbótamenn verða að gera sér ljóst, að þeir verða að læra þá sambúðarlist vel til jafns við íhaldið og þó betur að búa til stóra flokka og beita þeim, og það engu síður, þótt þá greini á um margt.

Ríður nú mest á því, að umbótamenn í landinu fylki sér fast saman með þessi meginsjónarmið í huga, meðan stjórnin stritast við að sitja.“

Þetta er tekið upp í leiðara Tímans hinn 12. janúar 1965 og staðfestir í einu og öllu allt það, sem ég sagði um þetta mál í dag. Til viðbótar má svo bæta því, að auðvitað er hverjum heimilt að nefna sinn flokk það sem honum sýnist, en flestum finnst það skop og háð, þegar framsóknarmenn kalla sjálfa sig umbótaflokk. Það sýnir, að þeir eru lítt bærir um að dæma sitt eigið eðli, en þegar þeir hafa samband við aðra flokka og leita samvinnu við þá og hafa m. a. sent menn héðan af landi til þess að taka þátt í alþjóðlegum ráðstefnum, þá hafa þeir leitað samvinnu við flokka, sem kalla sig frjálslynda flokka, t. d. bæði í Þýzkalandi og Ítalíu og raunar víðar, flokka sem eru yzt til hægri a. m. k. af öllum lýðræðisflokkum í þessum löndum. Það vita auðvitað allir, að Framsfl. er í ýmsum efnum eini afturhaldsflokkurinn á Íslandi, eini flokkurinn, sem blygðunarlaust berst fyrir því að halda uppi misrétti þegnanna og hverfa til löngu úreltra stjórnarhátta.

En varðandi þau málefni, sem nú skipta mönnum í flokka víðs vegar, þá spyr ég: Hver eru þau, ekki aðeins hér á landi, heldur annars staðar, sem meira ráða heldur en utanríkismálefni og varnarmálefni og hvort þjóðnýting skuli eiga sér stað, auk allra annarra, sem hv. 1. þm. Austf. sleppir að telja upp? Hv. þm. er að reyna að rökstyðja það, sem ég vitnaði til, að það skipti engu máli, hvaða skoðun menn hafi á hinum mestu baráttumálum, einungis ef þeir vilji sjálfir ganga undir hans árar og hjálpa honum til þess að þurrka þau tár af hvarmi landsmanna, sem hv. 2. þm. Austf. (HÁ) talaði um í dag, þegar hann lýsti því, að það, sem helzt kæmi tárunum út á Íslendingum nú, væri að hafa slíkan forsrh. sem mig. Hann heldur, að framsóknarmenn hætti að gráta, ef Eysteinn Jónsson verður forsætisráðherra.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég er það sem við köllum „dauður", og verður að bíða betri tíma að ræða nánar við forsrh. um ýmislegt af því, sem hann sagði hér áðan.

Það er auðheyrt, af hverju hæstv. forsrh. hefur mestar áhyggjur nú um þessar mundir. Hann hefur mestar áhyggjur af því, að menn fylki sér í vaxandi mæli um Framsfl., og kannske hefur hann ástæðu til að hafa áhyggjur af því. Það er svo að sjá sem hann gangi með áramótagreinina mína í vasanum, og þykir mér það gott og sýnir, að ég muni hafa hitt þar á rétta nótu.

Hann telur það mikið hneyksli, að gert sé ráð fyrir því, að í Framsfl. geti menn haft mismunandi skoðanir á einstökum málum. En ég tel það mikinn sóma fyrir flokkinn, að þannig er ástatt, og við förum ekki neitt í felur með þetta. Þetta er allt öðruvísi í Sjálfstfl., því að þar má víst enginn hafa aðra skoðun en „páfinn", og allir vita, hver „páfinn" er. Ef út af ber, þá kemur „páfinn" með bannbullur sínar með viðeigandi hótunum og öðru slíku til þess að reyna að færa allt í rétt horf, eins og það er kallað í þeirri sveit.

Hæstv. forsrh. hefði sannarlega átt að eyða nokkrum mínútum, fyrst hann fór að ræða þessi mál almennt, til að gera grein fyrir stefnu Sjálfstfl. og stefnufestu sinni t. d. í viðhorfinu til kommúnista, svo að ekki sé nefnt nú nema það eitt. Hann hefur talið sig þar mikinn krossferðaforingja, en skríður nú fyrir kommúnistum til að reyna að framlengja, ef verða mætti, eitthvað valdastreitusetu sína í forsætisráðherrastólnum.

Það er svo að heyra helzt á hæstv. forsrh., að opinberar framkvæmdir séu þannig vaxnar, að þær megi bíða, þær séu einhvers konar aukaþægindi, sem þjóðin eigi að veita sér, ef hún hafi efni á því. Hæstv. forsrh. virðist algerlega vanta grundvallarskilning á því, að mikill þorri allra verklegra framkvæmda ríkisins er meðal undirstöðusteinanna í sjálfum hagvextinum, þannig að það verður ekki eðlilegur hagvöxtur og ekki eðlileg framleiðsluaukning, nema það opinbera geri sína skyldu t. d. í samgöngumálum, hafnarmálum, skólamálum og heilbrigðismálum. Þetta er bókstaflega ein undirstaðan að hagvextinum. Það er ekkert einkennilegt, þó að manni, sem hefur þennan hugsunarhátt ráðherrans, finnist það ekki skipta miklu máli, þó að hann kasti opinberum framkvæmdum í úrkastsflokkinn. En þetta er algerlega á misskilningi byggt. Hér er verið að deila um, hvað skuli sitja fyrir, og við höldum því einfaldlega fram, að það verði að velja og hafna í því tilliti og líta á heildina. Það er aðalatriðið.

Þá var hæstv. forsrh., eins og honum er tamt, að snúa hér út úr vaxtadæmi mínu og málflutningi mínum um vextina. Ég sagði það, sem satt var, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna reiknaði vextina í sjávarútveginum 40% af kaupinu í frystiiðnaðinum 1961. Þá reiknaði hún auðvitað vexti af öllu því fé, sem í frystiiðnaðinum var, bæði skuldum og eigin fé. En hæstv. forsrh. botnaði ekkert í þessu frekar en öðru, sem lýtur að efnahagsmálum, og grípur í ofboðinu grein Haralds Böðvarssonar, sem er einn af ríkustu mönnum landsins, og þykist ætla að hnekkja þessu dæmi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna með því að vitna í vaxtagreiðslur hans. Dæmið var ekki frá mér, það var frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og því verður ekki hnekkt með því að lesa upp, hvað einn af ríkustu mönnum landsins borgar í vexti. Það er ekki það, sem hér er um að ræða, og það hefði hæstv. forsrh. átt að skilja.

Hæstv. ráðh. Emil Jónsson spurði hér áðan: Hvað vilja þeir gera, sem ekki vilja skera niður opinberar framkvæmdir? Við teljum hreinlega ekkert liggja fyrir um, að ríkissjóð vanti fé til að standa undir þeim opinberu framkvæmdum, sem búið er að setja á fjárl. Ekkert liggur fyrir um þetta. Auk þess teljum við, að með því að innheimta skattana, með því t. d. að láta skila í ríkissjóðinn söluskattinum, sem innheimtur er af fólkinu, mundi vera hægt að ná því fé, sem þarf. Enn fremur er það ekkert einkennilegt, þótt við göngum eftir því, að ríkisstj. efni eitthvað af þeim sparnaðarloforðum, sem hún hefur gefið með digurbarkalegum yfirlýsingum á undanförnum árum. Það var ekki svo lítið um að vera, þegar hún tók við og sagði, að sukkið hefði verið þannig áður, að það væri auðvelt að lækka ríkisútgjöldin. Það hefur þá þokkalega verið gert eða hitt þó heldur. Er það nokkuð einkennilegt, að við göngum eftir efndum á einhverju af þessu, þegar á að fara að skera niður opinberar framkvæmdir? Situr það á hæstv. ráðh. að setja upp undrunarsvip út af slíku? Loks vil ég segja: Jafnvel lántaka til að halda uppi þessum framkvæmdum væri skárri en það, sem núv. ríkisstj. hugsar sér að gera.

Mér þótti það leiðinlegt, sem hæstv. samgmrh. sagði hér áðan um undirmann sinn, framkvstj. Skipaútgerðarinnar. Hæstv. ráðh. verða að gæta velsæmis, þótt þeir sæti gagnrýni og þeim kunni að renna í skap undan gagnrýninni. En það er ekki að gæta velsæmis, þegar ráðh. ræðst að undirmanni sínum, sem enga möguleika hefur til þess að útskýra málstað sinn hér. Það ættu hæstv. ráðh. sannast að segja að gera annars staðar. Auk þess á ég eftir að sjá, að það hafi strandað á forstjóra Skipaútgerðarinnar einum að framkvæma þær till., sem hinir norsku sérfræðingar gerðu. Hitt mun sönnu nær, að þar mun hann hafa farið eftir ráðum þeirra manna íslenzkra í mörgum dæmum, sem betur þekkja til þessara mála en hæstv. ráðh. og útlendu sérfræðingarnir samanlagt. Auk þess veit ég ekki betur en það liggi fyrir, að þessi forstöðumaður Skipaútgerðarinnar hafi þráfaldlega gert till. um að útvega hagfelldari skip til strandferðanna, en hæstv. ráðh. hafi ekki sýnt hina minnstu viðleitni í þá átt að útvega slík skip, þannig að hægt væri að reka strandferðirnar með hagfelldara móti.

Það er ekki að mínu viti að gæta velsæmis

að ráðast þannig á undirmann sinn hér á hv. Alþ., og ég man ekki eftir því að hafa heyrt slíkt gert áður á þessa lund. Og mér þykir mikið miður, að þetta skuli hafa hent jafnágætan mann og hæstv. ráðh. En menn verða að gæta þess, þótt þeim kunni að renna í skap, að fara ekki yfir eðlileg takmörk. Hæstv. ráðh. hneykslaðist mjög á því, að halli Skipaútgerðar ríkisins hefði vaxið frá því 1958. Þá var halli Skipaútgerðarinnar 11.6 millj., en hæstv. ráðh. segir, að hann verði nú 30 millj. Það er ekki furða, þó að þeirri stjórn blöskri þetta, sem hefur hækkað ríkisútgjöldin á sama tíma úr 850 millj. í nálega 4 milljarða eða 3 milljarða og 800 millj., 3800 millj., ef með er talin vegáætlunin.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú kannske ástæðulaust að vera að elta ólar við hæstv. forsrh. og útúrsnúninga þá, sem hann hefur haft í frammi. En það hefur farið svo fyrir hæstv. forsrh. að falla fyrir þeirri freistni, sem hann hefur verið að ásaka aðra um. Hæstv. forsrh. hélt því fram hér í dag, að framsóknarmenn héldu því fram, að það skipti engu máli, hvaða skoðun menn hefðu, menn gætu samt verið í Framsfl. Ég mótmælti þessum ummælum hans, og hann hefur reynt að svara þessu á þann veg að lesa hér upp kafla úr grein eftir 1. þm. Austf., en það kemur hvergi fram í þeirri grein, sem hann las hér upp, að það skipti engu máli, hvaða skoðun menn hafi, og geti þrátt fyrir það verið í Framsfl., alveg sama, hver skoðunin sé. Það eina, sem er sagt þar, er, að menn eigi að geta verið saman í flokki, þó að þá greini á um margt, og það er vitanlega sitt hvað, að menn gæti greint á um margt, heldur en hitt, að það skipti engu máli, hvaða skoðun menn hafi. Ég hygg, að það sé þannig í öllum lýðræðisflokkum undantekningarlaust, nema vera kunni í Sjálfstfl., að þó að flokksmenn séu sammála um meginstefnu, sé ágreiningur meðal þeirra um fjölmörg mál, einstök framkvæmdamál og dægurmál, sem fyrir liggja á hverjum tíma. Og það má nefna fjöldamörg dæmi þess, eins og t. d. er gert í grein Eysteins Jónssonar í sambandi við brezka Verkamannaflokkinn. En það er hreinn útúrsnúningur hjá hæstv. forsrh. að reyna að túlka þessi ummæli á þá leið, að það sé sagt, að það skipti engu máli, hvaða skoðun menn hafi, til þess að geta verið í Framsfl., eins og nú sé komið stefnu hans.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða nánar um þennan útúrsnúning hæstv. forsrh. En ég sakna þess, að hæstv. forsrh. skuli ekki svara þeim spurningum, sem ég bar fram í framhaldi af þessum ummælum hans. Hann var að reyna að sanna skoðanaleysi eða stefnuleysi á Framsfl. Ég spurði hæstv. forsrh. í framhaldi af þessu, hver væri stefna ríkisstj. í efnahagsmálum, og nefndi nokkur atriði í því sambandi, sem ég óskaði eftir skýringu á. Ég spurði hæstv. forsrh. einnig eftir því, hver væri stefna Sjálfstfl. í þjóðmálum og hver væri t. d. afstaða hans til kommúnisma. Hæstv. forsrh. hefur alveg vikizt undan að svara þessum spurningum. Og ég get vel skilið það, vegna hvers forsrh. hefur vikizt undan að svara þessum spurningum. Það er vegna þess, að ef hann ætlaði að svara þeim rétt, getur hann ekki svarað þeim öðruvísi en á þann einn veg, að þannig sé nú raunverulega komið málum ríkisstj., að hún hefur enga fastmótaða stefnu í efnahagsmálum, heldur hrekst sitt á hvað og það er eitt í dag og annað á morgun hjá henni. Og það hefur verið hið nákvæmlega sama um Sjálfstfl. frá fyrstu tíð, hann hefur ekki fylgt fram, þótt hann hafi þótzt hafa ákveðna stefnu, neinni ákveðinni stefnu, heldur hrakizt sitt á hvað og unnið sitt á hvað, eftir því sem hann hefur talið sér bezt henta hverju sinni. Hann hefur verið tilbúinn til þess að vinna með hverjum sem var og eiginlega upp á hvað sem var, ef hann aðeins gæti komið því þannig fyrir, að hann gæti hlynnt að þeim gróðaöflum, sem hann er sérstaklega myndaður til þess að vinna fyrir. Sjálfstfl. hefur frá fyrstu tíð verið hinn mesti og raunverulega eini sannkallaði hentistefnuflokkur hér á landi. Hann hefur verið að reyna að klæða sig í það gervi, að hann væri frjálslyndur íhaldsflokkur, sem fyrst og fremst vildi vinna að því að efla og styrkja einkaframtakið, en hann hefur unnið fullkomlega gagnstætt þeirri stefnu hvað eftir annað, ef honum hefur boðið svo við að horfa, og hann hefur álitið, að það væri til hags fyrir þá fáu gæðinga, sem hann er sérstaklega myndaður til þess að vinna fyrir.

Ég skal svo ekki hafa mörg orð um það málefni, sem hér liggur fyrir, en er raunverulega um það, að það eigi að skera niður verklegar framkvæmdir um 20%.

Hæstv. sjútvmrh. var að reyna að stilla þessu dæmi þannig upp, að það þyrfti að borga þessar fiskuppbætur á fiskverðið og það, sem rætt er um í þessu frv., og það þyrfti að borga opinberum starfsmönnum hærra kaup, og hvar ætti að taka peningana til þess að gera þetta. Því er fljótsvarað, og hæstv. sjútvmrh. veit það vel. Fjárl. fyrir þetta ár eru raunverulega afgreidd með það miklum greiðsluafgangi, eins og sýnt var fram á í umr. um fjárl. fyrir jólin og það skattafrv., sem þá var flutt, að þau eru afgreidd með það ríflegum greiðsluafgangi, að ríkissjóður getur vel tekið á sig þau gjöld, sem felast í þessu frv., og eins kauphækkanir til opinberra starfsmanna, án þess að þurfi að leggja á nýja skatta eða skera niður verklegar framkvæmdir. Þess vegna eru þessar smávægilegu hækkanir, sem hér er að ræða um, hækkanirnar á fiskverðinu og bæturnar til opinberra starfsmanna, aðeins notaðar sem skálkaskjól til þess að skera niður verklegar framkvæmdir, en ekki vegna þess, að það sé nauðsynlegt. Og hvers vegna eru verklegar framkvæmdir ríkisins skornar niður? Jú, það kom fram síðar í ræðu hæstv. sjútvmrh., hver ástæðan var, þegar hann var að tala um, að

það væri skortur hér á vinnuafli og þess vegna þyrfti að draga úr einhverjum framkvæmdum, og þá er það, sem stefna ríkisstj. hvað þetta snertir a. m. k. kemur skýrt í ljós, og það er það, að ef nauðsynlegt er talið að láta einhverjar framkvæmdir víkja, þá eru það hinar opinberu framkvæmdir, sem skulu víkja. Þær skulu mæta afgangi, allt annað skal hafa forgangsrétt. Ég fullyrði það, sem ég sagði áðan í fyrri ræðu minni, að þetta er gagnstætt þeirri stefnu, sem fylgt er í nágrannalöndum okkar og ég held yfirleitt í allri Vestur-Evrópu. Þar eru það hinar opinberu framkvæmdir, sem eru látnar hafa forgangsrétt, og í öllum þessum löndum hefur verið lögð megináherzla á það að auka opinberar framkvæmdir ár frá ári, auka samgöngubætur, auka skólabyggingar, auka spítalabyggingar o. s. frv. og byggingar í sambandi við rannsóknarstarfsemi og annað þess háttar, vegna þess að með þessum framkvæmdum er raunverulega lögð undirstaðan að öllum framkvæmdum öðrum. Þetta eru grundvallarframkvæmdirnar. Til þess að atvinnuvegirnir geti starfað sæmilega, þurfa þeir að búa við góðar og síbatnandi samgöngur, og til þess að atvinnuvegirnir geti eflzt og aukizt, þurfa þeir að búa við sem bezta og batnandi menntun fólksins í viðkomandi landi, og til þess að ná því marki er nauðsynlegt að auka skólastarfsemina og byggja skóla.

Það er fullkomlega rétt, sem hæstv. menntmrh. hefur stundum verið að hafa hér eftir erlendum mönnum, að það er engin fjárfesting í dag mikilvægari en sú að auka menntun fólksins, og það verður ekki gert með öðru móti en að auka skólana og byggja fleiri skóla og koma upp fleiri skólum en nú á sér stað. Þess vegna er það, sem hér er að gerast, öfugt við það, sem á sér stað í öllum löndum öðrum, að það er verið að ráðast á þær framkvæmdirnar, sem eru undirstaðan undir öllum framkvæmdum og framförum öðrum, eins og líka glöggt kom fram í þeirri áætlun Dana, sem ég vitnaði til, um opinberar framkvæmdir þar á 3 næstu árum, sem sýnir, að á 3 næstu árum ætla Danir að auka um 50% framlög til vegamála þar í landi, og þar að auki ætla þeir að veita mikla fjárveitingu til járnbrauta og sporvagna, og það er vegna þess, að Danir telja það svo mikilvægt fyrir sína atvinnuvegi, þó að þeir búi við góðar samgöngur og góða vegi í dag, að gera þetta enn þá betra, að þessar framkvæmdir verða að sitja í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum. Á sama hátt ætlar danska ríkið að auka stórlega framlög til skólabygginga á þessu þriggja ára tímabili, framlög til spítala, framlög til bygginga í þágu rannsóknarstarfsemi og þar fram eftir götunum, eða m. ö. o.: það er gert ráð fyrir því, að árið 1967—1968 verji ríkið 50% meira fé til opinberrar fjárfestingar heldur en það gerir á þessu ári. Framlög bæjarfélaganna aukast hins vegar heldur minna. Þetta sýnir það, að á þessu sviði eins og mörgum öðrum er framfylgt allt annarri stefnu hjá núv. ríkisstj. heldur en sú stefna er, sem fylgt er í nágrannalöndum okkar. Þar er stefnt að því að auka hina opinberu fjárfestingu. Í Danmörku á að auka hana um 50% hvað ríkið snertir á næstu 3 árum. Hér er hún skorin niður um 20%. Og það er engin þörf að gera þetta vegna þess, að það þurfi að leggja á neina nýja skatta, vegna þess að fjárl. voru afgreidd með þó ríflegum tekjuafgangi, að ríkið þolir vel þau útgjöld, sem felast í þessu frv., án þess að skattar séu hækkaðir eða framkvæmdir séu skornar niður.

Hæstv. forsrh. var að minnast á það og vildi telja það, að því er mér skildist, nokkurn fjandskap við Reykjavík, að það hefði verið minna byggt þar af skrifstofuhúsnæði í tíð vinstri stjórnarinnar heldur en á síðustu árum. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að það hefur verið byggt meira af skrifstofuhúsnæði í Reykjavík nú en gert var í tíð vinstri stjórnarinnar. En það var annað húsnæði, sem var byggt í miklu stærri stíl í tíð vinstri stjórnarinnar í Reykjavík heldur en þetta, sem hæstv. forsrh. minntist á. Það var byggt miklu meira af íbúðum í Reykjavík á þeim tíma heldur en á sér stað nú á síðustu árum. Það hefur dregið svo stórkostlega úr íbúðabyggingum hér í Reykjavík seinustu árin, að það hefur skapazt stóraukinn vandi í húsnæðismálunum. Og það er alveg víst mál, að ef menn vilja raunverulega gera eitthvað til þess að ráða við þá miklu verðbólgu, sem hefur verið að vaxa í landinu á undanförnum árum, og halda henni í einhverjum skefjum, er ekkert mikilvægara og ekkert nauðsynlegra heldur en að koma sæmilegu lagi á húsnæðismálin. Og það er eitt af þeim mörgu sviðum, sem ríkisstj. hefur starfað rangt, það er í byggingarmálunum með því að auka byggingar á hvers konar skrifstofuhúsnæði og verzlunarhúsnæði alveg stórkostlega, en draga úr byggingu íbúðarhúsnæðis í staðinn og láta þetta koma fram á þann hátt.

Ég get sagt það hiklaust og er óhræddur við að segja það, að ég mundi hafa alveg hiklaust greitt atkv., ef ég hefði þurft að greiða atkv., með því, að ýmsar og mjög margar og jafnvel allar þær skrifstofubyggingar, sem hafa verið reistar í Reykjavík á undanförnum árum, hefðu frekar verið látnar bíða heldur en það íbúðarhúsnæði, sem þörf er á nú og fólkið vantar nú til þess að vera í og okkur er nauðsynlegt til þess að leysa húsnæðisvandamál bæjarbúa og sum raunveruleg vandamál landsins alls, því að húsnæðiskostnaður í Reykjavík hefur áhrif á allt efnahagskerfið í landinu.

Ég ætla svo að lokum að minnast á eitt atriði, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., og það var sá samanburður, sem hann var að gera á framlögum til verklegra framkvæmda í ár og 1958. Það virðist koma fram hjá hæstv. forsrh. sá misskilningur, að við framsóknarmenn teljum, að allt eigi að vera í sömu skorðum og var 1958. Þetta er mikill misskilningur. Við teljum einmitt, að ástandið á öllum svið-

um, ef rétt hefði verið stjórnað, ætti að vera stórum betra nú en 1958 vegna þess mikla góðæris, sem hefur verið í landinu á þessu tímabili. Það væri ekki nema eðlilegt, að t. d. kaupmáttur tímakaupsins væri nú 20—30% meiri en hann var 1958, ef rétt hefði verið stjórnað, og ekki nema í samræmi við það, sem annars hefði átt sér stað. En þetta hefur því miður ekki orðið. Og það er ekki heldur nema í samræmi við það, sem hefur átt sér stað annars staðar, að opinber fjárfesting hafi stóraukizt á þessum tíma, vegna þess að þarfirnar fyrir hina opinberu fjárfestingu hafa farið stórvaxandi hér á landi á þessum tíma alveg eins og í öðrum löndum. En nýi tíminn og hin nýja tækni krefst þess, að samgöngurnar séu stöðugt bættar og það miklu meira bættar en áður átti sér stað. Hinn nýi tími og tækni krefst þess einnig, að það eigi sér stað stórfelld framsókn í skólamálunum og miklu meiri en átti sér stað á undanförnum árum, vegna þess að breytingin er að verða svo ör, sem er að gerast þar og þarf að gerast þar. Þess vegna er sennilega ekkert hættulegra, sem hægt er að gera nú gagnvart framtíðinni eða sem bitnar á framtíðinni, heldur en að draga úr þessum framkvæmdum, skólabyggingunum, samgöngubótunum, spítalabyggingunum og byggingu rannsóknarstofnana, því að það eru einmitt þessar framkvæmdir, sem eru grundvöllur þess, að við getum haldið til jafns við aðra í þeirri framfarasókn, sem er nú hvarvetna í heiminum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 387 og 393, 394).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. á þskj. 387, hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna, hv. 5. þm. Austf., hefur skilað séráliti og flutt brtt. á sérstöku þskj. Aðrir nefndarmenn eru í meginatriðum sammála um afgreiðslu frv. Þó hafa tveir undirritað nál. með fyrirvara, hv. 4. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Norðurl. e., og þeir hafa einnig áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Á s. l. ári kom til þess, að gera þurfti nokkrar ráðstafanir til að hjálpa útflutningsframleiðslunni og þá einkum hraðfrystihúsunum til að mæta 15% kauphækkun, sem varð í des. 1963, og hækkuðu fiskverði, sem varð í jan. 1964. Í fyrsta lagi voru þá lagðar fram 43 millj. kr. til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Í öðru lagi var þá greitt til aflatryggingasjóðs vegna togara 51 millj. kr. framlag og úthlutun þess miðuð við útgerð á árinu 1963. Í þriðja lagi voru veittar til fiskleitar vegna togara 4 millj. kr. Í fjórða lagi var greidd 6% viðbót við ferskfiskverðið, eins og yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins úrskurðaði það 21. jan. 1964. Í fimmta lagi voru lækkuð útflutningsgjöld úr 6% í 4.2% af fob.-verði á útfluttum saltfiski, skreið og freðfiski og fleiri útflutningsvörum. Þetta er talið, að jafngilti 19 millj. kr. bættri aðstöðu fyrir hraðfrystihúsin, en 11 millj. kr. fyrir framleiðendur saltfisks og skreiðar. Í sjötta lagi var svo ákveðin hækkun á framlagi ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs í helming á móti því, sem sjóðurinn fær af útflutningsgjaldi. Tekna vegna þessa ráðstafana var á s. l. ári aflað með hækkun á söluskatti úr 3% í 5½%, en heildarupphæðin, sem afla þurfti ríkissjóði til þess að standa undir þessum ráðstöfunum, var áætluð á s. l. ári 128 millj. kr. alls.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár var ríkisstyrkur vegna framleiðniaukningar, 43 millj. kr., felldur niður og sömuleiðis uppbæturnar á ferskfiskverðið, sem námu skv. áætlun s. l. ár 52.5 millj. kr., en önnur atriði í lögum nr. 1 frá 1964, er snerta aðstoð við sjávarútveginn, hafa haldizt, þó þannig, að fiskleit í þágu togara mun nú vera innifalin í liðnum: Til fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna, sem hækkaði við afgreiðslu fjárl. þessa árs um 8.5 millj. kr. Framlagið til fiskveiðasjóðs nemur vegna laganna í fyrra á þessu ári 31.6 millj. kr., en til aflatryggingasjóðs til styrktar togurum hefur lækkað úr 51 millj. kr. í 40 millj. kr., vegna þess að færri togarar eru nú gerðir út en var á s. l. ári.

Lækkun útflutningsgjalda á saltfiski, skreið, freðfiski o. fl. kemur framleiðendum að sjálfsögu til góða áframhaldandi eins og s. l. ár.

Þessu til viðbótar má geta þess, að vextir voru lækkaðir í byrjun þessa árs, og fyrir dyrum stendur að lækka tolla á vélum í þágu útflutningsframleiðslunnar. Og loks er þess að geta, að farmgjaldalækkun hefur átt sér stað, sem kemur framleiðendum einnig til góða. Jafnframt hafa mörg frystihús bætt vinnuaðstöðu og gert ýmsar endurbætur, sem stuðla að hagkvæmari rekstri.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, er þó ekki talið nægilegt til að vega á móti brottfalli framlags til framleiðniaukningar og niðurfellingu á fiskuppbótum úr fjárlögum, sem ég gat um áðan, ekki sízt þegar þar við bætast þegar orðnar og væntanlegar kauphækkanir og fiskverðshækkun sú, sem talin var óhjákvæmileg í byrjun þessa árs.

Nokkur hækkun á útflutningsverði sjávarafurða kemur að vísu einnig þar á móti, en skemmst af að segja var niðurstaða yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins í janúarmánuði s. l. sú, að aðstoð ríkissjóðs þyrfti að koma til, til þess að hægt væri að hækka fiskverðið um 5½% og greiða 25 aura uppbót á hvert kg af fiski veiddum á línu.

Þetta hvort tveggja er talið að kosti ríkissjóð 55 millj. kr. á þessu ári, og byggist niðurstaða yfirnefndar á því, að ríkissjóður leggi fram það fé, sem með þessu frv. er lagt til. En ákvarðanirnar um þau fjárútlát er að finna í 1. og 2. gr. frv. Skv. 3. gr. þess er eingöngu

um að ræða hliðstætt ákvæði og var í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 1 frá 1964, varðandi úthlutun til togara úr aflatryggingasjóði, þ. e. að úthlutunin vegna aflabrests 1964 miðist við úthaldstíma togaranna það ár.

Þessi till. er skv. eindreginni ósk samtaka togaraeigenda. Þegar yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins kvað upp úrskurð sinn um fiskverðið, m. a. á grundvelli þessa, sem ég nú hef rakið, var ekki um þá ákvörðun fullt samkomulag, og voru fulltrúar fiskkaupenda í nefndinni ósamþykkir úrskurðinum, en fulltrúar fiskseljenda, þ. e. sjómanna og útvegsmanna, stóðu að úrskurðinum. Hefur þannig náðst víðtækari samstaða í þessu efni en raun varð á s. l. ár, og sýnir þetta m. a., að breyting sú, sem Alþ. gerði fyrr í vetur á lögunum um verðlagsráð sjávarútvegsins, hefur verið til bóta, þó að æskilegt væri, að allir aðilar gætu náð fullri samstöðu í þessu efni. En hvað um það, fiskkaupendur hafa ekki talið, að nógu langt væri gengið til móts við óskir þeirra með þeim stuðningi, sem veita á sjávarútveginum skv. þessu frv., og einkum mun vera talin þörf á, að aðstaða skreiðarframleiðenda verði bætt. Mun það mál verða tekið til velviljaðrar athugunar, að því er mér hefur verið tjáð, en naumast er hægt að tengja það afgreiðslu þessa frv., enda margt óljóst enn þá um markaðshorfur fyrir skreið.

Sjútvn. kynnti sér nokkur atriði varðandi framkvæmd laganna frá í fyrra, einkum að því er varðar úthlutun til togara úr aflatryggingasjóði og skiptingu framleiðniaukningarfjár til frystihúsanna. Heimildin til að miða úthlutunina til togaranna við úthaldstímann var notuð. Varðandi síðara atriðið kom í ljós, að skiptingin hefur miðazt við framleiðsluverðmæti frystra sjávarafurða 1963 annars vegar og hins vegar við það, að húsin hefðu gert ráðstafanir til eða framkvæmt endurbætur, sem stuðluðu að hagkvæmari rekstri. Framleiðsluverðmætið mun þó hafa ráðið mestu um úthlutunina og þá verið meðtalið framleiðsluverðmæti frystra síldarafurða. Má segja, að s. l. ár hafi þetta verið eðlilegt, þar sem veittar voru 52½ millj. kr. til að hækka verð á bolfiski sérstaklega.

Nú er hins vegar um eina upphæð að ræða skv. 2. gr. frv., sem beinlínis er tengd því verði á bolfiski, sem yfirnefnd verðlagsráðsins úrskurðaði að þessu sinni, og þess vegna er það mín skoðun og að ég hygg fleiri nefndarmanna, að þeim 33 millj. kr., sem um getur í 2. gr. frv., eigi nú eingöngu að skipta með hliðsjón af framleiðslu frystihúsanna á bolfiskflökum.

Frv. hefur ekki inni að halda beinar till. um tekjuöflun til að standa undir þeim útgjöldum, sem því fylgja, ef að lögum verður. En í grg. er frá því skýrt, að ætlunin sé að skera niður önnur útgjöld ríkissjóðs til þess að mæta á þann hátt þeirri útgjaldaaukningu, sem verður skv. frv., og er þeim niðurskurði jafnframt ætlað að standa undir fleiri útgjöldum ríkissjóðs, sem til hafa fallið, eftir að afgreiðslu fjárl. lauk.

Að sjálfsögðu er þessi leið umdeilanleg. En þar sem svo er að sjá, að nokkuð víðtæk samstaða sé meðal hv. þdm. um efnisatriði frv., skal ég ekki hefja hér rökræður um þetta efni. Þó verð ég að segja, að ef menn telja niðurskurðarleiðina með öllu ófæra, þá þurfa þeir hinir sömu að benda á aðrar leiðir til fjáröflunar, því að naumast er til verri blekking en sú að samþykkja útgjöld úr ríkissjóði, án þess um leið að tryggja það, að hægt sé að standa við slíkar skuldbindingar.

Ég legg svo til, fyrir hönd meiri hl. sjútvn., herra forseti, að frv. verði samþ. óbreytt og að því verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér, var fjhn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill samþykkja frv. óbreytt, en ég tel rétt að gera á því nokkrar breytingar og flyt fjórar brtt. við frv. á þskj. 394. Vil ég nú í stuttu máli gera grein fyrir þessum brtt. mínum.

1. brtt. mín er við 2. gr. frv., en í henni er lagt til, að 33 millj. kr. verði varið á árinu 1965 til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta á framleiðslu frystra fiskafurða. Þessu legg ég til að verði breytt þannig, að þessari upphæð verði varið til framleiðniaukningar í fiskiðnaði og til annarra endurbóta í framleiðslu fiskafurða. Eins og menn veita athygli, legg ég til, að þessari upphæð verði varið til allra greina fiskframleiðslunnar jafnt, en ekki aðeins til hraðfrystiiðnaðarins, eins og gert er ráð fyrir í frv. Mér þykir engin ástæða til þess, að verið sé að greiða sérstaka styrki til hraðfrystihúsanna einna vegna þeirra framleiðslu, en skilja eftir þá framleiðendur, sem framleiða saltfisk, skreið og aðrar fiskafurðir úr því hráefni, sem þessir aðilar verða að kaupa á nákvæmlega sama verði og þeir, sem framleiða hraðfrysta fiskinn. Það hafa komið fram umkvartanir frá þessum aðilum, sem sérstaklega verka fisk í salt og skreið, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að ef á að fara að gera hér upp á milli, þá er aðstaða þeirra, sem verka fisk í skreið, núna veikust og mun veikari en hinna, sem verka fisk í hraðfrystingu. Till. mín beinist því að því, að þessum styrk verði varið til allra þessara fiskverkunaraðferða jafnt, en ekki ein tekin út úr eins og lagt er til í frv.

2. brtt. mín, sem einnig er við 2. gr., er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að við greinina bætist: „Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu hafa.“ Ég vil, að á það sé lögð áherzla, að í þeim reglum, sem sjútvmrh. á að setja um skiptingu þessarar fjárhæðar eða þessa styrks, sé það alveg skýlaus meining Alþ., að ráðstafanir verði gerðar til þess, að styrkurinn renni fyrst og fremst

til þeirra, sem þurfa mest á styrknum að halda eða hafa lakasta rekstraraðstöðu.

Ég tel rangt með slíka fjárhæð sem þessa, sem er að sjálfsögðu ekki nema tiltölulega lítill hluti af heildarframleiðslukostnaðinum, að haga framkvæmdinni eins og nú hefur verið gert, að fjárhæðin renni svo að segja öll til þeirra aðila, sem enginn vafi getur leikið á að hafa rekið með hagnaði, en þannig hefur þetta verið. Stærstu frystihúsin, sem hafa mest hráefni til þess að vinna úr og m. a. hafa haft þá sérstöðu að geta unnið úr miklu af síld, þar sem rekstrarafkoman er almennt talin betri, fá meginhlutann af þessari styrkupphæð. Ég tel þetta rangt og legg því til, að það verði skýrt tekið fram, að í reglunum, sem fara á eftir í þessum efnum, verði ákveðið, að þessi upphæð skuli fyrst og fremst renna til þeirra, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu.

3. brtt. mín er við 3. gr. frv., en hún fjallar um bætur til togaranna. Þar legg ég til, að tekið verði tillit til þess við úthlutun á styrk til togaranna, hvort þeir hafi verið gerðir út fyrir innlendan markað eða fyrir erlendan markað. Ég álít, að styrkurinn, miðað við úthaldstíma, eigi að verða helmingi meiri fyrir þann tíma, sem skipin hafa verið gerð út fyrir innlendan markað, heldur en fyrir þann tíma, sem þau hafa verið gerð út fyrir erlendan markað.

4. brtt. mín, sem einnig er við 3. gr., er um, að tekið verði upp sérstakt ákvæði til bráðabirgða, þess efnis, að ríkisstj. skipi 5 manna nefnd, strax eftir að lög þessi hafa verið samþykkt, til þess að gera till. til Alþingis um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll. Ég álít, að það sé ekki við það unandi að greiða marga tugi millj. kr. í beina rekstrarstyrki og það eftir þeim reglum, sem nú er gert til togaraútgerðarinnar í landinu, án þess að Alþingi láti rannsaka rekstrarvandamál togaranna sérstaklega og geri tilraunir til þess að skapa togaraútgerðinni í landinu betri rekstraraðstöðu en nú er.

Þetta eru sem sagt megintill., sem ég legg til að samþykktar verði við þetta frv. Ég ræddi nokkuð um efni frv. og efnahagsmálin almennt við 1. umr. málsins og sé því ekki ástæðu til þess að fara út í neinar framhaldsumr. um það, en hef gert grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt við frv. og legg áherzlu á að nái samþykki.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. sjútvn. á þskj. 387 með fyrirvara, og sama hefur hv. 4. þm. Reykn. gert. Ég er því samþykkur, að ákveðinn verði sá stuðningur eða gerðar þær ráðstafanir í meginatriðum vegna sjávarútvegsins, sem gert er ráð fyrir í frv., en fyrirvari minn er að öðrum þræði andmæli gegn þeirri tilkynningu, sem fram kemur frá hæstv. ríkisstj. í grg. frv. um 20% niðurskurð á framlögum til verklegra framkvæmda, en um það mál hefur verið allmikið rætt við 1. umr. þessa máls, en einnig veit fyrirvarinn að því, að ég vildi áskilja mér rétt, eins og fram kemur í nál., til þess að fylgja brtt. eða flytja brtt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nokkuð athyglisvert á ýmsan hátt. Það er m. a. talandi vitni þess, að uppbótakerfi er nú í gildi í sambandi við útflutningsframleiðsluna og ekki hefur tekizt að komast af án þess, þ. e. a. s. uppbótakerfis, eins og gert var ráð fyrir á sínum tíma. Í þessu frv. kemur það fram, að gert er ráð fyrir að framkvæma nú ýmsar hinar sömu aðferðir eins og framkvæmdar voru í þessum efnum fyrir nokkrum árum. Það er t. d. gert ráð fyrir að greiða togurum dagpeninga. Það er gert ráð fyrir almennum verðbótum og enn fremur nokkrum sérbótum samkv. 1. gr. frv. Um þetta ætla ég samt ekki að ræða nánar. En ég vil leyfa mér að minna á það, að á þeim tíma, þegar í gildi voru heildarlög um uppbætur í sjávarútvegi, var það eitt atriði í þeim lögum, að greiða skyldi úr sjóði þeim, sem starfaði að þessum málum, þ. e. a. s. útflutningssjóði, sérstakar uppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á ýmsum tímum árs. Menn höfðu á þeim tíma lært það af reynslu, að þetta var nauðsynlegt. Það var nauðsynlegt vegna þeirra staða og vegna þeirra vinnslustöðva, sem voru þannig settar, að hráefni þeirra var sérstaklega dýrt í vinnslu. Og það hefur sýnt sig á þeim tíma, sem liðinn er, síðan þessi löggjöf var felld úr gildi, að það var ekki rétt að breyta hér til, að hlutaðeigandi staðir gátu ekki komizt af án þessara vinnsluuppbóta. Nú þykir mér einsýnt, þegar það liggur fyrir að beita gömlu aðferðunum og að ekki verði komizt af án uppbótakerfisins, að þessi aðferð verði nú tekin upp á ný, a. m. k. að einhverju leyti. Við höfum rætt um þetta nokkrir þm., og ég vil leyfa mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. (SE), hv. 2. þm. Austf. (HÁ) og hv. 1. þm. Austf. (EystJ) að flytja hér skriflega brtt. við frv. þess efnis. Ég skal geta þess, að við höfðum sent þessa till. í prentun fyrir nokkru, en henni hefur ekki verið útbýtt enn þá, og þess vegna leyfi ég mér að flytja hana skriflega. En till. er þess efnis, að aftan við 2. gr. frv., sem fjallar um 33 millj. kr. framlag til framleiðniaukningar frystihúsa o. s. frv., komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Enn fremur leggur ríkissjóður fram árið 1965 10 millj. króna, er verja skal til þess að greiða vinnuslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna."

Það er að vísu svo, að þessi upphæð, sem gert er ráð fyrir að lögð verði fram, er ekki há. Hér er aðeins um 10 millj. að ræða. Ég ætla, að séruppbæturnar hafi síðasta árið, sem l. um útflutningssjóð voru framkvæmd, numið rúmlega 20 millj. kr., og þá var fiskverð miklu lægra en það er nú. En eigi að síður ætla ég, að það mundi muna nokkuð um þessa upphæð, ef hún væri aðallega greidd þeim vinnslu-

stöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, eins og tekið er fram í brtt.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta hina skriflegu brtt. með ósk um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 398) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þessa skriflegu brtt., sem hér hefur verið flutt. Mér sýnist, að á þessari till. sé nokkur galli, þar sem gert er ráð fyrir því, að þær sérstöku fiskuppbætur, sem reiknað er með að greiða samkvæmt þessari till., eigi að renna til fiskvinnslustöðva. En þess verður að gæta, að það er þegar búið að ákveða fiskverðið nú og það er búið að ákveða einmitt verðið á smáfiskinum, ég vil segja óheyrilega lágt gagnvart þeim mönnum, sem selja fiskvinnslustöðvunum þennan smáfisk. Ég fyrir mitt leyti væri samþykkur þessari till., ef hér væri um það að ræða að verja 10 millj. kr. til verðhækkunar á smáfiski handa þeim, sem framleiða hann, því að þeir þurfa virkilega á því að halda. Framkvæmdin hefur verið sú, að verð á smáfiski hefur alltaf verið að lækka í hlutfalli við stóran fisk, og sem sagt vegna þess, að smáfiskuppbæturnar voru á sínum tíma felldar niður, hefur þetta verið látið ganga út yfir þá aðila, sem veiða smáfiskinn einkum og sérstaklega.

Ég vil þess vegna beina því til þeirra, sem flytja þessa till., hvort það sé ekki ástæða fyrir þá til þess a. m. k. að draga hana aftur til 3. umr. og kanna þetta nokkru nánar. Ég mun ekki geta greitt þessari till. atkv. í því formi, sem hún er, því að ég sé enga ástæðu til þess, eins og nú er komið, að fara að greiða vinnslustöðvunum þessar smáfiskuppbætur, þegar búið er að ákveða fiskverðið til þeirra eins og gert hefur verið.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég vil nú, auk þess sem hv. 5. þm. Austf. (LJós) fann fram kominni skriflegri brtt. til foráttu, bæta því við, að það er á henni einn megingalli, og hann er sá, að það fylgir henni engin tillaga eða ábending um það, hvaðan eigi að taka þessar 10 millj. Það er út af fyrir sig alveg nægileg ástæða til þess, að ég fyrir mitt leyti er algerlega á móti till. Hitt er svo annað mál, að á sínum tíma, þegar smáfiskuppbæturnar svokölluðu voru greiddar, voru á því margar hliðar, og ég held, að ókostirnir við smáfiskuppbæturnar hafi verið það margir, að það sé ekki vert að fara inn á þá braut á ný, svo að ég segi ekki meira um það mál. Ég vil aðeins með þessum orðum lýsa yfir andstöðu minni gegn fram kominni tillögu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. frsm. sjútvn., að það sé ekki tekið fram í hinni skriflegu brtt., hvaðan þessar 10 millj. eigi að koma, sem gert er ráð fyrir að verja til séruppbóta. Það er skýrum orðum sagt í till., að þær eigi að koma úr ríkissjóði. (Gripið fram í.) Ríkissjóður fær tekjur sínar með því að leggja skatta, ýmist beina eða óbeina skatta, á landsfólkið, og af fyrirtækjum sínum, og það er töluvert mikið fé, sem þar er um að ræða.

Ég skal svo ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. En ég held út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að við vitum það báðir jafnvel, að rekstraraðstaða vinnslustöðva er mjög ólík víðs vegar um landið eftir því, hvernig aðstaða þeirra er, og m. a. vegna þess, hvernig það hráefni er, sem þær fá til vinnslu. Að öðru leyti má heita, að þessi till. sé á sama hátt orðuð, a. m. k. að því er máli skiptir, og hann orðaði sínar till. á sínum tíma um þetta efni, þegar hann var ráðh. sjávarútvegsmála.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 394,1.a felld með 13:10 atkv.
— 394,1.b felld með 14:8 atkv.
— 398 felld með 13:10 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,2 felld með 13:11 atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 394,3 felld með 13:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið til þessarar hv. d. frá Nd., þar sem það hefur verið samþ. óbreytt, eins og það var lagt fram. Það eru í frv. þrjú efnisatriði. Það fyrsta, að á árinu 1965 skuli ríkissjóður greiða fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kg af línu- og handfærafiski. Í öðru lagi er ákvæði um það, að ríkissjóður skuli leggja fram 33 millj. á árinu 1965, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Í þriðja lagi er svo ákvæði um það, að stjórn aflatryggingasjóðs sé heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á

því ári í staðinn fyrir að greiða beinlínis eftir ákvæðum aflatryggingasjóðslaganna til hvers og eins. Ég skal fara um þessi þrjú atriði nokkrum orðum.

Þegar fiskverðið fyrir árið 1925 var ákveðið í byrjun jan. s. l., lýsti ríkisstj. yfir því, að hún mundi leita heimildar Alþ. til þess að greiða á árinu 1965 25 aura verðlagsuppbót á hvert kg af línu- og handfærafiski. Þetta er til komið vegna þess, að línu- og handfærafiskur er talinn vera og er áreiðanlega bezti fiskurinn, sem kemur til vinnslu í landi, en hefur gengið saman nokkuð upp á síðkastið, og þess vegna átti þessi upphæð að nokkru leyti að hvetja fiskimenn til þess að halla sér að þessari veiðiaðferð, og sömuleiðis átti þetta að verða nokkur styrkur til hinna smærri frystihúsa úti um land á þann hátt að auka fiskinn til þeirra, því að línuveiðarnar og handfæraveiðarnar eru meir stundaðar þar heldur en á Faxaflóasvæðinu. Þetta er að vísu ekki mjög mikil upphæð, en er þó talin munu nema um 22 millj. kr. alls og vera þess vegna nokkur stuðningur við útveginn og þá, sem vinna aflann í landi.

Þegar verð fisksins var ákveðið í ársbyrjun 1964 með þeirri hækkun, sem þá var ákveðin, var talið, að hraðfrystihúsin mundu ekki geta undir þeirri hækkun staðið ásamt með þeim hækkunum, sem orðið hefðu á kaupi um áramótin og rétt fyrir áramótin 1963—1964. Þá var ákveðið að veita frystihúsunum framlag til framleiðniaukningar, sem nam 43 millj. kr., og veita ábót á fiskverðið, sem nam 6% til viðbótar við það verð, sem ákveðið var af verðlagsnefnd. Þessari uppbót var svo breytt á miðju ári í 4% vegna þeirrar lækkunar, sem orðið hafði þá á farmgjöldum. Nú hafði við þessi s. l. áramót, þegar verðlagsráð sjávarútvegsins fór að athuga afkomu frystihúsanna, komið í ljós, að upplýsingar bentu til, að afkoma þeirra hefði verið sæmilega góð á árinu 1964 og betri en búizt var við í byrjun ársins. Þess vegna var talið mögulegt að afnema þennan styrk, sem frystihúsunum hafði verið veittur, bæði í beinu framlagi til framleiðniaukningar, 43 millj., og 6% til fiskverðshækkunarinnar til þeirra, ef ekki hefði komið annað til. En til viðbótar má svo segja, að það hafi á árinu 1964 komið fram nokkur hækkun á söluverði hraðfrystra fiskafurða, það hafa verið lækkaðar fragtir, og það hafa verið lækkaðir nokkuð vextir hjá bönkum, og þess vegna var að öllu þessu athuguðu talið, að hefði fiskverðið verið ákveðið óbreytt á þessu ári, mundi vera talið fært að ætla þessum fiskvinnslustöðvum að taka á sig þær hækkanir, sem komu til framkvæmda á árinu í vinnulaunum og komu til framkvæmdanna áramótin síðustu, að taka á sig þær byrðar, sem af því leiddi, að niður yrðu felldar alveg uppbætur ríkissjóðs til þeirra, sem greiddar voru á árinu sem leið. Nú var ákveðið, að fiskverðið skyldi ekki vera óbreytt frá árinu áður, heldur skyldi það hækka um 5½%, sem bæði var talið hlutfallsleg hækkun til sjómanna og á við það, sem aðrir hefðu fengið, og hækkun til útvegsmanna, sem ekki var talið veita af að þeir fengju á sinn aflahlut. Niðurstaðan af öllu þessu varð svo sú að leggja til, að ríkissjóður greiddi hraðfrystihúsunum sem svaraði þeirri upphæð, sem 5½% hækkunin næmi, og það er talið, að sú hækkun muni nema 33 millj. kr., þannig að bæturnar úr ríkissjóði, bæði 25 aura hækkunin fyrir línu- og handfærafiskinn, sem nemur 22 millj., og 33 millj. kr. framlagið til framleiðniaukningar frystihúsanna, nemur samtals um 55 millj. kr., en það þýðir, að ríkisframlagið í þessu skyni hefur lækkað frá því á árinu 1964 úr milli 90 og 100 millj. kr., sem framlögin voru þá samanlagt, niður í 55 millj. Náttúrlega er æskilegt og æskilegast og nauðsynlegt, að hægt sé að komast hjá því, að ríkissjóður greiði meðgjöf með þessum aðalatvinnuvegi landsmanna, þegar það er líka athugað, að verð á þessari afurð, hraðfrysta fiskinum, hefur hækkað verulega á þessu tímabili. En að öllu athuguðu hefur það ekki verið talið fært, og þetta sé sú minnsta ábót, sem þeir geta komizt af með. Það hefur að vísu verið farið fram á það, að saltfiskframleiðendum væri einnig greidd viðbótarupphæð til þess að standa undir sínum rekstri og skreiðarverkendum sömuleiðis, en það var ekki talið eðlilegt af þeim, sem með þessi mál fóru í verðlagsráði, oddamannsins a. m. k., að til þess arna þyrfti að koma, a. m. k. ekki hvað saltfiskinn snerti. Hann hefur hækkað mjög verulega á s. l. árum og var talinn með þessari verðhækkun vel geta mætt þeirri hækkun á tilkostnaði, sem hefði orðið við þessa fiskverkun.

Öðru máli gegnir um skreiðina. Hún hefur ekki hækkað í verði, eins og bæði hraðfrysti fiskurinn og saltfiskurinn, og þess vegna getur komið til, að það verði með einhverjum hætti að styrkja þá framleiðslu í bili. En vegna þess að enn er ekki séð, hvert verð muni verða á þessari afurð á þessu ári, og ekki komið til neins útflutnings þar enn, hefur það ekki verið tekið upp í þetta frv. og verður, ef til kemur, þá að veitast með öðrum hætti síðar. En sem sagt, það hefur ekki verið tekið upp í þetta frv.

Um síðasta atriðið, um heimild fyrir aflatryggingasjóð til þess að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum sökum aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma á því ári, þá er það að segja, að þetta er ekki með neinum hætti brot á reglum aflatryggingasjóðs eða lögum, sem um hann gilda, heldur er þetta hugsað þannig, að fyrst séu bæturnar reiknaðar samkv. l. um sjóðinn fyrir hvern togara, eins og l. um aflatryggingasjóðinn segja til, síðan séu þessar upphæðir allar lagðar saman í heild og útkomunni síðan deilt á úthaldsdaga togaranna og gert upp við hina einstöku togara samkv. því. Þetta kemur til af því, að það er erfitt að meta afkomu togaranna beinlínis eftir afla, því að þeir hafa mismunandi

aðstöðu til þess að komast af, þó að aflinn geti verið jafn í tonnatali, vegna þess að með sumt af aflanum er siglt til útlanda og selt beint, annað er lagt hér á land og fyrir alls ósambærilegt verð. Togaraeigendur hafa óskað eftir því, að sami háttur yrði hafður á þessum greiðslum úr aflatryggingasjóði nú og var hafður í fyrra, þannig að þeirri heildarupphæð, sem kemur út, þegar búið er að deila niður aflatryggingasjóðsbótunum á hvern togara, verði þá skipt í hlutfalli við þann dagafjölda, sem þeim hefur verið haldið úti. Þetta er að þeirra dómi eðlilegra og hagkvæmara fyrir þá, og þeir óska eindregið eftir því, að þessi háttur verði hafður á.

Þetta eru þau þrjú efnisatriði, sem í frv. felast, og ég verð nú að segja það, að í hv. Nd. var ekki mikill ágreiningur um þau í sjálfu sér. En það, sem mest var rætt um í þeirri hv. d. í sambandi við þetta frv., var eitt atriði í grg. frv., þar sem sagt er, að ríkissjóður þurfi með einum hætti eða öðrum að afla sér fjár til þess að greiða þau útgjöld eða standa undir þeim útgjöldum, sem í þessu frv. felast, og sömuleiðis þeim útgjöldum, sem leiðir af 6.6% launahækkun opinberra starfsmanna, sem samið var um snemma á þessu ári. Sú útgjaldahækkun fyrir ríkissjóðinn er áætluð 65 millj. kr. Þessi útgjöld, sem leiðir af þessu frv., eru, eins og ég sagði, áætluð 55 millj. kr., þannig að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna þessara tveggja liða verða um 120 millj. kr. Þessarar upphæðar er hægt að afla á tvennan hátt. Það er hægt að afla hennar með því að leggja á nýjan skatt fyrir henni, og það er líka hægt að afla hennar með því að draga úr útgjöldum ríkissjóðsins, því að það vita sjálfsagt allir hv. þm. þessarar d., að fjárl., eins og gengið var frá þeim á sínum tíma, voru svo þröng, að það eru engar líkur til þess, að hægt verði að taka þessi útgjöld á ríkissjóðinn, án þess að nokkurra tekna verði aflað á móti, ef á að komast hjá því, að ríkisbúskapurinn verði rekinn með halla á árinu. Ríkisstj. hefur þess vegna ákveðið, að til þess að jafna þessi met og ná þessum 120 millj., sem nauðsynlegar eru í þessa tvo staði, skuli verklegar framkvæmdir ríkisins verða lækkaðar á árinu 1965 um 20%. Greiðslur til verklegra framkvæmda á fjárl. 1965 nema samtals um 600 millj. kr., og ef 20% verður skorið niður af því eða frestað, eins og réttara er að segja, þar til síðar, spöruðust þar u. þ. b. þær 120 millj., sem nauðsynlegar eru í þessu skyni. Heimild til þessarar frestunar er veitt í fjárl., eins og þau voru afgreidd rétt fyrir áramótin, og þarf þess vegna út af fyrir sig enga nýja lagaheimild til þessarar frestunar. Ég held, að ég þurfi ekki að hafa um frv. fleiri orð. Það er mjög einfalt, þessi þrjú efnisatriði, sem ég lýsti, enda voru þau út af fyrir sig lítið rædd í hv. Nd., heldur kom mönnum ekki saman um það, hvernig teknanna skyldi aflað eða möguleikar yrðu fundnir til þess að inna þessa greiðslu af höndum, en það er strangt tekið, að segja má, kannske ekki efni þessa frv., þó að það sé afleiðing af því.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þetta frv. er samkv. því, sem fram gengur af aths. við það, flutt til fullnægingar á loforðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið í sambandi við fiskverðsákvörðunina um áramótin í vetur. Það er eftirtektarvert, að helztu mál, sem þessi hv. d. og hv. Alþ. hefur fjallað um að undanförnu, öll stærri mál, sem hæstv. ríkisstj. flytur, eru flutt til staðfestingar slíku samkomulagi við ýmsar stéttir í landinu. Við höfum hér haft til meðferðar frv. um launaskatt, frv. um verðlagsuppbætur á laun, frv. um húsnæðismálastjórn, allt til staðfestingar á hinu svonefnda júní-samkomulagi. Við höfum haft til meðferðar hér nýlega jarðræktarlög til staðfestingar á því, sem kalla mætti september-samkomulagið við Stéttarsamband bænda. Og nú fáum við frv. til staðfestingar á janúar-samkomulaginu við útgerðarmenn. Um þessar mundir er tjáð, að til meðferðar séu í viðræðum á milli ríkisstj. og launþegasamtakanna frv. að nýjum skattal., og fréttir herma, að í dag muni ný frv. um tekjustofna sveitarfélaga hafa verið tekin til meðferðar á fundi Sambands sveitarfélaganna, svo að það má gera ráð fyrir, að hv. Alþ. fái um ýmislegt að fjalla á næstunni. En því rifja ég þetta upp, að mér virðist þetta vera táknrænt fyrir þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur tamið sér í seinni tíð og ég skal ekki eyða meiri tíma í að ræða um að þessu sinni.

Þetta frv. felur í sér þrennt, eins og gerð hefur verið grein fyrir. Í fyrsta lagi felur það í sér ákvæði um séruppbætur á línu- og handfærafisk. Og hæstv. ráðh. sagði frá því hér áðan í framsöguræðu sinni, að í rauninni væru þetta ekki aðeins séruppbætur á fisk, sem veiddur væri með ákveðnum veiðarfærum, heldur einnig eins konar staðaruppbætur, vegna þess að á erfiðari stöðum landsins væru þessi veiðarfæri meira notuð en annars staðar, og því væri hér líka um að ræða eins konar styrki til þeirra, sem erfiðar aðstæður ættu úti um landið. Þetta er auðvitað allt saman gott og blessað. En það fer ekki hjá því, að í sambandi við svona till. og svona málflutning, eins og fram kom hjá hæstv. sjútvmrh., rifjist upp fyrir manni þær orðræður, sem hæstv. ríkisstj. og hennar talsmenn höfðu um þessa hluti á árinu 1960 og jafnvel síðar. Þá var bótakerfið ekki aðeins ómögulegt, heldur var það beinlínis hneykslanlegt, og þá var það algerlega fordæmt að mismuna milli fisktegunda eða veiðiaðferða eða verkunaraðferða, og þá var sagt, að allt slíkt yrði til þess að ýta undir það óhagkvæma og draga úr því hagkvæma.

Í fyrra voru samt teknar upp bætur á nýjan leik, sérbætur til frystihúsanna, sem voru studd

sérstaklega. Þá var ekki fé látið renna til annarra verkunaraðferða en frystihúsa, og það er ekki heldur lagt til núna. En nú er bætt við séruppbótum á línu- og handfærafisk. Ég hlýt að láta í ljós ánægju mína yfir því, að ríkisstj. skuli hafa látið af einstrengingslegum hugsunarhætti í þessum efnum, sem hún hélt mjög fram fyrir nokkrum árum, þó að ég geri mér að sjálfsögðu ljóst, að það komi ekki til af góðu. En ég vildi þó í sambandi við það, sem hæstv. sjútvmrh. sagði um ákvæði 1. gr., að þau gætu skoðazt sem stuðningur við þá, sem erfiðari aðstöðu hafa, láta í ljós þá skoðun mína, að sá stuðningur, sem í þessu er fólginn, sé ekki nægjanlegur. Ég vil minna á brtt., sem lögð var fram í hv. Nd. á þskj. 398, þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram til viðbótar 10 millj. kr., sem verja skal til þess að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem rn. setur að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Okkur ber til þess skylda, Íslendingum, að nýta vel öll okkar mið, og það er nauðsynlegt að uppörva þá, sem erfiðasta aðstöðu eiga í þessum efnum, eins og mér virtist raunar, að hæstv. ráðh. væri nú orðið ekki með öllu fráhverfur, eftir því sem fram kom í ræðu hans hér áðan.

Í öðru lagi gerir þetta frv. ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 33 millj. kr. á árinu 1965, sem verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Frv. gerir ráð fyrir því, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthluti þessu fé til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjútvmrh. setur. Í þessu sambandi virðist mér æskilegt, að það kæmi hér skýrt fram, hvernig þær reglur hafa verið, sem þessu fé hefur verið úthlutað eftir, því að lagaákvæði um þetta voru með sama hætti í fyrra og nú er gert ráð fyrir í þessu frv. Það er fullyrt, að þessi úthlutun muni hafa farið fram í beinu hlutfalli við framleiðslumagn, og ef það er rétt, væri æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi staðfesta það, því að þá eru þessar bætur með nokkuð öðrum hætti en orðalag frv. og l. frá í fyrra gæfu tilefni til að ætla. Ef þetta fé er veitt án tillits til þess, hvort sérstakar ráðstafanir eru gerðar til þess að auka framleiðni og bæta rekstrarskilyrði, er hér um að ræða hreinan framleiðslustyrk, hreinar uppbætur, sem eru þá bein afleiðing af þeirri dýrtíð og þeim aukna tilkostnaði, sem orðinn er við framleiðsluna, og þá er rétt og æskilegt, að menn geri sér grein fyrir því, því að þá þarf auðvitað annað fé til þess að auka framleiðni og gera sérstakar ráðstafanir til bættrar framleiðslu, því að sama féð getur ekki bæði verið uppbót vegna aukins rekstrarkostnaðar og líka styrkur til ákveðinnar framleiðslu.

Enn fremur er þess að geta í sambandi við þetta, að ákvæði þessarar gr. ná aðeins til frystihúsanna og frystiiðnaðarins. Mér er ekki grunlaust um, að það væri hreint ekki síður ástæða til þess að veita saltfiskverkendum og sérstaklega skreiðarverkendum stuðning af þessu tagi, eins og málum er nú háttað. Að vísu hefur orðið talsverð verðhækkun á saltfiski, eins og hæstv. ráðh. gerði hér að umræðuefni áðan, en það hefur líka orðið á freðfiskinum, sem þó er talinn — og sjálfsagt með réttu — þurfa þá aðstoð, sem hér er gert ráð fyrir. En í þessu sambandi væri mér forvitni á að heyra frá hæstv. ráðh. hérna á eftir, hvernig reglur um úthlutun þessa fjár hafa verið.

Ég skal ekki ræða mikið um ákvæði 3. gr., sem fjallar um bætur vegna aflabrests til togaranna. Þetta miðast við úthaldstíma. Þetta eru sams konar ákvæði og voru í fyrra, ef ég man rétt, og vissulega hef ég ekkert við það að athuga. Að sjálfsögðu minnir það mann á, að það er orðið fyllilega tímabært að taka vandamál togaranna til alvarlegrar meðferðar. Ég vil þó, fyrst ég nefni þetta, vara við því að hugsa sér, að veiðar í landhelgi gætu verið einhver lausn á vandamálum togaranna. Við höfum atvinnutækin til þess að nota þau við þau skilyrði, sem þau henta til, og bátarnir eru einfærir um að nýta þau mið, sem þar er um að ræða, og til þess þurfum við ekki togarana. Þeir eru ekki gerðir til þess að fiska upp í landsteinum. Þeir eru úthafsskip, sem eru fyrir fjarlæg mið, og væri auðvitað mikil þörf á því og mjög æskilegt, að gerðar yrðu meiri ráðstafanir til þess að finna hentug mið fyrir togarana.

Þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., kosta 55 millj. kr., eftir því sem segir í aths. 22 millj. er gert ráð fyrir, að ráðstafanir samkv. 1. gr. kosti, og 33 millj. samkv. 2. gr., og þegar til þessara peninga á að taka heyrist ekkert nema tómahljóð í kassa hæstv. fjmrh. Þetta er mun einkennilegra, þegar þess er gætt, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, að þær ráðstafanir af þessu tagi, sem í fyrra voru gerðar, kostuðu 95—100 millj. og sá tekjustofn, sem til þeirra var ætlaður, 2½% hækkun á söluskatti, er enn í gildi, eins og raunar segir í aths. við frv., að „nú fellur niður greiðsla ríkissjóðs á þeirri 6% hækkun fiskverðs, sem var í ársbyrjun 1964, og það 43 millj. kr. framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta, sem greitt var á árinu 1964.“ — En í millitíðinni hefur þá þeim tekjustofni verið ráðstafað í aðra farvegi, og raunar ekki aðeins þeim, í millitíðinni minnumst við skattheimtunnar frá því í sumar og við minnumst 2% hækkunar á söluskattinum enn á ný nú fyrir skemmstu, í desembermánuði. En ekkert dugir. Allt er sagt vera galtómt. Og þá stóð hæstv. ríkisstj. frammi fyrir því, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að velja á milli þess að skera niður útgjöld eða leggja á nýja skatta.

Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi ekki fundizt það árennilegt að ætla að fara að leggja enn á nýja skatta og hækka þá, og get vel skilið það. Timarit Seðlabankans, Fjármálatíðindi, hafði í vetur birt ritstjórnar-

grein um skattheimtuna, og var ekki annað sjáanlegt en höfundi þeirrar ritstjórnargreinar fyndist nóg um þá skattheimtu, sem orðin var í landinu. Þá var hitt, að minnka útgjöldin. Og þá er hnífnum brugðið einu bragði á allar opinberar framkvæmdir og þær minnkaðar um fimmtung, 20%. Það er allt lagt að líku, allt skorið niður og ekkert val af neinu tagi fer fram milli þess, sem er bráðnauðsynlegt, og hins, sem kannske frekar gæti beðið. Slík ráðstöfun er að mínum dómi algerlega fráleit. Það getur vel verið, að ástæða sé til að minnka framkvæmdir á einhverjum tíma og jafnvel að minnka opinberar framkvæmdir. En það er alveg víst, að ef það á að gerast með einhverjum skynsamlegum hætti þjóðinni að skaðlausu, verður að fara fram val milli þess, sem nauðsynlegra er, og hins, sem frekar mætti bíða, heldur en bregða hnífnum jafnt á það allt í einu.

En þar að auki get ég ekki fallizt á, að niðurskurður opinberra framkvæmda sé eðlilegur, fyrr en eyðslan hefur verið athuguð. Fjárl. hafa á undanförnum árum hækkað meira en allt annað, og er þá mikið sagt, því að allt verð og peningatölur hafa verið á fleygiferð upp á við. Fólki ofbýður algerlega peningaausturinn, ekki í framkvæmdirnar fyrst og fremst, heldur í eyðsluna. Trúin á ráðdeild í opinberum fjármálum er að fara eða jafnvel þegar farin forgörðum, og slíkt hefur sínar afleiðingar fyrir efnahags- og atvinnulífið og þjóðlífið allt. Það, sem höfðingjarnir hafast að, það ætla hinir, að sér leyfist einnig, eins og kunnugt er. Ég geri ráð fyrir því, að við séum öll sammála um það, að stórfelld verkefni bíða fram undan í opinberum framkvæmdum. Við höfum orðið alvarlega vör við þau verkefni, sem fram undan eru í vegamálum og samgöngumálum, nú á undanförnum vikum, þegar vegáætlunin hefur verið til meðferðar, og við höfum komizt að raun um, hversu skammt það fé hrekkur, sem þar er til ráðstöfunar. Við gerum okkur sjálfsagt öll ljóst, að skólamálin gera til okkar meiri kröfur en jafnvel nokkru sinni fyrr vegna örrar fjölgunar ungu kynslóðarinnar og breyttra aðstæðna á ýmsan hátt. Verkefni okkar í hafnarmálum eru alkunn, og að undanförnu hafa sjúkrahúsmálin og þau verkefni, sem á þeim vettvangi eru fram undan, verið mjög til umr., og ég minnist þess fyrir skömmu, að hæstv. heilbrmrh. flutti skýrslur um þau mál, sem sýndu í glöggum tölum þau verkefni, sem þar bíða fram undan.

Það er skoðun mín, að þjóðin vilji ekki, að þessar framkvæmdir séu skornar niður við trog, til þess að hægt sé að halda eyðslunni áfram. Þjóðin vill raunverulega leggja mikið á sig, ef hún trúir því, að það, sem hún leggur af mörkum, sé notað af ráðdeild til þeirra verkefna, sem nauðsynleg eru, eins og þeirra, sem ég var aðeins að nefna. En þjóðin verður að hafa trú á því, að peningunum sé ráðstafað af ráðdeild, og þá trú hefur hæstv. núv. ríkisstj. ekki tekizt að skapa, og hún verður ekki sköpuð með því að bregða hnífnum, eins og hér á að gera, á allar opinberar framkvæmdir í landinu í einu lagi. Þeim aðförum vil ég harðlega mótmæla.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þegar það frv. er athugað, sem hér er til umr., þá vekur það strax athygli, að grg., sem frv. fylgir, hefur að geyma í raun og veru sýnu mikilvægari boðskap en sjálf efnisatriði frv., þ. e. a. s. þann, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að skera niður um 120 millj. kr. fjárveitingu til verklegra framkvæmda, sem hafi verið lögbundnar með samþykkt fjárl., og notfæra sér þannig þá einstæðu neyðarheimild, sem hún lét stuðningslið sitt veita sér, til þess að hafa að engu mikilvægar ákvarðanir Alþingis og í raun og veru svipta það fjárveitingavaldinu að verulegu leyti. Hér er því í rauninni um að ræða tvö málefni, þ. e. a. s. annars vegar efnisatriði þessa frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins og hins vegar tilkynningu hæstv. ríkisstj. um niðurskurð verklegra framkvæmda, sem stendur ekki nema að takmörkuðu leyti í sambandi við fyrra málefnið. En bæði þessi málefni eiga þó eitt algerlega sameiginlegt, þ. e. a. s. að þau staðfesta hvort á sínu sviði uppgjöf hæstv. ríkisstj. og ráðþrot á því að stýra efnahagsmálum þjóðarinnar á þann veg, sem hún hafði með mörgum og hátíðlegum svardögum lýst yfir að hún mundi gera, þegar hún tók við völdum í landinu. Afnám allra uppbóta og styrkja, hverju nafni sem nefnist, var kjörorðið í þá daga. Atvinnuvegunum skyldi skapaður traustur og heilbrigður grundvöllur, slíkur, að þeir yrðu reknir án nokkurs styrkjakerfis, sem talið var að væri ein höfuðmeinsemd þjóðfélagsins. Öll mismunun milli einstakra greina atvinnurekstrar í formi styrkja var sérstaklega fordæmd sem óalandi og óferjandi, og frelsið skyldi eitt ríkja, þ. e. a. s. frelsi til að lifa og deyja, eftir því sem lífsmáttur hverrar atvinnugreinar reyndist duga til í þessu nýja, frjálsa efnahagskerfi, sem átti að skapa.

Það þarf ekki mörg orð um það að hafa, hvernig farið hefur um framkvæmdir þessara svardaga, þessarar grundvallarstefnuyfirlýsingar ríkisstj. Nauðug eða viljug hefur hún í stöðugt ríkara mæli viðurkennt, að stefna hennar var óframkvæmanleg, og á valdatíma þessarar ríkisstj. hafa síðan uppbætur og styrkir í ýmsu formi verið teknir upp svo að segja í hverri einustu grein útflutningsatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, og nú í dag hefur gamla uppbóta- og styrkjafarganið, sem svo var oft nefnt, náð slíku umfangi, að það hefur sjaldan eða aldrei verið stærra í sniðum. Og þetta hefur gerzt á því tímabili, sem hefur árlega fært útflutningsatvinnuvegunum í flestum greinum stórhækkandi markaðsverð og aflabrögð hafa farið stórbatnandi ár frá ári, a. m. k. þegar á heildina er litið. En það er hvort tveggja, að aflabrögð í einstökum greinum sjávarútvegsins og eins frá ári til árs í heild láta ekki stjórnast af

hagfræðiformúlum, og þó ekki síður hitt, að verðbólgustefna viðreisnarstjórnarinnar hefur verið drjúg við það að hrifsa jafnharðan ávinninginn, sem sjávarútvegurinn hefur haft af sibatnandi markaðsverði afurðanna. Því er það, að því verður ekki á móti mælt, að þrátt fyrir undangengin góðæri er þörf á ríkisafskiptum í formi styrkveitinga og uppbóta í einstökum greinum útvegsins til viðbótar þeim hundruðum milljóna, sem varið er nú til niðurgreiðslu á vöruverði og þá raunverulega um leið eru styrkir til útflutningsatvinnuveganna, þar sem niðurgreiðslurnar lækka það kaupgjald, sem ella þyrfti að greiða. Hitt er svo annað mál, hvort þær uppbætur, sem ákveðnar eru með þessu frv., svara þeim tilgangi að tryggja rekstur og örva framleiðslu þeirra greina útflutningsatvinnuveganna, sem hér ræðir um, eða hvort þær eru nauðsynlegar í öllum tilfellum.

Með þessu frv. er lagt til, að teknar verði upp sérstakar bætur, 25 aurar á kg, á línu- og handfærafisk á yfirstandandi ári. Slíkar uppbætur verður að mínu viti að skoða sem eðlilegar og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda uppi atvinnu og nýta framleiðslutækin. Það má segja, að síðari hluta árs og nokkuð fram yfir áramót árlega séu veiðar með línu nálega eina veiðiaðferðin, sem fært getur verulegan afla að landi, þegar síldveiðum og veiðum togara sleppir. Hitt er líka reynslan, að veiðar með línu eru tiltölulega kostnaðarsamar og skila tæpast þeim arði og erfiðislaunum til útgerðarmanna og sjómanna sem aðrar veiðiaðferðir. Þegar á þetta er litið, verða þær uppbætur á fiskverðið, sem hér eru áformaðar, síður en svo taldar til ofrausnar. Miklu fremur mætti telja, að uppbæturnar á þessu sviði hefðu þurft að vera hærri, til þess að það næði því markmiði að tryggja vinnslustöðvunum aukið hráefni og nýta vinnuafl á þeim árstíma, þegar þörfin er einna brýnust. Sérstaklega á þetta þó við þá landshluta, sem nú um skeið hafa fyrst og fremst farið varhluta af undanförnum góðærum til sjávarins vegna breytinga á fiskgengd, þ. e. a. s. Norðurland og Vestfirði að verulegu leyti. Aðstoð í einhverju formi til þess útvegs og þá ekki síður til fiskvinnslustöðvanna á þessum slóðum er orðin vafalaus nauðsyn, ef ekki á verr að fara en orðið er og atvinna og nýting framleiðslutækja á ekki að dragast saman og sjávarþorpin eyðast af fólki í verulegum mæli. Uppbæturnar á línu- og færafiskinn koma þess vegna í fullar þarfir gagnvart þessum útgerðarsvæðum, en eru hins vegar svo smávaxnar, að það verður að teljast harla vafasamt, að þær hafi afgerandi áhrif til örvunar atvinnulífsins.

Þá er í frv. gert ráð fyrir 33 millj. kr. styrk til frystihúsanna, og er kallað, að sá styrkur sé til framleiðniaukningar. Þetta mun þó engan veginn vera svo, því að þessum styrk hefur verið úthlutað til frystihúsanna algerlega án tillits til þess, hvort um nokkrar framleiðnibreytingar hefur verið að ræða á rekstri frystihúsanna, og að engu leyti verið eftir því gengið, að þessu fé væri varið til þess að bæta framleiðsluna eða reksturinn að nokkru leyti. En hér er farið að eins og var gert á s. l. ári, en þá nutu einnig fiskvinnslustöðvar, sem vinna skreið og saltfisk, þessa styrks, en eru nú sviptar honum. Þetta verður að teljast næsta einkennilegt, sérstaklega hvað skreiðinni viðvíkur, eins og kom reyndar fram hér hjá hæstv. sjútvmrh., þar sem verðlag á skreið hefur ekki hækkað, svo að neinu nemi, a. m. k. á árabilinu frá 1963—1964, eða á því tímabili, sem hér er raunverulega um að ræða, þ. e. a. s. að markaðsverðshækkunin á skreið hefur á þessu tímabili verið innan við 1%, en á sama tíma um 9% á afurðum frystihúsanna, og verður það því að teljast furðulegt, að á sama tíma og haldið er áfram greiðslunum til frystihúsanna, skuli styrkurinn til þessarar greinar fiskvinnslunnar, sem ekki hefur fengið neinar hækkanir á markaðsverði, tekinn af, á sama tíma og honum er haldið áfram fyrir frystihúsin. En það er líka alveg rétt, sem kom hér fram hjá hæstv. ráðh., að verðlag aftur á saltfiski hefur hækkað einna mest af þeim framleiðslugreinum, sem hér er um að ræða, eða sennilega um 11—12% frá árinu 1963—1964. En varðandi þetta frumvarpsákvæði um frystihúsin er það að segja, að það hafa ekki verið lagðar fram neinar sannanir fyrir því, að frystihúsin almennt séu svo á vegi stödd, að þau þarfnist slíkra styrkja. Þvert á móti hefur verið um svo miklar verðhækkanir að ræða á afurðum frystihúsanna, að það verður að teljast ólíklegt, að þau séu styrkja þurfi, þegar á heildina er litið. Og eins og ég sagði áðan, hefur verið um að ræða a. m. k. 8—9% hækkun á afurðunum, og ef borin eru saman árin 1963 og 1964, kemur í ljós, að frystihúsin hafa aukið framleiðslu sína á sama tíma um kringum 20%, þannig að nýting fjárfestingar hefur batnað verulega á þessu tímabili, og kemur það þeim að sjálfsögðu til góða. Heildarverðmætisaukning í framleiðslu frystihúsanna hefur frá árinu 1963—1964 aukizt um röskar 200 millj. kr. Á því ári, sem nú er að líða, hefur verð á afurðum frystihúsanna enn þá farið stórkostlega hækkandi, og virðist allt benda til þess, að verðhækkunin á þessu ári verði sízt minni en hún var á tímabilinu frá 1963—1964. Þannig er það nú t. d. kunnugt, að nú ekki alls fyrir löngu hafa verið undirritaðir verzlunarsamningar við Sovétríkin um sölu á frystum fiskflökum, þar sem ákveðin er 10% hækkun. Og þó að þar sé ekki að vísu nema um hluta af afurðunum að ræða, bendir það þó ótvírætt til, hver þróunin muni verða nú á þessu ári. En þegar þess er svo gætt, að það mun láta nærri, að 1% verðhækkun afurða geti borið uppi 5% kauphækkun, ef ekki kemur til annar aukinn tilkostnaður, þ. e. a. s. 5% kauphækkun til starfsfólksins í frystihúsunum, sést, að hér er ekki um neinar smávægisbreytingar að ræða, enda er það vitað bæði af reikningum frystihúsa, sem rekin eru af opinberum eða hálfopinberum aðilum, og

öðrum heimildum, að frystihús, sem eru rekin við sæmileg skilyrði, fyrst og fremst hvað hráefnisöflun snertir, hafa ágæta afkomu og jafnvel verulegan hagnað af rekstrinum. Stórfelldar yfirborganir á fiskverði á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir, benda óneitanlega líka í sömu átt.

Ég held þess vegna, að hér þurfi að koma til miklu haldbetri skýringar á nauðsyn almennra styrkja til frystihúsanna en þær, sem hefur orðið vart í umr. um þessi mál hér á hv. Alþ., og það nægi ekki, að hæstv. sjútvmrh. fullyrði um þessa hluti án þess að draga fram nokkrar röksemdir máli sínu til stuðnings.

En það, sem ég nú hef sagt um þetta, sannar þó auðvitað engan veginn, að öll frystihús í landinu séu fullkomlega sjálfbjarga, svo mismunandi skilyrði sem þau eiga við að búa. Smá og vanbúin frystihús á aflaleysissvæðunum eru auðvitað hér alveg sér á blaði og þarfnast vafalaust aðstoðar og sízt minni en verið hefur. Mér sýnist því nauðsynlegt, að svo verði hér um hnútana búið, að þær fjárupphæðir, sem veittar eru til styrktar rekstri frystihúsanna, renni þangað, sem þörfin er fyrir, en verði ekki aðeins og jafnvel fyrst og fremst aukinn gróði þeirra, sem eru þegar fullfær um að skila góðum rekstri. Ég teldi því, að það væri eðlilegt verkefni þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, að athuga um breyt. á frv. í þessa átt.

Það hefur verið bent á það í umr. um þetta frv., að ekki væri síður þörf á styrkjum til framleiðniaukningar í öðrum greinum fiskiðnaðar en frystiiðnaðarins, og þar tiltekin t. d. saltfiskverkun og skreiðarverkun. Ég vildi bæta við þær ábendingar, að ég teldi aðstoð í þessum efnum til saltsíldarframleiðslu mjög koma til greina. Verulegar umbætur í þeirri mikilvægu framleiðslu hafa átt sér stað og munu verða, þar sem þessi atvinnugrein er svo á vegi stödd, að hún sé nokkurs megnug. Hitt er þó líka ljóst, að á þeim svæðum, þar sem veiði hefur alveg brugðizt, eins og fyrir Norðurlandi á s. l. sumri, eru litlir og víðast engir möguleikar til þess að ráðast í nokkrar umbætur, hversu nauðsynlegar sem þær eru. Ofan á mikil töp, sérstaklega á s. l. ári, munu því þeir erfiðleikar bætast ofan á aðra hjá t. d. þeim 40 söltunarstöðvum, sem starfandi eru á Norðurlandi og báru því nær ekkert úr býtum nema tapið á s. l. vertíð, að þær verða verr búnar en aðrar á komandi vertíð hvað alla tækni snertir, nema til komi sérstök fyrirgreiðsla, sem þó virðist ekki liggja á lausu. Virðist mér, að hér sé um nærtækara verkefni að ræða en að styrkja arðvænlegan rekstur frystihúsanna.

Varðandi sjálf frumvarpsákvæðin vil ég svo aðeins bæta því við, að á s. l. 5 árum, þ. e. a. s. frá 1959, hefur heildarútflutningurinn vaxið að verðmæti, miðað við krónutölu, úr 1059 millj. kr. i 4776 millj. kr. Verðmætisaukningin á þessu tímabili er því 3717 millj. kr. eða um 350%. En miðað við fast gengi er aukningin á árunum frá 1959 um 71% á útflutningnum. Það er vissulega fullkomið íhugunarefni, að það er við þessi skilyrði, sem hæstv. ríkisstj. hleypur endanlega frá öllum svardögum og yfirlýsingum um það, sem hún kallaði heilbrigðan og traustan grundvöll atvinnuveganna fyrir 5 árum. Og það er við þessi skilyrði, sem hún grípur til dæmalausra neyðarráðstafana þeim til hjálpar. Ég held, að þyngri dóm sé ekki unnt að kveða upp um hvort heldur er stefnuna, sem mörkuð var með viðreisninni, né framkvæmd hennar. Eins og hér hefur komið fram, notar ríkisstj. nú tækifærið til þess að játa á sig fullkomið getuleysi til þess að halda uppi eðlilegum og áður lögboðnum framkvæmdum í landinu og ónýtir nú með einfaldri tilkynningu í grg. þessa frv. þær ákvarðanir, sem hv. Alþ. hefur tekið í þeim efnum. Þrátt fyrir hækkanir tolla og skatta á einu ári um 1 milljarð kr. eða meira fórna hæstv. ráðh. upp höndum hér á hv. Alþ. og segja: Við áttum engin úrræði til þess að halda atvinnuvegunum gangandi og greiða starfsmönnum lítilfjörlega kauphækkun önnur en þau að skera niður öll framlög til framkvæmda um 1/5 hluta eða að öðrum kosti hækka enn skatta um hundruð milljóna ofan á allar fyrri hækkanir.

Bæði við afgreiðslu fjárl. og við umr. um söluskattshækkunina vöruðum við þm. Alþb. við afleiðingum af þeirri verðbólgustefnu og skattahækkanastefnu og eyðslustefnu, sem þá var fylgt og nú er að sýna sig í verki. Við lögðum áherzlu á, að höfuðnauðsyn væri á því, að ríkisstj. efndi ekki aðeins bókstaf, heldur og einnig anda júní-samkomulagsins við verkalýðshreyfinguna um stöðvun verðbólgunnar. Þess vegna bæri að forðast að leggja á nýja verðhækkunarskatta, sem hlytu að leiða til þess, að verðbólguhjólið tæki að snúast á ný. Þess vegna bæri ríkisstj. og hv. Alþ. að afgreiða sparnaðarfjárlög fyrir yfirstandandi ár og ráðast í niðurskurð á eyðsluliðum fjárl., eftir því sem unnt reyndist. Ef það dygði ekki til, bentum við á, að óráðstafað væri á þriðja hundrað millj. kr. af greiðsluafgangi fyrri ára, þ. e. a. s. af því fé, sem ofheimt hefði verið af almenningi á síðustu árum og ekki hefði enn verið ráðstafað. Við bentum á, að sjálf skattheimtuaðferðin leiddi til aukinnar fjárþarfar ríkisins og rýrði möguleika atvinnuveganna til þes að standa undir eðlilegum og óhjákvæmilegum launahækkunum til almennings. En þessar aðvaranir komu fyrir ekki. Ríkisstj. lét allar okkar aðvaranir sem vind um eyrun þjóta, en laumaði hins vegar inn í fjárl. neyðarheimild sér til handa til þess að taka fjárveitingavaldið af hv. Alþ., að því leyti sem við kemur framlögum til verklegra framkvæmda, því að þær voru það eina, sem hún gat hugsað sér að skerða. Mér þykir það því koma úr hörðustu átt nú, þegar hæstv. sjútvmrh. fullyrðir, að við stjórnarandstæðingar hefðum ekki bent á nein úrræði önnur en þau, sem ríkisstj. telur nú fært að beita.

Um sjálfa framkvæmd niðurskurðarins er svo það að segja, að hún er öðrum aðferðum hæstv. ríkisstj. samboðin. Með 20% lækkun allra framkvæmdaliða án nokkurs mats á hverri einstakri framkvæmd, nauðsyn hennar eða yfirleitt möguleikum til þess að skera hluta hennar niður, er auðvitað algerlega um óraunhæfa aðferð að ræða til sparnaðar, og kom það reyndar fram í ræðu hæstv. sjútvmrh., að hann teldi, — og ég held, að hann geri það með réttu, — að í raun og veru væri hér um hreina skuldasöfnun að ræða, því að hann sagði, að réttara væri raunverulega að tala um, að framkvæmdum væri frestað, heldur en að talað væri um að skera framkvæmdir niður, og þetta er auðvitað alveg rétt. Í mjög mörgum tilfellum er hér í raun og veru bara um hreina skuldasöfnun í einhverju formi að ræða. En í öðrum tilvikum verður svo sjálfsagt um það að ræða, að alveg óhjákvæmilegar framkvæmdir tefjast og verða dýrari en ella. Ef raunverulegur sparnaður í verklegum framkvæmdum hefði átt að eiga sér stað, varð auðvitað að koma til alveg nýtt mat fjvn. og síðan hv. Alþingis sjálfs á öllum framkvæmdaliðum. En hér er ekki um neitt slíkt hirt. Stefnan virðist mörkuð af því einu, hvernig hæstv. ríkisstj. telur sig geta flotið yfir næstu ófæru, þó að hún sjálf hljóti að sjá og finna, að aðrar og meiri eru fram undan, ef svo er haldið fram sem horfir. Það væri t. d. fróðlegt að fá að heyra um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst mæta fyrirsjáanlegum kauphækkunum, m. a. til opinberra starfsmanna, umfram þær, sem nú eru orðnar og gert er ráð fyrir að verði mætt með niðurskurðinum, — eða má ef til vill búast við því, að enn verði gripið til frekari niðurskurðar síðar á þessu ári, þegar kauphækkanir eru komnar til framkvæmda?

Það má svo sjálfsagt ekki minna vera en við, sem teljumst hér fulltrúar þeirra kjördæma, þar sem atvinnuleysi og kreppuástand hefur verið ríkjandi að undanförnu, að við þökkum hæstv. ríkisstj. umhyggju hennar fyrir umbjóðendum okkar í sambandi við niðurskurð verklegra framkvæmda, því að það virðist ekki ætlunin að taka neitt tillit til þess, að mestur vandinn í ýmsum landshlutum er sá að skapa þar fullnægjandi atvinnulíf. Niðurskurðurinn bitnar því af margföldum þunga á okkar fólki. Það verður ekki aðeins að þola eins og aðrir það margvíslega óhagræði og skaða, sem minnkaðar framkvæmdir leiða af sér fyrir þá, sem þeirra eiga beint að njóta, heldur líka minnkandi atvinnu ofan á það. Niðurskurðurinn, eins og hann virðist eiga að framkvæmast, er því að mínu viti alveg sérstakt tilræði við þau byggðarlög, sem búa nú við ófullnægjandi atvinnu eða jafnvel nær algert atvinnuleysi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 481, 482).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.— Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Í janúarmánuði s. l., þegar endanlega var ákveðið, hvað fiskverð skyldi vera á yfirstandandi ári, gaf ríkisstj. þá yfirlýsingu, að hún mundi leita heimildar Alþingis til þess að greiða úr ríkissjóði á árinu 1965 25 aura verðuppbót á hvert kg línu- og handfærafisks. Jafnframt skýrði ríkisstj. fulltrúum fiskseljenda og fiskkaupenda frá, að hún mundi stuðla að því, að frystihúsunum yrði á árinu 1965 bætt upp sú aukning framleiðslukostnaðar, sem leiddi af hækkun fiskverðsins, en það var 5½%. Gert er ráð fyrir, að 25 aura verðuppbótin á línu- og handfærafisk muni nema um 22 millj. kr. og bætur til frystihúsanna, sem eru 5½% af hráefnisverðinu, séu um 33 millj. kr., eða samtals 55 millj.

Með hliðsjón af þessu hefur ríkisstj. borið fram frv. það, sem hér liggur fyrir og er um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur rætt málið á fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 482, en þar segir, með leyfi forseta:

„1. Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Á árinu 1965 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjútvmrh. setur.

2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Þó er sá fyrirvari, af hendi þriggja hv. nm., eins og fram kemur í nál., að þeir áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. sjútvmrh. við framsögu fyrir máli þessu við 1. umr. í þessari hv. d., taldi hann, að til viðbótar því, sem þegar væri ákveðið um línu- og handfærafiskinn, og því, sem varið verður til framleiðniaukningar í hraðfrystihúsunum, gæti einnig til þess komið, að vegna þess, hve sala og verðlag skreiðarframleiðslunnar væru erfið, gæti til þess komið, að það yrði með einhverjum hætti að styrkja þá framleiðslu einnig. Sjútvn. er þeirrar skoðunar, að ekki verði hjá því komizt að viðurkenna þessa staðreynd, og leggur því til, að í frv. komi ný gr., sem felur það í sér, að á árinu 1965 verði heimilt að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. Eins og ég áðan sagði, er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að verja þurfi 22 millj. kr. til uppbóta á línu- og handfærafisk. Síðan þessi áætlun var gerð, hefur orðið á allmikil breyting frá því, sem fyrirhugað var, a. m. k. hvað línufisk snertir. Í fyrsta lagi var sem kunnugt er allan janúarmánuð verkfall á bátaflotanum hér í Faxaflóa og víðar, en það er sá tími, sem línuveiðar eru hér helzt stundaðar, en vegna þessa þótti mörgum útgerðarmönnum ekki

borga sig að hefja línuveiðarnar, en hófu þess í stað netaveiðar fyrr en ella. Þá má geta þess, að við Norðurland hefur nú um meira en tveggja mánaða skeið legið að mestu niðri allur veiðiskapur vegna hafíssins, sem þar herjar. Það segir sig sjálft, að það hefur einnig verulegar áhrif á heildaraflamagnið.

Ég aflaði mér upplýsinga um það hjá Fiskifélagi Íslands, hvað gera mætti ráð fyrir, að þessi aflarýrnun hefði í för með sér miðað við heildarupphæðina til greiðslu verðuppbóta á línufiskinn. Við athugun á þeim aflaskýrslum, sem fyrir hendi voru, en það var fyrir fyrstu tvo mánuði ársins, janúar og febrúar, kom í ljós, að heildarlínuaflinn var um helmingi minni en á sama tíma s. l. ár. En við aflamagn s. l. árs er miðað, þegar talað er um 22 millj. til verðbóta á línu- og handfærafisk. Fyrir þetta tímabil koma því til með að lækka greiðslur úr ríkissjóði um 3—3½ millj. kr. af þessum sökum. Það má því gera ráð fyrir, að nokkuð af þeirri upphæð, sem verja skal til skreiðarframleiðslunnar samkv. till. n., verði fyrir hendi vegna þessa samdráttar, sem átt hefur sér stað í línuaflanum, eins og ég áðan sagði.

Ég vil að lokum segja það, að ég tel, að það ákvæði, sem er í 1. gr. þessa frv., þ. e. sérstök verðuppbót á línu- og handfærafiskinn, þó að það sé ekki nema 25 aurar á hvert kg, sé mikilsverð ákvörðun, sem beri að fagna, þ. e. að verðlauna sérstaklega þann sjávarafla, sem að allra dómi hefur tryggt bezt þau meðmæli, sem íslenzki fiskurinn hefur áunnið sér á erlendum markaði.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að brtt. n. hljóti samþykki og frv. þannig breytt verði samþ. og vísað til 3. umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það mun nú í sjálfu sér ekki vekja furðu neins, þó að frv. sem þetta komi fram nú, þ. e. a. s. frv. um nokkra aðstoð til sjávarútvegsins, eins og þeim málum öllum er nú háttað. Það má frekar segja, að það vekti nokkra furðu, að í fyrra skyldi vera þörf á slíkum aðgerðum, eftir að við höfðum búið við hið mesta góðæri til sjávarins um langan tíma, mikinn og sívaxandi afla og hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum. Nú mun það að vísu vera svo, að verðlag á sjávarafurðum er enn mjög hagstætt og hefur jafnvel heldur hækkað frá því, sem var í fyrra, en hins vegar er vitað, að vertíðin nú í vetur hefur verið heldur léleg fram undir þetta, þó að vonir standi til, að enn eigi eftir að rætast töluvert úr.

Hitt er svo annað mál, að það má segja, að það sé umhugsunarefni, að það skuli þurfa að grípa til þess ár eftir ár eftir hin einstöku góðæri til sjávarins, sem verið hafa, að styrkja þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, eins og lagt er til nú með þessu frv. Vissulega er það athugunarefni að því er varðar alla stefnu núv. hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka í efnahagsmálum, að þessa skuli þörf, hversu mikið góðæri sem er. En út í þá sálma ætla ég ekki að fara langt við þetta tækifæri.

Það, sem kom mér sérstaklega til þess að kveðja mér hljóðs og segja nokkur orð í sambandi við þetta mál, eru erfiðleikar togaraútgerðarinnar og þær ráðstafanir, sem ætlunin er að gera samkv. þessu frv. í því sambandi, og þó ekki síður það, sem ég tel, að nauðsynlegt sé að gera vegna togaraútgerðar okkar Íslendinga í framtíðinni. Þess hefur gætt nú að undanförnu, að ýmsir hafa velt fyrir sér þeirri spurningu, og það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, hvort togaraútgerð hér við Ísland sé ekki orðin úrelt, hvort það sé ekki liðinn sá tími, sem sú útgerð átti fullan rétt á sér hér við land, hvort nú sé ekki svo komið, m. a. eftir útfærslu landhelginnar og eftir mjög verulega aukningu og stækkun bátaflotans, að óhætt sé smám saman að leggja togaraútgerðina niður eða jafnvel gera það með allskjótum hætti. Ég hygg, að þessi skoðun sé alltaf öðru hverju að skjóta upp kollinum, og ástæðan er vitanlega þeir miklu erfiðleikar, sem hafa verið á rekstri þeirra togara, sem við höfum nú. Frá mínu sjónarmiði er það ekkert efamál, að við megum ekki við því, Íslendingar, að hætta að gera út togskip. Við megum ekki við því margra hluta vegna, og skal ég aðeins nefna fá atriði.

Það er í fyrsta lagi, að togarar eru þau skip, sem geta náð afla á miðum, sem bátaflotinn nær yfirleitt og oft og tíðum ekki til, í fyrsta lagi á djúpmiðum við Ísland og jafnvel á miðum við Grænland og Nýfundnaland og víðar, eins og dæmin hafa margsinnis sannað. Og í öðru lagi, og á það vil ég ekki síður leggja áherzlu, eru togararnir öðrum fiskiskipum betur til þess fallnir og hæfir að afla fisks á þeim tímum, þegar bátaflotinn kemur því ekki við að fiska, á milli vertíða bátaflotans, og fyrir fiskiðnaðinn í landinu er þetta vitanlega mjög mikilvægt atriði. Með tilliti til þessa tvenns tel ég, að það þurfi að gera allt, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að leita að því, sem áfátt kann að vera í sambandi við gerð, rekstur eða annað úthald þeirra togara, sem nú eru, og leita ráða til umbóta þar á, en þó ekki síður að fara nú þegar að hyggja að því í fullri alvöru, hvernig hentast sé að endurnýja íslenzkan togaraflota með það fyrir augum, að hann geti enn, eins og í meira en hálfa öld, fært hér björg í bú og aflað þess fisks, sem naumast yrði aflað með öðrum veiðarfærum eða með öðrum hætti.

Mér er um það kunnugt, að nokkrar athuganir hafa farið fram í sambandi við hina örðugu afkomu togaraútgerðarinnar á síðari tímum. M. a. mun hafa starfað að þeim athugunum nefnd á árinu 1962, sem þá skilaði áliti, og þar var bent á ýmis atriði, sem þessi nefnd taldi, að gætu átt verulegan þátt í því að bæta afkomu og rekstur togaranna. Að vísu var þar um að ræða atriði, a. m. k. ein tvö, sem nokkur ágreiningur er um og eru e. t. v. ekki alveg eins einföld og í fljótu bragði kann að virðast frá sjónarmiði togaraútgerðarmanna. Það er sú till., að togararnir fái frekari heimildir en þeir nú hafa til þess að veiða innan 12 mílna

fiskveiðilandhelginnar, og það er í öðru lagi till. togaramanna og þessarar n. frá 1962 um allverulega fækkun skipshafna á togurum. Fyrir mitt leyti tel ég, að það hljóti að koma til athugunar, hvort þjóðhagslega skynsamlegt sé nú eða síðar að heimila togurunum einhverjar tímabundnar eða takmarkaðar veiðar innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. En að þessu verður vitanlega að fara með fyllstu gát og hafa það eitt í huga, hvað hagkvæmt er fyrir sjávarútveginn og þjóðfélagið í heild sinni. Það má ekki ganga þar á rétt og hagsmuni bátaflotans um skör fram, en ber hins vegar að gæta að því, hvort hægt væri nú eða í náinni framtíð að veita þarna einhverja rýmkun, takmarkaða, frá því, sem nú er.

Að því er varðar fækkun manna á togurunum vil ég segja það, að vissulega getur það mál verið til frekari athugunar og komið til greina, en fyrir því þurfa þó að vera ákveðnar forsendur, og er þá í fyrsta lagi sú forsenda, sem slík hækkun hlyti að byggjast á, að um gæti verið að ræða aukna vinnuhagræðingu um borð, hagkvæmari eða viðráðanlegri veiðarfæri en íslenzku togararnir nota nú og annað, sem gerði það kleift að fækka allverulega mönnum á togurunum. En þegar eitthvað slíkt hefði fengizt fram, tel ég ekkert því til fyrirstöðu, að það mál yrði tekið til rækilegrar athugunar af þeim aðilum, sem þar um hljóta að fjalla. Hitt er svo annað mál, að ef það teldist kleift að fækka mönnum um borð í togurum, án þess að það íþyngi þeim, sem eftir eru, um of við vinnu, væri að sjálfsögðu eðlilegt, að sú skipshöfn, sem eftir yrði á hverjum togara, nyti þess jafnhliða útgerðinni, sem kynni að sparast við það breytta fyrirkomulag.

Eitt af því, sem bent hefur verið á til þess að greiða nokkuð fyrir útgerð togara hér við land, er aukin fiskileit í þeirra þágu, og á síðasta ári var ákveðið að efla fiskileit í þágu togaranna mjög verulega, og menn gerðu sér allmiklar vonir um, að sú aukna fiskileit gæti borið verulegan árangur. Því miður verð ég að segja það, að þær vonir hafa að töluverðu leyti brugðizt, og ég hygg, að það sé ekki vegna þess, að það sé ekki í sjálfu sér mikilvægt fyrir togarana, að þessi leit sé stöðugt framkvæmd, heldur hitt, að það hefur ekki tekizt ýmissa hluta vegna svo vel sem skyldi um framkvæmd þessarar fiskileitar. Að því er ég bezt veit, er það einkum einn af hinum minnstu togurum okkar, togarinn Þorsteinn þorskabítur, sem hefur verið notaður við þessa fiskileit, og hann hefur vegna smæðar sinnar ekki sömu skilyrði og hin stærri skip til þess að njóta sín við þessa mikilsverðu starfsemi í þágu togaranna. En jafnframt hefur það verið upplýst núna nýlega, að af öðrum ástæðum hefur miklu minna orðið úr þessari fiskileit en ætlunin var, og þeim rannsóknum á veiðarfærum, sem jafnhliða áttu að fara fram á þessu skipi. Það var frá því skýrt fyrir svo sem mánuði, að þá hefði skipið ekki komizt úr höfn til þessarar nauðsynlegu starfsemi, fiskileitar og rannsókna á veiðarfærum, vegna fólksleysis, vegna þess að það fékkst ekki mannskapur á skipið. Í þessu sambandi þætti mér æskilegt, ef hægt væri að fá það upplýst, hvernig þessu víkur við. Ég sé, að hæstv. sjútvmrh. er því miður ekki viðstaddur hér, en hefði mjög gjarnan viljað fræðast af honum um það, hvernig því víkur við, að þetta skip, þetta fiskileitar- og rannsóknarskip, sem átti að starfa í þágu togaraflotans, hefur ekki getað notið sín og hefur jafnvel legið langtimum saman, án þess að það kæmist til starfa. Ég hefði gjarnan viljað fræðast um það, á hverju hefur strandað, hvort það hefur strandað á þeim kjörum, sem boðin hafa verið, eða hvað það hefur verið annað, sem olli því, að skipið hefur ekki getað staðið að þessari nauðsynlegu starfsemi, eins og til var ætlazt. Jafnframt hefði ég gjarnan viljað fræðast um það, hvort ekki séu vonir til þess, að úr þessu verði bætt hið allra fyrsta. Vitanlega er það frumskilyrði til þess, að fiskileit beri árangur, að um sé að ræða gott skip og veiðarfæri og úrvalsskipshöfn, og til þess að þetta allt geti farið saman, þarf að sjálfsögðu eitthvað töluvert í sölurnar að leggja og leggja fram allmikið fé e. t. v. og bjóða skipshöfn sómasamleg kjör, og mér þætti ótrúlegt, ef á þessu hefði strandað, þegar um svo mikilvægt mál var að ræða eins og þetta, að gera út skip til þess að stunda helzt sem stöðugast fiskileit í þágu togaraflotans.

Sem betur fer hefur afli togaranna heldur glæðzt núna síðustu vikurnar, og má það vitanlega vera bending í þá átt, að ekki þurfi endilega að vera lokið tímabili togaraútgerðar við Ísland, heldur kunni að koma betri og hagkvæmari dagar, þegar afkoman yrði önnur en verið hefur nú um sinn. En það er enginn efi á því, að þó að eitthvað hafi batnað lítils háttar hagur skipanna við þetta, vantar enn mjög mikið á, að rekstur þeirra togara, sem við höfum nú, sé sæmilega tryggður. Og þess hefur gætt mjög í allan vetur og raunar lengur, að togarar fást helzt ekki til þess að leggja afla sinn á land í frystihús hér, heldur sigla þeir með hann og selja erlendis, þar sem það reynist hagkvæmara fyrir útgerðir skipanna. Hins vegar er lítill vafi á því, að undir mörgum kringumstæðum, a. m. k. á þeim tímum, þegar fiskibátarnir afla ekki nægilegs hráefnis fyrir frystihúsin, er það þjóðhagslega séð miklu meira virði, að togararnir leggi upp afla sinn hér til vinnslu, heldur en þeir sigli með hann, þótt það sé, eins og nú stendur, hagkvæmara fyrir útgerðir togaranna sjálfra. Með tilliti til þessa atriðis væri í sjálfu sér rétt að gera nokkurn mun þarna á, þegar Alþ. ákveður að styrkja sérstaklega togaraútgerð landsmanna með ákveðnum rekstrarstyrkjum. Í því sambandi væri ekki óeðlilegt að hafa þann rekstrarstyrk, sem togari fær fyrir að veiða fyrir innanlandsmarkað, allmiklu hærri en rekstrarstyrk, sem veittur er til þess að sigla með aflann úr landi og selja hann þar.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn. þessarar hv. d., hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara.

Fyrirvari minn er ekki fólginn í því, að ég sé andvígur þeim stuðningi, sem hér er ætlað að veita sjávarútveginum. Ég tel, að sjávarútvegurinn hafi, eins og komið er, fulla þörf á þeim stuðningi. Hins vegar tel ég, að betur hefði mátt um þessa hluti búa, og mun fyrir 3. umr. flytja tvær eða þrjár brtt. í þá átt, sem ég tel að horfi til bóta og þá sérstaklega að því er varðar togarana. Í fyrsta lagi það, að gerður verði munur á því, að því er styrki til rekstrar togaranna snertir, hvort þeir afla fyrir innanlandsmarkað eða fyrir erlendan markað, og í öðru lagi, að það komi fram í þessu frv., að nauðsyn sé á því og ætlun Alþ. sé sú, að nú fari fram gagnger rannsókn á rekstri togaraútgerðarinnar með það fyrir augum, á hvern hátt yrði hægt að gera hann hagkvæmari en nú er og tryggja hann til frambúðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 482,1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 482,2 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 493, 498, 499).

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eitt af mörgu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hafði skráð á skjöld sinn, þegar hún reið úr hlaði, var, að hún ætlaði að afnema allar uppbætur. Og eitt af mörgu, sem hún hefur kiknað á að standa við, er afnám uppbótanna. Ekki er ég beinlínis að lá hæstv. ríkisstj. þetta. Hitt er það, að henni og fylgismönnum hennar er skylt að kannast við þetta og hafa samræmi í uppbótakerfinu jafnhliða. Og þegar ástandið er þannig, að hæstv. ríkisstj. hefur engin úrræði önnur en auka við uppbótakerfið, eins og hún hyggst gera með þeirri lagasetningu, sem hér er til 3. umr., á hún að bíta á jaxlinn og hafa uppbæturnar til sjávarútvegsins, sem þar um ræðir, svo að verulegu gagni verði. Ég skil það vel, að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar finnur sárt til þess að þurfa að strika yfir sín stóru orð um afnám uppbóta og fara nú að lifa á uppbótakerfi, sem þessir menn höfðu fordæmt og gengið til kosninga og hlotið meiri hluta m. a. upp á það, að þeir kynnu ráð til að afnema uppbætur. Ég veit, að þeir gera það ekki að gamni sínu í sæmilega hagstæðu tekjuári að skera niður 1/5 hluta af nýlega gefnum fyrirheitum um framkvæmdafé á fjárl. til þess að greiða með því uppbætur. Þetta er vitanlega neyðarúrræði, þetta er óáran í stjórnarfarinu, þó að það sé ekki óáran að öðru leyti. Það má líkja þessu við að skera af líkama lifandi hold og flytja til vegna slysasára. Það er ekki sársaukalaust, og enginn gerir það, nema hann sjái ekki önnur ráð. En úr því að til þess er gripið, á að vanda sig við það betur en að mínu áliti er gert í þessu frv.

Ákveðið er samkv. 1. gr. frv. þessa, að greiddar skuli á hvert kg línu- og handfærafisks uppbætur, sem nema 25 aurum. Samkv. 2. gr. má verja 33 millj. kr. 1965 til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta við framleiðslu frystra fiskafurða. Á stofnlánadeild sjávarútvegsins að úthluta fé þessu í samráði við Landsbankann og Útvegsbankann eftir reglum, sem sjútvmrh. setur.

Ekki veit ég, hvernig þær reglur verða. Þó þykist ég vita, að þær geti ekki orðið þannig, að þær komi svo sem vera þarf til hjálpar þeim frystihúsum, sem eru af staðháttum þannig sett, að þau verða að taka á móti og vinna úr þeim afla, sem fyrirhafnarmestur er og dýrastur í vinnslu og leggur sig verst í flökun. Á ég þar við smáfisk og fisktegundir, sem svara illa til verðs miðað við vinnslukostnað. Sum frystihús, einkum á vissum árstíðum, verða að taka þann fisk til vinnslu og það jafnvel sem meginverkefni. Þann aðstöðumun, sem þannig verður til, fá fyrirtækin ekki jafnaðan með framleiðniaukningartillagi eða endurbótastyrk. Sá stuðningur er við annað miðaður fyrst og fremst en erfiðleikana, sem vissar tegundir hráefnisins skapa.

Fyrir tíma núv. hæstv. ríkisstj. voru greiddar uppbætur á þann fisk, sem hér um ræðir. Það fyrirkomulag var ekki gallalaust. En þessi uppbót var sumum sjávarplássum og frystihúsum þeirra stórkostleg hjálp. Þessar verðbætur jöfnuðu aðstöðumun milli staða og voru því mikilsverðar, ekki aðeins fyrir þá, sem á móti þeim tóku, heldur líka mikilsverðar þjóðfélagslega. Þetta var í reynd nokkurs konar staðaruppbót og stuðlaði því að byggðajafnvægi. Þegar hæstv. núv. ríkisstj. sagði öllum uppbótum stríð á hendur, felldi hún niður þennan réttláta jafnvægisstuðning. Nú hefur hún samið frið við uppbæturnar og yfirleitt gengið uppbótakerfi á hönd, og nú á hún þess vegna og stuðningsmenn hennar að taka upp jafnvægisuppbæturnar aftur. Þetta hefur láðst, þegar stjórnarfrv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins var samið. Þetta vantar í frv. Þess vegna höfum við hv. 3. þm. Norðurl. v. leyft okkur nú við 3. umr. að leggja fram brtt. á þskj. 499 um, að aftan við 2. gr. frv. komi svo hljóðandi mgr.:

„Enn fremur leggur ríkissjóður fram á árinu 1965 10 millj. kr., er verja skal til að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem rn. setur að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.“

Leggi ríkissjóður fram 10 millj. á þessu ári í umræddu skyni og verði þessari fjárfúlgu skynsamlega skipt milli þeirra vinnslustöðva sjávarútvegsins, er erfiðasta hafa rekstraraðstöðu, er enginn vafi á því, að það yrði mikil jafnvægishjálp.

Fyrir fáum dögum heyrðist frá landsfundi útvegsmanna og fiskverkenda svo mikið ramakvein, að úr þeirri átt hefur ekki annað eins áður heyrzt. Ég held, að nú eftir þann fund ætti enginn alþm. að skoða hug sinn um að samþykkja þessa till. Og nú er fram komið, að hafísinn hefur eyðilagt útmánaðaaflabrögðin þetta ár einmitt á mörgum þeim stöðum, sem hafa erfiðasta aðstöðu fyrir frystihús sín, þó að venjulegt árferði sé. Þeir atburðir gera að mínu áliti hv. þm. skylt að samþykkja þessa till.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu minni og gat þess þá, að enda þótt ég væri frv. í sjálfu sér fylgjandi, kynni ég að flytja brtt. fyrir 3. umr. málsins. Ég hef nú leyft mér á þskj. 498 að bera fram tvær brtt., og snerta þær báðar aðstoð við togaraútgerð landsmanna. Ég gerði grein fyrir þeim atriðum, sem þessar till. fjalla um, við 2. umr. málsins og skal þar af leiðandi spara mér öllu frekari greinargerð þar um, en vil þó aðeins með örfáum orðum drepa á efni þessara brtt.

Hin fyrri fjallar um það, að þegar ákveðinn skal rekstrarstyrkur til togara, skuli gera mun á því, hvort þeir veiða fyrir innlendan eða erlendan markað. Rökin, sem að því hniga að veita hærri rekstrarstyrk til þeirra togara, sem veiða fyrir innlendan markað, eru að sjálfsögðu þau, að sá afli, sem þannig kemur á land og er unninn hér, er þjóðhagslega séð meira virði en hinn aflinn, sem fer beint óunninn á hinn erlenda markað. Það hefur sýnt sig hvað eftir annað, einkum áður fyrr, meðan togararnir lögðu í verulegum mæli upp afla sinn hér heima til vinnslu í hraðfrystihús, að einmitt á þeim árstímum, þegar var á milli vertíða hjá bátaflotanum, munaði stórlega um afla togaranna. Hann jók atvinnu í sjávarplássunum og gerði rekstrargrundvöll hraðfrystihúsanna öruggari og traustari en hann hefði ella orðið. Nú á síðustu tímum hefur dregið mjög úr því, að togararnir legðu upp afla sinn hér til vinnslu, og ástæðan er sú, að fyrir útgerðina er hitt í mörgum tilfellum hagkvæmara, eins og sakir standa, að sigla með aflann og selja hann þar. En með því að gera þarna allmikinn mun á rekstrarstyrk, mundi mega stuðla að því, að togarar legðu í auknum mæli upp afla sinn til vinnslu hér, sem er tvímælalaust í flestum tilfellum hagkvæmara fyrir þjóðarbúið heldur en að sigla beint með aflann.

Síðari brtt. mín hljóðar um það, að hæstv. ríkisstj. skuli falið að skipa 5 manna n., sem geri till. til Alþ. um ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll. Ég hef fyrir skömmu hér í þessari hv. d. fjallað um það, hversu mikils virði það hefur verið fyrir okkur að hafa hér lengi getað rekið blómlega togaraútgerð, og ég hef lagt á það áherzlu, að ég teldi það mjög mikið tjón fyrir íslenzkan sjávarútveg, ef togaraútgerð héðan þyrfti að leggjast niður og ef ekki yrði hægt að yfirvinna þá tímabundnu erfiðleika, sem hafa verið og eru nú um sinn á rekstri togara. Þar kemur að sjálfsögðu margt til greina, þegar litið er til framtíðarinnar, og þá ekki sízt það, að við verðum að horfast í augu við, að í dag erum við með gömul skip í flestum tilfellum. Togaraflotinn er að verða og orðinn gömul skip og úrelt að mörgu leyti, og að sjálfsögðu þarf hann að endurnýjast og taka nútíma tækni í þjónustu sína, eins og hann hefur gert oft og tíðum áður fyrr. Og sú endurnýjun á að mínu viti að dreifast á nokkurn tíma. Það er óhentugt að þurfa að endurnýja mikinn hluta flotans í einu. Hitt er hentara, að slík endurnýjun komi smám saman, en ekki í stökkum. En ýmsar ráðstafanir mundi vafalaust vera hægt að gera til þess að auðvelda rekstur þeirra togara, sem við eigum þó enn þá og gengur í erfiðleikum með að halda úti. Og raunar hefur verið bent á ýmsa hugsanlega möguleika í því sambandi.

Þar sem hæstv. sjútvmrh. er nú hér viðstaddur í d., vildi ég aðeins minnast á eitt atriði, sem ég gerði að umtalsefni við 2. umr., þegar hann var fjarverandi, eitt atriði, sem ætti að geta orðið togaraútgerðinni nokkur stuðningur og jafnvel veruleg lyftistöng, ef vel tækist til. Það er stóraukin fiskileit með þarfir togaranna alveg sérstaklega fyrir augum. Það var ákveðið á s. l. ári að auka þessa fiskileit með sérstöku tilliti til togaranna, og var það vissulega vel ráðið. Hins vegar hefur frétzt, að ýmsir örðugleikar hafi komið upp í sambandi við framkvæmd þessarar ákvörðunar, og þá minnist ég þess, að fyrir rúmum mánuði, seint í marzmánuði, nánar tiltekið hinn 25. marz s. l., birtist í einu dagblaðanna, dagblaðinu Vísi, viðtal við Jakob Magnússon fiskifræðing, sem hefur haft með að gera undirbúning og framkvæmd þessarar fiskileitar og það upplýstist m. a., að í meira en mánuð þá á undan hefði fiskideildin verið að leitast við að fá mannskap á þann togara, sem fenginn hafði verið til fiskileitarinnar, togarann Þorstein þorskabít, en það hefði ekki tekizt og togarinn hefði þess vegna ekki farið í fiskileitina, og frá því var skýrt í þessu viðtali, að nú hefði fiskideildin gefizt upp á því að leysa þetta verkefni. Það kom einnig fram og vakti athygli mína í þessu viðtali, að í sambandi við ráðningu manna á þetta leitarskip hefði verið leitað bæði til sjómannasamtakanna og Félags botnvörpuskipaeigenda varðandi, skildist mér, annars vegar vinnutíma eða fjölda manna á skipinu, ekki veit ég, hvort heldur var, og þá hins vegar sennilega kaup og kjör, og eins og haft er eftir fiskifræðingnum í þessu viðtali: Við reyndum á sínum tíma að ná samkomulagi við sjómannasamtökin um breyttan

hvíldartíma og við Félag botnvörpuskipaeigenda um frekar hátt kaup, en hvorugt tókst. — Mér þætti æskilegt að fá um það upplýsingar af hálfu hæstv. sjútvmrh., í fyrsta lagi, hverjar orsakir voru til þess, að svona erfiðlega gekk að gera út þetta leitarskip, sem jafnframt átti að vera rannsóknarskip, átti að hafa það með höndum að rannsaka, að mér skilst, nýja gerð veiðarfæra, sem töluverðar vonir voru bundnar við, og í öðru lagi, hvernig þessi mál standa nú, hvort tekizt hefur að leysa þennan vanda, hvort skipið er farið af stað til rannsóknar og leitar.

Mér er ekki grunlaust um, að eitt af því, sem kann að hafa valdið erfiðleikum í sambandi við það að koma togaranum Þorsteini þorskabít út í þessa rannsóknarleiðangra og fiskileitarleiðangra, sé það, að það kaup og þau kjör, sem boðin voru, hafi ekki verið nægilega hagstæð til þess að leysa vandann með að fá mannskap á skipið. Það er vitanlegt, að til þess að árangurs megi vænta af starfsemi eins og þessari, af fiskileit og rannsóknum á nýjum veiðarfærum, sem eru a. m. k. ný hér á landi, þarf margt að fara saman. Það þarf til þess gott skip, og ég satt að segja efast um, að togarinn Þorsteinn þorskabítur sé alls kostar hentugur til þeirra hluta, þar sem hann er með minnstu togurum okkar. Það þarf góða yfirmenn og góða skipshöfn að öllu leyti og útbúnað í samræmi við það, til þess að árangur náist. Mér skilst, að það hafi fyrst og fremst staðið á því að fá háseta á skipið, að kaupið og kjörin, sem boðin voru, hafi ekki verið nægilega viðhlítandi til þess að fá góðan mannskap á skipið. Fastakaup á togurum, sem eru við almennar veiðar, mun nú vera, að því er ég bezt veit, um 6000 kr. á mánuði, og það má gera ráð fyrir, að á þeim veiðum, sem nú eru stundaðar, og með heldur tregan afla, eins og oftast hefur verið að undanförnu, má gera ráð fyrir, að að meðaltali séu aflaverðlaunin jafnmikil eða aðrar 6000 kr., þannig að heildartekjur togarasjómanna á mánuði undanfarinn tíma, sem í flestum tilfellum hefur verið erfiður, afli lítill, hafi verið um 12 þús. kr., en á þeim skipum, sem vel hefur gengið, hefur hann hins vegar verið nokkru meiri á mánuði.

Við síldarleit hygg ég, að nú sé samið um fast kaup, bæði þá síldarleit, sem fram fer fyrir Norður- og Austurlandi að sumrinu, og sömuleiðis þá leit, sem framkvæmd er fyrir Suður- og Vesturlandi á öðrum árstímum, muni vera um að ræða fast kaup um 12 þús. kr. fyrir háseta á mánuði. Ég hygg, að það sé vonlítið að fá skipverja á fiskileitar- og hálfgert fiskiathugana- eða veiðarfærarannsóknarskip, sem yrði tryggð öllu minni mánaðarlaun og það föst mánaðarlaun heldur en hér er um að ræða við síldarleitina. Ég veit ekki, hvað hefur verið í boði, en ég tel líklegt, að það hafi ekki verið um að ræða þessi kjör, þannig að örugg væru, heldur hafi það verið eitthvað minna. En það er enginn efi á því, að fiskileitarskip, sem er vel útbúið og með góðri áhöfn og hefur það að aðalstarfi sínu að leita að fiski og fiskimiðum í þágu togaranna, en jafnframt tæki að sér að prófa nýjungar í sambandi við veiðar og veiðarfæri, er eitt af því, sem nú í bili gæti orðið einna mest lyftistöng fyrir togaraútgerðina í þeim erfiðleikum, sem hún á í nú um sinn.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vildi mega vænta þess, að hæstv. ráðh. upplýsti, hvernig gengið hefði með þessa fiskileit í þágu togaranna og hvernig það mál liti út nú.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þær brtt., sem hér hafa verið lagðar fram á þskj. 499 og þskj. 498.

Á þskj. 499 leggur hv. 1. þm. Norðurl. e. til, að varið verði 10 millj. kr. til þess að greiða vinnslustöðvum, sem erfiða rekstraraðstöðu eiga, vinnslubætur á smáfisk og tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem rn. setji. Út af þessu vil ég aðeins taka fram, að þegar ákveðið var að veita sérstaka uppbót á línufisk, var það með nokkru tilliti til þess, að sú veiðiaðferð er tiðkanleg á mörgum stöðum úti um landsbyggðina, hér að vísu fyrsta mánuð eða rétt í byrjun ársins, en annars staðar um miklu lengri tíma. Þetta var þess vegna hugsað líka sem aðstoð við þessi frystihús úti um landsbyggðina, vegna þess að þau mundu á þennan hátt geta fengið fleiri til þess að stunda þessar veiðar en ella mundi, ef enginn styrkur væri þar greiddur. Þessi uppbót var talin mundu nema um 22 millj. kr. En nú hefur það atvikazt svo, að á þeim tíma, hér sunnanlands, sem þessar veiðar eru yfirleitt stundaðar, þá lágu veiðarnar niðri af ýmsum ástæðum, og verður þess vegna ekki eins mikið, sem kemur þar til greiðslu, eins og gert var ráð fyrir. Hins vegar hefur þetta verið notað til þess að styrkja skreiðarframleiðslu, eins og hér hefur verið ákveðið við 2. umr. málsins, og skal ég ekki fara frekar út í það. En að okkar áliti, sem að frv. stóðum, átti þessi styrkur til línuveiðanna, sem vonandi kemur að fullum notum úti um landsbyggðina, þótt hann hafi ekki gert það hér sunnan- og vestanlands, að geta orðið þeim nokkur bót, og get ég þess vegna ekki lagt til, að þessi viðbót verði samþykkt.

Þá eru á þskj. 498 frá hv. 5. þm. Reykn. tvær till. Önnur um það, að styrkur til togaranna verði að nokkru leyti miðaður við það, hvort skipin selja innanlands eða erlendis, og í öðru lagi, að sett verði á laggirnar n. til að gera till. um ráðstafanir til að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll. Um fyrra atriðið vildi ég segja það, að það er sjálfsagt meiningin með þessari mismunun í styrk að reyna heldur að hvetja togarana til þess að landa hér heima, og vissulega er það líka æskilegt frá sjónarmiði frystihúsanna og annarra vinnslustöðva, sem togararnir leggja upp hjá. En frá sjónarmiði togaraeigendanna og ég vil einnig segja frá sjónarmiði þjóðarbúsins í heild er þetta mjög vafasamt, því að verðið á

ísuðum, ferskum fiski erlendis hefur upp á síðkastið verið svo hátt, að það nálgast það verð, sem fiskflökin fullunnin eru seld fyrir frá frystihúsunum. Ég segi ekki, að meðalverðið hafi komizt svo hátt, en þetta hefur í mörgum tilfellum komizt það hátt, að kg af þorski hefur verið selt á 10 kr. og þar yfir, sem er um það bil þrisvar sinnum hærra en verðið, sem greitt er hér heima af frystihúsunum. Og t. d. það, að fiskverð að meðaltali í Noregi hefur reynzt hærra en hér, stafar að verulegu leyti af því, að þeir hafa getað komið fiskinum ferskum, óunnum á markaðinn í Bretlandi fyrir mjög hátt verð. Ef þetta gefur þá raun, að það, sem fæst fyrir fiskinn óunninn, er kannske langt til jafnmikið og fæst fyrir hann unninn, þá er náttúrlega ekkert vit í því að koma í veg fyrir þá sölu, sem gefur þetta verð. Og togaraeigendurnir sjálfir líta náttúrlega til þessa markaðar mjög hýru auga, vegna þess að þrátt fyrir uppbætur hér fyrir heimalandaðan fisk mundu þeir aldrei komast upp í neitt svipað verð og þeir hafa fengið á hinum erlenda markaði nú um sinn, svo að ég held, að þetta sé á vissan hátt hæpin ráðstöfun, þó að út af fyrir sig megi segja, að það sé æskilegt að fá að vinna aflann hér heima í landi. En ef hún gefur ekki meira en fæst fyrir hann erlendis óunninn, er fyrirhöfnin og vinnan til lítils.

Í öðru lagi er lagt til, að sett sé 5 manna n. til þess, eins og segir í brtt., að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll. Það er hægt að segja þetta, en ég er hræddur um, að það verði erfitt að finna leið til þess, að þetta geti orðið svo. Það er búið að skipa margar nefndir, og það er stutt síðan síðasta n. starfaði. Þær hafa allar gert ýmsar till., en þó engin getað komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri hægt að reka þennan útveg, eins og í pottinn er búið, án styrks frá ríkissjóði. Það hefur orðið niðurstaðan af öllum athugunum. Og þó að það væri sett ný nefnd, hef ég sannast sagna ekki trú á, — er ég ekki allt of bjartsýnn á, — að það mundi takast að gera togarana út rekstrarhallalaust, því að mér skilst, að það að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll þýði það, að þeir þurfi ekki meðgjöf með útgerðinni.

Það hefur ýmislegt komið til álita og er raunar í gangi. Hv. þm. minntist á fiskleitina. Hún hefur því miður ekki gefið þá raun, sem vonazt var eftir. Hún var ákaflega dýr, og ég hef ekki orðið var við það út af fyrir sig, að það væri ekki hægt að fá mannskap á leitarskipin vegna þess að kaupið væri svo lágt. Ég hef ekki orðið var við það. En hitt er annað, að árangurinn af þessari leit hefur orðið mjög smár og varla svarað þeim kostnaði, sem við þessa fiskileit var bundinn. Það er nú komið svo, að það er mjög ólíklegt, að nokkur ný fiskimið finnist fyrir togarana, segja fiskifræðingar. Það eru svo þrautrannsökuð öll svæðin við Grænland og við Nýfundnaland, og fyrir austan Ísland er sjálfsagt ekki um neitt slíkt að ræða. Þess vegna hefur það orðið niðurstaðan hjá bæði fiskifræðingum og Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, að þeir hafa talið leitina, eins og hún hefur verið að undanförnu, svo þýðingarlitla, að þeir óska ekki eftir henni, þannig að ég geri ráð fyrir því, að Þorsteini þorskabít verði lagt og þessi leit a. m. k. ekki rekin á svipaðan hátt og gert hefur verið að undanförnu. En það hafa verið notuð önnur skip og stærri og aðrir skipstjórar, valinkunnir aflaskipstjórar, til þess að leita, en niðurstaðan hefur því miður orðið sú, að leitin hefur ekki svarað þeim árangri, sem búizt var við. Hins vegar getur það orðið mjög þýðingarmikið fyrir togaraútgerðina, að hægt sé að beita togurum til síldveiða, og athugun á því máli er í fullum gangi. Ef það tækist að búa togarana þannig út, að þeir gætu aflað síldar og gert það með nokkurn veginn svipuðum árangri og stærri línuskipin, er enginn vafi á því, að það mundi gefa togurunum bætta rekstraraðstöðu, svo að um munaði. Það, sem hefur staðið á í því efni, er það, að togararnir okkar eru þannig byggðir, að þeir eru svifaseinir í snúningi, og það, sem verið er að gera nú, að það er verið að gera módeltilraunir, og þær eru í fullum gangi, til þess að freista þess að koma þeim útbúnaði fyrir á skipunum, sem gerir þau auðveldari til snúnings. Hverjar niðurstöðurnar verða af þeim tilraunum, skal ég ekki segja, en ef þær tilraunir takast, ætla ég, að það sé það, sem getur orðið togaraútgerðinni hjá okkur að mestu gagni á næstunni.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. sjútvmrh.

Í sambandi við þá till. að styrkja með hærra framlagi, með hærri styrk þann afla togaranna, sem lagður er á land til vinnslu innanlands, heldur en hinn, sem sigit er með til sölu á erlendum markaði, sagði hæstv. ráðh., að þjóðhagslega séð mundi þetta í mörgum tilfellum og eins og nú stæðu sakir ekki vera hagkvæmt. Það má vafalaust leiða full rök að því, að þegar ísfiskssala er í hámarki, þegar sala er mjög góð, afli almennt á norðurslóðum mjög tregur, eins og hann hefur verið til að mynda s. l. vetur, þá sé stórum hagkvæmara í fyrsta lagi fyrir útgerðirnar og jafnvel í vissum tilfellum hagkvæmara fyrir þjóðarbúið að sigla með aflann. En það er nú svo, að verðlag á erlendum mörkuðum hefur verið einmitt á þessari vöru mjög breytilegt, og þó að það hafi verið tiltölulega jafnt og gott nú síðustu mánuðina, sýnir reynslan, að á þessu eru töluvert miklar sveiflur og hafa oft verið og verða vafalaust, og þá breytist myndin strax, þegar svo er komið, að þetta verð lækkar verulega frá því, sem nú er og hefur verið. En jafnframt er staðan nú sú frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að það eru ýmsir plúsar og mínusar í þessu dæmi, sem sjálfsagt er að reikna með. Það er til að mynda ekki lítill tilkostnaður í sjálfu sér við það að selja fiskinn og borga toll af honum og þar fram eftir götunum á hinum erlenda markaði, og jafnframt er oft nauðsynlegt fyrir einstök byggðarlög að fá þá vinnu, sem afli togara get-

ur skapað í erfiðu árferði. Ég vil aðeins benda á það sem dæmi, sem bara þjóðhagslegt reikningsdæmi, að það hefur verið skýrt frá því fyrir skömmu, að togarinn Hafliði hefur ekki getað siglt á erlendan markað vegna hafissins fyrir Norðurlandi. Hann hefur lagt upp nokkrum sinnum á Siglufirði, þar sem hefur verið mjög mikið atvinnuleysi. Nú hefur fólkið fengið þarna töluverða atvinnu við að vinna afla skipsins. Skipið hefur ekki þurft að sigla á erlendan markað og veitt þar af leiðandi meira en ella, miklu meira vafalaust, þar sem það hefur getað komið oftar að landi eða farið fleiri ferðir á sama tíma. Það er spurning, hvað út úr því dæmi kæmi, þegar það væri reiknað til fulls, hvort hentugra hefði verið fyrir þjóðarbúið, að togarinn Hafliði hefði siglt eins og einn túr til Bretlands eða lagt e. t. v. þrisvar upp á Siglufirði, þar sem vinnufúsar hendur hafa tekið við aflanum, miklu meiri afla en farið hefði á erlendan markað og gert úr honum allverðmæta vöru.

Þá ræddi hæstv. ráðh. lítils háttar um fiskileitina, og hann vildi bera á móti því, að það hefði verið erfitt að fá mannskap á togarann Þorstein þorskabít, sem hefði átt að annast þessa leit. En ég held, að það sé alveg óvefengjanlegt, að á því hafa verið miklir örðugleikar, og það á e. t. v. sinn þátt í því, ef það reynist svo, að útgerðarmenn leggja ekki mjög mikið upp úr þessari leit, að það hefur gengið svo hörmulega með útgerð skipsins, og af því hefur e. t. v. ekki orðið sá árangur, sem menn væntu.

En það var í rauninni fleira en bein fiskileit, sem hugmyndin var að þetta skip fengist við, það voru ákveðnar tilraunir í sambandi við veiðarfæri. Ég hygg, að það hafi verið svokallað japanskt troll, sem þessi togari var að gera tilraunir með hér við íslenzkar aðstæður, hann hafi verið kominn eitthvað áleiðis með þær tilraunir, en þeim ekki lokið, menn hafi jafnvel gert sér allmiklar vonir um árangur af þeim. En nú er búið að leggja þessu skipi, og ég veit ekki, hvað um frekari tilraunir verður en þar höfðu farið fram, en var ekki lokið.

Fleira er það vafalaust, sem slíkt skip sem þetta, rekið í þágu togaraútgerðarinnar, gæti gert, svo sem tilraunir með margvíslega hagræðingu um borð í þessum skipum. Ég las það fyrir skömmu, að einn helzti aflamaður og afreksmaður á togaraflotanum hér skýrði frá því, að með nokkrum breytingum, sem hann hafði gert á dekki og um borð í sínu skipi, hefði honum tekizt að stytta allverulega þann tíma, sem hann þurfti til þess að taka inn trollið og koma því frá sér aftur, og taldi og að þessar hagræðingar einar mundu verða og hefðu þegar sýnt sig að verða mjög verðmætar fyrir útgerð þessa skips, þannig að það er í rauninni ýmislegt, sem ekki hefur enn verið fullreynt í þessum efnum. En ég legg á það áherzlu, að togaraútgerð landsmanna er þjóðfélaginu svo mikilsverð, að á það verður að leggja alla áherzlu að kanna hverja leið, sem fær getur verið til þess að leysa vanda þessara skipa, þeirra skipa, sem geta veitt á þeim miðum og þeim tímum, þegar öðrum skipum verður naumast við komið.

ATKVGR.
Brtt. 499 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 498,1 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 498,2 felld með 10:5 atkv.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. muna, var þetta mál flutt hér í þessari hv. d. og er nú komið aftur frá Ed. vegna einnar breytingar, sem hefur verið gerð á frv., en hún er sú, sem felst í 3. gr. frv., eins og hún er nú, sem er ný og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1965 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu eftir reglum, sem sjútvmrh. setur."

Það var nokkuð um það rætt í þessari hv. d., þegar málið var hér til meðferðar, að skreið og skreiðarverkun mundi þurfa nokkurn stuðning. Nú varð það úr, að málið fór í nánari athugun, án þess að leiðrétting yrði á þessu gerð hér. Við athugun málsins kom greinilega í ljós, að það væri mjög æskilegt að geta aðstoðað þá, sem skreið verka, og í annan stað kom líka í ljós, að það fé, sem ætlað var til styrktar línuveiðum, mundi ekki verða notað allt, vegna þess að tveir fyrstu mánuðirnir hér sunnanlands, sem eru mestu línuveiðamánuðir ársins, voru mjög lítið notaðir, þannig að við það sparast nokkuð af þeim 22 millj., sem til þessa voru ætlaðar, og var þá talið mögulegt að færa þær yfir á skreiðarverkunina og að ríkissjóður bætti við því, sem þyrfti til þess að ná þessum 10 millj. Öðru hefur ekki verið breytt að neinu leyti í þessu frv., og ég vildi mega vænta þess, að hv. d. geti nú afgreitt frv. eins og það er með þessari breytingu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel þessa breytingu, sem gerð hefur verið í Ed., til bóta, því að það var ekkert samræmi í því að greiða sérstakar uppbætur til hraðfrystihúsanna, en ætla ekki sams konar bætur til skreiðarframleiðenda. En ég vildi, að hér kæmi fram skýring á þessu orðalagi, sem notað hefur verið á þessari viðbótargrein, af því að mér þykir það ekki nægilega skýrt. Í gr. segir: „Á árinu 1965 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr." Nú ætla ég, að þetta eigi að þýða það, að greiða megi 10 millj. kr. í sérstakar uppbætur á þá skreið, sem tilheyrir framleiðsluárinu 1965. Ég ætla, að þetta muni þýða það, en vildi gjarnan, að hæstv. ráðh. léti uppi skoðun sína á málinu, því að sjálfsögðu

verður sú skreið, sem verkuð er á árinu 1965, að langmestu leyti flutt út á árinu 1966 eða að talsverðu leyti, og þó að orðalagið sé svona, reikna ég með því, að þessar 10 millj. kr. eigi að ganga til uppbótargreiðslna á framleiðslu ársins 1965. Mér finnst sem sagt, að orðalagið sé heldur óglöggt í þessum efnum, en vildi gjarnan, að hæstv. ráðh. tæki hér af öll tvímæli um, hvað átt er við.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og í gr. segir, er meiningin, að um þessa úthlutun bótanna verði settar ákveðnar og sérstakar reglur, en þær hafa ekki verið ákveðnar enn, svo að ég get ekki sagt í einstökum atriðum, hvernig þær muni verða. En ég get gjarnan lýst yfir því, að ég er alveg sammála hv. 5. þm. Austf. um það, að þetta miðist við framleiðslu ársins 1965, hvort sem hún er seld á því ári eða síðar. Það mætti náttúrlega alveg eins hugsa sér, að þetta tæki til þess hluta af framleiðslunni frá 1964, sem væri eftir óseldur 1965, en það hefur a. m. k. ekki verið mín ætlun, heldur eingöngu, að þetta miðaðist við framleiðslu ársins 1965.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 542).

36. Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um Myndlista- og handíðaskóla Íslands [157. mál] (stjfrv., A. 345).

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að í fyrsta sinn verði sett heildarlöggjöf um myndlistar- og handíðakennslu hér á landi. Þessi kennsla fer nú fyrst og fremst fram í Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík. Sá skóli er reknn að öllu leyti af því opinbera, þ. e. ríkinu og Reykjavíkurborg. Um hann eru þó ekki til önnur lagaákvæði en þau, að í 7. gr. l. um iðnskóla, nr. 45 1955, segir svo:

„Heimilt er að láta listiðnadeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkv. 2. tölulið þessarar gr., að fullnægðum sömu skilyrðum."

Samkv. þessari heimild í iðnskólalögunum tóku listiðnaðardeildir skólans til starfa haustið 1956, eftir að menntmrn. hafði sett reglugerð um þessa starfsemi 21. júlí 1956. Það var Lúðvíg Guðmundsson, sem stofnaði Handíðaskólann haustið 1939. Áður höfðu ýmsir drátthagir menn og listmálarar um lengri eða skemmri tíma haldið uppi nokkurri kennslu fyrir almenning í teiknun og listmálun. Fór sú kennsla ýmist fram í einkatímum eða námskeiðum og þá einkum að kvöldlagi. — Um reglulega skipun á skólastarfi á þessu sviði var þó ekki að ræða, fyrr en Lúðvíg Guðmundsson stofnaði Handíðaskólann og vann með því hið merkasta brautryðjandastarf.

Þegar á fyrsta starfsári skólans tók smíðakennaradeild til starfa. Myndlista- og teiknikennaradeildir voru stofnaðar haustið 1941. Kennaradeild handavinnu kvenna var stofnuð 1947, listiðnaðardeild 1956 og vefnaðarkennaradeild 1959. Fyrstu 3 árin var skólinn rekinn sem einkaskóli, en frá haustinu 1942 til loka árs 1959 stóð félagsskapur áhugamanna að starfsemi hans, en síðan hefur skólinn að öllu leyti verið rekinn sameiginlega af ríki og Reykjavíkurborg. Frá upphafi naut skólinn fjárhagslegs stuðnings ríkisins og bæjarfélagsins, og frá öndverðu hefur ríkissjóður að verulegu leyti borið kostnað af starfsemi kennaradeildanna, enda hefur kennslan í þeim deildum verið nemendum að kostnaðarlausu.

1951 var sú breyting gerð á rekstri kennaradeildanna, að tvær þeirra, smíðakennaradeildin og kennaradeild handavinnu kvenna, voru sameinaðar Kennaraskóla Íslands.

Í lögum um menntun kennara 1947 var kafli um Handíðakennaraskóla Íslands, og var þar kveðið svo á, að stofna skyldi skóla til þess að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla, og skyldi skólinn nefnast Handíðakennaraskóli Íslands. En þangað til sá skóli væri stofnaður, skyldi kennsla sú, sem honum var ætlað að inna af höndum, fara fram í kennaradeild Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík. Með nýju l. um Kennaraskóla Íslands voru þessi ákvæði felld úr gildi og eru þess vegna nú engin lög í gildi um kennaradeild skólans. Ekki sízt vegna þessa er nú nauðsynlegt að setja ný lagaákvæði um þessi atriði. Hefur þess vegna þótt rétt að setja heildarlöggjöf um starfsemi skólans, sem hefur orðið æ umfangsmeiri með hverju ári, og er hann fyrir nokkrum árum raunverulega orðinn opinber skóli, en á þeim aldarfjórðungi, sem á þessu ári er liðinn frá stofnun skólans, hafa nálega 6000 manns notið þar leiðsagnar um hin fjölbreytilegustu viðfangsefni á sviði myndrænna lista og handíða.

Af þessum sökum fól menntmrn. í sept. 1963 þeim Kurt Zier skólastjóra Handíða- og myndlistaskólans, Helga Elíassyni fræðslumálastjóra, dr. Brodda Jóhannessyni skólastjóra kennaraskólans og Lúðvíg Guðmundssyni fyrrv. skólastjóra Handíðaskólans að semja frv. til l. um skólann. Hafa þeir samið frv. það, sem hér er flutt, og grg., sem því fylgir. Skal ég nú gera grein fyrir meginefni frv.

Þar eð myndrænar listir skipa nú megin-

rúm í kennslu skólans og hafa gert hin síðari ár, en handíðir koma þar í næsta sæti, hefur þótt rétt, að nafni skólans verði breytt í: Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Tilgangur skólans er að veita kennslu, menntun og þjálfun í myndlistum, í listiðnum og búa nemendur undir kennslustörf í vefnaði, teiknun og öðrum greinum myndrænna lista, sem kenndar eru í skólum landsins. Skólanum er skipt í fjórar námsdeildir, myndlistadeild, kennaradeild, listiðnadeild og námskeið. Myndlistadeildin er kjarni skólans. Hún starfar eingöngu í föstum dagdeildum, námstími er 4 ár. Myndlistadeildin sjálf skiptist í 4 námsflokka, þ. e. tveggja ára forskóla og tveggja ára framhaldsflokka, þannig að skólinn er í raun og veru 4 ára skóli. Fyrra ár forskólans er reynsluár nemenda, sem teknir eru í skólann. Þeir koma þangað að jafnaði með gagnfræðaeða miðskólapróf, og lágmarksaldur er 16 ár. Listræn undirbúningsmenntun er þó mjög misjöfn, oftast engin, og veitir þetta fyrsta ár í forskólanum öllum umsækjendum jafna aðstöðu og möguleika til náms. Kennd eru m. a. undirstöðuatriði í teiknun, málun og litfræði. Samtímis er unnið að verkefnum, sem gefa nemendum tækifæri til að reyna sig og kanna listrænt ímyndunarafl og skapandi hæfileika sína. Tvisvar á ári dæmir kennarafundur verk nemenda. Í lok fyrsta árs forskólans fær hver nemandi skriflega umsögn um námsárangur og hæfileika sína, og er þá ráðlagt um það, hvort tiltækilegt sé fyrir hann að halda áfram listnámi, og ef það þykir ráðlegt, hvers konar sérnám miða skuli við.

Á öðru ári er haldið áfram kennslu í þeim greinum, sem grundvöllur var lagður að á fyrsta skólaárinu, og auk þess bætt við nýjum greinum, svo sem teiknun eftir módeli og lifandi fyrirmyndum. Nemendur mega einnig velja einhverja grein úr grafik eða rítlist, að jafnaði tré- eða línuristun.

Að loknu þessu tveggja ára forskólanámi á nemandinn að hafa öðlazt reynslu af hæfileikum sínum. Kennarar hans eru þá orðnir færir um að dæma um námsgetu og árangur hans. Þess vegna getur nemandi nú í samráði við kennara sína ákveðið frekari námstilhögun og hvaða sérgrein hann skuli velja sér. Samkv. fyrirhuguðu skipulagi skólans er þó um tvo aðalmöguleika að ræða. Í fyrsta lagi getur nemandi valið sér listnám, og í öðru lagi getur hann látið innrita sig í aðra hvora af tveim kennaradeildum skólans. Velji hann listnám, kemur ýmislegt til greina. Hann getur valið sér greinar á sviði frjálsrar myndlistar, þ. e. listmálun, frjálsa rítlist eða grafik. Hann getur valið hagnýta rítlist með sérgreinum, svo sem leturgerð, bókaskreytingu, alls konar auglýsingar, umbúðateikningu, prentaðferðir, gluggaskreytingar o. s. frv. Hann getur valið sér veggmyndagerð, þ. e. steypt gler, mósaik, málað á múrvegg, fresko o. s. frv. Hann getur valið sér mótlist eða skúlptúr, þ. e. leirmótun, höggmyndalist, hagnýta myndskreytingu í tengslum við húsagerðarlist. Hann getur valið sér undirbúningsnám undir húsagerðarlist, þ. e. á listrænum grundvelli til undirbúnings og framhaldsnáms í skólum erlendis í húsagerðarlist. Og hann getur valið sér listvefnað og veggteppagerð, vefritun og mynzturteiknun.

Ef nemandinn lætur innrita sig í aðra hvora af hinum tveimur kennaradeildum skólans, er þar annars vegar um að ræða teiknikennaradeildina, sem er tveggja ára nám og lýkur með teiknikennaraprófi, sem veitir kennararéttindi. Í þeirri deild bætast við ýmsar nýjar kennslugreinar: kennslufræði, sálfræði, skólasaga og uppeldisfræði, kennsluæfingar, íslenzka og heilsufræði. Sá, sem lýkur teiknikennaraprófi í Myndlista- og handíðaskólanum, hefur þá varið til þess jafnlöngum tíma og almennir kennarar eru við nám í kennaraskólanum, eða 4 árum. Að afloknu forskólanáminu getur nemandinn einnig innritað sig í vefnaðarkennaradeild, en þangað komast líka nemendur með annað undirbúningsnám, t. d. eftir að hafa stundað undirbúningsnám í almennum vefnaði í húsmæðraskólum eða að loknu námi í handavinnudeild í kennaraskólanum. Námið í vefnaðarkennaradeildinni tekur einnig tvö ár. Kenndar eru þar ýmsar helztu vefnaðaraðferðir, og ýmsar sérgreinar bætast við verklega námið auk bóklegra greina.

En starfsemi Myndlista- og handíðaskólans er ekki aðeins fólgin í hinu reglulega, fjögurra ára skólanámi, heldur einnig í ýmiss konar námskeiðshaldi, sem aðallega fer fram síðdegis eða á kvöldin. Er almenningi þar gefinn kostur á námi í ýmsum greinum myndlista og listiðnaðar. Námsefnið á þessum námskeiðum er fjölþætt og tilgangur þeirra því margvíslegur og frábrugðinn tilgangi hinna föstu dagdeilda. Kvöld- og síðdegisnámskeiðin eru þannig m. a. ætluð ungu fólki til hagnýtingar á tómstundum sínum, vinnu og lærdóms. Margir, bæði eldri og yngri, óska þess að geta fengið tilsögn í einni sérgrein listiðnaðar, svo sem bókbandi, almennum vefnaði, teiknun og ýmsu fleiru, til þess að afla sér sérþekkingar, er komi að gagni í starfi eða geri kleift að hagnýta hana sem tómstundavinnu. Aðrir sækja námskeið sem nauðsynlegan undirbúning undir frekara nám í sérskólum erlendis. En gildi slíkra námskeiða er mjög mikið, ekki hvað sízt í því skyni að gefa ungu fólki kost á að reyna sig og kanna listræna hæfileika sína.

Ýmsir af þeim, sem stundað hafa kvöldnámskeið, sækja síðar um inngöngu í dagdeildir skólans, þar sem kröfur eru meiri og strangari.

Auk þessara námskeiða efnir skólinn til námskeiða fyrir starfandi kennara, bæði teikni- og vefnaðarkennara, og er þessum námskeiðum ætlað að veita starfandi kennurum kost á framhaldsmenntun í sérgreinum sínum.

Skólinn starfar 8 mánuði á ári hverju, kennaradeildin þó 8½ mánuð og 9 mánuði það ár, sem próf fara fram.

Nú í vetur eru rúmlega 300 nemendur í öllum deildum skólans. Á kvöld- og síðdegis-

námskeiðum eru 159 nemendur, í æfingaskóla vegna kennaradeildar, þ. e. barnateiknun, 80 nemendur og í föstum dagdeildum skólans 55 nemendur. Kjarni skólans eru nemendurnir í föstum dagdeildum hans. Af þeim 50 nemendum eru 20 í kennaradeildunum, 8 í vefnaðarkennaradeild og 12 í teiknikennaradeild. Um 30% af nemendum í föstum deildum skólans eru því kennaraefni.

Af því, sem nú hefur verið sagt, má vera ljóst, að Myndlista- og handíðaskólanum er ætlað að sameina innan vébanda sinna nám, sem í hliðstæðum skólum erlendis er venjulega skipt milli fleiri stofnana. Í listaháskólum eða akademíum Evrópu er enn fyrst og fremst lögð stund á hina svonefndu frjálsu myndlist, þar sem listrænt viðhorf eitt ræður stefnunni. Hagnýt myndlist, þ. e. þær greinar myndrænnar listar, þar sem nytjasjónarmiðið er tengt hinu listræna viðhorfi, hefur verið og er víðast kennd í öðrum tegundum skóla, sem á íslenzku ætti nánast að nefna listiðnaskóla. En viðhorf skólamanna á sviði myndrænna lista er nú mjög að sveigjast í þá átt að telja þessa aðgreiningu á frjálsri myndlist og hagnýtri list óeðlilega og jafnvel óheillavænlega.

Þegar Handíðaskólinn var stofnaður fyrir 25 árum, var sú braut mörkuð að stunda kennslu í báðum þessum greinum myndrænna lista innan veggja hans, og þannig hefur skólinn þróazt allt til þessa dags. Þykir því einsætt að halda hér áfram á þessari braut og það þeim mun frekar sem þróunin virðist beinast í þessa átt annars staðar. Einkum og sér í lagi virðist sjálfsagt hér, ekki aðeins með hliðsjón af forsögunni, heldur einnig með hliðsjón af smæð íslenzks þjóðfélags, að hafa einn skóla, sem reyni að leysa það hlutverk sem bezt, sem felst í að þroska hvort tveggja, hinar ýmsu sérgreinar myndlistar og listiðna hverja um sig og samræma þær um leið í heppilegu samstarfi og á traustum grundvelli gaumgæfilegrar listrænnar undirbúningsmenntunar.

Við Myndlista- og handíðaskólann starfa nú auk skólastjóra 17 kennarar, en aðeins einn þeirra er fastur kennari auk skólastjórans, allir hinir eru stundakennarar. Á þessu þarf að verða breyting. Er kennslustarf skólans að komast á traustari grundvöll, og er því í frv. gert ráð fyrir því, að í skólanum skuli vera 4 fastir kennarar auk skólastjóra, þ. e. einn fastur kennari við hverja þessara deilda skólans: myndlistadeildina, teiknikennaradeildina, vefnaðarkennaradeildina og listiðnadeildina. Er þá gert ráð fyrir því, að enn geti liðið nokkur tími, unz ástæða þyki til að skipa kennara að fullu í allar þessar stöður. Með fjölgun fastakennara við skólann er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að stundakennsla minnki að sama skapi.

Varðandi rekstrarkostnað skólans er gert ráð fyrir því, að hann verði 1.8 millj. kr. á ári, þegar ákvæði frv. eru komin til framkvæmda. Hlutur ríkisins af þeirri fjárhæð verður 1.3 millj. kr., en hlutur Reykjavíkurborgar 1/2 millj. kr. Á árinu 1965 mun fjárveiting á fjárl. og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar nægja til greiðslu rekstrarkostnaðarins. Á árinu 1966 og síðar mun hins vegar þurfa að auka fjárveitingu til skólans nokkuð.

Að síðustu vil ég láta þess getið, að ég tel hér vera um merkilegt lagafrv. að ræða, sem ég mælist mjög eindregið til, að hið háa Alþingi afgreiði nú á þessu þingi. Enginn vafi er á því, að Handíða- og myndlistaskólinn hefur gegnt mjög merku og mikilvægu hlutverki í íslenzkum skólamálum og í íslenzkri listmenningu. Nái þetta frv. fram að ganga, mun starfsaðstaða skólans bætast að miklum mun og skólinn því geta rækt hlutverk sitt enn miklu betur en hann hefur gert undanfarin ár og áratugi. Það er sérhverri þjóð nauðsynlegt, að í skólakerfi hennar sé veittur kostur á góðri og vel grundvallaðri menntun í hvers konar myndlistum, og þá ekki síður, að kennaramenntun á þessum sviðum sé góð og vel skipulögð. En þetta frv. miðar einmitt að endurbótum í þessum efnum. Þess vegna legg ég á það áherzlu og leyfi mér að óska þess, að málið fái greiðan gang í gegnum hið háa Alþingi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að hér er um gagnlegt og merkt mál að ræða og þess að vænta, að þetta frv. nái fram að ganga hér á hinu háa Alþ. nú í vetur. Það er eitt atriði þó, sem mig langar til að vekja athygli á nú þegar, áður en frv. fer til n. Það er varðandi kostnaðinn, en um hann fjallar 13. gr.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram í grg. fyrir þessu frv., var Handíðaskólinn upprunalega stofnaður sem einkaskóli og hefur verið það að vissu leyti fram til þessa dags. Það var þess vegna ekki nema eðlilegt, að aðstandendur skólans leituðu bæði til Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs um styrk, enda hefur skólinn allt frá fyrstu tíð notið styrks bæði úr borgarsjóði og ríkissjóði. Nú er fyrirhuguð gagnger breyting á þann veg, að Handíðaskólinn skuli gerður að ríkisskóla. Þá hefði mér fundizt eðlilegt um leið, að hlutverki borgarsjóðs Reykjavíkur væri þar með lokið og að eftirleiðis yrði það ríkissjóður einn, sem stæði undir öllum kostnaði í sambandi við skólann. Ég held, að það gildi um aðra ríkisskóla, svo sem menntaskólann, kennaraskólann, sjómannaskólann o. s. frv., að þeir séu að öllu leyti kostaðir af ríkinu, en ekki af viðkomandi sveitarfélagi. Borgarsjóði Reykjavíkur er samkv. þessu frv. ætlað að standa undir verulegum kostnaði í sambandi við þennan ríkisskóla, og er áætlað, að kostnaðurinn í heild muni nema 1/3, sem borgarsjóður eigi að standa undir. Að vísu er tekið fram, að kennaradeildin skuli eingöngu kostuð af ríkisfé, en þegar hún er undanskilin, verður það um helming kostnaðar, sem á að leggja á borgarsjóð Reykjavíkur. Ég vil vekja athygli á þessu. Mér fyrir mitt leyti finnst þetta óeðlilegt, eftir að sú breyting, sem hér er fyrir-

huguð, er á orðin, og teldi rétt, að sú breyting yrði á gerð, að borgarsjóður Reykjavíkur yrði alveg laus við kostnað í sambandi við þennan skóla eftirleiðis.

Ég tel að vísu eðlilegt og sjálfsagt, að Myndlista- og handíðaskólinn verði í Reykjavík, höfuðborg landsins, mesta þéttbýlinu. Annars kemur það til greina við stofnun nýrra skóla, að þeir gætu sumir hverjir átt allt eins vel heima í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík, en ég held það ekki í þessu tilfelli. Hitt vil ég benda á, að ég teldi mjög æskilegt, að það gæti orðið sem fyrst, eftir að þessi skóli er tekinn til starfa í þeirri mynd, sem nú er fyrirhuguð, að hann gæti rekið einhvers konar fræðslustarfsemi víðar en í Reykjavík, og á ég þar sérstaklega við þau ágætu námskeið, sem fram hafa farið í Handíðaskólanum og fram eiga að fara. Ég teldi vera mjög mikilsvert, að námskeið af ýmsu tagi yrðu rekin í stærri kaupstöðum utan Reykjavíkur, svo fljótt sem verða má, og að sú starfsemi færi fram í sambandi við Myndlista- og handíðaskólann, og þá sjáum við enn betur, ef þetta yrði gert, hversu ósanngjarnt það væri að láta Reykjavíkurborg standa undir verulegum rekstrarkostnaði skólans, eins og fyrirhugað er í þessu frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi fram í tilefni af ræðu hv. 9. þm. Reykv., að ákvæði frv. um skiptingu rekstrarkostnaðar milli ríkis og Reykjavíkurborgar eru sett í fullu samráði við forsvarsmenn Reykjavíkurborgar og eru í raun og veru aðeins staðfesting á þeirri skiptingu kostnaðar, sem nú á sér stað. Ákvæðið er sett í fullu samráði og samstarfi við forráðamenn Reykjavíkur.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég vil taka undir það, að hér er um að ræða merkilegt frv. til eflingar þessari stofnun, sem hér er um að ræða og hefur gegnt merku hlutverki hjá okkur undanfarna áratugi. Frv. gerir ráð fyrir því, að í þessum skóla verði jafnhliða veitt tilsögn og þjálfun í hinum svokölluðu frjálsu listum og einnig í hinum hagnýtu listum. Það fyrra ætla ég ekki að gera að umræðuefni. Það er sjálfsagt mjög þýðingarmikið og ástæða til að fagna því, að lagarammi er nú settur um þessa starfsemi. En mig langar til þess með örfáum orðum að koma að þeirri hlið þessa máls, sem snýr að þjálfun í hagnýtum listum.

Eins og tilgangur skólans er skilgreindur í 2. gr. þessa frv., á hann fyrst og fremst að veita kennslu og þjálfun í myndlistum og listiðnum og búa nemendur undir kennarastörf í hagnýtum listum, sem kenndar eru í skólum, svo sem vefnaði, teikningu o. s. frv. Þegar ég las þetta frv., varð mér það nokkurt umhugsunarefni, á hvern hátt ýmsir atvinnuvegir okkar, og þá ekki síst verksmiðjuiðnaðurinn, gætu haft gagn af þeirri listrænu þjálfun, sem á sér stað í þessum skóla, og mér virtist satt að segja, að í frv., eins og það liggur fyrir, væri ekki höfð sérstök hliðsjón af því á neinn hátt, hvernig skólinn gæti sérstaklega þjálfað fólk fyrir störf á sviði okkar atvinnuvega. Mér virðist, að kennsla, sem hér er gert ráð fyrir í hagnýtum listum, beinist fyrst og fremst að því að undirbúa fólk undir kennslustörf annars vegar og hins vegar undir ýmiss konar heimilisiðnað og tómstundastörf, sem það vinnur sem áhugafólk í hjáverkum.

En það er mála sannast, að það er mikill skortur á listrænum áhrifum á framleiðslu landsmanna á ýmsum sviðum. Þetta á við á mjög mörgum sviðum. Ég get nefnt kannske örfá dæmi. Það er t. d. um að ræða mynztrun í vefnaði, sem að vísu er hér gert ráð fyrir að verði sérstaklega kennd, en þó að því er virðist fyrst og fremst með hliðsjón af því að búa nemendur undir kennarastörf í vefnaði sem handverki. Í verksmiðjuiðnaði er þó um allt önnur skilyrði að ræða, bæði aðra tækni og annars konar efnismeðferð, og er því ekki að öllu leyti skylt. Svipuðu máli gegnir um formun ýmiss konar muna, en upp úr því verður okkar iðnaður að leggja, á það verður að leggja mjög vaxandi kapp, að unnið sé að því með listrænum vinnubrögðum.

Við vitum það sjálfsagt öll, að í öðrum löndum er mikið lagt upp úr því að ná listrænum tökum á ýmsum daglegum viðfangsefnum og móta jafnvel hversdagslegustu hluti í listrænum formum, og það að slíkt takist vel, getur oft ráðið úrslitum um það, hvernig framleiðsluvaran stendur sig á mörkuðum heimsins. Við vitum alveg sérstaklega, að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa lagt alveg sérstaka rækt við þessa liði framleiðslumála sinna og hafa með því náð árangri á heimsmörkuðum, sem er mjög eftirtektarverður og er fyrst og fremst því að þakka, að framleiðendurnir hafa tekið listamenn í sína þjónustu og beitt viðfangsefni sín listrænum vinnubrögðum. Á þessu sviði er tvímælalaust líka mikil þörf hjá okkur og enginn vafi á því, að sú stofnun, sem hér er um að ræða, hefur áhrif í hagstæða átt í þessu efni. En hins vegar vekur það athygli mína, að að því er virðist hefur þessi hlið málanna ekki verið höfð í huga á þann hátt, sem ég hefði helzt kosið.

Því er slegið föstu í grg. frv., og það gerði hæstv. menntmrh. líka í framsöguræðu sinni hér áðan, að viðhorf skólamanna á sviði myndrænna lista væri mjög að sveigjast í þá átt að telja aðgreiningu á frjálsri myndlist frá hagnýtri myndlist óeðlilega og jafnvel óheillavænlega, og hér væri því gert ráð fyrir því að sinna hvoru tveggja í sömu stofnun. En þær erlendu stofnanir, sem þarna eru nefndar sem hliðstæðar á sviði hagnýtrar listar, munu með námskeiðum og á ýmsan annan hátt leggja mjög mikla áherzlu á tengsl sín við atvinnulífið og leggja sig fram um að veita þá menntun og þjálfun, sem einnig gæti orðið því að gagni.

Þó að gera eigi sem minnstan greinarmun á frjálsri list annars vegar og hagnýtri hins

vegar, þá er það auðvitað viðfangsefni út af fyrir sig að samræma hina frjálsu myndlist hagnýtum verkefnum. Mér virðist, sem verkefni þeirra námskeiða, sem gert er ráð fyrir í 7. gr., séu óþarflega takmörkuð, þegar þetta er haft í huga, sem ég nú hef verið að ræða, og einnig virðist mér, að það sama komi í ljós, þegar litið er á 12. gr. þessa frv. Þar segir svo

„Til þess að stuðla að sem nánustum tengslum skólans við þróun þeirra þátta í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar, sem mestu skipta starf hans og tilgang, skal skipa sérstakt skólaráð. Skólaráð skal vera stjórn skólans til ráðuneytis um ýmis mál, er skólastarfsemina varða, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð."

Síðan er sagt, að skólaráðið skuli skipað 5 mönnum. Borgarráð Reykjavíkur tilnefnir einn, Bandalag íslenzkra listamanna annan og menntmrh. þann þriðja, en aðrir tveir skulu skipaðir af Landssambandi iðnaðarmanna, sem bendir til þess, að menn hafi þarna í huga tengsl skólans við handverk landsmanna, og hins vegar af Kvenfélagasambandi Íslands til þess að efla tengslin við heimilisiðnað og tómstundastörf á heimilum.

Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga, að neinn þessara aðila, sem þarna er um að ræða, sé tengdur skólanum. En mér virðist, að þetta bendi þó til þess, að menn hafi ekki haft nægilega í huga það hlutverk skólans, sem ég hef verið að gera að umræðuefni, og ekki sé gert nægilega ráð fyrir að skapa tengsl milli þessarar stofnunar og verksmiðjuiðnaðarins í landinu og framleiðslu landsmanna yfirleitt.

Þessum sjónarmiðum vildi ég aðeins leyfa mér að koma hér á framfæri, en ég vil um leið fagna framkomu þessa frv., sem ég tel vera mjög æskilegt að sé samþ. og þar með efld þessi stofnun og sköpuð um hana lagalegur rammi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 405, 406, 412).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. þd. hefur rætt það frv., sem hér liggur fyrir, á tveimur fundum. Í grg., sem frv. fylgir, og í framsöguræðu hæstv. menntmrh. við 1. umr. málsins var gerð allýtarleg grein fyrir efni frv. í aðaldráttum og í einstökum atriðum, og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við.

Eins og fram kemur í nál. menntmn. á þskj. 405, leggur n. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem n. flytur á sérstöku þskj., þskj. 406, og ég skal nú gera grein fyrir þessum brtt. n., sem reyndar liggja í augum uppi.

Ég skal þá fyrst víkja að 2. brtt. menntmn., sem er við 11. gr. frv., en í 11. gr. segir, að kennsluskylda skólastjóra skuli ákveðin af menntmrn., og í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um kennsluskyldu fastra kennara skólans. Nú er hins vegar kveðið svo á í 3. mgr. 9. gr. frv., að skólastjóri og fastir kennarar skólans séu embættismenn ríkisins. Með l. nr. 55 frá 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var ríkisstarfsmönnum veittur samningsréttur um launakjör sín og starfskjör. 1. og 2. mgr. 11. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, er ekki í samræmi við kjarasamningslögin, og því leggur n. til, að þessar málsgreinar falli niður. Í samræmi við þetta er svo í l. brtt. n. lagt til, að í stað „launakjör" komi „launakjör og kennsluskyldu", það er í síðustu mgr. 9. gr. frv., og sú mgr. yrði þá svo hljóðandi: „Um launakjör og kennsluskyldu skólastjóra og kennara fari eftir ákvæðum l. nr. 55 frá 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna."

3. brtt. frá n. er leiðrétting. Í síðustu mgr. 13. gr. er vitnað í 4. mgr. sömu frvgr., en á að vera tilvitnun í 3. mgr. Eins og hv. þm. sjá, er í fyrirsögn frv. orðið „handíðaskóla" ritað með stórum upphafsstaf, á að sjálfsögðu að vera lítill upphafsstafur í orðinu, eins og fram kemur einnig í 1. gr. frv. N. leit svo á, að þar væri nánast um misprentun að ræða og því ekki ástæða til að flytja brtt. um þetta atriði, en verður hins vegar séð um, að það verði leiðrétt í endurprentun frv.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Á þskj. 412 flyt ég eina brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Brtt. mín snertir 13. gr. frv., en í þeirri grein er fjallað um kostnað við skólahaldið og hver greiða skuli þann kostnað. Það er gert ráð fyrir því í frvgr., að ríkissjóður greiði allan kostnað, er leiðir af kennaradeildunum, svo og allan kennslukostnað í sambandi við fastakennarana. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í gr., að annar kostnaður skiptist að jöfnu á milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Þessu síðasta atriði er ég ósamþykkur, eins og ég raunar tók fram hér við 1. umr. málsins.

Ég tel eðlilegt, að ríkissjóður greiði einn allan kostnað í sambandi við þennan skóla, og um það fjallar till. mín á þskj. 412. Þar legg ég til, að 13. gr. frv. orðist á þessa leið: „Ríkissjóður greiðir einn allan kostnað, sem af rekstri skólans leiðir."

Ég rakti það lítillega við 1. umr., hvernig þetta ákvæði muni vera til komið. Upprunalega er þessi skóli einkaskóli og síðan félagsrekinn. Á þeim stigum í sögu skólans var ekki óeðlilegt, að ríki og sveitarfélag hjálpuðust að því að styrkja hann fjárhagslega. Nú felur frv. í sér þá breytingu á högum skólans, að hann er gerður að ríkisskóla, og þá tel ég, að hann heyri þar til í skólakerfinu, sem fellur að öllu leyti undir ríkissjóð að greiða fyrir.

Ef athugað er, hvar þessi skóli eigi heima í fræðslukerfinu, fer það ekki á milli mála, að

skólinn á heima á þriðja stigi fræðslukerfisins, stigi menntaskóla og sérskóla. Inntökuskilyrði í forskóla myndlistardeildarinnar eru landspróf miðskóla eða gagnfræðapróf. Þar af leiðir, að þessi skóli getur ekki talizt til annars stigsins, gagnfræðastigsins. Hann hlýtur því að tilheyra, eins og ég sagði, þriðja stiginu, stigi menntaskóla og sérskóla. En nú er það þannig um greiðslu kostnaðar í skólakerfinu, að þegar um er að ræða skóla á fyrsta og öðru stigi, barnaskóla og gagnfræðaskóla, skiptist kostnaður á milli ríkis og sveitarfélaga. En þegar kemur upp að þriðja stigi, til menntaskóla og sérskóla, er það ríkið eitt, sem stendur undir skólakostnaðinum. Af þessu leiðir, að eðlilegt er að mínum dómi, að Myndlista- og handíðaskóli Íslands sé að öllu leyti kostaður af ríkinu eins og aðrir skólar á þessu þriðja stigi skólakerfisins. Þeir skólar, sem undir það stig falla og eru eingöngu kostaðir af ríkinu, eru menntaskólarnir, sjómannaskólinn, vélstjóraskólinn, matsveina- og veitingaþjónaskólinn, hjúkrunarskólinn og bændaskólarnir. Allt eru þetta skólar á þriðja stigi skólakerfisins og í samræmi við það kostaðir að öllu leyti af ríkinu, en ekki af sveitarfélögum. Hins vegar má nefna skóla eins og húsmæðraskólana. Þeir tilheyra gagnfræðastiginu, og í samræmi við það skiptist kostnaðurinn af skólahaldi þeirra sameiginlega á milli ríkis og sveitarfélaga. Mér þykir rétt að benda á, að þetta er óeðlilegt, og enda þótt forsagan sé sú, að myndlistaskólinn hafi verið kostaður sameiginlega af borgarsjóði og ríkissjóði, á meðan hann var einkarekinn, tel ég fráleitt, að svo haldi áfram. Með þessu frv. orðnu að lögum er hér um hreinan ríkisskóla að ræða. Hann á heima á þriðja stigi skólakerfisins, og allir aðrir skólar á því stigi kerfisins eru ríkisreknir og ríkiskostaðir. Ég tel þess vegna ranglátt beinlínis að ætlast til þess, að Reykvíkingar standi að nokkru leyti straum af kostnaðinum við skólann. Hér er ekki um lítinn hlut að ræða, þar sem talið er, að 1/3 hluti af öllum kostnaði skólans, þar með kennaradeildunum, eigi að falla í hlut Reykjavíkurborgar að standa undir.

Ég vil biðja hv. þdm. að athuga þetta mál frá þessari hlið og gera það upp við sig, hvort ekki muni rétt og sanngjarnt að breyta 13. gr. frv. á þann veg, sem ég legg til.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur flutt brtt. við frv., brtt. í þá átt, að ríkissjóður greiði einn allan kostnað, er af rekstri skólans leiðir. Hv. þm. hefur nú gert grein fyrir þeim rökum, sem hann telur hníga til þess, að svo skuli verða, en ég vil leyfa mér að gera nokkrar aths. við þau rök, sem hann hefur hér fært fram.

Hann sagði, að skólinn væri með þessu frv. gerður að ríkisskóla. Ég get ekki fallizt á, að það sé verið með frv. að gera skólann að ríkisskóla. Ég vil þegar benda á það, að a. m. k. á tveimur stöðum í frv., sem ég sé, er kveðið svo á, að leita skuli till. fræðsluráðs hér í Reykjavík um eitthvað, sem gera skuli, og ef um er að ræða hreinan ríkisskóla, mundi að sjálfsögðu sá háttur ekki verða hafður á. Ég minnist þess ekki, að það sé leitað umsagnar fræðsluráðs, áður en kennarar eru skipaðir eða eins og hér, að fjölga skuli eða fækka kennsludeildum að fengnum till. skólastjóra og fræðsluráðs.

Hv. þm. taldi, að þessi skóli ætti heima á því, sem hann nefndi 3. stig fræðslukerfisins, væri hliðstæður menntaskólum og sérskólum ýmsum. Ef ég tók rétt eftir, var það skoðun hans, að í þennan skóla færi fólk, þegar það hefði lokið skyldunámi eða barna- og unglingafræðslustigi. En ég vil nú benda á það, að í þessum skóla eru líka starfandi barnadeildir, og það kemur til af því, að þessi skóli hefur sérstöðu að því leyti, að kennsla hans fer að verulegu leyti fram á námskeiðum, en ekki með fastaskólahaldi, ef svo mætti orða, eins og tíðkast yfirleitt um skóla.

Varðandi greiðslu kostnaðar ætla ég, að allir gætu orðið sammála um, að það er sjálfsagt og eðlilegt, að ríkið beri eitt kostnað af skólanum, að svo miklu leyti sem hann miðast við það að mennta kennaraefni. Um það getur að sjálfsögðu ekki orðið ágreiningur. Um hitt, hvort eigi, þegar því sleppir, að láta ríkissjóð greiða einan allan kostnað af rekstri og kennslu, geta að sjálfsögðu verið nokkuð skiptar skoðanir.

Eins og fram kemur í niðurlagi aths. með frv. og einnig, ef ég man rétt, í ræðu hæstv. menntmrh. við 1. umr. málsins, hefur verið unnið að undirbúningi þessa frv. í samráði við fræðslustjórann hér í Reykjavík, og ég sé ekki ástæðu til að víkja frá ákvæðunum um skiptingu kostnaðar, eins og þau eru í frv. Eins og hv. þm. reyndar munu fara nærri um, er það svo, að á námskeiðunum eru að yfirgnæfandi meiri hl. Reykvíkingar, þau sækir að yfirgnæfandi meiri hl. fólk úr Reykjavík, og barnadeildirnar sækja, held ég sé óhætt að fullyrða, eingöngu börn héðan úr Reykjavík. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að það fræðsluhérað, sem svo að segja eingöngu situr að því að notfæra sér þessa kennslu á námskeiðunum, beri nokkurn hluta kostnaðarins.

Ég minntist á það áðan, að í frv., þ. e. bæði í 8. og 9. gr., ef til vill víðar, ég man það nú ekki í bili, sé áskilið, að fengnar séu till. fræðsluráðs um ákveðin efni, og ég verð að segja, ef hv. þm. hefði verið sjálfum sér samkvæmur og vildi láta gera skólann að hreinum ríkisskóla, þannig að ríkissjóður einn bæri allan kostnað, þá held ég, að flestum hefði þótt eðlilegt að flytja einnig þá brtt. við þessar greinar frv.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um brtt. hv. þm., en vil endurtaka það, að ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti henni.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Þegar um barnaskóla og gagnfræðaskóla er að ræða, er það mjög eðlileg tilhögun, að kostnaður skipt-

ist á milli ríkis og sveitarfélaga, vegna þess fyrst og fremst, að nemendur í umræddum skólum eru eingöngu úr viðkomandi sveitarfélagi. Hér horfir málið allt öðruvísi við. Myndlista- og handíðaskóli Íslands er engan veginn fyrir Reykvíkinga eina, heldur fyrir alla jafnt, að sínu leyti eins og menntaskólarnir. Þar af leiðir, að öll skipting á kostnaði milli þess sveitarfélags, sem skólinn af tilviljun er í, og ríkisins er óeðlilegur. Þetta er meginatriði, og það er auðvitað skýringin á því, að lög um skólakerfið voru sett á þann veg, að fyrstu tvö stigin í kerfinu skyldu kostuð sameiginlega af þessum aðilum, en ríkið eitt greiða fyrir 3. og 4. stigið, menntaskóla, sérskóla og háskóla. Þetta liggur nokkurn veginn í augum uppi, ef málið er athugað.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands er sumpart kennaraskóli og sumpart skóli, þar sem gerðar eru miklar kröfur til nemenda, venjulega þær, að þeir hafi annaðhvort lokið landsprófi eða gagnfræðaprófi. Þetta gildir um aðaldeildir skólans, myndlistadeildina, sem er bæði forskóli og framhaldsskóli, og einnig um kennaradeildirnar. Um listiðnadeildina er óákveðið enn, hver verða gerð inntökuskilyrði í þá deild. Það verður ákveðið með reglugerð, svo að um það getum við ekki dæmt. En námskeiðin, sem ætluð eru að nokkru leyti almenningi, eru alger aukageta hjá skólanum. Skólinn sem slíkur skal gangast fyrir námskeiðum fyrir almenning. Þau námskeið eru að sjálfsögðu ekki fyrir Reykvíkinga eina, heldur alla landsmenn, sem óska að sækja þessi námskeið. Hér er því mjög skýrt afmarkað svið og ekki blöðum um það að fletta, að að öllu eðlilegu hefði þessi ríkisskóli átt að kostast eingöngu af ríkissjóði. Hitt skil ég ósköp vel, að forráðamenn ríkisvaldsins hafi gjarnan viljað seilast til þess að fá hinn öfluga borgarsjóð til þess að vera með í fyrirtækinu hvað kostnað snertir. Ég skal líka taka það fram, að ég tel það alveg óeðlilegt, að fræðsluráð Reykjavíkur eigi að gera till. til menntmrh. um kennara skólans. Ég tel það alveg fráleitt og hárrétt hjá hv. frsm., að því þyrfti að breyta, um leið og brtt. mín yrði samþ. En ef til vill stend ég einn uppi með þennan málstað í hv. þd. Ég hefði einna helzt vænzt þess að fá stuðning frá hv. frsm., sem þó hefur talið rétt að andmæla brtt. minni. En ég get ekki neitað því, að í því tilfelli finnst mér, að sá höggvi, sem hlífa skyldi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 406,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 406,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 412 felld með 11:2 atkv.
Brtt. 406,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.
14.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 424).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti svo frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar með einróma meðmælum hv. menntmn. og að lokum með shlj. atkv. hv. Ed. Um aðeins eitt efnisatriði hafði komið fram brtt., sem smávægilegur ágreiningur varð um í hv. Ed., en það var till. um það, að Myndlista- og handíðaskólinn yrði ríkisskóli að öllu leyti, þ. e. kostnaður við hann skyldi einvörðungu greiðast úr ríkissjóði. En þetta frv. gerir ráð fyrir því, að skólinn sé kostaður sameiginlega, aðallega að hálfu leyti af hvorum aðila, ríkissjóði og Reykjavíkurborg, svo sem nú á sér stað um skólann. Sá háttur er hafður á um greiðslu kostnaðar við skólann í fullu samráði við forráðamenn Reykjavíkurborgar.

Ég skal fara fáeinum orðum um efni þessa frv. Með frv. er lagt til, að í fyrsta sinn verði nú sett heildarlöggjöf um myndlista- og handíðakennslu hér á landi. Þessi kennsla fer nú fyrst og fremst fram í Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík, og er sá skóli nú orðið algerlega rekinn af opinberum aðilum, þ. e. af ríkinu og Reykjavíkurborg, þó að hann hafi í upphafi verið einkaskóli, stofnaður af Lúðvíg Guðmundssyni haustið 1939. En áður höfðu ýmsir drátthagir menn og listmálarar um lengri eða skemmri tíma haldið uppi nokkurri kennslu fyrir almenning í teiknun og listmálun, fyrst og fremst í einkatímum, en einnig á námskeiðum, en um reglulegt skólahald á þessu sviði var ekki að ræða, fyrr en Lúðvíg Guðmundsson stofnaði Handíðaskólann árið 1939 og vann með því hið merkasta brautryðjandastarf, sem honum ber miklar og sérstakar þakkir fyrir. En smám saman þróuðust mál þannig, þó að skólinn hafi byrjað sem einkaskóli, að hið opinbera, eins og líka algerlega eðlilegt var, ríki og Reykjavíkurborg, tók að sér rekstur skólans og greiðslu kostnaðar við hann. Þó er það svo, að nú eru ekki önnur lagaákvæði í gildi um Handíða- og myndlistaskólann en ein gr. í l. um iðnskóla frá 1945, en í þeirri gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að láta listiðnadeildir Handíða-

og myndlistaskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkv. 2. tölulið þesarar gr., að fullnægðum sömu skilyrðum.“

M. ö. o.: ríkissjóði var með þessari lagagr. heimilað að styrkja Handíða- og myndlistaskólann með sama hætti og hann styrkir iðnskóla, og samkv. þessari lagaheimild hefur kostnaður við rekstur Handíða- og myndlistaskólans verið greiddur. Í lögum um menntun kennara frá 1947 var sérstakur kafli um svonefndan Handíðakennaraskóla Íslands, og var þar kveðið svo á, að stofna skyldi skóla til þess að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla, og skyldi þessi skóli nefnast, eins og ég sagði áðan, *Handíðakennaraskóli Íslands*. En þangað til sá skóli væri stofnaður, skyldi kennsla sú, sem honum væri ætlað að inna af höndum, fara fram í kennaradeild Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík. Þessi skóli var aldrei stofnaður, og hefur þessi sérkennsla til handa kennurum fram til þessa dags farið fram í Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík. En með hinum nýju lögum um Kennaraskóla Íslands, sem samþ. voru fyrir tveimur árum, voru þessi lagaákvæði um Handíðakennaraskóla Íslands felld úr gildi, og þess vegna eru nú alls engin lög í gildi um sérkennaramenntun í handavinnugreinum. Ekki hvað síst þess vegna er nú nauðsynlegt að setja ný lagaákvæði um þetta efni.

Þess vegna var það, sem menntmrn. fól í sept. 1963 þeim Kurt Zier skólastjóra Handíða- og myndlistaskólans, Helga Eliassyni fræðslumálastjóra, dr. Brodda Jóhannessyni skólastjóra kennaraskólans og Lúðvíg Guðmundssyni fyrrv. skólastjóra Handíðaskólans að semja frv. til nýrra l. um Handíða- og myndlistaskóla Íslands. Þeir hafa samið það frv., sem hér er nú lagt fyrir hina hv. Nd., og grg., sem því fylgir. Ég skal nú í örfáum orðum gera grein fyrir meginatriðunum í skipun myndlistakennslunnar, eins og hún verður, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Það er gert ráð fyrir því að breyta nafni skólans í Myndlista- og handíðaskóla í stað Handíða- og myndlistaskóla í samræmi við það, að myndrænar listir skipa nú — og hafa gert undanfarin ár — meginrúm í kennslu skólans. Tilgangur skólans er að veita kennslu, menntun og þjálfun í myndlistum, í listiðnum og búa nemendur undir kennslustörf í vefnaði, teiknun og öðrum greinum myndrænna lista, sem kenndar eru í skólum landsins. Gert er ráð fyrir að skipta skólanum í fjórar námsdeildir, myndlistadeild, kennaradeild, listiðnadeild og námskeiðshald. Myndlistadeildin er kjarni skólans. Hún starfar eingöngu í föstum dagdeildum, og er námstími 4 ár. Myndlistadeildin sjálf skiptist í fjóra námsflokka eða fjóra bekki, þ. e. tveggja ára forskóla og tveggja ára framhaldsflokka, þannig að skóinn verður í raun og veru fjögurra ára skóli. Fyrra ár forskólans er reynsluár nemandans, sem tekinn er í skólann. Hann kemur þangað að jafnaði með gagnfræða- eða miðskólapróf, og er lágmarksaldur 16 ár. Listrænn undirbúningur er þó að sjálfsögðu mjög misjafn, oft enginn, og veitir þetta fyrsta ár í forskólanum því umsækjendum öllum jafna aðstöðu og möguleika til náms, en þar eru kenndar undirstöðugreinar. Á öðru ári er síðan haldið áfram kennslu í þeim greinum, sem grundvöllur var lagður að á fyrsta skólaárinu, og auk þess bætt við nýjum greinum. Að loknu þessu tveggja ára forskólanámi á nemandinn að hafa öðlazt reynslu á hæfileikum sínum og kennarar hans þá að vera orðnir færir um að dæma um námsgetu og árangur hans. Þess vegna getur nemandinn þá í samráði við kennara sína ákveðið frekari námstilhögun og hvaða sérgrein hann hyggst velja sér. Samkv. fyrirhuguðu skipulagi skólans verður þá um tvo aðalmöguleika að ræða. Í fyrsta lagi getur nemandinn valið sér listnám, hreint listnám, og í öðru lagi getur hann látið innrita sig í aðra hvora af tveim kennaradeildum skólans. Ef hann velur listnám, kemur ýmislegt til greina, frjáls myndlist og einnig hagnýtar listgreinar, auglýsingateikning, umbúðateikning, gluggaskreytingar og þar fram eftir götum. Ef nemandinn aftur á móti lætur innrita sig í aðra hvora af hinum tveimur kennaradeildum skólans, er þar annars vegar um að ræða teiknikennaradeild, sem er tveggja ára nám og lýkur með teiknikennaraprófi og veitir kennararéttindi, og hins vegar er um að ræða vefnaðarkennaradeild, sem líka er tveggja ára nám, en þangað komast líka nemendur með annað undirbúningsnám, t. d. eftir að hafa stundað undirbúningsnám í almennum vefnaði í húsmæðraskólum eða að loknu námi í handavinnudeild í kennaraskólanum.

Eins og ég gat um áðan, er starf Handíða- og myndlistaskólans ekki aðeins fólgið í því námi, sem ég nú hef mjög stuttlega lýst og er annars vegar hreint fjögurra ára listnám eða kennaranám í teiknun eða vefnaði, heldur er starf skólans einnig fólgið í mjög víðtæku námskeiðshaldi, sem aðallega fer fram síðdegis eða á kvöldin, en þar er almenningi gefinn kostur á námi í ýmsum greinum myndlista og listiðnaðar. Á þessum námskeiðum eru námsefnin mjög fjölþætt og tilgangur þeirra því mjög margvíslegur. Ýmsir af þeim, sem stundað hafa slík kvöldnámskeið, sækja síðar um inngöngu í dagdeildum skólans til þess að stunda hið reglulega listnám eða kennaranámið, ef þeir að öðru leyti hafa réttindi til slíks.

Nú í vetur eru rúmlega 300 nemendur í öllum deildum skólans. Á kvöld- og síðdegisnámskeiðunum eru 159 nemendur í vetur, í æfingaskóla vegna kennaradeildar, þ. e. barnateiknun, eru um 80 nemendur, og í föstum dagdeildum skólans, þ. e. við hið reglulega skólahald, eru nú 55 nemendur. En kjarni skólans er að sjálfsögðu þessir föstu nemendur í dagdeildum skólans. Þar eru af 50 nemendum 20 í kennaradeildunum, þ. e. verðandi kennarar,

8 í vefnaðarkennaradeildinni, en 12 í teiknikennaradeildinni, svo að um 30% af nemendum í föstum deildum skólans eru kennaraefni.

Nú starfa auk skólastjóra 17 kennarar við Handíða- og myndlistaskólann, en aðeins einn þeirra er fastur kennari auk skólastjórans, allir hinir eru stundakennarar. Á þessu þarf nauðsynlega að verða breyting, og er að því stefnt með þessu frv. Er gert ráð fyrir því, að við skólann starfi fjórir fastir kennarar auk skólastjóra, einn í hverri af aðaldeildum myndlistarnámsins, þ. e. við myndlistadeildina, teiknikennaradeildina, vefnaðarkennaradeildina og listiðnadeildina. Þó er ekki skylt að skipa alla þessa kennara þegar í stað, enda nokkur vafi á því, hvort völ er þegar í stað á hæfum kennurum í allar þessar stöður, en í þær mun verða skipað smám saman, eftir því sem völ verður á hæfum kennurum.

Að síðustu vil ég geta þess varðandi rekstrarkostnað skólans, að gert er ráð fyrir því, að hann verði 1.8 millj. kr. á ári, þegar ákvæði l. eru komin til fullra framkvæmda. Hlutur ríkisins af þessari fjárhæð verður 1.3 millj. kr., en hlutur Reykjavíkurborgar rúm 1/2 millj. Fjárveiting á fjárl. 1965 mun duga til þess að greiða þann kostnað, sem skólinn mun hafa á þessu ári, og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar mun vera nægilegt fé til þess að greiða kostnaðinn við skólann á þessu ári. Á árinu 1966 og síðar mun hins vegar þurfa að auka fjárveitingu til skólans nokkuð, eftir því sem föstum kennurum fjölgar í stað stundakennaranna, sem nú annast þar kennslu.

Að síðustu skal ég svo láta þess getið, að ég tel hér vera um mjög merkilegt lagafrv. að ræða, og vænti þess, að hv. Nd. sjái sér fært að afgreiða þetta frv. nú á þessu þingi. Það er enginn efi á því, að Handíða- og myndlistaskólinn hefur gegnt mjög merku og mikilvægu hlutverki í íslenzkum skólamálum og í íslenzkri listmenningu. Nái þetta frv. fram að ganga, mun starfsaðstaða skólans batna að miklum mun og skólinn því geta rækt hlutverk sitt miklu betur en hann hefur gert undanfarin ár og áratugi, vegna þess að skipulag hans mun komast í mun fastara horf en verið hefur, sérstaklega í kjölfar þess, að í stað stundakennara er gert ráð fyrir því að komi fastir kennarar, einn fastur kennari að hverri aðaldeild skólans. En á því er enginn efi, að hverri þjóð er nauðsynlegt, að í skólakerfi hennar sé veittur kostur á góðri og vel grundvallaðri menntun í hvers konar myndlistum, og þá ekki síður, að kennaramenntun á þessum sviðum sé vel og skynsamlega skipulögð.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 512).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Handíðaskólinn hefur starfað í Reykjavík síðan 1939. Á þessum árum hafa um 6000 manns sótt í hann margvíslega kennslu, og eru þar bæði áhugamenn í ýmsum listgreinum og kennaraefni í teikningu eða vefnaði og verðandi listamenn.

Skólinn hefur unnið sér vaxandi hefð, vinsældir og viðurkenningu. Hann varð upprunalega til, eins og margar menningarstofnanir hér á landi, fyrir fórnfúst áhugastarf einstakra manna. Nú er hann orðinn það stór og hlutverk hans það mikið, að tími er kominn til að setja hann á fastan grundvöll. Með þessu frv. er lagt til, að sett séu föst lög um skólann, ríkisvaldið taki að sér yfirstjórn hans og beri meginhluta af kostnaði, en Reykjavíkurborg beri nokkurn hluta af kostnaði, og er um það samkomulag milli þessara aðila. Málið hefur verið afgreitt með samkomulagi í Ed. Menntmn. þesarar hv. d. mælir einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 560).

---

37. Umferðarlög.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958 [140. mál] (stjfrv., A. 297).

Á 50. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér barst nýlega erindi, dags. 18. febr. 1965, frá heyrnleysingjum, þar sem þess var farið á leit, að breytt yrði umferðarlöggjöfinni og þeim með því gefinn kostur undir vissum kringumstæðum á að geta fengið ökuskírteini og aka bíl eins og aðrir. Skólastjóri heyrnleysingja-

skólans átti tal um þetta mál við mig, og það kom í ljós, að í nágrannalöndum okkar er löggjöfin töluvert öðruvísi að þessu leyti en hjá okkur, og reynsla annarra landa hefur sýnt, að slys við akstur hjá heyrnarlausu fólki eru töluvert minni en almennt gengur og gerist. Það er af þessu tilefni, sem þetta frv. er borið fram.

1. gr. felur það í sér að breyta ákvæði umferðarl., þar sem stendur nú, að hlutaðeigandi verði að hafa góða sjón og heyrn, m. ö. o. góða heyrn til þess að mega aka bifreið. Þar skal nú koma: „hafi góða sjón, nægjanlega heyrn og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega.“ Þetta er mjög svipað og tilsvarandi ákvæði í nágrannalöndum okkar. Það er hægt að gera vissar varúðarráðstafanir. Í sumum tilfellum geta heyrnartæki gert eitthvert gagn, stundum alls ekki, og þá er hægt að gera kröfur til þess, að bílar séu öðruvísi og betur útbúnir með speglum. En almennt er ekki talið, að mjög dauf eða lítil sem engin heyrn sé nokkur hindrun fyrir því, að menn séu eins öruggir í akstri og aðrir.

Ég vildi ekki draga, að þetta mál kæmi fram, enda þótt ég vissi, að umferðarlaganefnd hafði á prjónunum ýmsar aðrar hugmyndir um breytingar á umferðarl. Það gat verið nokkuð mikið í húfi og ástæðulaust að hindra þetta fólk frá því að verða þessa réttar aðnjótandi eins og við hinir. Það fer víst nógu mikils á mis þrátt fyrir það, og í sumum tilfellum getur þetta hreinlega verið atvinnuspursmál, t. d. við ýmiss konar akstur, þar sem það kemur ekki að sök, eins og við vöruflutninga og annað slíkt. Ég skrifaði því umferðarlaganefnd og tjáði henni, að ég hefði hug á því að flytja brtt. hér að lútandi við umferðarl. og vildi fá umsögn hennar um það, og hún lét mér í té umsögn, þar sem segir, að þetta sé í samræmi, eins og ég sagði áðan, við það, sem gerzt hefur hjá okkar nágrönnum á Norðurlöndum, og hún mælir með því, að þessi breyting verði gerð. En þá í leiðinni taldi hún rétt að taka með einn þátt í hugsanlegum breytingum þesara l. í sambandi við tryggingarnar, þó að önnur atriði væru látin bíða og mættu bíða, og að sumu leyti nauðsynlegt vegna samræmingar við umferðarlöggjöf nágrannalandanna, sem við fylgjumst með, þó að við höfum ekki verið beinir þátttakendur í því.

Í samræmi við þetta er 2. gr. frv., sem fjallar um vátryggingarnar og miðar að því að breyta upphæðunum. Þar er sagt, að eiganda skráðs vélknúins ökutækis sé skylt að kaupa í vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af dómsmrh., og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemur 500 þús. kr. fyrir reiðhjól með hjálparvél, það var áður 100 þús. kr., 1 millj. fyrir dráttarvél, það var 200 þús. kr., 1 millj. fyrir bifhjól, sem var 200 þús. kr., og 2 millj. fyrir bifreið, sem að hámarki var 500 þús. kr. í sambandi við þessar skyldutryggingar. Þetta er vegna þess, að miðað við verðlagsþróunina hjá okkur hefur gildi vátryggingarfjárhæða rýrnað svo mikið, að skyldutryggingin er ekki talin fullnægjandi, hvorki fyrir eigendur ökutækjanna né þá, sem fyrir tjóninu verða. Að mati umferðarlaganefndar eru þetta eðlilegar breytingar. Þetta leiðir ekki af sér mjög verulegar hækkanir á iðgjöldunum. T. d. í sambandi við skyldutryggingarnar, ef um þær er að ræða, mundi hækkunin verða, miðað við 2 millj. kr., sem hæst er farið í bifreiðunum, úr 500 þús. í 2 millj., þá mundi hækkunin að líkindum verða 10—14%. Ef tekin er dráttarvél, þar sem hámark skylduvátryggingar var 200 þús. kr., var iðgjaldið fyrir þá tryggingu 300 kr., en ef upphæðin er hækkuð, eins og hér er lagt til, í 1 millj., verður iðgjaldshækkunin 150 kr. Nú vil ég ekki segja það, að hv. þm. kunni ekki að hafa eitthvert annað mat á þessum upphæðum, og það er sjálfsagt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, taki það til athugunar. En það verður ekki um það deilt, að það ber mikla nauðsyn til að breyta þessum upphæðum, og ef menn á annað borð eru á það sáttir, þyrfti helzt þetta mál að ná fram að ganga, þannig að það gæti orðið að lögum fyrir næsta tryggingatímabil, sem hefst 1. maí. Það kemur til athugunar allt undir meðferð málsins.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi vænta þess, að málið gæti samt sem áður fengið góða afgreiðslu og skjótan byr, og vildi leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 346).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., um breyt. á umferðarl., er flutt að beiðni umferðarlaganefndar, en hún vinnur að endurskoðun umferðarl., en þótti rétt að óska eftir því, að þegar á þessu þingi, þar sem ekki liggur fyrir hennar álit í heild, verði gerðar á umferðarl. þær tvær breytingar, sem þetta frv. felur í sér.

Samkv. 1. gr. er um að ræða breyt. á 2. mgr. 27. gr. umferðarl. í sambandi við ökuskírteini, að í stað þess að áður var það skilyrði fyrir því, að menn gætu öðlazt ökuskírteini, að þeir hefðu góða heyrn, er á þessu slakað nú, og það kemur til af því, að félag heyrnarlausra og skólastjóri heyrnleysingjaskólans sendu umferðarlaganefnd óskir um að breyta ákvæðum umferðarlaga á þá leið, að heyrnarlaust fólk geti fengið ökuskírteini. Leitað var umsagnar landlæknis um þetta atriði, og er hann meðmæltur því, að slakað verði á heyrnarkröfum við veitingu ökuréttinda, á svipaðan hátt og gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum, en þar hefur verið, gengið svo langt að leyfa jafnvel algerlega heyrnarlausu fólki að fá ökuskírteini.

2. gr. er um breyt. á 2. mgr. 70. gr. um-

ferðarl. og fjallar um að hækka skyldutrygginu allra vélknúinna ökutækja, en hún hefur verið óbreytt í lögunum frá 2. maí 1958, og með tilliti til þess, að verðgildi peninga hefur mjög breytzt, frá því að þau lög voru sett, þykir eðlilegt og sjálfsagt að hækka skyldutryggingu ökutækja verulega, enda er lagt til, að skyldutrygging fyrir bifreið hækki úr 500 þús. kr. í 2 millj. kr. Einnig er rétt að hafa það í huga, að bætur til þeirra, sem verða fyrir slysum, hafa hækkað verulega, því að dómstólar taka tillit til verðþenslunnar við ákvörðun bóta, og er því brýn nauðsyn, að hver eigandi ökutækis sé tryggður fyrir því, ef hann verður valdur að alvarlegu slysi. Í umsögn, sem Samband ísl. tryggingafélaga sendi umferðarlaganefnd um þessi mál, segir, að reynslan sýni, að tryggingafélögin hafi stillt iðgjöldum sínum svo mjög í hóf, að hreint tap hefur orðið mörg undanfarin ár. Iðgjöld af tryggingu ökutækja hækkuðu þó verulega á s. l. ári, en vegna örari verðþenslu en þá var reiknað með virðist augljóst, að enn þurfi að hækka iðgjöld verulega, þrátt fyrir óbreyttar vátryggingarupphæðir, eða um 20—30%.

Til þess að gefa nokkra innsýn í, hvað iðgjöld ökutækja muni hækka vegna þessara breytinga vátryggingaupphæðar, vil ég nefna, að gert er ráð fyrir, að vátryggingarupphæð dráttarvéla hækki úr 200 þús. kr. í 1 millj. kr. Nú eru iðgjöld af þessum tækjum 300 kr. án iðgjaldaafsláttar, en reikna má með, að iðgjöld af 1 millj. kr. tryggingu verði 405—435 kr. án iðgjaldaafsláttar. Talið er, að vegna lítillar tjónatíðni njóti 90—95% af þessum tekjum 30% iðgjaldaafsláttar. Hækkun vátryggingarupphæðanna samkv. frv. verður mest á dráttarvélum og reiðhjólum með hjálparvél, en þær fimmfaldast, og er það rökstutt með því, að þessi tæki geti valdið einstaklingsslysi jafnalvarlegu og bifreiðar, en hins vegar liggur það ljóst fyrir, að hækkun tryggingarupphæðar á tækjum þessum til samræmis við bifreiðar leiðir ekki til hækkunar iðgjalda til jafns við bifreiðaiðgjöld vegna minni tjónatíðni. Bifreiðar hækka úr 500 þús. í 2 millj. kr. samkv. frv., og eins og fram kemur af aths. við frv., er talið, að iðgjald á 1. áhættusvæði muni hækka, eftir því sem næst verður komizt, um 10—14% miðað við núverandi iðgjöld. Álitið er samkv. tjónareynslu liðinna ára, að ekki sé ástæða til að hækka upphæðir stórra farþegabifreiða í sama hlutfalli, en í frv. er lagt til, að 100 þús. kr. vátrygging verði fyrir hvert sæti umfram 10 í stað 50 þús. kr. í gildandi lögum.

Í 3. gr. frv. er lagt til, að ákvæði 2. gr. komi til framkvæmda 1. maí 1965, en það er miðað við það, að vátryggingaiðgjöld falla í gjalddaga 1. maí, en þar sem skammur tími er til stefnu, er mikil nauðsyn á því að hraða afgreiðslu þessa máls, til þess að tryggingafélögunum geti gefizt kostur á því að hafa sínar iðgjaldakvittanir tilbúnar, sem þau þurfa að senda til allra sinna umboðsmanna um allt land.

Allshn. leggur einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel, að þurft hefði að gera meiri breytingar á umferðarl. en stefnt er að með þessu frv. Sérstaklega er það eitt atriði í þeim, sem ég tel að þyrfti að breyta hið allra fyrsta. Öllum er kunnugt um hin tíðu umferðarslys hér á landi, og það er einnig vitað mál, að mörg af þessum slysum stafa af því, að ökumenn eru ölvaðir við akstur. Ég tel, að það þurfi að setja miklu strangari ákvæði en nú eru í l. um ökuleyfissviptingu þeirra manna, sem gera sig seka um það að hreyfa ökutæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis. Og ég tel, að þessa breytingu hefði þurft að gera nú, úr því að l. á að breyta á annað borð. Hins vegar er sagt hér í aths., að umferðarlaganefnd vinni að frekari endurskoðun löggjafarinnar, og vildi ég mega treysta því, að hún taki þetta atriði til sérstakrar athugunar. Ég tel enga ástæðu til að láta þá menn hafa ökuleyfi, sem hafa gerzt brotlegir við þetta ákvæði umferðarlaganna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil óska upplýsinga um það frá hæstv. dómsmrh., hvaða venja ríkir um það, þegar menn hafa verið með dómi sviptir ökuleyfi ævilangt, hvort þeir fái uppreisn og það jafnvel eftir skamman tíma og ökuleyfi aftur. Ég hef heyrt þess getið, án þess að ég hafi neinar sannanir fyrir því, að sú venja hafi verið og sé enn að veita slíkum mönnum ökuleyfi aftur eftir ekki mjög langan tíma. Mér þætti fróðlegt að vita, hvernig þetta væri í framkvæmd.

Þá er í 1. gr. þessa frv. gerð sú breyting á, að ekki skuli krefjast góðrar heyrnar, heldur nægjanlegrar heyrnar, og þetta er skynsamlegt. Það ætti ekki að þurfa að krefjast meira, en svo segir í grg. um þessa grein:

„Tilgangur þessa er sá að veita heimild til þess, að heyrnarlaust fólk geti fengið ökuskírteini."

Eru þetta ekki einhver mistök í grg., að segja, að tilgangurinn með þessari lagabreytingu sé sá, að heyrnarlaust fólk fái ökuskírteini, þegar segir í sjálfri gr., að það skuli hafa nægjanlega heyrn? Ég vek athygli á þessu, svo að það fari ekki út úr þinginu þannig, að menn séu í einhverjum vafa. Ég get ómögulega séð, að það sé tilgangurinn með þessari breytingu, að heyrnarleysingjar fái ökuskírteini. E. t. v. er þetta prentvilla, því að ég fæ ekki séð, að það geti verið nokkur heil brú í þessu, og ég mundi a. m. k. ekki vilja greiða atkv. með því að stefna að því að veita heyrnarlausu fólki ökuskírteini.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. spurðist fyrir um það, hvort það tíðkaðist að veita mönnum ökuskírteini aftur, sem hefðu verið sviptir því ævilangt. En það mun vera svo, að í umferðarl. er heimild fyrir því, að hafi maður verið sviptur ökuskírteini ævilangt, megi þá veita honum það aftur eftir 3 ár, ef hann hefur verið reglusamur og ekki neinar sérstakar aðrar ástæður mæla gegn því, og þá einu sinni. Þessi heimild hefur verið

notuð um langan tíma, og hún er sem sagt fyrir hendi í sjálfum lögunum.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. vék að í sambandi við, að gert er ráð fyrir því eða sagt í frv., að það sé tilgangurinn að veita heyrnarlausu fólki rétt til þess að fá ökuskírteini, eru það ákvæðin í sjálfri 1. gr., sem skera úr um þetta, og breytingin varðandi afstöðuna til þessa fólks er sú, eins og þar segir, að í stað orðanna, eins og nú er í umferðarl., að menn verði að hafa góða sjón og góða heyrn og vera nægjanlega hraustir andlega og líkamlega til þess að geta fengið ökuskírteini, komi nú, að viðkomandi hafi góða sjón, nægjanlega heyrn og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega. Það kemur fram og er vikið að því, að bæði hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum og reyndar annars staðar hefur á síðari árum verið farið inn á það og einnig að ég hygg í Bandaríkjunum, að menn, sem teljast í raun og veru heyrnarlausir eða með ákaflega skerta heyrn, hafa fengið ökuskírteini og það er mat manna, sem til þekkja, að þeir séu á engan hátt hættulegri í umferðinni, nema síður sé, heldur en aðrir, sem hafa fulla heyrn, og á grundvelli þessa er þetta frv. flutt og í samráði við umferðarlaganefndina, eins og vikið er að í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál þetta er búið að fara í gegnum Nd. og felur í sér tvær breytingar á umferðarlögunum, eins og gerð er grein fyrir í grg.: annars vegar að veita fólki með skerta heyrn rétt til ökuskírteinis, hins vegar er lagt til, að hækkaðar verði fjárhæðir skyldutryggingar ökutækja.

Fyrra málið er þannig vaxið, að samkv. núgildandi ákvæðum í umferðarlögunum eru skilyrði til þess að fá ökuskírteini að hafa góða sjón og góða heyrn, og þetta hefur að sjálfsögðu hindrað fólk með skerta heyrn og heyrnarleysingja frá því að fá ökuskírteini. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum og reyndar í Ameríku líka, svo að við vitum til, hafa átt við sömu vandamál að glíma í þessu sambandi, að meina þessu fólki að geta fengið ökuskírteini, en málið hefur nú hjá þessum þjóðum verið rannsakað, og ýtarlegar rannsóknir hafa leitt í ljós, að fólk með skerta heyrn og jafnvel heyrnarleysingjar séu síður en svo hættulegri í umferðinni en þeir, sem hafa fulla heyrn. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að varðandi menn með skerta heyrn verði lögð áherzla á, að þeir hafi heyrnartæki og betri kannske speglaumbúnað á bílum, sem sett yrðu ákvæði um í reglugerð, heldur en ella væri. En það kann einnig svo að vera, að þeir, sem við köllum heyrnarlaust fólk, sem eru kannske fáir í orðsins bókstaflegu merkingu, geti fengið ökuskírteini, og í sumum tilfellum getur þetta verið mjög mikilsvert og skapað möguleika til atvinnu, sem ella væru ekki fyrir hendi, t. d. í mörgum tilfellum í sambandi við akstur vörubifreiða eða önnur sambærileg tilvik. Mér bárust óskir um þetta frá félagi heyrnleysingja, og Brandur Jónsson skólastjóri ræddi málið við mig, og að öllum upplýsingum fengnum frá þessum aðilum, sem þeir lögðu fram, þá lagði ég málið fyrir umferðarlaganefndina, og beiddist umsagnar hennar, og hún féllst á með vísun til sambærilegra reglna í öðrum löndum, að rétt væri að gera þessa breytingu, sem í þessu frv. felst.

Hin breytingin er svo ekki annað en þar er lagt til, að hækkaðar verði fjárhæðir til skyldutrygginga ökutækja í samræmi við breytt verðlag, þar sem það er talið, að núgildandi ákvæði séu ekki nægileg til þess að veita þá tryggingu, sem nauðsynleg er.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. En hitt er annað mál, að það er mjög þýðingarmikið, að málið geti náð fram að ganga fljótt vegna tryggjinganna, og mér er ekki kunnugt um, að neinn ágreiningur sé um málið, og vildi mega mælast til þess við forseta, ef mögulegt væri, að hraða afgreiðslu málsins, þannig að það geti komizt úr d., það er kannske til of mikils mælzt í dag, því að málið þarf að fara til n., en ef fundur yrði á morgun í Sþ., þá yrði kannske haldinn hér fundur um þetta, ef n. væri búin að ljúka störfum, þannig að málinu gæti þá verið lokið. Þetta vildi ég biðja hæstv. forseta og n., sem fær málið til meðferðar, að athuga. Að svo mæltu vil ég leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 297, n. 525, 526).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur yfirfarið þetta frv. og rætt það við hlutaðeigandi aðila, fyrst og fremst lögreglustjórann í Reykjavík sem formann milliþn. í umferðarmálum og umferðarnefndar og við formann Félags íslenzkra bifreiðaeigenda. N. hefur rætt þetta mál á fjórum fundum. Eins og fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh. við 1. umr. málsins hér í hv. þd., er hér aðeins um tvö atriði að ræða úr umferðarlögunum, sem lagt er til að breyting verði gerð á, en það er, að í fyrsta lagi verði nokkuð rýmkuð þau ákvæði, sem gilt hafa varðandi heyrn bifreiðastjóra, og það talið réttlætanlegt með hliðsjón af reynslu nágrannalanda í þeim efnum, að það muni ekki vera um þá hættu að ræða, sem kannske í fljótu bragði virðist vera, að slíkir aðilar eða bifreiðastjórar yrðu til, þótt ekki hefðu fulla eða nægjanlega heyrn að dómi núgildandi lagaákvæða, eins og þau hafa verið.

Allshn. var sammála um, að í stað orðanna „nægjanleg heyrn" væri eðlilegt, að um heyrnina yrði ekkert sagt, heldur yrði það á valdi hlutaðeigandi sérfræðinga að meta það, hvort um nægjanlega heyrn væri að ræða, þar sem það hugtak, „nægjanleg heyrn", væri svo teygjanlegt, að erfitt mundi að marka það með lagasetningu. Þessi afstaða n. kemur fram í brtt., sem hún gerir á þskj. 526.

Í öðru lagi fjallar frv. þetta um allmikla hækkun og stórt stökk í hækkun fastatrygginga bifreiða, og þótti mörgum, að þarna væri um allmikið stökk að ræða. En samkv. upplýsingum þeirra aðila, sem n. hefur rætt við, er talið, að það hafi sýnt sig í þeim óhöppum, sem hafa hent í umferðinni á undanförnum árum, að sízt muni þar ofgert, miðað við núgildandi verðlag, en eðlilega verður mönnum þá að hugsa, hvort ekki hafi verið þarna nokkuð lágt farið undanfarin ár, en um það atriði fjallar frv. að sjálfsögðu ekki.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 525, þá mælir n. með samþykkt frv. með þeirri breyt., sem um ræðir á þskj. 526.

ATKVGR.
Brtt. 526 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 556).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 556 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í sambandi við 1. gr. í þessu frv., sem ég vildi spyrja að. Það á að breyta þessum l. þannig, að orðið „heyrn" sé fellt þarna niður, í staðinn fyrir að áður þurfti að hafa góða sjón og heyrn, og stendur nú bara: „hafi góða sjón og sé að öðru leyti hraustur andlega og líkamlega". Ég vil spyrja að því, hvort það sé meiningin, að samkv. þessari breytingu væri hægt að veita t. d. fólki, sem væri algerlega heyrnarlaust, leyfi til þess að aka bíl. Ég veit ekki, hvort það yrði litið svo á, að sá maður, sem væri heyrnarlaus, væri nógu hraustur líkamlega. Það gæti bara verið orðalagsbreyting. En ég vil vekja athygli á því, þó að undir mörgum kringumstæðum geti það fólk, sem hefur ekki neina verulega heyrn, kannske keyrt bíl, að t. d. undir þeim kringumstæðum, þegar slys vilja til og þeir bílar, sem keyra fólk eða ná í fólk, þeyta sína lúðra og hafa enga aðstöðu til þess að sýna, að þeir séu á ferðinni, heldur en kannske á eftir, þá er gefið, að það fólk, sem heyrir ekki, getur ekki vikið úr vegi fyrir þeim og gæti þannig tafið fyrir því, að slíkir bílar kæmust á slysstað eða kæmust með slasað fólk á sjúkrahús.

Ég vil vekja athygli á þessu, því að satt að segja sýnist mér, að í sambandi við bifreiðal. sé það orðið svo, að það sé meira hugsað um það sem einhvern sjálfsagðan hlut handa hverjum manni, sem á því hefur efni — eða jafnvel þótt hann hafi ekki efni á því að eiga bíl, að hann fái að keyra hann, heldur en hugsað sé um öryggi vegfarenda. Bílar eru orðnir algengasta drápstækið í okkar landi, og það hefur almennt verið tekið svo lint á þessum hlutum, að menn, sem hafa drepið fólk og hlotið sína dóma fyrir, hafa venjulega verið náðaðir skömmu seinna og haldið áfram jafnvel að drepa fleiri, þannig að það eru mjög alvarleg mál í sambandi við þessi bílaslys, og ég vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Ég held, að það hafi verið sagt hér einhvern tíma í umr. um þetta mál, að sums staðar erlendis væri það svo, að fólk, sem væri alveg heyrnarlaust, fengi rétt til þess að keyra bíl. En ég veit líka, að í einu landi þurfa menn yfirleitt engin bílpróf, enda geta menn keyrt bíl hver sem vill án þess að hafa nokkur vottorð um slíkt, því að það er sinn siður í landi hverju. En með þeim miklu slysum, sem af bílum geta hlotizt, held ég, að það eigi að fara dálítið gætilega í þessa hluti.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 573).

38. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar hefur verið undirbúið í dómsmrn. með venjulegum hætti, eins og tíðkazt hefur og skapazt um mjög fastar og mótaðar reglur á undanförnum árum, og sé ég ekki ástæðu til að gera nánar grein fyrir því. En þó er rétt að taka það fram, að í 1. gr. er lagt til, að Þórunn Sofia Jóhannsdóttir Azhkenazy, húsmóðir í London, fái íslenzkan ríkisborgararétt. Beiðni hennar um ríkisborgararétt íslenzkan var fyrir n. á síðasta þingi, en of seint fram komin og náði þá ekki fram að ganga, en eftir atvikum tel ég rétt, að henni verði nú veittur þessi ríkisborgararéttur, og það byggist á þeim sérstöku ástæðum, að hún er fæddur íslenzkur ríkisborgari, en giftist rússneskum manni, eins og kunnugt er, og öðlaðist þá rússneskt ríkisfang, sem hún síðar hefur misst, og í skjölum málsins kemur það fram, að eftir öllum atvikum hentar henni miklu betur að hafa sitt íslenzka ríkisfang og reyndar þeim hjónunum báðum, og mun vera um það samkomulag þeirra á milli. Ráðuneytið þurfti að hlutast til um það að veita henni vegabréf á s. l. sumri, því að eins og nú standa sakir, er hún illa stödd að því leyti, eftir að hafa misst ríkisfangið hið rússneska, en hafa ekki annars staðar ríkisborgararétt, sem nú er lagt til að henni verði veittur. Ég vona, að það verði ekki ágreiningur um þetta í n. Ég ræddi við hana á s. l. ári, og málið liggur nú skýrar fyrir. Vil ég að svo mæltu leyfa mér að mæla með því, að frv. verði vísað til hv. allshn. og til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. 22 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 369, 370).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. gerir till. um á sérstöku þskj. Einn nm. skrifar þó undir nál. með fyrirvara, og annar nm. var fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt í nefndinni.

Frv. þessu var vísað til 2. umr. 26. okt. s. l. Má því segja, að n. hafi haft rúman tíma til athugunar á frv. Það stafar þó ekki eingöngu af trassaskap nm., að frv. hefur ekki verið afgreitt fyrr úr n., heldur fremur vegna þess, að sú venja er nú að komast á, að frv. um veitingu ríkisborgararéttar séu ekki afgreidd fyrr en síðari hluta vetrar, enda eru nýjar umsóknir um ríkisborgararétt að berast venjulega fram undir þinglok.

Við afgreiðslu þessa frv. og athugun á nýjum umsóknum um ríkisborgararétt hefur að þessu sinni, nema annars sé getið, verið fylgt þeim reglum, sem allshn. beggja þd. komu sér saman um fyrir hér um bil 10 árum og síðan hefur verið fylgt í höfuðdráttum. Eru reglur þessar að venju prentaðar í nál. 27 af þeim umsækjendum um íslenzkan ríkisborgararétt, sem upp eru taldir í frv. og í brtt. allshn., fullnægja þeim skilyrðum, sem í reglum þessum eru sett fyrir veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, og tel ég því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þá umsækjendur. Hins vegar fullnægir 21 umsækjandi, sem getið er í frv. og brtt. n., ekki þessum skilyrðum, og mun ég því í stuttu máli gera grein fyrir því, af hvaða ástæðum allshn. leggur samt sem áður til, að þessum umsækjendum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

16 þessara umsækjenda eru júgóslavneskir flóttamenn, sem komu hingað til lands á árinu 1959. Áður en þeir komu til landsins, var þeim heitið því af íslenzkum stjórnvöldum, að þeir mundu verða aðstoðaðir við að öðlast hér íslenzkan borgararétt, svo fljótt sem lög leyfðu, ef þeir óskuðu þess og reyndust annars nýtir og góðir borgarar. Einnig var þeim tjáð, að hér á landi væri fyrir hópur ungverskra flóttamanna og væri líklegt, að hið sama yrði látið ganga yfir þá og hina ungversku flóttamenn í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar. Fyrir 2—3 árum var allmörgum hinna ungversku flóttamanna veittur íslenzkur borgararéttur, og er því talið eðlilegt eftir það, sem á undan er gengið, að hinum júgóslavnesku umsækjendum verði nú veittur sami réttur, þegar þeir eru búnir að dveljast hér á landi jafnlengi eða lengur og hinir ungversku flóttamenn voru búnir að gera, þegar þeim var veittur hér borgararéttur. Dómsmrn. og félmrn. hafa fyrir sitt leyti mælt með því, að hinum júgóslavnesku umsækjendum verði nú veittur íslenzkur borgararéttur. Fjórir af þeim umsækjendum, sem ekki fullnægja áðurnefndum skilyrðum, eru ungverskir flóttamenn, sem komu hingað til lands á árinu 1956 og hafa dvalizt hér samfleytt síðan. Sé ég ekki annað en þeim mundi hafa verið veittur íslenzkur ríkisborgararéttur á þinginu 1962—63 eins og allmörgum öðrum samlöndum þeirra, ef þeir hefðu þá sótt um borgararétt, sem þeir gerðu þó ekki af einhverjum ástæðum. Dómsmrn. hefur fyrir sitt leyti mælt með því, að þessum fjórum umsækjendum verði nú veittur íslenzkur borgararéttur.

Þá er loks ein kona, Þórunn Sofia Jóhannsdóttir Ashkenazy, sem í frv. er lagt til að öðlist nú íslenzkan ríkisborgararétt, þótt hún fullnægi strangt tekið ekki þeim skilyrðum, sem sett hafa verið fyrir veitingu íslenzks borgara-

réttar. Er hún íslenzk í húð og hár og hafði að sjálfsögðu íslenzkt ríkisfang, þar til hún giftist rússneskum manni fyrir nokkrum árum, en hefur nú afsalað sér rússneskum borgararétti, sem hún öðlaðist við giftinguna.

Eftir því sem bezt er vitað, hefur enginn þeirra umsækjenda, sem upp eru taldir í frv. og brtt. allshn., sætt þeim viðurlögum hér á landi, að það hindri eftir settum reglum, að þeim verði veittur íslenzkur borgararéttur.

Eins og ég áður sagði, herra forseti, legg ég til, að þessu frv. verði síðan vísað til 3. umr. og það samþ. ásamt þeim brtt., sem allshn flytur á sérstöku þskj.

ATKVGR.
Brtt. 370 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 390, n. 527, 528).

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Svo sem að venju var höfð samvinna milli allshn. Nd. og Ed. við undirbúning nál., og komu þær brtt., sem þannig unnust út, fram á þskj. við 2. umr. í Nd. Þskj. hef ég ekki hér við höndina. En eftir að málið kom frá hv. Nd., bættust við allmargar umsóknir, sem óskað var eftir að n. fjallaði um, og tók n. úr þeim hópi 4 umsækjendur um ríkisborgararétt, svo sem frá greinir á þskj. 528. Er það till. n., að þessir aðilar verði samþ., enda heyra ástæður þeirra undir þær reglur, sem hv. Alþingi hefur sett í þessum efnum. Allmargir aðilar aðrir voru þarna einnig með, sem n. treysti sér ekki til að mæla með að svo stöddu máli, þar sem ýmist var skortur á upplýsingum eða biðtími þeirra hafði ekki verið nægjanlegur. En eins og fram kemur á þskj. 527, leggur allshn. til, að frv. þetta verði samþ. með þeirri breyt., að 4 nýir aðilar bætist inn, svo sem frá greinir á þskj. 528.

ATKVGR.
Brtt. 528 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 557).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 599).

---

39. Ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila [89. mál] (stjfrv., A. 128).

Á 27. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í núgildandi l. um erfðafjársjóð er gert ráð fyrir, að honum skuli varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og til kaupa á vinnuvélum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra geti komið að sem fyllstum notum. Þessi upptalning í l. er tæmandi og ekki heimilt að fara út fyrir hana. Hins vegar hefur verið komið upp nú stofnun til þess að reyna að þjálfa fólk, öryrkja og gamalmenni, til vinnu frá því sem áður var, og þessi stofnun hefur þegar unnið talsvert mikið og gott starf í þessu skyni. Hins vegar hefur ekki verið heimilt samkv. l., eins og þau nú eru, að veita þessari stofnun styrk eða lán til starfsemi sinnar og til þess að koma upp þeirri aðstöðu, sem nauðsynleg er í þessu skyni. Hér er lagt til, að í staðinn fyrir, að sjóðurinn skuli lána og styrkja vinnuheimili og vinnustofur og til kaupa á vinnuvélum, skuli tekið upp í l. að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir ör-

yrkja og gamalmenni í þessu sama skyni, þannig að í viðbót við vinnustofur og vinnuvélar er lagt til að koma upp öðrum stofnunum, sem hafi sama markmið.

Það er enginn vafi á því, að þetta starf, sem unnið hefur verið til þess að nota betur en áður var mögulegt starfsgetu öryrkja og gamalmenna, er gott starf og það ber að styrkja. Og ríkisstj. telur, að þessi endurhæfingarstöð, sem verið er að koma upp í þessu skyni, sé í eðli sínu sams konar og vinnustofurnar og vinnuvélarnar, sem gert er ráð fyrir að styrkja vegna þess fólks. Það er því lagt til, að þessu verði breytt þannig að opna möguleikana fyrir því að taka þessa endurhæfingarstöð inn sem styrkhafa og að það megi veita henni lán til starfseminnar. Um erfðafjársjóðinn má segja það, að hann hefur talsvert mikið handbært fé, svo að starf hans að öðru leyti til þess að styrkja þær eiginlegu vinnustofur ættu ekki að þurfa að skerðast neitt, þótt þessi endurhæfingarstöð verði tekin inn í kerfið.

Ég ætla, að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef síður en svo nokkuð að athuga við þá breytingu, sem hér er ráðgerð, og er henni meðmæltur. En í sambandi við þetta mál vildi ég aðeins benda á, hvort ekki geti komið til athugunar að skipta erfðafjársjóðnum niður í deildir, þannig að í hverri sýslu væri geymdur og ávaxtaður sá erfðafjársjóður, sem til félli í þeirri sýslu, og hann væri síðan til ráðstöfunar í þeirri sýslu í þeim tilgangi, sem lögin greina. Ég skýt þessu aðeins fram hér til athugunar. Það má vel vera, að þetta sé óraunhæft, vegna þess að það sé talið svo lítið fé, sem kemur í heild í erfðafjárskatt og erfðafé, sem fellur til ríkisins, að það sé ekki til skiptanna, og í annan stað má vera, að í sumum sýslum falli svo til ekkert erfðafé eða erfðafjárskattur til. Mér er þetta ekki ljóst. Ég þekki það ekki. Ég hef ekki veitt því athygli, hvort það er í einhverjum skýrslum, sem hér hafa verið lagðar fram, eða þá að ég hef ekki eftir því tekið. Mér skildist þó á því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að í erfðafjársjóði væri til talsvert handbært fé.

Nú má vel vera, og ég efast ekki um það, að fé úr sjóðnum hafi að einhverju leyti verið lánað t. d. til elliheimila eða ellideilda úti á landi. Ég veit það ekki. En það er vitaskuld, að þar er á mörgum stað mikil þörf fyrir fé í þessu skyni, til þess að koma upp ellideildum og standa undir þeim í sambandi við sjúkrahús og til þess að koma upp öryrkjavinnustöðvum. Ég nefni þetta hér aðeins í því skyni, að nefnd sú, sem fær þetta frv. til meðferðar, gæti, ef hún vildi, tekið þessi atriði til athugunar. En ég get ekki neitað því, að ýmislegt finnst mér mæla með því, að þetta fé væri ekki dregið út úr þeim héruðum, sem það fellur til í. En ég bendi á þetta, af því að ég á ekki sæti í þeirri nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, en tek aftur fram, að ég hef ekkert að athuga við þá breytingu, sem felst í þessu frv., álít hana stefna út af fyrir sig í rétta átt, og vel má raunar vera, að finna mætti fleiri verðug verkefni fyrir erfðafjársjóðinn, sem setja mætti á bekk með þessum, sem þarna eru talin, þó að ég á engan hátt vilji gera lítið úr þeim, síður en svo.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki við höndina upplýsingar um það, hvernig það fé skiptist, sem fellur til erfðafjársjóðs árlega. En það er, eða hefur verið undanfarin ár, ég vil segja allverulegt. Árið 1962 hefur erfðafjárskatturinn numið 3.6 millj. kr., og 1963 nam hann 4.2 millj. Þetta fé, sem safnað er í erfðafjársjóð, er í vörzlu Tryggingastofnunar ríkisins og úthlutað af félmrn. eftir till. tryggingaráðs. Ég get upplýst það hins vegar, að það hafa ýmsar umsóknir borizt um lán og styrki úr sjóðnum til stofnana og starfsemi úti á landsbyggðinni, aðallega þó til hinna svokölluðu „Sjálfsbjargar"-félaga, sem eru samtök fatlaðra. Það hefur síður en svo verið neinn þrándur settur í götu þess, að starfsemin úti á landinu nyti fyrirgreiðslu af þessu tagi, eins og þeir, sem hér eru búsettir í Reykjavík eða nágrenni. Hins vegar sé ég ekki í fljótu bili, hvað ætti að vinnast við að skipta þessu fé í smærri hluta, þar sem mér skildist á hv. þm., að hann ætlaðist til þess, að það yrðu þá stofnaðar sérstakar deildir erfðafjársjóðs, sem væru byggðar upp í hinum ýmsu héruðum. En þá er þar við að athuga, að það geta náttúrlega verið, eins og hann líka benti á, ýmsir staðir, þar sem lítið eða ekkert fellur til af erfðafjárskatti, og gæti það þá orðið til þess, að þessir sjóðir hættu að geta staðið undir þessari starfsemi í héruðunum, þ. e. væru þess ómegnugir. Hins vegar, þegar um heildarsjóð er að ræða, er hann óbundinn af því, hvert veita skuli, og einungis hugsað um að fullnægja þörfinni, hvar sem hún kallar að. Ég held þess vegna, að þetta kerfi, sem nú er haft á þessu, sé eftir atvikum það heppilegasta og það mundi ekki mikið vinnast við það, þó að það væri farið að skipta þessu fé í smærri hluta.

Þessi aðstoð, sem veitt er, er aftur á móti bundin við það höfuðmarkmið, sem bæði er orðað í núgildandi lögum og eins í þessu frv., þ. e. a. s. að aðstoðin sé veitt í því skyni öryrkjum og gamalmennum, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Út yfir þetta mark eða út fyrir þessa línu er ekki heimilt að fara og verður ekki heldur, þó að þessi breyting á l. verði samþ., sem hér er gert ráð fyrir.

Ég held þess vegna, að það fyrirkomulag, sem nú er haft á um rekstur sjóðsins, lánveitingar úr honum og styrkveitingar, hafi reynzt vel. Ég held, að ég megi fullyrða, að það hafi ekki borizt styrk- og lánabeiðnir úr sjóðnum, sem ekki hefur verið hægt að sinna, þegar

um eðlilegar lána- og styrkbeiðnir hefur verið að ræða. Ég fyrir mitt leyti held þess vegna, að að þessu leyti væri ekki rétt að breyta sjóðnum. En sjálfsagt er rétt, að n. athugi þetta. Ef hún finnur einhvern flöt á því, sem teldist heppilegri en núverandi fyrirkomulag, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 483).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Í l. nr. 12 frá 1942, um ráðstöfun erfafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, er í 2. gr. að finna heimild til að lána og veita styrki til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Eins og orðalag gr. er, hefur þótt orka tvímælis, að í henni fælist heimild til þess að veita lán og styrki til þess að koma upp endurhæfingarstöðvum fyrir þá aðila, sem þarna er um að ræða, og af því tilefni er þetta frv. flutt, þar sem orðalag er þannig, að lán og styrki megi veita til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum, sem þá mundi vafalaust einnig taka til endurhæfingarstöðva. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur rætt þetta frv., og leggur n. einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, rennur fé erfðafjársjóðs til lánveitinga og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum fyrir öryrkja og gamalt fólk í því skyni, að starfsgeta þeirra geti komið að sem fyllstum og beztum notum. Einn þátturinn í því að gera þessa öryrkja og þetta gamla fólk starfhæft er að endurhæfa það á sérstakri endurhæfingarstöð, sem komið hefur verið upp að nokkru leyti og er verið að koma upp að öðru leyti. Það hefur verið nokkur vafi um það, hvort nota mætti fé erfðafjársjóðs í þessu skyni, og stjórn Öryrkjabandalagsins hefur lagt á það mikla áherzlu, að þessi stofnun, þessi endurhæfingarstöð, yrði styrkhæf á borð við vinnuheimili. Í frv. felst ekki annað en það, að því hefur verið bætt inn í 2. gr., að á eftir orðunum „til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum" komi: „og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum". Í þessum orðum, „öðrum stofnunum", á að felast, að endurhæfingarstöðin og aðrar þær stofnanir, sem vinna beint að þessu marki, að reyna að auka og efla starfsgetu gamla fólksins og öryrkjanna og skapa þeim skilyrði til þess að verða sem nýtastir þjóðfélagsborgarar, komi undir þetta. Annað er ekki efni frv., og ég vænti, að því verði vel tekið hér eins og í hv. Ed., sem samþykkti það óbreytt og samhljóða.
Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 546).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls, hefur þetta frv. aðeins inni að halda ákvæði, sem taka af tvímæli um það, að heimilt sé að veita lán úr erfðafjársjóði eða af því fé, sem er í vörzlu félmrn. af erfðafé, til endurhæfingarstöðva öryrkja. Heilbr.- og félmn. hefur kynnt sér frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 600).

40. Innlent lán (breyt. á l. nr. 59 1964).

Á 71. fundi í Ed., 26. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán [188. mál] (stjfrv., A. 509).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í nóv. s. l. voru samþ. lög á Alþ. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka innlent lán eða bjóða út spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr. Þetta var boðið út í tvennu lagi, fyrst 50 millj., síðan 25 millj., og seldust þessi spariskírteini upp á skömmum tíma. Í sambandi við framkvæmdaáætlun ársins 1965 þarf að afla nokkurs lánsfjár innanlands, og er lagt til með þessu frv., að þessi lánsheimild, sem var 75 millj. í l. frá í nóv., verði hækkuð upp í 150 millj., og er þá gert ráð fyrir, að boðnar verði út 75 millj. í spariskírteinum nú á næstunni, e. t. v. í tvennu lagi. Varðandi kjörin er gert ráð fyrir, að þau verði í meginatriðum þau sömu og voru í desemberútboðinu, m. a. verði skírteinin tryggð með vísitölu byggingarkostnaðar. Breyting verður hins vegar varðandi vaxtakjörin í samræmi við þá vaxtabreytingu, sem varð hér um áramótin.
Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vildi beina því til hv. n. að skila áliti svo fljótt sem verða má, vegna þess að þess er óskað, að frv. þetta geti orðið að lögum í þessari viku.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 509, n. 521).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að hæstv. ríkisstj. verði veitt heimild til þess að taka 75 millj. kr. innlent lán. Hér er um að ræða heimild til viðbótar þeirri, sem veitt var fyrir jólin til innlendrar lántöku í sama skyni eða til þess að standa undir kostnaði við framkvæmdaáætlunina. Það er gert ráð fyrir því, að þetta lán verði með svipuðum kjörum og lánið, sem boðið var út fyrir jólin, en þó, eins og tekið var fram í grg. frv., að vextir verði lækkaðir með tilliti til þeirrar almennu vaxtalækkunar, sem átt hefur sér stað síðan.
Afgreiðsla málsins í fjhn. hefur orðið sú, sem nál. á þskj. 521 ber með sér, að n. hefur orðið sammála um að mæla með frv., en þrír hv. nm. skrifa þó undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til þess að flytja við það brtt.
Það hefur farið í vöxt, að undanförnu, eins og kunnugt er, að boðin hafa verið út vísitölutryggð lán í því skyni að afla fjár til ákveðinna framkvæmda, þannig að tilgangurinn hefur verið fyrst og fremst sá að lokka fjármagn til ákveðinna framkvæmda með tilliti til þeirrar tryggingar, sem felst í því, að höfuðstóll lánanna er látinn hækka til samræmis við einhverja vísitölu, vísitölu byggingarkostnaðar í þessu tilfelli, en í sumum svipuðum tilvikum hefur verið miðað við aðra vísitölu. Það gefur auga leið, að eftir því sem í ríkara mæli verður farið inn á þessa braut, þeim mun meiri nauðsyn verður á því að koma hér á heildarskipan, þannig að handahóf ráði því ekki, hverjir fá vísitölukjör og hverjir verði að sæta þeim lánskjörum. Við umr. þær, sem fóru fram í þessari hv. d. fyrir skemmstu um húsnæðismálalöggjöfina, upplýsti hæstv. sjútvmrh., að unnið væri að því að koma á heildarlöggjöf um þessi efni, og væri að mínu áliti því betra, því fyrr sem slík löggjöf yrði lögð hv. Alþ. Æskilegt væri að mínu áliti, að slíka löggjöf væri hægt að afgreiða á þessu þingi, en um það skal ég auðvitað ekki fullyrða.
En vísitölutrygging sparifjár hefur líka öðru hlutverki að gegna en því að greiða fyrir fjáröflun til ákveðinna framkvæmda, nefnilega að koma í veg fyrir, að verðbólguþróunin skapi öngþveiti á lánamarkaðinum. Þó að litið hafi að vísu verið aðhafzt í þeim efnum, virðist vera almennur skilningur á þessari hlið málsins, sem m. a. kemur fram í því, að fyrir þessu þingi liggja till. frá einstökum mönnum úr báðum stjórnarandstöðuflokkunum um það, að hafizt verði handa í því efni, að komið verði á almennri vísitölutryggingu sparifjár, og mundi ég telja mjög æskilegt, að ákveðnar ráðstafanir yrðu sem fyrst gerðar í því efni. Það sjónarmið hefur að vísu komið fram í sambandi við þetta, að slíkt mundi verða of þungbært lántakendum og of mikil hlunnindi fyrir þá, sem lánin veita. Að mínu áliti er þetta í rauninni á misskilningi byggt, því að í rauninni tel ég, að hér sé um meira hagsmunamál lántakenda en lánveitenda að ræða. Það ber ekki nauðsyn til þess fyrir neinn að eiga lausafé. Telji menn slíkt sér ekki hagkvæmt vegna verðbólguþróunar eða af öðrum ástæðum, er auðvitað alltaf hægt að festa peningana eða þá eyða þeim. Hitt er auðvitað nauðsynlegt, að menn geti fengið lán, og skilyrðin fyrir því, að lánin fáist, verða auðvitað alltaf að vera þau, að einhverjir séu fúsir til þess að veita lánin, en slíkt hlýtur að verða fyrst og fremst komið undir lánskjörunum.
Það er e. t. v. ekki ástæða til verulegrar bjartsýni um það, að takast megi að stöðva verðbólguþróunina. Meðan þjóðfélagsstéttirnar ganga í þeirri dul, að það sé hægt að leysa efnahagsvandamálin með því að hækka allar peningatekjur í sama hlutfalli, þrátt fyrir

fengna slæma reynslu í þeim efnum, þá verður ekki hjá því komizt, að verðbólguþróunin heldur áfram. Það, sem hér er um að ræða, er það, að fyrirbyggt verði, að slík verðbólguþróun skapi öngþveiti á lánamarkaðinum og þar með í efnahagskerfinu í heild, og raunar hefur reynslan sýnt það í þeim löndum, þar sem þessi leið hefur verið farin, að mönnum hefur orðið ljóst fánýti þess að ætla sér að leysa efnahagsvandamál hinna einstöku stétta með því að láta allar peningatekjur hækka í sömu hlutföllum, þannig að þetta hefur orðið til þess, að tekizt hefur að stöðva verðbólguþróunina í þessum löndum. Þetta er önnur hlið á málinu, sem e. t. v. er ekki sérstök ástæða til þess að ræða í þessu sambandi, því að hér er ekki um að ræða neitt teljandi spor í þá átt að vísitölutryggja sparifé almennt, en ég gat þó ekki látið hjá líða að víkja aðeins að þessari hlið málsins, sem eðlilegt er að beri á góma í þessu sambandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 73. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og samþ. þar með shlj. atkv. Efni þess er það að fá heimild til þess að bjóða út 75 millj. kr. innlent lán eða spariskirteini í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir árið 1965.

Í nóvembermánuði s. l. voru samþ. lög hér á Alþ. um heimild til útgáfu spariskírteina eða lánsútboðs fyrir allt að 75 millj. kr. Þessi upphæð var boðin út í tvennu lagi, fyrst 50 millj., síðan 25 millj., og seldist lánið upp á skömmum tíma.

Það var m. a. svo ákveðið um þessi spariskírteini, sem voru til 10 ára, að þau skyldu bundin eða tryggð með byggingarvísitölu. Nú er ætlunin að fá þessa lánsupphæð hækkaða úr 75 millj. í 150 millj. og bjóða fljótlega út lán að nýju, og ég geri ráð fyrir, að kjör og skilmálar varðandi hið nýja lánsútboð verði svipaðir og í nóvember—desember að öðru leyti en því, að vextir verði nokkru lægri, væntanlega um það bil 1% lægri í samræmi við þá vaxtalækkun, sem hér hefur orðið síðan.

Varðandi framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisins fyrir árið 1965 hefur hún verið í smíðum undanfarna mánuði og verður kunngerð Alþ., áður en því lýkur.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., en vil beina þeim tilmælum til hv. n., að hún afgreiði málið svo tímanlega, að þetta frv. geti orðið að lögum í þessari viku.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um, til hvers þeim peningum var varið, sem teknir voru að láni samkv. þeirri lánsheimild af þessu tagi, sem samþ. var í fyrra. Ég man ekki til, að það hafi legið fyrir hér upplýsingar um þetta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að heimila ríkisstj. að gefa út skuldabréfalán að upphæð 75 millj. kr., og sú grein er gerð fyrir þessu, að þetta fé eigi að nota í sambandi við framkvæmdir, sem ákveðnar eru í framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir yfirstandandi ár. Ég hef áður að því vikið við svipað tækifæri og þetta, að það er vægast sagt óeðlilegt að leita til Alþ. með slíkar heimildir sem þessar, til þess að standa undir útgjöldum eftir áætlun, sem Alþ. hefur ekki enn þá fengið að sjá. Það er vitanlega eðlilegt, að þessar framkvæmdaáætlanir séu kynntar Alþ. meira að segja áður en þeim er að fullu lokið, því að hér er um mikilvægar ákvarðanir í fjárhagsmálum ríkisins að ræða. Nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að ríkið afli sér fjár, í þessu tilfelli upp á 75 millj. kr., til þess að standa undir tilteknum útgjöldum, sem ríkið á að standa undir. Ég geri ráð fyrir því, að þetta fé eigi að fara til ákveðinna vegalagninga í landinu, nokkurra meiri háttar vegagerða og ýmiss konar annarra framkvæmda, sem ríkið hefur með höndum, en vitanlega hefur ekki verið veitt nægilega mikið fjármagn til á fjárl. En þegar ríkið fer fram á slíkar heimildir sem þessar, er eðlilegt, að sú áætlun liggi fyrir Alþ., sem kallar eftir þessu fjármagni, sem hér er leitað eftir.

Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði, að framkvæmdaáætlun fyrir yfirstandandi ár mundi verða kunngerð Alþ., áður en því lýkur. Fyrst á sem sagt að samþykkja hér heimildir um lánsútvegun til tiltekinna framkvæmda, sem maður veit ekki, hverjar eru, en svo eiga alþm. að fá í nesti til þess að hafa með heim til sín, hvað þetta væri, sem var verið að afla fjár til. Þetta eru alveg ófær vinnubrögð. Það er búið að standa svona að málum a. m. k. einu sinni áður, og það er alveg óþarfi að halda áfram á þessari braut. Ég álít því, að það sé eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. kynni fyrir Alþ. þau drög að framkvæmdaáætlun, sem ég veit að liggja fyrir, og að Alþ. fái alveg fulla skýringu á því, um hvaða framkvæmdir er hér að ræða og hvernig fjárhagsmálefnum þessara

framkvæmda er í rauninni varið, hvernig á að verja þessu fé, sem á að innheimta á þennan hátt.

Auk þess álít ég, að það sé rétt að gera sér fulla grein fyrir því, að með þessum lántökum, bæði nú og fyrr, er verið að fara að verulegu leyti inn á nýjar brautir í sambandi við fjármál ríkisins. Fjárveitingar, sem ákveðnar hafa verið í fjárl. til tiltekinna framkvæmda, eru ekki nægilega miklar, og þá er farin sú leið að taka lán til þess að geta þokað þessum framkvæmdum lengra áleiðis, en með því er vitanlega verið að eyða fyrir fram. Það er með slíkum lántökum sem þessum verið að ráðstafa fjármagni næstu ára, því að auðvitað verður síðar að taka upp á fjárlög vexti og afborganir af þessum lánum. Hefði maður þó viljað halda, að það væru kringumstæður til þess núna, að ríkið hefði þær tekjur, sem ættu að vera nægilegar til þess að standa undir eðlilegum framkvæmdum, sem efnahagskerfið almennt þolir. En þessi leið er valin. Ég vil ekki neita því, að í sumum tilfellum geti verið nauðsynlegt að grípa til þess að taka slík lán sem þessi og ljúka tilteknum framkvæmdum. Það getur vissulega staðið svo á. En mér sýnist nú samt, að það sé verið að leggja hér inn á alveg nýja braut í þessum efnum og standa að framkvæmdum á vegum ríkisins með allt öðrum hætti en hingað til hefur verið gert.

Ég vildi svo aðeins vænta þess, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að kynna a. m. k. fyrir fjhn. d., sem fær þetta mál til athugunar, þau drög að framkvæmdaáætlun, sem fyrir liggja ábyggilega, og þar verði gerð a. m. k. full grein fyrir því, hvernig á að verja þessu fé í aðalatriðum, sem hér er farið fram á heimild til þess að taka að láni.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru nokkrar aths. við það frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. um heimild til að taka innlent lán. Sams konar tilmæli voru flutt Alþ. þann 16. nóv. s. l., og þá mun ég við 1. umr. hafa tekið allvel í það, að þessi tilraun yrði gerð af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að afla fjármagns, en ég vil segja það, að nú þykir mér gerast nokkuð skammt stórra högga á milli og það sé farið að vega nokkuð oft í sama knérunninn. Ég var samþykkur þessari tilraun í nóv. s. l., og hafði ég þó nokkrar aths. að gera við aðferðina við lánsfjáröflunina, og ég tel rétt að minna á sumt af þeim a. m. k. hér í örstuttu máli.

Ég hreyfði því þá við 1. umr., að ég teldi eðlilegra og raunar sjálfsagt, að þegar leitað er heimildar Alþ. til slíkrar fjárútvegunar, væri jafnframt tilgreint, til hvers fjármagnið ætti að nota, og það væri lögákveðið. Á þetta vildi hæstv. fjmrh. ekki fallast og vísaði til þess, að fjármagnið ætti að ganga til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun. Ég tel enn þá óeðlilegt, að Alþ. ákveði ekki þær framkvæmdir, sem gera skal á vegum ríkisins, og þess vegna vil ég enn á ný beina þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh., að nú verði gerð þarna bragabót og inn í frv. sett ákvæði um það, til hvers fjármagninu skuli varið.

Meginástæðan til þess, að ég taldi lögin í nóv. eiga rétt á sér, var það ákvæði þeirra að verðtryggja það sparifé, sem á þennan hátt yrði lagt til hliðar. Og sú ástæða er vissulega enn þá fyrir hendi. En ég vil minna á, að hér er ekki nema örlítið gert að því að verðtryggja sparifé, sem vissulega þyrfti að gera miklu meira að, og þegar þetta mál var hér síðast til umr., tók hæstv. fjmrh. vel undir það, að slík breyting þyrfti að ná fram að ganga, og sagði, að að málinu væri þá unnið, og er það vel. Nú eru liðnir fjórir mánuðir, og ætti þá eitthvað að hafa þokazt í rétta átt í þessu sambandi. En hinu er ekki að neita, að slík lánsútboð með þetta góðum kjörum hljóta að verða til þess að rýra mjög getu viðskiptabankanna til þess að gegna hlutverki sínu, sem Alþ. hefur í öllum tilfellum falið þeim. Og það er fyrst og fremst það, sem ég óttast að þetta frv. muni hafa í för með sér. Rekstrarfjárskortur er nú mjög mikill í nálega öllum atvinnugreinum þjóðarinnar og mjög mikil ásókn á bankana, sjálfsagt aldrei meiri, og þess vegna kemur það áreiðanlega mjög illa við bankana og getu þeirra til þess að leysa úr vandamálum viðskiptamanna sinna að bjóða nú út þetta lán með þeim kjörum, sem samkv. fenginni reynslu hljóta að vera aðgengileg fyrir alla þá, sem nokkurt sparifé eiga og geta við sig losað.

Þegar málið var til umr. hér síðast, mun hæstv. fjmrh. hafa látið þá skoðun í ljós, að hugsanlega mundi talsvert fjármagn koma til innlausnar á þennan hátt annars staðar frá en úr bönkum, það mundu ýmsir frekar kjósa að kaupa þessi skuldabréf en að geyma peningana annars staðar eða gera annað við peningana, og má vera, að einhver brögð hafi verið að því. En ég held þó, að reynslan í desembermánuði s. l., og það veit ég a. m. k., að bankastjórar, sem hér eru staddir, geta staðfest með mér, sýndi, að það fjármagn kom að langmestum hluta, ef ekki að öllu leyti, úr bönkunum. Það var tekið út og keypt fyrir það bréf. Ég tel vera mjög varhugavert að halda nú eftir aðeins fjóra mánuði lengra áfram á þessari braut, ekki sízt þegar nú er komið á daginn, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að láta við þetta sitja, heldur hefur hún jafnframt gert alvöru úr því, sem ýmsir bankamenn hafa löngum óttazt, að leggja þær kvaðir á viðskiptabankana til viðbótar þessu að knýja þá til þess að verja 10% af sparifjáraukningunni á þessu ári líka, eins og verið hefur 2 undanfarin ár, til þess að kaupa ríkisskuldabréf, og það fé á enn fremur að ganga til margnefndrar framkvæmdaáætlunar. Ég tel, að hér sé um slíka blóðtöku að ræða, að viðskiptabankarnir geti trauðlega undir henni risið. Og ég tel það fullkomið athugunarefni fyrir

hæstv. ríkisstj. að ganga ekki lengra á þessari braut en þegar hefur verið gert. Enn fremur er þess að geta, að síðari tilhögunin, þ. e. a. s. 10% bindingin til viðbótar, kemur mjög misjafnt niður hjá einstökum bönkum, þar sem inn í framkvæmdaáætlun hafa, að því er ég bezt veit, verið tekin ýmis þau atriði, sem sérstakir viðskiptabankar eiga eðli málsins skv. að leysa úr, öðru sleppt, sem öðrum viðskiptabönkum er aðallega ætlað að greiða fyrir. Þannig ójafnast aðstaða bankanna að verulegu leyti.

Um frv. sjálft að öðru leyti skal ég ekki eyða mörgum orðum. Það gefast tækifæri til að skoða það betur í hv. fjhn., sem þetta frv. verður sent til umsagnar, ef að líkum lætur. Ég ætla þó að minnast aðeins með örfáum orðum á tvö atriði til viðbótar.

Annað er það, sem við nokkrir nm. í fjhn. þessarar hv. þd. hreyfðum, þegar málið var til skoðunar þar í nóv. s. l., en það er, hvort ekki væri rétt að hafa þessi skuldabréf a. m. k. framtalsskyld. Það voru talin ýmis tormerki á því af hæstv. fjmrh. að verða við þeirri beiðni og vísað til þess, að sparifé væri hvorki framtalsskylt né skattskylt og þess vegna yrði þessi sparifjársöfnun að lúta sömu lögum. Mér finnst þó, að hér sé talsverður munur á. Hér er þó óneitanlega um verðbréf að ræða og möguleiki fyrir hendi til þess að fylgjast með, hvert þau fara, hverjir þau kaupa. Og í framhaldi af þeim umr., sem urðu hér í fyrra, bárum við hv. 1. þm. Norðurl. v. fram brtt. um það, að þessi innlánsskírteini eða skuldabréf skyldu skráð á nafn. Ég er enn þá þeirrar skoðunar, að það hafi verið réttmæt ósk, að þessi bréf yrðu nafnskráð. Því fylgja engin vandkvæði, sem ekki er hægt að leysa úr, en því fylgir mjög mikil auðveldun fyrir skattarannsóknardeild hæstv. fjmrh., sem með því hefði átt ólíkt auðveldara að fást við þau verkefni, sem henni er ætlað að leysa, og væntanlega erum við allir einhuga um það, að sízt beri að torvelda það starf, sem henni er falið.

Ég tel því ástæðu til þess að freista þess nú enn á ný að fá þessa umbót inn í lagafrv. og mun gera ráðstafanir til þess.

Annað atriði, sem ég nefni, er að vísu miklu minna atriði, en þó umtalsvert, en það er, að ég tel, að þegar um slíka lagasetningu sé að ræða, þá eigi og það sé sjálfsagt að tilgreina þau kjör, sem bréfin eiga að vera seld á. Einnig þessa ósk bar ég fram hér í nóv. s. l., en var þá ekki sinnt. Ég vona, að nú takist betur til og það verði hægt að fá inn í frv. ákvæði um það, hvaða lánskjör verði á umræddum skuldabréfum.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta mál að svo stöddu, með því, eins og ég sagði, að það gefst tækifæri til þess að skoða það í nefnd, þó að nokkuð sé nú þrengt að tíma nefndarinnar í því skyni. En ég vil að síðustu leggja á það ríka áherzlu, að það verði upplýst, annaðhvort nú eða þá fyrir hv. fjhn., meðan á meðferð málsins stendur, í hvaða skyni á að nota það fjármagn, sem hér um ræðir. Enn fremur tek ég undir þá ósk, sem hér hefur komið fram frá tveimur hv. þm., sem um þetta mál hafa rætt, að æskilegt væri og raunar sjálfsagt að fá upplýsingar um það, til hvers það fjármagn, sem þegar hefur verið aflað, hefur verið notað. Ég tel óeðlilegt, að það séu tvenns konar fjárlög í landinu, annars vegar þau fjárlög, sem Alþ. samþykkir, og hins vegar framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. gerir, og það sé alger lágmarkskrafa a. m. k., að Alþingi sé leitt í allan sannleika um það, hvað það er, sem skv. henni er framkvæmt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögunum um heimild fyrir ríkisstj. til að taka erlent lán, sem þetta frv. felur í sér breytingar á, frá 19. nóv. 1964, er svo ákveðið, að lánsfé, sem aflað er með sölu spariskírteina, skuli verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) spurðist fyrir um það, hvernig ráðstafað hefði verið því fé, sem kom inn fyrir spariskírteini, sem seld voru í vetur. Því miður hef ég ekki þá sundurliðun við höndina, enda ekki búið að ganga endanlega frá ráðstöfun þeirra 75 millj., en vil aðeins taka það fram, að verulegur hluti af því fór til rafmagnsveitna ríkisins, til jarðborana og til hafna. Að öðru leyti er sjálfsagt, að hv. fjhn. fái upplýsingar um það.

Varðandi ráðstöfun á því fé, sem nú er ætlað að afla með þessu nýja lánsútboði, þá er gert ráð fyrir, að það gangi aðallega til fjögurra framkvæmdaliða: til rafvæðingarinnar, til hafna, til vegagerða og til flugvalla.

Út af athugasemdum hv. 11. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austf. finnst mér sjálfsagt, að þau atriði, sem þeir hreyfðu, komi til umr. og athugunar í hv. fjhn., og er sjálfsagt að veita nefndinni og nm. upplýsingar, eftir því sem þeir óska og unnt er að veita á þessu stigi.

En varðandi samband milli þessarar verðbréfasölu fyrirhuguðu og bankanna vil ég taka það fram, að um þetta mál hefur verið haft samráð við bankana, en ætlunin er að afla vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar fyrir 1965 75 millj. frá bankakerfinu, auk þessara 75 millj., sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að afla. Ég veit ekki betur en bankarnir hafi út af fyrir sig fallizt á þetta.

Ég vil taka það enn fremur fram, að bankarnir eða fulltrúar þeirra óskuðu eftir því, að ef ríkisstj. færi í slíkt lánsútboð, þá yrði það gert sem fyrst, en ekki beðið með það fram eftir árinu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál hér að sinni, en sem sagt munu fjhn. veittar þær upplýsingar í sambandi við þetta mál, sem nefndin og nm. óska eftir og fyrir liggja.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst nokkuð, til hvers þetta eigi að fara. Ég verð nú að segja, að þegar lagt er

í jafnstórar fjárveitingar og jafndýrar fyrir ríkissjóð, þá virðist manni, að það ætti að vera nokkuð algilt lögmál, eins og hæstv. ríkisstj. hefur nú stillt málum, að það ætti að vera fyrst og fremst til mjög arðbærra framkvæmda.

Ég verð að segja, að þegar maður heyrir t. d. talað um, að það eigi að vera til vegagerða, svo nauðsynlegar sem þær eru, þá virðist dálitið hæpið að taka lán til vegagerða og það næstum með okurkjörum. Það ætti fyrst og fremst að miða við að taka það til hluta, sem standa undir sér. Það getur sem sé verið álitamál, en gott er að fá það upplýst.

Þegar ríkissjóður tekur lán, þá finnst mér, að við hér á Alþingi eigum að hugsa fyrst og fremst um hag ríkisins í slíku sambandi, en ekki um hag þeirra, sem lánin veita, þannig að fyrsta spurningin, sem hlýtur að liggja fyrir okkur, er, hvort ríkissjóður geti ekki fengið hagstæðari lán en þau, sem þarna er stofnað til. Ég geng út frá því, að það sé ekki beinlínis pólitíkin að tryggja fjármagnseigendum, t. d. hér í Reykjavík, alveg sérstaka aðstöðu til þess að geta ávaxtað sitt fé örugglega og með háum vöxtum. Að minnsta kosti ef það á að vera einhver hjálparstarfsemi við þá, þá er rétt að það komi fram sem stefnuyfirlýsing.

Ég hef áður gert hér athugasemd við það, þegar mér finnst, að ríkisstj. hafi hagað sér óskynsamlega í slíkum lántökum. Það voru tekin lán hér á árunum, sem við hæstv. fjmrh. báðir munum eftir, af því að við stóðum dálitið að því, í sambandi við skatta eða tolla réttara sagt, sem Sogsvirkjunin á sínum tíma þurfti að borga til ríkissjóðs. Og Sogsvirkjunin, sem ríkissjóður og Reykjavíkurborg eiga í sameiningu, tók lán með rafmagnsvísitölukjörum til þess að borga skatta í ríkissjóðinn. Það þótti mér satt að segja hámark þess, hve vitlaust gæti verið hægt að fara að því að taka lán handa ríkissjóði, enda reyndust þetta einhver dýrustu lán, sem ég man eftir að maður hafi haft með að gera.

Ég held þess vegna, að það sé rétt að athuga það, þegar ríkissjóður þarf á svona lánum að halda og menn eru sammála um, að það sé rétt að taka þau, hvort ekki eru til aðrir, sem geta veitt þau með betri kjörum en þessir. Og þá verðum við fyrst og fremst að hugsa til Seðlabankans. Ég get því ekki betur séð en Seðlabankinn sé sá banki, sem eigi að þjóna ríkissjóði bókstaflega í þessum efnum. Og mér er alveg sama um það, þó að það kunni að vera einhver dálítil skuld hjá ríkissjóði í Seðlabankanum. Ríkissjóður er sá aðili, sem á þennan banka og á að ráðstafa hans fé, og ef þar eru einhverjir embættismenn, sem setja sig á háan hest og vilja ekki ganga inn á eitthvað slíkt, þá er hér sá aðili, sem getur sagt þeim fyrir verkum.

Nú er lagt til, að í fyrsta lagi séu gefin út bréf og það séu sérstök skattsvikabréf, þannig að menn þurfi ekki einu sinni að telja þau fram til skatts. Í öðru lagi er lagt til, að þau séu tryggð með vísitölu. Í þriðja lagi er lagt til, að þau séu með mjög háum vöxtum. Ef maður gengur út frá því, að það sé ekki verið að hugsa um hag lánveitenda í þessu sambandi, heldur um hag ríkissjóðs, þá finnst mér alveg óþarfi af ríkissjóði að bjóða svona kjör. Ríkisstj. er sá aðili, sem ræður Seðlabankanum, og ég veit ekki til annars en að ríkisstjórnir í nálægum löndum telji það eðlilegt, að seðlabankar láni þeim, og þegar þeir láni þeim, láni þeir þeim með mjög góðum kjörum. Ég álít þess vegna, að það, sem gera bæri í þessu sambandi, sé, að Seðlabankinn sé skyldaður til að lána ríkissjóði til viðbótar, ef það nægir ekki, að hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. segi við Seðlabankann: Okkur vantar meira en hvað sem skuldin kann að vera, 300 eða 400 millj., okkur vantar þarna meira, við þurfum 75 millj. í viðbót, — og segi við Seðlabankann um leið: Og þetta lánið þið með 2%. — Gagnvart ríkinu er engin ástæða til þess, að ein ríkisstofnun sé að okra á ríkissjóði. Og þetta er sú sjálfsagðasta fjármálapólitík, sem nokkur ríkisstj. getur rekið, ekki sízt í landi, þar sem flestir bankarnir og þar með Seðlabankinn sjálfur eru ríkiseign.

Ég fæ því ekki séð, að það séu nokkur rök til fyrir öðru en að fyrirskipa Seðlabankanum að lána, ef einhver tregða er þar, og ákveða, að það séu mjög lágir vextir, sem ríkissjóður eigi að greiða. Hvaða ástæða er til þess, að seðlabanki taki háa vexti af ríkissjóði? Það er ekki nokkur ástæða til, sem mælir með því. Hver ætli gefi Seðlabankanum möguleika til að hafa einhverja peninga? Það er ríkið. Hann er til fyrir lög hér frá Alþingi, og það er Alþingi, sem ákveður, hvernig hann skuli starfa. Og ef það er verið að reikna háa vexti handa ríkissjóði úr Seðlabankanum, þýðir það bara óbeina skattlagningu á framtíðina.

Stundum er sagt við mig, að ég haldi alltaf sömu ræðurnar hér á Alþingi. En ég man eftir því einu sinni, að ég hafði sérstaklega rætt þetta mál. Það var þegar Björn Ólafsson var fjmrh., og þá átti hann vist í mjög hörðu við þáverandi Landsbanka. Og ég man eftir því, að hann tók mjög vel í þetta og mun hafa haft við orð að sækja um heimild til Alþ. að fyrirskipa bankanum slík lán. Og ég hef sjálfur staðið í því, það eru að vísu um 20 ár síðan, að verða að segja þáverandi seðlabanka, Landsbankanum, með lögum hér frá Alþingi fyrir verkum um, hvaða lán skuli veita og hvernig. Það var þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins var stöðvuð og Landsbankinn hafði staðið í veginum fyrir því í hálft ár og vildi ekki ganga inn á þær till., sem nýbyggingarráð og nýsköpunarstjórnin stóðu að, þ. á m. að lána með eitthvað 2% vöxtum. Ég held, að ef það sýnir sig, að ríkissjóður þarf á slíku fé að halda, og það býst ég við, að sé rétt, og ef það er einhver tregða að lána meira í þessum almennu lánum, sem Seðlabankinn veitir, eigi hæstv. ríkisstj. einfaldlega að fara fram á það við Alþ., að Alþingi fyrirskipi Seðlabankanum, ef þess þarf með, að lána ákveðnar upphæðir

til ríkissjóðs, og lán, sem séu veitt frá Seðlabankanum til ríkissjóðs, séu með að hámarki 2% vöxtum. Það er engin ástæða, þegar menn eru að taka úr einum vasanum og láta í hinn, eins og úr Seðlabankanum og láta í ríkissjóð, að það sé verið að láta einhvern og einhvern embættismann úti í bæ fara að segja Alþingi og ríkisstj. fyrir verkum um það, að það skuli útbúa einhver skuldabréf handa skattsvikurum með vísitölutryggingu og 7% vöxtum, — ekki nokkur ástæða. Og ef hæstv. fjmrh. á í einhverjum erfiðleikum með Seðlabankann í þessum efnum, skal ég vera alveg viss um, að hann fær fullan stuðning hér á Alþ., ef hann segir Alþ., að hann þurfi á svona heimild að halda. Og ég held, að gagnvart Seðlabankanum sé alveg nóg að segja, að hann mundi fara fram á slíkt, þá borgi Seðlabankinn þetta fé út.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 509, n. 569, 570 og 571, 567).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Mál þetta er flutt af hæstv. ríkisstj. í Ed., og fjhn. þessarar d. hefur um það fjallað. N. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins, og hefur minni hl. eða réttara sagt tveir minni hl. skilað séráliti um málið og lagt fram brtt. við frv. Meiri hl. n. vill afgreiða málið og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom af ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., hefur fjhn. ekki treyst sér til að gefa út sameiginlegt nál. um frv. það, sem hér er til umr. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán, og mun ég nú gera grein fyrir afstöðu minni og hv. 1. þm. Norðurl. v. til málsins.

Efni frv. er, eins og kunnugt er, það að auka heimild ríkissjóðs til að taka lán innanlands um 75 millj. kr. Í nóvembermánuði s. l. var samþykkt hér á Alþ. lagafrv. frá hæstv. ríkisstj. um sams konar lántöku, innlent ríkislán að upphæð allt að 75 millj. kr. Lánskjörin voru ekki ákveðin í þeim l., en voru síðar kunngerð, og var lánstími allt að 10 árum, vextir 7.2% og auk þess viðmiðun við vísitölu byggingarkostnaðar. Þessi skuldabréf með þeim kjörum, sem ég hef nú lýst, seldust upp á örskömmum tíma. Það var upphaflega boðið út 50 millj. kr. og gert til reynslu, að því er sagt var. Það útboð stóð ekki yfir nema í nokkra daga, bréfin runnu svo ört út, og þegar það var ljóst, hversu söluhæf vara bréfin voru, var afgangurinn settur á markaðinn, og einnig þær 25 millj. seldust upp á örskömmum tíma. Þegar málið var til meðferðar hér í hv. d. í nóvembermánuði s. l., voru einhverjir, þ. á m. að mig minnir hæstv. fjmrh., sem létu í ljós skoðun sína á því og ósk, að nokkur hluti og að mér skildist talsverður hluti af því fjármagni, sem mundi ganga til kaupa á þessum bréfum, mundi koma annars staðar frá en frá bönkum og sparisjóðum. Og þetta kom í ljós, hvaðan fjármagnið kom, og ég hygg, að það muni ekki valda deilum, þótt sagt sé, að það hafi svo að segja að öllu leyti verið tekið út úr innlánsdeildum viðskiptabankanna og sparisjóðanna.

Nú eru aðeins liðnir 4 mánuðir síðan þessi blóðtaka, vil ég segja, var framkvæmd á viðskiptabönkunum, og enn er nú farið fram á sams konar heimild, þ. e. að selja með sömu kjörum eða hliðstæðum kjörum, aðeins breyttum vegna vaxtahreyfinga, sem orðið höfðu síðan fyrra útboðið fór fram, að selja enn til viðbótar 75 millj. kr. ríkisskuldabréf, sem fyrirsjáanlega munu einnig koma niður á bönkum og sparisjóðum landsins.

Undanfarin nokkur ár eða allt síðan 1960 hefur verið framkvæmd innstæðubinding hjá bönkum, sparisjóðum, innlánsdeildum samvinnufélaganna og yfirleitt öllum innlánsstofnunum landsins, og þeim hefur verið gert að skyldu að færa mánaðarlega tiltekinn hluta af innstæðuaukningunni til varðveizlu í Seðlabankanum. Þessi prósenta af innstæðuaukningunni, sem þannig hefur verið bundin, hefur verið nokkuð misjöfn, en yfirleitt há, hæst, að því er mig minnir, 35%. Nú er hún 25%. Eins og kunnugt er, hefur sparifjáraukning orðið talsvert mikil í krónutölu a. m. k. á síðustu árum, þ. e. síðan þessi innstæðubinding var upp tekin, og þannig hefur í Seðlabankanum safnazt saman talsvert mikið fjármagn, sem nam um s. l. áramót 1098.1 millj. kr., og þessi binding hafði á s. l. ári, 1964, aukizt um 300 millj. kr. Til viðbótar þessari skerðingu á ráðstöfunarfé viðskiptabanka og sparisjóða hefur nú á þessu ári eins og tvö undanfarin ár verið samið um það við bankana, að þeir skyldu verja 10% af innstæðuaukningu sinni á þessu ári til kaupa á ríkistryggðum skuldabréfum og ríkisskuldabréfum. Sparifjáraukning allra bankanna og sparisjóðanna á s. l. ári var um 715 millj. kr., og 10% af þeirri fjárhæð nema þá 71½ millj. kr., sem á þennan hátt hefur til viðbótar verið tekið undan ráðstöfunarrétti viðskiptabanka og sparisjóða. Að vísu er skylt að geta þess, að minni sparisjóðirnir voru ekki skyldaðir til ríkisskuldabréfakaupa á þennan hátt, þannig að fjárhæðin, sem fundin var, er eitthvað lægri en þetta, en þá skiptingu hef ég ekki, en hún skiptir ekki verulegu máli, vegna þess að sparifjáraukningin á s. l. ári var að langmestu leyti í bönkunum og stærstu sparisjóðunum, sem undir reglurnar voru settir.

Þegar nú er haft í huga, að í fyrsta lagi 25% sparifjáraukningu bankanna og sparisjóðanna á að halda áfram að bera í Seðlabankann til geymslu þar, í öðru lagi, að 10% af sparifjár-

aukningunni eiga samkv. samningum að ganga til kaupa á ríkisskuldabréfum og ríkistryggðum skuldabréfum, og í þriðja lagi, að fyrirsjáanlegt er, að svo til allt það fjármagn, sem gengur til innlausnar þeirra ríkisskuldabréfa, sem hér er farið fram á heimild til að gefa út, auk þess sem Seðlabankinn hefur nú þegar ótakmarkaða heimild til útgáfu gengistryggðra skuldabréfa, þó að hún hafi ekki verið notuð enn, þá er sýnt, að kosti viðskiptabanka og sparisjóða er þrengt langtum meira en nokkur sanngirni og nokkur rök hníga að. Allir viðskiptabankarnir hafa sérstöku hlutverki að gegna, sem Alþ. hefur með sérstökum lögum hverjum um sig falið. Og ég tel það ranga stefnu að þrengja svo kosti þessara þýðingarmiklu stofnana í landinu, að þeir verði með öllu ófærir um að gegna sínu hlutverki. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að stöðvast á þessari leið og það geti ekki gengið lengur að herða svona að í lánsfjármálum bankanna og sparisjóðanna. Ef sparifjáraukningin væri raunveruleg, ef hér væri í raun og veru um nýtt sparifé að ræða, má segja, að nokkur réttur væri fyrir því að binda hluta þess til að draga úr verðbólguþróun. En ég held því fram, og ég býst ekki við, að því sé mótmælt, að verulegur hluti af þeirri sparifjáraukningu, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, sé verðbólguafleiðing. Krónunum fjölgar, án þess að þar sé um raunverulega verðmætaaukningu að ræða.

Þegar viðskiptamenn viðskiptabankanna koma til viðtals þar, geta þeir þess vegna með fullum rétti og tölulegum sönnunum fært mönnum heim sanninn um það, að vegna vaxandi tilkostnaðar þurfi þeir að fá fleiri krónur að láni til þess raunverulega að standa í stað heldur en þeir áður þurftu. Bankastjórar viðskiptabankanna og aðrir forsvarsmenn þeirra verða að mæta þessum óskum með neitun, vegna þess að svo mikill hluti af innstæðuaukningunni, sem raunverulega er verðbólguafleiðing, en ekki nýtt fé, er tekinn undan ráðstöfunarrétti þeirra og fluttur annað. Af þessu skapast lánsfjárkreppa, sem verður að ráða bót á.

Ég hef því gert till. um það í sambandi við meðferð þessa máls hér á hv. Alþ., að úr þessari aðför að bönkunum verði dregið. Ef það telst nauðsynlegt að selja nú þau skuldabréf, sem hér er farið fram á, 75 millj. kr., verður að draga úr á öðrum vettvangi, því að það er ekki hægt endalaust að þrengja kosti þessara stofnana, eins og ég hef hér gert grein fyrir. Till., sem ég flyt í þessu efni, er því sú, að frá 1. júlí n. k. verði hætt þeirri innstæðubindingu, sem framkvæmd hefur verið undanfarin 4½ ár, til þess að bankarnir geti bókstaflega haldið áfram starfrækslu sinni. Það kann vel að vera, að það sé fullt eins eðlilegt, að ríkissjóður afli sér fjármagns með því að taka lán, eins og með hinu mótinu, að binda með þvingunarráðstöfunum hluta af sparifé bankanna. Það má vel vera, að sú leið sé æskilegri og það sé þess vegna rétt að samþykkja þetta frv. og þessa aðferð. Ég er ekki sérstaklega að hafa á móti því. En það, sem ég vil undirstrika, er það, að það er ekki hægt að vega að bönkunum eins og gert hefur verið úr öllum áttum í senn. Einhvers staðar verður að slaka til, og ef menn vilja halda þessari fjáröflunarleið til streitu, verður að slaka til á öðrum vígstöðvum, og þá kemur fyrst í hugann að draga úr eða hætta helzt þeirri innstæðubindingu, sem framkvæmd hefur verið.

Við 1. umr. um þetta frv. hér í hv. Nd. bárum við nokkrir þm. fram fsp. og óskir til hæstv. fjmrh. um það, að við fengjum upplýsingar um hvort tveggja, til hvers lánið frá 1964 hefði verið notað og til hvers lánið 1965, það sem nú er ætlunin að samþykkja, muni eiga að ganga. Hæstv. ráðh. hafði ekki þessar upplýsingar við höndina, sem ekki var heldur kannske von. En hann lét okkur vita það, fyrirspyrjendur, að við mundum fá allar þessar upplýsingar til athugunar og afnota, þegar málið væri til afgreiðslu í hv. fjhn., og við þessi svör sættum við okkur að sjálfsögðu. Við töldum og teljum enn nauðsynlegt, að Alþ. viti, hvað það er að samþykkja. Við teljum sjálfsagt, að alþm., sem eiga að veita ríkisstj. heimild til lántöku á innlendum markaði, fái allar upplýsingar um það, hvað á að gera við það fjármagn, sem þannig er aflað. Þetta sýnist vera sjálfsögð krafa. Í fjhn. fengum við nokkrar upplýsingar, upplýsingar, sem ég skal gera grein fyrir.

Um árið 1964 fengum við þær upplýsingar, að þegar væri ráðstafað til ríkisspítalanna 2 millj. 250 þús. kr., til Ennisvegar 3 millj. kr., til Múlavegar 2 millj., til landshafnar í Rifi 9 millj. 300 þús., til landshafnar í Njarðvík 4 millj. 500 þús. og til raforkusjóðs 5 millj., þ. e. a. s. af 75 millj. kr. væri þegar búið að ráðstafa 26 millj. 50 þús. Til viðbótar fengum við upplýsingar um það, að ráðstafað mundi fljótlega til raforkusjóðs 9 millj. og til jarðborana 7 millj., og svo um afganginn fengum við þær upplýsingar, að hann biði ráðstöfunar, en hann er 32 millj. 950 þús. kr.

Þetta er náttúrlega gott, svo langt sem það nær. En þó er ekki hægt að segja, að hér sé um neinar fullnaðarupplýsingar að ræða um ráðstöfun fjárins. Við spurðum t. d. um það, í hvaða tilteknu framkvæmdir fjármagnið hefur farið. Þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Það hefur ekki heldur verið upplýst, í hvað óráðstafað fé á að ganga.

Að því er snertir ráðstöfun væntanlegs láns samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, segir í aths. þess, að í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár þurfi að afla nokkurs lánsfjár til ýmissa framkvæmda. Við nm. í fjhn. fengum nokkrar upplýsingar um þetta, sem ég skal einnig hér greina frá, þ. e. að til rafveitna ættu að ganga 9 millj. kr., til flugvalla 10 millj. kr. Hins vegar fengum við engar upplýsingar um það, hvaða tilteknu framkvæmdir það væru, sem hér ætti að veita fjármagn til. Þó spurðum við um það. Við spurðum t. d. um það, hvort

lánin til hafnargerða ættu að fara eingöngu til landshafna eða hvort þar ættu aðrar hafnir að koma til greina, njóta góðs af þessu, og þá hverjar. Við fengum ekki svar við því. Við spurðum líka um þessar 27 millj. kr., sem hér er áætlað að verja til vegaframkvæmda, til hvaða framkvæmda þær ættu að ganga. Við fengum ekkert svar við því. Hér hefur nýlega verið lagt fram frv. frá hæstv. ríkisstj. um lánsfjáröflun til vegaframkvæmda upp á 135 millj. kr. En við fáum ekki svar við því, í hvað á að nota þessar 27 millj., í hvaða vegaframkvæmdir þær eiga að ganga. Eina svarið fyrir utan þetta, sem ég hef lesið upp, er alltaf það sama: Þetta fjármagn á að ganga til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun fyrir árið 1965. Þetta svar væri ágætt, ef við hefðum fengið umræddа framkvæmdaáætlun. Við báðum um þessa framkvæmdaáætlun, þótt aðeins væri í stórum dráttum. Við gátum ekki fengið hana. Ég segi, að það sé ekki eðlilegt, að alþm. séu mjög ákafir að samþykkja slík heimildarlög, þegar þeim er neitað um svar við jafnsjálfsögðum hlutum og ég hef hér verið að gera grein fyrir. Hvað er það í umræddri framkvæmdaáætlun, sem við megum ekki sjá, úr því að verið er að fara fram á heimild Alþ. til þess að afla fjármagns til þess að framkvæma hana? Ég vil mjög eindregið óska þess, að þessar upplýsingar, sem ég hef hér gert að umtalsefni, gætu legið fyrir við meðferð þessa máls hér í hv. d., þó að seint sé, og ég tel, að það sé alls ekki neitt úrhendis með, að svo geti orðið, þó að málið sé nú komið til 2. umr.

Satt að segja skil ég ekki þann ákafa, sem lýsir sér í meðferð þessa máls hér á hv. Alþ. Hvað liggur á að afla þessarar heimildar til skuldabréfasölunnar, svo að dm. og nm. geti ekki fengið hæfilegan athugunartíma á þessu máli? Liggur svona mikið á peningunum, sem ætlað er að fá inn fyrir skuldabréfasöluna? Ég býst ekki við því, og ástæðan til þess, að ég býst ekki við því, er sú, að af skuldabréfasölu fyrra árs er þegar óráðstafað verulegri fjárhæð, sem sjálfsagt virðist að grípa til, meðan Alþ. er að gera sér fullnaðargrein fyrir umræddu máli.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sem áformað er að gefa út samkv. frv. þessu, eiga, eins og áður var, að vera undanþegin skatti og undanþegin framtalsskyldu. Þegar málið var til meðferðar í nóv. s. l., bárum við hv. 1. þm. Norðurl. v. fram till. um það, að hér yrði nokkuð bætt úr, að þessi umræddu lánaskjöl yrðu skráð á nöfn. Það var ekki hægt að fá því framgengt, að þau yrðu framtalsskyld. Það var talið, að þau væru of skyld almennri sparifjársöfnun til þess, að það væri rétt að gera þar upp á milli. Ég meina nú, að það sé verulegur munur á þessu samt sem áður, þessu tvennu, en þó geri ég það ekki að meginatriði málsins. En mér finnst nú eins og þá, að hv. Alþ. ætti að gera ráðstafanir til þess í sambandi við umræddа verðbréfasölu að auðvelda eftirlit með framtölum og koma í veg fyrir skattsvik, eins og verða má, með því að skrá þessi spariskírteini og ríkisskuldabréf á nafn. Mér vitanlega eru engin þau vandkvæði á framkvæmd þess, sem útiloki þessa málsmeðferð, og á meðan þau eru ekki dregin fram, sé ég ekki annað en fullkomin rök hnígi að því, að brtt. í þessa átt verði samþ. hér í hv. d. Óumdeilanlega auðveldar slík málsmeðferð skattayfirvöldum þeirra starf. Auk þess getur að þessu fyrirkomulagi verið verulegt hagræði fyrir þá einstaklinga, sem slík bréf eignast og hugsa sér ekki annað en verja fjármunum sínum í góðum viðskiptum. Ef maður, sem á sparifé, vill síðar breyta því í fasteign, skulum við segja, getur verið nokkuð erfitt fyrir hann að gera grein fyrir því, með hverju hann hefur greitt þá fasteign, sem hann festir kaup á. Ef hann á ríkisskuldabréf, sem er innleysanlegt, eftir að 3 ár eru liðin, og skráð á hans nafn, er það mjög mikið hagræði gagnvart skattayfirvöldum að geta bent á það, að þetta bréf hafi hann keypt á tilteknum tíma í tiltekinni lánastofnun og það sé það fjármagn, sem hann nú er að breyta í fasteignir, svo að frá hvaða sjónarhóli sem litið er á þetta fyrirkomulag tel ég, að það hljóti ævinlega að vera til bóta, en aldrei til tjóns, nema þá menn hugsi sér eitthvað annað í sambandi við þau skuldabréfakaup, sem hér er um að tefla, en ég tel ekki, að slík sjónarmið þurfi sérstaklega að lögvernda.

Við höfum því flutt brtt. einnig að þessu sinni, sem gengur út á það að nafnskrá umrædd spariskírteini. Það mætti kannske benda á það í þessu sambandi, að í nýframlögðu frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem var til 1. umr. í dag á hv. Alþ., er skýrum stöfum tekið fram, að þær verðtryggðu kröfur og skuldbindingar, sem stofnað verður til samkv. þeim l., skuli ætíð skráðar á nafn, og í grg. fyrir aths. með frv. er nauðsyn þess arna sérstaklega undirstrikuð. Hvað er það, sem veldur því, að það er svo nauðsynlegt að skrá þau lán, sem um ræðir í þessu frv. um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en ekki á við, þegar um er að ræða sölu ríkissjóðs sjálfs á vísitölutryggðum bréfum? Ég held, að það væri ágætt að fá það upplýst, hvaða reginmunur er á þessu, þannig að í öðru tilfellinu er alveg óhjákvæmilegt að nafnskrá bréfin og í hinu tilfellinu er það gersamlega óframkvæmanlegt. Hvernig stendur á þessum mismun? Það vildi ég gjarnan fá að vita.

Ég sagði hér, þegar þessi heimild var fyrst til umr. í nóv. s. l., að það, sem mér fyndist einna hagstæðast og jákvæðast við þessa tilraun, væri það, að með því móti væri almenningi gefinn kostur á því að verðtryggja sparifé sitt, og það var í mínum huga a. m. k. talsverð forsenda fyrir því, að ég greiddi atkv. með því frv. þá. Nú má segja, að þessi forsenda sé að einhverju leyti fallin brott eða að falla brott, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram frv. um að vísitölubinda sparifé að verulegu leyti. Og ég vil leyfa mér að skilja umrætt frv. um verðtryggingu fjárskuldbindinga

á þann veg, að heimildin í 5. gr. þess, sem Seðlabankanum er gefin, verði notuð til þess að heimila innlánsstofnunum og bönkum að taka við vísitölutryggðu sparifé alveg ótakmarkað. Og ég held, að það hljóti að vera tilgangur frv., m. a. vegna þess, að í aths. með 5. gr. er sérstaklega gert ráð fyrir því, að sparifé verði lagt inn í innlánsstofnanirnar og bundið þar í skemmri tíma en lánin, sem þó eru aðeins til þriggja ára, svo að ég tel, að það sé réttur skilningur hjá mér, að þessi sé tilgangur frv. Og ég er enn þá þeirrar skoðunar, að það, sem helzt réttlætir þetta innanríkislán, séu möguleikar fólksins til þess að fá vísitölubindingu, vísitöluviðmiðun á sparifé sitt, því að það er óhæfilegt, hvernig hlutur sparifjáreigenda hefur stöðugt rýrnað að undanförnu, og ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur nú fundið, að því er ég tel, einhvern flöt á því að bæta úr því. Að vísu er sú trygging sparifjáreigenda, sem hér um ræðir, í skuldabréfasölu ríkissjóðs verulegum takmörkunum háð. Það eru aldrei nema fáir, sem geta notfært sér það að kaupa þessi bréf, þ. e. a. s. það eru svo margir, sem geta ekki bundið sparifé sitt til eins langt tíma og bréfin hljóða upp á, jafnvel þó að það séu ekki nema 3 ár, t. d. sparifé ungs fólks, sem er að safna fyrir námi og slíku, þannig að það getur ekki bundið það, þótt ekki sé nema til þriggja ára. Enn fremur er sparifé eldra fólks að verulegu leyti þannig, að það kemur ekki því til góða. Samt sem áður tel ég, að það sé æskilegt, að þessi leið fólks til verðtryggingar sparifjár síns sé fyrir hendi. En til þess að þetta frv. megi að fullum notum koma, tel ég fyrir mitt leyti nauðsynlegt, að á því séu gerðar þær breytingar, sem ég hef nú verið að tala fyrir, og ég flyt um það brtt. á sérstöku þskj. ásamt hv. 5. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v., en þær eru þess efnis í fyrsta lagi, að skuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda, og í öðru lagi, að ekki skuli aukið við bundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum eftir 1. júlí n. k. Ég tel, að ég hafi gert nægilega skýra grein fyrir þessum brtt. og skal ekki orðlengja um það frekar.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Ég skila sérstöku nál. á þskj. 571 og geri þar í stuttu máli grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Ýmsar ástæður liggja til þess, að ég get ekki fallizt á það að veita ríkisstj. umbeðna heimild til lántöku á innlendum markaði, ekki a. m. k. að svo stöddu máli. Í fyrsta lagi er þess að geta, sem hefur komið fram í þessum umr., að skammt er um liðið síðan hæstv. ríkisstj. fékk hliðstæða heimild til innlendrar lántöku, en það var seint í nóvembermánuði s. l., og í ljós hefur komið, að ríkisstj. hefur ekki enn þá ráðstafað því fjármagni, sem hún fékk samkv. þeirri heimild, nema að nokkru leyti, og hún hefur ekki heldur gert Alþ. grein fyrir því, hvernig hún hugsar sér að ráðstafa því fjármagni, sem þar liggur enn óráðstafað. Ég tel, að það sé í rauninni alger lágmarksskylda hæstv. ríkisstj., þegar hún kemur nú og óskar eftir nýrri lántökuheimild, að þá geri hún Alþ. alveg fulla grein fyrir því, hvernig fyrra láninu hefur verið varið og hvernig ætlað er að verja því, sem eftir er af láninu.

Í öðru lagi er svo það, að óskað hefur verið eftir ýmsum upplýsingum frá hendi hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, en hún hefur ekki enn þá fengizt til þess að gefa þessar upplýsingar. Óskað hefur verið eftir upplýsingum um það, hvernig ríkisstj. ráðgeri að verja því fjármagni, sem afla á á þennan hátt á þessu ári. Upplýsingar ríkisstj., þær sem hún hefur gefið, eru alveg ófullnægjandi. Svör um það t. d., að verja eigi af þessu fjármagni til hafnargerða 29 millj. kr., segja vitanlega harla lítið fyrir alþm. Það hlýtur að vera í lófa lagið fyrir ríkisstj. að gera grein fyrir því, hvað mikið af þessari fjárhæð er ætlað að gangi til beinna ríkishafnargerða, eins og landshafnanna, og hvað mikill hluti af þessari fjárhæð á að ganga upp í önnur ógreidd framlög ríkisins til hafnarmála, því að um annað getur varla verið að ræða, að ríkissjóður sé að afla sér fjár til þess að greiða út í sambandi við hafnarmálefni. Um þetta hefur verið spurt, og upplýsingar hafa ekki fengizt í fjhn. um þessi atriði. Ég efast auðvitað ekkert um það, að hæstv. fjmrh. hlýtur að geta gefið þessar upplýsingar og gerir það væntanlega hér í þessum umr., en eðlilegt hefði auðvitað verið, að fjhn.-menn hefðu fengið þessar upplýsingar, svo sjálfsagðar sem þær virðast vera til upplýsinga í málinu, enda var það í fullu samræmi við það, sem hæstv. fjmrh. gaf beinlínis loforð um við 1. umr. málsins. En þrátt fyrir ítrekanir okkar nm. í fjhn. gátum við ekki fengið þessar upplýsingar. Þá var einnig um það spurt í fjhn., í hvaða vegaframkvæmdir þessar 27 millj. ættu að ganga á þessu ári, sem upplýsingar voru veittar um, að ætti að verja af þessari lántöku til. Það segir vitanlega harla lítið fyrir alþm., þegar sagt er, að af þessu láni skuli verja 27 millj. til vegaframkvæmda. Auðvitað hefur hæstv. fjmrh. gert sér fulla grein fyrir því, í hvaða framkvæmdir þessi fjárhæð á að ganga, um hvaða vegagerðir hér er um að ræða. En þar sem það er nú alveg sérstakt verkefni Alþ. að úthluta á hverju ári því fjármagni, sem á að ganga til vegagerða í landinu, er vitanlega eðlilegt, að þegar ríkisstj. óskar eftir heimild til þess að taka lán og verja til vegaframkvæmda, sé um það spurt, til hvaða vegaframkvæmda fé eigi að ganga. Þess er nú vænzt, að hæstv. fjmrh. gefi hér upplýsingar um þetta atriði, sem ekki fengust fram í fjhn. Ég tel fyrir mitt leyti, að meðan upplýsingar um atriði eins og þessi og ýmis önnur, sem ég hef hér minnzt á, fást ekki, vil ég ekki samþykkja það að veita ríkisstj. nýja lántöku-

heimild. Þeir einir verða þá að standa að því að veita slíka heimild, sem um það fá að vita, í hvað fjármagnið á að fara.

Þá er það einnig ástæða til þess, að ég hika við að styðja þessa lántökuheimild, eins og málið liggur nú fyrir, að lánskjör þau, sem ákveðin voru af ríkisstj. í fyrra tilfellinu, þegar hún fékk hliðstæða heimild þeirri, sem hér er óskað eftir, eru að mínum dómi þess eðlis, að það á ekki að leggja blessun sína yfir slíkt. Það er nú upplýst, að lánskjörin voru í aðalatriðum þessi: Vextir af þessum skuldabréfalánum voru 7.2%, og einnig var um sérstaka vísitölutryggingu að ræða, þar sem miðað var við byggingarvísitölu. Byggingarvísitalan var, þegar þetta lánsútboð fór fram, 220 stig, en er orðin nú 237 stig. Er því alveg ljóst, að vaxtakjörin á þessu skuldabréfaláni eru þegar orðin í kringum 8%. En auk þess hefur svo sjálfur stofn lánsins hækkað um það bil 8%. Það fer vitanlega ekki á milli mála, að hér er um ákaflega óhagstæð lánskjör að ræða fyrir ríkissjóð. Eftir nokkur ár eru allar líkur til þess, að þessi lán verði orðin hreinustu okurlán, að hér verði um sem sagt gífurlega háa vexti að ræða eða sem því svarar. Nú er það upplýst, að það sé ætlunin að viðhafa hér sömu reglur í aðalatriðum. Ég tel því, að hér sé verið að leggja inn á mjög hættulega braut, það sé verið að skapa hér fordæmi um lánskjör, sem eigi ekki að viðurkennast af Alþ. Og ég álít líka, að það reki engin nauður ríkissjóð til að taka slík lán sem þessi. Afsakanir eins og þær, sem maður heyrir hér stundum, að það sé verið að hugsa svo mikið um sparifjáreigendur, að það eigi að borga hér óhóflega háa vexti með einum eða öðrum hætti til þess að vernda þá, koma hér ekki til greina. Vitanlega á ekki að taka hér fáa sparifjáreigendur út úr í sambandi við slíkar ráðstafanir, en það yrði eðlilega afleiðingin, þegar um útboð á slíku láni er að ræða, sem auðvitað er mjög takmarkað, en aðrir sparifjáreigendur, sem fara eftir hinum almennu leiðum, verða að búa við allt önnur kjör. Ég er því mjög á móti þeim lánskjörum, sem ákveðin voru á fyrra láninu og gefið er í skyn, að enn eigi að viðhafa á því láni, sem nú er leitað eftir heimild fyrir. Þá er ég einnig á þeirri skoðun, að það sé rétt að taka fram í sambandi við útgáfu á skuldabréfum sem þessum og spariskírteinum, að þau skuli skráð á nafn, til þess að koma í veg fyrir, að það sé sköpuð sérstök aðstaða til skattsvika, því að það gefur alveg auga leið, að ef á að hafa þessi skuldabréf ein allra skuldabréfa án þess að þau séu framtalsskyld og ekki heldur skráð á nafn, opnar þetta sérstaka leið til skattundanskots, og það er alveg ástæðulaust, að ríkið standi sjálft fyrir slíku.

Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að ég vil ekki fyrir mitt leyti samþykkja þessa heimild, eins og hún liggur hér fyrir, eða tel, að það þurfi að gera bæði breytingar á frv. og eins þurfi hér að koma fram ýmsar skýringar og upplýsingar, sem hafa ekki fengizt fram enn í þessu máli.

Þessi lántaka ríkissjóðs er út af fyrir sig býsna athyglisverð. Hvað er það, sem er raunverulega að gerast, þegar ríkisstj. kemur nú tvisvar sinnum á 6 mánaða tímabili til Alþ. og óskar eftir því að fá heimild til þess að taka innlent lán upp á 150 millj. kr., til þess m. a. að greiða skuldir ríkissjóðs, eins og fram er tekið, eða beinan hallarekstur hjá ákveðnum ríkisstofnunum og svo til þess að leggja í ýmsar sérstakar ríkisframkvæmdir? Hvað er það, sem raunverulega er verið að gera með þessu? Með slíkri lántöku sem þessari er í rauninni verið að gera nákvæmlega það sama og að afgreiða fjárl. ríkisins með greiðsluhalla. Á því er enginn munur. Það er býsna athyglisvert, að þeir menn skuli sérstaklega standa að því að fara þessa leið, sem mest hafa talað um þá ógæfu, sem sé fólgin í því að afgreiða fjárlög ríkisins með greiðsluhalla. Það hefur verið talið algert grundvallaratriði, frá því mætti ekki víkja, að fjárlög yrðu ekki afgreidd með greiðsluhalla. En þegar fjárl. eru afgreidd á þann hátt, að það þarf að koma til Alþ. á eftir og óska eftir heimildum til sérstakrar lántöku til þess að útvega ríkissjóði aukið fjármagn til þess að standa bæði undir rekstrarútgjöldum og í sambandi við stofnframkvæmdir, er vitanlega ekki um neinn eðlismun á því að ræða og að afgreiða fjárl. með greiðsluhalla. Á því er enginn munur. Það er hins vegar annað mál, að ég er ekki sammála þeim, sem telja, að afgreiðsla fjárlaga með greiðsluhalla sé svona voðaleg. Ég álít, að það geti vel komið til mála að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla undir vissum kringumstæðum og sérstaklega þegar svo stendur á, að það þykir rétt, að ríkið ráðist í ýmsar fjárfrekar stofnframkvæmdir, sem rétt getur verið að taka lán til með einum eða öðrum hætti og dreifa stofnkostnaði þeirra á fleiri ár en eitt. En hitt er samt alveg ljóst, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að til þess mætti ekki koma, að fjárlög yrðu afgreidd með greiðsluhalla. En með því, sem hún er að gera með því að óska eftir heimildum til að taka lán, eins og hún fer fram á samkv. þessu frv., er hún raunverulega að gera nákvæmlega það sama og kemur út úr því, ef fjárlög eru afgreidd með greiðsluhalla. Á því er enginn munur. Þessi lántaka bendir auðvitað til þess, að svo sé nú komið, að ríkissjóður hafi ekki nægilegar tekjur til sinna föstu útgjalda og ekki nægilegar tekjur til þess að þoka áfram þeim framkvæmdum, sem ríkið hefur með höndum, með eðlilegum hætti. Og þá er valin þessi leið, að efna til lántöku með sérstöku innanlandsláni, og með því er auðvitað verið að ráðstafa að nokkru leyti nú tekjum næstu ára. Nú þykir sem sagt ástæða til þess að ráðast í meiri framkvæmdir en hægt er að afla tekna til og ætlunin er að leggja byrðarnar af þeim framkvæmdum, sem nú á að ráðast í, á næstu ár, sem vitanlega verða að standa

undir afborgunum og vöxtum af þessum lánum, sem nú á að stofna til.

Annað atriði er það einnig í sambandi við þessa lántöku, sem er nokkuð sérstakt. Á þennan hátt, með því að afla fjár með þessum hætti fær ríkisstj. nokkra aðstöðu til þess að geta svo til óáreitt af Alþ. ráðstafað allmiklu fjármagni til ýmiss konar framkvæmda, sem eðli málsins samkv. eiga að ráðstafast af sjálfu Alþ. Þó að Alþ. sé búið að afgreiða fjárlög og ákveða þar fjárveitingar til hafnarframkvæmda í landinu og til vegagerða og til flugmála og til ýmissa annarra málaflokka og búið sé að skipta þessu nákvæmlega niður og miklar deilur að standa um það, hvernig þessu fjármagni hafi verið skipt, fær ríkisstj. aðstöðu til þess á eftir með slíkum lántökum sem þessum, að hún getur breytt allri þessari skiptingu, hún getur ákveðið það, að af þessu láni skuli fara viðbótarfjármagn til þessarar vegagerðar og viðbótarfjármagn til þessarar hafnarframkvæmdar, langt umfram það, sem Alþingi áður hafði ákveðið í sinni úthlutun. Þetta gerir hæstv. ríkisstj. m. a. gegnum hina svonefndu framkvæmdaáætlun ríkisins. Ríkisstj. upplýsir, að hana skorti fé til þess að geta komið saman tiltekinni framkvæmdaáætlun, þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar framkvæmdum. Ég hef gert það hér að umtalsefni áður, að ég álít, að þessa framkvæmdaáætlun ríkisins eigi að ákveða í samráði við Alþingi og það eigi að láta Alþ. fylgjast með gerð þessarar áætlunar, sem sjálfsagt er að ríkisstj. hafi forustu um að gera. Alþm. eiga að hafa fulla aðstöðu til þess að geta komið fram brtt. sínum í sambandi við gerð þessarar áætlunar. En ríkisstj. hefur haldið þannig á málinu, að framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir s. l. ár, árið 1964, hefur ekki enn þá birzt alþm. Það eru aðeins fáir alþm., sem hafa haft aðstöðu til þess að sjá slíka áætlun í ýmsum stofnunum úti í bæ, eins og t. d. í bönkum landsins, en þar er slík áætlun lögð fram. Þeir hafa getað fengið að sjá þessa áætlun, en alþm. yfirleitt hafa ekki fengið að sjá framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir árið 1964. Alþ. var aðeins beðið um að veita ríkisstj. heimild til lántöku upp á 75 millj. kr., svo að ríkið gæti notað af því fé til þess að koma framkvæmdaáætluninni fyrir árið 1964 fram. Og nú er það einnig vitað, að framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir árið 1965 hefur verið gerð. Ríkisstj. hefur unnið að gerð þessarar áætlunar, og ríkisstj. hefur m. a. snúið sér til bankanna í landinu og leitað eftir ákveðnu fjármagni frá þeim, til þess að hún geti tryggt framgang þessarar framkvæmdaáætlunar. Hún hefur því gert bönkum landsins, ýmsum a. m. k., grein fyrir þessari framkvæmdaáætlun. En þegar ríkisstj. leitar hér til Alþ. eftir heimild um það að mega taka innlent lán upp á 75 millj. kr. til þess að afla fjár í því skyni, að hægt verði að standa við framkvæmdaáætlun ársins 1965, og þegar alþm. óska þá eftir því, að þeim verði sýndur ekki minni trúnaður en t. d. starfsmönnum í bönkum landsins, þeir fái að sjá drögin að þessari áætlun, sem ábyggilega liggja fyrir, er þeim synjað um það. Enn sem komið er hefur alþm. verið synjað um að fá að sjá þessa áætlun.

Hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. þessa máls, að Alþ. mundi verða birt framkvæmdaáætlunin fyrir árið 1965, áður en Alþ. lyki. En það er nú harla snubbótt lýðræði í þessum efnum að afhenda mönnum einhverja slíka áætlun svona rétt í veganesti, um leið og alþm. ganga hér út úr húsinu og eru að fara af þingi. Úr því hafa þeir vitanlega ekki mikla aðstöðu til þess að koma fram aths. í sambandi við þessa áætlun eða nokkrum till. til breytinga á henni. Ég álít, að þetta séu með öllu óverjandi vinnubrögð. Ég álít, að það eigi að hverfa frá þessum vinnubrögðum og ríkisstj. eigi að viðurkenna, að það á að gera þessa framkvæmdaáætlun, sem nú er orðin hefð að gera fyrir hvert einstakt ár, það á að gera hana í fullu samráði og samstarfi við Alþ. Þingflokkarnir a. m. k. eiga að fá að hafa aðstöðu til þess að koma fram till. sínum til breytinga á þessari áætlun, eftir því sem þeim þykir ástæða vera til, og það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að Alþ. geri ráðstafanir til þess að veita ríkisstj. sérstaka aðstöðu til fjáröflunar til framkvæmdaáætlunar, sem Alþ. hefur ekki fengið að sjá.

Nú skil ég ekki í því, hvernig stendur á því í þessu tilfelli, að fjhn. gat ekki fengið að sjá þau sömu drög a. m. k. að framkvæmdaáætlun fyrir yfirstandandi ár, sem hægt hefur verið að sýna bönkum landsins. Ég skil ekki, hvernig stendur á því, því að hér getur ekki verið um neitt leyniplagg að ræða, allra sízt þar sem fjmrh. hefur nú gefið yfirlýsingu um það, að Alþ. muni verða afhent þessi áætlun núna eftir eina viku eða 10 daga. Ég vil vænta, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að leggja nú hér a. m. k. fyrir fjhn.-menn þessi drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1965, sem til eru og aðrir hafa fengið að sjá, áður en mál þetta fer út úr d. eða verður afgreitt frá Alþingi. En hinu verður auðvitað ekki breytt, úr því sem nú er komið, um samningu áætlunarinnar á þessu ári. Það verður aðeins til eftirbreytni síðar. Ég álít, að það eigi að taka upp þá reglu fyrir næsta ár, að sú framkvæmdaáætlun eigi að gerast, eins og ég hef sagt hér, í samráði við Alþ., og í rauninni ætti hún að samþykkjast hér á hv. Alþ.

Hér hefur nokkuð verið vikið að því, hvaða áhrif slíkt lánsútboð sem þetta mundi hafa á aðrar peningastofnanir í landinu. Ég held, að það geti enginn vafi leikið á því, að megnið af þessu fjármagni hlýtur að verða tekið einmitt út úr bönkum landsins. Það getur varla komið frá öðrum. Og þegar það er einnig haft í huga, að með þessu lánsútboði er boðið upp á miklum mun hagstæðari vaxtakjör en bankarnir hafa heimild til að bjóða fyrir það sparifé, sem kemur til þeirra, held ég, að það geti enginn vafi leikið á því, að ýmsir þeir, sem hafa geymt fé sitt í bönkum, noti tækifærið og flytji fjármagnið yfir í þessi ríkis-

tryggðu skuldabréf, þar sem vaxtakjörin eru svona miklum mun betri en á innstæðufé í bönkunum, enda er það upplýst í þessum umr., að þannig hafi reyndin orðið á í hinu fyrra tilfellinu, þegar ríkið bauð út skuldabréfalán sitt á s. l. hausti. Ég held því, að það sé enginn vafi á því, að útboð á láni á þennan hátt verður til þess að þrengja kosti viðskiptabankanna. Og það, sem er auðvitað alvarlegast í þeim efnum, er þetta leiðir til þess, að viðskiptabankarnir geti þá ekki lengur staðið undir því verkefni sínu með eðlilegum hætti að veita nægilega mikil rekstrarlán, því að það vitum við, að það er ekki hægt að halda uppi eðlilegum atvinnurekstri í landinu, án þess að til komi allmikið fjármagn í formi rekstrarlána. Og auðvitað er hægt að þrengja svo að viðskiptabönkunum, að þeir séu ekki lengur færir um að veita atvinnuvegunum nægileg rekstrarlán. Ég held nú, að það sé fyrir nokkru komið svo, að viðskiptabankarnir veiti tiltölulega mjög lítið af stofnlánum eða fasteignalánum. Slíkar lánveitingar eru að mestu komnar inn í alls konar stofnlánasjóði og beina stofnlánabanka, og verkefni viðskiptabankanna eru að yfirgnæfandi meiri hl. orðin í sambandi við fyrirgreiðslu til veitingar á beinum rekstrarlánum. Það getur því verið mjög háskalegt, ef slík lánsútboð sem þessi verða til þess að draga verulega úr getu bankanna frá því, sem nú er, til þess að veita nauðsynleg rekstrarlán. Slíkt er vitanlega hættulegt. En ef þetta yrði aðeins til þess, að viðskiptabankarnir minnkuðu þá að sama skapi lánveitingar sínar til annarra stofnframkvæmda, er í rauninni ekkert við því að segja. Þá mundi þessi aðferð í rauninni aðeins þýða það, að það er verið að taka þarna ákvörðunarvaldið af bönkunum og ráðstafa tilteknum hluta af því fjármagni, sem þeir mundu annars veita til stofnlána, veita því fjármagni í þessar framkvæmdir. Við það hef ég út af fyrir sig ekkert að athuga. En verði þetta til þess að minnka verulega möguleika viðskiptabankanna til þess að geta veitt eðlileg rekstrarlán, tel ég, að það sé mjög hættulegt, og því er ekki að neita, að það hefur heyrzt hjá bönkunum og það æðioft, þegar um slík lánsútboð er að ræða sem þessi, að nú sé svo að þeim þrengt, að þeir geti ekki veitt jafnhá rekstrarlán og þeir höfðu þó gert áður. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. þyrfti að huga vandlega að þessu vandamáli, áður en hún fer í það að bjóða út nýtt lán af þessari tegund eða áður en hún heldur lengra á þessari braut.

En það er rétt að undirstrika það, að aðalágreiningurinn við hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál er þó í rauninni fyrst og fremst fólginn í því, hver vinnubrögð ríkisstj. hefur haft í sambandi við afgreiðslu málsins. Hún hefur ekki viljað gefa Alþ. eðlilegar upplýsingar, og hún hefur ekki viljað ganga inn á tilteknar mjög eðlilegar breytingar í sambandi við framkvæmd málsins. Ef hægt hefði verið að fá slík sjónarmið viðurkennd, sem hér hafa komið fram hjá okkur í minni hl., mundi hafa getað tekizt samkomulag um að efna til þessa lánsútboðs upp á 75 millj. kr., því að það skal fúslega viðurkennt, að það er gert ráð fyrir því að veita þessu fé í ýmsar framkvæmdir, sem eru gagnlegar út af fyrir sig og þarf að reyna að þoka áfram. En jafnvel þó að um fjáröflun sé að ræða til gagnlegra framkvæmda, er ekki hægt að gera það með hvaða skilyrðum sem er. Það er ekki hægt að ganga inn á það, að fjárins sé aflað með óeðlilegum lánskjörum eða öðrum þeim aðferðum, sem mundu í rauninni skapa hér aukna erfiðleika í ýmsum öðrum tilfellum.

Ég er meðflm. að brtt. á þskj. 567. Fyrir þessum till. þarf ég ekki að tala frekar en ég hef þegar gert. Það hefur verið gert af 1. flm. þeirra till. Ég tel miklu skipta að fá fram þessar breytingar á frv. Fengjust þær samþykktar, mundi ég eftir atvikum samþykkja frv. þrátt fyrir það, hvernig undirbúningur málsins hefur verið að ýmsu leyti mjög óeðlilegur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 567,1 felld með 20:18 atkv.
2. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 567,2 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma. Ég kem hér aðeins upp til að gera grein fyrir atkv. mínu, en ég mun við þessa umr. greiða atkv. gegn þessu frv. Ástæðan til þess, að ég geri það, er sú, að fjöldi atvinnufyrirtækja á nú í hreinum vandræðum vegna mikils lánsfjárskorts. Lánsfjárskorturinn hefur þegar valdið stórkostlegum erfiðleikum hjá mörgum fyrirtækjum, og hætta er á því, að hann fari vaxandi. Þetta veldur því m. a. og ekki hvað sízt, að fyrirtækin eiga örðugt með mörg hver að rísa undir því kaupgjaldi, sem starfsfólk þeirra þarf að fá. Það, sem veldur þessum lánsfjárskorti öðru fremur, er það, að viðskiptabankarnir geta ekki leyst úr þeirri þörf, sem fyrirtækin hafa í þessum efnum vegna sparifjárfrystingarinnar. Það er augljóst, að sú lántaka, sem hér um ræðir, mun verða til þess að auka enn á erfiðleika viðskiptabankanna til þess að fullnægja þeim þörfum, sem viðskiptavinir þeirra, þ. e. í þessu tilfelli atvinnufyrirtækin, þurfa að fá leyst úr. Það hefði kannske verið réttlætanlegt að heimila þessa lántöku, ef það hefði jafnframt verið gert, sem lagt var til af minni hl. hv. fjhn. við 2. umr. þessa máls, að hætta sparifjárfrystingunni. En á þá till. var því miður ekki fallizt, og þess vegna verður þetta frv., ef samþ. verður, til þess að auka enn á vandkvæði viðskiptabankanna, því að hér er fyrst og fremst verið að keppa við þá um það fjármagn, sem ríkið fær hér að láni, og þar af

leiðandi mun ég greiða atkv. gegn þessu frv. Því er haldið fram, að ríkið hafi þörf fyrir þetta lánsfé. Það má vel vera, en ríkið hefur marga aðra möguleika til þess að fá þetta lánsfé heldur en þann að keppa við viðskiptabankana. T. d. er mjög auðvelt fyrir Seðlabankann að lána ríkinu þetta fé af því sparifé, sem hann hefur bundið.

Þar sem ég tel það liggja í augum uppi, að þetta frv., ef samþ. verður í þessu formi, verður til þess að stórauka erfiðleika atvinnufyrirtækjanna og gera þeim örðugra fyrir að verða við þeim sjálfsögðu kaupkröfum, sem bornar verða fram á næstunni, mun ég greiða atkv. gegn frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AJ, BGr, BBen, EI, GuðlG, ÓL, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SB.

nei: SE, ÞÞ.

SkG, BFB, BP, EðS, EystJ, GeirG, SJóh, HS, HV, IG, LJós greiddu ekki atkv.

11 þm. (SvJ, ÁÞ, BF, DÓ, EÁ, EOl, EmJ, GÞG, VH, JSk, RA) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 601).

41. Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Á 51. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins [147. mál] (stjfrv., A. 311).

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur byggingarkostnaður farið nokkuð ört vaxandi hér hin síðustu ár, og kallar það vitanlega á aðgerðir eða fjárútvegun til þess að standast þessa kostnaðaraukningu. Vísitala byggingarkostnaðar var um áramótin 1955—56 sett í 100, en um s. l. áramót var hún orðin 220 eða hafði hækkað um 120 stig og nokkuð jafnt allt þetta tímabil. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að ríkisstj. hefur leitt hugann að því, hvernig hækka mætti þetta framlag, sem húsnæðismálastjórn veitir árlega til bygginga, og eftir hvaða leiðum.

Í upphaflegu lögunum um húsnæðismálastjórn var gert ráð fyrir því, að lánveitingar á íbúð gætu numið allt að 100 þús. kr., en var fljótlega vegna mikillar eftirspurnar og takmarkaðra fjármuna lækkað ofan í 70 þús. kr. Þetta hefur svo verið hækkað nú aftur, fyrst upp í 100 þús. kr. og síðan upp í 150 þús. kr. á íbúð, og við það hefur setið nú alllengi.

Þetta hefur orðið til þess, að það hefur ekki verið hægt að sinna á hverju ári nærri öllum þeim umsóknum, sem borizt hafa, og hafa menn því þurft að bíða, ég vil segja óeðlilega lengi, eftir því að fá afgreiðslu sinna mála. Fé, sem hefur verið úthlutað til húsbyggjenda, lánsfé hjá húsnæðismálastjórn, hefur verið eftirfarandi, síðan stofnunin tók til starfa:

1955 var úthlutað 35 millj. (ég les bara í heilum millj.), 1956 50 millj., 1957 var úthlutað 53 millj., 1958 34 millj., 1959 35 millj., 1960 71 millj., 1961 65 millj., 1962 86 millj., 1963 voru veittar 111 millj. og 1964 160 millj., þannig að þetta hefur hækkað nokkuð á þessu tímabili, þó að það sé hvergi nærri fullnægjandi.

Það athyglisverðasta í þessu er þó það, að eigið fé húsnæðismálastjórnar hefur ekki verið aukið neitt að ráði, heldur hefur þetta aukna fé, sem komið hefur til ráðstöfunar, að mestu leyti verið tekið að láni.

Ríkisstj. hefur leitað eftir því, á hvern hátt úr þessu væri hægt að bæta, og byrjaði á því verulega á síðasta þingi, þegar samþ. var hækkun á skyldusparnaðinum úr 6% upp í 15%, og sömuleiðis voru þá líka sett lög, sem skylduðu vátryggingarfélög til þess að leggja nokkuð af sínu ráðstöfunarfé fram til kaupa á húsnæðisstjórnarlánabréfum. Síðan kom það til, að um mitt s. l. ár voru gerðir samningar á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins annars vegar og ríkisstj. hins vegar um ýmis atriði í sambandi við kjaramál og hagsmunamál launþega, og eitt af þeim atriðum, sem þar kom til umr., var einmitt að ráða bót á húsnæðismálunum á þann veg fyrst og fremst að auka framlög til þeirra.

Ég tel rétt, að ég lesi hér upp þetta samkomulag, að því er tekur til húsnæðismálanna, en það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir og hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Í þessu skyni mun ríkisstj. tryggja eftirfarandi:

1) Að aflað verði á þessu ári (þ. e. a. s. á árinu 1964) og fyrri hluta næsta árs 250 millj. kr. til að mæta þeim umsóknum, sem lágu óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn 1. apríl s. l. Húsnæðismálastjórn ákveður upphæðir þessara lána og setur reglur um uppgjör fyrri skuldbindinga sinna.

2) Að frá og með árinu 1965 verði komið á kerfisbreytingu íbúðarlána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á árinu og verði loforð fyrir lánunum veitt fyrir fram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. eða 2/3 kostnaðar, hvort sem lægra er. Lánin greiðast að hálfu að hausti og að hálfu næsta vor. Þessi tala sé við það miðuð, að tryggð verði bygging 1500 íbúða á ári, er síðan fari smáhækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar

íbúðir. Telji húsnæðismálastjórn það æskilegt, getur hún fækkað lánum á árinu 1965 samkvæmt nýja kerfinu, enda bætist þá samsvarandi upphæð við það fé, sem til ráðstöfunar verður samkvæmt 1. lið hér að framan (þ. e. a. s. til þess að lána þeim, sem ekki koma undir nýja kerfið).

3) Hluta þess fjár, sem byggingarsjóður hefur til umráða, verði varið til viðbótarlána umfram þær 280 þús. kr. á íbúð, sem að framan getur, til að greiða fyrir íbúðabyggingum efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum till. frá stjórn þess verkalýðsfélags, sem í hlut á. Í þessu skyni skal varið 15—20 millj. kr. á ári. Jafnframt því mun ríkisstj. beita sér fyrir öflun lánsfjár til byggingar verkamannabústaða.

Eftirfarandi atriði eru forsendur fyrir því að ríkisstj. taki á sig skuldbindingar þær, sem að ofan getur:

Að lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði, renni skatturinn til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag. Til viðbótar við launaskattinn og það eigið fé, sem byggingarsjóður þegar ræður yfir, mun ríkisstj. tryggja honum 40 millj. kr. nýtt stofnframlag á ári með framlagi úr ríkissjóði, álagningu nýs skatts á fasteignir eða með öðrum hætti. Svo verði frá gengið, að ríkisframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs gangi árlega til kaupa á íbúðarlánabréfum hins almenna veðlánakerfis. Komið verði á nýju kerfi íbúðarlána fyrir lífeyrissjóði til samræmis við þær reglur, sem gilda hjá húsnæðismálastjórn. Til þess að þessar aðgerðir nái tilgangi sínum og hið nýja veðlánakerfi geti byggt sig upp með öruggum hætti og hægt verði að lækka vexti og haga lánskjörum í samræmi við greiðslugetu alþýðufjölskyldna, verði tekin upp vísitölubinding á öllum íbúðalánum. Er þá gert ráð fyrir því, að lánskjör af íbúðalánum verði þannig, að lánin verði afborgunarlaus í eitt ár og greiðist síðan á 25 árum með 4% vöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana. Full vísitöluuppbót reiknist síðan á þessa ársgreiðslu."

Þetta er það, sem samkomulagið frá 5. júní gerði ráð fyrir og þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið miðað við. Breytingar frá núgildandi lögum um þetta efni eru í samræmi við þetta samkomulag og þó raunar ein eða tvær að auki. En helztu breytingarnar frá núgildandi lögum eru þessar:

Í fyrsta lagi, að auknar verði árlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins með því að leggja á almennan launaskatt, sem renni í sjóðinn. Þessi lög um launaskatt hafa nú verið samþ., voru upphaflega sett sem brbl. og komu til framkvæmda síðari helming ársins sem leið. Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður greiði árlega til sjóðsins 40 millj., og er opið, hvernig fjár til þess verður aflað. Um það hefur ekki neinu verið slegið föstu enn þá. Upphaflega var hugsunin að taka þetta sem fasteignaskatt, en frá því hefur nú verið horfið, og verður ríkissjóður að leggja féð fram í bili og taka síðar ákvörðun um, hvernig tekna til þess verður aflað, ef þess er talin þörf. Þetta hvort tveggja, bæði launaskatturinn og framlag ríkissjóðsins, eru hrein tekjuaukning sjóðsins, þannig að þar er mikill munur á eða þeirri fjárútvegun, sem áður hefur verið framkvæmd, sem að mestu leyti hefur verið í lánsformi. En þetta er fé, sem húsnæðismálasjóðurinn fær til eignar og umráða og fær þá vitaskuld einnig tekjur af því, sem lánað hefur verið út til íbúðabyggjenda.

Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu, að heimild veðdeildar Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa verði hækkuð. Hún er nú 150 millj. kr. á ári og bundin við 10 ár, en hér er lagt til, að heimildin verði hækkuð upp í 400 millj. kr. á ári og ótímabundin.

Í þriðja lagi er því slegið föstu í þessum lögum, að árlegu framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga verði varið til kaupa á vaxtabréfum veðdeildar samkvæmt því, sem um það hefur áður verið rætt. Nú hefur að vísu atvinnuleysistryggingasjóður lánað allverulega mikið fé í þessu skyni, en það hefur á hverju ári þurft undir högg að sækja með að fá þau lán hjá stjórn sjóðsins og ekki legið fyrir nein örugg vissa um, hvort lánið fengist eða ekki eða hversu mikið, en með þessu ákvæði er því nú slegið föstu, að framlag ríkissjóðs til atvinnnuleysistrygginganna skuli lánað í þessu skyni.

Þá er tekið upp í þetta frv. það ákvæði, að ekki megi veita lán til byggingar, nema áður hafi verið gefið loforð fyrir láninu og áður en bygging er hafin. Í lögum þeim, sem nú eru í gildi, er að vísu heimild til að setja þetta skilyrði fyrir láni, en sú heimild hefur, að ég ætla, ekki verið notuð, en hér er þetta tekið upp sem alveg föst regla.

Þá er nýtt atriði, sem raunar er ekki í því samkomulagi, sem ég las upp áður, en ég fyrir mitt leyti tel allþýðingarmikið, og það er, að hér er nú veitt heimild til þess að veita sveitarfélögum lán til bygginga á leiguíbúðum. Það er nú komið svo, að það er mjög erfitt að fá íbúð á leigu, og margir, sem undan því kvarta að geta ekki fengið neina íbúð fyrir sig eða sína á leigu, og fjöldi manna, sem vitaskuld hefur ekki tök á því að fara út í byggingu hvenær sem er, og þess vegna er þetta fólk oft í vandræðum. Sérstaklega vildi ég ætla, að fyrir ungt fólk, t. d. menn, sem eru nýkomnir frá námi og farnir að eiga með sig sjálfir, en í flestum tilfellum eru ekki færir um að byggja yfir sig strax, yrði það mikill ávinningur að geta fengið hæfilegt húsnæði á leigu, sem sveitarfélögin byggðu og leigðu fyrir sanngjarnt gjald. Ég hef viljað ætla, að þessar íbúðir þyrftu ekki að vera stórar. Það væri fyrir þá, sem væru að byrja búskap, og hugsað þannig, að það væri um takmarkaðan árafjölda, sem sama fjölskyldan byggi þar, bæði þangað til hún gæti hugsað sér að ráðast í

íbúðarbyggingu eða fjölskyldustærðin hefði orðið það mikil, að hún rúmaðist ekki lengur í þessum litlu íbúðum. En með því að veita lán til þessara íbúða, jafnhá og önnur íbúðalán eru, þá ætti að vera kleift fyrir mörg sveitarfélög að byggja einhverja tölu af slíkum íbúðum, sem gætu þá verið til ráðstöfunar fyrir þetta fólk, sem hefur ekki komizt til þess að byggja.

Þá er í þessu frv. einnig lagt til, að hámarkslánin verði hækkuð úr 150 þús. og upp í 280 þús. kr. Upphaflega var ætlunin, að þessi hámarkslán yrðu 300 þús. kr., en sá háttur var tekinn upp í samkomulagsumræðunum við þá aðila, sem ég nefndi áðan, í júnímánuði s. l. að lækka heldur hámarksupphæðina, sem almennt væri lánuð, en nota það fé, sem við það sparaðist, til þess að veita viðbótarlán efnalitlum meðlimum verkalýðsfélaganna, sem ætla verður að eigi þrengst um að byggja og meiri ástæða væri kannske til þess að lána. Ef 750 lán eru veitt á ári og hvert þeirra lækkað um 20 þús. kr., úr 300 þús. í 280, þá eru það 15 millj., sem við það sparast, og það er þá sú upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv. að veitt verði sem viðbótarlán. Þó er þar aðeins rýmra tekið til orða, eða 15—20 millj. kr.

Þá er enn lagt til, að lánskjörunum verði breytt þannig, að lánin verði raunverulega til 26 ára. Það hafa orðið smámistök hér í prentun grg. Þar stendur, að „lagt er til, að lánskjörunum verði breytt þannig, að lánið verði til 25 ára", og það er með vissum hætti rétt, þau eiga að endurgreiðast á 25 árum, en fyrsta árið er gert ráð fyrir að verði afborgunarlaust, þannig að lánið verður raunverulega til 26 ára. Þetta er rétt í frv. sjálfu, en það hefur við prentun grg. gætt þessara mistaka, sem ég ætla að geri ekki til eða hafi neitt að segja, þegar vakin er athygli á því. Það er gert ráð fyrir því sem sagt, að lánin verði veitt til 26 ára með 4% ársvöxtum og jöfnum ársgreiðslum, eða annuitetslán, og hver ársgreiðsla, vextir og afborganir, breytist samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Þá eru í frv. tekin upp nokkuð strangari ákvæði fyrir því, að bæði þeir, sem leggja frjáls framlög í innlánsdeild húsnæðismálastjórnarinnar, og eins hinir, sem safna lögbundnum skyldusparnaði, fái rétt til umframlána fram yfir aðra. Áður var það svo að öðru jöfnu, eins og það var orðað, að þá áttu þeir að eiga kost á 25% hærri lánum en almennt gerðist, ef þeir hefðu safnað 50 þús. kr., en nú er þessi upphæð, 50 þús. kr., hækkuð upp í 100 þús. Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að ríkissjóður láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum fé á móti því, sem kaupstaðirnir eða aðrir leggja fram í þessu skyni, en það verði bundið við fjárframlög samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Nú hefur þetta verið ótakmarkað og rokið svo upp, að ríkissjóði hefur eiginlega orðið það um megn, en nú er gert ráð fyrir því, að þetta verði ákveðið hverju sinni í fjárlögum, hvað þessi upphæð geti orðið há.

Þetta eru þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir. Þær eru flestar í samræmi við það samkomulag, sem gert var í júnímánuði, og aðeins tvær, vil ég segja, sem voru ekki teknar þar með, þar af önnur að mínu viti mjög þýðingarmikil, lán til leiguhúsnæðis, sem ég gat um áðan.

Frv. sjálft þarf ég svo varla að rekja, því að í því felast ekki aðrar breytingar en þær, sem lýst er í grg. og ég var nú að rekja. Fyrsti kafli er um stjórn stofnunarinnar og hlutverk hennar. Það eru litlar breytingar frá því, sem nú er, nema orðalagsbreytingar, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja þær. Það er að vísu fært lítils háttar á milli greina og atriði, sem ekki hafa komið til framkvæmda, felld niður. Í 3. gr., sem er samhljóða núverandi 2. gr., er t. d. gert ráð fyrir, að síðasta mgr. þeirrar gr.. 2. gr. í gömlu l., verði felld niður, en hún gerir ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórn semji árlega skýrslu um íbúðabyggingar til birtingar. Þetta hefur ekki verið gert, heldur hafa aðrir aðilar gert það, og þykir þess vegna ekki ástæða til þess að halda því í lögum. Í öðru lagi er svo hér í 2. kafla rakið, hvernig lán eru veitt og hvernig fjár er aflað. Það er í samræmi við það, sem ég hef áður getið um.

3. kaflinn er svo um sparnað til íbúðabygginga, frjálsan sparnað og skyldusparnað, og þarf ekki heldur frekari skýringa. Þá kemur 4. kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, síðan ýmis ákvæði.

Það er eitt atriði, sem ég vil vekja athygli hv. nefndar á, sem þetta frv. fær til meðferðar, og það er, að í 19. og síðustu gr. í frv. er gert ráð fyrir, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1965. Það er nú tilkomið vegna þess fyrst og fremst, að frv. var samið fyrir áramótin, og þótti þá hæfilegt, að það tæki gildi um áramót. Ef þetta stenzt ekki eða ekki þykir heppilegt að hafa það svo að láta það verka aftur fyrir sig um 2—3 mánuði, þá er sjálfsagt að breyta því, og vildi ég biðja hv. n., sem frv. fær til meðferðar, að taka þetta til athugunar.

Þá hefur a. m. k. hluti úr stjórn Alþýðusambands Íslands, aðallega þeir, sem tóku þátt í samningaviðræðunum í sumar, komið að máli við mig og óskað eftir athugun á nokkrum atriðum, sem ég hef fullkomlega fallizt á, að gert yrði.

Það er í fyrsta lagi varðandi viðbótarlánin, sem gert er ráð fyrir í frv. að veitt verði þannig, að leitað verði umsagnar Alþýðusambands Íslands um lánveitingar. Þetta þótti þeim betur fara að hafa á annan hátt, þ. e. a. s. að þessum viðbótarlánaumsóknum fylgdu vottorð frá viðkomandi stéttarfélagi, sem gengju beint til húsnæðismálastjórnar án milligöngu Alþýðusambandsins. Þessu sé ég enga ástæðu til að amast við, þetta er kannske eðlilegra að gera á þennan hátt, og vildi ég einnig biðja hv. n. að taka þetta til athugunar.

Þá barst einnig í tal sú vísitölutrygging, sem á lánagreiðslurnar á að koma, og í frv. segir,

að þetta skuli vera framfærsluvísitala, sem þar sé lögð til grundvallar. Náttúrlega kemur þetta þannig út fyrir lántakanda, eftir að vísitölutrygging hefur verið sett á kaup, að það á ekki að vera þyngra fyrir lántakanda að standa undir sínum greiðslum með vísitöluálagi, þegar hann fær vísitöluálag á kaupið, og ætti þetta þess vegna ekki að skapa honum óþægindi. En á það var bent, að vísitalan á kaupi er ekki framfærsluvísitala, heldur kauplagsvísitala, sem að vísu er ekki mjög fjarri framfærsluvísitölunni, a. m. k. ekki enn sem komið er, en þó ekki sú sama, og væri þess vegna til athugunar að binda þetta við kaupgjaldsvísitölu, en ekki við framfærsluvísitöluna. Vildi ég einnig taka undir það, að þetta yrði athugað.

Það er líka vandamál, hvernig með skuli fara þá umsækjendur, sem höfðu ekki sent umsóknir fyrir 1. apríl s. l. og þar af leiðandi verður ekki hægt að sinna með þeim fjármunum, sem fyrir hendi eru. Mér hefur verið tjáð, að þessar 250 millj., sem gert er ráð fyrir að afla og verður aflað til þess að greiða fyrir þeim, sem höfðu sótt um fyrir 1. apríl, muni nægja og eiginlega vel það, þannig að þar muni nokkuð standa út af, sem ekki þarf til að fullnægja öllum þeim lánsbeiðnum, sem borizt höfðu fyrir 1. apríl, en hins vegar verður sá afgangur hvergi nærri nægur til þess að leysa vanda þeirra, sem sótt hafa eftir 1. apríl og áður en hið nýja kerfi kemur til framkvæmda. Hvernig þetta verður leyst, er ekki ráðið, en í frv. er ákvæði um það, eins og ég las upp, að það er heimilt að fækka þessum nýju lánum eitthvað og láta þá fjármuni, sem við það sparast, ganga til þeirra, sem þarna lenda á milli, og mætti sjálfsagt eitthvað leysa þeirra vanda með þessu. En það sem sagt stendur opið og verður að vera til athugunar, hvernig fjár til þess verði aflað, sem umfram þarf það, sem í samkomulaginu er.

Þetta allt, sem ég nú hef nefnt, vildi ég biðja hv. heilbr.- og félmn., sem ég geri ráð fyrir að fái málið til meðferðar, um að athuga.

Nokkuð hefur komið til álita, hvort hægt væri að hækka lánsupphæðina úr þessum 280 þús. kr. eða raunverulega úr 300 þús., eins og ég skýrði frá áðan, að raunverulega er veitt á íbúð, á þessar 750 íbúðir. En því höfum við ekki, eða ég ekki a. m. k., eins og sakir standa, treyst mér til að mæla með.

Það hafa þegar komið til framkvæmda nokkur atriði af þessum ráðstöfunum, sem gerðar eru í sambandi við þessa lagabreytingu. Skyldusparnaðurinn var t. d. hækkaður á miðju ári 1964, og hefur komið til framkvæmda með 15% síðan, og hefur gefið fullkomlega það, sem ætlað var. Launaskatturinn var líka tekinn síðari helming ársins 1964, og hann hefur gefið öllu meira fé en ætlað var. Tryggingafélögin aftur á móti hafa ekki keypt nema fyrir lítið brot af því, sem gert var ráð fyrir að þau keyptu, og þess vegna skortir þar verulega á, að náðst hafi sú upphæð, sem gert var ráð fyrir. En hvort umframtekjur af skyldusparnaði og launaskatti verða það miklar, að þær nægi til þess að vega upp á móti því, sem tryggingafélögin vantar á þá upphæð, sem gert var ráð fyrir frá þeim í upphafi, skal ég ekki segja, því að það er ekki búið að gera þetta endanlega upp, en það má ætla, að það verði ekki langt frá því.

Það má náttúrlega endalaust deila um, hvað er hæfilegt og hvað er nægilegt, hvað er hægt að komast af með í þessu skyni, og sjálfsagt má segja, að æskilegt hefði verið að ganga lengra til móts við þá, sem í byggingum standa, og leitast við að fá þeirra hlut betri með enn hækkuðum lánum, því að það hefði sjálfsagt verið æskilegt. En eins og sakirnar standa, virðist eins og það sé svo miklum vandkvæðum bundið að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar eru skv. þessu frv., að varla sé hægt að gera því skóna, að þessa upphæð verði hægt að hækka, svo að nokkru nemi.

Ég held svo ekki, að ég þurfi að rekja þetta mál frekar að sinni, en vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að málinu verði vísað að þessari umr. lokinni til hv. heilbr.- og félmn. Þetta er mikið mál og krefst ýtarlegrar athugunar. Það er nokkuð liðið á þingið, en ég vildi beina þeim tilmælum til hv. n., að hún freistaði að hraða störfum við afgreiðslu málsins, svo að málið næði örugglega fram að ganga, því að það hefur tafizt að koma því fram, aðallega vegna þess, að það var ekki fyrr en nú nýlega gengið frá því, hvort þessar 40 millj., sem samkomulagið gerir ráð fyrir, að ríkissjóður sjái um, verði teknar með fasteignaskatti eða ekki. Það var upphaflega ætlunin, en frá því var horfið og verður nú greitt beint úr ríkissjóði.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. þetta á þessu umræðustigi. Það er sérstaklega eitt atriði í frv., sem ég vildi þó vekja athygli á nú þegar. Það er ákvæði í kaflanum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis í 16. gr. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir."

Hér er um breytingu að ræða frá núgildandi lögum, breytingu, sem ég tel vera spor aftur á bak. Áður var það í lögum, að ríkissjóður var ekki skyldugur til þess að lána til jafns við framlag sveitarfélaganna, heldur skyldi það á ári hverju ákveðið í fjárlögum. En árið 1962 var þessu breytt í það horf, sem það er nú, að lán ríkissjóðs og framlag sveitarfélaga skuli vera jafnt. Fyrir þessu höfðu sveitarstjórnir barizt árum saman, að ég hygg. Og ég minnist þess t. d., að borgarstjórn Reykjavíkur lagði á þetta mikla áherzlu 1958 og síðar og skoraði á Alþ. einu sinni eða tvisvar að breyta þessu í það horf, sem því var að lokum breytt í 1962, enda hafði reynslan orðið

sú, að ríkissjóður var alltaf á eftir með sitt framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, a. m. k. í Reykjavík.

Þetta tel ég ástæðu til að benda á, vegna þess að hér tel ég tvímælalaust vera stigið spor aftur á bak. Ég tel minni þörf á að ræða að þessu sinni ýmis önnur atriði, sem ég tel þó vert að athuga í nefnd og síðar. Ég skal rétt aðeins minnast á, að það er gert ráð fyrir, að lánin skuli greiðast upp á 25—26 árum. Mér finnst þessi tími mjög stuttur. Ég hefði viljað mælast til þess við hv. nefnd, hvort ekki mundi vera fært að lengja lánstímann nokkuð, þótt ekki væri nema upp í t. d. 35 ár.

Annað atriði, sem ég tel einnig varhugavert og ekki síður, er ákvæðið um, að vextir skuli breytast í samræmi við vísitöluna. Í framkvæmd gæti þetta auðveldlega reynzt þannig, að vaxtakjörin stórversnuðu frá því, sem þau eru ákveðin í upphafi, að vextir raunverulega hækkuðu verulega á tímabilinu. Ég tel þess vegna athugandi, hvort ekki ætti að undanskilja vextina þessu ákvæði um tengsl við vísitöluna, þótt sjálft lánið fylgdi vísitölunni að öðru leyti.

Hæstv. ráðh. minntist á, að það gæti verið til athugunar, hvort ekki ætti að tengja ákvæðin um vísitölu við kaupgreiðsluvísitöluna í stað framfærsluvísitölunnar, og er ég alveg sammála um það. Ég tel það vert þess, að það verði athugað, hvort ekki sé sanngjarnara að tengja við kaupgjaldsvísitölu í stað framfærsluvísitölu eins og ákveðið er í frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Tilgangur minn með því að taka til máls nú var aðallega að benda á þetta ákvæði í 16. gr., sem ég tel vera spor aftur á bak. Það er atriði, sem gæti auðveldlega orðið til þess að draga úr þeirri nauðsynlegu starfsemi, sem nefnd er „útrýming heilsuspillandi húsnæðis í kaupstöðunum".

Helgi Bergs: Herra forseti. Það er nú svo um þessar mundir, að ástandið í húsnæðismálum hér á höfuðborgarsvæðinu og raunar í flestum bæjarfélögum öðrum er nú erfiðara en kannske oftast áður. Og þetta er ekki komið til af sjálfu sér, heldur liggja til þess þær orsakir, að á undanförnum árum hefur verið minna byggt en verið hefur áður.

Tölur Efnahagsstofnunarinnar sýna það, að á undanförnum árum a. m. k. á árunum 1960—62, og jafnvel líka 1963, er fjárfesting í íbúðarhúsum minni, reiknað á sama verðlagi, heldur en hún var á árunum fyrir valdatöku þessarar hæstv. ríkisstj. Það er fyrst á árinu 1963, sem fjárfestingin í íbúðum nær svipuðu stigi og á árunum næstu fyrir 1960. En ef litið er á tölu fullgerðra íbúða á þessum árum, — það hefur verið rifjað upp hér fyrir nokkrum dögum, — þá er ástandið enn verra, vegna þess að fullgerðum íbúðum hefur fækkað meira en fjárfestingin í íbúðunum hefur minnkað.

Af þessu má draga þá ályktun, að íbúðirnar eru nú tiltölulega dýrari, þótt mælt sé með vísitölu til sama verðlags, heldur en áður, þær eru stærri og íburðarmeiri og framkvæmdirnar eru sjálfsagt einnig kostnaðarsamari vegna ýmissa ágalla á skipulagsmálum íbúðabygginganna. Það er í sjálfu sér ekki heldur undarlegt, þó að þetta verði svo, þegar á það er litið, að vaxandi dýrtíð hlýtur að freista húsbyggjenda til að vera öllu djarftækari til stærðar og kostnaðar íbúðar sinnar heldur en ef verðlag er með stöðugri hætti.

En ástandið í íbúðamálum er, eins og ég sagði áðan, mjög erfitt um þessar mundir, og þegar þannig er ástatt, hljótum við að fagna hverri viðleitni til að bæta úr. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr. og er fram borið af hæstv. ríkisstj. til fullnægingar loforðum hennar til verkalýðshreyfingarinnar frá því í júnímánuði s. l., er að sjálfsögðu algerlega ónógt til verulegrar lausnar á þeim vanda, sem fyrir höndum liggur, en það er spor í rétta átt í aðalatriðum, og því ber að fagna.

Auðvitað er, eins og hæstv. félmrh. vék raunar að, fyrst og fremst verið að reyna að halda til jafnt við sívaxandi byggingarkostnað, og það er góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En í rauninni er ástandið í húsnæðismálunum orðið þannig, að full ástæða væri til að endurskoða þau mál öll, bæði löggjöfina og eins framkvæmda- og skipulagsatriði frá grunni, en það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki þannig, heldur er það að meginuppbyggingu til svipað þeim lögum, sem í gildi eru, með þeim breytingum, sem leiðir af júnísamkomulaginu.

Eitt helzta nýmæli þessa frv. er það, að farið er inn á vísitölutryggingu þeirra lána, sem þarna er um að ræða, húsnæðismálalán. Það er í sjálfu sér ánægjuefni og sérstaklega okkur framsóknarmönnum, að farið er inn á þá braut að verðtryggja lánssamninga og peningasamninga. Við höfum verið talsmenn þess, að slíkt væri gert, en hér er þó nokkur ágalli á, sem mér þykir rétt að vekja sérstaklega máls á.

Mér virðist sem aðalatriði málsins, þegar verið er að tala um verðtryggingu peningasamninga, sé að tryggja rétt og hagsmuni þeirra, sem spara, þeirra, sem mynda það fé, sem þjóðfélagið hefur úr að spila. Verðtrygging útlána er aftur á móti afleiðing af því, nauðsynleg afleiðing þess, ef þeim, sem sparar, er veitt verðtrygging á sínum sparnaði.

Hér er farið hinum megin í þennan vanda. Það er byrjað á því að verðtryggja útlánin, þó að það sé sannast mála, að ráðstöfunarfjár húsnæðismálastjórnarinnar sé aðeins að nokkru leyti aflað þannig, að það sé verðtryggt til eigandans. Og mér þykir í þessu sambandi alveg sérstaklega ástæða til þess að vekja athygli á því, að í 9. gr. þessa frv., þar sem fjallað er um sérstaka iðnlánadeild, sem starfi á vegum byggingarsjóðs ríkisins, þar er, að því er ég fæ bezt séð, ekki gert ráð fyrir því, að þeir, sem af frjálsum vilja leggja fé sitt inn í þessa deild, eigi að fá það vísitölutryggt, heldur stendur, að þeir skuli fá það útborgað að viðbættum vöxtum, sbr. svo 10. gr., þar sem

fjallað er um, að slíkt sparifé sé skattfrjálst og ekki framtalsskylt. Þetta virðist mér vera atriði, sem verði að taka til endurskoðunar. Mér virðist ekki eðlilegt, að þeir, sem af frjálsum vilja leggja fé inn í innlánsdeildina, skuli ekki njóta sama réttar þar og þeir, sem leggja þar inn skyldusparnað.

En það er fleira byggt í okkar þjóðfélagi heldur en bara íbúðir. Á sama tíma og bygging íbúða hefur dregizt saman hefur bygging verzlunarhúsa tvöfaldazt eða þrefaldazt skv. skýrslum, sem finna má í Fjármálatíðindum. Engum dettur víst í hug, að þessar byggingar séu eingöngu byggðar fyrir eigið fé þeirra, sem þær eiga, heldur er að sjálfsögðu í þeim fé, sem fengið er frá bönkum og lánastofnunum undir ýmiss konar yfirskini. En það fé, sem í slíkar byggingar er sett, er ekki með neinum hætti visitölutryggt. Það er dálítið kaldranalegt, að það skuli aðeins vera þeir, sem byggja íbúðir og fá lán til þeirra frá húsnæðismálastjórn, sem þessum kjörum sæta, en verðbólgufjárfestingin í landinu, sem er verulegur þáttur í hinum raunverulegu orsökum dýrtíðarinnar, skuli hafa fé almennings í slíkum framkvæmdum óverðtryggt.

Mér virðist í þessu sambandi ekki óeðlilegt, að menn fari að hugsa um, hvort ekki væri eðlilegt til þess að jafna metin, að einhvers konar verðhækkunarskattur yrði lagður á byggingar, sem þannig er ásatt um. Ég nefni þetta aðeins, án þess að ég hafi um það neina till. að gera á þessu stigi. Mér virðist enn fremur, þegar þær breytingar eru nú gerðar, sem samið var um fyrir 8 eða 9 mánuðum, að þá sé óviðunandi meðferð þeirra, sem hafa átt umsóknir um lán hjá húsnæðismálastjórn á þeim tíma, sem síðan er liðinn.

Það munu hafa verið nær 2000 umsóknir fyrirliggjandi hjá húsnæðismálastjórn 1. apríl 1964, og þrátt fyrir þau ákvæði, sem hæstv. félmrh. benti á í ræðu sinni áðan um úrlausn fyrir þessa aðila, þá liggur það þó fyrir, að þeir hafa ekki allir fengið úrlausn. En sú úrlausn, sem þeir hafa fengið, er þó miðuð við hinar fyrri hámarksreglur, þó að mér skiljist, að þeir verði að sæta hinum nýju reglum að því er lýtur að visitölutryggingu. Og kannske er þó hlutur þeirra, sem lagt hafa inn umsóknir sínar eða hafið byggingar sínar á tímabilinu síðan 1. apríl s. l. og til síðustu áramóta, verstur í þessu sambandi, og virðist mér full ástæða til þess, að það sé athugað, hvort ekki er hægt að rétta þeirra hlut með einhverjum hætti og hækka lánin til þeirra verulega umfram það hámark, sem áður hefur gilt.

Á hinn bóginn vil ég svo fagna þeim ákvæðum, sem er að finna í þessu frv. um það, að húsnæðismálastjórnin geti veitt sveitarfélögum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum, og ég vil taka undir það, sem hæstv. félmrh. hafði um það að segja. Það er að vísu skoðun mín og stefna okkar framsóknarmanna, að æskilegt sé, að sem flestar íbúðir í landinu séu sjálfseignaríbúðir þeirra, sem í þeim búa. En hitt er eigi að síður fyllilega rétt, sem hæstv. félmrh. tók hér fram áðan, að nauðsyn er á því, að talsvert sé af leiguíbúðum í hverju byggðarlagi af ástæðum, sem ég skal ekki endurtaka, þar sem hæstv. ráðh. rakti það áðan.

Ég vil enn fremur taka undir það, sem hæstv. ráðh. drap á, að mér virðist ákaflega ógeðfellt, úr því sem komið er, að þessi lög gildi frá 1. janúar, þó jafnvel að þær reglur um útlán og annað slíkt, sem þar er að finna, verði látnar gilda frá þeim tíma. En þetta er auðvitað atriði, sem verður tekið til athugunar í nefnd.

Þegar við ræðum um húsnæðismálin, eru jafnan fjárútveganirnar, lánareglur og því um líkt, sem taka mest athygli okkar. Og auðvitað er það eðlilegt í sambandi við þetta frv., þar sem þær breytingar, sem það gerir ráð fyrir, lúta einmitt fyrst og fremst að þeim efnum. Og peningarnir eru nú einu sinni afl þeirra hluta, sem gera skal. En það skiptir hins vegar að mínum dómi ekki síður máli, að ástandið hér á landi í byggingariðnaðinum er þannig, að við byggjum dýrar og sennilega óhentugar heldur en aðrir. Það er ekki bara það, að við byggjum stærri íbúðir og kannske íburðarmeiri heldur en flestir nágrannar okkar, heldur er enginn vafi á því, að ófullkomin tækni og sérstaklega ófullkomið skipulag á mjög verulegan þátt í því, að þetta ástand er í byggingariðnaðinum hér á landi. Af þessum ástæðum hefur mér alltaf fundizt, að 2. gr. núgildandi laga, sem samkv. þessu frv. verður 3. gr. l., sé mjög þýðingarmikill þáttur í húsnæðismálalöggjöfinni og hafi verið vanræktur á þann hátt, sem ekki má halda áfram.

Hátt verð á íbúðarhúsnæði, bæði leiguhúsnæði og eins á söluverði íbúða, er án efa mjög verulegur þáttur í þeim erfiðleikum, sem við höfum átt í hér á Íslandi að hafa sæmilegan frið um kaupgjaldsmálin í landinu. Húsnæðiskostnaður er einn meginþátturinn í útgjöldum allra fjölskyldna og hefur þess vegna mikil áhrif á þarfir allra launþega í landinu og þar með á kaupgjaldsbaráttuna og í gegnum það aftur á samkeppnishæfni og afkomu atvinnuveganna í landinu. Þó að margt sé ógert í hinni fjármálalegu hlið á húsnæðismálunum, er það e. t. v. á þessu sviði, sem við gætum náð mestum árangri, ef við virkilega einbeittum kröftum okkar að því að bæta úr.

Ég held, að það sé mikil nauðsyn, að það sé krufið til mergjar, hvernig á því stendur og í hverju það liggur, að byggingarkostnaður og þar með húsnæðiskostnaður er svo hár sem raun ber vitni hér á landi, og það beri að gera það, sem frekast er kleift, til þess að ráða bót á því ástandi. Það er mörgum áhyggjuefni að sjá, að það er enn eins og hvert hús, sem byggt er, sé undirbúið að efnisvali og gerð alveg eins og ekki hafi áður verið byggt, og liggur í augum uppi, að sá algeri skortur, sem hér er enn á því, að byggingarhlutar til íbúða séu staðlaðir og staðalmál sett og því um líkt, — skort-

urinn á slíkum reglum á mikinn þátt í því, að við höfum ekki náð þeim árangri, sem við hefðum átt að ná á þessu sviði.

Í 3. gr. þessa frv. er talið í 13 liðum, hvernig húsnæðismálastjórnin skuli beita sér í þessum efnum, og mér sýnist, að þessir 12 liðir séu allir óbreyttir frá því, sem nú er í lögum, og raunar má kannske segja, að það sé ekki skortur lagaákvæða, sem hefur gert það að verkum, að ekki hafi náðst árangur á þessu sviði, heldur öllu frekar hitt, að ekki hafi verið aðstaða fyrir hendi af hálfu húsnæðismálastjórnar til þess að framkvæma þessi lagaákvæði eins og æskilegt hefði verið.

Í 9. tölulið þessarar gr. er gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórnin beiti sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því að stuðla að hagkvæmum innkaupum. Mér er ekki kunnugt um, hvað húsnæðismálastjórn kann að hafa gert í þessu efni, en mér er ekki grunlaust um, að það muni ekki vera mjög mikið. Það er hins vegar í þessu sambandi ástæða til að minna á það, að af byggingarefni eru greidd há innflutningsgjöld og af sumum vörum til bygginga mjög há. Þegar við vorum hér í þessari hv. d. á s. l. vori að ræða löggjöf um kísilgúrverksmiðju, þótti sjálfsagt að setja þar í ákvæði um það, að verksmiðjan skyldi ekki þurfa að borga tolla af byggingarefni, og sama virðist vera upp á teningnum nú, þegar verið er að ræða um hugsanlega alúmínverksmiðju. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut, þykir sjálfsagt, að ekki skuli greiddir tollar af byggingarefni. En við getum haldið áfram að innheimta tolla af byggingarefni til bygginga okkar sjálfra, og þeir eiga að sjálfsögðu sinn þátt í því háa verðlagi, sem hér er stórfellt vandamál. Ég er þeirrar skoðunar, að afnám tolla á byggingarefni mundi vera verulegt skref í áttina til þess að bæta ástandið í húsnæðismálunum. Í 4. gr. þessa frv., b-lið, er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 40 millj. til húsnæðismálastjórnarinnar. Ég geri ráð fyrir því, að þessi upphæð slagi nokkuð upp í, kannske hátt upp í þær tolltekjur, sem ríkissjóður hefur af byggingarefni til íbúðabygginga, og mér hafði fundizt það fyllilega athugandi, að e. t. v. hefði með meiri árangri mátt fara þá leið að afnema tollana til þess að létta miklum kostnaði af húsbyggjendum og þar með laga það ástand, sem er.

Á það hefur verið bent í umr. um þessi efni, að úthlutun lóða, a. m. k. hér í Reykjavík, muni eiga sinn þátt í því, að óhentug niðurstaða fæst af íbúðabyggingum hér í bænum. Við höfum sjálfsagt allir séð það, að í sumum sambyggingum er einum byggingarmeistara eða byggingarflokki úthlutað einu stigahúsi og öðrum öðru, og sjá má stundum blokkir hálfbyggðar þannig, að báðir endar eru komnir upp í fulla hæð, þó að ekki sé búið að byggja nema nokkrar hæðir í miðjunni. Ég geri ráð fyrir því, að við hljótum öll að sjá, að slík tilhögun og vinnubrögð geta ekki verið mjög farsæl í þessu efni.

Það var hér um daginn af hálfu hv. 1. þm. Norðurl. e. minnt á umsögn um þetta atriði í leiðara í Alþýðublaðinu fyrir nokkru, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„En því miður hefur ekki tekizt að hreinsa húsnæðismálin af óhóflegri gróðastarfsemi, og virðist t. d. lóðaúthlutun í Reykjavík beinlínis vera við það miðuð að hjálpa þeim aðilum, sem hafa húsnæðisskortinn að féþúfu. Það er á almannavitorði, að braskarar græði 100—200 þús. á hverri meðalíbúð, sem þeir koma upp og selja hálfgerða. Engin tilraun virðist gerð af bæjaryfirvöldum til þess að stöðva þessa svívirðu. Jafnframt því sem íbúðarverð er skrúfað upp, m. a. vegna þessarar okurstarfsemi, hækkar leiga íbúða, svo að meðalfjölskylda kemst varla í húsaskjól fyrir minna en 5—7 þús. kr. á mánuði."

Hér er kveðið svo fast að orði, að það er sagt, að lóðaúthlutun sé beinlínis við það miðuð að hjálpa þeim, sem hafa húsnæðisskortinn að féþúfu. Ég mundi nú ekki sjá ástæðu til þess að gera því endilega skóna, en hitt er víst, að það fyrirkomulag, sem er á lóðaúthlutun, er mjög óheppilegt, svo að ekki sé meira sagt, í þessu sambandi.

Þarna segir í Alþýðublaðinu, að 100—200 þús. kr. af verði hverrar meðalíbúðar, sem braskarar koma upp, muni verða eftir í þeirra vasa. Þetta minnir okkur á það, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að menn hafi húsnæðisvandræði bæjarbúa og landsmanna að féþúfu. Bezta ráðið til þess er að mínum dómi að efla byggingarsamvinnufélögin og verkamannabústaðina, og það liggur nú fyrir þessari hv. d., nýkomið frá n., frv. um verkamannabústaði, sem raunar er hliðstætt þessu, sem hér er til umr., að því leyti, að það er um að ræða nokkra hækkun lána, en í raun og veru ekki þá eflingu þessarar starfsemi, sem ég álít að væri nauðsyn á. Ég held, að í skipulagsmálum íbúðamálanna gætum við tekið okkur til fyrirmyndar frændur okkar í nágrannalöndunum á Norðurlöndum, sem hafa komið sínum íbúðamálum í mjög gott skipulag víða, enda munu vera minni brögð að því þar og sennilega mjög lítil, að húsnæðisskortur, sem þó er þar nokkur, á Norðurlöndum t. d., sé hafður að féþúfu.

Ég álít, að hv. heilbr.- og félmn., sem fær þetta frv. væntanlega til athugunar, ætti að athuga þessi mál nokkru ýtarlegar en bara að skoða þetta frv. og þær breytingar, sem í því eru fólgnar frá gildandi l., og það sé fyllilega tímabært að kryfja húsnæðisvandamál okkar enn einu sinni til mergjar og reyna að finna leiðir til þess að leita frekari úrlausnar þessum vanda. Þó að með samþykkt þessa frv. komi nokkru meira fé inn í þetta kerfi en áður, erum við sjálfsagt allir sammála um, að það er algerlega ónóg fé til ráðstöfunar í þjóðfélaginu til íbúðalána og íbúðabygginga, og þarf að auka það. En það þarf líka að gera ráðstafanir til þess, að það dugi betur, og um leið létta af almenningi og þar með raunar af atvinnuvegum landsmanna nokkru af þeirri byrði, sem hár byggingarkostnaður og þar af

leiðandi há húsaleiga hefur í för með sér. Ég vil því mæla með því, að þetta frv. fái ýtarlega athugun í n. Það kemur mjög til athugunar að gera á því ýmsar breytingar, gera það fyllra í ýmsum atriðum, þar sem hér er a. m. k. að forminu til um nýja löggjöf að ræða, og ég held, að það væri full ástæða til þess, að húsnæðismálin, sem eru eitt alvarlegasta viðfangsefni okkar þjóðfélags, væru af þessu tilefni tekin til ýtarlegrar meðferðar og krufin til mergjar hér á hv. Alþingi.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Mig langar til með örfáum orðum að víkja í upphafi að ræðum tveggja hv. síðustu ræðumanna hér og þá rétt fyrst minna á það, sem ég man nú ekki lengur ákveðnar tölur um, að hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að fyrir húsnæðismálastjórn hefðu legið 1. apríl s. l. 2000 óafgreiddar umsóknir. Ég skal ekki rengja þessa tölu, en upplýsa, hvernig þessi mál standa nú. Hinn 30. jan. s. l., eða fyrir rétt tæpum hálfum öðrum mánuði, fór fram bráðabirgðatalning á þeim umsóknum, sem þá lágu fyrir. Samkv. því voru enn eftir af aprílumsóknunum 336 umsóknir, þar af 202, sem enga afgreiðslu höfðu fengið, en 134, sem einhverja úrlausn höfðu fengið, allt upp undir hámark, en ekki fullnaðarafgreiðslu. Það sýnir því, að verulega hefur áunnizt á árinu, ef tölur hv. 6. þm. Sunnl. eru réttar, að þá hafi legið fyrir 2000 óafgreiddar umsóknir, en af þeim eru eftir 336. Þá sýndist tala innkominna umsókna frá 1. apríl til mánaðarloka jan. s. l. vera nálægt 500, þannig að fyrirliggjandi umsóknir þann dag, — tölur eru sífellt að breytast með hverjum degi, — voru 836, og hafa aldrei í starfi stofnunarinnar legið fyrir færri óafgreiddar umsóknir en lágu þá fyrir, þegar talning fór fram. Þetta vildi ég, að kæmi fram, því að það er vitað, að bæði sumarlánveitingunni og eins þeirri, sem fram fór síðast á þessu ári, var það fyrst og fremst að þakka, að ástand þessara mála er hvað fyrirliggjandi umsóknir snertir eins og þessar tölur sýna.

Hv. þm. kom víða við og vakti athygli á mörgu því, sem ég get verið honum innilega sammála um í sambandi við t. d. framkvæmdina á 3. gr., 2. gr. núgildandi laga, sem verður 3. gr. þessara l., ef samþykkt verða, að töluvert skorti á um framkvæmdir í þeim efnum. Ég mun víkja að því síðar, en þar hefur augljóslega verið sá ágalli á, eins og reyndar um framkvæmd l. í heild, að fjárskortur hefur verið þar aðalþröskuldurinn í vegi. Skilyrði fyrir því að hafa áhrif á íbúðastærð og byggingarhætti landsmanna byggjast fyrst og fremst á því, að lánin, sem veitt eru, séu meiri og stærri. Með því er hægt að setja stærri og meiri skilyrði en með þeim hlutfallslega lágu lánum, sem veitt hafa verið hingað til.

Hv. þm. endurtók það nú, sem var rætt mjög ýtarlega í sambandi við umr. um launaskatt hér á dögunum, að fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefði verið miklu minni í tíð núv. ríkisstj. en áður, en hins vegar hefði fjárfesting í iðnaðar- og verzlunarhúsnæði jafnvel margfaldazt. Nú þekkjum við báðir hv. þm. og reyndar allir þdm., hvernig atvinnuháttum okkar er komið, og ég vil aðeins minna á eitt atriði í þessu sambandi. Er mögulegt, að stöðva þessa þróun öðruvísi en setja á einhverjar fjárfestingarhömlur á iðnaðar- og verzlunarhúsnæði? Er hv. þm. að mæla með slíkum aðgerðum? Það er takmarkaður fjöldi manna, sem byggingarvinnu stundar og getur stundað, og þessar byggingarframkvæmdir hljóta að skipta þessu vinnuafli á milli sín. Nú vitum við, að mjög mikil eftirspurn hefur verið eftir vinnuafli einmitt á þessum vinnumarkaði, og áður um langt bil hafði verið dregið úr og stöðvuð með opinberum aðgerðum bygging verzlunar- og iðnaðarhúsnæðis, og samkv. áliti þessara starfsstétta var mjög mikil þörf á úrbótum í þessu efni. Það er því margra ára hungur í þessum efnum, sem fram kemur í því, að þessir aðilar hrifsa til sín vinnuaflið á vinnumarkaðinum, og það eitt hefur, eins og þm. gat réttilega um, haft óheillavænleg áhrif á byggingu íbúðarhúsa.

Hliðstætt því, sem hann minntist á, er hans útlegging á 40 millj. kr. framlaginu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að lagt verði til húsnæðismála á næstu árum, það mundi miklu hyggilegra jafnvel að afskrifa heldur tolla af byggingarefni en leggja þessa peninga fram. Nú hefur það verið mál manna, að það væri nægjanleg skriffinnska í kringum núverandi skipulag á húsnæðismálum og erfiðleika á því að útfylla þau plögg og skila þeim, sem þar eru talin nauðsynleg. En mér er spurn í sambandi við þessa munnlegu aths. þm., hvernig ætti t. d. að aðgreina byggingarefni til íbúðarhúsabygginga og byggingarefni í aðrar þarfir. Ég hygg, að það kostaði annað skrifstofubákn. Ég segi ekki, að það sé óframkvæmanlegt, en það hlyti óhjákvæmilega að hafa í för með sér mikinn kostnað, og hygg ég, af því að hitt er mun auðveldara í framkvæmd, að sá háttur sé á hafður, eins og hér er gert ráð fyrir.

Hann taldi, að öfugt hefði verið farið að um verðtryggingu á útlánunum, þar sem aðeins lítill hluti lánanna væri tryggður sjálfum sparendum, þ. e. a. s. skyldusparnaðarhluti útlánanna væri það eina, sem þyrfti að standa skil á verðtryggingu aftur. Mér er nú spurn: Er ekki eðlilegt, að sjóðurinn, sem nú fyrst eygir þá möguleika að byggja sig upp, hugsi líka um það, að hann verði til áfram, en fari ekki sömu leið og því miður átti sér stað um stofnlánadeild landbúnaðarins?

Hv. 9. þm. Reykv. taldi það mjög stórt skref aftur á bak, að nú væri ákveðið, að fjárframlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis skyldu nú bundin ákveðinni tölu í fjárl. Þegar sú breyting, sem hann minntist á, var gerð 1962, var það staðreynd, að eini sjóðurinn í sambandi við byggingar íbúðarhúsanna, sem hafði getað staðið við allar sínar skuldbindingar og annað eftirspurn fullkomlega, var einmitt sjóðurinn til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Og það hefur engin breyting orðið á því síðan.

S. l. ár, sem er það langhæsta í lánveitingum í þessu skyni, minnir mig, að það hafi verið því sem næst 20 millj. kr., en gert er ráð fyrir aukningu á næsta ári, og nú í fjárl. eru bundnar til þess arna 25 millj. Um áraraðir voru bundnar í þessu samkv. fjárl. 3.6 millj., til þess að hafa einhverja tölu á fjárl. Ég tel því, að það sé óþarfaótti að ætla, að þessi sjóður geti ekki þrátt fyrir tilkomu ákveðinnar áætlunar í fjárl. staðið enn þá við sínar skuldbindingar gagnvart bæjarfélögunum. Hann hefur gert það allt til þessa, og það er gert ráð fyrir aukningu á lánveitingum í þessu skyni með því að áætla á fjárl. 25 millj. kr. til þessara hluta. Ef það kemur hins vegar í ljós, að lögleg eftirspurn bæjar- og sveitarfélaganna verður í þessum efnum meiri en hér er gert ráð fyrir, hefur ekki verið fyrirstaða á því að hækka þessa tölu, a. m. k. ekki í tíð núv. ríkisstj. Ég hygg því, að það sé óþarfaótti, sem betur fer, að ætla, að ekki verði haldið sama striki í þessum efnum eins og hingað til, til þess að verða við öllum óskum sveitarfélaganna. Það hefur verið gert, og ég ætla, að á því verði ekki breyting.

Önnur atriði, sem hv. þm. minntist á, vegna þess að hann gaf ekkert sérstakt tilefni til þess, læt ég a. m. k. á þessu stigi málsins ógrædd. Það er að mínu viti kannske ekki þörf á því í þessari hv. d. að rekja þær umr., er fram fóru eða spunnust út af frv. um launaskatt hér á dögunum. Á því ætti ekki að vera þörf. Þar voru sumir liðir þess, sem hér hefur verið minnzt á af hv. þm., mjög ýtarlega ræddir og þess vegna óþarft að rifja það upp, nema sérstakt tilefni gefist til.

Eins og hæstv. félmrh. gat um í sinni framsöguræðu, fléttuðust þessi mál inn í hið margnefnda júnísamkomulag, og ber samningsaðilum saman um það, að húsnæðismálin væru svo veigamikill liður í framfærslukostnaði fjölskyldna og þá ekki sízt þeirra, sem minnstar tekjur hafa og úr minnstu hafa að spila launalega séð, að eðlilegt væri og nauðsynlegt að fá fram úrlausn og umbætur í þessum mikla vanda, ef það gæti auðveldað lausn þeirrar deilu, sem þá virtist vera fram undan um launakjör og bætta afkomu launþega. Það þarf ekki heldur að fara í neinar grafgötur um, að húsnæðiskostnaðurinn er nú og hefur allt frá upphafi síðari heimsstyrjaldar verið stærsti útgjaldaliður hverrar fjölskyldu, og því miður hefur þessi kostnaðarliður farið vaxandi. Kemur þar að sjálfsögðu margt til, en þó fyrst og fremst verðbólgan, sem þar hefur sýnt mörg sín verstu einkenni. Áður en samningaviðræður þessar fóru fram, hafði húsnæðismálastjórn haft á hendi endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar og skilað áliti til ríkisstj., sem því miður gat þó ekki orðið einróma. Við umr. um sjálft júnísamkomulagið voru velflestar brtt. húsnæðismálastjórnar teknar upp og koma fram í frv., sem hér er til umr. Hæstv. félmrh. hefur gert glögga grein fyrir helztu nýjungum, sem í frv. felast, og er því ekki heldur þörf á að ræða það sérstaklega.

Af eðlilegum ástæðum dynja nú fyrirspurnir yfir stjórn og starfsfólk húsnæðismálastofnunarinnar um ýmis atriði, sem enn verða ekki ljós þrátt fyrir tilkomu þessa frv. og eðlilegra mun að setja í reglugerð, þar sem um bein framkvæmdaatriði er að ræða. Þessar fsp. eru fyrst og fremst tvær: Hvaða byggingar verða aðnjótandi hinna nýju hámarkslána? Við hvaða tímamörk verður miðað í þessum efnum? Og í öðru lagi: Verða hin endanlegu tímamörk sett á milli núgildandi hámarkslána, án þess að nokkur milliupphæð lána verði sett til þeirra, er hófu framkvæmdir við íbúðabyggingar sínar eða íbúðarhús, t. d. eftir að júnísamkomulagið gekk í gildi og fram að þeim tíma, er bygging þeirra húsa hefst, er hinna nýju lána munu njóta? Hér eins og um flest önnur atriði um framkvæmd laganna um húsnæðismálastofnun ríkisins mun fjáröflun mestu ráða, þ. e. tekjumöguleikarnir. Rangt mat á útlánagetu stofnunarinnar fyrstu starfsár hennar hefur orðið lánsumsækjendum nokkuð alvarlegur fjötur um fót og reyndar stofnuninni líka, sem berlegast hefur komið fram í því, að hundruð og jafnvel þúsundir lánsumsókna hafa legið jafnvel árum saman óafgreiddar eða hálfafgreiddar hjá stofnuninni. Óefað á þetta ranga mat, sem því miður bar of mikið á á fyrstu starfsárum stofnunarinnar, á útlánagetunni og oft og tíðum haldlítill blaðaáróður um algera fullnægingu eftirspurnar verulegan þátt í allt of löngum byggingartíma íbúðanna og þar af leiðandi óhjákvæmilega hærra verði þeirra.

Undir þessum vanda frá fyrstu árum stofnunarinnar skapaðist þessi mikli vandi, og hefur stofnunin síðan stunið undir og lánsumsækjendur lifað í sífelldri óvissu um, hvenær að þeim kæmi með einhverja úrlausn. Frammi fyrir þessum vanda stóð húsnæðismálastjórn, er hún hóf að ósk hæstv. félmrh. endurskoðun laga um stofnunina í árslok 1963, en í apríl 1964 skilaði hún áliti sínu til ríkisstj., eða eins og fyrr er sagt skömmu áður, um það bil mánuði áður en viðræðurnar um hið margnefnda júnísamkomulag hófust. Í þessum viðræðum hins margnefnda samkomulags voru allir sammála um, að koma yrði, svo sem fært væri, í veg fyrir, að umsóknir, sem enga úrlausn gætu fengið, hlæðust upp, eða m. ö. o. að fækka yrði hálfbyggðu húsunum, hálfbyggðu íbúðunum, sem enginn hefði not af, en tryggja þess í stað árlega ákveðnum fjölda lánsumsókna afgreiðslu með fyrirframgerðu lánsloforði, sem afgreitt yrði í tvennu lagi miðað við ákveðið byggingarstig.

Hv. 6. þm. Sunnl. minntist hér á áðan, að nágrannar okkar hér væru í þessum efnum um margt til fyrirmyndar. Þar er ég honum alveg sammála, og hér er m. a. farið inn á eina af þeim reglum, er þar gilda um þessa hluti og hafa verið reyndir með mjög góðum árangri.

Alger forsenda fyrir þessari breyttu tilhögun varð að sjálfsögðu að koma fram í betur tryggðum tekjum stofnunarinnar. Að byggja

starf slíkra útlána á lánum, sem samið var um frá ári til árs og e. t. v. til skamms tíma, varð ekki lengur við unað og gat ekki orðið grundvöllur að umbótum í þessum málum, en það var því miður undirstaðan, hin veika undirstaða undir starfi stofnunarinnar allt fram á síðari ár.

Með þessar staðreyndir í huga urðu hinar traustu og föstu tekjur stofnunarinnar til, sem nú birtast hér í 4.—6. gr. frv. Sýnilegur árangur þessarar stefnu að traustari tekjumyndun birtist nú m. a. í því, að telja má með því bezta öryggi, sem enn þá hefur verið völ á í þessu starfi, að öllum fyrirliggjandi lánshæfum umsóknum, er borizt höfðu fyrir 1. apríl 1964, verði fullnægt í næstu lánveitingu, þá verði jafnframt fullnægt því ákvæði júnísamkomulagsins að afgreiða fyrir 1. júní þessa árs 250 millj. kr., en þegar hefur verið ráðstafað af þeirri upphæð, frá því að samkomulagið var gert, 185 millj. kr.

Persónulega tel ég hina traustu tekjustofna frv. langveigamesta atriði þess. Í núgildandi l., eins og hv. 6. þm. Sunnl. gat um áðan, hefur ekki skort heimild fyrir húsnæðismálastjórn nánast til allra mögulegra hluta í þessum efnum. Möguleika til framkvæmdanna, þ. e. fjármunina, hefur hins vegar skort í svo ríkum mæli, að allt of margar af hinum vel hugsuðu heimildum 3. gr. frv. hafa enn ekki komið til framkvæmda. Áætlunargerð um útlán og önnur afskipti til umbóta í húsnæðismálum hefur einnig nánast verið útilokuð af sömu ástæðum. Svo sem áður er greint, gefur frv. sem heild rökstuddar vonir um breytt viðhorf, verulega breytt viðhorf til batnaðar.

Nú við 1. umr. þessa máls tel ég ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar þess. Til þess gefst e. t. v. tækifæri á síðari stigum, þegar málið gengur lengra fram.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Húsnæðis- og byggingamál eru einhver stærstu mál í hverju þjóðfélagi og vafalaust einhver hin vandasömustu og torveldustu til úrlausnar. Þessi mál eru sífellt mikið vandamál í þeim ríkjum, sem eiga að teljast nokkuð auðug og hafa á löngum tíma komið sér upp tiltölulega varanlegum og miklum húsakosti. Það er því ekkert undrunarefni, þó að slík mál hafi reynzt okkur Íslendingum býsna erfið viðfangs, fátækri þjóð, sem segja má um, að sé alveg nýlega orðin nokkurn veginn bjargálna, en átti fyrir einum mannsaldri eða svo nær engar þær byggingar, sem talizt gátu til frambúðar. Reynslan hefur líka orðið sú, að okkur hefur ekki tekizt vel að ráða fram úr margvíslegum vanda í sambandi við byggingamál. Að vísu hefur mikið verið byggt af þeirri kynslóð, sem nú er uppi í landinu, og það yfirleitt góð hús, traust og vönduð. Fjárfesting í byggingum hefur verið hér mjög mikil, meiri í hlutfalli við íbúafjölda og þjóðartekjur en hjá flestum nálægum þjóðum, en þessi mikla fjárfesting í byggingum hefur því miður ekki skilað nægilega miklum og nægilega hentugum húsakosti. Það hefur reynzt allt of dýrt að byggja hér á landi.

Enginn efi er á því, að það eru býsna margar og samverkandi ástæður, sem eru hér að verki. Ein er án efa sú, sem lögð var töluverð áherzla á hér áðan í ræðu hv. 6. þm. Sunnl., að skipulagsleysið í þessum málum hefur verið miklu meira en hjá nágrannaþjóðum okkar. Það er enginn vafi á því, að á því sviði eigum við mjög margt ólært. Miklu veldur líka hitt, sem ástæðulaust er að draga neina fjöður yfir, að við byggjum stórt og höfum tilhneigingu til þess að hafa hér íbúðir íburðarmiklar, sem eðlilega verða þá dýrari en ella. En loks er þá ótalið það, sem e. t. v. hefur verið og er þyngst á metunum, en það er sú staðreynd, að lánastarfsemi til bygginga hér á landi hefur verið og er á því stigi, að telja verður með tilliti til annarra landa, þar sem þessi mál eru komin í sæmilegt horf, að sé á nokkurn veginn frumstigi hjá okkur. Byggingalánin hafa verið og eru allt of lítil, allt of dýr og til óhæfilega skamms tíma. Sá gífurlegi kostnaður, sem hver einasta fjölskylda svo að segja verður að leggja í til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið, hefur án efa átt meiri þátt í því heldur en nokkuð annað, eða a. m. k. heldur en flest annað, svo að ekki sé meira sagt, hversu mikil spenna hefur verið hér í öllu fjármálalífi og afleiðingin lítt eða óviðráðanleg verðbólga, verðbólga, sem allar ríkisstj. i meira en 20 ár hafa orðið að láta í minni pokann fyrir. Það er vitanlega engin skynsemi í því að ætla einni kynslóð að greiða — ég vil segja upp í topp, jafnvel á 10 eða 20 árum byggingar, sem eiga að geta staðið og gegnt hlutverki sínu jafnvel mannsöldrum saman. Þetta hafa allar þær þjóðir, sem eitthvað verulega eru komnar á veg í þessum efnum, skilið fyrir löngu. Þess vegna leggja þær allt kapp á það tvennt, í fyrsta lagi að skipuleggja byggingarstarfsemi sína þannig, að þeir peningar, sem fjárfestir eru í þeirri starfsemi, nýtist sem allra bezt, og svo ekki síður leggja þær áherzlu á hitt, að afla lánsfjár til íbúðabygginga alveg sérstaklega með lágum vöxtum og til langs tíma.

Ég hef talið rétt að nefna þessar staðreyndir, þótt alkunnar séu, til þess að leggja sem ríkasta áherzlu á það, hvílíkur verðbólguvaldur að mínu áliti þessi ofsalega hái byggingarkostnaður á Íslandi er og hversu mikið væri unnið fyrir þjóðfélagið og þegnana, ef hægt væri að færa hann mjög verulega niður, sem ég tel að hægt sé, ef vel og skynsamlega er að þessum málum staðið.

Íslenzkur launamaður í dag, sem verður að byggja eða kaupa íbúð, segjum fyrir 700—800 þús. kr., það er ekki nema meðalíbúð og varla það, með þeim lánakjörum, sem um hefur verið að ræða og um er að ræða í dag, hvað verður hann að greiða í vexti og afborganir? Það má segja, að miðað við lánskjörin, eins og þau hafa verið og eru, þá sleppur sá maður vel,

ef hann þarf ekki að greiða meira en 50—60 þús. kr., jafnvel líklegra, að það séu 70—80 þús. kr. Þannig eru lánakjörin á verulegum hluta þess, sem hann þarf að leggja í slíka íbúð. Vitanlega hefur þessi ofsahái gjaldaliður sín miklu áhrif, þegar sá maður kemur að samningaborðinu eða fulltrúi hans, og semur um kaup og kjör. Það var því í hæsta máta eðlilegt, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar gerðu það að einni aðalkröfu sinni við samningagerð þá, sem fram fór s. l. vor, að nokkur bót og helzt sem verulegust bót yrði ráðin á ástandinu í húsnæðismálum, sérstaklega í lánamálunum. Um þetta náðist samkomulag að vissu marki, samkomulag um það, að aukins fjár skyldi aflað til húsnæðislána, lánin hækkuð, vextir lækkaðir og lánstími lengdur nokkuð. Vitanlega ber að fagna því, að þetta skref var stigið, og ég vil á engan hátt vanmeta eða vanþakka það, sem hæstv. ríkisstj. hefur hér lagt til lausnar þessara mála. En það er vafalaust öllum ljóst, að hér er einungis um einn áfanga að ræða í rétta átt og því miður ekki mjög stóran áfanga, sé miðað við þá löngu leið, sem eftir er að því marki, sem ég nefndi áðan, að menn eigi kost á hæfilega miklum lánum með góðum kjörum til nægilega langs tíma.

Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, langar mig til að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar við samningagerðina s. l. vor lögðu á það ríka áherzlu, ef ég man rétt, bæði áður en þeir samningar hófust, meðan á samningum stóð og eftir að þeim var lokið, að með þessari samningagerð allri í því formi, sem hún var, væri af hálfu verkalýðshreyfingarinnar verið að freista þess að semja um málin án þess að ný holskefla verðbólgu og dýrtíðar skylli yfir þessa þjóð. Þeir töldu, þessir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, þeir töldu sig vissulega hafa ástæðu til þess að ætla, að hæstv. ríkisstj. legði sig alla fram um að reyna að stöðva verðbólguskriðuna og að hún hefði fullan skilning á nauðsyn þess, að það yrði gert. Slík varanleg og staðföst viðleitni til stöðvunar var í rauninni forsenda þess, að júnísamkomulagið, sem svo hefur verið kallað, yrði almenningi og þjóðfélagsheildinni gagnsamlegt og farsælt.

Því miður verð ég að segja, að þessar forsendur hafa brostið mjög verulega. Hin mikla uppgjöf hæstv. ríkisstj. í baráttunni við þennan vágest, dýrtíðardrauginn, hefur óneitanlega reynzt afdrifarík á mörgum sviðum, og m. a. hefur það undanhald, sem orðið hefur síðan júnísamkomulagið var gert, haft áhrif í sambandi við þær ráðstafanir, sem verið er að gera húsnæðismálum á grundvelli þessa samkomulags. Ég vil segja meira, að það hefur raskað því að töluverðu leyti, að náð yrði þeim tilgangi, sem að var stefnt með samkomulaginu. Í því sambandi skal ég nefna tvö atriði.

Hækkun íbúðarlána úr 150 þús. kr. í 280 þús. kr. hlaut á s. l. vori að teljast mjög veruleg umbót, miðað við það, að hægt yrði að stöðva nokkurn veginn verðlag eða a. m. k. að draga verulega úr verðbólguþróuninni, þeirri öru verðbólguþróun, sem hér hefur því miður verið allt of lengi. Íbúð, sem kostaði s. l. vor 670 þús. kr., mun hins vegar nú í dag skv. vísitölu byggingarkostnaðar ekki vera byggð fyrir minna eða keypt fyrir minna en 740 þús. kr. Á þessum skamma tíma, þessum fáu mánuðum, hefur byggingarkostnaður heldur smárrar íbúðar m. ö. o. hækkað um hvorki meira né minna en 70 þús. kr. Rúmlega helmingur viðbótarlánsins hverfur þannig í dýrtíðarhítina.

Hitt atriðið, sem ég vildi fara um fáeinum orðum, er visitölubinding húsnæðislánanna samfara þeirri lækkun vaxta, sem ráðgerð er í þessu frv. Það er ljóst, að miðað við stöðugt verðlag og jafnvel við nokkra, en hægfara verðlagshækkun, þá eru vísitölutryggðu lánin með 4% vöxtum eða 4.25% vöxtum, hagstæðari lántakanda heldur en eldri lánakjörin hafa verið og yrðu. Ég er ekki í neinum efa um, að það hefur verið ætlunin, ekki aðeins ætlun samningamanna verkalýðshreyfingarinnar, heldur ríkisstj. einnig, að þessi breyting yrði undir öllum kringumstæðum fremur til hagsbóta fyrir lántakendur heldur en hitt. En það þýðir ekki að loka augunum alveg fyrir því, að á tímum mikillar verðbólgu getur þetta dæmi snúizt illilega við og mun gera það, ef verðbólgan æðir áfram með svipuðum hraða og verið hefur undanfarna áratugi. Hér er um að ræða 280 þús. kr. lán, sem á að borgast upp á 25 árum. Með gömlu vaxtakjörunum þyrftu lántakendur að greiða lánsupphæðina margfaldaða með tölunni 2.44, þ. e. a. s. með 684 þús. kr. Nú er það svo, að s. l. 15 ár mun vísitala byggingarkostnaðar hafa hækkað til jafnaðar um 9% á ári, hvorki meira né minna. Yrði því þróunin sú hin sama næstu 25 ár, þyrftu lántakendur að greiða hvorki meira né minna en lánsupphæðina margfaldaða með 6.71, þ. e. með 1 millj. 878 þús. kr. Mismunur úr þessu dæmi er því hvorki meira né minna en 1 millj. 194 þús. kr. Hér er vissulega í þessu dæmi reiknað með mikilli verðbólgu, mjög mikilli, og þó ekki meiri en verið hefur í þessu þjóðfélagi um langt skeið og sízt hefur tekizt að stöðva nú upp á síðkastið.

Menn munu sjálfsagt segja: Hækki byggingarkostnaður verulega á komandi tímum, þá hlýtur almennt kaupgjald í landinu að gera það líka, og ef svo væri, ættu menn að geta staðið undir þessum vísitölubundnu lánum. Að sjálfsögðu er mikið til í þessu. Þó er þess að gæta, að ekki er nein full trygging fyrir því, að algert samræmi verði milli hækkunar almenns kaupgjalds og þeirrar vísitölu, sem ætlunin er hér að miða við. Þar getur orðið nokkurt ósamræmi á milli. En jafnvel þótt á það verði fallizt, að breytingar á lánum, þ. e. a. s. breytingar á framfærsluvísitölu og kaupgjaldi, haldist nokkurn veginn í hendur, verði nokkuð áþekkar, þegar til lengdar lætur, er þetta þó við málið að athuga. Með vísitöluákvæði varðandi húsnæðismálalán til langs tíma er undir

verðbólguástandi á verðbólgutímum verið að leggja skyldur á herðar íbúðarhúsabyggjendum, sem aðrir sleppa við að óbreyttum lögum. Væri það skref stigið eða ætlunin að stíga það skref að vísitölubinda til að mynda öll lán, sem veitt eru til langs tíma, horfir þetta mál öðruvísi við. En sé það ekki gert, er auðsætt, að þarna getur skapazt ósamræmi og það mjög mikið ósamræmi, svo framarlega sem verðbólgan verður ekki verulega heft eða stöðvuð.

Meðan svo er háttað í þessu þjóðfélagi, að lántakendur almennt hafa aðstöðu til að græða á verðbólgu, og það er vissulega alvarlegt mál, sé ég ekkert samræmi í því, að lántakendur húsnæðismálalána einir skuli þar undanskildir. Ég vil þess vegna beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, svo og til hæstv. félmrh., að taka þetta atriði til sérstakrar og gaumgæfilegrar yfirvegunar. Væri það til að mynda ekki hugsanlegt að setja inn í frv. ákvæði, sem tryggði það, að lánþegar samkv. nýja lánakerfinu þyrftu ekki, hvað sem verðbólgu líður á komandi tímum, að greiða meira en þeir yrðu að borga af jafnháum lánum með því lánafyrirkomulagi, sem gilt hefur fram að þessu? Ég efa ekki, að það hefur verið ætlunin með júnísamkomulaginu um þessi mál að bæta kjör lántakenda, og þess vegna þyrfti að tryggja það, að þau gætu ekki versnað, hver sem þróunin í verðlagsmálunum verður á komandi tímum.

Um leið og ég fagna þeim ákvæðum þessa frv., sem vissulega stefna flest eða öll í rétta átt og eru tvímælalaust til bóta frá því ástandi, sem verið hefur, vil ég að lokum leggja á það mjög ríka áherzlu, að hér er aðeins um að ræða takmarkaðar úrbætur, sem koma væntanlega að nokkru gagni í bili. En enn er mjög langur vegur frá því, að tekizt hafi að leysa hinn mikla vanda íslenzkra íbúðarbyggingamála til frambúðar eða til nokkurrar hlítar. Meðan ekki tekst að koma íbúðalánum í það horf, að almenningur eigi kost á hæfilega háum lánum með lágum vöxtum og til langs tíma, helzt til 60—70 ára, verða byggingarmálin einn allra stærsti og háskalegasti verðbólguvaldurinn í þessu þjóðfélagi. Það er þess vegna mikilvægt verkefni Alþingis og ríkisstj. að vinna vel og myndarlega að lausn þessara mála. Þar er að mínu viti um að ræða eitt hinna stóru verkefna okkar Íslendinga nú í dag og á komandi tímum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 12. þm. Reykv. Mér þótti í sjálfu sér ánægjuefni að verða þess var, að hann hafði eins og ég mikinn áhuga á því að lagfæra ýmislegt á sviði skipulagsmála byggingariðnaðarins, og ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því og vona, að það verði til þess, að hv. þm. sem formaður húsnæðismálastjórnar taki sig þá verulega á í þessu efni. En það voru nokkur atriði í ræðu hans, sem gáfu mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs á ný.

Mér virtist, að hann væri sammála mér um, að það væri æskilegt m. a. til þess að koma okkar íbúðabyggingum í betra horf að draga úr þeirri verðbólgufjárfestingu, sem grassérar svo alvarlega í landinu. En hins vegar virtist hann ekki sérlega úrræðagóður í því efni að ná þeim tilgangi, því að hv. þm. sneri sér að mér og spurði, hvort ég vildi höft. Það er nú svona með suma menn, að þeir sjá aldrei neitt nema höft, ef eitthvað á að laga. Hvað hann meinar nákvæmlega með þessu veit ég ekki gjörla, en ef hann á við það, að hér séu reistar eitthvað svipaðar skorður við verðbólgufjárfestingu og gert er í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, virðist mér, að slíkar skorður geti vel komið til athugunar og eigi að koma til athugunar. En hins vegar benti ég, þótt hv. 12. þm. Reykv. yfirsæist það, á aðra leið í þessu efni, sem kannske er þó ekki fullnægjandi, um það skal ég ekkert fullyrða, ég setti það bara hér fram sem óformaða hugmynd. Í sambandi við það kem ég að öðru atriði, sem hv. þm. virtist misskilja í ræðu minni, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að þar sé um að ræða misskilning, en ekki vil ég gera því skóna, að um útúrsnúning hafi verið að ræða. Það var í sambandi við það, að hann taldi, að ég hefði gagnrýnt, að húsnæðismálalán eigi að verða verðtryggð. Það var í sjálfu sér ekki það fyrst og fremst, sem ég var að gagnrýna, heldur hitt, að á sama tíma er það vitað, að stórar fúlgur af sparifé landsmanna fara í verðbólgufjárfestingu óverðtryggt, og ég taldi, að það væri full ástæða til að jafna þar metin, og skaut fram þeirri hugmynd, hvort í því sambandi kæmi ekki til greina einhvers konar verðhækkunarskattur á þeirri fjárfestingu, sem í er bundið óverðtryggt sparifé landsmanna. Með þessu móti væru að sjálfsögðu slegnar tvær flugur í einu höggi, ekki aðeins að jafna metin við almenning, sem verður að hafa verðtryggt sparifé á sínum íbúðum, heldur mundi einnig með þessu móti verða dregið úr tilhneigingunni til þess að ráðast í verðbólgufram-kvæmdir.

Ég lagði í ræðu minni áðan í sambandi við verðtryggingu lánanna einnig áherzlu á það, að ég teldi það aðalatriðið að tryggja þann, sem sparaði fé, þann, sem ætti fé. Og í þessu sambandi tel ég að sjálfsögðu eðlilegt, að eigið fé húsnæðismálastjórnar sé tryggt á sama hátt og eigið fé Péturs og Páls, sem þar á hlut að máli. Það, sem ég fyrst og fremst gagnrýndi í þessu sambandi og hv. 12. þm. Reykv. kom einnig inn á, var það, að hin frjálsu innlög í innlánsdeildina hjá húsnæðismálastjórn er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að verði verðtryggð. Mér þykir vænt um, ef hæstv. ráðh. getur bent mér á, að svo sé, en ákvæði um það er ekki að finna í 9. gr. frv., eftir því sem ég get skilið hana.

Í sambandi við það, sem ég sagði um tolla á byggingarefni, kom fram enn talsverður misskilningur hjá hv. 12. þm. Reykv. Hann taldi, að það mundi leiða til óhæfilegrar skriffinnsku.

Ég hefði nú álitið, að það hlyti að minnka mjög skriffinnsku, ef tollar væru afnumdir á slíkum vöruflokki. Það var ekki tillaga mín, að það væru aðeins afnumdir tollar af því byggingarefni, sem fer til íbúðabygginga, alls ekki. Ég benti einmitt á það, að í sambandi við kísilverksmiðju og alúmíníumverksmiðju kemur í ljós, að það er talið, að þessar tollaálögur séu baggi á atvinnurekstrinum. Þær eru það vissulega á íbúðabyggingunum, og ég sé enga ástæðu til annars en að tollar á öllu almennu byggingarefni, öllum almennum byggingavörum séu beinlínis afnumdir, og tel, að í því mundi vera fólgin mikil úrlausn í þessum málum bæði fyrir atvinnuvegina og einnig fyrir allan almenning og þar með minnkaður þrýstingur á kaupgjaldið í landinu. Að sjálfsögðu mundi slíkt koma til góða einnig þeirri fjárfestingu, sem ég tel miður æskilega, en það breytir ekki afstöðu minni í þessu efni, því að slíka fjárfestingu tel ég að beri að takmarka eftir öðrum leiðum.

Ég held, að það hafi þá ekki verið fleira í ræðu hv. 12. þm. Reykv., sem gefur mér tilefni til andsvara. En ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju mína aftur yfir því, að hann tók mjög undir það, sem ég hafði að segja um nauðsyn þess, að skipulagsmál byggingariðnaðarins, ibúðarbyggingaiðnaðarins almennt yrðu tekin til rækilegrar skoðunar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þar sem fundartíminn er nú á enda, skal ég ekki rekja þessar umr., sem hér hafa farið fram, að öðru leyti en því, að ég vildi aðeins segja nokkur orð um það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Sunnl., sagði um verðtryggingu þess fjár, sem til húsnæðismálanna rennur. Hann taldi, og það er náttúrlega rétt, að það er ekki síður þörf á að verðtryggja það fé, sem sparifjáreigendur leggja til þessara mála, heldur en að tryggja það, að lánin séu vísitölutryggð, sem lántakendur þurfa að greiða. En í þessu sambandi vil ég benda á, að í 5. gr. þessa frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf), sem nema allt að 400 millj. kr. árlega. Vaxtabréf þessi skulu vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar."

Nú eru þessi bankavaxtabréf gefin út fyrir öllum lánum, sem húsnæðismálastjórn tekur. Þau koma þar undir. Í 9. gr. er aftur rætt um þá, sem leggja af frjálsum vilja fé í innlánsdeild. Það er að vísu ekki sérstaklega tekið fram í sjálfri gr., að þetta fé skuli vera vísitölutryggt, en í grg., í umsögninni um 9. gr., kemur greinilega fram, hvað fyrir vakir og hvað ákveðið er. Þar stendur: „Lagt er til, að innlánsvextir verði hinir sömu og af skyldusparnaði samkv. 10. gr." Skyldusparnaður samkv. 10. gr. er með vísitölukjörum, og í umsögninni um 9. gr. er sagt, að lagt sé til, að innlánsvextir samkv. henni verði þeir sömu og vextirnir af skyldusparnaði samkv. 10. gr. Það getur ekki farið á milli mála, hvað hér er meint: að öll lán, sem húsnæðismálastjórn tekur, eru vísitölutryggð, alveg eins og öll lánin, sem hún veitir, eru vísitölutryggð.

Það voru nokkur atriði önnur, sem ég hefði gjarnan viljað ræða, í ræðum þeirra, sem hér hafa talað, sem yfirleitt hafa verið málefnalegar, og ég kann þeim þökk fyrir það. En af því að klukkan er nú orðin þetta margt, skal ég láta það bíða.

Helgi Bergs: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur nú upplýst, að það sé meiningin, að frjálst innlánsfé samkv. 9. gr. sé vísitölutryggt með sama hætti og skyldusparnaðurinn, og mér þykir vænt um það, að svo skuli eiga að vera. En ég vil eigi að síður láta í ljós þá skoðun mína, að þetta kemur á algerlega ófullnægjandi hátt fram í frv. Og ég mundi telja það æskilegt, fyrst hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að þetta sé meiningin, að hv. n. athugi þá, að þetta komi alveg greinilega fram. Það stendur í 9. gr.: „Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað að viðbættum innlánsvöxtum, sbr. 10. gr." (Gripið inn í.) Já, en það segir ekkert um það, að þetta skuli vera vísitölutryggt. Það segir ekkert um það, því að í 10. gr. eru ákvæði um fjöldamargt annað. (Gripið fram í.) Ég get ekki litið svo á, að þeir, sem leggja fé í þessa deild, fái í sínar hendur vaxtabréf á móti. Er það hugsunin með þessu, ráðh.? (**Sjútvmrh.:** Nei.) Nei, þá segir 5. gr. ekkert um þetta. Og í grg. segir svo aftur á móti, eins og hæstv. ráðh. benti á: „Lagt er til, að innlánsvextir verði hinir sömu og af skyldusparnaði samkv. 10. gr." Þetta segir bara til um innlánsvextina. Mér finnst þetta ekki nægilega skýrt, ef þetta á við það einnig, að þessir fjármunir, sem talað er um í 9. gr., skuli vera verðtryggðir. Hins vegar ef það er meiningin, að svo sé, eins og hæstv. ráðh. hefur nú upplýst, þá þykir mér vænt um það og vildi beina því til hv. n., að hún komi því þá skýlaust inn í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 311, n. 400, 409 og 421, 401, 410, 411).

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 311. N. hefur haldið marga fundi og rætt málið ýtarlega. Á fund n. hafa komið formaður húsnæðismálastjórnar og fulltrúi veðdeildar Lands-

banka Íslands í húsnæðismálastjórn og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar. N. hefur ekki orðið sammála. Meiri hl. n. hefur skilað áliti á þskj. 400 og mælir með, að frv. verði samþ. með breyt., sem fluttar eru till. um á þskj. 401. Þrír nm. hafa skilað séráliti.

Eins og kunnugt er, var með júnísamkomulaginu 5. júní s. l. milli ríkisstj., A.S.Í. og Vinnuveitendasambands Íslands því lýst yfir, að það yrðu gerðar tilteknar, ákveðnar ráðstafanir í húsnæðismálunum. Sumar af þessum ráðstöfunum eru þess eðlis, að til þess að koma þeim í framkvæmd þarf að breyta lögum. Sú löggjöf, sem nú gildir um lánamál húsnæðisbygginga, er að stofni til frá því árið 1955. Þá var sett ýtarleg og sterk löggjöf um þessi mál, lög um húsnæðismálastjórn o. fl., þar sem komið var á nýju skipulagi í lánamálunum. Á þessum l. eða því fyrirkomulagi, sem þá var ákveðið, hafa verið gerðar breytingar. Sú veigamesta var gerð fyrst árið 1957, og þá þótti rétt að setja nýja löggjöf um þetta efni, lög nr. 42 frá 1957, sem nú eru í gildi. Þau lög voru að stofni til sömu lög og sett voru 1955, en þó voru gerðar á þeim breytingar. Ein sú veigamesta var, að leitt var í lög ákvæði um skyldusparnað og sett voru sérstök ákvæði um byggingarsjóð ríkisins, sem fólu í sér, að varasjóður almenna veðlánakerfisins var settur í fastara og ákveðnara form en áður var. Síðan hafa orðið nokkrar breytingar á þessum l., eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Þær hafa miðað að því að efla byggingarsjóð ríkisins og lánastarfsemi til íbúðabygginga. Í því efni er skemmst að minnast, að á síðasta þingi var breytt ákvæðunum um skyldusparnað þannig, að skyldusparnaðurinn var hækkaður úr 6% í 15%, og það var áætlað, að sú hækkun gæfi á fyrsta ári um 30 millj. kr. aukningu. Þá voru einnig á síðasta ári sett lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, þannig að 25% af ráðstöfunarfé tryggingafélaganna yrði ráðstafað til kaupa á íbúðalánabréfum hins almenna veðlánakerfis eða til þess að efla lánasjóðinn. Það var áætlað á sínum tíma, að þessar tekjur þýddu um 20 millj. á ársgrundvelli fyrir íbúðalánakerfið.

Þegar til koma svo fleiri breytingar, sem þurfti að gera samkv. júnísamkomulaginu, þótti rétt, að það yrði samþ. ný heildarlöggjöf um þetta efni, og þetta frv. er þannig tilkomið. En frv. það, sem hér liggur fyrir, er enn sem fyrr að meginstofni samhljóða l. frá 1955, með þeim breytingum, sem voru gerðar 1957, en nú eru svo felldar inn í breytingar, sem voru gerðar á síðasta þingi, og svo koma til þær breytingar, sem lagt er til nú, að verði gerðar. Ég skal nú rekja nokkuð, hverjar eru í þessu frv. helztu breytingarnar frá því, sem nú er samkv. gildandi l. um þessi efni.

Það er þá í fyrsta lagi það, að með þessu frv. er því slegið föstu, að lán húsnæðismálastjórnar skuli vera til 25 ára með 4% ársvöxtum og afborgunarlaus fyrsta árið. Hver ársgreiðsla, vextir, afborganir og kostnaður veðdeildar, sem er nú ¼%, breytist samkv. vísitölu framfærslukostnaðar, eins og það er í frv., sem hér er lagt fram. Hér er um að ræða veigamikla breytingu frá því,, sem verið hefur. Eins og kunnugt er, var strax 1955 tekinn upp sá háttur að hafa lánið tvenns konar, annars vegar svokölluð A-lán, sem voru til 25 ára með 8½% vöxtum og svokölluð B-lán til 15 ára, sem voru með 5¾% vöxtum og bundin við vísitölu framfærslukostnaðar. Nú er gert ráð fyrir, að það verði einungis um eins konar lán að ræða, öll lán verði vísitölubundin og öll lán verði til 25 ára og afborgunarlaus í eitt ár. Hér er bæði um þá breytingu að ræða, að vextirnir eru lækkaðir stórlega, árgreiðslur, vextir og afborganir, bundnar við vísitölu, svo og er lánstíminn lengdur. B-lánin, sem áður voru, voru aðeins til 15 ára. Nú eru öll lánin til 25 ára. Það kemur og út fyrir lántakanda sem lenging lánanna, að þau eru afborgunarlaus fyrsta árið.

Þá er það önnur veigamikil breyting í þessu frv., að gert er ráð fyrir, að lánshámark, sem var 150 þús., hækki núna upp í 280 þús. kr. Þetta er það mesta stökk, sem hefur verið tekið í þessum efnum, frá því að löggjöfin var fyrst sett 1955. Þá var gert ráð fyrir, að lánshámarkið væri 100 þús., en það var tekið fram í grg., að það væri reiknað með því, að lánin yrðu ekki hærri en 70 þús. Fyrstu árin var það svo í raun í 70 þús. kr. hámarki. Eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, var ákveðið á árinu 1961 að hækka lánin úr 100 þús. hámarki upp í 150 þús. Það var veruleg hækkun á sínum tíma, en það jafnast ekki á við þá miklu hækkun, sem nú er ráð fyrir gert í þessu frv.

Þá er sú breyting gerð með frv. þessu, að veðdeild Landsbanka Íslands er heimilað að gefa út bankavaxtabréf sem nemur 400 millj. kr. á ári ótímabundið. Samkv. núgildandi l. var heimildin bundin við 150 millj. kr. á ári í 10 ár. Það er lagt til, að öll þessi bréf, sem verða gefin út, verði með vísitölukjörum samsvarandi því, sem gildi um útlánin sjálf.

Þá er með frv. þessu gert ráð fyrir, að það verði auknar árlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins, m. a. með því, að ríkissjóður leggi fram til byggingarsjóðsins árlega fjárhæð að upphæð 40 millj. kr.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að árlegu framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga verði varið til kaupa á vaxtabréfum veðdeildarinnar til þess að efla útlánastarfsemina. Þetta mun, eins og nú er ástatt, nema um 40 millj. kr. á hverju ári.

Þá er í frv. það nýmæli, að árlega skuli verja 15—20 millj. kr. af tekjum byggingarsjóðs ríkisins til að veita hærri lán en almennt er ráð fyrir gert, þ. e. a. s. hærri en 280 þús., til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaganna. Þetta er, eins og ég sagði, nýmæli í þessari löggjöf. En um þetta var samið í júnísamkomulaginu, eins og um ýmis önnur atriði.

Þá er merkilegt nýmæli, að heimilað er í þessu frv., að sveitarfélögum megi lána til byggingar leiguíbúða. Það hefur ekki verið heimilt

að lána sveitarfélögunum hin venjulegu lán húsnæðismálastjórnar. Hins vegar hefur húsnæðismálastjórn haft yfirstjórn á þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru af opinberri hálfu til þess að stuðla að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Svokölluð IV.-kafla lán hafa verið veitt til sveitarfélaga, sem hafa staðið fyrir byggingum íbúða til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. En til viðbótar við þessi lán, sem hafa verið mjög þýðingarmikil, hefur hins vegar ekki verið hægt að fá A- og B-lán, eins og var áður, nema viðkomandi sveitarfélag seldi íbúðina einstaklingi. Með þeirri breytingu, sem hér er gerð á, skapast grundvöllur fyrir sveitarfélögin til þess að reisa íbúðir og leigja síðan og njóta samt þeirrar aðstöðu að geta fengið lán úr byggingarsjóði ríkisins.

Þá er eitt atriði, sem tekið er upp í frv., sem hér liggur fyrir, að það er sett það skilyrði fyrir láni, að bygging sé ekki hafin, áður en loforð fyrir láni er gefið. Samkv. núgildandi l. var heimilt að setja slíkt skilyrði. Það er gerð sú breyting með frv. þessu, að það skuli mælt svo fyrir, að það sé ekki hægt að lána, nema loforð hafi verið fengið fyrir láni, áður en byggingin er hafin. Þetta er í samræmi við þá venju, sem hefur nú hin síðari missiri verið að skapast hjá húsnæðismálastjórn.

Enn er ein breyting í frv. þessu. Það hefur verið, gert ráð fyrir frjálsum innlögum í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins og að viss forgangsréttur fylgi slíkum innlánum. Forgangsrétturinn hefur verið bundinn við innlán í 5 ár og 5 þús. kr. innlánsupphæð á hverju ári. Það hefur þótt rétt að breyta þessu þannig, að innlögin í innlánsdeild þurfa að hafa átt sér stað í 10 ár og a. m. k. 10 þús. kr. á ári. Og í samræmi við þetta hefur einnig verið breytt ákvæðum varðandi sjálfan skyldusparnaðinn. Til þess að njóta vissra fríðinda, sem honum fylgja, þarf skyldusparandi samkv. núgildandi l. að hafa sparað 50 þús. kr. Þessi upphæð er færð upp í 100 þús. kr.

Þetta eru helztu breytingarnar, sem eru í frv. þessu frá gildandi lögum. Eins og ég sagði áðan, ræddi heilbr.- og félmn. ýtarlega um frv., og meiri hl. n. leggur fram á þskj. 401 till. til breytinga á frv., og skal ég nú rekja þær till. í aðalatriðum.

Fyrsta brtt. er við 4. gr. frv., b-lið. Þessi gr. fjallar um tekjuöflun byggingarsjóðs ríkisins, m. a. hverjar árlegar tekjur sjóðsins skulu vera. Þar segir í b-lið: Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 40 millj. Meiri hl. heilbr.- og félmn. gerir þá brtt., að við bætist undir þessum lið eftirfarandi: „Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Þetta gildir þó ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum.“ Hér er um að ræða, að breyting er fyrirhuguð á matsgrundvelli eigna til eignarskatts, það er ekki breyting á skattstigum, heldur á sjálfum matsgrundvelli eignarinnar til eignarskatts, en ákvæði um það, hver matsgrundvöllurinn á að vera, er að finna í a-lið 22. gr. l. nr. 55 frá 1964, um tekju- og eignarskatt. En hér er tekið fram, að þetta gildi þó ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum. Það er vegna þess, að fyrir lánum til íbúðarhúsabygginga í sveitum er gert ráð fyrir að séð verði af stofnlánadeild landbúnaðarins og tekna til stofnlánadeildarinnar er aflað með sérstökum hætti.

Önnur brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. er við 5. gr. frv., 2. mgr. Í 2. mgr. 5. gr. frv. eru ákvæði um það, að vaxtabréf þau, sem veðdeild Landsbankans sé heimilt að gefa út til fjáröflunar fyrir veðlánakerfið, skuli vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Það hefur verið talið m. a. af fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, að það mundi verða meira öryggi fyrir launþega, sem taka íbúðarlán, að þau skuli vera bundin kaupgreiðsluvísitölu, en ekki vísitölu framfærslukostnaðar. Þannig sé öruggt, að meira samræmi verði á milli greiðslubyrðarinnar og möguleika viðkomandi til þess að standa undir henni. N. fyrir sitt leyti hafði ekki á móti því að gera þessa breytingu, og því er lagt til, að hún verði gerð.

Þriðja brtt. heilbr.- og félmn. er við 7. gr., A-lið, 3. mgr. Í þessari 3. mgr. frv. segir, að húsnæðismálastjórn geti enn fremur veitt sveitarfélögum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. En það hafa komið fram eindregin tilmæli frá Öryrkjabandalagi Íslands um það, að Öryrkjabandalagið fái hliðstæða aðstöðu og sveitarfélög til þess að geta fengið íbúðalán og þannig reist leiguhúsnæði, sem yrði til leigu fyrir félagsmenn Öryrkjabandalagsins. N. hefur talið eðlilegt að verða við þessum óskum, og því er sú till. gerð.

Fjórða till. n. er við 7. gr. B-lið. Þar er talað um í framhaldi af ákvæðum um hámarkslán, 280 þús. á hverja íbúð, að upphæðin megi þó ekki nema meira en 2/3 hlutum verðmætis íbúðar samkv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans. Við nánari athugun hefur þótt rétt að breyta þessu hlutfalli, 2/3, í 3/4 til þess að tryggja það, að ekki komi til þess, að einhver verði sviptur möguleikum til lántöku. Þess vegna er þessi breyting gerð.

Þá er við sömu gr., B-lið, gerð kerfisbreyting í sambandi við lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga. Í frv. er kveðið svo á, að húsnæðismálastjórn ákveði lán þessi að fengnum till. miðstjórnar Alþýðusambands Íslands vegna viðkomandi verkalýðsfélags. N. leggur til, að þetta ákvæði orðist svo: „Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum till. stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags.“ Þetta er samkv. ósk frá Alþýðusambandi Íslands sjálfu.

Í framhaldi af þessu segir í frv., að um viðbótarlán þessi megi setja nánari ákvæði með reglugerð. N. hefur lagt til, að það séu bein ákvæði um það, að slíkt skuli vera gert í samráði við Alþýðusamband Íslands.

Þá er 2. mgr. B-liðar 7. gr. N. gerir till. um breytingu á orðalagi þar. Samkv. frv. segir, að ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, megi lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán, sem byggir fleiri en eina eigin íbúð. Samkv. orðanna hljóðan þýðir þetta það, að sá, sem byggir fleiri en eina íbúð, getur ekkert lán fengið, ekki einu sinni út á eina íbúð. Það má segja, að þetta sé nokkuð í samræmi við það, sem við hefur gengizt hjá húsnæðismálastjórn í praxis, miðað við þær útlánareglur, sem húsnæðismálastjórn hafa verið settar. Samkv. þeim reglum hefur sá, sem hefur átt nothæfa íbúð fyrir, ekki getað fengið lán fyrr en 2 árum eftir að hann seldi þá íbúð. Meðan mikil eftirspurn er eftir lánum og margir bíða um langan tíma, eins og verið hefur, hefur þetta þótt eðlilegt. Hins vegar ef breyting verður á þessu, er það ekkert óeðlilegt, að maður geti fengið lán út á eina íbúð, þótt hann eigi aðra fyrir, ef sjóðurinn getur fullnægt því, og við það er miðað orðalagið á gildandi l. um þetta efni núna. Heilbr.- og félmn. taldi, að það væri eðlilegt að breyta þessu ákvæði ekki frá gildandi l. og leggur því til, að þessi mgr. verði orðuð þannig: „Ef fleiri en ein íbúð er í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.“ Þetta þýðir aðeins það, eins og ég sagði áðan, að ef meiri fjárráð verða, er heimilt samkv. l., eins og þau eru núna, að veita slíkum aðilum lán út á eina íbúð. En það væri útilokað, ef ákvæði frv. héldist óbreytt.

Þá er 5. brtt. n. við 7. gr. C. Þar eru ákvæði um það, hver skuli vera kjör á lánunum, og eins og ég gat um áðan, taldi n. rétt að leggja til, að kjörin yrðu bundin við kaupgreiðsluvísitölu, en ekki framfærsluvísitölu. Til samræmis við það þarf að breyta orðalagi í þessum lið 7. gr.

6. brtt. er við 2. mgr. 9. gr. frv. Þar er fjallað um hinn frjálsa sparnað, og þar segir, að þeir, sem leggja fé inn í innlánsdeildina, skuli að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað að viðbættum innlánsvöxtum, sbr. 10. gr. Það þótti rétt til þess að taka af allan vafa, ef vafi gæti verið í þessu efni, að bæta við orðunum „og uppbótum“ eftir innlánsvöxtum, þannig að ekki gæti orkað tvímælis, að þeir, sem þetta ákvæði á við, njóti sömu kjara og þeir, sem eru skyldaðir til sparnaðar samkv. 10. gr.

Í 9. gr., 2. mgr., er svo breyting í sambandi við matsverð eigna, þar sem er hækkað upp í 3/4 úr 2/3 af matsverði til samræmis við það, sem áður getur um það efni, og sams konar breyting er lögð til við 10. gr. um hækkun úr 2/3 hlutum af matsverði upp í 3/4.

Þá er lokatill., brtt. n. við 19. gr., en í 19. gr. frv. segir: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1965“. Þetta er vegna þess, að gert var ráð fyrir, þegar frv. þetta var samið, að það yrði fyrir lagt fyrir Alþ. og afgreiðslu þess yrði lokið fyrir áramót. Með tilliti til þess, að það hefur ekki orðið, er nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði og lagt er því til, að lögin öðlist þegar gildi.

Ég hef nú getið í helztu atriðum þeirra breytinga, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til að verði gerðar við það frv., sem hér er til umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu. Það er náttúrlega öllum ljóst, að hér er um mjög merkan áfanga að ræða í húsnæðismálunum, ef frv. þetta verður að lögum. Ég hika ekki við að fullyrða, að frv. þetta marki að vissu leyti tímamót í þessum þýðingarmiklu málum, sem húsnæðismálin eru. Ég vil geta þess, að þær till., sem nú eru gerðar, og þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar í sömu átt, þ. e. a. s. að auka tekjur byggingarsjóðs ríkisins og almenna veðlánakerfisins, þýða það, að árlegar tekjur til ráðstöfunar til íbúðalána verða sennilega um 220—230 millj. kr. Það þýðir það, að með slíkum tekjum á að vera hægt að veita 750 lán frá húsnæðismálastjórn á ári hverju að upphæð 280 þús. kr. hvert, auk þess sem hægt verður að veita sérstök lán til efnalítilla félaga verkalýðsfélaganna. Og þegar menn hafa í huga þessar tölur og bera saman við það, sem áður fyrr á árum var í þessu efni, sjá menn, hve gífurlega framför er hér um að ræða. Og það er enn fremur ástæða til þess að benda á, að þó að margt standi til bóta í þessum efnum og þó að okkar takmark hljóti að vera það að lána stöðugt meira og meira í hlutfalli við byggingarkostnað, er með þeim aðgerðum, sem núna eru fyrirhugaðar, stigið stórkostlegt skref fram á við í þessu efni. Það sjáum við bezt, þegar við tökum til samanburðar, að í árslok 1958 er byggingarvísitalan 134 stig. Byggingarvísitalan í dag er 237 stig, og hefur því hækkað um 76.9% síðan 1958. Á sama tíma hefur upphæð íbúðalánanna, þegar frv. þetta verður að lögum, hækkað úr 70 þús. kr. í praxis upp í 280 þús. kr. eða um 300%, eða ef menn vilja frekar reikna það úr 100 þús. kr., sem var undantekning 1958, upp í 280 þús., eru það 280%. Lánin munu hækka um 280% á sama tíma og vísitala byggingarkostnaðarins hefur hækkað um 76.9%. Ég bendi á þetta til þess að undirstrika, hvílíkt átak er gert í þessum efnum með þeim till., sem hæstv. ríkisstj. leggur fram með frv. þessu. Það er, eins og ég tók fram áðan, mesta átak, sem hefur verið gert í þessum málum fram til þessa, og þess er að vænta, að hæstv. deild afgreiði vel og með skjótum hætti slíkt stórmál sem hér er um að ræða.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég held, að hv. frsm. meiri hl., sem flutti mjög glögga og hógværa ræðu að mestu leyti, hafi ofmælt, þegar hann í niðurlaginu taldi, að með setningu þeirra laga, sem hér eru til umr., verði stigið stórkostlegt skref og í stórum stíl bætt aðstaða þeirra, sem þurfa að koma sér upp húsnæði. Ég hef hér fyrir framan mig blað um vísitölu byggingarkostnaðar eftir hagstofunni og sé þar, að það er að

vísu rétt, sem hv. frsm. sagði, að í okt. 1958 var byggingarvísitalan 134 stig, og það er líka rétt, að hún er nú í febr. 237 stig, eins og hann sagði. En samt sem áður er ekki gerður hér sá réttasti samanburður, sem hægt er að gera um vísitöluna, vegna þess að í febr. 1958 er vísitalan ekki nema 117 stig, og það er sá tími, sem réttur er til samanburðar, febr. 1958 og febrúar nú, ef á að bera saman þessar vísitölur. En í okt. 1958 er vísitalan orðin 134 stig. Hvað verður hún orðin í október?

Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þó að margt sé til bóta gert í þessu frv., sé það svo, því miður, að ekki sé með umbótunum haft við þeirri geysilegu verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað, og þó að lánsupphæðirnar verði 280 þús. eftir frv., er það miklu meira fé, sem byggjandinn þarf að útvega sér nú heldur en hann þurfti 1958 til þess að standa straum af sínum byggingarkostnaði þarna fyrir utan, og erfiðleikarnir á að fá slíkt fé hafa stórlega vaxið síðan 1958. Ég held þess vegna, að það sé rétt af hv. stjórnarstuðningsmönnum að hafa ekki stóryrði um það átak, sem nú er verið að gera. Með því er ég ekkert að gera lítið úr viðleitninni.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gerði ljóslega grein fyrir og þskj. bera með sér, varð nokkur ágreiningur í heilbr.- og félmn. um till. í þessu mikilsverða máli. Ekki var samt ágreiningur um, að málið væri þýðingarmikið og eitt af brýnustu málum þjóðfélagsins á líðandi stund. N. hélt um það, eins og hv. frsm. sagði, fund eftir fund og fékk til viðræðu við sig ýmsa fróða menn um framkvæmdir lánastarfsemi til húsnæðismála. Við nm. hlýddum á útreikninga þeirra um almennar þarfir fyrir lánsfé til íbúðarhúsabygginga og getu samfélagsins til að fullnægja þeim þörfum almennt. Slæmt er, að ekki er við fast að miða og engir útreikningar fullkomlega til þess að byggja á. Allir útreikningar, sem miðast við liðinn tíma í þessum efnum, eru að vissu leyti eins og myndir af Surtsey um þetta leyti í fyrra fyrir þann, sem vill vita, hvernig hún er í dag. Breytingarnar eru svo örar. Allir útreikningar fram í tímann eru bara líkindareikningar, og ég býst við, að hv. frsm. meiri hl. geti ekki sagt með nokkurri vissu, ekki með ábyggilegri vissu, jafnvel ekki haft skynsamlega ágizkun um það, fáist ekki til að nefna hana um það, hve byggingarkostnaðurinn verður kominn hátt í október í haust. A. m. k. eru allar slíkar tölur mjög umdeilanlegar. Fólkinu fjölgar, og þess vegna þarf nýtt húsnæði. Fólkið flyzt búferlum, og þess vegna þarf líka nýtt húsnæði. Með bættum efnahag gerir fólk kröfur til meira eða betra húsnæðis, og þess vegna þarf enn fremur nýtt húsnæði. Menn segja, að byggingarþörfin sé í ár 1500 íbúðir á öllu landinu. Auðvitað er það ágizkun.

Byggingarkostnaður hækkar ár frá ári, mismunandi hratt, stundum í skrefum, stundum í stökkum. En alltaf er hann að hækka. Tvö síðustu árin hafa stökkin verið gífurleg, máske hafa þau verið heimsmet. Samkv. Hagtíðindum var vísitala byggingarkostnaðar í febr. 1957 113 stig, í febr. 1958 117 stig, eins og ég sagði áðan, í febr. 1959 133 stig, í febr. 1960 132 stig. Og gæti ég trúað, að hæstv. atvmrh., sem hér er staddur, gæti gefið skýringu á því, hvers vegna vísitalan hækkaði ekki á þessu tímabili, og hann má eiga heiður fyrir sinn þátt í því. Í febr. 1961 var byggingarvísitalan 152 stig, í febr. 1962 173 stig, í febr. 1963 182 stig, í febr. 1964 211 stig, hafði þá hækkað um 29 stig á árinu, og í febr. 1965 er hún orðin 237 stig og hefur þá hækkað á árinu um 26 stig.

Hvað lætur svo hæstv. ríkisstj. vísitöluna hækka framvegis? Auðvitað getur hún ekki svarað því. Hún getur ekki svarað því, ég ætlast ekki til þess. Hún og við með henni erum á reki í þessu tilliti, eins og bandaríska vísindastöðin á ísjakanum, sem mest er umtöluð í blöðunum þessa dagana. Okkur rekur hratt, eins og hana á jakanum, án þess að ráða förinni, þó að við höfum í ríkisstj. menn, sem halda, að þeir séu að stýra. En það er ekki þægilegt að stýra slíkum jaka, ég skal viðurkenna það. Sá er einn aðalmunurinn á okkar ferðum og bandarísku stöðvarinnar, að okkur rekur ekki í þágu vísindanna, því að það telst varla í þágu vísinda mannkynsins, þótt hagfræðingar okkar reikni og reikni, að við séum á réttri leið og aðeins ókomnir til gósenlandsins, meðan vísitölur, sem þeir í líf og blóð reyna að möndla með hagræðingum á kúnstugan hátt til lækkunar, sýna mikinn hraða eigi að síður til hækkunar í öfuga átt.

Við þessar aðstæður er að etja í húsbyggingarmálum. Auðvelt er að reikna í liðinn tíma og segja, það er stærri fjárhæðum varið af þjóðfélagsins hálfu en fyrrum til lána handa fólki, sem er að byggja íbúðir. En hvað sannar það um, að gert sé það, sem ætti að gera og hægt væri að gera, ef rétt væri að farið. Tímarnir eru aðrir, þarfirnar reka enn meira eftir og afrakstur tæknialdar gefur stjórnendum landsins miklu meira fé í hendur til þess að verja til þessara mála en áður var, ef vel er með farið. Að sætta sig við samjöfnuð við liðna tíð á þessu sviði er að sætta sig við að vera þeirrar tíðar mönnum minni.

Frá þessum hæðum, sem ég hef nú minnzt á, ber að líta á frv. það um húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér liggur fyrir. Vitanlega eru því takmörk sett, sem hægt er að gera til lánsfjáraðstoðar þeim, sem þurfa að koma sér upp húsnæði. En batnandi þarf sú aðstoð að vera, annað væri afturför. Gæta þarf þess að setja ekki í löggjöf þessa ákvæði, sem leiði það af sér, að verðbólgan fari miklu verr með lánþega húsnæðismálastofnunarinnar en fjárfestingarlántakendur almennt. Við hv. 1. þm. Vesturl. lítum svo á, að hvorki sé með frv. gert það, sem hægt ætti að vera að gera í lánsfjárveitingum, né lánakjör nægilega og eðlilega tillitssöm vegna verðbólguþróunarinnar. Þess vegna klufum við n. og skilum séráliti og brtt. Við teljum eigi að síður margt

af því, sem nýtt er í frv., til bóta og styðjum það, t. d. eins og að lána megi sveitarfélögum til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og fátækum verkamönnum viðbótarlán. Við stöndum með meiri hl. n. að 6 af þeim till., sem hann flytur á þskj. 401 og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir. Við áttum í n. þátt í því, að þær komu fram, þessar 6 till., en þær eru till. nr. 2, 3, 5, 6, 7 og 8 á þskj. 4. till. er ekki studd af okkur nema þá sem varatill., því að við flytjum till. um sama efni, sem gengur lengra. Aftur á móti erum við mótfallnir því, að 1. till. verði samþ., ekki af því, að við séum endilega mótfallnir því, að aflað sé fjár handa húsnæðismálastofnuninni með því að hækka eignarskatt, heldur af því að þessi till. yrði til óprýði á þessari lagasetningu. Ákvæði þau, sem hún inniheldur, eiga ekkert erindi þangað, eins og hver maður getur séð. Þau eiga, ef annars verður á þau fallizt, að verða í lögum um eignarskatt. Það er ákveðið í frv., að framlag úr ríkissjóði skuli vera 40 millj. kr. á ári, hvorki meira né minna. Hrein tilviljun væri, ef eignarskattur á þrefalt fasteignamat, sem auðvitað fellur saman við annað eignarframtal á ýmsum stigum hjá gjaldendum, yrði 40 millj. Nei, hér er um að ræða meinloku, og ég vil kalla þetta ónáttúru í lagasetningu. Ef þessi klausa verður sett inn í frv., er hún þar eins og spikæxli á líkama, æxli, sem kannske veldur ekki verkjum, en er til leiðinda og lýta, svo að bæði sá, sem hefur æxlið, og læknir telur sjálfsagt að skera brott. Hvers vegna vill nú hv. meiri hl. vera að græða svona æxli á frv.? Hann ætti að falla frá því og taka till. aftur og fleygja henni í ruslakörfuna, láta hana koma fram á sínum stað, þar sem hún auðvitað verður líka að koma fram.

Eins og grg. frv. ber með sér, eru meginbreytingarnar, sem frv. felur í sér frá núgildandi l. um húsnæðismálastofnunina, byggðar á hinu svokallaða júnísamkomulagi, sem ríkisstj. beitti sér fyrir. Þegar við óskuðum eftir verulegum breytingum í heilbr.- og félmn. á frv., signdu stjórnarstuðningsmennirnir sig og báru fyrir sig júnísamkomulagið eins og munkur róðukross. Nú er það alls ekki meining mín að gera lítið úr júnísamkomulaginu, þó að ég telji það ekki alfullkomið, enda eru 10 mánuðir síðan það var gert og jakann okkar hefur rekið langar leiðir á þeim mánuðum. Við höfum því við annað að miða nú en þá. Byggingarkostnaðarvísitalan hefur stórlega hækkað, eins og ég hef áður nefnt. Hún mun hafa verið 219 stig, þegar júnísamkomulagið var gert, en í febrúar núna 237 stig og hefur því hækkað um 18 stig, frá því að samkomulagið var gert, og enn er hún vafalaust að hækka. Íbúð, sem er 360 rúmmetrar, kostaði samkv. þessu rúmlega 731 þús., eða um 63 þús. kr. minna en hún kostar nú. Okkur hefur rekið á aðra breiddargráðu. Það eru léleg visindi að taka ekki tillit til þessa, en ríghalda sér í staðarákvörðun frá því í júní.

Fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands komu tvisvar á fund heilbr.- og félmn. Þetta voru menn, sem höfðu sjálfir tekið þátt í samningunum í júní 1964. Þeir fóru hógværlega fram á það m. a., að lán væru hækkuð og vísitölubindingu væri ekki beitt í sama mæli og talað hafði verið um í júní. Róðukrossinn kom á loft, tákn heilagleikans. Þessir menn signdu sig ekki, en þeir guðlöstuðu ekki heldur, létu á sér skilja, að þeir bæru fulla virðingu fyrir júnísamkomulaginu, en sögðu, eins og satt var, að mikil breyting væri orðin síðan sáttmáli sá var gerður og búizt hefði verið við, að einmitt hann mundi hafa meiri áhrif en orðið hefðu á þróun dýrtíðarinnar. Ég fyrir mitt leyti tel rétt, að júnísamkomulagið, að því er snertir þessa lagasetningu, verði framkvæmt með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á þeim viðmiðunaratriðum, sem í samkomulaginu voru lögð til grundvallar. Það tel ég vera að standa við samkomulagið. Allar brtt. okkar hv. 1. þm. Vesturl. eru á þeim grundvelli byggðar, samdar í þeim anda. Engin till. er utan þess ramma. Skal ég nú víkja að þeim hverri um sig.

Brtt. eru allar við 7. gr. Í A-lið 7. gr. er tekið fram, að lán skuli því aðeins veitt, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi framkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Þetta eru ströng ákvæði, en þau eru sennilega nauðsynleg stofnunarinnar vegna að því er byggingu nýrra íbúða snertir, enda eru þau framkvæmanleg í sambandi við byggingu nýrra íbúða. Aftur á móti eru þau sjálfsagt stundum óframkvæmanleg að því er kaup snertir á nýjum íbúðum, af því að kauptækifæri ber oft svo bráðan að. Þess vegna leggjum við til, að þess sé ekki krafizt, að lánsloforðs sé aflað, áður en kaupsamningur er gerður, heldur áður en afsal er gefið út. Ég sé ekki, að það skapi stofnuninni óþægindi, en það er þeim, sem kaupir, til hagræðis, einkum ef hann á langan veg að sækja til húsnæðismálastjórnarinnar.

2. till. okkar um breytingu á A-lið 7. gr. er um það, að meiri áherzla sé á það lögð en orð frv. gera, að byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, fái hjá húsnæðismálastjórn bráðabirgðalán til starfsemi sinnar. Í stað orðanna „getur húsnæðismálastjórn“ komi „skal húsnæðismálastjórn, ef unnt er, veita bráðabirgðalán“. Meiri vilji eða tilætlun liggur í orðalagi brtt. Eru mér þá sérstaklega í huga byggingarsamvinnufélög, sem vantar tilfinnanlega rekstrarfé og verða að byggja starfsemi sína á sölu ríkistryggðra bréfa, sem venjulega seljast ekki nema fyrir 60—70% af nafnverði. Húsnæðismálastjórn hefur að undanförnu þar til seinni hluta s. l. árs veitt út á nýbyggingar lán í tvennu lagi, A-lán, sem kalla hefur mátt venjuleg fjárfestingarlán, og B-lán, sem hafa verið vísitölubundin. B-lánin hafa verið minni hlutinn og allt niður í 10% af samtölu lánanna. Nú mælir frv. svo fyrir, að allt lánið skuli vera vísitölubundið, vextirnir af því einnig og kostnaðargjaldið til veðdeildar Landsbankans. Þar segir hreint og beint: „Hver árs-

greiðsla, afborgun, vextir og kostnaður, skal hækkuð eða lækkuð eftir því sem við á samkv. vísitölu.“ Við teljum, að rétt gæti verið að vísitölutryggja sparifé landsmanna almennt, og höfum tekið þátt í flutningi till. um, að athugun fari fram á því, hvort það sé ekki framkvæmanlegt, og þá um leið verður að sjálfsögðu að vísitölubinda útlánsfé. Það mundi, ef þetta væri gert, m. a. hafa mikla þýðingu til mótspyrnu gegn verðbólguvextinum. En á meðan slíkt kerfi er ekki upp tekið í bankastarfsemi þjóðarinnar yfirleitt, teljum við óþolandi misrétti, að einn hópur manna sé látinn sæta þeirri útlánastarfsemi hjá ríkisstofnun, að því er snertir fé, sem sú stofnun getur fengið og hefur fengið til útlánanna án þess að þurfa að vísitölutryggja eigendum fjárins það. Og að sjálfsögðu eykur það ekki réttlæti, að hér er um að ræða sem lántakendur fyrst og fremst láglaunamenn. Hér veltur ekki heldur á smámunum fyrir þessa menn, haldi svo áfram sem horfir í verðlagsþróuninni. Talið er, að um skeið að undanförnu hafi byggingarvísitalan hækkað um 9% á ári til jafnaðar, og samkv. frv. á að mega lána til íbúða 280 þús. kr., lánstími á að vera 25 ár, árgjöldin jöfn, nema sem nemur vísitöluröskun. Upplýst er, að fyrsta árgjaldið verði, eins og sakir standa nú, 18400 kr. og 7 aurar. Það var upplýst í n. Sú upplýsing kom frá veðdeild Landsbankans. Haldi verðbólguþróunin áfram með 9% hækkunarhraða á ári, eins og síðustu ár, verður árgjaldið orðið nálega tvöfalt eftir 11 ár, og það verður farið að nálgast 60 þúsundin á síðustu gjaldárunum. Ég nefni þetta sem dæmi til skýringar á svona kjörum. Lánþegar, sem eiga að sæta þessum kjörum, eru hafðir sér í flokki hjá þjóðfélagi sínu. Þeir eru með slíkum lánakjörum hlekkjaðir við verðbólguófreskjuna, eins og ég hef leyft mér að komast að orði. Það er áætlað, að það þurfi að byggja 1500 íbúðir á ári. Það er gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastofnunin, eftir að þetta frv. hefur orðið að l., hafi aðstöðu til þess að lána helmingnum af byggjendunum, og yfirleitt má segja, að í þeim hópi séu fyrst og fremst fátækari menn þjóðfélagsins, eins og ég sagði áðan. Nú veit ég ekki til þess, að hinir 750 byggjendur, sem fá lán hjá öðrum aðilum, þurfi að búa við slík kjör og þetta, að lán þeirra verði öll vísitölubundin og þeir verði dregnir nauðugir viljugir áfram aftan í vagni verðbólgunnar. Svör við þessu eru þau, að mér skilst, að kaupgjald þeirra, tekjur þeirra vaxi að krónutölu líka með verðbólgunni. En ekki er fullkomin trygging fyrir því, en fullkomin trygging er fyrir því, að þeir þurfi að borga samkv. vísitölu, ef þeir hafa verið látnir semja um það. Og í öðru lagi er það, að aðrir, sem þeir hafa viðskipti við og lifa með, eru látnir hafa betri kjör í þessum efnum og ekki á sama hátt þrælbundnir í sínum samningum við dýrtíðarvöxtinn.

Við erum á móti því, að þetta sé gert. Við leggjum til, að sama regla gildi og áður, að lántakendur hjá húsnæðismálastjórninni fái A-lán og B-lán, A-lánin verði ekki vísitölubundin, B-lánin verði vísitölubundin aðeins að því er sjálfa afborgun lánanna snertir og þau verði aldrei hærri en nemur sama hlutfalli af samtölu lánanna beggja og er hlutfall vísitölutryggðs fjár og óvísitölutryggðs fjár, sem húsnæðismálastjórnin hefur til útlánanna á hverjum tíma. Ég sé ekki betur en það sé allmikið fé og allmikið hlutfall, sem þarf ekki að vera vísitölutryggt. Launaskatturinn á að gefa, að mér skilst, 65—70 millj. Engin ástæða er til að vísitölutryggja það fé, sem er eignarfé húsnæðismálastofnunarinnar. Hvers vegna á húsnæðismálastofnun að vísitölutryggja sitt eigið fé gagnvart sínum viðskiptamönnum, á meðan aðrar lánsstofnanir gera það ekki? Ríkissjóðstillagið, 40 millj., er heldur engin ástæða til að vísitölutryggja. Eigið fé annað skilst mér að séu 30 millj. Hið sama gildir um það. Aðflutningsgjöld og hluti af tekju- og eignarskatti 10 millj. Það verður eignarfé. Lánið frá atvinnuleysistryggingunum virðist mér ekki ástæða til, að húsnæðismálastofnunin þurfi að vísitölutryggja, því að mér skilst, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn hafi ekki vísitöluákvæði á lánum sínum til annarra. Það er fyrst og fremst skyldusparnaðurinn, sem sjálfsagt er að vísitölutryggja og einnig þann frjálsa sparnað, sem gert er ráð fyrir að ungt fólk geti lagt inn í stofnunina. Það þarf að vísitölutryggja þetta fé. Og það er ekki óeðlilegt, þó að það sé tryggt eins og áður. Það hlutfall af láni til hvers lántakanda, sem svarar til þess hlutfalls, sem þetta fé er af heildarfé stofnunarinnar, er eðlilegt, að sé vísitölubundið. Ég sé ekki betur en þetta muni geta munað geysilega miklu til hagsbóta fyrir lánþegana frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, enda verður að leggja á það áherzlu að ofþjaka þeim ekki. Ég tek það enn fram, að ríkisstofnun, sem sett er á laggirnar til þess að liðsinna sérstökum hópi manna, gæti þess, að aðstaðan, sem hún veitir, verði þeim mönnum ekki fjötur um fót og einangri þá ekki til ókjara í samanburði við aðra þegna þjóðfélagsins.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að heildarlán megi hæst vera 280 þús. kr., sem mér skilst að hv. stjórnarstuðningsmönnum þyki vera myndarleg fjárhæð. Þetta hámark var ákveðið með svonefndu júnísamkomulagi s. l. sumar. Síðan hefur vísitalan hækkað mikið, og við leggjum til, að í stað 280 þús. verði hámarkið 300 þús. kr., og teljum, að það sé alls ekki of mikið miðað við þá dýrtíðaraukningu, sem hefur orðið síðan í júní. Enn fremur teljum við, að það sé í fullu samræmi við óskir þeirra manna frá Alþýðusambandinu, sem komu til fundar við heilbr.- og félmn. og báru þar fram óskir og bentu á það, að þó að þeir mundu halda júnísamkomulagið, væri júnísamkomulagið byggt á öðrum grundvelli en nú væri til staðar og það hefði í raun og veru brugðizt því, sem ætlazt hefði verið til, að draga úr dýrtíðinni. Og vegna þeirrar reynslu, sem er af breytingum á verðgildi peninganna, teljum við nú rétt, að vísitala sé höfð við ákvörðun

um lánsupphæð frá síðustu áramótum að telja. Þá er hægt að segja, ef hún er notuð sem mælikvarði, að þá fái hver það, sem lögin hafa gert ráð fyrir að hann ætti að fá, fái það hlutfall af byggingarkostnaði eftirleiðis. Við teljum þessi lán að vísu of lág miðað við möguleika manna til að hafa hér út lánsfé og geta risið undir því að koma sér upp húsnæði. En við flytjum þó ekki brtt. um meiri hækkun á lánsfjárupphæðinni en þessa, 280 þús. upp í 300 þús., en með því að bæta við ákvæðinu um, að lánsfjárhæðin skuli reiknuð eftir vísitölu og 300 þús. séu grundvöllur, sem gengið er út frá, er þó svolítið stigið í áttina. Nú er það svo, að enn hefur ekki komið til framkvæmda hækkunin á lánunum upp í 280 þús. og enginn hefur viljað segja neitt um það, hvenær hún kunni að koma til framkvæmda. Mér skildist á þeim, sem höfðu verið við júnísamkomulagið og mættu í n., að þeir hefðu búizt við því, að hún yrði komin til framkvæmda um þetta leyti. Og af því að það er áreiðanlegt, að þeir, sem ákváðu sig til húsbyggingar, eftir að júnísamkomulagið var gert, hafa búizt við því, að þeir fengju að njóta þessarar hækkunar, finnst okkur vera svo langt um liðið, að fráleitt sé að láta menn hrekjast í vafa í þessu efni lengur, og því leggjum við til, að lánsfjárhækkunin komi til framkvæmda hjá þeim, sem sótt hafa um lán eftir 1. apríl 1964, en þá hefur mér skilizt, að hafi verið nokkur þáttaskil, að því er umsóknir snerti. Það er áreiðanlegt, að þeir menn, sem byggja samkv. þeim umsóknum, sem eftir þann tíma koma fram, lenda í þeirri dýrtíð, sem miðað var við og alltaf er miðað við í júnísamkomulaginu, og meiri dýrtíð þó.

Þá er það lánstíminn. Hv. frsm. meiri hl. sagði frá því með nokkru stolti, að lánstíminn hefði verið færður upp í 25 ár í frv. Þetta er vitanlega góðra gjalda vert, en samt sem áður, ef miðað er við efnahagsástæður almennings og líka við það, hvað eðlilegt er, að þeir, sem koma sér upp húsnæði, sem er varanlegt húsnæði fyrir langan tíma, fái löng lán, virðist okkur í 1. minni hl., að lánstíminn sé enn of stuttur, og leggjum til, að hann verði færður upp í 35 greiðsluár. Hann hefði þurft að verða lengri, en af því að við erum hófsamir og tökum fullt tillit til aðstæðna, þó að við séum stjórnarandstæðingar, göngum við ekki lengra í þessu efni. Samkv. upplýsingum, sem starfsmaður hjá veðdeild Landsbankans gaf n., mundi árgjaldið lækka við þetta um hér um bil sjötta part, og það er spor í rétta átt og veitir ekki af. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Ég á ofurlítið eftir. (**Forseti:** Kannske rétt að ljúka henni þá.) Já, það skal ég gera.

Ég skal þá koma beint að tillögublaðinu. Ég hef þegar rætt tvær fyrstu till., a og b undir 1. tölulið. En till. undir lið 2 er um hækkun lánsfjárhæðarinnar í 300 þús. kr. og um, að framkvæmd þeirrar hækkunar nái til allra lánveitinga til þeirra umsækjenda, sem sendu umsóknir eftir aprílbyrjun 1964, enn fremur um það, að fjárhæðin, 300 þús., hækki hlutfallslega með hækkun byggingarvísitölu frá árslokum 1964 að telja. Að öðru leyti inniheldur þessi till., till. 2, líka öll önnur efnisatriði, sem tilheyra B-lið 7. gr. í frv. og samkomulag varð um í n. að breyta. Þannig er till. sett upp, til þess að hún geti verið heilsteypt fyrir B-liðinn.

Í till. undir tölulið 3 á þskj. okkar eru ákvæði um, að lánum til hverrar íbúðar verði skipt í A- og B-lán, eins og áður var gert, og að lánin greiðist á 35 árum, B-lánin verði vísitölubundin og þannig, að afborgunarhlutinn í ársgreiðslu reiknist árlega samkv. byggingarvísitölu, aðeins afborgunarhlutinn. B-lánið sé, þegar það er veitt, hundraðshluti, sem svarar til vísitölutryggðra fjármuna, sem húsnæðismálastjórn hefur til umráða til útlána á hverju ári. Ég sé ekki, að það sé samboðið húsnæðismálastofnuninni að vísitölubinda meira fé en hún þarf sjálf að vísitölutryggja. Og hvað þarf hún að vísitölutryggja? Það hef ég áður minnzt á. Ég sé ekki, að hún þyrfti að vísitölutryggja, eins og sakir standa, miklu meira en skyldusparnaðinn og frjálsu sparifjárframlögin. Mér virðist, að ef húsnæðismálastofnunin fer að vísitölutryggja eigið fé í útlánum til íbúðabygginga, megi segja, að hún vilji nota sér neyð lánþega og skattleggja þá fyrir sinn sjóð.

Ég tel, að að því beri að stefna, að húsnæðismálastjórn sé heimilað að veita lán til endurbóta á eldra húsnæði, og um það var nokkuð rætt í n. Ég geri þó ekki till. um þetta þessu sinni, af því að ég viðurkenni, að það sjónarmið, sem kom fram í n., að undirbúa þurfi reglur um þær lánveitingar, þannig að sú lánastarfsemi verði ekki misnotuð, og til þess þarf tíma og athugun, sé réttmæt. Og ég tel, að húsnæðismálastofnunin sjálf ætti að gera þessa athugun. Það væri mjög mikilsvert, ef menn gætu átt kost á lánum til umbóta á eldri íbúðum. Með því gæti hagnýtingartími eldra húsnæðis lengzt og það létt nýbyggingarþörfinni. Ég álít, að húsnæðismálastjórn ætti að vinda bráðan bug að því að athuga þetta og leggja skynsamlegar till. um það fyrir næsta Alþ. Ég tel einnig, að það ætti að vera markmið, að húsnæðismálastofnunin gæti tekið að sér að hjálpa mönnum með að gera kaup á eldra húsnæði, þeim sem eru í erfiðleikum, það ætti að vera markmið hennar, en geri þó engar till. um það nú.

Ég verð að harma það, að ég sé ekki, að þess sé getið í sambandi við þetta frv., að í júnísamkomulaginu hafi verið lögð áherzla á þann mikilsverða þátt löggjafarinnar um húsnæðismálastofnun ríkisins, að hún eigi að koma á fót og annast leiðbeiningarstarfsemi í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa, eins og segir í eldri lögum og upp er tekið í þetta frv. Ég held, að þarna sé ákvæði, sem hafi verið vanrækt að framfylgja. En ég sé ekki, að það hafi þýðingu að kveða sterkara að orði um

þessa skyldu húsnæðismálastofnunarinnar en gert hefur verið í lögum um hana og gert er enn ráð fyrir, að standi í l., af því að það er tekið upp í frv. En ég vil minna þá sem fyrir þessum málum standa, á, að þetta má ekki vera dauður bókstafur, og vil líka beina því til þeirra, sem kunna að verða þátttakendur við næsta júnísamkomulag, að þarna er þörf á mikilsverðum umbótum og mikilsvert og þýðingarmikið samningsefni til hagræðingar. Að svo mæltu lýsi ég því yfir, að ég vildi mega vænta þess, að hv. d. geti fallizt á brtt. á þskj. 410, og ég veit í raun og veru með sjálfum mér, að t. d. hv. frsm. meiri hl., sem vill vel í þessum málum, mundi hafa löngun til að ganga inn á okkar sjónarmið, og ég held, að það sé honum ekki of mikil dirfska að gera það. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. til l. um húsnæðismálastofnun ríkisins var ýtarlega athugað í hv. heilbr.- og félmn. N. varð sammála um að gera nokkrar breyt. á frv., og eru þær brtt. á þskj. 401 og fluttar þar í nafni meiri hl. félmn. Ég vil taka það fram, að ég fyrir mitt leyti er samþykkur öllum þeim brtt., sem á þessu þskj. eru. Hins vegar varð ekki fullt samkomulag í n. um afgreiðslu frv. Minni hlutar óskuðu eftir fleiri brtt. við það og flytja nú hvor á sínu þskj. brtt. til viðbótar. Brtt. mínar eru á þskj. 411, og vil ég nú fyrst og fremst gera nokkra grein fyrir þeim.

Eins og kunnugt er, eru meginbreytingar þær, sem um er að ræða í þessu frv. frá gildandi l., til orðnar fyrir samkomulag, sem varð milli hæstv. ríkisstj. annars vegar og verkamannasamtakanna hins vegar í júní 1964. Það samkomulag, sem þá var gert, hafði það meginhlutverk að stöðva verðbólgu og bæta kjör verkamanna. Um það snerist samkomulagið efnislega og þar á meðal samkomulagið um húsnæðismálin. Hæstv. ríkisstj. tók þá á sig skuldbindingu um að beita sér fyrir vissum atriðum til úrbóta í húsnæðismálum. Þær breytingar skyldu hafa þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Hæstv. ríkisstj. hét því í þessu samkomulagi að lækka vexti og haga lánskjörum í samræmi við greiðslugetu alþýðufjölskyldna. Þetta voru þau meginatriði, sem hæstv. ríkisstj. hét að beita sér fyrir í júní 1964. Þar á móti komu svo skuldbindingar frá fulltrúum alþýðusamtakanna, m. a. að á næsta ári eftir að samkomulagið er gert skyldi ekki um að ræða neina hækkun grunnlauna almennt. Ég hef ekki heyrt, að Alþýðusambandið eða verkalýðsfélögin hafi verið vænd um, að þau hafi ekki fyrir sitt leyti staðið við júnísamkomulagið. Hins vegar hafa ýmsir bent á og þar á meðal ég, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki sem skyldi staðið við þetta samkomulag að sínu leyti. Ég bendi í því sambandi á, að skattaálögur voru óvenjulega þungar á s. l. ári og komu með eindæmum illa niður á fátækum verkamannafjölskyldum. Í öðru lagi má benda á, að hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því hér á hinu háa Alþingi seint á árinu 1964 að stórhækka söluskattinn með þeim afleiðingum, að dýrtíðaralda reis á ný og verðbólguhjólið fór af stað. Að þessu leyti hefur hæstv. ríkisstj. óneitanlega að nokkru leyti brugðizt því heiti, sem hún gaf og undirritaði 5. júní 1964. Þetta er meginástæðan fyrir því, að ég legg til, að nokkrar breytingar verði gerðar á þessu frv., breytingar, sem telja verður allveigamiklar. Ég tel, að forsendur fyrir því, sem um var samið og alþýðusamtökin gengu inn á í júní 1964, hafi að nokkru leyti brugðizt.

Í frv. er mælt svo fyrir, eins og gert var ráð fyrir í júnísamkomulaginu, að lánsupphæð megi nema allt að 280 þús. kr. á hverja íbúð. Þetta var samþ. af báðum aðilum samkomulagsins fyrir 10 mánuðum. Þá ríkti bjartsýni, að ég hygg, bæði hjá hæstv. ríkisstj. og meðal alþýðusamtakanna, bjartsýni um, að takast mundi að stöðva verðbólguna a. m. k. næstu 12 mánuði, en til svo langs tíma var samkomulagið gert. En þetta, eins og ég hef margtekið fram, fór á annan veg. Dýrtíð óx, verðbólgan fór af stað á ný og vísitala hækkaði. M. a. hefur vísitala byggingarkostnaðar á þessu 10 mánaða tímabili hækkað hvorki meira né minna en um 12%. Ef sú lánsupphæð, sem ákveðin var í júní 1964, á að halda gildi sínu, verður hún að hækka nú til samræmis við hækkandi dýrtíð. Það er ég viss um, að vakti fyrir fulltrúum alþýðusamtakanna, að þessi lánsupphæð mætti ekki lækka að tiltölu við vaxandi dýrtíð. Ég legg þess vegna til, að upphæðin 280 þús. kr. verði hækkuð nú í 310 þús. kr. Það samsvarar því og þó tæplega, að lánsupphæðin, hámarksupphæðin, sé hækkuð um 12% til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

Í samkomulaginu og einnig í frv. er gert ráð fyrir því, að vextir af íbúðalánunum lækki verulega, lækki úr 8½ og 5½% niður í 4%. Þetta er í sjálfu sér mikilsvert atriði og þakkarvert, að samkomulag skyldi nást um svo verulega lækkun ársvaxta á lánunum. En við þetta var hnýtt þeirri skuldbindingu, að lánin, þ. e. a. s. afborganir, vextir og kostnaður, skyldu vísitölubundin. Að mínum dómi var mjög áhættusamt fyrirtæki af hálfu alþýðusamtakanna að fallast á þetta. En ég hygg, að meðal fulltrúanna svo og innan ríkisstj. hafi ríkt þesa dagana viss bjartsýni, að nú mundi takast að stöðva verðbólguhjólið a. m. k. næsta árið, en þessar vonir hafa brugðizt, eins og ég tók fram áðan. Dýrtíðin heldur áfram með svipuðu móti og mörg undanfarin ár. Af því leiðir það, að vísitölutenging lánanna er býsna varhugavert ákvæði í lögum þessum. Mér hefur skilizt, að dýrtíð hafi á undanförnum árum hækkað sem svarar 9% árlega. Ef gert er ráð fyrir, að dýrtíðin haldi áfram í svipuðum dúr, þá renna fljótlega í sandinn þeir kostir, sem í frv. felast, og þá sérstaklega vaxtalækkunin. Hún verður á örskömmum tíma gerð að engu og síðan tekur við það ástand, að vaxtabyrðin

á lántakendum verður miklu hærri en hún hefur nokkru sinni verið til þessa á þessu sviði. Ef gert er ráð fyrir 280 þús. kr. láni með 4% ársvöxtum til 25 ára og ef reiknað er með 9% hækkun dýrtíðarinnar árlega, þá verða raunverulegir vextir af þessum lánum eftir 6 ár ekki 4½%, heldur 8½%. Úr því að þessi 6 fyrstu ár eru liðin, fer vaxtabyrðin ört vaxandi og endar á því, að samanlögð vaxtagreiðsla verður margfalt meiri en eftir þeim kjörum, sem gilt hafa hingað til um lán húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Ég held, að ég fari rétt með, að ef gert er ráð fyrir þessu, dýrtíðinni á þennan veg, þá nemi sú vaxtabyrði, sem af þessum kjörum leiðir, um 300 þús. kr. meira en eftir gildandi reglum. Þetta eru ekki góð kjör, og það er því miður engin svartsýni að gera ráð fyrir áframhaldandi verðbólgu. Reynslan hefur kennt okkur að vera bölsýn í þessu efni með réttu. Ég hefði talið fulla ástæðu til með þá reynslu, sem fengin er af verðlagi í landinu s. l. 10 mánuði, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið þessi atriði til gaumgæfilegrar athugunar og útreiknings á ný, áður en þetta frv. yrði afgr. frá Alþingi. Ég vil með brtt. minni í þessu efni gera tilraun til að draga nokkuð úr þessari þungu byrði, sem búast má við um vaxtagreiðsluna. Ég legg því til, að einungis árlegar afborganir verði visitölutryggðar, en hvorki vextir né tilkostnaður. Þetta mundi muna miklu, ef dýrtíðin héldi áfram, svo sem verið hefur, og skipta a. m. k. nokkrum hundruðum þús. kr. lántakendum í hag.

Mér voru það vonbrigði í hv. heilbr.- og félmn., að ekki skyldi fást samstaða um einhverja brtt. í þessu efni, annaðhvort þessa, sem ég geri hér, eða einhverja aðra til þess að tryggja það betur, að ársgreiðslur færu ekki úr hófi fram, eins og virðist vera að stefnt nú með þessu frv. og áframhaldandi dýrtíðarauknингu. Ef svo skyldi fara, að þessi till. mín um að takmarka vísitölubindinguna við afborganir einar yrði felld, þá flyt ég til vara aðra till. um það, að heildargreiðsla vaxta og kostnaðar skuli þó aldrei fara fram úr því, sem hún hefði orðið, ef miðað væri við 8¼% vexti án vísitöluhækkunar. Með þessu móti hef ég viljað benda á, að fráleitt væri, að þessi byrði yrði nokkurn tíma þyngri en verið hefur að undanförnu, að kjörin m. ö. o. gætu ekki orðið miklu verri en þau hafa verið til þessa dags.

Í sambandi við þá brtt., sem ég gat um áðan, um hækkun hámarkslánsupphæðar úr 280 þús. í 310 þús., vil ég bæta við ákvæði um, að eftirleiðis skuli þessi upphæð breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Ég tel, að eðlilegt sé að ganga út frá því, að lánin eigi ekki eftirleiðis að lækka raunverulega, og þá er mjög hagfellt að láta þau breytast sjálfkrafa í samræmi við vísitölu.

Ég tel þessar brtt., sem ég hef nú gert grein fyrir, meginatriðið í mínum brtt., þær till., sem ég tel skipta langmestu máli. Aðrar brtt., sem ég flyt, varða minni atriði, sem alls ekki var samið um í júnísamkomulaginu. Þó er svo um sum þessara atriða, að ég tel þau skipta allmiklu máli, og um sum þeirra furða ég mig á, að gerðar skuli hafa verið breytingar í þeim efnum nú. Ég geri þannig brtt. við 7. gr. Í þeirri gr., sem fjallar um útlánareglur húsnæðismálastjórnar, a-lið, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lánin veitast aðeins til bygginga nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð.“ Hér er fortakslaust kveðið svo á, að lán megi ekki veita, nema loforð um lánveitingu hafi verið gefið fyrir fram. Nú varð ég þess var á fundum hv. heilbr.- og félmn., að eiginlega enginn aðili taldi æskilegt að framfylgja svo fortakslausu ákvæði. Aðstæður einstakra húsbyggjenda gætu verið þannig, að ekki væri sanngjarnt né réttlátt að framfylgja slíku ákvæði. Samt sem áður vildi meiri hl. n., og ég held, að það hafi einnig verið ósk formanns húsnæðismálastjórnar, að þessu ákvæði yrði haldið svo fortakslausu sem það er í frv. Ég skildi þó svo, að ekki mundi verða meiningin hjá húsnæðismálastjórn að framkvæma þetta nákvæmlega eftir lögunum, þótt þetta yrði að lögum, heldur hugsaði hún sér þetta sem eins konar skjöld sér til varnar, ef á þyrfti að halda. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, finnst mér hér vera ósamræmi á milli. Hvers vegna á að æskja eftir ákvæðum í lögum, sem ekki á að halda? Þetta er að mínum dómi fortakslaust ákvæði. Ég skil það vel, að stundum þarf að gera undantekningar í þessum efnum og er sanngjarnt og óhjákvæmilegt. Og það hygg ég, að allir, sem til þekkja, álíti. Þess vegna vil ég hafa þetta ákvæði í l. svolítið rýmra. Það mætti orðast með ýmsum hætti, en í minni till. er stungið upp á, að það yrði orðað á þann veg, að í stað „en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu“ o. s. frv. komi: „en setja má það skilyrði fyrir láni, að loforð um lánveitingu“ o. s. frv. Hér er sem sagt veitt heimild til hvers sem er í þessum efnum, þannig að ráðherra og húsnæðismálastjórn gætu haft það nokkurn veginn í hendi sinni, hvernig þetta yrði framkvæmt.

Við sömu gr., 7. gr., geri ég aðra brtt., sem að vísu er ekki ýkjamikilvæg ef til vill. En þar segir í c-lið, að lánið skuli greiðast upp á 25 árum með 4% ársvöxtum. Ég legg til, að inn í þennan málslið sé bætt orðum þannig, að setningin hljóði svo: „En greiðast síðan á 25 árum eða skemmri tíma, ef lántakandi óskar þess, með 4% ársvöxtum.“ Ég tel rétt, að það komi ótvírætt fram í lögunum, að lántakendum húsnæðismálastofnunar sé heimilt að greiða lánið upp á skemmri tíma, ef þeir verða færir um það síðar meir. Ég tel það ekki síst mikilsvert, að það sé greinilegt og ótvírætt, ef ekki fást neinar lagfæringar á þeirri þungu byrði, sem virðist samkv. þessu frv. eiga að leggja á þessa húsbyggjendur.

Þá flyt ég brtt. við 16. gr. Sú gr. fjallar um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og um

framlag sveitarfélaga og lán ríkissjóðs til þeirra framkvæmda. Í gildandi lögum segir svo, að sveitarfélag leggi fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði og að þá skuli ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti. Þetta er ljóst og ákveðið, að ríkissjóður skuli greiða til jafns við sveitarfélögin til þeirra framkvæmda, sem miða að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Þetta hefur ekki alltaf verið svo í lögum. Frá 1958 og kannske fyrr og til 1962 var ákveðin hámarksupphæð, sem ríkissjóði var skylt að láta af hendi rakna í þessu skyni. En 1962 var l. breytt, og þá var þessu komið fyrir eins og það er í dag, að ríkissjóður skuli lána jafnháa upphæð og sveitarfélögin leggja fram. Fyrir þessu munu hafa barizt sérstaklega Sjálfstæðisfl.-menn á Alþingi, og raunar mun þetta hafa verið samþ. af öllum flokkum hér á Alþingi 1962. Nú á að breyta þessu. Nú eru sett inn viss takmörk á lánum ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Það á að bæta inn í, að ríkissjóður skuli að vísu lána jafnháa upphæð á móti, en sagt, „eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir.“ Til hvers er þetta sett inn? Greinargerðin segir, að þetta sé sett inn til þess að takmarka. Og hvað þýðir að takmarka? Það þýðir að draga úr. Eftirleiðis ber ríkissjóði ekki samkv. þessu að greiða til jafns við sveitarfélögin, heldur eftir því, sem ákveðið er í fjárl. hvers árs.

Hv. meiri hl. nm. benti á það, að í þessu væri í raun og veru engin takmörkun fólgin, og ef það er þeirra skilningur, sem ég skal ekki draga í efa, hvers vegna vilja þeir þá hafa þetta? Hér er um breyt. að ræða frá gildandi lögum. Ég sé enga ástæðu til að setja þetta inn í, frekar en það var ástæða til þess að setja neitt inn 1962. Ég tel þetta mjög mikilsvert atriði og hafa verið mikla bót gerða á löggjöfinni um þetta efni 1962, þegar ákveðið var, að ríkissjóður skyldi greiða til jafns við sveitarfélögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 411, og við þau orð hef ég ekki miklu að bæta. Það væri þó kannske rétt að benda á, bæta við nokkrum orðum í sambandi við vísitölutengingu lánanna, sem er mikilsvert atriði í þessu sambandi. Það er svo, eins og kunnugt er, að útlán hinna ýmsu peningastofnana til húsbygginga og annarra hluta eru ekki bundin vísitölu. Menn fá lán til framkvæmda og borga það í sömu krónutölu, þótt verðbólgan hafi vaxið í millitíðinni. Á þessu hafa margir grætt á undanförnum árum, og meðal annarra hafa grætt á þessu hinir smáu húsbyggjendur. Fátækir menn, sem hafa brotizt í því að koma þaki yfir höfuð sér og sinna, hafa blátt áfram margir hverjir bjargazt á því, að verðbólga var í landinu. Lánsvextir og lánskjör og öll aðstaða til að byggja var með þeim hætti og hefur verið með þeim hætti og dýrtíðin mikil, að þetta er það, sem hefur orðið mörgum til bjargar, að krónurnar, sem þeir þurftu að borga til baka, voru orðnar minni. Nú á að taka algerlega fyrir þetta. Smáir, fátækir húsbyggjendur skulu hér eftir ekki hafa leyfi til að græða á verðbólgunni. En samtímis er öllum öðrum leyft að halda áfram að græða á verðbólgunni, þ. á m. þeim húsbyggjendum, sem innangengt eiga í banka og sparisjóði og aðrar peningastofnanir en húsnæðismálastofnun til þess að fá lán. Þeir fá að græða áfram á verðbólgunni, hvort sem þeir byggja sér íbúðarhús, verzlunarhús eða nota lánið til annarra framkvæmda. Ég hefði fyrir mitt leyti getað frekar fallizt á að vísitölubinda lán húsnæðismálastofnunar ríkisins, ef um leið hefði verið gerð ráðstöfun til að vísitölubinda alla lánastarfsemi, öll útlán, en það hefur ekki verið gert. Ef ætlunin er hjá hæstv. ríkisstj. og hennar flokkum að koma þessu á smátt og smátt, að verðtryggja lánin í heild í landinu, og hér sé verið að byrja, get ég ekki annað en lagt áherzlu á það, að þá tel ég byrjað á öfugum enda. Það er byrjað hjá þeim, sem efnaminnstir eru í þjóðfélaginu, og væntanlega þá einnig endað á þeim ríku. Það liggur heldur ekkert fyrir um það, að hér sé um neina byrjun að ræða, og lítur málið enn verr út, ef það er ætlunin til frambúðar að láta efnalitlar fjölskyldur standa undir verðbólgunni í þessum efnum, en alla aðra sleppa. Ég vil mjög beina þeim tilmælum til hv. stjórnarsinna að íhuga þessi mál ofurlítið betur innbyrðis, athuga, hvað hægt er að gera til að draga úr því, sem hér fer aflaga, og það er óskynsamlegt að mínum dómi að gera við þá athugun ráð fyrir öðru en dýrtíðin haldi áfram, að verðbólgan haldi áfram hér næstu árin.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Um dagskrármálið almennt mundi ég láta nægja að vísa til ummæla, sem ég viðhafði við 1. umr. málsins, og þeirrar ræðu, sem hæstv. félmrh. flutti við upphaf þeirrar umr. En það eru örfá atriði, sem bæði komu fram við 1. umr. hjá hv. stjórnarandstæðingum og síðar, sem ég vildi minnast á, og þá kannske örlítið víkja að nál. 1. og 2. minni hl., sem hér liggja fyrir.

Við 1. umr. málsins var m. a. á það bent, að húsnæðismálastjórn hefði lítið sem ekkert gert að því að efla aðrar hliðar starfsemi sinnar, en látið allt sitt starf snúast um lánveitingamálin, og sýnist þá sitt hverjum um árangurinn í þeim efnum. Það var m. a. að því fundið mjög sterklega, að húsnæðismálastofnunin hefði mjög lítið gert af grundvallarrannsóknum og lítið eflt tækninýjungar og tilraunabyggingar og annað slíkt. Það er út af fyrir sig rétt, að allt fram til síðustu ára og jafnvel síðustu mánaða hafa fjárráð stofnunarinnar ekki verið slík, að hægt væri að helga sig öðru verkefni en útlánunum, og hefur gengið nægjanlega erfiðlega þar, þó að stór skref hafi verið stigin á s. l. 3—4 árum í bataátt í þeim efnum. Hitt ber að hafa, sem sannara reynist og rétt er, að það er staðreynd, að á síðustu

3—4 árum hefur stofnunin varið 2.4 millj. kr. þrátt fyrir þröngan efnahag til tilraunabygginga, stöðlunar á ýmsum hlutum byggingarefnishluta, tækninýjunga og rannsóknarstarfsemi, en húsnæðismálastjórn hefur nú nýlega ákveðið að leggja til byggingarefnarannsóknardeildar háskólans fyrir þetta ár 400 þús. kr., en þá deild atvinnudeildar háskólans er nú verið að endurreisa, og við hana eru mjög miklar vonir tengdar um starf í framtíðinni. Þetta vildi ég, að kæmi fram, þannig að umr. um þetta mál ljúki ekki svo, að sannleikurinn um það liggi ekki fyrir.

Þá er hitt atriðið, sem einnig var minnzt á og þó allmiklu meira rætt í blöðum hv. stjórnarandstæðinga að lokinni þessari umr., að við loforð júnísamkomulagsins um afgreidd lán hefði ekki verið staðið. Ég held, að ég hafi tekið það fram í minni ræðu þá og reyndar fleiri af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., að þegar hefur verið veitt upp í hið umrædda loforð júnísamkomulagsins, þ. e. a. s. 250 millj. kr. loforðið, 185 millj. kr. Eftir er að veita 65 millj. kr., en loforðið hljóðaði upp á það, að fyrir 1. júní 1965, þ. e. a. s. þessa árs, hefði þetta fjármagn verið afgreitt. Það er óhætt að upplýsa það nú, að með aðstoð Seðlabankans væri mögulegt að hefja þá síðustu lánveitingu, sem uppfyllti þetta umrædda loforð, nú þegar eða allra næstu daga, ef ekki væru sýnilegar breytingar á gildandi löggjöf, þær breytingar, sem við erum nú hér að ræða. En af þeim breytingum, sem frv. gerir nú þegar ráð fyrir, hvað þá þeim, sem kynnu að verða á síðari stigum málsins hér á hv. Alþingi, er ljóst, að prenta verður upp öll skuldabréf lántakenda og breyta þeim, áður en afgreiðsla næstu lánveitinga getur farið fram. En fjárhagsins vegna getur hún hafizt innan fárra daga, eins og ég sagði áðan, en afgreiðsla á þeim lánum getur ekki átt sér stað, fyrr en frv. hefur endanlega verið afgreitt frá Alþ. Þetta held ég, að sé nauðsynlegt, að hv. þdm. viti, því að ég vil ekki væna neina þeirra um það, að þeir vilji tefja fyrir afgreiðslu þessa lánsloforðs, enda var svo frá því gengið, að þeir, sem lengst höfðu beðið, þ. e. a. s. þeir, sem áttu fullgildar umsóknir fyrir 1. apríl 1964, sætu fyrir þessum peningum. Fullar líkur eru á, — það er ekki enn þá fullljóst, — að hægt verði að afgreiða alla, sem áttu umsóknir á þeim tíma, þ. e. a. s. fyrir 1. apríl 1964, með uppfyllingu þessa lánsloforðs og þó kannske aðeins rúmlega það. En endanlega verður ekki séð um það fyrr en næsta lánveiting hefst, sem væntanlega yrði þá þegar í kjölfar samþykktar þessa frv.

Þessar tvennar upplýsingar vildi ég að kæmu fram nú þegar, til þess að þær lægju fyrir mönnum í umr. um málið.

Af þeim nál., sem fyrir liggja, — ég hef því miður ekki átt þess kost að hlýða á framsöguræðu beggja minni hl. heilbr.- og félmn., — en af nál., sem fyrir liggja, og þeim umr., sem ég hef heyrt, skilst mér, að það sé einkum tvennt, sem hv. frsm. hafa við þetta frv. að athuga. Það er í fyrsta lagi, að lán skuli vera vísitölubundin, og í öðru lagi, að sett skuli það skilyrði fyrir lánum, að um þau sé sótt, áður en framkvæmdir eru hafnar, og það sé, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, allt of fortakslaust skilyrði.

Varðandi fyrra atriðið, þ. e. a. s. verðtryggingu lánanna, vildi ég aðeins segja það, að um það atriði sem og önnur í frv. verður það ekki með neinum rétti sagt, að það sé ekki fyllilega í samræmi við júnísamkomulagið, þá yfirlýsingu, sem fjallaði um húsnæðismál í því samkomulagi, enda var fullt samkomulag milli okkar, sem sátum í því tilfelli ríkisstjórnar megin við borðið, og hinna, sem mættir voru fyrir hönd verkalýðssamtakanna, um þessi atriði. Grundvallarástæðan til verðtryggingarinnar er einfaldlega sú, að kaupgjaldsvísitalan var sett í gang á ný, og þau tvö atriði í kjarasamningnum og þessum húsnæðismálakafla hanga því algerlega saman, og það eitt, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði hér áðan, að lesa upp mögulega hækkun á, hvað verðtryggingin mundi auka útgjöld lána í ársgreiðslum þeirra, er því ekki nema önnur hlið málsins. Til þess að vera fullkomlega heiðarlegur í slíkum málflutningi þurfti hann að segja okkur, hvað kaupgjald mundi hækka á þeim tíma, sem hann gerði samanburð á. En ég hygg, að það haldist vel í hendur, enda til þess ætlazt og grundvallarhugsunin í því samkomulagi, sem gert var, hinu margnefnda júnísamkomulagi. Ég skal svo láta útrætt um það atriði.

En það atriði, sem mér skilst, að báðir aðilar leggi mikinn þunga í, er skilyrðið um fyrir fram umsóknir, að menn sæki um, áður en þeir hefji framkvæmdir, sem einnig var allverulega til umr. hér við 1. umr. málsins. Það gildir sama um það atriði og hið fyrra, sem ég gat um, að það er einnig ákveðið í júnísamkomulaginu, að lánsloforð skuli gefið fyrir fram fyrir öllum lánum, sem stofnunin veitir. Lánsloforð verður ekki gefið fyrir fram, nema lánsumsókn liggi fyrir, það er ofur einfalt mál, þannig að það ákvæði er því fyllilega í samræmi við hið margnefnda samkomulag. En hver er þá ástæðan til, að það komi þar inn? Jú, hún er í fyrsta lagi sú, að grundvallarhugsunin í þessu skilyrði er einfaldlega þetta: Það, sem hefur bitnað langverst á lánsumsækjendum, að ekki sé talað um öllu stjórn- og starfsliði stofnunarinnar, er hin langa biðröð umsækjenda, sem virtist á tímabili nær óyfirstíganleg, og það sáust í umferð innan stofnunarinnar fyrir ekki lengra en 5 árum þriggja og fjögurra ára gamlar umsóknir, allt frá því að stofnunin var sett á fót. Síðan hefur húsnæðismálastjórn í skrefum eftir fjárhagsútlánagetu sinni reynt að setja inn í lánveitingarnar tímasetningar, þannig að hægt hefur verið að stytta þessa biðröð allverulega, og er nú þannig komið, eins og ég áðan sagði, að líkur eru á því, að eftir næstu lánveitingu verði þó ekki nema um ársbirgðir umsókna fyrirliggjandi. Nær þessu marki hefur stofnunin aldrei komizt, og ef það er meining manna

að lofa ekki meiri lánum en hægt er að standa við, verður að hafa þennan hátt á, af þeim sökum einum. Önnur röksemd er og fyrir þessu skilyrði, og hún er sú, að húsnæðismálastjórn verður árlega að gera kröfur á hendur ríkjandi ríkisstj. um fjárútveganir og leggja sín eigin plön um það, hver fjárútlánageta hennar verði næsta ár, og gefa sín loforð í samræmi við það. Allar slíkar áætlanir eru gersamlega út í loftið, nema fyrir liggi lánsumsóknir. Á þeim verður að byggja allar slíkar áætlanir. En þær eru nauðsynlegur liður í því að láta menn vita fyrir fram um lánsmöguleikana. Hingað til hafa menn hangið í þessari óvissurólu, svo að árum skiptir, án þess að hafa nokkra minnstu hugmynd um, hvenær að þeim kæmi.

Til gamans skal ég aðeins segja frá því, að það var fyrir u. þ. b. 2—3 árum, 2 árum að ég hygg, þá gekk sú saga, sem því miður var ekki sönn, að húsnæðismálastjórn væri í þann veginn að ljúka við að afgreiða allar fyrirliggjandi lánsumsóknir hjá sér. Og mér er sagt, að þessi stóri áfangi, sem því miður var ekki sannur, hafi verið til umr. hér á mannfundi nokkrum og þá hafi einn af þeim, sem tóku til máls, sagt: Hvernig á þá að segja, að hægt sé að gera nokkrum manni greiða, ef þessum áfanga verður náð? — Hvort sem þessi saga er sönn eða ekki, vil ég samt lýsa því yfir, að ég væni hvorugan frsm. minni hl. um að vilja skapa slíkt ástand. En óhjákvæmilega þýðir riftun þessa skilyrðis eða niðurfelling þess það að viðhalda sama glundroða, æ lengri biðröð eftir þessum lánum, æ fleiri hálfbyggðum húsum, sem í öryggisleysi er verið að reyna að mjaka áfram án nokkurrar vitundar um, hvenær að lánveitingu komi, ef þetta verður niður fellt. Þetta er beinlínis gert til þess, að hægt sé að segja þeim umsækjendum, sem á annað borð er fært að lofa og undir lánareglur heyra, að þeir geti fengið lánið afgreitt í tvennu lagi, eins og júnísamkomulagið segir til um, þegar þeir hafi komið íbúðum sínum eða húsum í ákveðið byggingarástand. Á sama hátt þýða till. þeirra, þessara ágætu manna, um hækkun á þessum lánum, — ég skal ekki vefengja það eina einustu sekúndu hér, að það yrði þörf á því að hafa þessi lán miklu hærri en frv. gerir ráð fyrir, — en miðað við þá fjáröflun, sem til þessarar starfsemi á að verja, og mögulegar tekjur er ýtrast hægt að komast í þá upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, ef standa á við gefin loforð. Verði lánin hækkuð, á húsnæðismálastjórn um það tvennt að velja að geta ekki staðið við skuldbindingar eða loforð frá fyrrnefndu samkomulagi um 280 þús. kr. lán til 750 íbúða á ári og fækka lánunum — eða hefja gamla leikinn á ný, lengja biðröðina. Það lætur ákaflega vel í eyrum að tala um að hækka lánin, og æskilegt væri að geta komið lánum til samræmis t. d. við nágrannaþjóðir okkar, þar sem lánin eru upp í 60—80% til enn lengri tíma en við gerum. En þessi óskhyggja verður að byggjast á einhverri raunhæfni. Hún verður að byggjast á því, að hægt sé að standa við gefin loforð, því að ég fullyrði það enn og aftur, og hv. síðasti ræðumaður, sem er starfandi læknir hér í bænum, er eins vel kunnugur því og ég, hve geysilega niðurdrepandi áhrif hinn langi biðtími hefur haft á húsbyggjendur ásamt endalausri þrælkun í yfir- og næturvinnu við að koma þessum íbúðum sínum áfram.

Við höfum ekkert gagn af því að fjölga hálfbyggðum húsum. Við þurfum að tryggja það, að byggingartíminn verði skemmri. Við gerum það ekki með því að ýta sem flestum af stað út í óvissuna. Þeir, sem fara af stað og hyggja á lántökur hjá þessari stofnun, verða að vita, að að þeim komi, þegar þeir hafi uppfyllt sín skilyrði. Annars erum við vitandi eða óvitandi, sem enginn okkar getur eftir þessar miklu umr. lengur skýlt sér á bak við, að lengja þennan biðtíma á ný, búa til langar biðraðir, sem hafa verið helzti og höfuðágalli á allri þessari starfsemi frá öndverðu. Og ég vil ekki að óreyndu væna neinn þessara manna, sem þó halda hinu gagnstæða fram, um það, að þetta vaki fyrir þeim, að þetta yrði óhjákvæmilega afleiðingarnar.

Ég vil jafnframt skýra frá því, að þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir til þess að standa við fyrirheit um 750 íbúðir á ári, eftir að þessu ári lýkur, ef hægt verður þá að vinna við allar fyrirliggjandi umsóknir, væri það út af fyrir sig stór sigur og það stærsta skref, sem stigið hefur verið í bataátt, frá því að þetta kerfi tók til starfa. Og það eiga jafnframt að vera möguleikar í framtíðinni til hækkunar á þessum föstu tekjustofnum, sem jafnframt ættu þá að skapa möguleika á hærri lánum. En miðað við tekjurnar, eins og þær eru í dag og eru þá miðaðar við það mikla bjargræðisár, árið 1964, sem var góðæri til lands og sjávar, verður ekki hægt að leggja stærri skuldbindingar á stofnunina en hér er gert ráð fyrir, og að ganga út yfir það þýðir annað tveggja, nema hvort tveggja komi til, að lengja biðröðina á ný, skapa sama óvissuástandið fyrir lántakendur og því miður hefur ríkt of lengi og er ekki jafnað um enn — eða hitt að fækka lánunum.

Þetta eru þau tvö atriði, sem ég vildi sérstaklega gera hér að umræðuefni. En vegna þess að mér er kunnugt um það, að hv. n. hyggst taka málið til athugunar á milli 2. og 3. umr., vildi ég hér að lokum aðeins gefa henni smáábendingu frá mér persónulega. Ef við miðum við, sem ég vona, að við séum allir sammála um, að frv. hljóti endanlega afgreiðslu, áður en þing lýkur störfum, sem væntanlega yrði í næsta mánuði, á húsnæðismálastjórn ekki eftir nema 10 mánuði af kjörtímabili sínu. Og ég teldi það eðlilegt með hliðsjón af því, að frv. gerir ráð fyrir kerfisbreytingu og að nýtt kerfi eigi að taka við með breyttum starfsháttum, þá byrji á því ný stjórn, þannig að ég teldi eðlilegt með hliðsjón af því og hve skammt er eftir af kjörtímabili núverandi stjórnar, að sett yrði bráðabirgðaákvæði aftan við lögin um, að ný stjórn yrði kosin fyrir næsta kjörtímabil.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Allir þrír frsm. nefndarhluta heilbr.- og félmn. hafa nú gert grein fyrir afstöðu sinni til frv. og lýst till. sínum, og þykir mér hlýða, áður en þessari umr. lýkur, að segja um þetta nokkur orð.

Skal ég þá leyfa mér fyrst að minnast á brtt. frá hv. meiri hl. n. Hann ber fram 8 brtt. í meira en einum lið, og er þar skemmst um að segja, að ég get fyrir mitt leyti fallizt á þær allar og tel þær eðlilegar.

1. brtt. er um það, hvernig afla skuli tekna til þess að ná þeim 40 millj. kr., sem ríkissjóður hefur heitið að leggja fram til byggingarsjóðsins, og er auðvitað ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður þurfi að afla tekna á móti þeim útgjöldum. Þetta er gert með því að þrefalda fasteignamatið til eignarskatts á fasteignum, og var það valið sem leið frekar en aðrar leiðir, sem höfðu verið til umtals. Í júnísamkomulaginu margnefnda, sem oft er vitnað til í þessu sambandi, stendur, að tekna í þessu skyni skuli aflað úr ríkissjóði, með fasteignaskatti eða á annan hátt. Fasteignaskatturinn var lengst til athugunar til að byrja með, en það bar tvennt til, að sú leið var ekki valin. Í fyrsta lagi það, að kaupstaðirnir eða sveitarfélögin hafa nú upp á síðkastið haft þennan tekjustofn, og var þess vegna talið erfitt að taka nokkurn hluta hans frá sveitarfélögunum og láta hann ganga til þessara mála, þó að ekki væri beint til ríkissjóðs, var það þó a. m. k. frá sveitarfélögunum tekið. Önnur ástæðan var sú, að þessi fasteignaskattur mundi hafa komið tiltölulega illa við þá, sem nýlega voru búnir að byggja, því að þá var ekkert tillit tekið til þeirra skulda, sem þeir höfðu stofnað til í sambandi við bygginguna. Með því að afla teknanna á þennan hátt, með eignarskatti, þar sem tekið er inn sem eign þrefalt fasteignamat, er þetta að nokkru leyti álag á fasteignirnar, án þess þó að vera fasteignaskattur, en um leið tekið tillit til þeirra skulda, sem stofnað hefur verið til, því að eignin verður auðvitað í heild þeim mun minni sem skuldirnar, sem á hvíla, eru meiri. Og fasteignamatið er í flestum tilfellum svo lágt, að þeir, sem nýbúnir eru að byggja a. m. k., hafa stofnað til skulda, sem eru meiri en þrefalt fasteignamat og kemur þess vegna létt niður á þeim í hlutfalli við hina, sem eldri eru og þola þennan skatt betur.

2. brtt. er um það, að framfærslukostnaðarvísitalan verði ekki notuð, eins og var í frv., heldur komi kaupgreiðsluvísitala í staðinn, og mun það vera eftir óskum eða till. frá Alþýðusambandsmönnum, því að sú ósk kom fljótlega fram, eftir að þetta frv. var lagt fram, að kaupgreiðsluvísitalan skyldi notuð, en ekki framfærsluvísitalan, og er það gert til samræmis við þá vísitölu, sem launþegar fá sitt kaup greitt eftir, og þess vegna skapast samræmi á milli þess vísitöluálags, sem menn fá á kaup sitt, og þess vísitöluálags, sem kemur á lánin. Ég get þess vegna fyrir mitt leyti vel fallizt á þessa brtt.

3. brtt. er um það, að Öryrkjabandalagi Íslands verði veittur möguleiki til þess að taka lán til byggingar leiguíbúða handa fötluðum, og það er komið inn vegna eindreginna tilmæla frá Öryrkjabandalaginu, sem lengi hefur verið að brjótast með það í huganum að reyna að útvega fötluðum húsnæði við þeirra hæfi og með viðráðanlegum kjörum.

Þá er í 4. brtt. gert ráð fyrir, að viðmiðunarupphæðin, sem lán húsnæðismálastjórnar megi ekki fara fram úr, sé 3/4 hlutar verðmætis íbúðar, en ekki 2/3, eins og var í frv., og ég út af fyrir sig hef ekkert við því að segja.

Hinar brtt. eru að meira eða minna leyti afleiðing af þessum till., og eins og ég segi, ég get vel fallizt á það, að þessar brtt. allar verði samþykktar.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir brtt. 1. minni hl. n. og hóf mál sitt á skáldlegum orðum, eins og hans var von og vísa, talaði um, að þróun þessara mála væri nokkuð sambærileg við jakann, sem væri á siglingu undan straumi og vindi, og vildi draga af því nokkra samlíkingu, þ. e. a. s. milli þeirrar breytingar, sem orðið hefði á kostnaði við byggingar hér hin síðustu árin, að ég ætla, í samanburði við það, sem áður hafði verið, og taldi, að ríkisstj. hefði verið á reki með þau mál, og má kannske segja það, að í öllu þessu verðbólgustandi, sem við höfum átt í, höfum við verið á nokkru undanhaldi vegna óviðráðanlegra hluta. En hann vildi draga af þessu, að mér skildist, þann lærdóm eða þær upplýsingar, að byggingarvísitalan hefði hækkað talsvert örar nú upp á síðkastið en hún hefði gert áður. En ég hef gert á þessu nokkra athugun, og mér sýnist við þá athugun, að byggingarvísitalan, frá því að hún var sett í 100 haustið 1955, hafi á næstu 3 árum hækkað um 34% eða að meðaltali um 11.1% á ári. Síðan, í þau 6½ ár, sem liðin eru síðan 1958, síðari hluta ársins, hefur hún hækkað um ekki 11.1%, heldur að vísu 11.8%, og er þar út af fyrir sig ekki ýkjamikill munur á. En sannleikurinn um þetta atriði er sá, að það hefur engin ríkisstj. ráðið að fullu við þetta, og þess vegna má segja, að hin skáldlega líking hv. þm. um ísjakann eigi þarna við nokkur rök að styðjast, ekki einasta hvað snertir núv. ríkisstj., heldur líka þær, sem að undanförnu hafa setið, þær hafa ekki heldur ráðið við þessa þróun.

Þá vildi þessi hv. þm. ekki, að þessar 40 millj., sem ríkissjóður leggur fram, yrðu jafnaðar eða tekna aflað á móti þeim á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, eða samkv. því, sem till. meiri hl. n. gera ráð fyrir. En ekki skildist mér þó á honum, að hann væri efnislega á móti þessu, heldur hitt, að þessi ákvæði ættu ekki heima í þessum lögum, heldur ættu þau að takast upp í skattalögin. Um þetta má náttúrlega endalaust deila. En þetta er tekið inn hér vegna þess, að þetta er tekjuöflun í sambandi við byggingarstarfsemina og ekki tekjuöflun beinlínis í ríkissjóðinn. Þó að tekjurnar, sem koma við þessa hækkun á eignarskattin-

um, fari í gegnum ríkissjóðinn, er það ekki tekjuöflun handa ríkissjóði sjálfum, heldur handa þessari byggingarstarfsemi, og er eingöngu gert til þess að mæta þessum kostnaðarauka ríkissjóðs. Það má vel vera, að það væri í framtíðinni rétt að taka þetta ákvæði inn í skattal., þegar þau verða kódifíseruð eða teknar saman allar þær breytingar, sem á þeim hafa verið gerðar. En eins og málin standa í dag, sé ég ekkert við það að athuga, að þetta ákvæði sé tekið inn hér. Það eru teknar inn í frv. og hafa verið í l. um húsnæðismálastjórn tekjuöflunarákvæði, sem kannske ættu eins vel heima í öðrum l., eingöngu vegna þess, að það hefur þótt eðlilegt, að tekjuöflunarleiðir vegna húsnæðismálanna væru teknar inn í lög um þau efni.

Þá er eitt atriði í brtt. hv. minni hl. beggja, sem virðist hafa verið þeim mikill þyrnir í augum, og það er vísitölutrygging lánanna. Hv. 2. minni hl. hefur lagt fram till. um að undanþiggja vextina þessum vísitöluauka, sem koma kynni, og hv. 1. minni hl. hafði einnig um þetta þau orð, að þetta gæti leitt til mjög mikils skatts á íbúðaeigendurna, sem tækju þessi lán. Það er vissulega rétt, að þessi verðtrygging lánsins eða lánanna kemur niður á þeim, sem lánið tekur, en þó þannig, að um leið hefur verið tekin upp verðtrygging á kaupi, þannig að sá, sem notar — við skulum segja 20% af sínum tekjum til þess að standa undir láninu, þegar það er tekið, hann þarf ekki heldur nema 20% af sínum tekjum til þess að standa undir láninu síðar, þó að vísitala hækki svo og svo mikið, því að tekjur hans hækka eins og afborganirnar og vextirnir af láninu hækka, enda var um þetta greinilega samið við verkalýðsfélögin, þannig að þetta á ekki að skaða lántakanda. En það er náttúrlega ekki hægt að búast við því, að það ástand, sem hv. 9. þm. Reykv. lýsti í þessu efni, geti haldið áfram, þegar hann sagði, að margur maðurinn hefði bjargazt á því, að verðbólga var í landi! Ég held, að þetta sé óholl björgunarstarfsemi og eigi að koma í veg fyrir hana, heldur eigi að reyna að koma því til leiðar, að menn þurfi ekki endilega að æpa á vaxandi verðbólgu til þess að bjarga sér. Og ég tel þetta mjög vafasamt — og ekki einungis það, heldur alveg afleita aðferð að bjarga sér á að gera það með aukinni verðbólgu. En ég legg áherzlu á, að þar sem vísitala hefur verið ákveðin og vísitöluuppbætur hafa verið ákveðnar, þá á hver maður að standa jafnréttur undir því að borga vísitöluuppbót á sitt lán.

Þá gerðu báðir hv. frsm., 1. og 2. minni hl., mjög að umtalsefni, að það væri ranglátt og raunar alveg ótækt, að það yrði tekið vísitöluálag á þessi lán, þar sem ekki hefði verið ákveðið að gera slíkt á öðrum hliðstæðum lánum, og vildi telja, að þetta væri áníðsla á þeim, sem lægst launin hefðu og verst væru settir, því að hinir hefðu aðstöðu til að taka lán á öðrum stöðum, þar sem ekki væri vísitölutrygging á lánum. En ég get upplýst í þessu sambandi, að ríkisstj. hefur haft til athugunar að vísitölutryggja eða skapa möguleika til að vísitölutryggja öll lán til langs tíma. Þetta hefur verið í undirbúningi í Seðlabankanum, og ég ætla, að það sé mjög langt komið að semja það frv. Ég skal ekki fullyrða, að það verði lagt fyrir þetta þing, sem nú á ekki langt eftir að sitja, en drög að frv. eru til, og það er meiningin, eða a. m. k. er það mín meining og ég ætla allrar ríkisstj., að að því máli verði unnið mjög skjótlega. Um þetta vissu hv. þm. náttúrlega ekkert. En þegar það er vitað, þá er a. m. k. engin ástæða til að segja, að hér sé verið að hafa uppi neinn ójöfnuð við þá menn, sem hér er um að ræða, heldur hefur það viljað þannig til, að hér var verið að setja á nýtt kerfi, og þótti þá um leið eðlilegt að gera ráðstafanir til, að menn skyldu ekki bjargast á því, að verðbólga var í landinu.

Þá hefur nokkuð verið rætt um lánsupphæðina. Og ég sé ástæðu til að ræða það nokkru nánar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að lánsupphæðin verði 280 þús. kr. á íbúð. Í till. 2. minni hl. er gert ráð fyrir að hækka þetta upp í 310 þús., og í till. 1. minni hl. er gert ráð fyrir, að lánin verði hækkuð upp í 300 þús. Út af þessu vil ég segja það, að þegar samið var í vor við verkalýðsfélögin, þá var í upphafi gert ráð fyrir, að lánsupphæðin yrði 300 þús., og það var raunar sú till., sem fyrst kom fram og fyrst var rædd. En þá kom fram ósk um, að það yrði reynt að hækka ofboðlítið lánin hjá þeim, sem erfiðast ættu í þessu efni, og það varð að samkomulagi við Alþýðusambandið og verkalýðssamtökin, að þessi lán skyldu almennt lækkuð ofan í 280 þús., en það, sem við það sparaðist, yrði notað til þess að reyna að bæta við hina, sem þyrftu þess kannske þeim mun meira með, eftir till. verkalýðsfélaganna. Ef 750 lán verða veitt á árinu og hvert lán lækkar um 20 þús. kr., þá gefur það 15 millj., og það er einmitt sú upphæð, sem nefnd er í frv. að eigi að nota til þess að hækka lánin hjá þeim, sem sérstaklega þurfa á því að halda, eftir till. viðkomandi verkalýðsfélaga, þannig að raunverulega jafngildir það, sem í frv. er, því, að lánin væru 300 þús. kr., jöfn til allra. Annars má náttúrlega óendanlega deila um það, hvað lánsupphæðin ætti að vera, og ég get ósköp vel fallizt á, að það væri æskilegt og indælt, ef maður gæti hækkað lánin enn þá meira. Ég tel, að með þeim fjáröflunarmöguleikum, sem fyrir hendi eru, þá sé, eins og sagt var hér áðan af hv. 12. þm. Reykv., um tvær leiðir að velja, annaðhvort að draga úr þessum 750 íbúðum og fækka þeim ellegar í öðru lagi, að það safnaðist fyrir hali, eins og gerzt hefur á undanförnum árum, þannig að ég held, að það væri ekki unnt, ekki a. m. k. með þessari fjárveitingu, sem hér er fyrir hendi, eða þeim tekjumöguleikum, sem húsnæðismálastjórn hefur, að hækka lán-

in úr 280 þús. og veita þessi aukalán til félaga í verkalýðsfélögum, nema því aðeins að það komi til þá einhver meiri fjáröflun en gert er ráð fyrir í frv.

Þá kom það fram í ræðum beggja frsm., 1. og 2. minni hl., að ríkisstj. hefði ekki staðið við júnísamkomulagið. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hélt því beinlínis fram, að júnísamkomulagið hefði verið rofið, en hv. 9. þm. Reykv. orðaði þetta anzi skemmtilega, á þá leið að segja, að það hefði ekki sem skyldi verið staðið við samkomulagið. Ég veit ekki, hvort það er til mismunandi gráða af því að standa við það, sem menn hafa tekið að sér, eða ekki. Mér hefur skilizt, að annaðhvort yrði maður að standa við það eða standa við það ekki. En hv. þm. orðaði þetta nú svona, og meinar hann þá sjálfsagt eitthvað sérstakt með því, að það hafi ekki sem skyldi verið staðið við samkomulagið. Og hann rökstuddi það aðallega með því og meira að segja báðir, að skattar hefðu á s. l. ári verið með eindæmum og þeir hefðu gert ýmsum manninum erfitt lífið og torveldað það, að þeir gætu komizt af, eins og þeir hefðu búizt við að gera. En ég vil bara benda á það, að þessir skattar voru ákveðnir áður en júnísamkomulagið var gert, og það var þess vegna ekki við neinn að sakast nema þá sjálfa, sem höfðu samþ. þau skattalög og lög um tekjustofna sveitarfélaga, sem afgr. voru hér á Alþingi, áður en júnísamkomulagið var gert. Að tala um það, að skattar, sem lagðir voru á eftir l., sem búið var að samþykkja áður en júnísamkomulagið var gert, brjóti í bága við samkomulagið, það getur undir engum kringumstæðum staðizt eða talizt nein brigð við það samkomulag, sem gert var, eftir að þessi tekjuöflunarlög voru samþ., það er alveg útilokað.

Annars má ýmislegt segja um þetta fram og til baka. Ég hef heyrt það nefnt t. d., þó að ég sé ekki að halda því fram, að það hafi sum verkalýðsfélög farið lengra í sínum kauphækkunum en júnísamkomulagið gerir ráð fyrir. En eins og við vitum, var það forsenda fyrir júnísamkomulaginu, að grunnkaupið yrði ekki hækkað. Allt í allt verður niðurstaðan af mínum umþenkingum sú, að ég get ekki mælt með því, að till., hvorki 1. né 2. minni hl., verði samþ. Till. 1. minni hl. eru eingöngu við 7. gr., og ég hef rakið þær breytingar án þess að orða það beint í sambandi við breytingarnar sjálfar. Ég get ekki samkv. þeim rökum, sem ég hef flutt, mælt með því, að þeirra till. verði samþ.

Hv. 9. þm. Reykv. kom að því í ræðu sinni, að það væri mikill skaði, að nú ætti að ákveða í fjárlögum, hversu miklu fé skyldi verja til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og það væri afturför frá því, sem verið hefði nú 2 eða 3 síðustu árin. Eins og hv. þm. muna, var það áður fyrr í l., að framlög ríkisins til heilsuspillandi húsnæðis voru ákveðin í fjárlögum og framlög ríkissjóðs við þá fjárlagaákvörðun bundin. En fyrir stuttu var þessu breytt þannig, að það var lagt í vald sveitarfélaganna, hversu mikið þau gerðu að því að útrýma heilsuspillandi húsnæði, og ríkissjóður varð svo að gera svo vel að greiða eða lána jafnmikið á móti. Þetta hefur svo orðið til þess, að þessi framlög hafa margfaldazt alveg gífurlega, og ríkissjóður hafði í byrjun ársins enga hugmynd um, hversu mikið hann þyrfti að greiða í þessu skyni. Ég man ekki tölurnar, en það er alveg öruggt, að frá því að þessu ákvæði var breytt, þá hefur framlagið margfaldazt, en þannig er þetta ekki um nein framlög, sem ríkissjóður greiðir til opinberra framkvæmda. Við skulum taka t. d. hafnargerðir. Ríkissjóður á að borga 40%, í flestum tilfellum, af því, sem höfn kostar. En það er ákveðið í hverju einasta tilfelli, hvað ríkissjóður þurfi að greiða á hverju ári. Alveg eins er með skóla, alveg eins er með sjúkrahús. Það er ákveðinn hluti af byggingarkostnaðinum, sem ríkissjóður á að greiða, en alls staðar ákveðið hámark í fjárlögum. En að hafa það alveg opið, það leiðir til þess, að ríkissjóður eða ríkisstj. hefur engin tök á því að „kontrolera", hve mikið er gert á hverju ári, ef það á bara að borga jafnmikið og sveitarfélögin vilja láta gera. Ég held þess vegna, að þetta ákvæði sé alveg nauðsynlegt. Ef menn vilja láta vinna eitthvað dálítið verklega, þá er leið til þess að taka það upp í fjárlögin fyrir fram, heldur en að það komi á ríkissjóðinn, án þess að það hafi verið gert ráð fyrir því.

Ég held, að það hafi ekki verið miklu meira, sem ég þarf að nefna. Hv. 12. þm. Reykv. gerði grein fyrir nokkrum atriðum, sem ég hafði annars ætlað mér að ræða, en ég sé enga ástæðu til þess að endurtaka það hér, sem hann sagði. Ég sem sagt legg til, að till. meiri hl. verði samþ., en till. minni hl. felldar.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég held ég geti lofað því að komast af með stutt mál, en þó get ég ekki látið vera að gera svolítið fyllri grein fyrir ýmsum atriðum, sem ég fann að höfðu verið misskilin, t. d. af hv. formanni húsnæðismálastjórnar, 12. þm. Reykv. Og má vera, að það sé von, að hann hafi misskilið þetta, því að hann var ekki viðstaddur, þegar framsögur fóru fram. Hann segir, að það sé tvennt, sem við í minni hl. leggjum áherzlu á að breyta þurfi, þ. e. að vísitölubinding megi ekki vera alger, og annað, að það megi ekki krefjast fyrirframloforða á lánum. Það er misskilningur hjá hv. þm., að fleiri séu ekki aðalatriðin, og ég vil segja, að ég taldi, að fyrirframloforð að því er snertir lán handa þeim, sem ætla að byggja, mundu vera nauðsyn og væru eðlileg til þess að tryggja það, að stofnunin hefði yfirlit yfir verkefni sín. Ég geri þess vegna ekki tillögur um, að það sé upphafið að heimta, að fyrir fram hafi verið lofað lánum til þeirra, sem ætla að byggja. Og ég tel, að þeir geti yfirleitt sér að meinalausu fullnægt því að sækja um fyrir fram og aflað sér loforða. Hitt tel ég of strangt, að þeir, sem ætla að kaupa hús, nýtt hús, oft með sama sem engum fyrirvara og oft þannig, að þeir verða að segja af eða á, hvort þeir ætla að kaupa, verði að afla lánsloforða fyrir

fram. Ég tel það of strangt, að til þess sé ætlazt, að þeir sæki um fyrir fram í hverju tilfelli og afli sér loforðs, áður en þeir ráðast í kaup. Og till. mín er um það, að sú undantekning sé gerð með þá, að það sé ekki krafizt af þeim, að þeir sæki og fái loforð, áður en þeir fá afsal fyrir eigninni. Það tel ég eðlilegt. Og eftir því sem hv. 12. þm. Reykv. lét orð falla í sambandi við þessi atriði, þá vonast ég eftir því, að hann geti fallizt á brtt. mína. Ég veit, að þetta getur snert alla, hvar sem þeir eru staddir á landinu, en sérstaklega er það torvelt fyrir þá, sem eru fjarri vinnustöðum húsnæðismálastofnunarinnar, að fullnægja því, ef þeir ætla að kaupa, að afla lánsloforðs, áður en þeir ráðast í kaupin. En þeir geta samið þannig, að þeir geti sótt og aflað loforðs, áður en afsalið er gefið fyrir eigninni.

Hv. 12. þm. Reykv. sagði, að vísitölubinding væri samkv. júnísamkomulaginu. Þetta er vitanlega rétt. Þarna brá hann upp róðukrossinum. En hann minnist þess vafalaust, að mennirnir, sem komu frá Alþýðusambandinu, þeir sem höfðu staðið að samningunum í júní s. l., einmitt óskuðu eftir því, að linað yrði á þessu ákvæði. Og þeir færðu gild rök fyrir því. Ekki það, að þeir héldu því fram, að júnísamkomulagið hefði verið rofið, og það er misskilningur hjá hæstv. félmrh., að ég hefði haldið því fram, að það hefði beinlínis verið rofið. En þær viðmiðanir, sem hafðar voru, þegar júnísamkomulagið var gert, hafa breytzt þannig, að uppfylling þess eða efndir þess þyrftu að vera aðrar nú, ef þær ættu að vera jafngóðar og búizt var við, að þær gætu orðið eftir sömu reglu í júní. Það má á það minna, að byggingarvísitalan var þá 219, en hefur hækkað um 18 stig síðan, upp í 237. Þeir litu svo alvarlega á þetta, að ég held, að ég fari rétt með, að það kom meira að segja fram fsp. um það úr þeirri átt, hvort ekki gæti komið til mála að leyfa fólki að velja um, hvort það vildi heldur vísitölubindingarsamninginn eða gömlu samningana með hærri vöxtum.

Þá sagði hv. 12. þm. Reykv., að menn ættu að standa líkt að vígi, þó að vísitölubundin væru lánin, vegna þess að nú væri tekin upp kaupgjaldsvísitala eða vísitala á kaupgjald. Þetta er rétt, það sem það nær. En eins og ég sagði áðan, þá er engin trygging fyrir því, að kaupgjaldsvísitalan verði alltaf, og í öðru lagi eru aðrir aðilar í þjóðfélaginu, sem eru ekki bundnir þessum kjörum, heldur semja upp á það að mega borga í sömu krónutölu. Ég er ekki að segja, að það væri ekki æskilegt að hafa öll lán vísitölutryggð. Fyrst og fremst ætti helzt að hafa allt sparifé tryggt, og þá leiðir það af sér, að lán þurfa að vera tryggð á móti. En meðan það er ekki upp tekið, er ekki rétt að setja þessi skilyrði við suma menn, og ég finn ekki betur en að úr því að húsnæðismálastofnunin ætlar sér að lána á þessu ári helmingnum af þeim, sem byggja, bara helmingnum og binda þá þessum samningum, en hinn helmingurinn sækir lán sín á aðra staði, sem ekki gera þessar kröfur, þá séu viðskiptamenn húsnæðismálastofnunarinnar verr leiknir en hinir. En þar sem hún er ríkisstofnun og skv. tilgangi hennar þá finn ég ekki betur en það sé bein fjarstæða, að þjóðfélagið, sem heldur uppi þessari stofnun, leiki þennan hóp manna þannig.

Nú sagði hæstv. fjmrh., og það var ný upplýsing fyrir mig, að verið væri að athuga það að vísitölubinda öll fjárfestingarlán. (**Gripið fram í:** Löng lán.) Öll löng lán. Það eru út af fyrir sig fréttir. En það eru ekki nægar fréttir fyrir mig til þess, að ég breyti um skoðun á því, að það eigi ekki að vísitölubinda lánin hjá húsnæðismálastofnuninni nema að því leyti sem svarar til þess visitölutryggða útlánsfjár, sem hún hefur yfir að ráða og notar til lánastarfseminnar, því að ég tel, að það sé engin ástæða til þess að byrja á þessum aðilum. Ég tek undir það með hv. 9. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, að ég tel, að það sé byrjað á öfugum enda með því, og það er til þess að gera svo auðvelt að breyta lögum, að það ætti að mega breyta þessari löggjöf, þegar hin löggjöfin er sett. Ég legg áherzlu á það, og ég skil varla í öðru en að menn séu yfirleitt þannig hugsandi, að þeir telji rétt, að það nýja lánakerfi, sem sett verður væntanlega eftir upplýsingum frá hæstv. ráðh., hvernig það mál hefur verið í athugun og að hverju stefnir í því, að þegar það kerfi verður sett, þá gangi það yfir alla samtímis, en húsnæðismálastofnunin eigi ekki að byrja nú þegar.

En það var fleira en þetta tvennt, sem hv. 12. þm. Reykv. taldi aðeins, að við hefðum gert að aðalatriðum í brtt. okkar minni hl. þm. Við lögðum áherzlu á lánsfjárhæðir. Við í 1. minni hl. viljum hækka lánsfjárhæðina upp í 300 þús. og skírskotum til þess, að það svari til þess ástands, sem var, þegar júnísamkomulagið var sett. Það svarar til þeirra viðmiðana, sem þá voru fyrir hendi. Enn fremur viljum við, að vísitala sé notuð á lánsfjárhæð, svo að hún hreyfist með byggingarkostnaði. Þá viljum við enn fremur lengingu lánstímans, því að við teljum fráleitt að hafa skemmri lán en 35 ára lán, þegar um fjárfestingu sem þessa er að ræða, og gerum það að einu aðalatriðinu í okkar brtt. En hv. 12. þm. Reykv. hefur ekki athugað þessar till. nægilega. Hann hefur yfirleitt talið sjálfsagt að fylgja því, sem búið var að samþ. hjá hæstv. þingmeirihluta, skilst mér.

Þá benti hann á það, að ef ætti að fara að hækka lánin, þá mundi það ekki leiða annað af sér en meiri biðröð, og lagði ríka áherzlu á, hvað það væri þýðingarmikið að eyða biðröðinni, sem verið hefði. Frá vissu sjónarmiði er það vitanlega rétt. En nú kemur okkur yfirleitt saman um það, að það fé, sem fyrir hendi er til útlána, sé of lágt og það þurfi að stefna að því í framtíðinni að fá meira fé inn í húsnæðislánakerfið. Og ég efast ekki um það, að biðröðin hefur rekið eftir, hún hefur hjálpað húsnæðismálastjórn til þess að leggja áherzlu á kröfur sínar um meira fé til lána. Mér er sem

ég heyri undirtektir ríkisvaldsins við beiðni húsnæðismálastjórnar, þegar hv. formaður húsnæðismálastjórnar tilkynnir um leið: Nú er engin biðröð. — Það er þess vegna bæði kostur og galli af þessum biðröðum. (**Eggþ:** Það er ekki rétt, ég sagði, að það væri ársbiðröð fyrir utan það.)

Hæstv. félmrh. sagði, að ég hefði gefið villandi upplýsingar um vísitöluhækkun á síðustu árum. Mér skildist á honum, að vísitöluhækkunin síðustu árin hefði verið 11.8% og það væri mjög sambærilegt við tímabil áður. Mér finnst, að í þessu muni vera einhver villa, sem að sjálfsögðu er óviljandi, því að ég sé ekki betur eftir upplýsingum frá Hagstofunni en að hækkunin frá 1960—61 hafi verið 20 stig, frá 1961—62 21 stig, frá 1962—63 9 stig, frá 1963—64 29 og frá 1964—65 26, eða samtals á þessum 5 árum 105 stig. En það má líka skoða þetta í stigunum. Hann tekur inn í þetta dæmi sitt „árið sitt", sem hann má á vissan hátt grobba af, að þá varð hækkun í vísitölunni um 1 stig, hvað sem það er nú í prósentum. En allt bendir glögglega á það, að hraðinn hafi aukizt og það mjög mikið, frá því að hæstv. félmrh. beitti sér fyrir því sem forsrh., að niðurfærslur áttu sér stað.

Ég vil ekki lengja þessar umræður meira. Það er náttúrlega endalaust hægt að tala um þessi mál. Það er hægt að láta ýmsar tölur tala. Þær segja aldrei allan sannleikann. Þær eru til viðmiðunar, en ég leyfi mér að vænta þess, að þessar till., sem við í 1. minni hl. flytjum, fái góða meðferð hjá öllum þeim, sem gera sér það fullkomlega ljóst, að hér er mikilsvert mál og að hægt er að gera mikið, ef rétt er á haldið og vel notaðir þeir tekjumöguleikar, sem eru hjá þjóðfélaginu, og vil ég þar með skírskota til þess, að tekjuöflun ríkissjóðs hefur a. m. k. fjórfaldazt á síðustu árum.

Að lokum vil ég svo geta þess, að ég er mótfallinn 1. till. meiri hl., sem hæstv. ráðh. vill réttlæta, þó að hann viðurkenni hins vegar, að það geti verið spursmál, hvort ekki sé betri staður til og rökréttari fyrir þessa viðbótartillögu heldur en þetta. Ég tel hiklaust, að þessi till. eigi ekki þarna heima. Ég tel það fyrst og fremst af því, að þetta er tekjuöflun, sem gengur í ríkissjóðinn og ríkissjóður skilar, og hann skilar ekki heldur þessari upphæð, því að hún er ekki miðuð við 40 millj. Það er mjög handahófslegt vitanlega að þrefalda undir eignarskatt fasteignir og ómögulegt að segja fyrir fram, hvað það muni gera, vegna þess að það fellur inn í annað eignaframtal hjá gjaldendum. Ég tel það óprýði á löggjöfinni að vera að hengja þennan posa þarna, þar sem á að hengja hann við löggjöfina um húsnæðismálastofnunina. Það minnir mann á þá fjáröflunarmenn í gamla daga, sem söfnuðu í vettlinga, marga vettlinga og geymdu einn á þessum stað og annan á hinum. Ég held, að menn ættu að leggja dálitla áherzlu á það, að löggjöfin sé heilsteypt og rökrétt, en ekki gerð með svona vettlingatökum.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 311, n. 400, 409 og 421, 401, 410, 411, 436).

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Þeir flokksbræður, hæstv. félmrh. og hv. 12. þm. Reykv., fluttu hér ræður við þessa umr. í fyrradag, þar sem þeir gagnrýndu till. okkar minnihlutamanna. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessar ræður. Mér þótti heldur lítið fara fyrir röksemdum í þeim, enda varla við því að búast, eins og þessi mál horfa við nú. Það er eitt lítið dæmi um rakafátækt þessara hv. ræðumanna, að hæstv. félmrh. fann sér það ekki sízt til að fetta fingur út í það, að í minni ræðu hafði ég sagt, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki sem skyldi staðið við júnísamkomulagið. Um þetta ræddi hæstv. ráðh. nokkuð, og mér skildist á gagnrýni hans, að hann telji þetta orðalag miður heppilegt, ef ekki rangt frá siðrænu sjónarmiði, og hann hefði talið, að hér hefði átt að segja það, sem í þessu fælist, beinum orðum, að ríkisstj. hafi svikið júnísamkomulagið. Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta í sjálfu sér, en um alger svik í júnísamkomulaginu talaði ég ekki. Það verður þá að vera dómur hæstv. ráðh., og ég geri ekki þann dóm að mínum dómi alveg án fyrirvara. En þetta var aðeins dæmi, sem bendir til rakaskorts þeirra hv. ræðumanna, sem ég gat hér um.

Hæstv. ríkisstj. lofaði því að létta fátækum íbúðabyggjendum vaxtabyrðina og haga lánskjörum í samræmi við greiðslugetu þeirra. Þetta er vert að hafa í huga, þegar það er athugað, að fram til þessa tíma hafa menn, sem tekið hafa lán hjá húsnæðismálastofnuninni, orðið að endurgreiða lánsfjárhæðina rúmlega tvöfalda til baka, en framvegis samkv. frv. eiga lántakendur að endurgreiða sömu upphæð nærri sjöfalda. Þetta þykir mér ástæða til að leggja áherzlu á. Þannig eru þá efndirnar í þessu efni. Bæði hæstv. félmrh. og hv. 12. þm. Reykv., en hann er formaður húsnæðismálastjórnar, gerðu þetta atriði að umtalsefni. Og þeir vildu báðir gera lítið úr þessari sjöföldun endurgreiðslna og töldu, að sú aukning á byrðinni væri í rauninni ekki þung eða mundi ekki reynast þung. Og þeir færðu sömu rök fyrir máli sínu, að hækkuð vinnulaun mundu á komandi tímum fylgja hækkaðri vísitölu. Ég vil í þessu sambandi benda á, að þessi afsökun þeirra byggist á algerlega rangri forsendu. En forsendan er sú, að vinnulaun hafi ekki hækkað að undanförnu, þar eð þau hafi ekki verið í tengslum við vísitölu, en eigi eftirleiðis að hækka. Sannleikurinn er auðvitað sá, að vinnulaun hafa farið hækkandi með aukinni dýrtíð á undanförnum árum, eins og verða mun í framtíðinni. Í því efni er ekki um neinn mismun að ræða, en á þeim mismun hljóta hv. ræðumenn að hafa byggt afsökun sína. Eftir stendur þá óhaggað, að greiðslubyrðin í stað þess að tvöfaldast á nú eftirleiðis að sjöfaldast, svo framarlega sem gert er ráð fyrir

sama verðbólguvexti framvegis og verið hefur að undanförnu.

Hv. 12. þm. Reykv. ræddi nokkuð þá till. minni hl. n. að hækka lánin úr 280 þús. Hann virtist telja þær till. fráleitar. Hann gerði sig meira að segja sérlega ábyrgan á svip og alllandsföðurlegan í rómi, þegar hann hneykslaðist á því ábyrgðarleysi, sem kæmi fram í slíkum till. Mig minnir, að hann hafi í þessu sambandi talað um óskhyggju, en það kann að vera misminni. Hann spurði: Hvar á að taka þetta fé, eða ætlast flm. brtt. til þess, að lánum verði fækkað að sama skapi sem þau hækka? Og það var helzta leiðin, sem mér virtist hann sjá. Ef að því ráði yrði horfið að hækka lánin, þá yrði að fækka þeim um leið, og það taldi hann ekki æskilegt, og það teljum við minnihlutamenn áreiðanlega ekki æskilegt heldur. En það er rétt að athuga það, hvaða fúlgu er hér um að ræða. Hér er um að ræða upphæð, sem mun nema nálægt 20 millj. kr. Stærri er nú upphæðin ekki til þess að geta hækkað lánin úr 280 þús. í 300 þús. eða 310 þús., eins og við leggjum til. Þetta er allt og sumt, svo að það er ekki furða, þótt hv. þm. sjái enga færa leið út úr slíkum vanda.

Ég skal ekki tefja tímann með því að telja upp þær leiðir, sem ég sé, en ég skal fúslega benda þessum þm. á 10—20 leiðir út úr þessum vanda, 10—20 leiðir til þess að afla þessara 20—25 millj. kr. í góðu tómi. Hitt ætti okkur öllum að vera ljóst, að með þeirri fjáröflun, sem nú hefur verið gerð, er ekki vandinn leystur á neinn hátt. Það verður áframhaldandi að leita að nýjum úrræðum til fjáröflunar alveg á næstunni, því að ef vel á að fara, verður að síauka það fjármagn, sem húsnæðismálastjórn hefur til ráðstöfunar. Þetta hygg ég, að öllum geti verið ljóst. Ég skal ekki fara frekar út í ræður þeirra, sem andmæltu okkar brtt. Hæstv. félmrh. skar þær allar niður með tölu í ræðu sinni og lagði það til án þess að blikna eða blána, að þær yrðu allar felldar hér í hv. deild.

En það var eitt að lokum í ræðu hæstv. félmrh., sem ég vil aðeins drepa á, og það var hans athyglisverða yfirlýsing um, að ríkisstj. hefði nú í athugun að vísitölubinda öll lán, sem veitt eru til langs tíma, og hann boðaði það enn fremur, að væntа mætti lagafrv. um það efni bráðlega, ef ekki á þessu þingi, þá í byrjun næsta þings.

Ef marka má þennan boðskap, og um það leyfi ég mér ekki að efast, gefur hann beinlínis tilefni til þess, að verðtryggingu lána húsnæðismálastofnunarinnar verði frestað um sinn. Eða er nokkur ástæða til þess að binda klafann um háls þeirra efnaminnstu nú þegar, en fresta þeirri aðgerð, þegar í hlut eiga hinir efnameiri? Það væri, eins og ég orðaði það í ræðu minni í fyrradag, að byrja á öfugum enda. Ýmsir hafa haldið því fram og e. t. v. með réttu, að verðtrygging allra innlána og útlána mundi góður hemill á verðbólgunni og þess vegna sé slík verðtrygging æskileg. Hvað sem um það er, og það skal ég ekki ræða nú, er hitt víst, að vísitölubinding lána húsnæðismálastjórnar hefur engin minnstu áhrif til stöðvunar verðbólgunnar, ef hún ein er tekin út úr eða þau lán ein eru tekin út úr. Það er þess vegna gersamlega ástæðulaust frá því sjónarmiði að taka lán húsnæðismálastofnunarinnar út úr og verðtryggja þau nú, en láta önnur lán til langs tíma bíða. Mér fannst þessi yfirlýsing hæstv. félmrh. m. ö. o. styðja það, sem við höfum haldið fram hér, að ekki sé vert að svo stöddu að vísitölubinda að öllu leyti lán og vexti húsnæðismálastofnunarinnar. Hitt viðurkenni ég, að um leið og öll löng lán verði vísitölutryggð almennt og undantekningarlaust, mun ekki heldur óeðlilegt með öllu a. m. k., að lán húsnæðismálastjórnar fylgist þar með, en ég tel, að vísitölubinding þeirra lána eigi ekki að verða einum degi fyrr en annarra lána.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mikið og ætla ekki að blanda mér í þær með því að ræða um þau atriði, sem fram hafa komið í umr. yfirleitt, heldur kveð ég mér aðeins hljóðs til þess að gera stuttlega grein fyrir brtt., sem ég hef lagt fram ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. á þskj. 436. Till. gengur út á það, að í 7. gr. eftir setningunni „Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum“ — og þar leggur meiri hl. heilbr.- og félmn. til, að verði bætt við „Öryrkjabandalagi Íslands“, þá leggjum við til, að við þessar setningar bætist: „og einnig stjórn stúdentagarðanna til byggingar íbúða fyrir kvænta stúdenta“. Ég skal ekki eyða tímanum í það að gera hér grein fyrir nauðsyn þess að byggja slíkar íbúðir fyrir kvænta stúdenta, sökum þess að hv. alþm. er það mál kunnugt, því að fyrir nokkru var útbýtt hér í hv. Alþ. skýrslu frá nefnd stúdenta, sem um það mál fjallaði. Samkv. þeirri skýrslu kemur í ljós, að um 40% stúdenta við Háskóla Íslands eru kvæntir.

Það liggur í augum uppi, að þessir kvæntu stúdentar þurfa að taka sér á leigu íbúðir, og það er því ekki síður lausn á hinum almennu íbúðavandamálum að byggja þessa svonefndu hjónagarða heldur en hverjar aðrar íbúðir, sökum þess að stúdentarnir taka að sjálfsögðu ekki annað húsnæði, á meðan þeir búa þar. Þess vegna virðist okkur flm. þessarar till. ekki óeðlilegt, að húsnæðismálastjórnin stuðli að byggingu hjónagarða með sama hætti og annarra íbúða í landinu og inn í þessa grein verði sett heimild um það, að húsnæðismálastjórn hefði heimild til þess að veita slík lán til stjórnar stúdentagarðanna. Okkur flm. er að sjálfsögðu ljóst, að þetta er í sjálfu sér engan veginn nægilegt til þess að tryggja það, að hægt sé að byggja þessa hjónagarða. Það verður að sjálfsögðu að finna aðrar leiðir til þess að tryggja það. En eigi að síður virðist okkur

eðlilegt, að slíkar íbúðir gætu notið eðlilegrar lánsfyrirgreiðslu með sama hætti og aðrar íbúðir í landinu.

Þar sem þessi till. er svo seint fram komin sem raun ber vitni, þykir mér eðlilegt að taka hana aftur til 3. umr. og leyfi mér að fara þess á leit við hv. heilbr.- og félmn., að hún taki til athugunar fyrir 3. umr., hvort hún gæti ekki mælt með þessari till. Ég sé nú ekki hv. formann heilbr.- og félmn. hér í salnum, en ég vildi leyfa mér að biðja hv. frsm. meiri hl. um að hlutast til um, að þetta verði hugleitt í n., áður en 3. umr. fer fram.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tala almennt um þau mál, sem hér eru á dagskrá, húsnæðismálin, þó að margt mætti um þau segja og þau séu óefað meðal hinna merkustu mála, sem Alþingi hefur nú við að fást, og fá mál snerti menn jafnalmennt eins og þau. Þau mál eru mikið vandamál, það viðurkenna allir. Þau mál hafa verið mikið vandamál, sem hver ríkisstj. á fætur annarri hefur haft við að glíma, og hefur yfirleitt ekki tekizt að leysa þar allan vanda, það skulum við líka viðurkenna. Og það er ákaflega hætt við því, að þessi mál verði vandamál framvegis, og kannske verður þetta eitt af þeim eilífðarmálum, sem við verður að glíma. Það er, hygg ég, bezt að ræða þessi mál af nokkurri hófsemi. Ég held, að það sé rétt að gera ekki of mikið úr þeim till., sem felast í þessu frv. og til bóta snúa. Ég held, að það sé sjálfsagt að viðurkenna þær. En ég held líka, að það sé mjög óvarlegt af formælendum þeirra till. að halda því fram eða láta að því liggja, að þar sé allur vandi þessara mála leystur. Það er hætt við því, að svo sé ekki og þau eigi eftir að koma til kasta Alþ. framvegis sem vandamál. En sem sagt, um þessi mál almennt ætla ég ekki að ræða, heldur er ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, sú, að ég vildi aðeins víkja hér að einni brtt., sem fyrir liggur frá hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., en það er brtt. nr. 1 á þskj. 401. Sú brtt. er þannig vaxin, að ég vil ekki láta hana hér fram hjá mér fara án þess að óska eftir nokkrum skýringum á henni og gera við hana nokkrar aths.

Ég vil þá fyrst leyfa mér aðeins með örfáum orðum að undirstrika það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að þessi brtt. mundi ekki vera á réttum stað, hún eigi ekki heima í sambandi við þá lagasetningu, sem hér er á döfinni, heldur ætti hún heima í sambandi við breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Ég tek nú alveg undir þessa skoðun. Og mér finnst það vera ákaflega einfalt mál, svo einfalt mál, að t. d. lögfræðingar, þó að þeir deili nú um margt, ættu varla að geta deilt í alvöru um það, að þessi brtt. á ekki heima sem breyting við lög um húsnæðismálastjórn. En í þessari brtt. er mælt svo fyrir, að það skuli miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað, eins og þar segir, en síðan bætt svo við: „Þetta gildir þó ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum.“ Þessi brtt. snertir ekki neitt ákvæði í húsnæðismálastjórnarl. eða því frv., sem hér liggur fyrir. Hún er að vísu viðauki við það ákvæði í þeim l., sem segir, að 40 millj. kr. skuli lagðar til þessara mála úr ríkissjóði. En hún ætti því aðeins heima í sambandi við þessi lög, að það væri gert ráð fyrir því, að myndaður væri sérstakur sjóður, húsnæðismálasjóður, og þessi aukni eignarskattur ætti beint í hann að renna. En enn augljósara er það, að hún á ekki þarna heima, vegna þess að hún fjallar um og breytir efni annarra l., sem sé l. um tekju- og eignarskatt. Þar er það alveg skýrt fram tekið, — það var í 19. gr. þeirra l., ég skal nú ekki fullyrða, að það sé í sömu gr. núgildandi tekju- og eignarskattsl., — en þar stendur skýrum stöfum, að eignarskattur skuli lagður á eða miðaður við virðingu fasteigna eftir fasteignamati. Ef þessi till. verður að lögum, væri hún að breyta þessu ákvæði í tekju- og eignarskattsl., og þess vegna á hún að vera breyting við þau lög. Þetta er, held ég, ákaflega einfalt og augljóst mál. Og það ætti nú að vera hægurinn hjá fyrir hv. meiri hl. félmn. og öllu heldur þó hæstv. ríkisstj., því að þótt þessi brtt. sé nú flutt í nafni félmn., er hún þess efnis, að mér dettur ekki í hug, að meiri hl. félmn. hafi tekið hana upp hjá sjálfri sér, heldur geng ég út frá því, að hún sé runnin undan rifjum hæstv. ríkisstj., — þá ætti að vera hægurinn hjá, fyrst hæstv. ríkisstj. er nú áhugamál að koma fram þessari auknu skattheimtu, að koma henni að í sambandi við breytingu á tekju- og eignarskattsl., því að margbúið er að boða það, að það standi til að breyta þeim l., og ég vil í lengstu lög vænta þess, að ekki sé horfið frá þeirri fyrirætlan, enda hefur verið skýrt frá því í blöðum, að ég ætla, að till. um það efni hafi verið lagðar fyrir viðtalsnefnd verkalýðsfélaga, þannig að það má sjálfsagt vænta þess á þessu þingi, að það komi fram frv. til breytinga á l. um tekju- og eignarskatt. Og því þá ekki að gera þessa breytingu í sambandi við þau lög og ganga frá þessu með þeim hætti?

Hæstv. félmrh. lét þess getið í sinni ræðu, að það hefði verið í ráði að lögleiða sérstakan fasteignaskatt til þess að standa undir þessum útgjöldum, en frá því hefði verið horfið. Það má fara ýmsar leiðir að sama marki. Það er horfið frá því að leggja á fasteignaskatt, en það er fundin þessi sérstæða leið að þrefalda fasteignamat á fasteignum til eignarskatts og á þannig að ná sama árangri. Þetta er að vísu nokkur orðalagsbreyting, en niðurstaðan verður kannske nokkuð svipuð að ýmsu leyti eins og það hefði verið lagður á sérstakur fasteignaskattur. Þarna er ekki gengið beint til verks, heldur farin krókaleið í skattheimtu. Það kann stundum að henta, en ekki er það nú viðfelldið, en hvað um það.

Ég hef nú aðeins bent á þetta formlega atriði í sambandi við þessa brtt., en það hefði ekki verið ástæða til þess, að ég hefði farið að standa upp sérstaklega til þess, vegna þess

að það hafði hv. 1. þm. Norðurl. e. bent á og rækilega rökstutt, að þessi brtt., hvað sem efni hennar liði, ætti ekki heima í sambandi við þetta frv. En það er af öðrum ástæðum, sem ég stóð upp, og það er vegna þess efnis, sem í þessari till. felst og ég vil ekki láta fram hjá mér fara, án þess að ég óski, eins og ég sagði áðan, skýringa á því, hvað felst í þessari brtt., og ef það felst í henni, sem ég ætla og augljóst virðist nú vera eftir orðalagi hennar, þá vil ég gera aths. við það. En í þessari brtt. segir, með leyfi forseta:

„Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Þetta gildir þó ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum."

Hér er um að ræða, eins og ég hef þegar sýnt fram á, breytingu á l. um tekju- og eignarskatt. En hér er enn fremur að ég ætla, farið inn á alveg nýja braut í skattamálum. Ég þekki þess ekki dæmi, að eignarskattur til ríkis sé misjafn eftir því, hvar skattgreiðendur eiga lögheimili. Ég þekki þess ekki dæmi. Og ég verð að draga í efa, að þetta sé heppileg regla. Hitt eru dæmi um úr stóreignaskattsl. sællar minningar, að eignir voru metnar mismunandi til þess sérstaka eignarskatts eftir því, hvar þær voru, eignirnir, og það getur út af fyrir sig verið réttlætanlegt, a. m. k. þegar um einn sérstakan skatt er að tefla, að meta eignir misjafnlega eftir því, hvar þær eru, þó að vitaskuld eigi fasteignamatið almennt að vera eftir því sniðið og við það miðað. En það var gert í sambandi við stóreignaskattsl., þá voru, eins og við vitum, fasteignir taldar á misjöfnu verði hér í Reykjavík og öðrum kaupstöðum og svo annars staðar. Hæstiréttur, sem um þetta fjallaði, hafði þau orð um þetta, ef ég man rétt, að það yrði ekki talið, að með þessum hætti væri skattþegnum mismunað svo, að það væri ástæða af þeim sökum að fella skattinn niður. En hann gaf það í skyn og það mátti kannske lesa milli línanna, að það hefði ekki mátt mismuna öllu meir, til þess að þetta stæðist. Nú er það auðsætt, að verðmæti eigna getur verið mjög mismunandi eftir því, hvar þær eru staðsettar. Það getur verið rétt hugsun í því að skattleggja þær mismunandi eftir því, þótt, eins og ég sagði áðan, fasteignamatið eigi auðvitað að vera við það miðað. En að fara inn á þá leið, sem hér er gert, að skattleggja eignirnar mismunandi eftir því, hvar eigendur þeirra eiga lögheimili, það finnst mér nokkuð einkennilegt, og ég verð að segja eins og einu sinni var sagt: Er þetta hægt, Matthías? Þ. e. a. s., ef maður á heima hér uppi í Mosfellssveit, á stóreignir, fasteignir hér í Reykjavík, á kot uppi í Mosfellssveit og á þar lögheimili, þá á ekki að margfalda neitt fasteignamatið á hans fasteignum? Nei, hann á að greiða af einföldu. En maður, sem á lögheimili hér í Reykjavík, á náttúrlega að greiða af þreföldu fasteignamati þeirra eigna, sem hann á hér í Reykjavík, en líka, ef hann ætti jörð t. d. vestur í Strandasýslu, á hann að greiða af þreföldu fasteignamati þeirrar jarðar. Þetta finnst mér ákaflega einkennilegt. Ég hef að vísu ekki haft það mjög á orði, að stjórnarskráin setti skattlagningarvaldi löggjafans miklar skorður. Það hafa aðrir haft það meira á orði en ég, og dómstólarnir hafa hér komizt að þeirri niðurstöðu, að skattalög eða einstök ákvæði þeirra brytu í bága við stjórnarskrána. Og ég verð nú að segja, að miðað við þá dóma, sem hafa gengið í þeim málum, gæti maður látið sér detta það í hug, að svona skattlagningarreglur stæðust ekki gagnrýni dómstólanna. Annað er það, að jafnvel þó að þessi regla stæðist nú, held ég, að hún sé ekki skynsamleg. Ég held, að hún gæti freistað manna til þess að færa lögheimili sitt, en reglurnar um lögheimili hér hjá okkur eru ekki alfullkomnar. Það segir í l. um lögheimili, að þar skuli lögheimili manns vera, sem maður hefur bækistöð eða dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur persónulega muni sína, bækur og fatnað og því um líkt, þannig að það eru engin vandkvæði á því fyrir mikinn fasteignaeiganda hér í Reykjavík og atvinnurekanda hér í Reykjavík að flytja upp á eitthvert kot hér í nágrenni Reykjavíkur og komast þannig á sveitabæ og sleppa þannig við þennan aukaskatt. Ég er ekki að segja, að nokkur muni gera þetta, en þarna er opnuð leið, auðveld leið fyrir menn til þess að komast fram hjá þessu ákvæði, og ég held, að þannig eigi lagaákvæði ekki að vera úr garði gerð, að þau gefi mönnum færi á þessu. Og í annan stað vil ég benda á það í sambandi við félög, að okkar ákvæði um það, hvar félög skuli eiga heima, eru ákaflega ófullkomin. Það segir um það t. d. í hlutafélagalögunum, að það skuli tekið fram í stofnsamningi, hvar heimili og varnarþing hlutafélagsins er, þannig að eftir orðum þeirra l. ráða stofnendur hlutafélagsins, — sem sagt hluthafarnir í félaginu, — hvar það a. m. k. tilkynnir sitt heimilisfang vera. Ég er ekki að fullyrða, að það standist í öllum tilfellum, því að uppi eru kenningar um það, að það séu ýmis atriði, sem frekar eigi að miða heimilisfang félagsins við heldur en skrásetningu, en sé miðað við þetta, sem er í l., og samsvarandi ákvæði er í samvinnulögum, að það er bara gert ráð fyrir því, að það sé tekið fram í samþykktum félagsins, hvar heimilisfang þess er, er það lagt á vald félaganna og félagsins að ákveða heimilisfang sitt. Það gæti vel svo farið eftir þessu, að félög, sem eiga miklar fasteignir, teldu sér hentara að eiga heima á einhverjum sveitabæ heldur en í kaupstað. Ég sé ekki, að það sé neitt, sem hindri það. Það er ekkert í þessum l., sem hindrar það og það er ekkert í l. um lögheimili, sem hindrar það, því að eins og menn vita, eru l. um lögheimili bara um einstaklinga, en fjalla ekkert um félög. Ég verð að segja það, að ef þessi merking er í þessari tillgr., sem mér sýnist vera

alveg augljóst, því að það er ekki hægt að lesa það öðruvísi, er ég alveg forviða á þeirri lagasetningu, og ég efast um, að menn hafi gert sér grein fyrir því, hvað í þessu felst.

Hitt er allt annað mál, ef menn hefðu viljað leggja mismunandi mat á eignirnar eftir því, hvar þær eru. Það er allt annað mál a. m. k., og fyrir því má vissulega benda á viss rök vegna þess, hvað við vitum að fasteignamatið hér er of lágt og alveg óviðunandi, og ég er út af fyrir sig ekki að telja það eftir, að fasteignaeigendur legðu meira af mörkum í þessu skyni heldur en þeir gera nú. Og ég get alveg tekið undir það, að það sé hreint hneyksli, hvað fasteignir eru metnar lágt til skatts. En það á auðvitað að fara þá réttu og einföldu leið í því efni að láta fasteignamatið starfa og breyta fasteignamatinu. Það er hin rétta leið í þessu efni, og það er náttúrlega alveg óviðunandi að láta þau mál vera í þeim ólestri, sem þau hafa verið. Það á auðvitað að leiðrétta fasteignamatið og ná þannig fram réttri viðmiðun í þessu efni. En látum svo vera, á meðan það er ekki gert, að það væri þá miðað við það, hvar fasteignirnar eru. En að miða við það, hvar eigendur fasteignanna eru búsettir, er fyrir ofan og neðan minn skilning.

Mætti ég í þessu sambandi minna á það, úr því að ég er farinn að tala um mismunun á skattþegnum, að ég man ekki betur en hér í Reykjavík yrðu í vetur umr. um það í bæjarstjórn Reykjavíkur og kom fram till. frá framsóknarfulltrúunum í bæjarstjórn, ef ég man rétt, að við álagningu fasteignagjalda yrði gjaldþegnum hér í Reykjavík mismunað á þá lund, að fasteignagjöldin yrðu ekki hækkuð hjá mönnum, sem ættu íbúðir, sem væru innan einhverrar tiltekinnar stærðar, — ég man nú ekki, hvar hún var, kannske 100 fermetrar eða eitthvað því um líkt eða kannske hafi verið miðað við rúmmál, en það skiptir ekki máli. En hvað gerði bæjarstjórn Reykjavíkur við þessa till.? Henni var vísað þar frá, af því að hún var talin fela í sér þá mismunun á gjaldþegnum, sem ekki stæðist. Og ég er alls ekki að segja, að þessi úrskurður bæjarstjórnar Reykjavíkur hafi verið rangur, alls ekki. En ef þessi úrskurður hjá bæjarstjórn Reykjavíkur er réttur, hvað mætti þá segja um þá mismunun, sem í þessu felst?

Ég vil nú mælast til þess, að hv. félmn. taki þessa till. til athugunar, annaðhvort taki hana aftur nú við þessa umr. eða taki hana til athugunar fyrir 3. umr., því að ég held, að það sé ábyggilega óeðlilegt að láta ganga atkv. um svona till. Það má að vísu segja, að það megi taka hana til athugunar, eftir að hún hefur verið samþykkt hér við 2. umr., taka hana til athugunar fyrir 3., en það er samt heldur óeðlilegra að vera að samþykkja hana, og gæti þá kannske staðið í vegi fyrir því, að menn teldu sig geta horfið frá fyrra samþykki. Ég vildi þess vegna mælast til þess, að þetta mál yrði athugað, ekki af því, að ég hafi hugsað mér að greiða þessari till. atkv., hvernig sem hún fer. Þetta er tiltölulega einfalt mál fyrir mig að því leyti til, að ég mun greiða atkv. gegn henni. En ég held, að það sé hæpið af meiri hl. að samþykkja till., sem svona er úr garði gerð, og í öllu falli vil ég leyfa mér að mælast til þess að heyra skýringar á þessu ákvæði frá annaðhvort hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. eða hæstv. félmrh., hvað fyrir þeim vakir með þessari lagasetningu, hvernig þeir geta verið öruggir, miðað við reynsluna, að svona ákvæði standist, af því að þetta ákvæði kemur hér fram skýringalaust. Það er flutt að formi til af meiri hl. heilbr.- og félmn., og í nál. því, sem fylgir með af hans hendi, eru engar skýringar gefnar til glöggvunar á þessari tillögu. Á þetta vildi ég, herra forseti, aðeins leyfa mér að benda við þessa umr., af því að mér fannst þetta ákvæði þannig frá gengið, að ég vildi ekki sitja þegjandi undir því, áður en atkv. væru þar um greidd.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ýkjamikið, sem ég þarf að svara þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað. Hv. 9. þm. Reykv. taldi, að það lýsti nokkurri rakafátækt hjá mér, þegar ég hefði drepið á það í ræðu minni hér í gær, þetta orðalag, að ríkisstj. hefði ekki staðið „sem skyldi“ við júnísamkomulagið. Mér þykir það bara undarlegt nokkuð, að menn skuli ekki annaðhvort standa við það, sem þeir segja, eða þeir standa ekki við það. Og að standa við eitthvað „sem skyldi“, það hugtak kannast ég varla við. Þess vegna þótti mér það skrýtilega til orða tekið hjá hv. 9. þm. Reykv. En aðalástæðan fyrir því, að hann taldi, að ekki hefði verið staðið við samkomulagið „sem skyldi“, væri sú, að skattarnir s. l. sumar hefðu farið langt fram úr því, sem til hefði verið ætlazt. En ég benti í því sambandi á, að þessir skattar hefðu verið settir samkv. l., sem voru orðin lög, áður en til júnísamkomulagsins var gengið, svo að það gekk enginn gruflandi að því. Þetta eru full rök fyrir því, að útsvör og tekjuskattur og eignarskattur voru eins og þau voru s. l. sumar. Það vissu allir, að hverju gengið var með það.

En ég stóð nú aðallega upp til þess að svara með nokkrum orðum aths. hv. 3. þm. Norðurl. v., aths. hans um 1. brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 401. Hann taldi í fyrsta lagi, alveg eins og hv. 1. þm. Norðurl. e., að þessi skattlagning, sem hér er gert ráð fyrir, ætti ekki heima í þessu frv., heldur í l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ég skýrði frá því í gær við umr. þá, hvers vegna þetta ákvæði hefði verið tekið upp hér og ekki beðið eftir að setja það inn í skattal. Það væri til þess að undirstrika, að þetta væri ekki tekjuöflun í ríkissjóðinn, heldur eingöngu tekjuöflun til húsnæðismálastofnunarinnar. Þess vegna var það ákveðið í ríkisstj. að óska eftir því, að þessi till. væri borin fram. Hv. þm. sagði, að um þetta mundu allir lögfræðingar vera sammála og það væri þess vegna tæpast rétt að haga þessu svo í þessu tilfelli. En ég vil aðeins geta þess, að í ríkisstj. eiga nú sæti hvorki meira né

minna en fimm ágætir lögfræðingar og sumir, sem gegnt hafa álíka trúnaðarstöðum og þessi hv. þm. gerir nú, og ég get upplýst hann um það, að þessir fimm ágætu lögfræðingar allir voru á því að hafa þennan hátt á. Það getur vel skeð, að þeim yfirsjáist, ég dæmi ekki um það, því að ég er ekki löglærður maður, en mér þótti það nokkur styrkur í þessu, að þeir skyldu allir vera á þessu máli.

Þá sagði hv. þm., og það var raunar aðaluppistaðan í hans ræðu, að þessi skattheimta væri þannig, að mönnum væri mismunað eftir því, hvar þeir ættu heima, og það er að vissu leyti rétt. Ég gat þess í ræðu minni í gær, að það hefði verið nokkur skoðanamunur uppi um það, hvaða leið skyldi farin til þess að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem hér er um að ræða, þessara 40 millj., sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram til húsnæðismálastofnunarinnar sem óafturkræft framlag. Í júnísamkomulaginu var þetta orðað þannig, eins og ég líka lýsti þá, að þetta skyldi tekið annaðhvort með fasteignaskatti eða beint úr ríkissjóði eða á annan hátt. Ástæðan til þess, að horfið var frá því að taka það með fasteignaskatti, var sú, að það var talið, að bæirnir hefðu fengið nokkurs konar hefð á því að nota fasteignaskattinn sem sinn tekjustofn. En þó að hv. 3. þm. Norðurl. v. haldi því fram, að hér sé nánast orðalagsmunur á því, eins og hann sagði, hvort um fasteignaskatt er að ræða eða hvort fasteignirnar séu þrefaldaðar í mati, er það vissulega ekki svo, því að fasteignaskattur er tekinn af fasteigninni, hvort sem á henni hvíla nokkrar skuldir eða ekki. En þegar maður á nýbyggt hús, sem í fasteignamati er metið svo og svo, eru skuldirnar, sem hann hefur orðið að stofna til, kannske í flestum tilfellum miklu hærri en þrefalt fasteignamat, þannig að hann losnar við að greiða þetta gjald. Og þeir einir koma til með að gera það, sem eiga fasteign og skulda ekki meira en svo, að þeir eiga nokkrar eignir umfram skuldir, því að þetta er eignarskattur, en ekki fasteignaskattur, þó að inn í þennan eignarskatt gangi þetta þrefalda mat á fasteigninni. Ég vil þess vegna alls ekki gera lítið úr þeim efnismun, sem er á því að taka þetta sem beinan fasteignaskatt eða taka það á þann hátt, sem hér er ráð fyrir gert.

Þriðja mótbára hv. þm. var svo sú, að það væri mjög hæpin ráðstöfun að leggja þessa kvöð á fasteignir nokkurra landsmanna, en ekki allra. Það, sem á bak við þetta liggur, er það, að það er ekki gert ráð fyrir að leggja þennan skatt á aðra en þá, sem eiga aðgang að húsnæðismálastjórn til þess að fá lán þar. Þá, sem eru ekki þess megnugir eða hafa ekki aðstöðu til þess að fá lán hjá húsnæðismálastjórn, tel ég rangt að skattleggja til húsnæðismálastjórnar. Ég tek sem dæmi launaskattinn. Þegar launaskatturinn var lagður á, stendur í 2. gr. þeirra l., með leyfi hæstv. forseta:

„Skattskyldir samkv. l. þessum eru allir launagreiðendur, svo og einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður og ríkisstofnanir, erlendir verktakar“ o. s. frv. En í niðurlagi gr. segir: „Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun.“

Um þetta mál, sem hér liggur fyrir, gilda sömu rök. Það er ekki ætlazt til, að þeir séu skattlagðir í þessu skyni, sem ekki njóta þess eða geta notið þess að fá lán hjá húsnæðismálastjórn. Og það geta ekki þeir, sem í sveit búa. Þeir eiga annan sjóð, sem þeir þurfa að efla til þess að geta fengið úr honum lán til sinna þarfa. Og það kæmi mér ekki á óvart, að það yrði ákveðin einhver ráðstöfun til þess að skattleggja þá menn, sem í sveitinni búa og eru undanþegnir þessum skatti hér. Það kæmi mér ekki á óvart, að þeir yrðu einnig skattlagðir í einhverju formi til þess að styrkja byggingarsjóð sveitanna. Ég held þess vegna, að þetta sé á engan hátt óeðlilegt eða rangt, að mismuna þessum mönnum nokkuð eftir því, hvort þeir eiga möguleika til þess að fá lán úr sjóðnum eða ekki. Það hefur verið gert, fordæmið er í l. um launaskattinn, sem hv. Alþ. er nú nýbúið að samþykkja, og hugsunin í þessari brtt., sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur hér borið fram að tilmælum ríkisstj., gengur í sömu átt. Hins vegar kann vel að vera, að það hafi mátt finna á þessu eitthvert betra orðalag, en þó er það mjög vitur og góður lögfræðingur, sem greinina samdi, og hefur ekki verið frýjað vits í þessum efnum af neinum. En ég hef engan veginn á móti því, að þetta verði tekið til athugunar á milli umr., ef það þykir henta. Ég legg það alveg á vald hv. n., hvort hún vill gera það eða ekki. En efnislega tel ég, að hugsunin, sem á bak við þessi ákvæði felst, sé rétt og eðlileg og sjálfsögð.

Mér þykir gott, að hv. 6. þm. Sunnl. hefur tekið sína till. um stúdentagarðana aftur til 3. umr., þannig að hana megi athuga á milli umr. Ég hafði sjálfur hugsað mér að óska eftir því við hann, ef hann hefði ekki gert það sjálfur, en það liggur nú fyrir.

Ef sem sagt hv. heilbr.- og félmn. þykir rétt að athuga betur orðalagið á þessari 1. brtt. sinni á þskj. 401, vil ég síður en svo hafa á móti því, ef hún vill gera það á milli umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég sagði ekki alveg það um lögfræðingana, sem hæstv. félmrh. vildi vera láta, að ég hefði sagt, að allir lögfræðingar væru um þetta sammála. Ég sagði, að þetta virtist vera svo augljóst mál, að lögfræðingar ættu ekki að geta deilt um þetta í alvöru. En lögfræðingar geta deilt um margt, og mér finnst hæstv. félmrh. mikil vorkunn, að hann telji sig nokkru traustari í sessi, þegar hann styður sig við þá sterku og stóru fimm stafi, sem hann taldi upp. En það er svo með lögfræðingana, að niðurstaðan hjá þeim fer alltaf mjög mikið eftir því, hvernig

málin eru fyrir þá lögð og skýrð, áður en þeir taka ákvörðun sína. Og vera mætti það eða a. m. k. gæti ég hugsað mér það, að ef málin hefðu verið flutt fyrir þessa 5 menn á svipaða lund og ég gerði áðan og þeim bent á það, hvað hér væri um að ræða, hefði niðurstaðan hjá einhverjum þeirra e. t. v. orðið á aðra lund en raun ber vitni. En það er nú aukaatriði, og ekki skal ég fara fleiri orðum um það.

Það má segja kannske, að þetta sé ekki mikið atriði, það sé smekksatriði um lagasetningu, hvort það á að bæta þessu æxli þarna á þessa löggjöf, sem hér liggur fyrir, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. orðaði það, eða hvort á að setja það á réttan stað, og um það læt ég nú meiri hl.

Ekki skal ég heldur fara að lengja umr. um það, hvort sá aukni eignarskattur, sem hér er ráðgerður, sé sambærilegur við fasteignaskatt eða ekki. Það má vel segja, eins og hæstv. ráðh. sagði, að það sé munur á, en þó með þeim fyrirvara sagt, að fasteignaskattur getur náttúruega verið í mismunandi myndum, og það liggur ekkert fyrir um það, hvernig sá fasteignaskattur hafi átt að vera, sem til mála gat komið að leggja á, þannig að það þyrfti nú alls ekki að vera sá munur á þessu eins og hann vildi vera láta, því að orðin fasteignaskattur og eignarskattur skera náttúrlega ekkert hér út af fyrir sig úr.

En höfuðatriðið er, að það kom fram hjá hæstv. ráðh. mót von minni, að hér væri ekki eiginlega um misskilning að ræða. Það hefði átt að gera brtt. úr garði með því efni, sem í henni er eftir orðanna hljóðan, að það ætti að gera skattskyldu manna að þessu leyti, að því er varðar eignarskatt, mismunandi eftir því, hvar þeir eiga lögheimili. Ég hafði satt að segja vonazt til þess, að þetta hefði verið misskilningur og þarna hefði verið meiningin að skattleggja eignirnar mismunandi eftir því, hvar þær eru staðsettar, og þó að ég sé ekki að mæla með því, er þó þar talsverður munur á. En rökin, sem hæstv. ráðh. færði fram fyrir þessu sjónarmiði, eru að mínu viti ekki alls kostar rétt heldur. Hann sagði, að þessi regla byggðist á því, að það ætti ekki í þessu sambandi að skattleggja aðra en þá, sem gætu komið til greina með að fá lán hjá húsnæðismálastjórn. Þetta stenzt alls ekki, því að fasteignir eru náttúrlega eignir alls konar félaga, geta verið sjálfseignarstofnanir, geta sem sagt verið eign aðila, sem ekki hafa nokkra möguleika til þess að fá nokkru sinni lán hjá húsnæðismálastofnuninni, þannig að þau rök, sem hann færði hér, hefðu aldrei átt við nema bara um einstaklinga, og vafalaust koma þeir til með að borga mikið. En ég gæti trúað því, að talsvert af þeim fasteignum, sem til eignarskatts kemur, væri á höndum annarra en einstaklinga, þannig að þessi röksemd stenzt ekki, a. m. k. ekki algerlega.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Það er að sjálfsögðu alltaf álitamál, hvernig á að afla fjár til að standa undir útgjöldum. Í þessu sambandi hefur ríkið tekið á sig kvaðir í sambandi við húsnæðismálastofnunina, og einhvers staðar verður það fé vitaskuld að fást. En ég vil benda á það, að það er, eins og þetta er upp sett, engan veginn samræmi á milli útgjalda ríkissjóðs og þessarar fjárheimtu, sem þarna er ráðgerð, vegna þess að það er ekkert, sem segir til um það, að þetta muni standast á. Ég held ekki, að það hafi komið fram hér í umr. upplýsingar um það, hverju þessi skattauki muni nema. Ég veit ekki, hvort menn geta áætlað það svona nákvæmlega. Ég dreg það a. m. k. í efa, a. m. k. ef till. verður svo úr garði gerð sem hér er, því að þá gæti nú orðið minna úr en menn hafa ætlað í upphafi. En alla vega stenzt þetta ekki á. En hvað um það, ég er út af fyrir sig — og ég vil undirstrika það — ekki beint að taka afstöðu með þessum aths., sem ég hef gert hér við þessa till., eins og hún er úr garði gerð, til fasteignaskatts eða aukinna afgjalda af fasteignum. Ég hef viðurkennt og viðurkenndi áðan, að fasteignamatið væri vitanlega allt of lágt og fasteignaeigendur slyppu að því leyti til betur við eignarskatt heldur en réttmætt er, svo að þess vegna tel ég það út af fyrir sig ekki eftir, þó að þeir verði að greiða eitthvað meira. En á hinn bóginn má máttúrlega benda á það, að þegar svona gjöld er um að ræða, eins og fasteignaskatt, þó að það skuli játað, að það eigi kannske síður við um skattinn í þessari mynd, eins og frá er gengið, þá kemur þetta niður á mönnum, sem þurfa að byggja fasteignir, og er kannske hætt við því, að það verði þá til þess að hækka fasteignirnar í verði, en það er náttúrlega ekki meiningin. En ég verð að segja það, að það er sjálfsagt nauðsynlegt að útvega húsnæðismálastofnuninni eitthvert eigið fé, en ég hef alltaf litið svo á, að það væri út af fyrir sig ekki aðalatriði í þessum málum og það gæti aldrei orðið neitt aðalatriði. Það getur aldrei orðið lag á í þessum efnum þannig, að það verði safnað upp eigin fé hjá einhverri stofnun til að standa undir öllum lánum eða standa undir verulegum hluta húsnæðismálalána. Það er ekki lag fyrr á þessum málum heldur en það, að eðlilegum hluta af sparifé landsmanna er ráðstafað til þessara hluta. Og þessi þörf, sem þarna er, á að sitja fyrir hæfilegum hluta af sparifé landsmanna, og ef það er gert og þau kjör á því, sem eðlilegt er, get ég ekki séð, að það sé svo mikil þörf á stórkostlegri sjóðmyndun hjá þessari stofnun.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég held, að það sé mjög vafasöm skoðun, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að gera lítið úr þýðingu þess, að það séu efldir sjóðir húsnæðismálastjórnar með eigin fé. Ég held, að það sé eitt það merkasta, sem hæstv. ríkisstj. er að gera núna, að efla svo mjög eigin fé byggingarsjóðs ríkisins. Við vissum, hvernig það var, þegar húsnæðismálastjórnin var fyrst sett á laggirnar og löggjöf nr. 55 frá 1955 var sett. Þá var reiknað með því,

að það ætti ákveðinn hluti af sparifé landsmanna að ganga til íbúðalána. Það leit vel út á pappírnum, og það var gott að vissu leyti í framkvæmd, vegna þess að ríkisstj. gerði sérstakar ráðstafanir til þess að semja við viðskiptabanka landsins um það, að þeir veittu ákveðið fjármagn til íbúðalána í formi þess að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans. En það kom brátt samt í ljós, að þetta var allsendis ófullnægjandi. Ætla ég ekki að lýsa afleiðingum þess, sem koma fram í því og var mjög áþreifanlegt, að húsnæðismálastjórnin hafði miklu minna fjármagn til umráða heldur en þurft hefði. Sú saga er öllum kunn, og er ekki ástæða til þess að rifja hana hér upp. En ég get ekki annað en bent á þetta í tilefni af síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns.

Ég ætla mér hins vegar ekki að fara að lengja þær umr., sem hér hafa orðið, bæði í dag og svo s. l. þriðjudag. Hæstv. félmrh. hefur svarað svo ýtarlega aðfinnslum og röksemdafærslum stjórnarandstöðunnar, að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að bæta neinu þar við, enda hallar ekki á ríkisstj. í þeim viðskipum.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég tel, að athugasemdir hv. 3. þm. Norðurl. v. varðandi 1. brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 401 um það atriði, að gildandi fasteignamat verði þrefaldað, þannig að það gildi aðeins fyrir skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum, hafi við rök að styðjast að því leyti, að það sé rétt að athuga þetta mál nánar. Það er alveg rétt, sem hæstv. félmrh. lýsti yfir áðan, að það var mjög góður og mikilsvirtur lögfræðingur, sem samdi þetta, en formaður heilbr.- og félmn. tjáði mér nú rétt áðan, að þessi ágæti lögfræðingur hefði komið að máli við sig og talið, að það væri rétt að athuga þetta mál nokkru nánar. Með tilliti til þessa tekur meiri hl. heilbr.- og félmn. 1. brtt. á þskj. 401 til baka til 3. umr. N. mun koma saman og athuga þetta mál og mun þá að sjálfsögðu einnig athuga þá brtt., sem fram hefur komið á þskj. 436.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 401,1 tekin aftur til 3. umr.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 411,1 felld með 10:4 atkv.
— 401,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 436 tekin aftur til 3. umr.
— 411,2 felld með 10:4 atkv.
— 411,2 varatill. felld með 10:6 atkv.
— 410 felld með 10:8 atkv.
— 401,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 401,4 samþ. með 11:1 atkv.
— 401,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.
8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 401,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 401,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
11.—15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 411,3 felld með 10:4 atkv.
16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 401,8 samþ. með 16 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 448, 401,1, 436, 449, 478).

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Eftir 2. umr. þessa máls hefur heilbr.- og félmn. komið saman og athugað málið nánar. Niðurstaðan af því er sú, að meiri hl. n. hefur lagt fram brtt. á þskj. 478. Jafnframt hefur meiri hl. n. tekið aftur 1. brtt. á þskj. 401, sem áður var tekin aftur til 3. umr.

1. brtt., sem meiri hl. heilbr.- og félmn. gerir, er við 4. gr. frv., 4. mgr., b-lið, og meiri hl. n. leggur til, að þessi liður orðist svo:

„Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 40 millj. kr. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum."

Breytingin á þessari till. frá þeirri till., sem tekin hefur verið aftur, er fólgin í því, að ákvæðin um þreföldun fasteignamats gildi ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum, heldur að ákvæðið gildi um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum, þ. e. a. s. að undanþáguákvæðið er ekki miðað við lögheimili skattgreiðenda, heldur við eignirnar, sem um er að ræða. Og undanþágan á við bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum, þ. e. a. s. þeim mannvirkjum, sem tilheyra sjálfum búrekstrinum.

Þá er 2. brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. við 4. gr., 4. mgr., c-lið. Það er lagt til, að þessi liður orðist svo:

„1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkv. tollskrá."

Breytingin er fólgin í því, að felld eru niður á eftir „tekju- og eignarskatti" orðin „og stríðsgróðaskatti." Það er gert með tilliti til þess, að við nánari athugun varð n. ljóst, að stríðsgróðaskatturinn hefur verið lagður niður fyrir allmörgum árum, og þótti því rétt að leiðrétta þetta.

3. brtt. meiri hl. n. er við 12 gr. frv., en 12. gr. fjallar um framkvæmdaatriði varðandi

skyldusparnaðinn. Meiri hl. n. leggur til, að við 1. mgr. 12. gr. bætist nýir málsliðir, svo hljóðandi:

„Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskírteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirmæla þessarar mgr.“

Þetta ákvæði er til komið með tilliti til þess, að Alþ. hefur núna nýlega eða rétt lokið við að samþykkja lög um útgáfu og notkun nafnskírteina. Það þykir eðlilegt, að með tilliti til hinnar nýju löggjafar sé þetta ákvæði sett inn í l. um húsnæðismálastjórn varðandi skyldusparnaðinn.

4. brtt., sem meiri hl. n. gerir, er við 19. gr. Hún er á þá leið, að á eftir orðunum „lög þessi öðlast þegar gildi“ komi: „og fer um álagningu eignarskatts á árinu 1965 samkv. b-lið 4. mgr. 4. gr. þessara laga.“ Þetta er sett til þess að taka af öll tvímæli um það, að ákvæðin um þreföldun fasteignamats verði gildandi við álagningu eignarskatts þegar á þessu ári.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. heilbr.- og félmn hefur lagt fram á þskj. 478. N. hefur á milli umr. einnig tekið til meðferðar brtt. þá, sem er á þskj. 436 frá þeim Helga Bergs og Ólafi Jóhannessyni. Hún er á þá leið, að heimilað sé að veita íbúðarlán til stjórnar stúdentagarðanna til byggingar íbúða fyrir kvænta háskólanema, þ. e. a. s. að ákvæði um þetta verði bætt inn, þar sem kveðið er á um það, að heimilt sé að lána sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til þess að byggja leiguíbúðir. N. þótti, að hér væri um merkilegt mál að ræða, en meiri hl. n. treysti sér ekki til að mæla með því, að þessi till. verði samþ., vegna þess að ef við færum út á þessa braut, yrði of mikið dreift því átaki, sem byggingarsjóði ríkisins er ætlað að gera í lánamálum til íbúðabygginga. Hins vegar gerum við okkur grein fyrir því, að hér er hreyft merkilegu máli, sem vafalaust er full þörf á að leysa. En meiri hl. n. telur, að það sé eðlilegt, að það sé gert með öðrum hætti en að lögfesta þetta í þessum lögum.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Við 1. og 2. umr. þessa máls var sýnt fram á og það með óyggjandi rökum, að íbúðalán húsnæðismálastofnunarinnar með 4% ársvöxtum og vísitölubindingu verða að verðbólgunni óbreyttri íbúðabyggjendum miklu þyngri í skauti en kjörin, sem þeir eiga nú við að búa. Til þess að létta að nokkru þessa auknu byrði lagði ég til við 2. umr., að einungis árleg afborgun lánanna skyldi breytast samkv. vísitölu, en vaxtagreiðsla og kostnaðar vera óháð vísitöluhækkun. Þessi till. mín var felld. Þá bar ég fram till. um, að heildargreiðsla vaxta og kostnaðar mætti ekki fara fram úr því, er svaraði til 8¼% vaxta án vísitölubindingar. Hún var einnig felld af hv. stjórnarliði. Ég minni einnig á, að sömu örlög og báðar þessar till. hlaut 3. brtt., sem fór í sömu átt, en hún var flutt af þeim 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl. Hér er að mínum dómi um svo augljóst mál að ræða, að það á að gera kjörin verri, sé reiknað með áframhaldandi verðbólgu. Mér finnst satt að segja mjög ótrúlegt, að hæstv. ríkisstj. vilji gera hlut viðskiptamanna húsnæðismálastofnunarinnar stórum lakari en hann hefur verið og margfalt verri en annarra húsbyggjenda. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram brtt. við hér við 3. umr., till., sem fer í svipaða átt og hinar, nefnilega þá að létta undir með húsbyggjendum, ef svo skyldi fara, að verðbólgan héldi áfram næstu árin, eins og raunar sennilegast er.

Þessi brtt. mín er á þskj. 449 og er þess efnis, að þeir, sem lán hljóta hjá húsnæðismálastofnun, verði ekki þvingaðir til miklu verri kjara en nú tíðkast. Ég legg til, að þeim sé gefinn kostur á að velja um, hvort þeir vilji taka lánin í fullu samræmi við reglur laganna með 4% ársvöxtum og vísitölubindingu eða hvort þeir vilji taka þau með 7¼% vöxtum og án vísitöluálags, en það munu vera svipuð lánakjör og húsbyggjendur nú hafa hjá húsnæðismálastofnuninni. Ef nú þessi brtt. verður einnig felld, hlýt ég að draga af því þá ályktun, að það hafi frá upphafi verið ætlun hæstv. ríkissstj. að skerða lánakjör húsnæðismálastofnunar til stórra muna, en bæta þau ekki, svo framarlega sem verðbólgan héldi áfram. En nú er það einmitt hæstv. ríkisstj., sem hratt af stað nýrri verðbólgu, eftir að júnísamkomulagið er gert, og sú verðbólga hefur breytt grundvelli samkomulagsins, eins og margbent hefur verið á. Til þessa verður hæstv. ríkisstj. að taka tillit, nema það sé þá ásetningur hennar að níðast á efnaminnstu íbúðabyggjendum í stað þess að létta undir með þeim.

Það er raunar furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli beita sér fyrir þessu máli jafnharkalega og raun ber vitni um. Bændur landsins fá lán til byggingar íbúðarhúsa. Þau lán fá þeir frá stofnlánadeild landbúnaðarins. Ekki hefur hæstv. ríkisstj. beitt sér fyrir því, að þessi lán verði tengd vísitölu, enda er talið líklegt, að bændur muni lítt kæra sig um þau tengsl og það enda þótt vextir yrðu stórlega lækkaðir, og ég lái þeim það ekki. Í júnísamkomulaginu var því lofað hátíðlega af hæstv. ríkisstj., að komið skyldi á nýju kerfi íbúðarlána fyrir almenna lífeyrissjóði. Ekkert bólar á lagafrv. um þetta efni. Hæstv. félmrh. tæpti á því hér í hv. d. nýlega, að ríkisstj. hefði í huga að verðtryggja öll löng lán, en von á slíku frv. væri ekki á næstunni. Það er sem sé ekki flýtt sér að neinu í þessu efni öðru en því, að lántakendur húsnæðismálastofnunarinnar fái ekki að sleppa. Þeir einir eru teknir út úr, þeir einir skulu ekki fá að hagnast lengur á verðbólgu í landinu.

Á þetta vildi ég benda og með till. á þskj. 449 gera úrslitatilraun til þess að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég verð að lýsa bæði vonbrigðum mínum og raunar einnig undrun á afgreiðslu hv. heilbr.- og félmn. á till. minni og hv. 3. þm. Norðurl. v. á þskj. 436.

Þær undirtektir, sem þessi till. fékk við 2. umr. þessa máls, höfðu gefið mér vonir um það, að hún mundi geta fengið aðra afgreiðslu í n. en raun er á orðin. Hæstv. félmrh. lét þau orð falla við 2. umr., að það væri ástæða til þess að athuga þessa till. vandlega í n., og það gaf mér vissulega ástæðu til þess að ætla, að n. mundi taka undir hana á jákvæðari hátt en raun ber vitni.

Hv. frsm. segir að vísu, að hér sé um merkilegt mál að ræða, en n. treystir sér ekki til þess að mæla með því, vegna þess að ef farið er út á þessa braut, væri dreift því átaki, sem verið væri að gera í húsnæðismálum. Svona röksemdafærslu skil ég ekki. Ég hélt, að það átak, sem væri verið að gera í húsnæðismálum, væri til þess að byggja íbúðir, og ég sé ekki, að þær íbúðir séu minna virði fyrir þjóðfélagið, sem byggðar eru til þess að láta ung hjón, sem nema við Háskóla Íslands, búa í þeim, heldur en hverjar aðrar íbúðir, sem byggðar eru í landinu. Þeir aðilar, sem í slíkum íbúðum búa, mundu ekki taka upp aðrar íbúðir á meðan, og þessar íbúðir eru nákvæmlega jafnnauðsynlegar og nákvæmlega jafnmikill þáttur í úrlausn húsnæðismálanna í landinu eins og hverjar íbúðir aðrar. Þess vegna er þessi röksemd, sem þarna var fram borin, auðvitað einskis verð.

Ég vil þess vegna skora á hv. þdm. að samþykkja þessa till. eigi að síður þrátt fyrir þessar undirtektir, sem eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til þess að taka þær hátíðlega, eins og ég hef reynt að gera grein fyrir.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að hv. frsm. heilbr.- og félmn. lýsti því yfir, að hann teldi eðlilegt að leysa þennan vanda, ef þessi till. verður felld, á annan veg, og fari svo, að þessi till. verði felld, mun verða eftir því gengið, að hv. formaður n. standi við það, og fylgzt með því, á hvern hátt hann leggur til, að þessi vandi verður leystur.

ATKVGR.
Brtt. 401,1 tekin aftur.
— 478,1—2 samþ. með 10:5 atkv.
— 436 felld með 10:4 atkv.
— 478,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 478,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 449 felld með 9:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 484).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. með lítils háttar breytingum, sem nú hafa verið prentaðar á þskj. 484.

Húsnæðismálastofnun ríkisins og húsnæðismálin yfirleitt hafa um mörg undanfarin ár verið til umr. og að segja má nokkurt áhyggjuefni vegna þess, að þau fjárráð, sem fyrir hendi hafa verið til útlána hjá húsnæðismálastjórninni, hafa verið miklu minni en þurft hefði. Lög um húsnæðismálastjórn voru, eins og kunnugt er, samin og sett árið 1955, að ég ætla, og byrjuðu þá smátt, og næstu árin þar á eftir voru útlán á íbúð hverja um 70 þús. kr. einungis, þó að gert væri ráð fyrir í þágildandi l., að sú upphæð mætti fara upp i 100 þús. Síðar var svo þessu ákvæði breytt, og heimilað, að lánin mættu verða allt að 150 þús. kr., og það hafa þau verið allt til þessa. Enn var ríkisstj. ljóst, að þetta var of lág upphæð og betur mátti, ef duga skyldi, og þess vegna hefur nú að undanförnu verið að því unnið að reyna að auka fé til þessarar starfsemi. Ég get í því sambandi nefnt, að fyrir skömmu var skyldusparnaðurinn hækkaður úr 6% og upp í 15%, sem ætti mjög að geta aukið það fé, sem húsnæðismálastofnunin hefur til ráðstöfunar, enda hefur það sýnt sig á því rúmlega hálfa ári, sem þetta ákvæði hefur verið í gildi, að það fé, sem komið hefur til húsnæðismálastjórnar af skyldusparnaðarfénu, hefur vaxið mjög verulega. Þá voru líka sett lög um, að tryggingafélögum væri skylt að greiða nokkurn hluta af sínu ráðstöfunarfé til kaupa á bréfum húsnæðismálastjórnar, og það hefur gefið nokkurt fé, þó að ekki sé það eins mikið og gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. En s. l. sumar eða vor komst nokkur skriður á málið til viðbótar, þegar í samkomulagið, sem þá var gert milli verkalýðsfélaga og atvinnurekendasamtaka og ríkisstj., voru tekin upp ákvæði, sem miðuðu að því að auka fjármagn það, sem húsnæðismálastjórn hefði til umráða. Ég held, að það sé glöggast, að ég — með leyfi hæstv. forseta — lesi hér upp það, sem í þessu samkomulagi segir um þetta efni, en það er svo hljóðandi:

„1) Að aflað verði á þessu ári (þ. e. á árinu 1964) og fyrri hluta næsta árs 250 millj. kr. til þess að mæta þeim umsóknum, sem lágu óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn 1. apríl s. l. Húsnæðismálastjórn ákveður upphæðir þessara lána og setur reglur um uppgjör fyrri skuldbindinga sinna.

2) Að frá og með árinu 1965 verði komið á kerfisbreytingum í íbúðalánum, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári, og verði loforð fyrir lánunum veitt fyrir fram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð út á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. eða 2/3 kostnaðar, hvort sem lægra er. Lánin greiðist að hálfu að hausti, en að hálfu næsta vor. Þessi tala sé við það miðuð, að tryggð verði

bygging 1500 íbúða á ári, er síðan fari smáhækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir. Telji húsnæðismálastjórn það æskilegt, getur hún fækkað lánum á árinu 1965 samkv. nýja kerfinu, enda bætist þá samsvarandi upphæð við það fé, sem til ráðstöfunar verður samkv. lið 1 hér að framan (þ. e. a. s. til þeirra, sem eftir áttu að fá lán, en áður höfðu sótt um).

3) Hluta þess fjár, sem byggingarsjóður hefur til umráða, verði varið til viðbótarlána umfram þær 280 þús. kr. á íbúð, sem að framan getur, til þess að greiða fyrir íbúðabyggingum efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum till. frá stjórn þess verkalýðsfélags, sem í hlut á. Í þessu skyni skal varið 15—20 millj. kr. árlega.

4) Að jafnframt mun ríkisstj. beita sér fyrir öflun lánsfjár til byggingar verkamannabústaða."

Síðan segir áfram í þessu samkomulagi:

„Eftirfarandi atriði eru forsendur fyrir því, að ríkisstj. taki á sig skuldbindingar þær, sem að ofan getur:

Lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði, renni skatturinn til byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag. Til viðbótar við launaskattinn og það eigið fé, sem byggingarsjóður ræður yfir, mun ríkisstj. tryggja honum 40 millj. kr. nýtt stofnframlag á ári með framlagi úr ríkissjóði, álagningu nýs skatts á fasteignir eða með öðrum hætti. Svo verði frá gengið, að ríkisframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs renni árlega til kaupa á íbúðalánabréfum hins almenna veðlánakerfis. Komið verði á nýju kerfi íbúðalána fyrir lífeyrissjóðina til samræmis við þær reglur, sem gilda um lán húsnæðismálastjórnar. Til þess að aðgerðir þessar nái tilgangi sínum og hið nýja veðlánakerfi geti byggt sig upp með öruggum hætti og hægt verði að lækka vexti og haga lánskjörum í samræmi við greiðslugetu alþýðufjölskyldna, verði tekin upp vísitölubinding á öllum íbúðalánum. Er þá gert ráð fyrir því, að lánskjör á íbúðalánum verði þannig, að lánin verði afborgunarlaus í eitt ár og greiðist síðan á 25 árum með 4% vöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana og full vísitöluuppbót reiknist síðan á hverja ársgreiðslu."

Þetta er það samkomulag, sem gert var milli þessara þriggja aðila, sem ég nefndi, Alþýðusambandsins, atvinnurekendasamtakanna og ríkisstj., þar sem lagðar voru línurnar um þessi mál, eins og ég nú hef rakið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur að geyma nýmæli þau, sem í samkomulaginu felast, og til viðbótar hefur sá háttur verið tekinn upp, að l. eru kódifíseruð, þau eru prentuð upp í einu lagi eins og þau eru nú með öllum þeim breytingum, sem á þeim hafa verið gerðar á fyrri árum, sem eru margar og erfitt er að finna út úr, nema þær séu hafðar allar á einum stað, og þess vegna bezt komnar í þessu frv. ásamt með þeim breytingum, sem nú er lagt til að gerðar séu. Þær breytingar, sem nú er lagt til, að gerðar verði í samræmi við júnísamkomulagið, eru þessar helztar:

Í fyrsta lagi, að auknar verði árlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins með því að leggja á almennan launaskatt, sem renni í sjóðinn, en um það hafa áður verið gefin út brbl., sem hafa hlotið staðfestingu, og þessi tekjuöflun er þegar í fullum gangi.

2. Lagt er til, að ríkissjóður greiði árlega framlag til byggingarsjóðsins að fjárhæð 40 millj. kr. Þegar frv. var flutt, var ekki enn þá lokið við að athuga, á hvern hátt tekna í þessu skyni skyldi aflað, og stóð það þess vegna opið, þegar frv. var flutt. Nú hefur við meðferð málsins í hv. Ed. verið frá þessu gengið á þann hátt, að til þess að mæta þessum útgjöldum verði eignarskattur miðaður við gildandi fasteignamat þrefaldað. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum. Það er ekki fullvíst, hvað þessi hækkun á fasteignamati muni gefa ríkissjóði í auknar tekjur á móti þessum 40 millj., en talið er líklegt, að það verði heldur minna en þessar 40 millj. eða a. m. k. ekki að ráði meira, og verður það að ráðast, hvað út úr því dæmi kemur. En fyrir fram er ákaflega erfitt um þetta að segja og eiginlega ógerningur, vegna þess að lán hvíla svo misjafnlega mikil á byggingum eða fasteignum, og koma þau vitanlega til frádráttar við útreikning eignarskatts, þó að þau komi ekki til frádráttar, ef gjaldið hefði verið lagt á sem hreinn fasteignaskattur. En það þótti eðlilegra og réttlátara að fara heldur þessa leið, þannig að tekið yrði tillit til þeirra skulda, sem á fasteignunum hvíla, heldur en að leggja þessa upphæð sem fast gjald á fasteignirnar sjálfar án tillits til þess, hvort nokkur lán hvíldu á þeim eða ekki.

Þetta eru tvær meginbreytingarnar, sem nú koma til framkvæmda með þessu frv., ef að lögum verður, þ. e. a. s. þetta 40 millj. kr. framlag ríkissjóðs og launaskatturinn, sem ætlað var að gæfi 50 millj. kr. á ári, en mun sennilega gefa verulega meira, þannig að húsnæðismálastjórn fær í þessum tveim tekjustofnum aukningu á eigin fé sínu á ári, sem nemur sennilega upp undir 100 millj. kr. Þetta er langmesti styrkur við starfsemi húsnæðismálastjórnar, sem nokkru sinni hefur verið veittur, og náttúrlega miklu notadrýgri fyrir stofnunina heldur en hitt, þó að hægt hafi verið að útvega frá ári til árs lán, sem þá hefur þurft vitanlega að endurgreiða og þess vegna verið um leið nokkur gjaldabyrði fyrir húsnæðismálastjórnina, sem þetta verður ekki. Þessi aukning á eigin fé húsnæðismálastjórnarinnar tel ég vera það þýðingarmesta, sem í þessu frv. felst.

Í öðru lagi er lagt til í frv., að heimild veðdeildar Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa, sem nú er bundin við 150 millj. kr. og 10 ár, verði samkv. þessu frv. hækkuð í

400 millj. og ótímabundin. Það er ljóst, að útgáfa bankavaxtabréfa veðdeildarinnar hlýtur að vaxa og hækka, þegar lánveitingarnar til einstakra íbúða og í heild hækka, eins og hér er gert ráð fyrir.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að festa þann praxis, sem nú um nokkur undanfarin ár hefur tíðkazt, þó að ekki væri lögbundinn, að árlegu framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga verði varið til kaupa á vaxtabréfum veðdeildarinnar, sem að vísu hefur verið gert, eins og ég sagði, nú að undanförnu, en í frv. er þetta lögboðið. Og þetta verður sjálfsagt einn stærsti og hefur verið einn stærsti lántökumöguleiki, sem húsnæðismálastjórnin hefur til viðbótar við sitt eigið fé.

Þá er lagt til í frv., að heimilað verði að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging sé ekki hafin, áður en loforð fyrir láni er gefið, og gert þá ráð fyrir, að byggingarnar verði ekki hafnar eða ekki byrjað á þeim, fyrr en búið er að kanna umsóknir og gefa loforð.

Þá er nýmæli, sem segir, að heimilað verði að veita sveitarfélögum lán til byggingar á leiguíbúðum. Þetta atriði var ekki í samkomulaginu á milli aðilanna að júnísamkomulaginu, sem ég nefndi áðan, heldur er þetta nýtt atriði, sem sett var inn að tilhlutan félmrn. til þess að freista þess, hvort sveitarfélögin vilji ekki taka að sér að byggja leiguíbúðir, kannske tiltölulega smáar íbúðir, sem geta verið nokkurs konar bráðabirgðahúsnæði fyrir fólk, sem hefur ekki í þann svipinn efni á því að byggja sjálft, en þar sem það getur dvalizt við sæmileg skilyrði, þangað til það getur hafið eigin byggingarstarfsemi. Ég held, að þetta sé mjög þýðingarmikið atriði, ef vel tekst til um framkvæmd þess, og sjálfsagt að húsnæðismálastjórn verði heimilað að veita þeim sveitarfélögum, sem út í þetta fara, lán til þeirrar starfsemi.

Þá er gert ráð fyrir, að einstök lán verði hækkuð úr 150 þús. kr. og upp í 280 þús. kr. Raunverulega var þó ætlunin að hafa þessa upphæð hærri, eða 300 þús. kr., en það varð úr, að upphæðin var lækkuð úr 300 þús. og niður í 280, til þess að það, sem út af stæði, eða 20 þús. kr. á íbúð, sem á 750 íbúðir gerir 15 millj., yrði þá notað til þess að hækka lánveitingar til þeirra, sem erfiðast eiga og mest lánsfé þurfa. Raunverulega er þetta því ekki 280 þús. kr. á íbúð, heldur eru það 300 þús. kr. á íbúð að meðaltali, þegar tekið er tillit til þessa aukalánsfjár, sem aflað var með því að lækka almennu lánveitingarnar niður í 280 þús. Þessar 280 þús. kr. lánveitingar, þó að maður miði eingöngu við þá upphæð, eru mjög mikil aukning frá því, sem verið hefur, en lánsfjárhæðin á íbúð hefur, eins og kunnugt er, verið 150 þús. kr. upp á síðkastið, var þar áður 100 þús. og enn áður 70 þús. kr. á íbúð.

Þá er lagt til, að lánskjörunum verði breytt þannig, að lánin verði til 26 ára, afborgunarlaus í eitt ár, en síðan greiðist þau upp á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum ársgreiðslum, þannig að saman verði lagðir vextir og afborgun í jöfnum ársgreiðslum í 25 ár. Og enn fremur breytist hver ársgreiðsla samkv. vísitölu, sem í fyrstu var gert ráð fyrir, að væri vísitala framfærslukostnaðar, en var í meðförum í Ed. breytt í kaupgreiðsluvísitölu samkv. ósk, að ég ætla, Alþýðusambandsfulltrúanna, sem töldu það réttlátara og ég er alveg sammála um að sé, því að ef kaupgreiðsluvísitala og vísitala á greiðslur af byggingarlánunum eru þær sömu, stendur lántakandinn svipað að vígi, þó að vísitalan hækki.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að þeir, sem með frjálsum innlögum í innlánsdeild greiði 10 þús. kr. á ári í 10 ár, þ. e. 100 þús. kr. í allt, eigi rétt á að fá lán sín hækkuð um 25%. Það er sami réttur og skyldusparnaðarfólkið hefur.

Loks er sú breyting gerð, að framlagið til heilsuspillandi íbúða, sem ríkissjóður greiðir á móti sveitarfélögunum, verði bundið því framlagi, sem veitt er á fjárl. hverju sinni.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir í frv. Undir meðferð málsins í Ed. komu fram, eins og ég sagði, nokkrar breytingar, þ. e. a. s. þar var sett inn ákvæði um, hvernig þessara 40 millj. kr., sem ríkissjóður á að leggja fram, yrði aflað. Þar var líka breytt ákvæðinu um það, að vísitala framfærslukostnaðar skyldi gilda, yfir í það að miða við kaupgreiðsluvísitölu. Loks var þar líka bætt við, að Öryrkjabandalagi Íslands yrði heimilað að taka lán hjá húsnæðismálastjórn til byggingar leiguíbúða á svipaðan hátt og sveitarfélögum. Það er enginn vafi á því, að það er eitt mesta áhugamál Öryrkjabandalagsins að leitast við að hjálpa meðlimum sínum um húsnæði, og þessi breyting var gerð samkv. eindreginni ósk frá þeim.

Aðrar breytingar, sem gerðar voru í hv. Ed. og þýðingu hafa, tel ég ekki að þurfi að nefna. Með því að rekja þessar breytingar, sem gerðar hafa verið, bæði eins og þær komu fram í júnísamkomulaginu svokallaða og eins og þær koma fram í frv. ríkisstj., hefur efni þessara breytinga verið rakið svo, að ég tel ekki þurfa að fara í hverja grein, því að þær eru ýmist teknar upp úr gömlu l. með þeim breytingum, sem áður hafa verið á gerðar, eða inn hafa verið færðar þessar breytingar, sem ég nú hef getið.

Ég vil leggja á það áherzlu, að ég tel, að með þessu frv. og þeim till., sem í því felast, hafi verið staðið við að fullu það samkomulag, sem gert var við Alþýðusambandið í júnísamkomulaginu, og það lítið, sem bætt hefur verið við það nú, sé þó heldur til bóta, eins og byrjun á byggingu leiguíbúða, bæði hjá sveitarfélögunum og hjá Öryrkjabandalaginu, sem húsnæðismálastjórn er heimilað að lána fé til, og sé það allt í rétta átt, þó að út af fyrir sig megi e. t. v. segja, að enn sé ekki nógu langt gengið til þess að aðstoða þá menn, sem í byggingum standa. En hitt vil ég þó fullyrða, að með þessu frv. er mjög verulega bætt úr því ástandi, sem nú er, og ég mun einnig telja, að með þessum ráðstöfunum og

þessum lánsfjárupphæðum, sem ætlaðar eru til íbúðabygginganna nú, sé aðstaða þeirra, sem byggja, betri en hún hefur verið nokkru sinni áður, frá því að þessi lög voru sett 1955.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eitt af nýmælum þeim, sem þetta frv. hefur að geyma, er ákvæði um, að öll lán í húsnæðismálastofnuninni til íbúðabygginga skuli hér eftir vera vísitölubundin. Um þetta eru fyrirmæli í 7. gr. frv. Í C-lið þeirrar gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hver ársgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður, skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkv. kaupgreiðsluvisitölu.“ Ég tel það óeðlilegt, að slík kvöð verði lögð á þá, sem taka lán hjá húsnæðismálastofnun ríkisins, meðan þetta er ekki orðin algild regla í viðskiptum manna í þjóðfélaginu. Það er kunnugt, að mjög margir aðrir, bæði einstaklingar og félög, fá lán til framkvæmda, m. a. til húsbygginga, án þess að á þá hafi enn verið lagðar nokkrar slíkar kvaðir. Lán þessi fá þeir hjá bönkum landsins og öðrum stofnunum, eins og kunnugt er. En mér er sagt, að þetta ákvæði um að vísitölutryggja öll lánin í húsnæðismálastofnun sé þegar komið til framkvæmda. Stofnunin mun hafa veitt á miðju ári 1964 um það bil 100 millj. kr. samtals í lánum til íbúðabygginga og um næstliðin áramót nálægt 80 millj., og ég hef fengið þær upplýsingar, að þetta ákvæði um vísitöluuppbót á afborganir og vexti af þeim lánum hafi verið í þeim lánasamningum. Öll þessi lán hafa verið veitt með þessari kvöð. En mér er ekki ljóst, hvar er að finna lagaákvæði, sem þessi framkvæmd er byggð á, og ég vil óska upplýsinga frá hæstv. félmrh. um það. Það getur verið, að mér hafi sézt yfir þetta, en ég vil sem sagt mjög óska eftir því, að hann veiti nú upplýsingar um það, hvar lagastafur er, sem þessi framkvæmd nú að undanförnu hefur verið byggð á.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði, hvaðan húsnæðismálastjórn eða ríkisstj. hefði komið heimild til þess að breyta vaxtakjörum á húsnæðismálalánum við síðustu úthlutanir húsnæðismálastjórnarinnar. Að nákvæmlega athuguðu máli taldi félmrn., að þessa heimild væri að finna í l. frá 1957. Í 6. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„A-lánin skulu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, B-lánin skulu vera með 5½% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu verðbréfin. Enn fremur skulu lántakendur greiða ¼% ársvexti af þeim A-lánum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, lánum byggingarsjóðs ríkisins og B-lánum, eins og þessi bréf eru á hverjum tíma, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildarinnar í þágu byggingarsjóðs.“

En síðan segir í F-lið greinarinnar:

„Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu samþykki ríkisstj.“

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þurfti ekki upplýsingar frá hæstv. ráðh. um það, að heimilt væri að breyta vaxtakjörum á íbúðalánunum. Mér var það kunnugt, og ég spurði ekki um það. En ég spurði um það, hvar væri heimild í l. til þess að hafa öll lánin vísitölubundin. Og hæstv. ráðh. hefur ekki svarað því enn þá. Í 6. gr. l. um húsnæðismálastofnun o. s. frv. frá 1957 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. Skulu þeir, sem fengið hafa A-lán hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum, sem taldir eru í C-lið 5. gr. þessara l., eiga rétt á B-láni, sem má vera allt að því jafnhátt, enda sé A-lánið að öllu leyti veitt í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar og það staðfest af henni.“

Þarna segir, að lánin skuli vera í tvennu lagi, A- og B-lán, og eins og hæstv. ráðh. las upp, A-lánin skulu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, B-lánin skulu vera með 5½% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu verðbréfin. Þarna finnst mér það koma greinilega fram, að það er ekki heimilt að vísitölubinda A-lánin, heldur aðeins B-lánin. Og þannig var þetta framkvæmt allt þar til á miðju ári 1964. Þar sem hæstv. ráðh. hefur ekki svarað þessu, hvar væri lagastafur, sem veitti heimild til þess að binda öll lánin við vísitölu, verð ég að líta svo á, að l. hafi verið brotin. Ég verð að líta svo á, þangað til ég fæ upplýsingar, sem sýna annað. Ég fæ ekki betur séð en þarna hafi verið framkvæmdur hlutur, sem ekki átti að gera samkv. gildandi l., að vísitölubinda lánin að öllu leyti.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt, að það stendur í 6. gr., hvernig útlánum skuli hagað og hvaða vextir skuli teknir, hvað skuli tekið með vísitölutryggingu og hvað skuli tekið með vöxtum á venjulegan hátt. Þetta allt eru vaxtakjör. Það eru vaxtakjör, hvort lánið er veitt með vísitölubindingu eða hvort það er ekki veitt með vísitölubindingu, og það eru vaxtakjör, hvort prósentan á að vera 7%, 7½% eða 4%. Það er líka, hvort lánstíminn skuli vera langur og allt þess háttar, en um allt þetta telur rn., og þetta var margrætt í rn., að heimildin í F-lið gr. gildi, þ. e. a. s. að húsnæðismálastjórn sé heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu samþykki ríkisstj. Þetta er talið af bæði mér og öðrum að sé óvefengjanlegt, og allt tal hv. þm. um, að lög séu brotin, alveg út í hött.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara út í að ræða þetta frv. almennt núna. Þó get ég ekki látið vera að víkja að einu atriði, sem hæstv. ráðherra nefndi hér áðan, en það var það, að hagur húsbyggjenda mundi aldrei hafa verið svo góður sem hann verði nú samkv. þessu frv. Þar á hann við það, að lánin hækka úr 150 þús. upp í 280 þús. Þegar þess er gætt, að á s. l. ári hækkaði meðalíbúð um tæp 90 þús. kr. í verði og árið áður um 98 þús., þá er þessi 130 þús. kr. hækkun ekki nema hér um bil 17 mánaða verðhækkun á meðalíbúð. Það sjá því allir, að húsbyggjendur hafa staðið eins vel áður að vígi, þegar hækkun lánanna nemur ekki nema tæplega hálfs annars árs verðhækkun á meðalibúð.

En annars var aðalerindi mitt hingað að gera eina fsp. til hæstv. ráðh., áður en málið fer til n. Í 7. gr. stendur: „Lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð.“ Á að skilja þetta þannig, ef einhver hefur byrjað á að byggja botnplötu að íbúð á húsinu sínu og hefur ekki sótt um lán, en þarf síðar á því að halda að sækja um lán úr húsnæðismálasjóði, að hann fái aldrei lán út á þetta hús, af því að það lá ekki lánsheimild fyrir, þegar botnplata var byggð? Ég held, að það sé rétt að fá úr þessu skorið strax, hvort ætlunin er að fara þannig að. Auðvitað geta aðstæður manna breytzt og eru alltaf að breytast í fjárhagslegum efnum. Maður, sem byrjar á að byggja sér hús, getur verið þannig stæður eða talið sig þannig stæðan, að hann þurfi ekki að leita eftir láni hjá húsnæðismálastjórn, en svo breytist hagur hans. Hann er aðeins byrjaður á húsinu, mjög skammt á veg kominn, og nú þarf hann að leita láns, en hann fær það ekki, af því að það lá ekkert lánsloforð fyrir, áður en byrjað var að byggja. Er ekki alveg nóg að fresta lánveitingu til slíkra aðila t. d. um eitt ár, svo að það komi sjóðnum ekki bagalega að hafa ekki vitað fyrir fram um þörf manns, en gefa honum kost á síðar að fá slíkt lán? Hitt tel ég alveg fyrir neðan allar hellur, ef það á að fara að dæma mann úr leik að fá lán nokkurn tíma út á þetta hús, af því að hann hafi ekki fengið lánsloforð, áður en hann byrjaði að steypa botnplötuna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki tekið góða og gilda þá skýringu, sem hæstv. félmrh. kom með viðvíkjandi vísitöluákvæðinu, sem sett hefur verið í sambandi við lánveitingarnar á árinu sem leið. Hann vitnar þarna í heimild í l., sem húsnæðismálastjórn hefur til að breyta vaxtakjörum og lánstíma á lánum að fengnu samþykki ríkisstj. Ég fæ ekki séð, að þessi heimild veiti nokkurn rétt til þess að vísitölubinda öll lánin. Ég fæ ekki séð það, get alls ekki fallizt á þá skýringu hæstv. ráðh.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal enn einu sinni endurtaka það, sem ég hef sagt út af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. Hann vill ekki sætta sig við staðreyndir, sá hv. alþm. Hvað eru vaxtakjör af láni? Heyrir það ekki undir vaxtakjör af láni, hvort það á að greiðast með vísitöluálagi eða ekki? Vaxtakjör eru í fyrsta lagi, hvað rentufóturinn á að vera, í öðru lagi lánstíminn og í þriðja lagi, hvort um er að ræða vísitölubundið lán eða ekki. Það heyrir óneitanlega undir vaxtakjör, og heimildin til að breyta þessum vaxtakjörum er skýlaust veitt í 6. gr. núgildandi l. um húsnæðismálastjórn. Ég skal ekki fara lengra út í og ekki endurtaka oftar þetta. Þetta liggur alveg ljóst fyrir, enda var það svo, að þetta var þrautrætt hjá félmrn. af þeim mönnum, sem þar mega gerst um vita, og niðurstaðan var þessi, sem ég nú hef sagt.

Þá vildi hv. 3. þm. Vestf. ekki fallast á, að sú lánveiting, sem hér væri stofnað til, væri hagkvæmari lántökum eða húsbyggjendum heldur en lánveitingar til þeirra hefðu verið nokkru sinni áður. Ég skal nú ekki þreyta hann með því að fara út í að ræða þetta, en ég held óhikað fram því, að þessi lánveiting sé meiri en hún hefur nokkru sinni áður verið. Hann vitnar í og heldur fram sinni gömlu röksemd, sem oft hefur komið fram hér, en er þó langt frá því að vera haldgóð, að byggingarkostnaðurinn í krónutölu hefur vaxið á þessu tímabili. En það hefur fleira vaxið en byggingarkostnaður. Það hafa t. d. líka vaxið launagreiðslur almennings og möguleikar til að standa undir auknum byggingarkostnaði þar með vaxið. Það er þess vegna ekki nokkur leið að bera saman byggingarkostnaðinn í krónutölu og lánveitingarnar í krónutölu, heldur verður sá eini rétti samanburður að bera saman, hvað lánið er mikill hluti af byggingarkostnaði hverju sinni, og ef hv. þm. vill reikna út, hvað 70 þús. kr. lán á árunum 1956—58 var mikill hluti af byggingarkostnaðinum þá og hversu mikill hluti af byggingarkostnaðinum 280 þús. kr. eru nú, þá hygg ég, að hann komist að þeirri niðurstöðu, að þetta framlag húsnæðismálastjórnar nú eða lánveitingar hennar nú séu stórum hagstæðari en áður hefur verið.

Það var raunar aðalerindi hv. þm. í ræðustólinn að gagnrýna það ákvæði, sem í frv. er, að það verða ekki veitt lán til annarra en þeirra, sem hafa fengið lánsloforð fyrir fram.

Í fyrsta lagi vildi ég um þetta segja það, að þetta ákvæði er í samkomulaginu, sem gert var í júnímánuði s. l. Þar er sagt, að loforð fyrir lánum skuli veitt fyrir fram, og náttúrlega verður þá að sækja um þau, til þess að það loforð sé hægt að gefa. En hugsunin, sem á bak við þetta liggur, er sú, að það verði reynt að hafa hemil á byggingarstarfseminni innan vissra takmarka. Það hefur verið talið að fróðustu manna yfirsýn, að það sé hæfilegt, að byggðar verði 1500 íbúðir á ári og þar af styrki eða láni húsnæðismálastjórn til 750 íbúða. Nú

hefur byggingarstarfsemin verið að því leyti mjög óregluleg, að það hafa byrjað kannske yfir 2000 manns á einu ári á sinni byggingarstarfsemi og orðið svo að bíða eftir lánum í 2—3 og kannske 4 ár. En með þessu er hugsunin sú, að ekki verði hafin bygging á fleiri íbúðum en lán eru veitt til, enda sé byggingarþörfinni fullnægt með þeim íbúðafjölda. Það getur vel verið hastarlegt, að allir geta ekki byrjað á þeim tíma, sem þeim þóknast að byrja, en með því móti er ekki hægt að fá skipulag á þessa byggingarstarfsemi, og það geta allir sagt sér það sjálfir, hvort það er ekki heppilegra að veita lán til 750 íbúða á ári, ef 750 menn hafa byrjað á árinu, heldur en að veita lán til 750 íbúða á ári og kannske yfir 2000 manns hafa byrjað samtímis og þess vegna dregst í 3 ár að þeir fái lán. Þetta finnst mér mjög auðskilið mál og var einn af grunnþönkunum í því samkomulagi, sem gert var, og tilraun til þess að reyna að koma skipulagi á byggingarstarfsemina, að ekki byrjuðu allt of margir í einu og lánveitingar til þeirra drægjust úr hófi, þó þannig, að ekki kæmu í heild fleiri íbúðir út úr byggingarstarfseminni heldur en hefðu fengizt, ef það hefðu ekki byrjað nema 750 í einu. Ég held, að það sé heilbrigð hugsun, sem á bak við þetta liggur, og það sé misskilningur hjá hv. þm. að vera að gagnrýna hana.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal víkja fyrst að því, sem hæstv. ráðh. nefndi síðast. Hann segir, að þetta ákvæði í 7. gr. frv. um, að lánsloforð skuli fengið, áður en bygging er hafin, sé til þess að hafa hemil á byggingarstarfseminni. M. ö. o.: það á að hindra menn í að fara að byggja. Ég nefndi dæmi um það, að maður hefði farið að byggja og ekki talið sig þurfa á slíku láni að halda, en svo hefðu fjárhagsaðstæður hans breytzt og hann þyrfti þá að sækja um lán, og ég spurði hæstv. ráðh. beint: Á maðurinn þá aldrei að fá lán út á þetta hús? En hann kom sér hjá því að svara því. Ég nefndi, hvort ekki væri nóg að hindra þennan mann í að fá lán eitt ár, en svo gæti hann komið til greina á næsta ári þar á eftir, en hæstv. ráðh. kemur sér hjá að svara því. Hver hefur óhag af því, að sú regla yrði tekin upp, að þeir, sem hafi ekki loforð fyrir láni, þegar þeir hafa byggt, verði að bíða. Það er þó annað en að neita þeim ákveðið um lán út á þetta hús um alla tíð. Í hvers þágu á það að vera? Og ég óska eftir, að hæstv. ráðh. svari því, hvort það á að skilja þetta ákvæði frv. þannig, að slíkur maður fái aldrei lán út á húsið sitt, af hann hefur byrjað á botnplötunni, áður en hann fékk lánsloforðið. Ég tel óhjákvæmilegt að fá úr þessu skorið strax. Um hitt skal ég vera fáorður, sem hæstv. ráðh. vék hér að, að hagur húsbyggjenda yrði miklu betri en hann hefði nokkurn tíma verið, og nefndi hann það, sem fyrr hefur heyrzt og sézt frá hv. stjórnarflokkum í því efni, að launin hafi hækkað svo mikið, nú sé þeim borgið, þegar lánsupphæðin sé komin upp í þetta mark, og sé því betri hagur manna nú en var áður. Launin hafa þá orðið að hækka það mikið, að menn hafi getað lagt fé til hliðar til þess að byggja fyrir, er það ekki? Þeir hljóta að hafa fengið þá launahækkun eftir þessu að dæma, að nú geti þeir lagt verulega af launum í byggingunum, þess vegna séu þeir betur staddir nú en var áður. En er þetta staðreynd? Hafa launin hækkað þannig?

Samkv. skýrslum Hagstofunnar nú í marz er framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar tæp 100 þús. kr. á ári, þegar húsnæðiskostnaðurinn er ekki talinn með. Þegar húsnæðiskostnaðurinn er ekki talinn með, er framfærslukostnaðurinn tæp 100 þús. kr. yfir árið. En hvað eru laun verkamanna á þessum tíma? Þau hækkuðu 1. marz, og ég skal taka hækkunina með, þessi 3%, sem þau hækkuðu þá. Þau eru í 1. taxta Dagsbrúnar 83600 kr. yfir árið fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga. Það vantar 16 þús. kr. til, að launin dugi fyrir lífsnauðsynjunum, án þess að nokkur eyrir fari í húsnæðiskostnað, og af þessum launum telur hæstv. ráðh., að launamennirnir geti lagt í byggingu. Ef hann gerir sig ánægðan með þetta, þá er eðlilegt, að hann telji hag þessara húsbyggjenda núna góðan. En ég held, að fólkið, sem stendur í þessum byggingum og er með 83 til 90 þús. kr. árslaun fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga ársins, leggi ekkert í byggingu af launum sínum og hefði þess vegna þurft að fá meiri hækkun á lánum en þessi 130 þús., sem gerir þó ekki nema hálfs annars árs verðbólguhækkun á meðalíbúð. Og þetta held ég, að séu nokkurn veginn glöggar tölur um það og verði ekki hraktar, að það er ekki batnandi hagur húsbyggjenda með þessu frv., þó að hann verði betri en hann var í fyrra. Það er öðru nær.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal aðeins segja nokkur orð út af fullyrðingum hv. 3. þm. Vestf. Hann segir, að maður í lægsta launaflokki Dagsbrúnar eigi erfitt með að byggja, og það er vitaskuld satt og rétt, og það hefur hann átt ekki einasta núna, hann hefur alltaf átt erfitt með það, og fyrir þá menn, sem í þeim launaflokkum eru, eru verkamannabústaðirnir fyrst hugsaðir og eru enn. Það er og getur náttúrlega verið fyrir mann með þessum tekjum, sem hann nefndi, mjög erfitt að standa undir kostnaði, sem hann verður að gera vegna kaupa á íbúð í verkamannabústað, þó að það sé auðveldara en greiða lán frá húsnæðismálastjórn.

En það, sem ég vildi halda fram, er það, að hlutur húsnæðismálastjórnar í byggingarkostnaði sé meiri en hann var áður. Byggingarkostnaður frá árinu 1958 og til dags dato hefur hækkað um 77%. Kaup verkamanna í lægsta launaflokki Dagsbrúnar, sem hv. þm. nefndi, hefur líka hækkað nákvæmlega um 77%, eins og byggingarkostnaðurinn hefur vaxið. Og vita þó allir, að ýmsar launastéttir í landinu hafa fengið laun sín hækkuð meira en þetta.

1958 var lánveiting hjá húsnæðismálastjórn 70 þús. kr., og síðan hefur byggingarkostnaðurinn hækkað um 77%, en lánveiting húsnæðismálastjórnar hefur hækkað úr 70 þús. kr. upp í 280 þús. kr., þ. e. a. s. hún hefur hækkað um 300%, á sama tíma sem byggingarkostnaðurinn hefur hækkað um 77%.

Ég tel þess vegna, að það megi vissulega finna þeim orðum stað, að hlutur veðlánakerfisins nú í byggingarkostnaði sé meiri en hann hefur nokkru sinni áður verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 484, n. 543, 561 og 562, 563).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. og frá báðum minni hlutum n., hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þó hygg ég, að óhætt sé að segja, að allir nm. vilji mæla með samþykkt frv., svo langt sem það nær, þrátt fyrir það að hv. fulltrúar minnihlutaflokkanna leggi til fáeinar breytingar við frv.

Þetta mál var lengi til meðferðar í hv. Ed. og var rætt þar ýtarlega. Ed. gerði á upphaflega frv. nokkrar breytingar. Ég tel ekki fyrir mitt leyti ástæðu til að fara að rifja upp þær umr., sem orðið hafa um þetta mál í Ed., slíkt yrði aðeins endurtekning og tímaeyðsla, eins og háttað er störfum Alþ. nú. Sé ég ekki ástæðu til að fara um málið mörgum orðum.

Ég vil þó aðeins rifja það upp, að úthlutanir húsnæðismálastjórnar til íbúðarlána hafa á árunum 1955—1964 hækkað úr 35 millj. kr. í 160 millj. kr. Það, sem mest hefur skort á, að starfsemi húsnæðismálastjórnar væri fullnægjandi, hefur verið það, að stofnunin hefur ekki haft nógu mikið eigið fé til ráðstöfunar, heldur hefur hún orðið að útvega lánsfé og endurlána það húsbyggjendum.

Á s. l. ári voru gerðar tvennar ráðstafanir til þess að auka eigið fé húsnæðismálastjórnar: í fyrsta lagi með því að hækka skyldusparnað úr 6% í 15%, og í öðru lagi með því að ákveða, að hluti af ráðstöfunarfé vátryggingarfélaga skyldi tekinn til kaupa á húsnæðismálastjórnarbréfum. Hvort tveggja þetta hefur orðið til nokkurra bóta, þótt ekki hafi orðið eins mikið úr kaupum vátryggingarfélaganna á verðbréfum húsnæðismálastjórnar og ráð hafði verið fyrir gert.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir og er í aðalatriðum til staðfestingar á júnísamkomulaginu frá fyrra ári, eru gerðar nokkrar fleiri ráðstafanir til viðbótar til þess að auka eigið fé stofnunarinnar. Er þar fyrst að geta um 1% launaskatt, sem þegar er kominn til framkvæmda, og 40 millj. kr. nýtt stofnframlag frá ríkissjóði. Enn fremur verður nú ákveðið, ef frv. verður að lögum, að ríkissjóðsframlagið til atvinnuleysistrygginganna skuli ganga til kaupa á bréfum húsnæðismálastjórnar. Þetta hefur að vísu verið framkvæmt áður, en ekki verið lögboðið, og því orðið að leita samninga um þetta í hvert sinn. Einnig er gert ráð fyrir í frv., að tekið verði upp nýtt kerfi íbúðalána fyrir lífeyrissjóði, þannig að meiri samræming eigi sér stað á lánveitingum húsnæðismálastjórnar og lífeyrissjóðanna en áður hefur verið.

Þá er í frv. ákvæði um vísitölubindingu lána, sem er gerð fyrst og fremst í þeim tilgangi, að hægt verði að lækka vexti og rýmka lánskjörin frá því, sem verið hefur. Lánskjörunum er breytt til rýmkunar, þannig að þau verða afborganalaus í eitt ár, og lánstími eða réttara sagt greiðslutími lánanna verður 25 ár, þannig að lánstíminn er í raun og veru 26 ár, og vextir verða 4%. Ársgreiðslurnar verða jafnar, þ. e. a. s. svokallaðar annuitetsgreiðslur. Þá er þess einnig að geta, að veðdeild Landsbankans er heimilað að gefa út allt að 400 millj. kr. í vaxtabréfum í stað 150 millj. kr. á ári. Nú verður þessi heimild ekki tímabundin við 10 ár, eins og áður var, heldur ótímabundin.

Ein af þýðingarmestu breytingunum, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að heimild er veitt til að veita sveitarfélögum lán til byggingar á leiguíbúðum.

Þetta, sem ég hef drepið á, eru nokkur helztu nýmælin í þessu frv. Húsnæðismálin hafa verið til umr. á hverju þingi undanfarin ár og mjög ýtarlega rædd, þannig að ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni frv. Margt af því, sem þar er, er að sjálfsögðu að finna í eldri lögum, sem gilt hafa um þessi efni og hv. alþm. er vel kunnugt um.

Ég vil aðeins að endingu geta þess, að samkv. upplýsingum formanns húsnæðismálastjórnar við umr. í Ed. stóðu mál þannig í lok janúarmánaðar s. l., að um langt skeið höfðu ekki verið færri umsóknir liggjandi óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn en þá. Það má að vísu alltaf segja sem svo, að í þessu efni sé þörf á að gera meira, og því neitar enginn. En sá árangur af þeim athugunum, sem fram hafa farið á þessum málum að undanförnu, sem liggur fyrir í þessu frv., er sú niðurstaða, sem menn hafa komizt að varðandi þann áfanga, sem fært væri að fara þessu sinni. En ef að venju lætur, megum við búast við, að þessi mál þurfi aftur að koma til kasta Alþ., áður en langt líður.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til fyrir hönd meiri hl. heilbr.- og félmn., að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það er komið til þessarar hv. deildar frá Ed.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er að efni til fyrst og fremst fullnæging á því samkomulagi, sem gert var í sambandi við launamálauppgjörið í júnímánuði s. l., og hefur hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. gert grein fyrir helztu efnisatriðum frv., þ. e. a. s. þeim nýmælum, sem

í því eru fólgin. Breytingarnar og nýmælin, sem þarna var samið um, eru, eins og menn sjá, felld inn í húsnæðismálalöggjöfina, sem liggur þá hér fyrir í heild, eins og hún var og verður nú með þessum breytingum.

Þegar frv. kom fram, áttu fulltrúar frá Alþýðusambandinu viðræður við heilbr.- og félmn. Ed. og ræddu við nefndina um möguleika þess, að nokkrar smábreytingar yrðu gerðar á frv., — nokkrar, sem voru í raun og veru nýmæli, en aðrar, sem við töldum betur samrýmast samkomulaginu, sem gert var í júní s. l., en í öllum meginatriðum þræddi frv. þau samningsatriði, sem samkomulag hafði orðið um. Tvær smábreytingar voru gerðar skv. þessum óskum okkar í Ed., og skal ég ekki fjölyrða um það. Þær voru komnar inn í frv., þær breytingar, þegar það kom hingað til hv. Nd.

Eins og frv. er nú, tel ég það vera í samræmi við gert samkomulag, og að því leyti hlýt ég sem einn aðili að því samkomulagi að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og tel nauðsyn á, að það verði gert að lögum á þessu þingi, og er mér því fjarri skapi að vilja bera fram nokkrar þær breytingar við þetta frv., sem verða kynnu til þess að bregða fæti fyrir afgreiðslu þess, svo að hún færist fyrir núna undir þinglokin. Því miður er frv. nokkuð seint á ferðinni, og valda því sjálfsagt ýmsar ástæður, ef til vill gildar ástæður.

Það var hugmyndin, þegar júnísamkomulagið var gert og samkomulagið um húsnæðismálin sem einn liður i því, að tryggðar yrðu um það bil 1500 íbúðir á ári og fjármagn útvegað til þess, að svo mætti verða, og það var talið af fróðustu mönnum, að ef hægt væri að byggja um 1500 íbúðir á ári, mundi það fullnægja húsnæðisþörfinni, bæði að því er varðaði nýjar íbúðir og ibúðir til viðhalds því íbúðarhúsnæði, sem úr sér gengi, og í þriðja lagi íbúðarhúsnæði, sem fullnægði þörfum stækkunar þjóðarinnar árlega. *Mig minnir, að menn hugsuðu sér* þetta á þá lund, að það væru um 100—150 íbúðir, sem væru byggðar á ári af fjármagnssterkum einstaklingum, sem þyrftu ekki að sækja lánsfé i húsnæðismálakerfið, um 150 ibúðir yrðu byggðar í sveitunum skv. þeim lögum, sem þar um gilda, og lífeyrissjóðir landsins mundu hafa veitt lánsfé á undanförnum árum eða hafa getu til þess nú, sem nægði til sams konar lánveitinga til 450 íbúða, þannig að húsnæðismálastofnunin þyrfti að sjá fyrir fjármagni til 750 lána, en það, sem fjármagn kæmi að öðru leyti til í gegnum lífeyrissjóðina og til bygginga í sveitum og framlagt fé af fjársterkum einstaklingum, sem þyrftu á lánsfé að halda, yrði um 750 íbúðir, þannig að þetta yrðu um 1500 íbúðir.

Nú er það samkv. þessu einn liður í samkomulaginu, að nýtt kerfi sé sett upp, sem geri ráð fyrir jafnháum lánum úr lífeyrissjóðunum og hjá húsnæðismálastofnun ríkisins og að lífeyrissjóðsþegarnir fái þannig 280 þús. kr. lán og að þau geti orðið á vegum þeirra ekki færri en um 450. Nú vil ég spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. hafi tekizt að koma þessu lánakerfi á, þannig að öruggt sé, að lífeyrissjóðsþegarnir fái fullkomlega sömu aðstöðu og það fólk, sem lánin á að fá gegnum húsnæðismálakerfið. Ef svo væri ekki, að þarna væri ekki séð fyrir þessu og þetta mál, *væri ekki komið í höfn, sem ég hef á tilfinningunni*, að hafi verið hæstv. ríkisstj. nokkuð erfitt, gæti svo farið, að lífeyrissjóðsmennirnir yrðu að sækja inn í húsnæðismálakerfið með sínar lánbeiðnir og þannig skerða þann stofn, sem ætlaður var takmarkaðri fjölda, og þá mundi þetta jafnvel raska því samkomulagi, sem gert var. En ég vona, að þetta sé komið í höfn eða komist örugglega í höfn, svo að til þessa þurfi ekki að koma. Um þetta vona ég að fá svar hæstv. ráðh. eða þeirra, sem þar um vita, hvernig það mál standi.

Það var um það samið á vordögum í fyrra, að lánsupphæð til íbúðar yrði eigi lægri en 280 þús. kr., í staðinn fyrir að lánshámarkið var 150 þús. áður. Þetta þótti þá nokkuð veruleg bót. Og enn fremur var um það samið, að 15—20 millj. kr. kæmu til viðbótar lánum fyrir efnaminni einstaklinga innan verkalýðsfélaganna, svo að þeirra lán gætu e. t. v. orðið með allt að 50 þús. kr. viðbótarláni upp í 330 þús. kr. Síðan í fyrra hafa þessar umsömdu upphæðir skerzt, en hinu er ekki að neita, að við sömdum um krónutölu, og telja fróðir menn, að nú sé meðalíbúðin orðin a. m. k. allt að 70 þús. kr. dýrari en hún var á sama tíma í fyrra. Ég tel, að það sé hægt að halda því fram, að það sé andi samkomulagsins, að nú, þegar gengið er frá löggjöfinni, sem á að lögfesta innihald þess samkomulags, sem gert var, verði sett inn tala um lánsupphæðina, sem jafngildi, hefði sama verðgildi og sú tala, sem við sömdum um í fyrravor, þá 280 þús. kr. Ég mundi því segja, að núna ætti að setja inn þá tölu í frv., sem væri jafnmargir hundraðshlutar af byggingarkostnaði meðalíbúðar og 280 þús. kr. *námu s. l. vor, þannig að raungildi tölunnar* væri óbreytt. Þetta teldi ég nánast ekki breytingu á frv., heldur viðleitni Alþ. til þess að láta það standa í fullu gildi, sem um var samið s. l. vor.

Það er af þessum ástæðum, sem ég flyt brtt., sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, og er prentuð á þskj. 561. Það er til þess ætlazt, að 1. málsl. í B-lið 7. gr. frv. orðist svo: „Lánsupphæðin skal nema allt að 310 þús. kr. á hverja íbúð, og breytist upphæðin samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er á hverjum tíma. Lánsupphæðin má þó ekki nema meira en 3/4 hlutum verðmætis íbúðar skv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans.“ Þarna er sem sé gert ráð fyrir því, að upphæðin væri nú sem nánast í samræmi við það verðgildi, sem um var samið í fyrravor, og að síðan breytist hún frá ári til árs eftir byggingarvísitölu, þannig að hún héldi sem næst verðmæti sínu áframhaldandi.

Hin breytingin, sem ég legg til að gerð verði á frv. og er eiginlega sama eðlis, er þess efnis, að ákv. til brb. bætist aftan við frv. á þessa leið: „Unz sett hafa verið lög um verðtrygg-

ingu lána almennt, er lántakendum heimilt að velja milli lánskjara skv. lögum þessum, sbr. ákvæði C-liðar 7. gr. um ársvexti og vísitölutryggingu, og þess, að lánin séu með 7¼% ársvöxtum og án vísitöluálags.“

Við sömdum vissulega um það, að lánin yrðu með vísitölukvöð. En þá var forsendan sú, að öflugar ráðstafanir yrðu gerðar til stöðvunar verðbólgunni. Nú er liðið eitt ár, og maður verður að játa, að illa virðist hafa tekizt að stöðva verðbólguna. Hún hefur ætt fram á síðasta ári með svipuðum hraða og undanfarin ár. Og ef svo yrði á næstu 26 árum, en lánstíminn er í raun og veru 26 ár, mundi fara svo á síðari hluta lánstímans, að vísitölukvöðin væri búin að gera þessi lán mjög óhagstæð og jafnvel óhagstæðari en lánskjörin voru, þegar við settumst að samningaborði. En það var vitanlega ekki tilgangur aðila, hvorugu megin við borðið, að *ég vil fullyrða*, að gera lánskjörin óhagstæðari, heldur var það undirstaða viðræðnanna, að samningakjörunum skyldi breytt þannig, að þau yrðu hagkvæmari og léttbærari húsbyggjendum en áður.

Till. þessi fer einungis fram á það, að ef svo skyldi fara, að verðbólgan umturnaði þessum lánakjörum svo, að þau yrðu óhagstæðari en þau, sem áður giltu, þá mættu lántakendur, áður en þeir taka sitt lán, velja á milli þess, að lánin væru með 4% vöxtum í byrjun og með vísitölukvöð og þannig hækkandi annuitetsgreiðslum, eða þá, að þeir undirgengjust að taka sitt lán með 7¼% vöxtum og án vísitölubindingar. Mér finnst sanngjarnt, að menn megi velja um þetta, af því að það var ætlun beggja aðila, að lánskjörin yrðu hagstæðari, og þá, ef menn ættu frjálst val um þetta, hefðu lántakendur ekki neinn annan að sakast við en sjálfa sig um það, ef þeir hefðu valið hinn verri kostinn. Ég tel því þessa till. líka vera í anda samkomulagsins, sem gert var.

Vissulega hefði verið full þörf á því að flytja margar aðrar brtt. um húsnæðismálin núna, því að þeim var vitanlega ekki komið í höfn í eitt skipti fyrir öll á fullnægjandi hátt með samkomulaginu s. l. vor, þó að ég teldi það samkomulag til mikilla bóta og þá mest varðandi það átak, sem samkomulag fékkst um, að efla fjármagnsstyrk húsnæðismálasjóðsins, byggingarsjóðs ríkisins, því að hann er stórum mun sterkari og verður það í framtíðinni fyrir þær aðgerðir, sem þarna voru gerðar. Það er í raun og veru höfuðatriði þess samkomulags, sem gert var. Hann fær nú líklega á annað hundrað millj. kr. sem eigið fé á hverju ári, og það mun auðvelda sjóðnum að veita, þegar fram í sækir, batnandi kjör.

Lánsupphæðin, þó að hún fari nú úr 150 þús. í 280 og þó að verðbólgan hefði ekki höggvið verulega skarð í þá upphæð, þá er þessi lánsupphæð innan við 40% af byggingarkostnaði í landi okkar. Í flestum öðrum löndum eru lánsupphæðirnar um 70—75% upp í 90—95% af byggingarkostnaði. Við eigum því ærið langt í land með að veita þvílíka aðstoð, sem veitt er húsbyggjendum í okkar nágrannalöndum.

Hlutskipti húsbyggjandans, ekki sízt unga fólksins, er mjög erfitt hjá okkur, og þjóðfélagið, þó að það hafi gert vafalaust hvað það hefur getað, þá hefur það ekki getað bætt svo úr á því sviði sem skyldi. Og allir vita, að húsnæðiskostnaðurinn hjá okkur er einn mesti dýrtíðarvaldur fólks með venjulegar tekjur. Það hefði þess vegna vissulega þurft að hækka hámark lánanna meira en þetta, sem um var samið, langtum meira. En ég tel ekki rétt, að við, sem áttum aðild að þessu samkomulagi, flytjum breytingar, sem raunverulega breyti innihaldi og efni þess samkomulags, sem gert var. Það eru samningar að hefjast nú á ný um kjaramálin og þar á meðal um húsnæðismál við hæstv. ríkisstj., og það af nýjum umbótum, sem um gæti verið að ræða í þeim efnum, *teldi ég rétt að kæmi a. m. k.* fyrir okkar tilverknað inn í það samkomulag, og verður maður að vona, að eitthvað fáist út úr því.

Þetta er ástæðan til þess, að ég taldi ekki rétt, að ég flytti aðrar brtt. en ég gæti rökstutt, að væru í raun og veru nákvæmlega í anda þess samkomulags, sem gert var, og héldu raungildi þess óbreyttu, eins og það var, þegar staðið var upp frá samningaborði. Báðar till. mínar eru í raun og veru þess efnis.

Ég læt svo máli mínu lokið og mæli með samþykkt frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Lánamál húsbyggjenda eru eitt þeirra mála, sem ég hygg, að hafi verið til umræðu á hv. Alþingi öll þau ár, sem ég hef átt hér setu, og stundum margoft á einu og sama þinginu. Þetta er eðlilegt, því að lánamál húsbyggjenda eru eitt af stóru málunum, sem verið hafa efst á baugi í þjóðlífi okkar Íslendinga nú undanfarna áratugi.

Ég hef við þau tækifæri, sem ég hef tekið þátt í umr. um þessi mál, ítrekað, að meginatriði þeirra væri að efla sjálft lánakerfið, þ. e. a. s. byggingarsjóð ríkisins, svo mjög, að hann gæti sinnt þeirri eðlilegu eftirspurn, sem til hans væri gerð á hverju ári um lánsfé.

Ég hef ævinlega litið á það sem mikinn galla við lánakerfið, að byggingarsjóður skuli ekki hafa tryggða árlega, fasta tekjustofna umfram það, sem reynslan hefur sýnt okkur hann búa við á hverjum tíma, því að þetta hefur leitt til þess, að forustumenn byggingarsjóðs ríkisins hafa ár eftir ár orðið að standa í samningum við ýmsar lánastofnanir í landinu og sjálfa ríkisstjórnina til þess að fá bráðabirgðalán til útlána, svo að sjóðurinn gæti leyst úr mestu erfiðleikunum í það og það skiptið.

Þetta öryggisleysi um tekjuöflun og lánamöguleika byggingarsjóðs ríkisins hefur að sjálfsögðu sagt til sín á marga vegu í þjóðfélaginu. M. a. hafa húsbyggjendur, þegar þeir hefja sínar íbúðabyggingar, aldrei getað fengið ákveðin svör um það, hvenær þeir mættu

vænta þess að fá hámarkslán afgreidd til sín. Þetta hefur leitt til mikils öryggisleysis í íbúðabyggingastarfseminni og skapað húsbyggjendum margan vandann.

Það er rétt að viðurkenna, að á undanförnum árum hafa veruleg átök verið gerð í því að efla eigin tekjur byggingarsjóðs ríkisins. En þrátt fyrir nokkra viðleitni í þessum efnum blasir samt sú sorglega staðreynd við okkur í dag, að af völdum verðbólgu og hækkandi byggingarkostnaðar hafa hinar auknu tekjur byggingasjóðsins ekki gert meira en að vega upp á móti hækkun byggingarkostnaðar í landinu, þannig að hagur sjálfra húsbyggjendanna hefur ekkert batnað, þrátt fyrir það, að lánin frá byggingarsjóðnum hafi verið hækkuð að undanförnu.

Ég vil ekki vegna þess, hvað langt er komið störfum þessa þings, og vegna þess, hve þessi mál eru margrædd hér á hv. Alþ., eyða miklu lengri tíma til þess að ræða þessi mál almennt. Hins vegar vil ég víkja í stuttu máli að þeim brtt., sem við fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar flytjum á þskj. 563.

Áður en ég vík að þeim brtt., vil ég þó taka undir það, sem kom fram hjá frsm. meiri hl., að við fulltrúar Framsfl. í nefndinni erum að sjálfsögðu samþykkir frv., svo langt sem það gengur, þó að við höfum talið ástæðu til þess að flytja brtt. þær, sem ég ætla nú að mæla fyrir í stuttu máli.

Fyrsta brtt. okkar er við 7. gr. frv., eins og það liggur fyrir afgreitt frá Ed. Fyrsti breytingarliðurinn er við A-lið 7. gr., þannig, með leyfi hæstv. forseta, að í stað orðanna „eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð" í 1. málsgr. komi: eða afsal vegna kaupa á nýrri íbúð er gefið út.

Breyting þessi felur það í sér, ef samþykkt verður, að í stað þess, eins og frv. gerir ráð fyrir, að kaupandi íbúðar verði að hafa vilyrði eða loforð húsnæðismálastjórnar fyrir láni, áður en hann festir sér íbúð með kaupsamningi, þá skuli vera nægilegt, að hann hafi fengið loforð húsnæðismálastjórnarinnar, áður en afsal er gefið út til hans fyrir íbúðinni.

Þetta er gert vegna þess, að eins og vafalaust allir þm. vita, þá eru kaup á íbúðum oft gerð með litlum fyrirvara, og menn festa sér e. t. v. íbúð án þess að hafa nokkurt tækifæri til þess að sækja um lán út á hana hjá húsnæðismálastjórn ríkisins. Skv. frv. á það að þýða, að þeir geti aldrei fengið lán út á slíka íbúð. Sérstaklega er þetta bagalegt fyrir fólk, sem býr fjarri höfuðstöðvum húsnæðismálastjórnarinnar, þ. e. a. s. Reykjavík, og kemur sér illa. Við teljum því, að það sé sjálfsagt að gefa þessu fólki frest allt til afsalsdags um að sækja um lán út á íbúðir sínar til húsnæðismálastjórnar.

B-liður brtt. okkar fjallar um það, að ef byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, hefur sótt um lán til húsnæðismálastjórnar, þá sé skylt að veita slíku félagi bráðabirgðalán, ef ástæður húsnæðismálastjórnar eru þannig, að fjárráð eru til slíkra lánveitinga. Eins og frv. er núna, er hér einungis um heimild að ræða, en við teljum, að breyta eigi því heimildarákvæði í fortakslausa skyldu.

Við 7. gr. flytjum við enn fremur eina brtt. enn þá, þ. e. a. s. að við fyrri málslið 3. málsgr. bætist: og einnig stjórn stúdentagarðanna til byggingar íbúða fyrir kvænta háskólanema. — En í 3. málsgr. 7. gr. húsnæðismálafrv. er húsnæðismálastjórn heimilað að veita sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar á leiguhúsnæði.

Að undanförnu hefur verið uppi í samtökum háskólastúdenta verulega sterk hreyfing fyrir því að byggja svokallaðan hjónagarð. Öllum, sem til þessara mála þekkja eða hafa kynnt sér þau, er ljós hin brýna nauðsyn, sem til þessa ber. Við viljum því koma til móts við þá baráttumenn þessa máls í háskólanum og utan hans með því að flytja þá brtt., er ég hér var að lýsa og ef samþykkt yrði gæti ráðið úrslitum um það, að hægt væri að ráðast í byggingu hjónagarðs fyrir háskólastúdenta.

Þetta er 1. brtt. ásamt undirliðum, sem við fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og félmn. flytjum.

2. brtt. okkar á þskj. 563 er nokkuð löng, og sé ég ekki ástæðu til þess að lesa hana alla. Ég ætla aðeins að minnast örfáum orðum á þær breytingar, sem samþykkt hennar mundi hafa í för með sér. Í fyrsta lagi leggjum við til, að hámark íbúðarlánanna verði hækkað úr 280 þús. í 300 þús. kr. Eins og hér hefur komið fram hjá talsmönnum beggja nefndarhluta, sem talað hafa á undan mér, þá er frv. þetta flutt til efndar á samkomulagi, sem gert var á s. l. sumri, í júnímánuði, á milli vinnuveitendafélaganna í landinu og vinnuþiggjendafélaganna, og ríkisstj. átti aðild að. Hámark lánanna var þá að sjálfsögðu miðað við það ástand, sem þá ríkti, við þann byggingarkostnað, sem þá var staðreynd. Síðan hefur byggingarkostnaðurinn hækkað mjög verulega með hinni ofboðslegu dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur síðan. Við leggjum því til, að hámarkslánin séu hækkuð til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði, frá því að samkomulagið var gert, um 20 þús. kr.

Þá er önnur efnisbrtt. okkar sú, að frá og með árslokum 1964 skuli hámarkslán frá húsnæðismálastjórn hækka til samræmis við þá hækkun, er verða kann á byggingarvísitölu frá þeim tíma. Þetta er að sjálfsögðu eðlilegt ákvæði og furðulegt, að það skuli ekki hafa verið í lögum húsnæðismálastjórnar undanfarandi ár, ef hafðar eru í huga þær geysilegu verðbreytingar, sem hér hafa orðið í landinu á undanförnum árum og hafa gert það óumflýjanlegt fyrir Alþingi að taka hámarkslánaákvörðunina til endurskoðunar, ég vil ekki segja á hverju ári, en mjög oft a. m. k. Ég tel, að sú hámarkslánaákvörðun, sem við leggjum til að lögfest verði, sé sú allra minnsta, sem hægt sé að leggja til að lögfesta. Og við

flm. viljum, að hún hækki til samræmis við þá hækkun, sem verða kann á byggingarkostnaði í framtíðinni.

Þriðja efnisbreytingin, sem þessi brtt. okkar hefur í för með sér, er sú, að með henni er lagt til, að allir þeir, sem skilað hafa löglegum umsóknum um íbúðarlán til húsnæðismálastjórnarinnar eftir 1. apríl 1964, skuli eiga þess kost að koma undir þá lánahækkun, sem ákveðin hefur verið.

3. brtt., sem við flytjum, hefur inni að halda þrjár eða jafnvel fjórar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er með brtt. lagt til, að áfram skuli haldið að veita A- og B-lán, eins og gert hefur verið til þessa tíma, í stað þess að lána eingöngu svokölluð vísitölulán, eins og frv. gerir ráð fyrir. Við teljum, að það sé í alla staði óeðlilegt og mjög ósanngjarnt gagnvart húsbyggjendum að taka þá út úr, einn hóp manna í landinu, og lögákveða, að öll lán til þeirra skuli bundin vísitölu, meðan slík regla er ekki almennt gildandi. En frv. gerir ráð fyrir, að svo verði gert. Við teljum eðlilegt, að sami háttur verði áfram hafður í þessum efnum og verið hefur til þessa, þ. e. a. s. að meginhluti þeirra lána, sem frá húsnæðismálastjórninni eru veitt, sé venjuleg lán með föstum vöxtum og afborgunum til ákveðins tíma og nokkur hluti heildarlánveitinga sjóðsins sé svokölluð vísitölulán. Við teljum eðlilegt að miða þann hluta heildarlánanna, sem bundinn er við vísitölu, við það fjármagn, sem lagt er til þessarar starfsemi og þarf að verðtryggja. Það teljum við, að eðlilegt sé að lána út með vísitölutryggingu, en ekkert umfram það.

Önnur efnisbreytingin er um lengingu lánstímans. Við leggjum til, að lánstíminn, sem ákveðinn er í frv., 25 ár, verði lengdur í 35 ár. Fyrir þeirri brtt. liggja svo augljós rök, að ég tel ástæðulaust að orðlengja um hana.

Þriðja efnisbreytingin er svo sú, að við leggjum til, að vísitala á útlán frá húsbyggingasjóðnum nái aðeins til afborgana af svonefndum B-lánum, en hvorki til vaxta né lántökukostnaðar.

Fjórða efnisbreytingin, sem er smávægileg, er um það, að B-lán megi veita með 1. samhliða veðrétti ásamt með A-lánum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að við fulltrúar Framsfl. erum samþykkir frv., eins langt og það nær, þó að við teljum hins vegar, að ástæða hafi verið til þess fyrir okkur að flytja við það nokkrar brtt., sem ég hef hér verið að lýsa og að okkar áliti eru mjög hóflegar og sanngjarnar og sníða ýmsa vonda agnúa af frv., sem þar er nú að finna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 563,1 felld með 19:16 atkv.
— 561,1 felld með 18:16 atkv.
— 563,2 felld með 18:15 atkv.
— 563,3 felld með 18:15 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 561,2 felld með 18:18 atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í þessu frv. er það nýmæli, að afborganir og vextir af öllum lánum hjá húsnæðismálastofnuninni eiga hér eftir að breytast með vísitölu. Í gildandi l. er hins vegar svo fyrir mælt, að aðeins nokkur hluti lánanna skuli vera vísitölubundinn. Ákvæði um þetta eru í 6. gr. l., sem enn gilda um húsnæðismálastofnunina. Þar segir svo í C-lið gr., með leyfi hæstv. forseta: „Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán.“ Og í E-lið sömu gr. segir enn fremur, að A-lánin skuli vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, B-lánin skuli vera með 5½% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu veðbréfin. Þarna eru sem sagt fyrirmæli um það, að B-lánin aðeins skuli vera vísitölubundin, en A-lánin ekki. Þannig eru lögin nú. Ég vakti athygli á því við 1. umr. um frv. hér í hv. þd., að þessi lagafyrirmæli hefðu verið brotin árið sem leið, þar sem húsnæðismálastofnunin tók upp þann hátt á miðju ári 1964 að veita eingöngu vísitölubundin lán. Lántakendur hefðu þurft að sameinast um að mótmæla þessum ólöglegu aðförum, en það hafa þeir því miður ekki gert. Margir þeirra hafa verið í fjárhagskröggum vegna byggingganna og metið það mest að fá nokkurt lánsfé til að grynna á skuldum. Hafa þeir þá e. t. v. ekki veitt því athygli, að skuldabréfin, sem þeir undirskrifuðu, voru í ósamræmi við gildandi lög. En það er ósæmilegt af opinberri stofnun að nota sér þannig vandræði manna til þess að leggja á þá meiri kvaðir en lög leyfa. Úr þessu ætti að bæta með því að breyta lánunum þannig, að þau verði tvenns konar eins og áður, A-lán með hærri vöxtum, en án vísitöluálags, og B-lán vísitölubundin.

Eins og áður segir, er ráð fyrir því gert í frv., sem hér liggur fyrir, að framvegis verði öll lánin frá húsnæðismálastofnuninni vísitölubundin. Þetta verður að teljast mjög óeðlilegt, þar sem aðeins nokkur hluti af fjármagni húsnæðismálastofnunarinnar er vísitölutryggður. Þann hluta af fé stofnunarinnar, sem ekki er háður vísitölubreytingum, á vitanlega að lána út án vísitöluálags, eins og áður hefur verið gert. Þær kvaðir, sem hér á að leggja á húseigend-

ur, að hafa lánin til þeirra að öllu leyti vísitölutryggð, eru því ákaflega ósanngjarnar, meðan það fyrirkomulag er ekki upp tekið yfirleitt við lánveitingar. Sagt er, að þessi fyrirmæli í frv. séu í samræmi við oft nefnt júnísamkomulag launamanna, atvinnurekenda og ríkisstj. frá í fyrra. Ef svo er, virðist það benda til þess, að þeir mörgu menn, sem þurfa á byggingarlánum að halda, hafi ekki haft örugga málsvara fyrir sig við þá samningagerð.

Hér hefur verið og er skortur á húsnæði, einkum í höfuðstaðnum og sumum öðrum kaupstöðum. Húsin eru ákaflega dýr, dýrari en þau þyrftu að vera, ef skynsamlega væri unnið að byggingu þeirra. Eitt af því, sem hækkar verðið, er gróði einstakra manna, sem hafa það að atvinnu að byggja hús til þess að selja húsnæðislausu fólki. Þeir byggja oft stórhýsi með mörgum íbúðum, sem þeir selja hálfsmíðaðar með miklum ágóða fyrir sig. Eftirspurnin eftir nýjum íbúðum er mikil, og við það skapast þessum mönnum tækifæri til að græða fé á húsbyggingum. Ríkisstj. hæstv. og flokkar hennar halda uppi svonefndu verðlagseftirliti. Hér er sem sagt opinbert verðlagseftirlit og sérstök stofnun til að annast það, sjálfsagt með ærnum kostnaði, en trúlega til lítils gagns. Engar fréttir hafa borizt af því, að sú stofnun hafi komið við sögu hjá þeim mönnum, sem safna gróða af húsbyggingum og húsasölu. Þeirra starfsemi virðist vera í náðinni hjá yfirvöldunum. A. m. k. munu ráðamenn Reykjavíkurborgar fúslega veita þeim byggingarlóðir á góðum stöðum í borginni, þó að nokkur tregða sé stundum á slíkri fyrirgreiðslu við aðra menn, sem þurfa að fá lóðir undir hús til eigin nota. Og þessir menn, sem hafa það að atvinnu að byggja hús til að selja öðrum með gróða, fá til þess lánsfé án þess að þurfa að taka á sig nokkra vísitölukvöð í því sambandi, enn sem komið er a. m. k. Sú óþarfa álagning húsabygginga- og húsasölumanna á íbúðaverðið, sem ég hef hér nefnt, og ýmislegt fleira veldur því, að húsnæðiskostnaður almennings er hér miklu meiri en hann þyrfti að vera, einkum þó í höfuðstaðnum. Afleiðingarnar af þessu eru svo þær, að menn þurfa að fá hærra kaup fyrir sína vinnu til þess að geta greitt þennan kostnað og menn þurfa hærri byggingarlán, m. a. til þess að geta greitt hagnaðinn í vasa húsasölumannanna. Og svo er lagður launaskattur á atvinnuvegina, m. a. til þess að hægt sé að veita lán til þess að borga þessa óeðlilegu álagningu á húsverðið. Ekki er von að vel fari, meðan slíku fer fram. En lagfæringa í þessum efnum er tæplega að vænta, meðan núv. ríkisstj. situr að völdum. Þeir menn, sem taka óeðlilegan hagnað af byggingu og sölu íbúða, eru undir verndarvæng hæstv. stjórnar. Hins vegar hygg ég, að þeir, sem geta notið laga um verkamannabústaði, geti komizt hjá að greiða slíkan skatt til einstakra manna, og sama máli gegnir um félagsmenn í byggingarsamvinnufélögum. Það er því mjög hyggilegt fyrir þá menn, sem þurfa að koma upp íbúðum fyrir sig, að sameinast í slíkum félögum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

---

42. Lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna [178. mál] (stjfrv., A. 503).

Á 71. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það til l. um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna, sem hér liggur fyrir, er flutt eftir að sáttasemjari ríkisins hafði haldið allmarga fundi með deiluaðilum og verkfallið, sem hefur stöðvað hinar nýju og stóru flugvélar Loftleiða, skall á. Þetta verkfall hefur staðið síðan 4. apríl og allt millilandaflug á hinum nýju millilandaflugvélum Loftleiða af gerðinni Rolls Royce 400 stöðvazt vegna stöðvunar, sem Félag ísl. atvinnuflugmanna boðaði frá og með 3. s. m. til þess að knýja fram kjarabætur flugmönnum til handa, sem stjórna umræddum flugvélum. Sáttasemjari ríkisins hefur ekki náð samkomulagi. Ég talaði við hann síðast í morgun, — hann hefur haldið tvo fundi síðan þetta frv. kom fram, og satt að segja héldum við nú, að frv. mætti verða til þess að ýta á lausn málsins, — þá sagði hann, að hann teldi ekki ástæðu til þess að boða til fundar, því að hann hefði ekki eygt neina lausn á málinu á síðasta fundi, sem haldinn var. En vitanlega er það æskilegt, að deila sem þessi leysist með fullkomnu samkomulagi.

Það er ánægjulegt, hvað íslenzk flugfélög hafa fært út kvíarnar, og Loftleiðir hafa sýnt mikið áræði með því að kaupa þessar dýru og stóru flugvélar, sem hér er um að ræða. Ég ætla mér ekki að setjast í dómarasæti og segja neitt um það, hvort kaup og kjör flugmanna á þessum vélum eru hæfileg, miðað við þau störf, sem þeir vinna, hvort þau eru of lág eða of há. Ég þekki ekki þetta starf svo. Ég mundi vilja segja það, að flugmenn eiga allt gott skilið. Þeir eiga það skilið að hafa góð kjör. En þessi deila er staðreynd, að þessar dýru vélar eru ónotaðar, og tjónið af þessu verkfalli er mér sagt að sé alveg ómetanlegt. Það er ekki aðeins í krónum talið nú bókstaflega, heldur er trausti félagsins út á við stofnað í hættu, og farþegar, sem hafa keypt farseðla með þessum stóru og hraðskreiðari vélum, eru e. t. v. ekki allir ánægðir með það að

fá svo far með hæggengari vélum, DC 6, eins og Loftleiðir leigja nú í stað stóru vélanna.

Þetta frv. er flutt, eftir að verkfallið hafði staðið allengi, eftir að sáttatilraunir höfðu ekki borið árangur. Það er flutt til þess að leysa deilu, sem verður að leysast, og ég er alveg sannfærður um, að flugmennirnir vilja það helzt, að deilan leysist í dag eða á morgun. Þeir hefðu vitanlega helzt viljað, að deilan leystist með því, að það væri gengið að því, sem þeir fóru fram á. Þeir hefðu helzt viljað, að deilan leystist með frjálsum samningum. En úr því að þess er ekki kostur, veit ég, að þeir vilja eftir atvikum þessa leið frekar en að verkfallið standi.

Flugmenn hafa vitanlega hjálpað til að byggja upp þetta stóra fyrirtæki, Loftleiðir, sem er mjög stórt á íslenzkan mælikvarða, er orðið þekkt um allan heim og hefur skilyrði til þess að stækka enn meira og auka íslenzkt flug landa í milli. Veit ég, að flugmenn bera þann hug til félagsins, að þeir vilja að því stuðla, að það gæti orðið. En menn vilja e. t. v. spyrja: Hvað um Loftleiðir? Hvað með félagið? Vill það ekki, úr því að hagsmunir þess eru í svona mikilli hættu, eins og ég nefndi áðan, vill það þá ekki stuðla að lausn deilunnar? Ég efast ekki um það, að Loftleiðir vilja leysa deiluna, en þegar út í deilu er komið, skulum við segja, að það er sjaldan annar aðilinn, sem á alla sök, og þetta mál er komið í stífni, og það virðist vera svo, að hvorugur aðilinn vilji slaka til, svo að duga mundi.

Þetta mál varðar ekki aðeins flugmenn eina eða Loftleiðir. Þetta mál varðar íslenzku þjóðina, okkur, sem stundum ekki flug, okkur, sem höfum ekki beinna hagsmuna að gæta í Loftleiðum vegna hlutabréfaeignar þar eða annars þess konar, okkur kemur þetta mál við. Þetta félag veitir hundruðum manna atvinnu. Það eru þúsundir, sem hafa lífsframfæri hjá þessu félagi, og þetta félag vinnur inn erlendan gjaldeyri. Þetta félag gerir Ísland stærra. Það hefur skilyrði til þess að gera íslenzkt þjóðfélag sterkara. Það er þess vegna, sem það er skylda íslenzku ríkisstj. að blanda sér inn í þetta mál, þegar lausn hefur ekki fengizt með öðrum hætti.

Ég tel, að það sé út af fyrir sig ástæðulaust að fjölyrða mikið um þetta. Við erum hér að ræða um staðreynd, og við getum gert það án allra stóryrða, við getum gert það án allra ádeilna á einn eða annan. Við ættum að geta verið sammála um, að á þennan hnút verður að skera, og það er það, sem ríkisstj. leggur til með þessu frv. Ef hv. þm. vilja, að málið leysist, greiða þeir atkv. með þessu frv., þá hjálpa þeir til þess, að það fái greiðan gang gegnum þingið, og þá er hnúturinn leystur, að vísu ekki nema í bili, en það er gert ráð fyrir, að ef þetta frv. verður að lögum, gildi sá dómur, sem upp verður kveðinn um laun og kjör flugmanna, til 1. febr. næsta árs, en þá er útrunninn sá samningur, sem gildir við flugmenn.

Það er samkv. 1. gr. þessa frv. gert ráð fyrir því, að verkfall íslenzkra atvinnuflugmanna, sem boðað var 3. apríl s. l., sé óheimilt frá gildistöku þessara laga, og samkv. 2. gr., að hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kjör flugmanna á flugvélum af gerðinni Rolls Royce 400. Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim, sem dómurinn ákveður. Samkv. 3. gr. skal gerðardómurinn við ákvörðun launa, vinnutíma og annarra starfskjara hafa hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi. Samkv. 4. gr. er verkfall í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða óheimilt. Og samkv. 5. gr. skulu ákvarðanir gerðardóms samkv. 2. gr. gilda frá gildistöku laga þessara til 1. febr. 1966. 6. gr.: Kostnaður við gerðardóm, þ. á m. laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðh., greiðist úr ríkissjóði. 7. gr.: Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum. 8. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Hv. alþm. getur sýnzt sitt hvað í þessu máli. Það má vel vera, að einhverjir segi sem svo: Loftleiðir gátu samið með því að ganga að því, sem flugmenn vildu hafa, og það var sanngjarnt. Það má vel vera, að einhverjir vilji segja það. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort það hefur verið sanngjarnt eða ekki. Ég skal engan dóm leggja á það, hvort Leiftleiðir hefðu með góðu móti getað gengið að þessum kröfum. En það er staðreynd, að það hefur ekki verið gert, deilan er óleyst. Og ég hygg, að hvernig sem við að öðru leyti lítum á þetta mál, getum við, þegar við skoðum þetta mál ofan í kjölinn, verið sammála um, að við svo búið má ekki standa, að þessi dýru tæki, sem voru keypt á síðasta ári, og sams konar tæki er verið að kaupa til viðbótar, verði stöðvuð með verkfalli, að þessi tæki verði ekki notuð og millilandaflugi og þeirri þróun, sem það hefur átt á undanförnum árum, verði gersamlega spillt.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég vil þegar lýsa andstöðu minni við þetta frv. Ekki vil ég með því taka neina afstöðu til þeirra efnisatriða, sem um er deilt í þeirri kjaradeilu, sem hér er um að ræða, heldur vil ég taka þá „prinsip"-afstöðu, að slík deila skuli ekki leyst á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Gerðardómur í vinnudeilum er ekki í samræmi við þá stefnu, sem á að ráða í kjaramálum yfirleitt, og ef þessari aðferð er beitt í einu falli, er ekki víst, hvenær þykir hæfilegt að beita henni aftur. Ég minnist þess, að hæstv. samgmrh. orðaði það þannig í blaðagrein, þegar hann hafði sett brbl. um gerðardóm í kjaradeilu verkfræðinga

fyrir 1½ ári, að nú hefðu verkfræðingar verið „afgreiddir" með brbl. Nú á að „afgreiða" flugmenn. Og hverjir verða svo „afgreiddir" næst? Fram undan eru vandasamir og örlagaríkir kjarasamningar við allar helztu vinnustéttir landsins. Ég álít, að það starf, sem nú þarf að fara að vinna og er sjálfsagt þegar farið að vinna í því augnamiði að finna lausn á þeim vandamálum, sé ekki eðlilegt að hefja með því að beita eina stétt, sem nú á í kjaradeilum, þeim tökum, sem nú er gert ráð fyrir að gert sé. Það er ekki hentugt og ekki eðlilegt núna, einmitt sérstaklega á þessum tíma, þegar það er fram undan, sem við allir vitum, að skapa þá það fordæmi, sem skapað væri með samþykkt Alþ. á þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Í grg. þessa frv. er það fært fram sem höfuðástæða fyrir frv., að stöðvun á rekstri hinna nýju flugvéla valdi tilfinnanlegum truflunum á rekstri Loftleiða h/f og muni spilla því áliti, sem félagið hefur unnið sér á alþjóðavettvangi, og stofna framtíð þess í voða, ef ekkert er að gert, og hæstv. ráðh. gerði einnig í framsöguræðu sinni hér áðan mikið úr því tjóni, sem Loftleiðir yrðu fyrir í sambandi við þessa deilu og raunar þjóðin öll. Það er í sjálfu sér engin nýjung, að fyrirtæki og þjóðin öll verði fyrir tjónum af verkföllum. Það er sannarlega ekki nýjung, og þau stórfelldu tjón, sem af þeim hefur leitt, ættu að kenna okkur það að leita eftir þeim leiðum í þessum málum, sem líklegastar eru til þess að skapa gott samband milli vinnuveitenda og vinnuþega og ríkisvaldsins, að svo miklu leyti sem það kemur nálægt þessum málum, heldur en beita aðferðum eins og þessum, sem hér eru ráðgerðar. Valdi þetta verkfall, sem nú er um að ræða, tjóni, er víst, að það er ekki seinasta verkfallið, hvernig sem farið verður að, sem veldur tjóni á Íslandi, og ekki heldur það fyrsta, og það er þess vegna engin röksemd í sjálfu sér, enda engin nýjung.

Ég vildi mega láta í ljós þá skoðun, að að lausn þessarar deilu, sem hér er um að ræða, hafi ekki verið unnið á þann hátt, sem æskilegt hefði verið, og ekki á þann hátt, að útséð sé um, að samningar hefðu ekki getað tekizt, ef þetta frv. hefði ekki verið lagt fram. Það hafa farið fram lauslegar umr. um þessi mál milli Loftleiða og flugmanna þeirra öðru hverju alla tíð síðan þessar nýju flugvélar komu til sögunnar á seinasta ári, og einkum munu hafa farið fram nokkrir viðræðufundir um þetta sérstaklega milli flugmannanna og stjórnar Loftleiða á haustmánuðum síðustu. En árangur af þeim samtölum mun ekki hafa orðið viðunandi, og þess vegna er það, að flugmenn leggja fram ákveðnar kröfur í málinu með venjulegum hætti. Það gerðist í febrúarmánuði s. l. Þá er Vinnuveitendasamband Íslands komið í málið fyrir hönd Loftleiða, og þá eru haldnir þrír fundir um þetta mál milli Vinnuveitendasambandsins og flugmanna. Þeir, sem þekkja til samninga um kjaramál, munu ekki geta fallizt á það, að í þessu sambandi beri að kalla það allmarga fundi, eins og hæstv. ráðh. gerði. Þrír eru ekki allmargir í þessu efni. Verkfall er svo boðað með 12 daga fyrirvara síðari hluta marz og átti að hefjast 3. apríl. Um leið, en ekki fyrr, kemur sáttasemjari í málið. Honum er send verkfallstilkynning með venjulegum hætti, og hann tekur þannig málið að sér og hann heldur fyrsta fund með aðilum tveim dögum áður en verkfallið á að hefjast. Flugmenn frestuðu verkfallinu um 1—2 sólarhringa til þess að gefa nægan tíma til þess að kanna málið, eins og það þá stóð. En á þessum fyrsta fundi sáttasemjara náðist ekki árangur. Aftur er svo haldinn fundur 5. apríl, tveim dögum eftir að verkfallið átti að hefjast og hálfum sólarhring eftir að það raunverulega var hafið. Síðan líður meira en vika, án þess að nokkur fundur sé haldinn um málið, en 13. apríl er haldinn fundur, árangurslaus, og síðan á föstudaginn langa sá fjórði á vegum sáttasemjara og sá síðasti, áður en þetta frv. er lagt fram, sem hér liggur fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að frv. hefði verið lagt fram í þeirri von, að það gæti stuðlað að lausn málsins. Slíkt er ákaflega erfitt að skilja. Mér virðist, að það hljóti að liggja ljóst fyrir, að þegar slíkt frv. hefur verið lagt fram, hljóti það mjög að torvelda lausn málsins. Sá aðili, sem telur sig hafa hag af gerðardómi, mun auðvitað ekki samningsfús, meðan slíkt frv. liggur fyrir, og þess vegna er það furðulegt, vægast sagt furðulegt, að þetta frv. skuli lagt fram á hv. Alþ. á miðvikudaginn og ekki tekið fyrir fyrr en nú á mánudegi. Síðan hafa 5 dagar liðið. Sáttasemjari mun að vísu af sinni alkunnu skyldurækni hafa reynt sáttafundi, eina tvo, á þessu tímabili, en það kemur ekki á óvart, þó að þeir hafi verið árangurslausir.

Hæstv. ráðh. lét að því liggja í ræðu sinni hér áðan, að flugmenn mundu, úr því sem komið er, vilja gerðardóm fremur en áframhaldandi samningaumleitanir. Ég leyfi mér að draga þetta mjög í efa, og ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. að því: Hafa flugmenn beðið um það, að gerðardómur yrði settur í þessari deilu? Er það að þeirra óskum, sem þetta frv. er flutt? Mér er nær að halda, að það kunni e. t. v. að vera einhverjir aðrir, sem hafa fremur haft hug á að fá það flutt.

Eins og ég sagði áðan, hef ég ekki hugsað mér að taka hér afstöðu til þeirra efnisatriða, sem um er deilt í þessari kjaradeilu. En ég get þó ekki stillt mig um að geta þess hér, því að mér er kunnugt um það, hversu gífurlega hefur verið sagt ósatt frá þeim kröfum, sem flugmenn hafa gert, á opinberum vettvangi. Ég hef séð því haldið fram opinberlega, að kröfur flugmanna muni hafa numið allt upp í 800—900 þús. kr. árslaunum fyrir elztu flugstjóra á þessum vélum. En þegar betur er að gáð, er þessi upphæð fundin þannig, að ofan á kaup þessara manna og þess gjalds, sem þeir fá fyrir flogna tíma, er bætt kostnaði af

sumarfríum, launum þeirra, sem leysa þá af, meðan þeir eru í sumarfríum. Það er bætt ofan á áætluðum veikindadögum þeirra, það er bætt ofan á dagpeningum, sem þeir fá til þess að standa undir kostnaði sínum, þegar þeir dveljast milli ferða fjarri heimili sínu, það er bætt við tryggingagjöldum, það er bætt við áætlaðri yfirvinnu, og það er bætt við einkennisbúningum. Með þessum hætti hefur tekizt að reikna kröfur flugmanna upp í æðiháar tölur, sem svo eru notaðar til þess að gera kröfur þeirra, félagsskap þeirra og samtök þeirra óvinsælli en efni standa til. Sannleikurinn mun vera sá, ef utan af þessu er skafið það, sem eðlilegt er að skafa utan af, að kröfur flugmannanna munu nema því, að laun þeirra og þóknun fyrir flogna tíma, sem er það, sem raunverulega er hægt að kalla tekjur þessara manna, kröfur þeirra fyrir elztu flugstjórana munu nema um 500 þús. kr., en hvorki 800 eða 900 þús. Nú má vel vera, að mönnum finnist þetta ofrausn og óhóf, ég skal engan dóm á það leggja. En hitt er ljóst, að í þessari deilu eru launakröfurnar ekki það, sem fyrst og fremst er deilt um, heldur miklu frekar vinnutíminn, eða raunar flugtíminn, sem alls ekki er sama og vinnutími, eins og allir geta sjálfsagt sagt sér sjálfir, en þó nokkurt hlutfall á milli.

Í upprunalegum kröfum flugmanna mun vera gert ráð fyrir því, að mánaðarlegur flugtími styttist sem svarar því, sem þessar vélar eru hraðgengari, þannig að þeir fljúgi jafnmargar ferðir á mánuði hverjum og þeir hafa áður gert. Það geta auðvitað verið um það skiptar skoðanir, hvort þetta sé eðlilegt, en þó er það nú svo, að ferðin, frá því að farið er að heiman og þar til komið er heim aftur, tekur ekki svo ýkjamiklu styttri tíma, þó að flugið sjálft geri það, og þess vegna er það að sjálfsögðu eðlilegt, að með hraðskreiðari vélum styttist sá flugtími, sem flugmennirnir vinna. Þeir munu hafa sett fram þær kröfur, að mánaðarlegur flugtími styttist úr um það bil 100 tímum og ofan í 60. Nú mun það vera þannig, að samkvæmt áætlunum Loftleiða mundi vera hentugt fyrir félagið að ætla flugmönnum 68 klst. flug á mánuði hverjum, og mér er kunnugt um það, að flugmenn hafa strax látið í ljós, að þeir mundu reiðubúnir til þess að fallast á að fljúga eins og þarf, til þess að þeirri áætlun verði fylgt. Í samningaumleitunum mun það hafa komið fram í sambandi við flugtímann, að flugmenn á þrýstiloftsflugvélum SAS-flugfélagsins norræna fljúgi 85 flugtíma á mánuði hverjum. Og flugmenn hér munu líka hafa boðið það að fljúga svo lengi, ef þeir nytu sömu reglna um hvíldartíma og flugmenn hjá SAS. En hjá SAS eru mjög fullkomnar reglur um hvíldartíma milli einstakra ferða, og það gerir mögulegt að hafa mánaðarlegan flugtíma og takmörkin í sambandi við hann eitthvað lengri. En þegar þetta er athugað, vaknar sú spurning: Hvers vegna eru ekki hér fullkomnar hvíldarreglur fyrir áhafnir flugfélaga? Í loftferðalögunum, sem afgreidd voru frá hv. Alþ. á s. l. ári, eru ákvæði í 52. gr., þar sem segir: „Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til þess að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.“ Hver er þessi reglugerð? Hefur hún verið gefin út, og hefði ekki verið nær fyrir hæstv. ráðh. að setja þær reglur um hvíldartíma flugverja, sem hefðu getað auðveldað samninga í þessu máli, heldur en að setja gerðardómslög af því tagi, sem hér er gert ráð fyrir?

Því miður verður það að segjast, að gerðardómslög af þessu tagi eru ekki líkleg til þess að bæta það andrúmsloft, sem nú er í kjaramálum og málefnum launþega yfirleitt gagnvart atvinnurekendum sínum. Það er ekki líklegt, að frv.-flutningur af þessu tagi af hálfu hæstv. ríkisstj. muni auðvelda það hlutverk, sem fram undan er í þessum málum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að flugmenn yrðu bundnir af gerðardómnum í hálft ár eða þar til kjarasamningur flugmanna almennt rennur út. Þegar hliðstæð lög og hliðstæðar reglur voru settar með brbl. í ágústmánuði 1963 viðvíkjandi verkfræðingum, voru þau látin hafa gildi í 2½ ár, og þau eru í gildi enn þá. Ég hef á þessu þingi ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. flutt frv. um það, að þau lög yrðu úr gildi numin. Það frv. var flutt fyrir alllöngu, ég hef ekki gáð að, hve langt er síðan það var tekið til 1. umr., en það eru líklega 2 mánuðir, og því var vísað til hv. allshn., en hefur ekki fengið þaðan afgreiðslu. Ég sé nú ekki hér í d. hv. formann allshn., en ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að þetta frv. fái eðlilega afgreiðslu og verði afgreitt frá n.

Ég hef hér áðan reynt að færa að því nokkur rök, að ástæða hefði verið til að leggja meiri áherzlu á samningaumleitanir í þessari deilu heldur en gert var, áður en þetta frv. var lagt fram. Sáttasemjari hefur ekki lagt fram neina sáttatill. í þessu máli, og honum hefur ekki verið skipuð til aðstoðar nein sáttanefnd, eins og oft hefur verið gert í erfiðum vinnudeilum. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að hlutast til um það, að samningaumleitanir hefðu verið reyndar miklu meir en gert hefur verið, og hún hefði átt, eins og stundum áður, að skipa sáttanefnd sáttasemjara til aðstoðar í þessu máli. En að ætla að leysa það með þessum hætti, sem hér er gert ráð fyrir, er ekki neinum til góðs. Ég tel, að á meðan þetta frv. liggur fyrir hv. Alþ., séu litlar vonir um samninga. Og ég tel þess vegna, að það hafi verið alrangt af hæstv. ríkisstj. að leggja þetta frv. fram, áður en Alþingi frestaði fundum í 4 daga. Þess vegna tel ég enn fremur, að það sé rétt að flýta efnislegri afgreiðslu þessa frv. eins og hægt er, þannig að það standi ekki samningum fyrir þrifum lengur en búið er, og þess vegna mun ég greiða atkv. gegn því nú þegar við 1. umr. að vísa því til 2. umr., en verði það eigi að síður gert, mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. með því, að það fái athugun í nefnd.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. gerði nokkra tilraun til þess í ræðu sinni hér áðan að færa rök fyrir flutningi þessa frv., en heldur þóttu mér þær röksemdir hans fátæklegar, og ég skal strax snúa mér að örfáum þeirra nokkrum orðum.

Hæstv. ráðh. virtist hafa gert sér vonir um, að flutningur þessa frv. mætti verða til þess að ýta á lausn málsins. Það er, eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram, fáránlegt að hafa látið sér detta slíkt í hug. Það var fyrir fram vitað, að með flutningi frv. voru allar leiðir til samkomulags torveldaðar. Það er kunnugt, að atvinnurekendur yfirleitt telja sér hag af afnámi frjálsra samninga, og í samræmi við það er eðlilegt, að Loftleiðir misstu áhugann á frekari samkomulagsumleitunum, eftir að frv. var komið fram.

Hæstv. ráðh. tók það fram í ræðu sinni, að hann teldi flugmenn eiga allt gott skilið. Ég get tekið undir þetta með honum, en vil aðeins benda á, að það er undarleg viðurkenning á starfi þeirra að flytja frv. sem þetta, þar sem einmitt rétturinn er níddur af þeim.

Þá taldi hæstv. ráðh. það nokkur rök fyrir flutningi frv., að hér væri um hagsmuni Loftleiða að ræða og jafnvel hagsmuni almennings. Ef slík rök ættu að hafa nokkurt gildi og vera annað en gervirök, má segja nákvæmlega það sama um allar launadeilur og öll verkföll, og ef hæstv. ríkisstj. vildi vera sjálfri sér samkvæm, ætti hún að koma með slíkt frv. sem þetta í hvert skipti, sem verkfall er á Íslandi. En það gerir hún ekki, vegna þess að hún þorir það ekki, en laumast með eitt og eitt frv. af þessu tagi til þess að ráðast þar á, sem garðurinn er lægstur að hennar dómi.

Þá hafði hæstv. ráðh. orð á því, að verkfall mætti ekki standa lengur vegna þeirra dýru tækja, þ. e. flugvélanna, sem hér væri um að ræða. Lausnin yrði að fást, vegna þess að þessi dýru tæki mættu ekki standa ónotuð. Hvað felst í þessum orðum hæstv. ráðh.? Það, að vegna dýrra tækja, sem þjóðin á, verður að fórna nokkru af frelsi mannanna, sem við tækin vinna. Ég þarf ekki að taka fram, að ég er algerlega á öðru máli en hæstv. ráðh. í þessu efni. Ég tel mennina miklu verðmeiri en jafnvel dýrustu tæki.

Hæstv. samgmrh. er talsmaður fyrir þessu frv. Það er ekki, því miður, í fyrsta skipti, sem þessi hæstv. ráðh. kemur hingað til hv. þd. með gerðardóms- og verkfallsbannlagafrv. upp á vasann. Þetta er orðinn, eins og ég tók víst fram í fyrra við sams konar tækifæri, fastur liður í starfsskrá þessa hæstv. ráðh. Ýmist eru það verkfræðingar eða flugmenn, sem verða fyrir barðinu á honum. Einhverra hluta vegna dæmist þetta óþurftarverk á þennan hæstv. ráðh., sem hversdagslega er hinn dagfarsbezti maður og mesta prúðmenni í allri framgöngu. En það dæmist samt á hann að flytja árlega lagafrv. um skerðingu hinna sjálfsögðustu réttinda í lýðfrjálsu landi. Þetta vil ég, vegna þess að ég þekki þennan hæstv. ráðh., nefna meinleg örlög.

Ég kemst ekki hjá því í sambandi við umr. um þetta mál að minna á lítinn pésa, sem hæstv. ríkisstj. gaf út árið 1960 og nefndi „Viðreisn". Þessi pési hefur inni að halda loforð hæstv. ríkisstj., sem þá var að byrja starfsferil sinn eða valdaferil, og henni var mjög umhugað um, að öllum landslýð mætti verða kunnugt um þessi fyrirheit, sem hún gaf þá. Það var lögð mikil áherzla á að dreifa þessum pésa inn á hvert einasta heimili í landinu, til þess að helzt enginn landsmaður kæmist hjá því að vita, hvað hún ætlaði að gera. Ég minni á þetta, af því að eitt atriði í þessum pésa kemur þessu máli mjög mikið við.

Hæstv. ríkisstj. sparaði ekki loforðin snemma árs 1960. Þau voru bæði mörg og stór, fyrirheitin, sem hún gaf þjóðinni þá. Ég vil leyfa mér að minna á örfá loforð, áður en ég kem að því loforði, sem þetta mál snertir sérstaklega. Það var lofað miklu. Verðgildisrýrnun sparifjár skyldi stöðvuð. Nú skyldu sparifjáreigendur ekki lengur hlunnfarnir. Þá var lofað, að hvers konar greiðslum útflutningsstyrkja og sérbóta skyldi hætt með öllu. Því var lofað hátíðlega, að svo vel skyldi búið að sjávarútveginum, að jafnvel rekstur togara yrði hallalaus eftirleiðis, þrátt fyrir afnám bótakerfisins. Hæstv. ríkisstj. lofaði því, að vísitala framfærslukostnaðar skyldi ekki hækka nema um ein 3% á fyrstu mánuðum, eftir að hennar ráðstafanir væru komnar í gagnið, en úr því ekki neitt. Þá var því lofað, að þótt grunnlaun hækkuðu, þá skyldi ekki leyfð nein verðhækkun á innlendum vörum og þjónustu vegna kauphækkana. Framleiðslan sjálf skyldi fá að bera alla kauphækkun eftirleiðis, á meðan hún sæti við völd. Hún hét því einnig, að skattar skyldu stórlækkaðir og raunar alveg felldir niður af almennum launatekjum.

Hér hef ég nefnt örfá dæmi þeirra mörgu loforða, sem hæstv. ríkisstj. gaf fyrir hálfu sjötta ári, en á þessa leið voru öll hennar fyrirheit efnislega. En hvernig hefur svo verið staðið við þessi loforð? Nú talar reynslan, og hún er ólygnust. Ég skal minna á í sambandi við þau dæmi, sem ég taldi upp, að sparifjáreigendur hafa haldið áfram að tapa fé sínu í verðbólguhítina. Á því hefur ekkert lát orðið öll þessi ár. Útflutningsbætur hafa ekki horfið, heldur farið vaxandi með ári hverju og þykja aldrei nógar, eins og kunnugt er, hér á hinu háa Alþingi. Rekstur togara er svo langt frá því að vera hallalaus, að hann hefur einmitt aldrei óhagstæðari verið en nú. Vísitala framfærslukostnaðar hefur ekki staðið í stað í tíð núv. hæstv. ríkisstj. né hækkað um ein 3%, heldur hefur hún hækkað í tíð hæstv. stjórnar hvorki meira né minna en um 93% síðan 1960. Sérhverri launahækkun, sem orðið hefur, síðan viðreisnin hófst, hefur umsvifalaust og með góðri aðstoð hæstv. ríkisstj. verið velt yfir á neytendur í hækkuðu verði vöru og þjónustu. Skattar af almennum launum hafa ekki verið afnumdir. Skattpíningin alræmda á síðasta ári sýndi ápreifanlega, hverjar efndir hafa orðið á loforðinu um skattalækkun og um afnám

skatta á almennum launatekjum. Þannig fór um þessi fyrirheit hæstv. ríkisstj., þau er hún gaf árið 1960 og lét prenta með mikilli viðhöfn í viðreisnarbæklingi sínum.

Eins og ég hef tekið fram, hef ég talið upp aðeins örfá þeirra loforða, sem hæstv. ríkisstj. gaf árið 1960, þau voru miklu fleiri. Eitt þeirra, eins og ég hef sagt, snertir sérstaklega það mál, sem nú er til umr. Það er fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. gaf og prentað er á tveim stöðum í viðreisnarpésanum, um að láta samninga launþega og atvinnurekenda um kjaramál afskiptalausa. Þetta loforð er að finna í bæklingnum „Viðreisn" á bls. 4, og það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör." Ég endurtek: „Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör."

Þannig er þetta orðað. Hvernig hefur þá hæstv. ríkisstj. farnazt í þessu efni? Það má segja, að henni hafi farnazt í því hvorki betur né verr en í flestum öðrum efnum. Hún hefur þverbrotið þetta heit sitt eins og öll góð fyrirheit, sem hún gaf árið 1960. Hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því árið 1960, að tengsl kaupgjalds og vísitölu voru rofin, og átti það að vera flestra meina bót þá. En um leið og hún gerði þetta, hét hún því sem sagt að skipta sér ekki að öðru leyti af samningum um kaup og kjör. Það áttu að vera eins konar sárabætur launþegum, þegar þeir voru sviptir vísitöluálagi á kaup sitt. En þetta litla stefnuskráratriði hefur hún ekki getað staðið við frekar en svo margt annað. Hún hefur brugðizt kirfilega loforði sínu um hlutleysi í launadeilum, og það hlutleysi hefur hún leikið sér að því að brjóta síðan 1960, ekki einu sinni, heldur oft og mörgum sinnum.

Efst á bls. 23 í áróðursbæklingi hæstv. ríkisstj. frá 1960 standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvörðun grunnlauna verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga." — „Ákvörðun grunnlauna verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga." Þessi orð standa þarna í þessum ágæta pésa. Nú er þess vert að rifja upp lítillega, hvernig farið hefur um þetta samningsfrelsi í reynd, að svo miklu leyti sem hæstv. ríkisstj. hefur þar komið við sögu. Ég skal rekja það mjög stuttlega.

Á fyrsta ári hæstv. ríkisstj., nánar tilgreint hinn 5. júlí 1960, voru gefin út brbl. um bann við fyrirhuguðu verkfalli atvinnuflugmanna. Þá höfðu flugmenn um skeið átt í samningaþófi við flugfélögin. Gildandi samningar voru orðnir meira en þriggja ára gamlir. Það gekk treglega að fá samið þá eins og oft endranær, enda mun Vinnuveitendasambandið hafa þá blandað sér í málið og bannað flugfélögunum blátt áfram að ganga inn á nokkrar tilslakanir við flugmennina. Þó gerðist það, rétt áður en verkfallið skyldi skella á, að flugfélögin sýndu einhvern lit á samkomulagsvilja og gerðu flugmönnunum tilboð, en skyndilega, ég hygg daginn sem brbl. voru sett, snerist flugfélögunum hugur, og þau tóku tilboð sín aftur án nokkurra skýringa. Þetta gerðist sem sagt 5. júlí 1960, og þannig lauk samningunum eða samningaumleitununum nokkrum klukkustundum áður en brbl. voru birt, en þau voru gefin út daginn áður en verkfallið skyldi hefjast. Þetta var, að ég hygg, fyrsta tilræði hæstv. ríkisstj. við samningafrelsið og verkfallsréttinn í landinu, fyrsta skiptið, sem hún braut hátíðleg loforð sín og fyrirheit um að skipta sér ekki af frjálsum samningum milli atvinnurekenda og launþega.

Félag íslenzkra atvinnuflugmanna mótmælti þessari lagasetningu þegar í stað að sjálfsögðu. Hið sama gerði fjöldi verkalýðsfélaga og auk þess Alþýðusamband Íslands. Ég vil lesa upp mótmæli Alþýðusambandsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur á fundi sínum rætt um brbl. ríkisstj., sem banna boðað verkfall atvinnuflugmanna. Miðstjórnin mótmælir harðlega setningu þessara brbl. og lýsir yfir því, að hún telur lagasetninguna óréttmæta og harkalega árás á helgasta rétt verkalýðssamtakanna. Skorar miðstjórnin því á ríkisstj. að nema lögin þegar úr gildi."

Það varð nú bið á því, að hún næmi lögin úr gildi. Það átti annað að ske en það, því að tæpu ári síðar, hinn 6. júní 1961, voru enn sett brbl. af hæstv. ríkisstj. og í það sinn um bann við stöðvun eða hindrun millilandaflugs íslenzkra flugfélaga. Þar var lagt blátt bann við, að hindruð yrði afgreiðsla eldsneytis til flugfélaga í áætlunarflugi milli landa. Þessi brbl. urðu ekki til fyrir það, að flugmenn væru í verkfalli. Nú þurfti að verja blessuð flugfélögin fyrir fátækum verkamönnum, sem stríddu um þær mundir í erfiðu verkfalli. En hvað sem erfiðleikum verkamannanna leið, þá taldi þessi hæstv. ríkisstj. sér skylt að vernda hagsmuni hinna voldugu flugfélaga í landinu. Fyrri brbl. voru sem sagt sett til höfuðs tiltölulega tekjuháum flugmönnum, en hin síðari til þess að ná sér niðri á tekjulægstu launþegunum í landinu, en í bæði skiptin var verið að gæta hagsmuna sömu atvinnurekenda, hinna stórauðugu flugfélaga.

Hrammur hæstv. ríkisstj. hefur náð til fleiri stétta en flugmanna og verkamanna þessi árin. Tvær starfstéttir aðrar a. m. k. hafa orðið illa fyrir barðinu á þessari hæstv. stjórn. Hinn 30. sept. 1961 voru að tilhlutan hæstv. ríkisstj. gefin út brbl., þar sem íslenzkir læknar voru þvingaðir til að starfa í þágu sjúkrasamlaga í allt að þrjá mánuði. Læknarnir höfðu þá sagt upp samningum sínum við sjúkrasamlögin með löglegum fyrirvara, og samkomulag um nýja samninga hafði ekki tekizt, en bæði læknar og sjúkrasamlög bjuggu sig undir þá skipulagsbreytingu, sem hlaut að leiða af samningsslitum, og lög um almannatryggingar þá í gildi gerðu og gera enn raunar ráð fyrir, að slíkt

geti komið fyrir. Ekkert verkfall var þá í aðsigi, læknar ætluðu vissulega að stunda sjúklinga eftir sem áður. Í lögum um almannatryggingar var gert ráð fyrir fullkomnu samningsfrelsi lækna gagnvart sjúkrasamlögunum, og þetta frelsi hugðust þeir nota haustið 1961. En þá kom hæstv. ríkisstj. til skjalanna hinn 30. sept. Hún skarst í leikinn málstað vinnuveitendanna til stuðnings gegn hagsmunum launþeganna. Þessi þvingunarlög voru önnur brbl. um þetta efni á sama árinu, árinu 1961, í annað sinn á því eina ári, sem hún blandaði sér að þarflausu í kaupdeilur á heldur hrottafenginn hátt.

En sagan er ekki öll. Enn og aftur voru brbl. sett af hæstv. ríkisstj. Það gerðist næst 2. maí 1962. Þá voru útgefin þvingunarlög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf, og var með þeim ógilt ný gjaldskrá, sem íslenzkir verkfræðingar höfðu sett sér á fullkomlega löglegan hátt. Í hennar stað skyldu skv. lögunum verkfræðingar búa áfram við gömlu gjaldskrána, sem orðin var úrelt að áliti allra í flestum greinum, m. a. orðin úrelt af tæknilegum ástæðum. Hæstv. ríkisstj. hafði um þessar mundir, í maí 1962, átt í útistöðum við íslenzka verkfræðinga nærri því frá því að hún sjálf varð til og barizt af alefli gegn kröfum þeirra um kjarabætur og launalækkanir. Hún gat m. a. ekki unnt þeim þess, þessi hæstv. ríkisstj., að verða launalega séð hálfdrættingar á við útlenda verkfræðinga, sem sambærileg störf unnu hér á landi og voru á snærum hæstv. ríkisstj. Þetta gerðist í maí 1962.

Rúmu ári síðar var aftur vegið í sama knérunn af hæstv. ríkisstj. Hinn 17. ágúst 1963 voru brbl. útgefin um gerðardóm, er ákveða skyldi kjör verkfræðinga, og um bann við verkföllum þeirra. Þessi þvingunarlög voru sett vegna þess, að hin fyrri, þau frá árinu áður, þóttu ekki duga nógu vel sem hnapphelda á verkfræðingastéttina. Stéttarfélag verkfræðinga hafði staðið í verkfalli í sjö vikur á þessu tímabili, og hæstv. ríkisstj. kvaðst hrædd um, að launakröfur þeirra fælu í sér hættu fyrir allt efnahagskerfi landsins og stofnaði hagsmunum almennings auk þess í hættu. En sannleikurinn var auðvitað miklu frekar sá, að lögþvingun hæstv. ríkisstj. er það eina, sem stofnar hagsmunum almennings í hættu í sambandi við þetta mál, kjaramál verkfræðinganna.

Það er ekki í fyrsta sinn, sem hæstv. ríkisstj. tekur mikið upp í sig, þegar hún er að verja gerðir sínar með setningu þvingunarlaganna. Þarna var hvorki um meira né minna að ræða en að hagsmunum almennings var stofnað í hættu og allt efnahagskerfi landsins riðaði til falls, þótt örfáir verkfræðingar heimtuðu betri kjör.

Þetta er þá í fáum orðum sagt það helzta, sem ég þekki til af afrekum hæstv. ríkisstj., og þessi afrek eru ekki lítil að mínum dómi, þótt neikvæð séu í mesta máta. Hún hefur sem sagt ekki vanrækt það eitt einasta ár að svíkja gefin loforð um afskiptaleysi af samningum launþega og atvinnurekenda.

Þá kem ég að því lagafrv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. (**Forseti:** Ég hefði nú helzt viljað mælast til þess, að hv. þm. frestaði ræðu sinni, vegna þess að ég þarf að fresta fundinum vegna nefndarfunda, sem hafa verið boðaðir nú klukkan fjögur.) Sjálfsagt, stendur vel á. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í ræðu minni í dag minnti ég á þá ofgnótt fagurra loforða, sem hæstv. ríkisstj. dembdi yfir þjóðina í byrjun árs 1960. Ég rakti í einstökum atriðum allmörg þessara loforða og sýndi fram á, að öll þau loforð hafi verið vanefnd. Sérstaklega gerði ég síðan að umtalsefni þá yfirlýstu stefnu hæstv. ríkisstj. snemma árs 1960 að skipta sér ekki af vinnudeilum og láta atvinnurekendur og launþega eina um það að semja um kjörin. Ég minnti á það, hvernig farið hefur með efndirnar á þessu loforði. Ég minnti á, að strax á miðju ári 1960 hefði hæstv. ríkistj. horfið frá þessari yfirlýstu stefnu sinni fyrr á árinu og borið fram brbl., sem fólu í sér bein afskipti af vinnudeilum. Svipað gerðist aftur í júní 1961, sept. 1961, maí 1962, ágúst 1963 og svo loks nú með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir þinginu.

Það má segja, að með þessu frv., sem hæstv. ríkisstj. flytur nú, vegi hún í annað skiptið að íslenzkum flugmönnum, og jafnframt, að með því taki hún í þriðja sinn upp hanzkann fyrir flugfélögin. Samkv. þessu frv. á að lögbanna verkfall flugmanna, en það hefur nú staðið á fjórðu viku. Í frv. er einnig svo fyrir mælt, að gerðardómur skuli ákveða kjör þeirra flugmanna, sem hér koma við sögu. Það fer því ekki á milli mála, að enn einu sinni hyggst hæstv. ríkisstj. beita sér fyrir verkfallsbanni og afnámi samningsréttar atvinnustétta landsins. Hver eru svo rök hæstv. ríkisstj. fyrir þessum aðgerðum? Í grg. segir, að stöðvun á rekstri hinna nýju flugvéla valdi tilfinnanlegum truflunum á rekstri Loftleiða h/f og muni spilla því áliti, sem félagið hafi unnið sér á alþjóðavettvangi, og stefni framtíð þess í voða, ef ekkert er að gert. Þá er einnig sagt í grg. frv., að það verði því að teljast þjóðarnauðsyn að koma í veg fyrir frekari stöðvun umræddra flugfélaga. Þetta eru þá þau rök, sem hæstv. ríkisstj. ber fram.

Það er ekki lítið, sem virðist vera í húfi í þessu verkfalli, sem örlítill hópur manna stendur að. Framtíð og sæmd Loftleiða er í veði og þjóðarnauðsyn að grípa í taumana. Hér finnst mér nú fast kveðið að orði og raunar miklu fastar en nokkur efni standa til. Hér er hæstv. ríkisstj. svo sannarlega að gera úlfalda úr mýflugunni. og á því kraftaverki og því einu byggir hún afsökun sína fyrir að troða á rétti flugmannanna. Ég skal viðurkenna það, að öll verkföll kosta meira eða minna þjóðfélagið og einstaka aðila þess, og ég skal líka viðurkenna, að vinnudeilur eru aldrei neitt fagnaðarefni. En hér er um að ræða sjálfsagðan rétt í lýðfrjálsu landi, rétt, sem ekki má skerða og sízt af öllu að tilefnislausu og í léttúð. Auðvitað valda öll verkföll, ekki frek-

ar það, sem nú stendur yfir, heldur en önnur, allajafna tilfinnanlegum truflunum, og þau eru svo sannarlega sjaldan álitsauki fyrir atvinnurekandann, sem þar á hlut að máli. Að því leyti til er þetta Loftleiðaverkfall, sem nú stendur yfir, ekkert einsdæmi. Ég vil meina, að þetta verkfall kosti miklu minni fjármuni en mörg önnur verkföll, sem háð hafa verið hér á landi og engum stjórnvöldum hefur dottið í hug að skipta sér af. Hér er aðeins um stöðvun örfárra flugvéla að ræða, og ef forráðamönnum Loftleiða h/f vex í augum gróðamissir í sambandi við þær, ættu þeir hreinlega að semja við starfsmenn félagsins, en vera ekki að efna til verkfalls og stofna þannig eigin hagsmunum í hættu. Það hefði verið þessu ágæta félagi miklu meiri vegsauki en það, sem gert var, að siga ríkisvaldinu á þessa flugmenn, eins og gert var nú og raunar ekki í fyrsta sinn. Það, að Loftleiðir h/f semja ekki nú, þótt það væri félaginu vitanlega í lófa lagið, þar sem um svo fáa verkfallsmenn er að ræða, er augljóslega af þeirri ástæðu, að forráðamenn Loftleiða vita það, að félagið á hauk í horni, þar sem hæstv. ríkisstj. er. Það treystir á það af fyrri reynslu, að það geti att hæstv. ríkisstj. fram gegn launþegum félagsins nú eða hvenær sem á þarf að halda.

Ég get ekki látið hjá líða í sambandi við þetta mál, að mér finnst þess gæta of mikið hér á landi, að litið sé á flugfélögin sem eins konar „súper"-stofnanir, eins og það mundi vera nefnt nú á dögum, einhverjar velgerðarstofnanir eða jafnvel sem helga dóma, er standi ofan við lög og rétt í landinu. Auðvitað er slíkt álit mesta fjarstæða, því að íslenzku flugfélögin eru ekki annað en rétt og slétt gróðafyrirtæki, sem fyrst og fremst eru rekin með hagsmuni hluthafanna fyrir augum. Þetta finnst mér ekki ástæðulaust að taka fram í sambandi við umr. um þetta mál, því að ég hef grun um, að hæstv. ríkisstj. kunni að líta þannig á málið, að hér sé um einhverja einstaka aðila að ræða, sem raunverulega standi utan við öll lög. Vissulega eru flugvélar ómissandi farartæki, ég dreg ekki úr því. En flugvélar eru ómissandi farartæki á nákvæmlega sama hátt og skip og bifreiðar eru ómissandi farartæki. Samgöngur á sjó og landi hafa margsinnis truflazt vegna lögmætra verkfalla, og þó held ég, að engum hafi nokkru sinni dottið í hug þjóðarvoði eða þjóðarvansæmd í því sambandi. Þá hefur ekki verið svo mikið gert úr nauðsyn þess að bjarga fjárhagsafkomu skipafélaganna, eigenda bifreiðanna o. s. frv., en það þykir sjálfsagt, þegar um flugfélög er að ræða, að þeirra gróða megi ekki með verkfalli skerða um svo mikið sem einn eyri.

Það er daglegur viðburður í öðrum lýðfrjálsum löndum, að mikilvægustu samgöngutæki eru ekki í notkun lengri eða skemmri tíma vegna verkfalla. Hér gerir hæstv. ríkisstj. mjög mikið veður út af því, að stöðvun flugvéla íslenzku flugfélaganna sé vansæmd og álitshnekkir erlendis vegna ferðamanna. Í mesta ferðamannalandi Evrópu, Ítalíu, eru járnbrautarstöðvanir vegna verkfalla mjög algengur viðburður, sömuleiðis í Frakklandi. Og ég hef ekki lesið það í fréttum, að ríkisstj. þessara landa hafi hlaupið upp til handa og fóta og sagt: Sæmd þjóðarinnar er í veði. Það verður að setja þvingunarlög á verkamennina. — En hér er það gert hverju sinni sem blakað er við flugfélögunum hér á Íslandi.

Ég rakti í fáum orðum röksemdir hæstv. ríkisstj. fyrir þeim aðgerðum, sem hér eru fyrirhugaðar. Rekstur Loftleiða h/f truflast. Álit félagsins spillist. Framtíð þess er stofnað í hættu. Og svo er talað um þjóðarnauðsyn í sambandi við þetta verkfall. Þetta eru ósköp svipuð rök og notuð hafa verið áður af þessari hæstv. ríkisstj. Orðatiltækin eru ákaflega lík og notuð voru 1960 og 1961. Í forsendum fyrri brbl., laganna frá 1960, var talað um, að afkoma flugfélaganna þyldi ekki stöðvun vegna verkfalla og með henni væri framtíð þeirra teflt í hættu. Þá sagði þar einnig, að verkfall yrði flugfélögunum álitshnekkir erlendis og innlendum mönnum til óþæginda og tjóns. Hvenær eru ekki verkföll til óþæginda og tjóns? Í forsendum síðari brbl.; laganna frá 1961, var bent á, að stöðvun frá benzínafgreiðslu mundi valda flugfélögunum tjóni og tefla rekstrargrundvelli þeirra og framtíðarstarfsemi í tvísýnu og jafnvel beinan voða. Þessi stöðvun á benzínafgreiðslu yrði félögunum enn fremur óbætanlegur álitshnekkir og allri íslenzku þjóðinni til vansæmdar. Það er ekki laust við það, að djúpt sé tekið í árinni í þessum tilfellum. Þetta er aldrei nefnt né orðað í sambandi við verkföll yfirleitt, en eingöngu þegar um þessi „súper"-fyrirtæki er að ræða, flugfélögin, sem virðast eiga hæstv. ríkisstj. með húð og hári og kannske allt löggjafarvaldið í landinu. Nei, söngurinn er sá sami í öll þessi skipti. Það er umhyggjan fyrir afkomu þessara tveggja hlutafélaga, þessara tveggja gróðafélaga. Það er rétt til afsökunar og til smekkbætis, að talað er um þjóðarnauðsyn, þjóðarvoða og þjóðarsæmd. Það er talað um þjóðarnauðsyn og þjóðarvoða af þeirri augljósu ástæðu að réttlæta aðgerðirnar samkv. stjórnarskránni, en slík slagorð og orðatiltæki hafa ekki mikið gildi, og vitanlega voru brbl. 1960 og 1961 og öll brbl. varðandi lögþvingun starfsstéttanna stjórnarskrárbrot að anda til, hvað sem dómstólarnir mundu hafa sagt um það.

Það er mjög greinilegt, að það er rekstrarafkoma flugfélaganna, sem er hér sett í hásætið, og fyrir henni verða síðan launastéttirnar, hvort sem það eru verkamenn eða flugmenn, að beygja kné sín. Samningsfrelsi þessara stétta og verkfallsréttur skal víkja fyrir hagsmunum gróðafélaganna. Þetta þykir mér ástæða til að átelja og átelja harðlega.

Nú mun margur skilja orð mín svo, að ég sé hér með harða gagnrýni á flugfélögin yfirleitt. Það er ég ekki. Ég gagnrýni aðeins framkomu þeirra gagnvart starfsfólki sínu, þegar

um launasamninga, kjarasamninga er að ræða. Ég hef líka með orðum mínum reynt að skipa þessum fyrirtækjum þann sess, sem þau eiga með réttu í þjóðfélaginu, en ekki þar sem þau hafa verið sett skýjum ofar. En ég hef enga tilhneigingu til þess að varpa rýrð á flugfélögin og tel þeirra verðleika marga. Þau hafa margt gert vel, bæði fyrr og síðar. En það er aðeins, eins og ég sagði, framkoma þessara félaga gagnvart starfsfólkinu 1960, 1961 og nú árið 1965, sem ég tel vægast sagt ekki lofsverða. Ef flugfélögin yrðu fyrir alvarlegum skakkaföllum, eins og öll fyrirtæki geta orðið, vegna náttúruhamfara eða annarra sérstakra óhappa, bæri vissulega að hjálpa þeim á allan mögulegan hátt. En ef þau eins og nú tefla rekstri sínum og afkomu í voða með þjösnaskap í samningum við starfsfólkið, tel ég, að um sjálfskaparvíti sé að ræða, og þá verðskulda þeir enga samninga. Og það er þessum flugfélögum sannarlega ekki til málsbóta að geta flúið til ríkisvaldsins hvenær sem þeim sýnist og fengið það til að troða á rétti launþeganna.

Það er vert að hafa í huga ýmislegt í sambandi við flugfélögin íslenzku. Ég veit ekki betur en þau hafi lengst af flotið á því, að sjóður almennings og þar með sjóður launþeganna í landinu, ríkissjóðurinn, hefur gengið í ábyrgðir og skuldbundið sig fjárhagslega þeirra vegna. Þess vegna finnst mér sitja illa á þessum sömu félögum að leita ásjár ríkisvaldsins í þeim tilgangi einum að fá dýrmætustu réttindi þessa almennings, starfsstéttanna, samningsfrelsið og verkfallsréttinn, fótum troðin.

Það má einnig hafa annað í huga í sambandi við þetta mál. Öllum er kunnugt, að umsvif íslenzku flugfélaganna fara nú ört vaxandi og fjárhagsafkoma þeirra batnar stórum á síðustu árum. Þetta er auðvitað gott fyrir félögin og um leið fyrir alla þjóðina. En hverjum er þetta að þakka? Auðvitað er þessi aukni gróði félaganna fyrst og fremst að þakka almenningi, sem skiptir við félögin og færir félögunum gróðann í háum fargjöldum og framgjöldum. Mér finnst, að einnig þessi staðreynd ætti nokkuð að draga úr tilhneigingu þessara félaga til þess að traðka á grundvallarréttindum fólksins í landinu. En það virðist öðru nær en svo sé. Það má segja í þessu sambandi: Sjaldan launar kálfur ofeldi.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu. En ég vildi þó aðeins taka það fram sem mína skoðun, að ef það á að fara að verða regla án undantekninga að lögbanna hvert það verkfall, sem flugfélögin íslenzku eiga sinn þátt í að valda, verður það alvarlegt íhugunarefni öllum hugsandi mönnum, hvort þessi félög í sinni núverandi mynd eigi rétt á sér í íslenzku þjóðfélagi. Þá kemur til álita að mínum dómi, hvort ekki sé rétt, að hið opinbera taki við öllum rekstri flugfélaganna. Við vitum, að eins og sakir standa ábyrgist ríkissjóður fjárhagslegt tap félaganna að verulegu leyti. Ríkið gæti þá allt eins vel tekið að sér allan reksturinn, einnig gróðahlið hans. Þetta finnst mér mjög til athugunar, einmitt í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr., og önnur hliðstæð á undanförnum árum. Mér finnst það koma sérstaklega til greina, þegar voldug fyrirtæki taka að misbjóða réttarvitund hins almenna manns og gerast ríki í ríkinu.

Það er hæstv. ríkisstj., sem flytur þetta gerðardóms- og verkfallsbannlagafrv., þótt flugfélögin vitanlega standi þar að baki. Þess vegna verða l. að þessu frv. samþ. eingöngu á ábyrgð hæstv. ríkisstj., svo og þess þingmeirihl., sem greiðir frv. atkv.

Ég vil benda á að lokum, að hér er ekki um neitt smámál að ræða. Þótt ákvæði þessa frv. hitti að vísu aðeins örfáa einstaklinga, er það ekki aðalatriði málsins. Það, sem er alvarlegt að mínu áliti og gerir þetta mál stórt, er, að með valdboði ofan frá skuli ein af vinnustéttum þjóðarinnar svipt rétti til frjálsra samninga um kaup og önnur kjör meðlima sinna. Þetta er það eina, sem ég tel máli skipta og hefur valdið því, að ég hef orðið svo fjölorður í dag um þetta frv. Þessu ranglæti ber að mótmæla og það ber að mótmæla því kröftuglega. Þetta ranglæti snertir ekki aðeins örfáa flugmenn, heldur alla meðlimi allra frjálsra stéttarfélaga í landinu. Því ber að fordæma innihald þessa frv.

Hæstv. ríkisstj. og hæstv. samgmrh. veifa pálmanum í dag og geta leyft sér að láta andmæli eins og þau, sem ég hef nú viðhaft, sem vind um eyru þjóta. En ég vil aðeins minna á, að oft fer það nú svo, að ranglætið hittir um síðir þann, sem framdi það. Og það er öldungis víst, að enginn, hvorki ríkisstj. né einstaklingur, vex af því að fara með ójöfnuð á hendur þeim, sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég læt þá máli mínu lokið og vil að lokum skora á hv. þdm. að fella þetta frv. nú þegar við 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur nú fengið aðrar viðtökur hjá hv. stjórnarandstæðingum en ég hafði búizt við. Hv. stjórnarandstæðingar, sem hafa talað, eiga það sameiginlegt að hafa enga till. fram að bera til lausnar þessa máls, og þeim báðum finnst það viðunandi, að verkfallið haldi áfram, í rauninni ekkert við það að athuga. Annar ræðumanna lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkvæði gegn því, að málið færi í n., að það færi til 2. umr., sem sagt hann vill ekki, að málið fari í n. Það er ekki aðeins það, að þessi hv. þm. lýsi því yfir hér í umr., að hann hafi ekkert til málanna að leggja til lausnar þess, og hann vill ekki heldur fá málið í n. til athugunar, ef einhver nm. við nánari athugun málsins hefði eitthvað fram að bera. Þetta er ábyrgðarleysi. Þetta er meira ábyrgðarleysi en leyfilegt er að hafa hér innan þingsalanna, og ég hefði alls ekki búizt við því af þessum þm., að afstaða hans lýsti sér á þennan hátt.

Eitt er það að hafa skoðun á máli, að vera á móti þessu frv. út af fyrir sig, — en að vilja ekki, að það fari í n. til athugunar fyrir hans eigin flokksmenn og aðra hv. þm., það út af fyrir sig er fyrir neðan allar hellur og alls ekki leyfilegt, og eftir þessum málflutningi verður tekið, og veit ég ekki, hverju þetta á að þjóna. Ég gæti vel trúað því, að sá hópur flugmanna, — eða ég vænti þess, að það séu flugmenn, sem eru hér uppi á pöllunum, — þeir taki einnig eftir þessu, en auðheyrt er, að þessir tveir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað, keppast um að reyna að ná hylli þessara ágætu manna með því að gerast nú talsmenn þess, að þetta frv. verði ekki samþ., gerast talsmenn þess, að verkfallið haldi áfram.

Ég sagði hér í dag í framsöguræðu minni, að þegar tveir deila, þá veldur sjaldan annar aðilli öllu. En það er staðreynd, að hér er deila, sem hefur ekki enn tekizt að leysa með samningum, þótt sáttasemjari hafi haldið sex eða sjö sáttafundi — og hann hafi haldið fjóra eða fimm sáttafundi, áður en þetta frv. kom fram, þannig að það er náttúrlega á engan hátt hægt að segja það, að frv. hafi spillt fyrir samkomulaginu. Og enginn vafi er á því, að ef aðilar hefðu viljað frjálsa samninga, grundvöllur hefði verið fyrir því, þá ætti frv. miklu frekar að flýta fyrir því heldur en að seinka, að samningar tækjust. En staðreyndunum verður ekki neitað, og eins og ég sagði í dag: Þetta er ekki deila, sem snertir aðeins þessa fáu flugmenn, sem hér er um að ræða, og Loftleiðir, — þetta er deila, sem snertir þjóðfélagið allt og skaðar þjóðfélagið allt, og það eru þúsundir manna, sem hafa lífsframfæri sitt hjá þessu félagi. Þetta félag og flugfélögin íslenzku bæði eru í keppni við erlend auðfélög, og það er vitanlega alveg rangt, eins og sagt hefur verið hér í umr., að þessi íslenzku flugfélög séu auðfélög. Því er nú verr, að við getum ekki sagt það með réttu. Bæði þessi félög hafa orðið að tefla djarft fjárhagslega, og þau þola ekki mikil áföll, en það væri ekki aðeins skaði fyrir flugmennina, ef illa færi fyrir þeim, heldur væri það skaði og söknuður fyrir þjóðina alla.

Mér fannst koma fram hjá hv. 6. þm. Sunnl., þegar hann sagði, að það hefði ekki verið unnið æskilega að því að leysa þessa deilu, þá fannst mér koma fram ómaklegar ásakanir á hendur sáttasemjara, sem hefur gert allt, sem í hans valdi stendur, til þess að fá lausn á þessu máli. Ég held, að þetta séu alveg ómaklegar aðdróttanir, og þetta frv. hefði ekki verið flutt, ef líkur hefðu verið fyrir því að hans dómi, þegar hann var búinn að kynna sér viðhorf deiluaðilanna, ef það hefði verið talið líklegt, að samningar væru á næsta leiti. Það er vegna þess að sáttasemjari sá ekki möguleika á lausn deilunnar um það leyti, sem frv. var flutt, að það var fram sett.

Hv. 6. þm. Sunnl. spyr, hvort flugmenn hafi beðið um gerðardóm. Flugmenn hafa ekki beðið mig um gerðardóm. En flugmenn vilja lausn deilunnar. Það mætti segja mér, að flugmenn væru meira á mínu máli en hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað. Það mætti segja mér, að flugmenn hefðu skilning á því, að hér er verið að skera á hnút, sem var óleysanlegur. Og þetta frv. er ekki flutt af illvilja í garð flugmanna. Það er ekki flutt af skilningsleysi á þeirra hlutverki. Það er ekki flutt af því, að það sé talið eftir, sem þeir fá í kaup.

Kröfur flugmanna, það er deilt um það, hverjar þær hafi verið. Það er sagt, að það hafi verið skrifað óskynsamlega um þetta mál. Það má vel vera. Það er nú svo margt skrifað, og ég held, að það séu fá blöð, sem hægt er að undantaka algerlega með það, að það sé aldrei skrifað neitt vafasamt í þau. Það held ég, að við getum sagt um Þjóðviljann, Tímann og fleiri blöð. Út af fyrir sig geta blöðin verið ágæt, jafnvel þótt það komi óskynsamlegar greinar við og við í þeim. En vegna þess að kröfur flugmanna voru gerðar að umtalsefni og þær voru eitthvað vefengdar, þá hef ég þær hér á pappír, og það er alveg hlutlaust frá sagt, og ég vil — með leyfi forseta — leyfa mér að lesa það hér upp.

Fyrstu kröfur flugmanna, og það er náttúrlega alltaf, þegar gerðar eru kröfur, þá eru þær dregnar við hún og það er gert ráð fyrir að slaka til, þegar farið er að semja, — fyrstu kröfur flugmanna voru, að grunnkaup á mánuði skyldi vera 38 þús. eða árskaup 456 þús. Flugstundatrygging, það eru 60 stundir, er 15 þús. á mánuði eða 180 þús. á ári. Dagpeningauppbót 4167 kr. á mánuði, það eru 50 þús. kr. á ári. Þessi dagpeningauppbót, það hefur stundum verið sagt, að það væri í rauninni kauphækkun, það var a. m. k. í fyrstu sett þannig fram, dulin kauphækkun með samkomulagi vinnuveitenda og flugmanna. Svo er það ný aukagreiðsla 500 á mánuði, það eru 60 þús., og lífeyrissjóður 5175 kr. á mánuði, það eru 62 100 kr. Þetta gerir 808 104 kr. Hér er enginn klæðnaður eða þess háttar, sem hv. 6. þm. Sunnl. var að minnast á hér í dag. Ég veit ekki, hvort á að kalla þessa liði alla beint kaup, en þetta eru greiðslur eigi að síður, þetta um 808 þús. Og hér er reiknað aðeins með 60 klst. á mánuði, eins og hámarksvinnutími leyfði skv. kröfunum, en í fyrri dæmum með 65 stundum. Flugmenn kröfðust þess nú, að hámark flugstunda á ári yrði 60 á mánuði eða ca. 660 á ári, og miðað við, að möguleiki væri á að nýta flugmenn í 780 tíma, felast hér í jafnframt kauphækkanir, aukaútgjöld fyrir Loftleiðir, sem svara til röskra 15% af heildarlaunagreiðslum félagsins.

Þetta eru nú aðeins athugasemdir, en það er staðreynd, sem ég veit, að flugmenn kannast alveg við, að fyrstu kröfurnar voru þessar, og þær eru í fimm liðum.

Hins vegar hafa flugmenn slakað til og hafa lækkað kröfur sínar um 25% frá því, sem þær voru settar fram í fyrstu, og eru þá komnar niður í mánaðarlaun ca. 51—52 þús. kr. eða rúmlega 600 þús. kr. á ári. Þetta er það raunverulega í því.

Ég skal ekkert dæma um það, hvort þetta er sanngjarnt eða ekki. Látum aðra um það. Ég er ekki tilbúinn til þess að segja, að okkar þjóðfélag standist nú við að borga meira, ef aðrir eiga að fara að bera sig saman við þessa menn, en í því felst dálítil hætta. Það getur vel verið, að læknar gætu borið sig saman, að þeir hafi eins há laun eða hærri, a. m. k. duglegir, praktiserendi læknar. Það getur vel verið, að verkfræðingar, þrátt fyrir gjaldskrána, sem var talað um hér í dag, praktiserandi, geti þolað samanburð við þetta. En allur fjöldinn gerir það ekki, og ég get alveg fellt mig við það, að flugmenn, sem gegna svo ábyrgðarmiklu starfi eins og að stjórna þessum stóru millilandaflugvélum, hafi alveg topplaun, og ég býst við, að allur fjöldinn gæti ekki með sanngirni ætlazt til þess að hafa eitthvað svipað. En allur fjöldinn, sem er láglaunaður, mundi eigi að síður spyrja: Ef það er nú hægt að hækka laun þeirra hæst launuðu, hvort sem það eru flugmenn, læknar, verkfræðingar eða aðrir, mjög mikið, við skulum segja t. d. um 25% eða 20%, er þá ekki líka hægt að hækka við okkur, sem höfum lægri laun, a. m. k. um það eða meira? Það er þessi samanburður, sem er alltaf í okkar þjóðfélagi. Út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt. Það er alltaf verið að bera sig saman, og baráttan hefur lengst af verið fyrir því að hafa nægilegt til hnífs og skeiðar. En nú er svo komið og er ekkert að lasta, að menn sætta sig ekki við það að hafa til hnífs og skeiðar eða sæmilegan fatnað. Menn vilja hafa góð heimili, og menn vilja geta veitt sér ýmislegt það, sem menn dreymdi ekki um áður. Þetta er vitanlega vottur um batnandi þjóðfélag, og er það ánægjulegt, og það er eðlilegt, að kjörin batni í samræmi við auknar þjóðartekjur og batnandi þjóðfélag, og það hefur alveg sérstaklega borið á því núna síðustu 5—6 árin, að kjör manna hafa batnað og kröfur manna aukizt í samræmi við það, og það er viðreisnin, sem hefur bjargað því, og tel ég ástæðu til að taka það sérstaklega fram, vegna þess að viðreisnin var gerð hér að umtalsefni, og skal ég koma að því lítillega á eftir.

Ég hef sagt, hverjar voru kröfur flugmanna, þær upphaflegu, en þær miðast við þá flugmenn, sem hafa lengri starfstíma, en aðrir, sem minni starfstíma hafa, hafa ca. 88% af þessu kaupi.

Nú væri fróðlegt að vita, hver væru laun flugstjóra annars staðar. Ég hef ekki skýrslu um, hvað það er hjá SAS, en við vitum, að hjá SAS er vinnutíminn lengri. Það var sagt hér í dag, að það væri vegna þess, að hvíldartíminn þar væri skipulagður. Þetta má vel vera, ég þekki það ekki, og það má vel vera, að það megi breyta til hér hjá íslenzku flugfélögunum með hvíldartímann. Það er nokkuð, sem flugfélögin verða að semja um, og það er alger misskilningur hjá hv. 6. þm. Sunnl., þegar hann vildi láta liggja að því, að það væri hægt með reglugerð að gera slíka skipulagsbreytingu, áður en vinnuveitandinn og vinnuþiggjandinn, flugfélögin og flugmennirnir, hefðu komið sér saman um það. Það er hægt að staðfesta samning um hvíldartímann með reglugerð, og það er það, sem verður gert. Nú hafa flugfélögin í millilandafluginu verið með Viscount-vélar, DC 6 B vélar og þær eru sennilega undir sama klassa, en það er stutt síðan stóru vélarnar komu, og það hefur fram að þessu vantað grundvöll undir þessa samninga. Þessir samningar eru ekki komnir. Hvað væri sagt við því, ef rn. færi að gefa út reglugerð og taka þannig fram fyrir hendurnar á flugfélögunum og flugmönnunum um það, sem þeir verða að semja um, þ. e. fyrirkomulagið á hvíldartímanum? Rn. hefur gefið út reglugerð við loftferðalögin að mestu leyti nema þessu, vegna þess að það er beðið eftir því, að það verði samið um þetta. Þetta vil ég aðeins segja hér til upplýsingar, vegna þess að hv. 6. þm. Sunnl. virtist hafa skakkar meiningar í þessu máli. Þetta verður að koma frá flugfélögunum og flugmönnunum, og ef það væri hægt að lengja flugtímann með því að breyta einhvað til í sambandi við hvíldarreglur, þá hlyti það að vera flugfélaginu til góða og skapa flugfélaginu möguleika til þess að hækka kaupið. En þetta er atriði, sem flugfélögin og flugmennirnir verða að koma sér saman um. Það væri ofætlun að halda, að rn. færi að leggja línuna þar, áður en samkomulag er komið á milli aðilanna. Það er ekki stefna mín eða ríkisstj. að skerast í leikinn í svona málum eða öðrum fyrr en nauðsyn ber til.

Hv. 6. þm. Sunnl. talaði hér miklu styttra mál en hv. 9. þm. Reykv., og ég held ég hafi farið hér yfir flest atriði. Ég verð að segja það, að innihald ræðu þessa þm. var þannig, að það benti ekki á neitt til lausnar þessu máli. Látum það vera. Það gat verið eðlilegt, að hann sæi það ekki. En því ófyrirgefanlegra var að lýsa því yfir, að hann mundi greiða atkv. gegn því, að málið færi til 2. umr., til þess að málið gæti farið til n. og til athugunar.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði hér langt mál, og held ég nú satt að segja, að málið hafi verið svona langt vegna þess, að hann hefur fundið það sjálfur, að hann hefur tekið að sér vafasaman málstað, og till. hafði hann engar frekar en 6. þm. Sunnl. til lausnar málinu. En hann hafði það þó fram yfir hv. 6. þm. Sunnl., að hann gaf engar yfirlýsingar um það, að hann væri á móti því, að málið færi til 2. umr. og n., þannig að ég gæti bezt trúað því, að hv. 9. þm. Reykv. vildi láta fara með málið til n. og athuga, hvort það mætti sjá einhverja leið út úr málinu, og það er miklu betra fyrir stjórnarandstöðuna að sýna þó nokkra ábyrgð í sambandi við þetta mál.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði mikið um, að það væri verið að taka frelsið af þessum ágætu mönnum. Hann vildi reyna að gera þá að píslarvottum. En ég er nú alveg handviss um það, að þessum ágætu mönnum er engin þægð í því, að það sé verið að tala um þá hér eins

og einhverja píslarvotta, því að sannleikurinn er sá, að hvort sem þeir eiga rétt á eitthvað hærra kaupi, eitthvað styttri vinnutíma eða ekki, þá eru þetta engir píslarvottar. Þetta eru ekki menn, sem ástæða er til að vorkenna út af fyrir sig. Þetta eru menn, sem vel bjarga sér, sem betur fer, og eru ekkert illa settir í þjóðfélaginu. En þegar hv. 9. þm. Reykv. var að tala hér um viðreisnina og brbl., sem hafa verið gefin út, þegar í vanda hefur verið komið, þá verð ég að segja það, að ríkisstj. hefur haldið sér alveg við þá stefnu og heldur sér við þá stefnu enn í dag, sem hún markaði, þegar því var lýst yfir, að það væri stefna ríkisstj., að vinnuveitendur og launþegar semdu um lausn málanna sjálfir, og það er þess vegna, sem ríkisstj. skerst ekki í leikinn í slíkum deilum, nema nauðsyn beri til. Það var nauðsynlegt að skerast í leikinn, þegar verkfræðingarnir ætluðu að hækka gjaldskrána upp á eindæmi og ákveða laun sín og kjör upp á sitt eindæmi og það var verkfall. Verkfræðingar lögðu niður vinnu, og ef ekki hefði verið skorið þá á hnútinn, þá hefðu engar brýr verið byggðar þetta sumar. Það hefðu verið erfiðar vegaframkvæmdir vegna þess, að það var ekki hægt að mæla fyrir vegunum. Það hefðu ekki fengizt teikningar af byggingum, sem þurfti að vinna að. Það hefði ekki verið unnið að hafnargerðum þetta sumar, framkvæmdir hefðu lagzt niður. Og svo leyfir hv. 9. þm. Reykv. sér að segja það, að lausn verkfræðingadeilunnar hafi ekki verið framkvæmd vegna hagsmuna almennings í landinu. Ef verkfræðingarnir hefðu ekki verið afgreiddir, eins og sagt var hér í dag, með þeim hætti, sem gert var, þá hefði verið hér vinnuleysi þetta sumar og framkvæmdir hefðu legið niðri. Það var almenningur í landinu, sem gerði þá kröfu til ríkisstj., að hún leysti málið. Og þannig hefur það verið, þegar brbl. hafa verið gefin út af núverandi ríkisstj., þá hefur það verið af illri nauðsyn, hvort sem það hafa verið flugmenn, læknar eða verkfræðingar. Og mér finnst satt að segja, að ég hafi sjaldan heyrt meiri öfugmæli en það, þegar hv. 9. þm. Reykv. var að tala um, að það hefði verið í óþökk og á móti hagsmunum alls almennings að hefta það, að læknarnir tækju hjá sjúkrasamlaginu langt fram yfir það, sem þeir hefðu áður fengið, því að ef læknarnir, sem eiga allt gott skilið og eru sómamenn, a. m. k. flestir, hefðu komizt upp með þetta, þá varð að hækka sjúkrasamlagsgjöldin, þá varð hinn fátæki alþýðumaður að borga meira mánaðarlega í sjúkrasamlagið. Og svo vill hv. 9. þm. Reykv. halda því fram, að lausn læknadeilunnar hafi verið gerð gegn hagsmunum almennings. Þetta skilur hver einasti maður og þarf ekki um það að ræða.

Þegar hv. þm. fer að tala um viðreisnina og loforðin, sem hafi ekki verið efnd, þá er þessi hv. þm. sennilega búinn að gleyma því, hvernig ástandið var í landinu, þegar viðreisnin var ákveðin, eftir að vinstri stjórnin hafði verið, hvernig ástandið var út á við og inn á við: Gjaldeyrisskuldir og vandræði, stöðvun á framkvæmdum innanlands. Dýrtíðaralda var risin, sagði forsrh. vinstri stjórnarinnar, ekki samstaða um neitt. Við segjum af okkur, við yfirgefum bátinn. — Hvernig skyldi ástandið vera í flugmálum Íslendinga í dag, ef viðreisnin hefði ekki komið? Ætli við hefðum keypt margar stórar og glæsilegar flugvélar? Ætli við hefðum stækkað skipastólinn, eins og við höfum gert? Ætli við hefðum ræktað landið, eins og við höfum gert, byggt hafnir, gert vegi og brýr? Ætli við ættum gilda varasjóði í gjaldeyri erlendis, ef viðreisnin hefði ekki komið? Það þarf þrek til þess að að halda slíku fram af hv. þm., sem var stuðningsmaður vinstri stjórnarinnar og var í uppgjafar- og flóttaliðinu.

Ég geri ráð fyrir því, að allur almenningur átti sig á því, hvað hefur gerzt síðustu fimm árin. Atvinnuvegir landsmanna hafa vissulega þróazt. Atvinna er nóg. Ástand þjóðmálanna er þannig, að fólk hefur leyft sér að gera auknar kröfur á hendur atvinnufyrirtækjunum. Tekjur þjóðarbúsins hafa vaxið, vegna þess að ríkisstj. með réttri stefnu hefur unnið að því að auka og efla atvinnuvegina, og við höfum litið haft að gera með verkfræðinga í þessu landi, ef ekki hefði verið spyrnt við fótum og viðreisnin gerð. Lækna hefðum við vitanlega alltaf þurft, því að sjúkdómar hefðu áreiðanlega sótt á, þótt við hefðum verið efnalega illa staddir, en jafnvel ekki þeir hefðu getað gert kröfur um háa borgun fyrir sín störf.

Ég held, að það sé ekki nema ánægjulegt að minnast þess árangurs, sem viðreisnin hefur gefið, og ég held, að það sé ekki nema ánægjulegt að sjá það hvarvetna, að allur almenningur hefur getað látið meira eftir sér nú í seinni tíð en áður og gerir kröfur, og það er ekkert óeðlilegt, þótt gerðar séu kröfur, ef þær eru innan þess ramma, sem efnahagskerfið þolir, sem atvinnureksturinn þolir. Og í sambandi við kröfurnar þarf að vera réttlæti og það þarf að vera samræmi á milli atvinnustéttanna eftir því, hvernig verkin eru metin.

Ég verð að segja, að það er dálítið merkilegt, vegna þess að hv. 9. þm. Reykv. var með skrifaða ræðu, hvernig hann viðhafði ýmsar fullyrðingar hér í dag. Hann var að tala um vaxandi dýrtíð, hann var að tala um hækkaða vísitölu, hann var að tala um það, að ríkisstj. hefði lofað því, að öllum kauphækkunum skyldi velt yfir á atvinnureksturinn alveg tvímælalaust og hann einn látinn bera þær, án þess að það kæmi nokkurs staðar annars staðar fram, skildist mér. Þetta er náttúrlega alveg dæmalaust, að hv. þm. skyldi lesa þetta upp af blaði. Það hefði frekar verið hægt að fyrirgefa honum það, ef hann hefði sagt þetta illa hugsað og ef hann hefði ekki verið búinn að sitja við borð og skrifa þetta niður. En það er ekki ástæða til að fara út í þetta nánar, því að það er vitanlega öllum ljóst, hversu mikil fjarstæða þetta er. Við skulum viðurkenna það, að dýrtíðin hefur hækkað, en kaupgjaldið hefur líka hækkað, tekjur þjóðarbúsins hafa

hækkað. Við skulum viðurkenna það, að um allan hinn vestræna og frjálsa heim hefur dýrtíðin hækkað. Hefur ekki kaupgjald og verðlag hækkað í allri Vestur-Evrópu á síðustu árum? Hefur ekki kaupgjald og verðlag hækkað í Bandaríkjunum? Það, sem að er, er það, að við höfum alltaf verið dálitið á undan öðrum þjóðum með hækkanirnar og ef okkar framleiðsluvörur hækka ekki á erlendum mörkuðum í hlutfalli við hækkun kaupsins, er það það, sem skapar erfiðleikana. Hv. 9. þm. Reykv. var að tala um togaraútgerðina, það hefði nú alls ekki verið staðið við það af ríkisstj. að hætta öllum bótagreiðslum til útflutningsatvinnuveganna og togararnir bæru sig miklu verr núna en nokkru sinni fyrr. Það skyldi nú ekki vera ríkisstj. að kenna, að togararnir hafa ekki fiskað hin síðari ár? En hvernig var það 1958, þegar togararnir fiskuðu á Nýfundnalandsmiðum, fylltu sig þar á 3—4 dögum? Jú, þá skulu menn nú ætla, að togaraútgerðin hefði getað safnað sjóðum, sérstaklega þegar vinstri stjórnin var nú við völd. En þessi mikli afli á Nýfundnalandsmiðunum dugði varla til þess að standa undir kostnaði togaraútgerðarinnar þá. En nú í seinni tíð hafa togararnir ekki fiskað. Það var vitanlega um tvennt að ræða hjá okkur, annaðhvort að hætta allri togaraútgerð eða styðja hana í einhverju formi. Ég held, að Íslendingar hafi fram að þessu haft svo gott af togaraútgerðinni, að það væri fljótræði að selja alla togarana úr landi, þótt nú hafi verið fiskileysi um nokkurra ára skeið hjá þeim, og kannske þá sérstaklega vegna þess, að þeir verða nú að vera utar, utan við 12 mílna línuna, við að fiska. En ég ætla ekki að mæla með því, að þeim verði hleypt inn fyrir 12 mílurnar. En fáránlegt er að kenna ríkisstj. um aflaleysi togaranna, og satt að segja er ég alls ekki viss um, að þessi hv. þm. væri tilbúinn að greiða atkv. með því að selja togarana úr landi. Ég gæti bezt trúað því, að ef togararnir væru bundnir hér inni í Sundum, væri hann tilbúinn að halda langa ræðu um það, að ríkisstj. hefðist ekkert að. En útflutningsuppbætur til atvinnuveganna eru vitanlega miklu minni núna tiltölulega en þær voru á dögum vinstri stjórnarinnar, og atvinnureksturinn í heild hefur gengið með ágætum og blómgazt. Við höfum aldrei átt eins góðan fiskiskipaflota með nýtízkutækjum, aldrei eins stóran kaupskipaflota og aldrei verið eins vel búnir að verksmiðjum, vélum og ýmsum tækjum og við erum nú. Og það verður vitanlega að halda áfram að byggja atvinnureksturinn upp og stefna að því hverju sinni, að hann geti starfað styrkjalaust.

Það er nú ástæðulaust út af fyrir sig að vera að tala langt mál út af þessari ræðu hv. þm. Hann telur, að þessi deila sé með öllu óþörf, það væri hægt að semja. Og það er vitanlega alveg rétt, það væri hægt að semja, ef annar aðilinn er tilbúinn að láta undan. En oftast er það nú svo, að þegar komið er í deilur, verður ekki samið, nema það sé mætzt einhvers staðar á miðri leið. Það hafa þessir aðilar ekki getað gert enn sem komið er. Og eru nokkrar líkur til, að þeir mundu gera það, þótt við legðum þetta frv. á hilluna og segðum: Okkur kemur þetta ekkert við, látum þá um það, hvort þeir semja eða ekki, hvort þeir fljúga eða ekki? — En þetta er miklu stærra mál en það, að það sé aðeins mál flugmanna og flugfélagsins, það varðar okkur alla. Við erum í keppni við erlend flugfélög um flutning á erlendum mönnum yfir hafið, og við viljum keppa að því að gera þessa atvinnugrein miklu þróttmeiri en hún er og ná meiri árangri í þessari keppni við hin erlendu flugfélög. Og ég verð að segja það, að það er mjög ánægjulegt, hvernig þessi keppni hefur tekizt fram að þessu. Og það skal öllum þakkað, sem þakkir eiga fyrir það. Ég skal ekkert draga af flugmönnunum. Ég hef oft dáðst að dugnaði íslenzkra flugmanna. Mér þykir gaman að ferðast með þeim, bæði hér innanlands og landa í milli. Og ég veit, að þeir eru þannig skapi farnir, að þeir vilja halda baráttunni áfram í keppninni við auðfélögin, og við skulum ekki kalla íslenzku flugfélögin auðfélög, þau eru það ekki. En Pan American, BOAC, SAS og fleiri, það eru auðfélög. Það eru flugfélög í þjóðlöndum, sem hafa milljónatugi á bak við sig. Við erum fáir, og við þurfum að nota öll okkar tækifæri, ef við ætlum að stefna að bættum lífskjörum fyrir alla. Við megum ekki leggja hendur í skaut. Og ég er hér um bil viss um það, að margir flugmenn, sem fyrir fáum árum voru fátækir strákar, umkomulausir, en brutust í að læra flug og eru orðnir flugstjórar, það eru menn með þeirri skapgerð, sem ekki kæra sig um að fara að hopa aftur á bak. Út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt, þó að þeir vilji fá gott kaup. Það er mannlegt, og það er eðlilegt. En um leið og þær kröfur eru gerðar, þarf að athuga málin ofan í kjölinn frá fleiri en einni hlið, hvað er skynsamlegt. Og þessir flugmenn okkar hafa ótal tækifæri og þeirra kjör munu fara batnandi, eftir því sem félagið eflist og vettvangur þess verður víðari. Það er líka mannlegt, þegar út í deilu er komið, eins og hér er um að ræða á milli Loftleiða og flugmanna, þótt deilan leysist ekki með frjálsum samningum. Það er komin stífni í málið, og það er vitanlega báðum að kenna, en ekki aðeins öðrum. Og hv. 9. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl. villtust til að tala hér aðeins fyrir annan aðilann. Hvorugur þeirra hefur þó kynnt sér málið ofan í kjölinn. Hvorugur þeirra veit raunverulega, um hvað er að ræða. Það var auðheyrt á þeirra ræðum. Ég skal játa, að mig vantar einnig nógu góðan kunnugleika á þessu. En ég er hér um bil viss um það, að þessi stífni, sem í þetta mál er komin, er beggja sök að einhverju leyti. Það má vel vera, að þessi flugfélög séu rekin með hagsmuni hluthafanna fyrir augum. Ég veit ekki, hvernig hægt er að reka fyrirtæki nema hafa hagsmuni fyrirtækisins fyrir augum. En hvað ætli hluthafar séu margir í þessum félögum? Og hvað ætli þessir hluthafar séu stórir? Ég veit það ekki, ekki á ég þar

hlut. En vitanlega verður að reka hvert félag, hvort sem það er flugfélag, skipafélag, kaupfélag eða hvað sem er, með hagsmuni fyrirtækisins fyrir augum, annars gengur það ekki. Og fyrirtækið gengur ekki heldur, nema hagsmunir fólksins, sem við það vinnur, séu líka hafðir í huga. Það gengur ekki, nema fólkið geti verið ánægt. Og ég hefði nú haldið, að flugfélögin hafi í öllum aðalatriðum sett sér það mark að hafa flugstjórana og starfsfólkið ánægt, þótt til átaka hafi komið öðru hverju.

Nú vil ég til upplýsingar segja það, sem margir náttúrlega vita, en margir vita ekki, hvað flugstjórum hefur verið boðið. Það, sem þeim hefur verið boðið, er fast kaup 20 559 kr. á mánuði, flugstundatrygging miðað við 65 stundir 15 330, lífeyrissjóður 3608, dagpeningauppbót 4508, eða á mánuði 44205 kr. En það, sem þeir hafa boðizt til þess að ganga inn á, skilst mér, eftir að þeir slökuðu til á kröfum sínum, var sem svaraði 51—52 þús. kr. Þá munar þarna 7—8 þús. kr. á mánuði milli þess, sem þeir eiga kost á að fá, og þess, sem þeir vilja fá. Látum það alveg vera að setjast í dómarasæti hér í hv. Alþ. og dæma það, hve mikið þeir ættu að fá af þessum 7—8 þús. eða nokkuð, en nauðsynlegt er, þegar um þessi mál er rætt, að alþjóð viti það, að flugstjórunum, fyrstu flugstjórum, er boðið sem svarar 530 þús. í ársgreiðslur. Hvort sem menn vilja kalla það kaup eða eitthvað annað, þá eru það ársgreiðslur, 530 þús., fyrir utan venjulega dagpeninga og fyrir utan föt og eitthvað fleira, sem vitað er, að þeir fá.

Það má vel vera, að læknunum og verkfræðingunum finnist þetta lítið, og ég sleppi alveg að fullyrða um það, hvort þetta er nægilega mikið, látum það alveg vera. En öllum almenningi, sem verður að láta sér nægja 150 þús., finnst þetta nóg. En í samanburði við það, hvað önnur flugfélög greiða, verð ég að segja það, að hjá BOAC er það 5400 pund á ári, sem gerir 646 þús., en þar eru flugtímarnir ekki 60 og ekki 65, — ég hef það ekki í þessu riti, þetta er enskt rit, — en það munu vera 80 eða 85 tímar, og þess vegna er kaupið í samanburði við þetta náttúrlega ekki eins hátt. Svo er það BEA, 573 þús. eftir hækkun, sem þeir fengu. Þeir fengu 17% hækkun. Svo er það Pan American. Það er alveg uppi í skýjunum. Það eru 12 þús. pund, sem Pan American greiðir sínum fyrstu flugstjórum. En Swissair greiðir 4658 pund eða 558 þús. kr. með 75 eða 80 tíma vinnu á mánuði, og Japan Airlines 4000 pund eða 480 þús

Þetta er nú það, sem flugstjórar hafa erlendis. En við getum sýnilega ekki borið okkur saman við Pan American, sem greiðir sínum flugstjórum meira en tvöfalt við það, sem ensku félögin greiða, þrefalt við það, sem Swissair greiðir og japanska félagið. En með þessum kjörum, sem hér eru boðin, 530 þús. með jafnri 65 stunda vinnu, nálgumst við það, sem Swissair borgar, og við borgum meira en japanska félagið. Og mér var sagt, en ég hef það ekki staðfest, að SAS væri með eitthvað sem svaraði 4300 pundum, og þá er það svipað og þetta.

Nú vona ég, að það sé alveg rétt, sem ég sagði hér í dag, að flugstjórarnir vilji leysa málið. Og úr því að þeir geta ekki gert það með frjálsum samningum, eins og sakir standa, vilja þeir innst í hjarta sínu, að það sé gert með þessum hætti. Þeim er það ekki hugstætt, en ég held, að þeir brosi að hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 9. þm. Reykv., að því, hvernig þeir tala hér um þetta mál, eins og flugstjórarnir okkar séu einhverjir píslarvottar, jafnvel aumingjar, sem við þurfum að vorkenna, af því að þeir fá ekki nema 530 þús. kr. ársgreiðslu hjá félaginu.

Ég held, að við hljótum að vera sammála um það, að þessi deila á að leysast fljótt. Það er engum greiði gerður með því að vera að tefja málið hér í hv. Alþ. með málæði. Þó er þm. vitanlega frjálst að tala eins og þeir vilja. En meðan ekki er bent á aðra leið til lausnar, verðum við að halda okkur að þessu og reyna að leysa þetta fljótt. Og ég hef áhuga á því, að við ljúkum 1. umr. í kvöld og málið megi fara til n. og við getum svo tekið það fyrir aftur a. m. k. annað kvöld. Við þurfum ekkert að telja það eftir okkur, þótt við vökum yfir því að skera á þennan hnút, vegna þess að það er nauðsynlegt, að það verði gert.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þó að hér hafi verið haldnar ágætar ræður bæði af hv. 9. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl., sem ég er sammála að flestu leyti, vil ég þó skýra afstöðu mína til þessa máls með nokkrum orðum, og það raunar því fremur sem ég er þeim ekki að öllu leyti sammála um skilgreiningu á þeim hvötum, sem ég hygg að liggi að baki þessu frv., og má raunar segja, að ég sé þar að sumu leyti meira sammála hæstv. ráðh., sem hér var að tala, sérstaklega því, sem hann sagði um það í sinni ræðu og í raun og veru varpaði að mínu viti talsvert réttara ljósi á þetta mál, en fram hefur komið áður, og kem ég að því síðar.

Ég held, að ræða hv. 9. þm. Reykv. hafi verið mjög þörf lexía fyrir þá, sem a. m. k. eru lítið kunnugir kjaramálunum, þörf lexía um það, hvernig ferill þessarar hæstv. ríkisstj., sem nú er við völd í landinu, hefur verið í afskiptum hennar af kjaramálum og vinnudeilum. Það er vissulega rétt, sem kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv., að það hafa ekki aðeins verið brotin þau skýlausu loforð, sem gefin voru við upphaf viðreisnarinnar um, að atvinnurekendur sjálfir verði að standa ábyrgir gerða sinna í samningum við verkalýðssamtökin og þeir fengju ekki a. m. k. viðstöðulaust að velta öllum þeim byrðum, sem kjarasamningar legðu þeim á herðar, yfir í verðlagið og fengju þannig náð raunverulega aftur því, sem um væri samið í kjarasamningum. Það hefur ekki verið aðeins um að ræða, að hæstv. ríkisstj. hefur algerlega brotið þetta loforð og reynzt næsta fundvís á aðferðir til þess að hjálpa atvinnu-

rekendum í landinu til þess að ná aftur þeim kjarabótum, sem hefur verið samið um.

Hæstv. ráðh. var að tala hér um áðan, — og ég get ekki láð honum það, þótt hann yrði dálítið sár yfir ræðu hv. 9. þm. Reykv., — var að tala um það, að viðreisnin hefði gengið svo vel, að það hefði reynzt grundvöllur fyrir auknum kröfum og bættum kjörum. Það hefði verið dálítið öðruvísi heldur en í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar dýrtíðaraldan hefði risið og hefði verið að kaffæra öll lífskjör almennings í landinu. Þessi dýrtíðaralda, sem hann á við, mun vera 17 vísitölustiga hækkun, sem stóð til, þegar vinstri stjórnin var að fara frá, þ. e. a. s. þau vísitölustig höfðu helmingi minna gildi en þau vísitölustig, sem við nú miðum við, þannig að þarna var raunverulega um að ræða 8—9 stig. En í tíð núv. ríkisstj. hefur vísitala vöru og þjónustu nærri því tvöfaldazt. Á matvörum hefur vísitalan hækkað um 205 stig og vörum og þjónustu um 92 stig. Og útkoman úr þessu hefur verið sú, að launakjör a. m. k. lægst launaða fólksins í landinu, verkamanna, hafa versnað úr því að standa í vísitölunni 100 1959 og eru komin niður um 96 stig núna. Það eru kjarabæturnar, sem almenningur í landinu hefur fengið hjá viðreisninni. Og það er til marks um það, hvernig þessi hæstv. ráðh. meðhöndlar sannleikann, þegar hann er að reyna að halda því fram, að kjörin hafi batnað mikið á þessum tíma.

En út í þetta ætlaði ég annars ekki að fara, heldur aðeins að ræða frekar um, hvernig þessi viðskipti ríkisstj. og stéttarsamtakanna í landinu hafa verið. Þar hefur sem sagt ekki aðeins verið um að ræða þessi óbeinu afskipti í sambandi við aukningu dýrtíðarinnar, heldur hefur verið um að ræða bein afskipti og það met í beinum afskiptum af kjaramálunum, og að minni hyggju hefur hæstv. ríkisstj. sett þar miklu meira en Íslandsmet, því að mörg þessara afskipta hafa verið þess eðlis og hafa verið það tíð, að ég hygg, að varla sé til fyrir því fordæmi meðal lýðfrjálsra þjóða. Þessi afskipti hæstv. ríkisstj. hafa fyrst og fremst verið fólgin í því að rifta þeim réttargrundvelli, sem íslenzk stéttarfélög hafa nú starfað á í meira en fjórðung aldar, — réttargrundvelli, sem ekki var settur af verkalýðshreyfingunni, heldur af afturhaldssamasta hluta íslenzku borgarastéttanna, og það er til marks um það, hvert stefna þessarar hæstv. ríkisstj. hefur leitt í þessum efnum, að hún skuli ekki lengur geta sætt sig við þann réttargrundvöll, sem þannig var settur. Það er hverjum ljóst eða ætti a. m. k. að vera það hverjum þeim, sem hlustaði á ræðu hv. 9. þm. Reykv., að þessi afskipti hafa verið á þann veg, að löglegir samningar, sem hafa verið gerðir á þeim eina réttargrundvelli, sem verkalýðssamtökin í landinu eiga að starfa eftir samkv. landsins lögum, hafa verið ógiltir. Það var byrjunin. Löglegt verkföll í alla staði í samræmi við ákvæði gildandi laga hafa verið bönnuð. Gerðardómar hafa verið hvað eftir annað lögþvingaðir. Tímabundin vistarbönd hafa verið reynd á heilum starfsstéttum. Og loks hefur svo verið reynt að festa kaupgjald lægst launuðu stétta þjóðfélagsins, eins og var reynt í nóv. 1963. Þó að það reyndar mistækist, þá var söm gerðin hæstv. ríkisstj. þá. Þar átti að vísu að vera um tímabundna ráðstöfun að ræða, en það lá vel rökstuddur grunur á því, að þessi tímabinding ætti aðeins að vera til reynslu og lögin ættu raunverulega að gilda til frambúðar. Og þessi rökstuddi grunur hefur fyrst og fremst byggzt á stöðugum hótunum þessarar hæstv. ríkisstj. um gerbreytingu á vinnulöggjöfinni, sem hefur verið haldið uppi í mjög ríkum mæli á valdatíma hennar og með geysilegum áróðri, sem blöð hæstv. ríkisstj. hafa haldið uppi fyrir því, að verkföll væru algerlega úrelt og óhæf baráttuaðferð. Það breytir ekki neinu um þetta, þó að þessi áróður og þessar hótanir hafi nú hljóðnað svolítið um sinn, enda var ríkisstj. þannig sett niður í nóvember 1963, að hún hefur ekki borið sitt barr í þessum efnum síðan, þ. e. a. s. þangað til núna, að virðist vera að sækja í sama horfið fyrir henni og áður.

Ég held, að þetta frv. verði ekki rétt metið af neinum, hvorki af verkalýðssamtökunum né öðrum, nema þessi forsaga sé einmitt höfð í huga, og ég held, að það sé bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að reynslan bæði af tilhneigingum hæstv. ríkisstj., sem svo berlega hafa sýnt sig, og verklegum æfingum hennar í ofbeldisaðgerðum gegn verkalýðshreyfingunni sé höfð í huga, að það sé haft í huga í hvert skipti, sem þessi tilhneiging hæstv. ríkisstj. til þess að svipta stéttarsamtökin í landinu lögskipuðum réttindum lætur á sér bæra.

Það er sagt, að þessu frv. sé eingöngu beint gegn atvinnuflugönnum. Ég er ekki á því, að svo sé, og ég er ekki einu sinni á því, að svo sé, að þessu frv. sé fyrst og fremst beint gegn þeim. Reynslan sannar nefnilega, að sú hætta er á ferðum, að það verði ekki látið staðar numið við þær stéttir, sem taldar eru tiltölulega vel launaðar, eins og flugmenn eru alveg vafalaust. Það þykir aðeins hentugt núna að hefja árásirnar einmitt á þessa stétt, vegna þess að hæstv. ríkisstj. álítur eða ímyndar sér, að hún njóti ekki í sinni kjarabaráttu og jafnréttisbaráttu við erlenda stéttarbræður sína almennrar samúðar. Þess vegna þykir hentugt að skapa fordæmið á þessu sviði.

Nei, sú hætta er vissulega til staðar, og ég vil undirstrika það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um þetta, — sú hætta er til staðar, að síðar verði slíkar aðgerðir notaðar sem fordæmi til réttlætingar við það að svipta jafnvel lægst launuðu stéttirnar grundvallarréttindum sínum. Og það ætti reyndar öllum að vera ljóst, að ef einhver ákveðin laun eiga að skapa markalínuna milli réttinda eða réttindasviptingar, er erfitt að setja þeim mörk. Eða vill kannske hæstv. landbrh. upplýsa það, hvar hann telur þau mörk vera? Hverjir eiga að vera réttindamegin og hverjir eiga að sæta ofbeldinu, ef launin eiga að ráða? Nei, þessi ferill hæstv. ríkisstj. í þessum málum er vissulega ekki slíkur, að þeir, sem þekkja hann af eigin

reynslu, klökkni neitt um hjartað, þegar ekki hvítþvegnari engill en þessi hæstv. gerðardómsmálaráðh. er kemur fram og reynir að hafa fögur orð um þessa viðbótarlögþvingun, sem hann er að reyna að knýja hér fram á Alþ. Og ég held a. m. k., að enginn hv. þdm. klökkni neitt sérstaklega, þó að þessi hæstv. ráðh. sé að reyna að halda því fram, að hann sé að bjarga áliti Loftleiða eða jafnvel sjálfum sóma þjóðarinnar með þessu, því að hér er vissulega ekki efnt til neinna slíkra bjargráða, hvorki til þess að bjarga áliti Loftleiða né þjóðarsóma. Eða halda menn e. t. v., að hlutafélagið Loftleiðir vaxi eitthvað í áliti úti í hinum stóra heimi, þó að þeir íslenzku flugstjórar og flugmenn, sem eru af íslenzku bergi brotnir og starfa í þess þjónustu, séu sviptir mannréttindum, eða hróður þessa félags vaxi, þó að flugmönnum verði ófrjálsum tildæmd lakari kjör en jafnvel botnfallið á erlendum vinnumarkaði í flugþjónustu lætur bjóða sér? Eða halda menn, að það sé til sóma fyrir Loftleiðir eða fyrir Íslendinga yfirleitt, að t. d. lélegur aðstoðarflugmaður, — ég vil ekki segja úr botnfallinu á ameríska vinnumarkaðinum, — aðstoðarflugmaður á Rolls Royce 400 hafi 1/3 hærra kaup en íslenzkur flugstjóri, sem ber alla ábyrgð á flugfari, áhöfn og farþegum?

Svo er hæstv. ráðh. að tala hér um skapgerð íslenzkra flugmanna, þeir væru nú ekki á því að gefast upp. Ég spyr: Hafa nokkrir frjálsir menn slíka skapgerð, dugandi menn, að þeir láti bjóða sér slíka hluti? Nei, slíkar aðferðir sem hér er verið að reyna eru vissulega ekki til neins sóma, hvorki fyrir Loftleiðir né íslenzku þjóðina, heldur til vansæmdar. Og það er ekki annað sýnt en frv. sé m. a. ætlað að tryggja það, að íslenzku flugmennirnir geti ekki fengið hliðstæð laun við það, sem erlendir stéttarbræður þeirra njóta, því að í 3. gr. frv. er svo ákveðið, að þeir skuli fá laun með hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi. Ég vil nú biðja hæstv. ráðh. um skýringar á þessu, hverjir þessir sambærilegu launþegar eru hér á landi. Mér er nefnilega ekki kunnugt um það, að nein störf sambærileg við flugstjórn á Rolls Royce 400 séu unnin hér á landi. Ef eitthvert réttlæti hefði átt að vera í þessum gerðardómi í grundvellinum, sem hann á að byggjast á, hefði vitanlega átt að miða við hliðstæð störf hjá erlendum flugfélögum, vegna þess að það eru þær einu hliðstæður, sem við höfum við að miða. Það fer því fjarri, að þessi gerðardómur, sem meiningin er að kveða hér upp, eigi að tryggja jafnrétti íslenzkra flugmanna við útlendinga, ekki einu sinni jafnrétti íslenzkra flugmanna við þá útlendinga, sem hjá Loftleiðum t. d. kunna að vinna. Það er greinilegt, að þar á að vera mismunun á.

En það má kannske spyrja: Fyrst sómanum og álitinu verður ekki bjargað með þessu frv., bjargar það þá ekki fjárhag Loftleiða? Hæstv. ráðh. sagði um verkfallið í sinni fyrri ræðu, að tjónið, sem orðið væri af verkfallinu, væri ómælanlegt, það væri nú þegar orðið ómælanlegt. Það eru nokkuð stór orð. Ég efast ekkert um, að þetta tjón muni vera orðið mikið og eigi eftir enn að aukast. En á síðari ræðu hans virðist mér a. m. k., að kröfur flugmannanna, sem hljóta að vegast á móti því tjóni, sem Loftleiðir verða fyrir af sjálfu verkfallinu, séu ekki ómælanlegar, því að þar munar aðeins 7—8 þús. kr. á mánuði fyrir tiltölulega fáa menn, og getur þess vegna ekki, jafnvel þó að þau boð ein, sem þeim nú hafa verið boðin, væru lögfest, sem verður að telja ólíklegt að yrði gert í gerðardómi, þótt ekki sé gott um það að segja, — getur þar ekki verið um að ræða neinar þær upphæðir, sem geta bjargað Loftleiðum á nokkurn hátt fjárhagslega séð. Málið getur þess vegna ekki snúizt um það, það er útilokað, að félag, sem skilar árlega mörgum tugum millj. í hreinan gróða, ekki aðeins stórkostlegar afskriftir, heldur einnig í beinan, glerharðan gróða, geti dregið svo ákaflega mikið um þessar upphæðir, sem þarna er um að tefla. En jafnvel þó að svo væri, að það tækist að halda kjörum íslenzku flugmannanna eitthvað neðar en almennt gerist meðal erlendra stéttarbræðra þeirra, verður þó líka að gæta að því, að okkar íslenzku flugmenn, sem a. m. k. margir hverjir og kannske flestir eru taldir afbragðsvel færir í sinni grein, þeir menn eiga annarra kosta völ um atvinnu hjá öðrum flugfélögum í veröldinni heldur en þessu, og ég trúi því ekki, að þeir muni láta neinn gerðardóm fæla sig frá því að taka þau laun, sem menntun þeirra réttlætir. Og ef svo færi, ef stórkostleg mismunun yrði þarna lögþvinguð, fæ ég ekki betur séð en Loftleiðir yrðu þannig settar, að þær yrðu að meira eða minna leyti að byggja á erlendum áhöfnum á flugvélum sínum og yrðu þá auðvitað að gjalda þau laun, sem annars staðar tíðkast.

En það er annað, sem er rétt að ganga ekki alveg fram hjá í þessu sambandi, og það er það, hvaða verkefni hlutafélagið Loftleiðir hefur sett sér, hvaða völl það hefur haslað sér í atvinnulífinu. Ég sé ekki betur en það hafi valið sér það hlutskipti að keppa á erlendum vettvangi í loftferðum við erlend auðfélög og við erlend flugfélög. Og mér þykir afskaplega ólíklegt, að þeir hyggnu menn, sem hafa byggt upp þetta ágæta félag, hafi reiknað með því, að þeir nytu einhverra sérstakra sérréttinda í sínum rekstri, þeir yrðu ekki að búa við alþjóðleg rekstrarskilyrði með sínar flugvélar og það jafnt með laun til áhafnanna og annað, og að þeir hafi reiknað með því, að þeir gætu fengið meira eða minna af ófrjálsu vinnuafli, það held ég, að geti ekki átt sér stað. Ég held, að þeir hafi þvert á móti hlotið að reikna með því, að þeir yrðu að gjalda hliðstæð laun sínum íslenzku flugmönnum og flugvélaáhöfnum yfirleitt eins og annars staðar tíðkast. Og ég held, að það a. m. k. væri ekki til neins sérstaks sóma, hvorki fyrir þetta félag né fyrir Íslendinga, ef samkeppnin af hálfu þessa félags gæti því aðeins tekizt, að á þessu þyrfti að byggja. Það væri þjóðarskömm.

Nei, ég held, að við getum alveg strax strik-

að yfir þær röksemdir, að þetta frv. bjargi áliti eða fjárhag Loftleiða. Ég held, að það séu svo fráleitar röksemdir, að það sé ekki sæmandi, jafnvel ekki fyrir hæstv. ráðh., að bera þær fram. Og þegar að þessu er gætt, hljóta böndin að fara að berast að því, að hvatirnar, sem liggja að baki þessu frv., séu ekki alveg jafngöfugar og hæstv. ráðh. vill láta. Við skulum athuga örlítið, hvaða hvatir þetta geta verið. Hæstv. ráðh. kom hér með eina — ja, ég veit ekki, hvort það átti að kalla það tilgátu, a. m. k. voru það dylgjur í fyrri ræðu hans, sem hann þó dró ofurlítið í land með í þeirri síðari, að gerðardómurinn eða frv. væri nú eiginlega þess vegna borið fram, að flugmenn vildu endilega gerðardóminn. Hann sagði í seinni ræðunni, að innst inni í hjarta sínu vildu þeir hann, og verð ég að segja, að hann er með meiri sannfæringu og hefur haft betra tækifæri til þess að skoða bæði hjörtun og nýrun í flugstjórunum, ef hann getur fullyrt þetta. En ég verð að segja það, að það er ljót ásökun, sem hæstv. ráðh. hefur í frammi gagnvart félögunum í Félagi ísl. atvinnuflugmanna og félaginu sjálfu, ef hann er að reyna að koma því inn hjá mönnum, að í raun og veru hafi þeir ekkert meint með þessari baráttu sinni, þeir vilji bara láta gerðardóminn skera úr, þeir vilji ekki hafa frjálst stéttarfélag, þeir vilji láta beita stéttarfélag sitt lögþvingunum. Og ég verð að segja það, að þessi ásökun er alveg einstaklega ótuktarleg og illkvittnisleg, ef hæstv. ráðh. getur ekki sannað hana. Og ég ætla a. m. k. að vona það, að flugmennirnir og Félag ísl. atvinnuflugmanna hreinsi sig af þessum óhróðri, sem hæstv. ráðh. er að bera á það, áður en málið fer út úr þessari hv. d. Og ef svo færi, að þessu frv. yrði vísað til n., vil ég skora á n. að ganga úr skugga um það, hvort þessi orð eða þessar dylgjur hæstv. ráðh. hafa við nokkuð að styðjast eða ekki. Og ég vil ekki trúa öðru en stéttarfélagið, Félag ísl. atvinnuflugmanna, geti fullkomlega hreinsað sig af þeim svívirðingum, sem ráðh. hefur hér í frammi gagnvart því.

Ég held, að við getum þá strikað líka yfir þá ástæðu fyrir flutningi þessa frv., að það séu atvinnuflugmennirnir sjálfir, sem séu þar að verki og séu á bak við tjöldin að reyna að ýta hæstv. ríkisstj. út í það að skipa lögþvingaðan gerðardóm í máli þeirra. Og satt bezt að segja vil ég einnig segja það, að ég hef ekki neina trú á því, að Loftleiðir vilji raunverulega þessa þvingunarleið eða hafi æskt hennar á nokkurn hátt af ríkisstj. til þess að siga henni á starfslið sitt. Ég vil ekki trúa því á Loftleiðir heldur. Mér finnst það ekki vera líklegt, að jafnhyggnir menn a. m. k. og hafa stjórnað því félagi og eins og rekstur þess hefur sýnt sig, þeir beri fram óskir um það, að starfsmenn þeirra séu sviptir mannréttindum, eins og nú á að gera gagnvart flugmönnunum. Ég held, að ástæðunnar fyrir þessu frv. sé annars staðar að leita, og ég held, að leitin að þeirri ástæðu sé ekki mjög langsótt. Loftleiðir eru nefnilega ekki sjálfráður samningsaðili við Félag ísl. atvinnuflugmanna. Það er meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands, og Vinnuveitendasambandið fer, eftir því sem ég bezt veit, algerlega með samninga fyrir þess hönd og ræður öllum aðgerðum í sambandi við það. Ég er þá ekki að segja neitt ljótt um þann félagsskap, Vinnuveitendasamband Íslands, þótt ég hafi haft nokkur skipti við það. En tvennt er þó kunnugt um þann félagsskap, og það er andstaða hans yfirleitt við allar kjarabætur, hverju nafni sem nefnast og hvaða launastétt sem á í hlut, og í öðru lagi er þjóðkunn ást þessa félagsskapar á hvers konar þvingunaraðgerðum í sambandi við vinnudeilur og verkföll. Það er áreiðanlega ekki í fyrsta skipti núna, sem þessi hæstv. ríkisstj. gerist handbendi þessa félagsskapar og þessara sjónarmiða þess. Nú er svo ástatt, að Vinnuveitendasamband Íslands stendur andspænis mikilli sókn af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, sem hyggst á vori komanda rétta hlut sinn eftir 5 ára viðreisn, eftir 5 ára tímabil ekki aðeins algerrar kyrrstöðu í kjaramálunum, heldur hreinnar afturfarar. Undir þessum kringumstæðum skoðar Vinnuveitendasamband Íslands það áreiðanlega hreinan voða í þessari baráttu, ef það gerðist nú, að tiltölulega vel launuð starfsstétt fengi kjarabætur. Og ég held, að þarna sé í raun og veru komin ástæðan fyrir því, hvers vegna Vinnuveitendasambandið með aðstoð ríkisstj. ræðst nú sérstaklega gegn flugmönnunum, en það eru ekki áhyggjurnar út af Loftleiðum út af fyrir sig, heldur áhyggjurnar út af komandi átökum við verkalýðshreyfinguna, við lægst launaða fólkið í landinu. Ég held, að um þetta þurfi engra frekari vitna við eftir síðari ræðu hæstv. landbrh., því að hann sagði, að það væri hreinn voði fyrir okkar þjóðfélag, ef það væri farið að gera samanburð við atvinnuflugmennina, ef slíkar hækkanir sem hér væri um að ræða yrðu að raunveruleika og þeir láglaunuðu færu að spyrja: Ef þetta er hægt, er þá ekki líka hægt að hækka við okkur? — Ég held, að þarna séum við alveg komnir að kjarna málsins. Það er þetta, sem um er að ræða. Það er ekki verið að deila um þessar 7—8 þús. kr. til 15—20 flugmanna eða flugstjóra hjá Loftleiðum. Það er verið að deila um miklu stærri hluti.

Ég held, að Vinnuveitendasambandið og ríkisstj. ætli sér að vinna þrennt í sambandi við þetta frv. og þessa vinnudeilu. Í fyrsta lagi að hindra, að fordæmi um kaupkröfur skapist, áður en samið verður við verkalýðsfélögin. Í öðru lagi að skapa enn þá eitt fordæmi um lögþvingunaraðgerðir, sem e. t. v. væri svo hægt að beita í þeirri viðureign. Og í þriðja lagi og síðast, en ekki síst að sanna launafólkinu í landinu það, að samtök þess megi sín lítils gegn sameinuðu afli bæði ríkisstj. og vinnuveitenda. Ég held, að það sé þetta, sem um er að ræða í þessum málum, og það er þessara erinda, sem ríkisstj. er núna að ganga. Þó að hún hafi atvinnuflugmennina á vörunum, vegna þess að hún ímyndar sér, að al-

menningur sé í andstöðu við þeirra kröfur, er hugurinn bundinn við glímuna, sem er fram undan við lægst launuðu stéttirnar, sem starfa í landinu, við verkamennina. Það eru þess vegna áreiðanlega í raun og veru ekki síður þeir, sem geirinum er nú stefnt að með þessu frv., ekki síður en að þeim, sem stýra glæsilegustu farkostum þjóðarinnar við mikinn orðstír. Og það er þessi ástæða, sem út af fyrir sig mundi nægja mér alveg ein til þess að vera í fullri andstöðu við þetta frv.

Ég er að vísu á því varðandi það, að hækkanir til flugmanna sköpuðu eitthvert fordæmi fyrir verkamenn, það held ég, að sé algerlega skakkt. Störf þessara stétta eru algerlega ósambærileg og staða þeirra alla vega, og rök verkamannasamtakanna fyrir kauphækkunum eru áreiðanlega svo sterk, að við þurfum ekki að sækja neinn samanburð til flugstjóra eða flugmanna til þess að geta staðið á okkar kröfum. En ég veit, hver tilhneigingin er í þessum efnum. Ég veit, hver hætta er á því, að fordæmið verði notað gegn verkamönnum, og þess vegna fyrst og fremst er ég á móti því. Ég get alveg sagt hæstv. ráðh. það, að ég á ekkert undir flugmönnum og hef enga ástæðu til þess að koma mér neitt í mjúkinn hjá þeim, og afstaða mín mótast ekki af því. Og ég held, að áreiðanlega megi segja það sama um þá tvo hv. þm., sem hér töluðu gegn frv. á undan mér. Það er ekkert slíkt, sem okkur er í huga. En sú ástæða kemur svo auðvitað líka til og er líka veigamikil, að þegar grundvallarréttindi eru annars vegar, skiptir engu máli, hver í hlut á eða hvaða daglaun hann heimtir að kveldi síns vinnudags. Þá eiga allir jafnan rétt á því, að með þeirra mál sé farið að réttum landsins lögum, en ekki ofbeldislögum eins og þeim, sem hér á að reyna að þvinga í gegn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þær umr., sem hér hafa farið fram, að neinu marki, en það eru tvö, þrjú atriði í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa verið fluttar, sem ég get ekki látið hjá líða að gera aths. við.

Báðir þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem töluðu hér á undan síðasta ræðumanni, létu mjög liggja að því, að það, að þetta frv. hefur komið fram, hefði gert forráðamenn Loftleiða miklu tregari til samninga en ella hefði verið, og annar þessara hv. ræðumanna komst þannig að orði, að það væri vegna þess, að reynslan hefði sýnt, að gerðardómar gengju að jafnaði atvinnurekandanum í vil. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm, sem skeri úr um þessa deilu. Ég tel það algerlega ómaklega aðdróttun að hæstarétti, æðsta dómstól landsins, sem í þessu felst, þannig að þessu megi ekki vera ómótmælt. Hver hefur ástæðu til að ætla, að hæstiréttur, þegar honum er treyst til þess með löggjöf á Alþ. að skipa hlutlausa menn í þennan dóm, hljóti ávallt að velja menn í dóminn, sem séu hlutdrægir, þannig að þeir hljóti að draga taum atvinnurekanda? En annan skilning get ég ekki lagt í þau ummæli, sem hér er um að ræða.

Hitt atriðið, sem ég vildi aðeins gera örlitlar aths. við, kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 4. þm. Norðurl. e., því að mér virtist, að sú túlkun, sem hann gaf á afstöðu flugmanna til deilunnar, komi mjög í bága við þær greinargerðir, sem flugmennirnir sjálfir hafa birt um þetta í blöðum. Hann virtist telja það kjarna málsins, að flugmenn vildu samræma sig við erlenda starfsbræður sína. Mér hefur hins vegar skilizt, að flugmennirnir hafi haldið því fram, sem auðvitað er miklu skynsamlegra frá mínu sjónarmiði séð, að það, sem þeir væru að berjast fyrir, væri innbyrðis samræmi á milli þeirra flugmanna, sem nú hafa fasta samninga, og þeirra, sem í deilunni eiga. Þeir telja eðlilegt að greiða allmiklu hærra kaup á Rolls Royce flugvélunum heldur en á DC 6 flugvélunum. Það má vel vera, að svo sé erlendis og að þetta sé sanngjarnt, ég er alls ekki dómbær á það. En það ber mjög að harma, að aðilar hafa ekki komið sér saman í þessu máli, og vegna þess að flugreksturinn er nú einu sinni þannig, að hann þolir ekki verkföll, finnst mér, að ástæða sé til að reyna þessa leið, að fá hlutlausan dómstól til þess að skera úr þessu atriði, fyrst svo illa hefur tekizt til, að aðilar hafa ekki komið sér saman um það. Það er ekki í þessu sambandi hægt, eins og hv. 9. þm. Reykv. gerði, að gera samanburð á því, að járnbrautarverkföll væru leyfð í Frakklandi o. s. frv., því að sá meginmunur er á, að íslenzku flugfélögin eru rekin í samkeppni við erlenda aðila, en um slíkt er auðvitað ekki að ræða hvað snertir járnbrautarrekstur, hvort sem er í Frakklandi, Ítalíu eða annars staðar. Hitt hygg ég, að ekki sé sjónarmið flugmannanna, að þeir beri sig saman við erlenda starfsbræður sína og krefjist kjara til jafns við þá. En þannig virtist hv. 4. þm. Norðurl. e. lita á og í rauninni ekki hafa neitt að athuga við það, þótt þessi samræming ætti sér stað.

Það er auðvitað hægt að skilja þetta sjónarmið, þó að það virðist, eins og ég sagði, ekki liggja bak við þessa flugmannadeilu. En því hefur verið haldið fram af ýmsum stéttum öðrum, sem borið hefur á góma einmitt við þessar umr., svo sem í sambandi við læknadeiluna og verkfræðingadeiluna og síðast, en ekki sízt í sambandi við kjaramál opinberra starfsmanna. Þá vil ég einmitt minna á það, að í sambandi við kjaramál opinberra starfsmanna var þessi hv. þm. allt annarrar skoðunar en þeirrar, sem hann lætur í ljós nú. Það var eins og hann gengi út frá því, að jafnvel þó að það sjónarmið væri lagt til grundvallar lausn vinnudeilunnar, að íslenzku flugfélögin ættu að greiða starfsmönnum sínum það sama og erlend flugfélög gerðu, þá mundi slíkt ekki valda neinni röskun í þjóðfélaginu. Það þýddi aðeins það, að gróði Loftleiða yrði þá minni,

og vafalaust er það rétt hjá honum, miðað við afkomu félagsins síðustu 1—2 árin a. m. k., að það mundi ekki skipta verulegu máli. En það voru talsvert aðrar skoðanir í þessu efni, sem komu einmitt fram hjá þessum hv. þm. og ekki eingöngu hjá honum, heldur yfirleitt hjá forsvarsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, þegar kjaramál opinberra starfsmanna voru á döfinni 1963. Nú var það þannig, að til grundvallar þeim kröfum, sem opinberir starfsmenn báru fram, lá einmitt samanburður við Norðurlöndin, og kröfurnar, sem ýmsum virtust að vísu óheyrilegar, þar eð farið var fram á miklar kauphækkanir, voru þó miðaðar við það Norðurlandanna, þar sem opinberir starfsmenn hafa lægst kaup, eða Noreg. Nú fór því auðvitað fjarri, að með þeim kjaradómi, sem upp var kveðinn í júlí 1963, væri gengið inn á þessar kröfur að fullu. Þau laun, sem opinberum starfsmönnum voru ákveðin, voru til muna lægri en kröfurnar eða það kaup, sem lægst er annars staðar á Norðurlöndum, og ég býst nú í rauninni ekki við því, að neinn opinber starfsmaður hafi gert sér vonir um það, að kröfurnar yrðu teknar til greina að fullu, enda er það nú einu sinni þannig, að við Íslendingar verðum í kjaramálum að sætta okkur við það, sem íslenzka þjóðarbúið gefur af sér, en ekki bera okkur saman við það, hvað Svíar, Bandaríkjamenn eða aðrir geta greitt, miðað við þjóðartekjur í þeim löndum.

Það er að vísu vel skiljanlegt, að ýmsar starfsstéttir hér á landi, svo sem læknar, verkfræðingar, og ég býst við, að það sama eigi við um flugmennina, vilji gjarnan fá svipað kaup og greitt er í þessum öðrum löndum, og e. t. v. eiga þessir aðilar oft kost á því að fá stöður erlendis og þá auðvitað með því kaupi, sem þar er greitt, og auðvitað er ekki hægt að gera neitt til þess að hindra það, að þessir aðilar taki slíkum tilboðum. Ef menn hins vegar vilja vinna hér á landi, og sérstaklega á þetta auðvitað við sérmenntaða menn, sem vinna ábyrgðarmikil störf, eins og flugmenn, verkfræðinga o. s. frv., þá verða þeir að kaupa það því verði að sætta sig við þau kjör, sem íslenzkur þjóðarbúskapur getur borið. Þessu verður nú einu sinni ekki breytt.

En hver voru viðbrögð hv. 4. þm. Norðurl. e. einmitt við kjaradómnum á sínum tíma? Í sjálfu sér ætti að vera óþarfi að rifja það upp í þessari hv. d. Ég býst við, að flestum hv. þm. sé það í fersku minni, frá því að umr. um kjaradóminn fóru fram í nóv. 1963. Þá voru bornar fram kröfur um almennar kauphækkanir, sem námu ekki minna en 40%. Var því nú haldið fram, að atvinnuvegirnir gætu auðveldlega tekið á sig 40% hækkun? Nei, slíkt var allt of mikil fjarstæða, til þess að nokkur verkalýðsleiðtogi og þá ekki heldur hv. 4. þm. Norðurl. e. léti sér fara slíkt um munn. Það, sem þessar háu kröfur voru byggðar á, var eins og ég man, að það var orðað í Vinnunni, málgagni Alþýðusambands Íslands, að vegna kjaradómsins hefðu orðið þær raskanir á öllum launahlutföllum í landinu, að ekki yrði hjá því komizt, að verkalýðurinn hæfist handa um að rétta hlut sinn í því efni. Þó að launakjör opinberra starfsmanna væru e. t. v. ekki — a. m. k. þeirra hærra launuðu — meira en í mesta lagi 2/3 af því, sem greitt var í því Norðurlandanna, þar sem þessi kjör eru verst, var það talin svo mikil röskun á launahlutföllum, að verkalýðurinn yrði að fara fram á stórfelldar launahækkanir, jafnvel þótt viðurkennt væri af þessum mönnum, að verulegur hluti slíkra launahækkana hlyti að renna út í sandinn í hækkuðu verðlagi. En eftir sem áður yrðu þessar hækkanir að eiga sér stað, þótt ekki væri annað en rétta launahlutföllin, eins og það var orðað, eða með öðrum orðum að ná meira eða minna aftur af því, sem opinberir starfsmenn að þeirra dómi höfðu ranglega borið úr býtum með kjaradómnum.

Það mundi út af fyrir sig gleðja mig, ef sú ræða, sem hv. þm. flutti hér áðan, þýddi það, að hann hefði gerbreytt um skoðun í þessu efni. En ég efast um það og sannfærist ekki um það, fyrr en eitthvað það hefur gerzt, sem væri auðsýnileg staðfesting á því, að um slíka hugarfarsbreytingu væri hjá honum að ræða.

Herra forseti. Ég mun nú láta máli mínu lokið. Ég vildi aðeins að lokum minnast á það, að þær tölur, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér um þá kjararýrnun, sem hefði átt sér stað, frá því að viðreisnin hófst, eru auðvitað algerlega villandi. Hitt er auðvitað annað mál, og það ber að harma, að verkalýðnum hefur ekki tekizt að hækka raunverulegar tekjur sínar til samræmis við það, sem þjóðartekjurnar hafa vaxið. Þetta er staðreynd, þrátt fyrir það þótt kauphækkanir hafi orðið hér meiri en í nokkru nágrannalanda okkar. Þó að ég vilji síður en svo komast svo að orði, að verkföll séu úrelt, — það er ekki mín skoðun, að afnema eigi verkfallsréttinn, þó að nauðsynlegt geti verið í vissum tilfellum að takmarka hana, — þá má ekki loka augunum fyrir því, sem er einmitt skýring á því, að árangurinn af verkfallsbaráttu verkalýðsins að undanförnu, þegar metið er í raunverulegum kjarabótum, hefur orðið svo lítill sem raun er á, en með því á ég við það, að núverandi leiðir, sem farnar eru til lausnar kjaradeilunum, eru í rauninni arfur frá þjóðfélagsháttum, sem eru ekki lengur til. Ef við förum t. d. aftur til tímans fyrir fyrri heimsstyrjöldina, og þarf ekki að fara svo langt aftur í tímann, þá gat verkamaðurinn yfirleitt reiknað með því, að þær kauphækkanir, sem honum tókst að knýja fram, hvort sem þær voru meiri eða minni, yrðu raunhæfar. Atvinnurekendur höfðu þá ekki neina möguleika á því að velta kauphækkunum yfir í verðlagið. Það gerði samkeppnisaðstaða þeirra og þeir þjóðfélagshættir, sem voru á þeim tíma. Sem dæmi um það má einmitt nefna þetta, að þá var sjaldnast um að ræða almennar kauphækkanir eins og nú, heldur var það þannig, að fengju verkamennirnir kjarabót, þá leið ár og dagur þangað til iðnaðarmenn fengu samsvarandi kauphækkun og enn lengri tími þangað til opinberir starfs-

menn, verzlunarmenn og aðrir fengu kjarabætur. Þetta gerði það að verkum, að kjarabæturnar þá voru raunhæfar, þannig að kaupgjaldsbaráttan var þá fyrst og fremst kjarabarátta. Nú er það hins vegar þannig, vegna þess að kaupháekkanirnar eru almennar og oft umfram það, sem framleiðslunni nemur, að það er tiltölulega auðvelt fyrir atvinnurekendur að velta þeim af sér yfir í verðlagið. Þessi breyttu þjóðfélagslegu viðhorf gera það að verkum, að það er ekki hægt að hjakka í sama farinu og áður, að einblína á kaupstreituna. Í nágrannalöndum okkar hefur verkalýðshreyfingin lagað baráttu sína eftir þessum breyttu aðstæðum, með þeim árangri, að þar hefur verkalýðurinn getað hrósað meiri kjarabótum en hér þrátt fyrir miklu minni kauphækkanir. Ég veit, að hv. 4. þm. Norðurl. e. vill af einlægni vinna að því, að sama leið verði farin hér. Það myndaðist nokkur vísir til þess með júnísamkomulaginu á s. l. ári. Hvort framhald verður svo á því, það leiðir reynslan ein í ljós. En það er þetta, sem launþegunum fyrst og fremst er nauðsynlegt, að þeir mega ekki staðna í þeim baráttuaðferðum, sem voru góðar og gildar á sínum tíma og líklegar til árangurs, en eiga ekki við, miðað við þá þjóðfélagshætti, sem nú eru. Þar verður að fara aðrar leiðir, og liggur síður en svo í þessu, að ég telji það æskilegt að takmarka verkfallsréttinn. Meðan verkalýðnum hefur ekki tekizt að ná fótfestu með öðru móti, er það ekki rétt. En aðalatriðið er þetta, að fundnar verði leiðir til þess með sem beztri samvinnu milli atvinnurekenda, verkamanna og ríkisstj. á hverjum tíma, að hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum fari vaxandi, eftir því sem framleiðsluaukningin hverju sinni leyfir.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég held, að hæstv. samgmrh. hafi runnið svolítið í skap, þegar hann var að tala hér áðan, og er í sjálfu sér ekki nema gott um það að segja, að mönnum geri það öðru hverju. Ég get þó víst ekki hrósað mér af því, að það hafi verið ræða mín fyrr í dag, sem gaf tilefni til þess, heldur öllu frekar sú ádrepa, sem hv. 9. þm. Reykv. gaf ríkisstj. í sambandi við viðreisnarloforðin og hvernig þau hafa verið framkvæmd. En þetta leiddi til nokkuð sjaldséðs viðburðar nú orðið. Það heyrir nefnilega til tíðinda hér á hv. Alþ., að ráðherrar manni sig upp í það, eins og hæstv. samgmrh. gerði, að verja viðreisnina, þessa efnahagsstefnu, sem einu sinni var og löngu er gengin sér til húðar, þó að hæstv. ríkisstj., sem við hana er kennd, reyni enn að klóra í bakkann frá degi til dags með nýjum sköttum og nýjum styrkjum til þeirra atvinnuvega, sem eru að kikna undan þeirri verðlagsþróun, sem hún ber ábyrgð á. Það var út af fyrir sig lærdómsríkt og skemmtilegt að heyra þetta einu sinni, en ég skal nú ekki eyða löngum tíma í að gera það frekar að umræðuefni, en snúa mér að nokkrum atriðum úr ræðu hæstv. ráðh., sem lutu að því máli, sem hér er til umr., því að hæstv. ráðh. hafði nú þann hátt á eins og stundum áður að umgangast sannleikann nokkuð frjálslega, þegar hann er að segja frá því, hver hafi verið ummæli og hvatir þeirra, sem andmælt hafa honum.

Hæstv. ráðh. taldi það mikið ábyrgðarleysi, að ég hafði lýst því yfir, að ég teldi, að það ætti að fella þetta frv. þegar við 1. umr. Ég gerði þá og skal gjarnan gera aftur grein fyrir, af hverju ég tel, að það beri að gera. Þetta frv., meðan það liggur fyrir þinginu, mun torvelda samninga. Á því er enginn vafi, og það liggur einfaldlega í því, að eins og áður munu það vera atvinnurekendur, sem fyrst og fremst telja sér hag af gerðardómi eða a. m. k. munu frekar vera hans fýsandi. Ég minnist þess ekki, þegar gerðardómur hafi verið til umr., að atvinnurekendur hafi beitt sér gegn honum, en launþegar með. Þessi staðreynd segir sína sögu. Það þarf ekki að rekja það lengur. Og mér þykir ákaflega ólíklegt, að Loftleiðir muni verða ginnkeyptar fyrir samningum, meðan þetta frv. liggur fyrir hv. Alþ. Það væri a. m. k. ekki nema mannlegt, þó að þær væru það ekki. Þess vegna álít ég, að það eigi að fella þetta frv. nú þegar. Og ég vil bæta því við, að ég tel það mikið ábyrgðarleysi af hæstv. ráðh. að leggja þetta frv. fram og láta ekki taka það til umr. í 5 daga. Mér þætti ekkert ósennilegt, að samningar væru nú komnir á, ef þetta frv. hefði aldrei verið lagt fram, þó að það verði auðvitað aldrei með neinum hætti sannað eða rökstutt. Þess vegna tel ég, að það eigi sem allra fyrst að skapa þau skilyrði, að samningar verði teknar upp aftur með eðlilegum hætti og með meiri krafti en áður, eins og ég skal koma að nánar, en þau skilyrði verða ekki sköpuð, meðan þetta frv. liggur óafgreitt fyrir hv. Alþ.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessi deila, sem hér væri um að ræða, snerti ekki bara þessa fáu flugmenn, heldur þjóðina alla, og það er vissulega rétt. Og það gera kjaradeilur og verkföll raunar alltaf, þótt með mismunandi ríkum hætti sé kannske. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, snertir ekki bara eitt félag, Loftleiðir, og þá fáu flugmenn, sem hér eiga hlut að máli. Það snertir líka þjóðina alla, því að hver verður næstur fyrir barðinu á þessum tiltektum hæstv. ríkisstj.? Það er sú spurning, sem launþegar munu nú spyrja sig.

Ég gerði nokkra grein fyrir því í fyrri ræðu minni, að ég taldi, að það hefði átt að reyna samninga betur og meir en gert var, a. m. k. áður en til nokkurra slíkra örþrifaráða væri gripið eins og hér er um að ræða. Þetta kallaði hæstv. ráðh. ómaklegar aðdróttanir að sáttasemjara ríkisins. Ég gerði grein fyrir því, að flugmenn lögðu kröfur sínar fram við vinnuveitendur í febrúarmánuði. Það fengust aðeins haldnir þrír algerlega árangurslausir fundir, þar sem Loftleiðir buðu ekkert fram, áður en þessi deila kom í hendur sáttasemjara, og hann hélt sinn fyrsta fund í málinu 1. apríl. Það er enginn efi á því, að á þessu tímabili hefði mátt gera meira en gert var, og það er ekki við sáttasemjara að sakast um það. Það

eru þess vegna engar ádeilur á hann í því fólgnar. En má ég spyrja hæstv. ráðh.: Eru það ómaklegar aðdróttanir í garð sáttasemjara ríkisins, þegar ríkisstj. tekur sig til og skipar sáttanefndir honum til aðstoðar, eins og iðulega er gert í erfiðum verkföllum? Af hverju var það ekki gert núna? Þetta er sams konar málflutningur og hv. 10. þm. Reykv. tók svo upp hér strax á eftir, þar sem hann taldi, að það væru líka ómaklegar aðdróttanir í garð hæstaréttar, því að því hefði verið haldið fram hér, að menn teldu, að hann mundi skipa vilhallan gerðardóm. Mér vitanlega hefur enginn maður látið sér þá aðdróttun um munn fara. En það er eigi að síður staðreynd, eins og ég gat um áðan, og það hefur alltaf verið svo, að það hafa verið atvinnurekendur frekar en launþegar, sem hafa viljað fallast á gerðardóma.

Hæstv. ráðh. gerði hér mjög að umræðuefni þær launakröfur og þau boð, sem fram hafa verið sett. Ég minntist lítillega á þessi atriði í fyrri ræðu minni við þessa umr. Þegar ég gerði það, var það vegna þess, að mér ofbauð, hvernig maður hefur séð málstað flugmannanna í þessu máli affluttan á opinberum vettvangi, og ég vildi gjarnan fá það fram, sem sannara væri í þessu máli. Ég held, að það hafi að verulegu leyti tekizt. Mér er ekki kunnugt um, að þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf, hafi verið í neinum verulegum atriðum rangar. Ég held ekki, enda staðfesti hann það, sem ég sagði hér fyrr, að raunverulegar kröfur til hæstu og elztu flugstjóra mundu nema um 500 þús. kr., þegar frá eru dregnir hlutir eins og lífeyrissjóður, dagpeningauppbót og því um líkt. En það fór þó ekki hjá því, að maður hlaut að taka eftir því, að þegar hæstv. ráðh. lagði þessar tölur fram, taldi hann þó þessa hluti með eins og lífeyrissjóð og dagpeningauppbót, sem munu fyrir þessa menn nema um það bil 100 þús. kr. á ári og að sjálfsögðu eru ekki þeirra laun. Það vakti einnig athygli mína í sambandi við þetta, að hæstv. ráðh. talaði um þessa hæstu, elztu flugstjóra, þeirra laun, og kallaði það kröfur flugmanna, eins og það væri flugmannanna almennt, lét þess þó getið á eftir, að þetta mundi vera fyrir fyrstu flugmenn, eins og ég held, að hann hafi orðað það, en einhverjir aðrir mundu hafa 88% af þessu. Hverjir aðrir ætli það séu? Ætli það séu ekki flugstjórar líka? En flugmennirnir, sem eru aðstoðarflugmenn á þessum vélum, þeirra kröfur eru ekki þær upphæðir, sem hér er um að ræða, heldur talsvert langtum minni.

Þá upplýsti hæstv. samgmrh. það, sem kom mér óneitanlega mjög á óvart, að það væri ekki hægt með reglugerð að ákveða lágmarkshvíldartíma fyrir flugmenn. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki hægt, það væri bara hægt að staðfesta samninga, sem gerðir hefðu verið milli flugfélaganna og flugliða. Í loftferðalögunum, sem samþ. voru á Alþ. fyrir ári, segir í seinustu málsgr. 52. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til þess að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.“

Nú upplýsir hæstv. ráðh. það, að slíka reglugerð sé ekki hægt að setja nema með því að staðfesta samninga, sem flugverjar og flugfélögin hafi gert með sér, og ég verð að láta í ljós þá skoðun, að það hefði verið mun æskilegra, að þessi túlkun hæstv. ráðh. hefði komið fram, þegar loftferðalögin voru til meðferðar, því að mgr., sem ég las, er skýr, og það fer ekki á milli mála um það, hvað í henni stendur. Það skulu fengnar till. félagssamtaka flugverja, flugfélaganna og flugmálastjórnar, en ráðh. ber ábyrgð á setningu reglugerðarinnar.

Það er staðreynd, að þegar samanburður var gerður í samningaumleitunum á flugtíma flugstjóra eða flugmanna hjá SAS og hjá Loftleiðum, töldu Loftleiðir, að þeirra flugmenn gætu flogið 85 tíma eins og SAS-flugmenn, og íslenzku flugmennirnir féllust á það með því móti, að þeir hefðu sömu hvíldarreglur og SAS-flugmennirnir. Það fer því ekkert á milli mála um það, að það er skortur á hvíldarreglum flugmanna, sem hefur staðið að einhverju leyti lausn þessarar deilu fyrir þrifum.

Það hefur verið á það bent hér af, held ég, öllum ræðumönnum, sem andmælt hafa þessu frv., að það sé sú aðferð, sem hér á að taka upp enn einu sinni, sem menn geta ekki fallizt á vegna þess fordæmis m. a., sem það mundi gefa. Það hefur verið bent á það, að þetta er ekki mál þeirra fáu flugmanna einna, sem í þessari deilu eiga, heldur launþega allra. Mér virðist það svo lýsa hæstv. ráðh. betur en þeim, sem hann ætlaði að lýsa, að hann skuli hafa látið sér um munn fara þau orð hér áðan, að við, sem andmælt höfum þessu frv., höfum viljað gera flugmennina að píslarvottum, jafnvel aumingjum, sem eigi að vorkenna. Ég veit ekki, hvað svona orðbragð á að þýða eða hvort hann heldur, að það geti unnið málstað hans eitthvert gagn að hafa svona orðbragð um hönd. Það er enginn þeirra, sem andmælt hafa frv., sem hefur talað nokkuð í þessa átt.

Hæstv. ráðh. hefur svo gert það að einu meginatriði í málflutningi sínum, að við, sem höfum andmælt þessu frv., höfum ekkert haft til málsins að leggja í staðinn. Ég skal viðurkenna það, að fyrir það, hvernig hæstv. ráðh. hefur haldið á þessu máli, er það komið í nokkurt óefni, meira óefni en það þyrfti að vera. En hins vegar er það ekki rétt, að við höfum ekki bent á aðrar leiðir, sem ætti að fara í þessu máli. Það á að fara þá leið að koma á sem fyrst eðlilegum grundvelli fyrir áframhaldandi sáttaumleitanir. Ríkisstj. á að taka á málinu með svipuðum hætti og hún hefur gert, þegar hún hefur bezt gert, nefnilega með því að skipa sáttanefnd sáttasemjaranum til aðstoðar til þess að leita nú þegar eftir grundvelli fyrir samninga, sem ég hef trú á, að mundu þá takast fljótlega. En það gerist ekki, á meðan þetta frv. bíður afgreiðslu hér á hv.

Alþ., eða það er a. m. k. afar ólíklegt, að það geti gert það, og þess vegna tel ég, að það beri að fella frv. nú þegar, og ég vil taka undir það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni hér áðan, þó að hæstv. ráðh. vildi hafa af honum heiðurinn fyrir það, en hann skoraði á hv. þdm. að fella frv. nú þegar við 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hefði nú alveg eins getað látið það bíða að taka til máls við 2. umr., en það er aðeins eitt atriði, sem ég vil ekki láta ósvarað nú strax, úr ræðu hv. 6. þm. Sunnl., og undrar mig það, að hann, sem var með loftferðalögin fyrir framan sig og las upp úr þeim, vill láta að því liggja, að það sé ásökunarefni á rn. að hafa ekki gefið út reglugerð, sem er ákvarðandi um hvíldartíma flugverja, þar sem það stendur beinlínis í greininni, að þessar reglur skuli setja að fengnum till. frá flugverjum, flugfélögum og flugmálastjóra. Eins og ég sagði hér áðan, verður þessi reglugerð ekki sett, fyrr en þessar till. koma, og till. hafa einfaldlega ekki komið, vegna þess að enn hefur ekki samizt um þetta milli flugverjanna og flugfélaganna, og ég er hér um bil sannfærður um það, að einmitt nú í þessari deilu hefur verið rætt um þetta, og er ákaflega nauðsynlegt, að till. komi um þetta og samkomulag geti fengizt um það, því að það er mjög þýðingarmikið og gæti vissulega orðið til þess, að flugmenn gætu fengið hærra kaup, ef þessum málum væri vel fyrir komið. En það er ekki á valdi rn. að taka fram fyrir hendurnar á þessum aðilum. Rn. bíður eftir till. frá þeim, því að það segir: „að fengnum till.“ skal þetta gert, og þetta er ég alveg sannfærður um, að hv. 6. þm. Sunnl. skilur. Það, að málið sé komið í óefni vegna aðgerða ríkisstj., er ekki svara vert.

Að öðru leyti ætla ég að svara því, sem kann að vera ósvarað, við 2. umr. málsins. Eins og ég sagði, þá legg ég áherzlu á, að málið komist í n. í kvöld, svo að tími sé til að athuga frv., og læt þess vegna bíða frekari umr. þangað til seinna.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. beindi nokkrum orðum sínum til mín í ræðu sinni fyrr í kvöld. Það er ekki margt, sem ég þarf að gera athugasemdir við í sambandi við þau orð hæstv. ráðh.

Hann veitti mér viðurkenningarorð í einu atriði, en ég verð að taka fram, að því miður á ég ekki þau viðurkenningarorð skilið. Hann gat þess, að hv. 6. þm. Sunnl. hefði lagt til, að þetta frv. yrði fellt nú þegar við þessa umr. Ég gerði nákvæmlega hið sama í lok minnar ræðu. Ég skoraði á hv. þdm. að fella þetta frv. nú við 1. umr.

Þá fann hæstv. ráðh. mjög að því, að ég skyldi ekki hafa bent á neinar leiðir til lausnar á þessu vandamáli. Ég get skilið það að vissu leyti, að hann sé óánægður með það. En hér er um að ræða eina ákveðna leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið, og annað er ekki til umr. að svo stöddu.

Hæstv. ráðh. var mjög sléttmáll í ræðu sinni í kvöld og brosmildur og varð oft litið upp á áheyrendapallana. Hann sagðist þess fullviss með sjálfum sér, að flugmennirnir mundu vera meira á sínu máli en stjórnarandstæðinganna, sem hér hefðu talað, þ. e. a. s. hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að flugmenn innst í hjarta sínu væru fylgjandi því, að gerðardómur fjallaði um mál þeirra. Ef hæstv. ráðh. hefur nú verið svona viss um þetta, hvers vegna reyndi þá ekki hæstv. ríkisstj. þá leið í málinu að leita til deiluaðila, flugmanna Loftleiða, með uppástungu um, að þessir aðilar legðu deiluna af fúsum og frjálsum vilja í gerð? Slíkt samkomulag milli tveggja deiluaðila að leggja mál í gerðardóm af fúsum og frjálsum vilja er allt annað en lögþvingaður gerðardómur. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Var þetta athugað? Hann telur víst, að flugmennirnir hefðu gengið að þessu og hvað þá Loftleiðir. Kannske hefur hæstv. ráðh. aldrei rætt við Loftleiðir um þetta mál yfirleitt, ekki komizt að félaginu fyrir Vinnuveitendasambandinu. Um það er mér ekki kunnugt.

Hæstv. samgmrh. vék nokkrum orðum að verkfræðingum og læknum þessa lands í tilefni ummæla minna um þvingunarlög, sem þessar stéttir hefðu verið beittar af hæstv. ríkisstj., og hann hneykslaðist á því, að ég taldi, að almenningi hefði verið gerður miklu meiri greiði með því að beita verkfræðingana ekki þvingun, eins og gert var. En ég vil endurtaka þá skoðun mína, að þjóðinni í heild hefði verið gerður miklu meiri greiði með því, að hæstv. ríkisstj. hefði aldrei lagt út á þá braut að ofsækja verkfræðingastétt landsins, eins og ríkisstj. hefur gert frá upphafi sinna vega. Ég sýndi fram á það með órækum tölum hér í fyrra, þegar síðustu þvingunarlög voru hér til umr., að brottför verkfræðinga af landinu hefði aldrei orðið meiri en síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Verkfræðingar og þar með beztu verkfræðingar þjóðarinnar hafa flúið land vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. í þeirra garð. Haustið 1961 voru læknar í Reykjavík beittir sömu þvingunum. Hér í Reykjavík hefur aldrei borið á læknaskorti, en nú síðustu missirin, síðan læknar voru beittir þvingun í Reykjavík af hæstv. ríkisstj. með valdboði laganna, er farið að bera á læknaskorti í Reykjavík. Þetta er að mínum dómi algerlega sök hæstv. ríkisstj. Afleiðingin verður sú, sem þegar er komin á daginn, að héraðslæknar utan af landi eru farnir að leita til Reykjavíkur í hin auðu rúm þar. Þetta eru afleiðingarnar og þessar afleiðingar bitna á almenningi.

Þá hafði hæstv. ráðh. mörg og fögur orð um ágæti viðreisnarinnar. Ég gerði í minni ræðu fyrr í dag nokkra grein fyrir, hvers eðlis það ágæti er, og skal ekki endurtaka það. Hann taldi kjör almennings í landinu vera mjög góð og það væri viðreisninni að þakka. Ég vil nú ekki taka undir það, að kjör almennings í landinu séu góð, og ef almenningur hefur peningaráð, þá er það vegna óvenju-

lega mikillar vinnuþrælkunar, og það er engin blessun, hvorki fyrir verkamenn sjálfa né þjóðina í heild. Nei, það er ekki viðreisnin, sem hefur bjargað þjóðinni 5—6 síðustu árin. Það sem bjargað hefur þjóðinni fyrst og fremst síðustu árin, er einmuna gott árferði til lands og sjávar. Þar við hefur bætzt hækkandi verðlag á íslenzkum afurðum erlendis. Þetta hefur gert það að verkum, að almenningur í landinu hefur ekki liðið skort, þrátt fyrir „viðreisn" hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 10:7 atkv. og til samgmn. með 13:3 atkv.

Á 72. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 503, n. 522 og 524).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur fjallað um þetta frv. Kvaddi n. á sinn fund fulltrúa frá Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna og frá Loftleiðum, ræddi við þá um málið og gaf þeim hvorum um sig kost á að skýra sjónarmið sín og afstöðu til kjaradeilunnar.

Það er grundvallarregla samkv. vinnulöggjöfinni, að stéttarfélög og vinnuveitendur hafi frjálsan samningsrétt um kaup og kjör og rétt til að vinna að framgangi krafna sinna með verkföllum og verkbönnum. Þrátt fyrir þennan grundvallarrétt, sem almennt er viðurkenndur, geta einstöku sinnum átt sér stað vinnudeilur, sem eru þess eðlis, að þjóðfélagið sér sig til neytt að grípa í taumana og taka fram fyrir hendurnar á aðilum og víkja til hliðar frjálsum samningsrétti þeirra um stundarsakir. Finnast ýmis dæmi um þessi tilvik á undanförnum áratugum. Yfirleitt hefur þetta átt sér stað, þegar ríkir þjóðfélagslegir hagsmunir kalla á skjóta lausn, en önnur úrræði hafa verið reynd til þrautar án árangurs. Sem dæmi um það, þegar vinnudeilur hafa verið leystar með lagaboði, má einnig nefna þau tilfelli, þegar fámennir hópar hátekjumanna með sterka verkfallsaðstöðu hafa beitt verkfallsréttinum til að knýja fram meiri kjarabætur sér til handa heldur en þjóðfélagið hefur haft efni á að veita öðrum og jafnframt skapað öngþveiti, sem brýn nauðsyn var að bæta úr.

Í augum alls þorra manna er verkfallsrétturinn fyrst og fremst neyðarréttur lágtekjumannsins í baráttu hans fyrir viðunandi lífskjörum. En með aukinni verkaskiptingu og sérhæfingu hafa sprottið upp ýmsar stéttir sérhæfðra og vel launaðra manna, sem hafa miklu sterkari aðstöðu til að knýja fram kjarabætur með verkföllum heldur en láglaunamennirnir. Er þetta að nokkru leyti undirrót vaxandi launamismunar meðal þjóðarinnar, en sú þróun hefur orðið tekjulægsta fólkinu óhagstæð.

Þegar þessi mál eru hugleidd, virðast þeir, sem telja, að verkfallsréttinn megi aldrei skerða hjá neinni stétt undir neinum kringumstæðum, hversu fámenn og vel launuð sem hún er, eigi skilja nægjanlega vel, að verkfallsrétturinn verður því dýrmætari þeim mun sjaldnar sem hann er misnotaður. Þetta hafa verkamannafélögin í landinu skilið, því að þau fara afar varlega í það að láta þá meðlimi sína hefja vinnustöðvun, er gegna þess konar sérhæfðum störfum, að óbætanlegt tjón hljótist af, ef störfin eru lögð niður. Á ég þar fyrst og fremst við vélgæzlumenn í frystihúsum.

Þegar þessi mál eru krufin til mergjar, hljóta allir sanngjarnir menn að viðurkenna, að kjör vinnustéttanna og launahlutföll verði ekki réttilega ákvörðuð eftir því, hversu góða vígstöðu hver ein stétt hefur í verkfalli, heldur þurfi þar aðrir hlutir fremur til að koma.

Þróun þeirrar vinnudeilu, sem hér um ræðir, hefur í stuttu máli sagt verið með eftirfarandi hætti: Í maímánuði 1964 var gerður kaup- og kjarasamningur milli Loftleiða og Félags íslenzkra atvinnuflugmanna, er gilda skyldi til tæpra tveggja ára eða til 1. febr. 1966. Í samningi þessum var eigi kveðið á um kjör flugmanna á flugvélum af gerðinni Rolls Royce 400, sem þá átti að fara að taka í notkun á næstunni, heldur skyldi samið um þau sérstaklega síðar.

S. l. haust eru svo teknar upp samningsviðræður um kaup og kjör flugmanna á þessum vélum. Þær viðræður leiddu eigi til þess, að fullt samkomulag næðist, en í kjölfar þessara viðræðna hækkuðu Loftleiðir flugstundagjaldið hjá flugmönnum á Rolls Royce 400 úr 92 kr. á klst., sem greitt hafði verið flugmönnum á DC 6 B og upp í kr. 220.80. Í þessari hækkun fólst kjarabót, sem nemur um það bil 100 þús. kr. á ári, en það er nokkru hærri upphæð en árstekjur verkamanna fyrir átta stunda vinnudag, og hefur margur orðið að sætta sig við minna.

Þegar fram liðu stundir, gerðu flugstjórar og flugmenn sig ekki ánægða með þetta. Hinn 26. febr. settu þeir skriflega fram við Loftleiðir nýjar kröfur, sem þýddu um það bil 100% kauphækkun frá þeim launum, er greidd voru á DC 6 B flugvélunum. Síðan áttu sér stað nokkrir viðræðufundir, sem leiddu ekki til neins árangurs. Það næsta, sem gerist, er, að flugmenn boða vinnustöðvun, er hófst 3. apríl. Var deilunni þá um leið vísað til sáttasemjara, en jafnframt lækka þá flugmenn kröfur sínar um 25%. Næstu 2—3 vikurnar heldur svo sáttasemjari 4 viðræðufundi með deiluaðilum, án þess að nokkuð gangi saman. Á þessu tímabili tilkynntu Loftleiðir að vísu, að félagið væri reiðubúið til að hækka laun allra flugmanna hjá félaginu um 5%, en það hafði engin áhrif.

Þegar hér var komið sögu, ákveður svo ríkisstj. að grípa í taumana og leysa málið með

lagasetningu um gerðardóm. Deilan var þá komin á það stig, að því miður var engin skynsamleg ástæða til að ætla, að hún mundi leysast á næstunni. Áframhaldandi langvinnt verkfall hefði hvort tveggja í senn valdið flugmönnum sjálfum miklum tekjumissi og rýrt stórlega það álit, sem Loftleiðir hafa aflað sér erlendis, en jafnframt valdið félaginu svo miklu fjárhagslegu tjóni, að það hefði skert til muna getu þess til að greiða flugmönnum sínum há laun á næstu árum.

En það, sem sker úr að mínum dómi, var það, að þjóðfélagið getur ekki til lengdar horft á það aðgerðarlaust að láta 18 menn stöðva dýrmætustu framleiðslutæki þjóðarinnar vegna deilu um það, hvort árslaun þeirra skuli vera 500 þús. eða 600 þús. kr. og hvort flugstundafjöldi þeirra á mánuði skuli vera 20 stundum lengri eða skemmri.

Enginn dregur í efa, að flugmenn gegni vandasömu, ábyrgðarmiklu og áhættusömu starfi og verðskuldi mjög góð laun. Eigi er heldur dregið í efa, að miðað við launakjör á DC 6 B flugvélunum verði flugmenn á Rolls Royce 400 að njóta betri kjara, því að hinar síðargreindu flugvélar eru mun stærri og hraðfleygari en hinar fyrrnefndu. Finnst mér þó mjög ótrúlegt, að það geti verið réttlátt, að launamismunur í þessum efnum eigi að vera jafngífurlegur og kröfur flugmanna benda til. Ég teldi ekki óeðlilegt, að launahlutföllin hér á landi á milli flugmanna á DC 6 B og Rolls Royce 400 væru svipuð og launahlutföllin milli flugmanna erlendis á þessum sömu flugvélategundum, en því miður gátu hvorki fyrirsvarsmenn Félags íslenzkra atvinnuflugmanna né Loftleiða upplýst samgmn. um það, hver þessi launahlutföll væru á erlendum vettvangi.

Þótt það sé almenn regla, að atvinnustéttirnar í þjóðfélaginu geti fylgt kröfum sínum eftir með vinnustöðvunum, eru þó til viðtækar undantekningar frá þessari reglu. Bændur og opinberir starfsmenn verða að hlíta gerðardómum um kjör sín, ef frjálsir samningar takast ekki. Það getur því ekki talizt nein goðgá, þótt fámenn stétt hálaunamanna verði um stundarsakir að þola gerðardóm um launakjör sín til þess að forða deiluaðilum og raunar þjóðinni allri frá óbætanlegu tjóni.

Satt að segja skil ég naumast þá menn, sem telja gerðardómsfyrirkomulagið gott fyrir bændur, en telja ótækt að grípa til þess til bráðabirgða, þegar um er að ræða stétt manna, sem krefst þrefaldra til fjórfaldra launa á við meðalbónda.

Í sambandi við þetta mál er rétt að leiða hugann að því, að rekstur flugfélaga er með þeim hætti, að þau þola síður verkföll en margar aðrir atvinnugreinar. Langvinnt verkfall getur riðið einu flugfélagi að fullu. Þegar til lengdar lætur, hljóta hagsmunir flugfélags og þeirra, sem hjá því starfa, að fara saman. Það ættu því að vera sameiginlegir hagsmunir flugmanna og vinnuveitenda þeirra að reyna að leysa kjaraágreiningsmál sín í framtíðinni án þess, að til vinnustöðvunar þurfi að koma. En þá verða flugmenn að gera sér ljóst á öðru leitinu, að þeir mega ekki miða kröfugerð sína við það, að atvinnuveitandinn eigi einskis annars úrkosta en að ganga að öllu því, sem þeir setja fram, og flugfélögin verða á hinu leitinu að gera sér ljóst, að þau mega ekki neita sanngjörnum kröfum flugmanna í trausti þess, að ríkisvaldið grípi í taumana, vegna þess að félögin þoli ekki vinnustöðvun.

Ég vil skora á báða deiluaðila að nota vel tímann fram til 1. febr. n. k. til þess að leita eftir nýjum og betri ráðum til lausnar á þeim ágreiningsefnum um kaup og kjör, er upp kunna að koma í framtíðinni, er tryggi það, að ekki þurfi til vinnustöðvana að grípa. Slík ráð eru vitanlega ekki auðfundin, en þó vil ég benda á, að Loftleiðir hafa á undanförnum árum tekið upp þá reglu án nokkurrar samningsskyldu að greiða öllu starfsfólki sínu nokkurn ágóðahlut, sem hefur numið allt að því 10% af árstekjum manna hjá félaginu. Á þessum grundvelli hygg ég, að framtíðarlausnin ætti fyrst og fremst að byggjast.

Að lokum vil ég taka fram, að lausn þessarar vinnudeilu er mál út af fyrir sig, sem ekki má blanda saman við annað. Lausnin er ekki í neinum tengslum við þann kjaraágreining, sem yfirvofandi er í júnímánuði n. k. milli verkafólks og vinnuveitenda, nema þá með þeim hætti einum, að tækju hálaunastéttirnar í landinu sér kröfur flugmanna til fyrirmyndar og hefðu bolmagn til að knýja þær fram, þá er hætt við, að þjóðfélagið hefði litinn afgang til að hlaupa undir bagga með þeim, sem við lökust kjör eiga að búa.

Herra forseti. Ég árétta svo að síðustu það álit meiri hl. samgmn., sem fram kemur á þskj. 522, að leggja eindregið til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og við var að búast eftir þær umr., sem hér fóru fram í fyrrakvöld, klofnaði samgmn. í afstöðu til þessa máls, eins og raunar hefur komið fram í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. n., og eins og hann skýrði frá, fóru fram á morgunfundi í gærmorgun viðræður við fulltrúa flugmanna og hins vegar við fulltrúa atvinnurekenda í þessari deilu. Þessar viðræður voru á ýmsan hátt fróðlegar og vörpuðu nokkru skýrara ljósi á þetta mál en áður var, þótt að sjálfsögðu sé margt óljóst enn, sem máli kann að skipta í sambandi við þessa deilu, fyrir þá, sem eru algerir leikmenn í öllu, sem að flugmálum lýtur. En ég verð að segja það, að þessar viðræður, sem fóru fram í gærmorgun við deiluaðilana, hafa a. m. k. styrkt mig mjög í þeim skoðunum, sem ég lét hér í ljós við 1. umr. málsins, og þær skoðanir komu yfirleitt fram hjá þeim, sem andmæltu þessu frv.

Ég vil þar einkum nefna í fyrsta lagi, að ég er enn fjær því eftir þær upplýsingar, sem fram komu á þessum fundum, að trúa því, að þetta frv. sé til þess fallið að bjarga rekstri Loftleiða eða hag þess á nokkurn hátt. Ég

er enn fjær því en nokkru sinni áður að trúa þeirri fullyrðingu, sem hér kom fram m. a. hjá hæstv. samgmrh. og reyndar kemur einnig fram í grg. með frv., að með þessu frv. sé stefnt að því að bjarga sæmd bæði þessa ágæta fyrirtækis, Loftleiða, og jafnvel þjóðarinnar. Í þriðja lagi hefur sannfæring mín styrkzt í því, að skipun gerðardóms í deilu sem þessari er fávíslegt athæfi, m. a. af þeim ástæðum, að engir aðrir innlendir aðilar en þeir, sem hér eiga í deilu, bera fullt skynbragð á sérfræðilega þætti, sem deiluna varð, þó að ekki kæmi neitt annað til. Í fjórða lagi nefni ég það, sem áður hefur komið hér fram, að jafnvel þótt um frjálsan gerðardóm hefði verið að ræða, sem hefði verið algerlega samkomulag um milli deiluaðila, þá er sá grundvöllur, sem honum er ákveðinn í 3. gr. frv., þ. e. a. s. sá eini grundvöllur, að launakjör, vinnutíma og yfirleitt öll starfskjör eigi að miða við hliðstæða launþega hér á landi, sem engir eru til, — sá grundvöllur er þannig, að væri fylgt, eru engin líkindi til þess, að hann gæti leitt til réttlátrar niðurstöðu, jafnvel þó að hæfir menn fjölluðu um. Í fimmta lagi hefur það svo komið fram, að hvorki Félag íslenzkra atvinnuflugmanna né stjórn Loftleiða hafa óskað eftir flutningi þessa frv., þ. e. a. s. þeir tveir höfuðaðilar, sem að deilunni standa, né heldur hafa komið fram óskir frá stjórn Loftleiða um nokkrar aðrar tegundir þvingunaraðgerða í þessari deilu, svo að vitað sé. Fara þá óneitanlega að berast böndin að þeirri tilgátu, sem ég setti hér fram og ekki hefur verið andmælt, að hér sé um samspil ríkisstj. og Vinnuveitendasambandsins að ræða og það í annarlegum tilgangi og allt öðrum en látinn er í veðri vaka. Í sjötta lagi hefur það svo komið fram, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur ekki einasta lýst fullri andstöðu við þetta frv. Þó að því hafi verið haldið hér fram af hæstv. samgmrh., að flugmennirnir almennt væru hlynntir gerðardóminum, hefur það ekki aðeins komið fram, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur lýst yfir fullri andstöðu við frv., heldur hafa þeir einnig synjað tilmælum Vinnuveitendasambandsins um frjálsan gerðardóm af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, að þeir telja, að tæplega eða ekki séu aðrir hæfir til þess að skera úr um ýmis atriði þessarar deilu, svo sem vinnutíma og starfsskilyrði og annað, heldur en þeir, sem í deilunni eiga. Í sjöunda lagi hefur svo stjórn Félags íslenzkra atvinnuflugmanna lýst því yfir, að félagsmenn þess hvorki vilji né muni taka laun skv. öðru en frjálsum samningum, og ég hygg, að flestir hljóti að skilja, hvað í þessari yfirlýsingu felst. Í áttunda lagi bendir svo allt til þess, að ráðabrugg hafi verið uppi milli þeirra aðila, sem ég áður nefndi, jafnvel áður en sáttasemjari fékk málið í sínar hendur, um það að setja gerðardóm í málið og hindra samninga, samninga, sem ég get ekki betur séð en geti einir bjargað málinu, svo að vel fari, og nú eru því aðeins mögulegir, að þetta frv. verði felld.

Öll þessi atriði, sem ég nú hef nefnt, leiða svo til þeirrar niðurstöðu, sem er kjarni þessa máls, að þessu frv. sé fyrst og fremst beint gegn frelsi stéttarsamtakanna í landinu til þess að semja um laun sín og kjör og að málið varði því á þann hátt allar launastéttir og samtök þeirra. Þessi er sameiginleg niðurstaða hjá fulltrúum beggja stjórnarandstöðuflokkanna í þeirri hv. n., sem hefur haft málið til meðferðar, og minni hl. n. leggur áherzlu á þessa niðurstöðu með því að skila sameiginlegu nál. um málið.

Nú er rétt eftir atvikum að athuga ofurlítið nánar sum þessara atriða, sem ég nefndi, og þá fyrst þá fullyrðingu, þá staðhæfingu, að þetta frv. sé einhver björgun fyrir Loftleiðir fjárhagslega. Vil ég þá fyrst tilgreina það í því sambandi, að það hefur greinilega komið í ljós, m. a. í þeim viðræðum, sem við í samgmn. höfum átt við báða deiluaðila, að það ber miklu minna á milli í þessari deilu en látið hefur verið í veðri vaka, og þar er ekki um neinar þær fjárhæðir að ræða, sem nokkru verulegu máli geta skipt fyrir það félag, sem hér á hlut að, og það hlýtur þess vegna að vera knúið til þess annaðhvort af Vinnuveitendasambandi Íslands, ríkisstj. eða einhverjum öðrum aðilum, sem ég kem þó ekki auga á, að fórna fjármunum sínum í langvarandi verkfall, því að það á kost á því sannarlega að semja við flugmenn með þeim kjörum, að þar er aðeins um mjög óverulegar upphæðir að ræða og örlítið brot, ég skal ekki segja hversu stórt, en áreiðanlega alveg óverulegt, samanborið við það tjón, sem það bakar sér með því að standa í deilum við starfslið sitt.

Það hefur komið í ljós, að rétt áður en til verkfallsins kom, lækkaði Félag íslenzkra atvinnuflugmanna kröfur sínar niður í 42 þús. kr. á mánuði, þ. e. a. s. fastakaup að viðbættri flugstundatryggingu, og lýsti því jafnframt yfir, að það væri reiðubúið til þess að færa þarna á milli, milli fastakaupsins og flugstundagjaldsins, eftir því sem til þyrfti, til þess að samkomulag næðist, var sem sagt tilbúið að ræða um skiptingu þarna á milli, sem getur skipt einhverju máli í sambandi við heildarlaunin. Þessar tölur eru skv. upplýsingum Félags íslenzkra atvinnuflugmanna. En skv. upplýsingum fulltrúa Loftleiða á þessum fundi var þeirra gagntilboð um að greiða í fastakaup 20 559 kr. og í flugstundatryggingu með 65 flugstundir á mánuði 15 330 kr., eða samtals 35 889 kr.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég tek hér ekki með tvo liði, sem að Loftleiðir vilja telja sem laun, þ. e. a. s. svonefnda dagpeningauppbót, sem er nefnd „sporzla“ í þeirri virðulegu grg., sem vinnuveitendur hafa látið frá sér fara. Það væri fróðlegt að spyrja um það, og sjálfsagt veit hæstv. ráðh. það, hvort þetta komi fram sem laun í skattaframtölum frá fyrirtækinu eða ekki eða hvort þetta sé talinn kostnaður, og ætti það að geta skorið úr um það, hvort hér er raunverulega um laun

að ræða eða ekki. En þetta skiptir ekki máli í þessu efni, þegar verið er að athuga, hvað mikið ber á milli, hvort þetta er talið með eða ekki, því að það breytir ekki um mismuninn. En í þessu hef ég sem sagt ekki talið dagpeningauppbótina, sem er ekki laun skv. upplýsingum flugmanna a. m. k. og mér sýnist mjög vafasamt að sé það, og hins vegar lífeyrissjóðsgreiðslur. En sem sagt það, sem þarna ber á milli, eru 7111 kr. á mánuði, og fyrir 18 menn í eitt ár skilst mér, að það geri rétt um 1½ millj. kr. og verður að segjast, að í samanburði við þá geysilegu veltu, sem þetta fyrirtæki hefur, og þann geysilega gróða, sem það hefur haft af sinni starfsemi, þá er hér um mjög litla upphæð að ræða. Og ef maður gerði nú ráð fyrir því, að með samningsvilja, sem ég vil ekki efa, að er fyrir hendi hjá flugmönnum og þeir hafa greinilega látið í ljós í viðræðum við n., hefði t. d. verið hægt að leysa málið á miðri leið, þá væri þarna um 770 þús. kr. útgjöld að ræða fyrir þetta mikla fyrirtæki á ári. Menn geta svo velt því fyrir sér og trúað hverju sem þeim þykir um það sennilegt, hvort Loftleiðir láti vélar sínar, sem mig minnir að séu um 200 millj. kr. virði hver, standa óhreyfðar og tapi viðskiptum sínum kannske langt fram í tímann fyrir þessa upphæð, 770 þús. kr. á ári. Ég verð að segja það, að þeir, sem trúa þessu, eru í meira lagi trúgjarnir.

Nei, ég held, að það þurfi engra vitna við um það, að þarna er hvorki verið að bjarga þessum útgjöldum né öðrum fyrir Loftleiðir. Það er yfirleitt ekki verið að hugsa um þess hagsmuni eða þess rekstur. Hér hljóta allt önnur atriði að skera úr, og ég held, að um það þurfi í raun og veru ekki mikilla vitna við eftir þá ræðu, sem hæstv. samgmrh. hélt hér. Hann beinlínis gaf það fullkomlega í skyn, að ástæðurnar fyrir þessu þvingunarlagafrv. væru hættan á samanburði í sambandi við vinnudeilurnar í vor, þ. e. a. s. að þessi viðbrögð hæstv. ríkisstj. og Vinnuveitendasambandsins væru raunverulega undirbúningur undir vinnudeilurnar í vor, undir samningana í vor við verkalýðshreyfinguna almennt. Og ég verð að segja það, að það er ekki góður undirbúningur, hann er ekki líklegur til þess að skapa það andrúmsloft, sem þarf til þess að geta komizt friðsamlega fram úr þeim samningum, slíkar hótanir sem í þessu felast.

Ég vil svo taka það fram, að hvorki ég né aðrir, sem skipum minni hl. í samgmn., ætlum okkur að gerast eins og hv. frsm. meiri hl. n. neinn dómari um kaupkröfurnar sjálfar eða hvort kröfurnar eru í öllum greinum sanngjarnar eða væri réttmætara, að þær væru öðruvísi. Ég a. m. k. segi fyrir mitt leyti, að til þess vantar mig mikla þekkingu á þessu máli, sem hér er um að ræða, enda varðar það í sjálfu sér ekki afstöðuna til þessa frv. Hitt er svo annað mál, að það verður auðvitað ekki komizt fram hjá því að líta ofurlítið á ýmis atriði, sem skipta máli í sambandi við þetta og ég verð að segja að fyrir mitt leyti auka samúð mína með kröfum flugmannanna, án þess að ég vilji gera mig að nokkrum dómara um það. Ég álít, að deiluaðilarnir eigi að semja um þetta og að þeir mundu gera það, ef þeir hefðu frið til þess fyrir ríkisstj. og fyrir Vinnuveitendasambandinu. En flugmennirnir hafa bent á ýmislegt í sambandi við þetta, sem er alveg ástæðulaust að láta fara alveg fram hjá sér, eins og menn hefðu ekki heyrt það eða vildu ekki af því vita.

Það kom t. d. fram í umr. við flugmennina, að flugstjóri hjá SAS-flugfélaginu hefur í laun 66 þús. sænskar kr., en það skilst mér að sé mikið á sjötta hundrað þús. kr., en þessi sami flugstjóri vinnur ekki 900 klst. á ári, eins og flugmennirnir hafa gert hjá Loftleiðum á DC 6, heldur vinnur hann 470 klst. Það er að vísu rétt að taka það fram í þessu sambandi, að flugstundafjöldinn segir ekki nema litla sögu um þann raunverulega vinnutíma, því að það mun vera talið, að raunverulegur vinnutími sé a. m. k. helmingi lengri en flugstundirnar, en hlutföllin þarna á milli hljóta að vera þau sömu fyrir því. En það er sem sagt ekki þarna um að ræða, að flugmennirnir séu að krefjast neins launajafnréttis við sænska stéttarbræður sína, hvorki hvað vinnutíma snertir né heldur kaup. Ef farið er til Bandaríkjanna, kemur í ljós, að flugstjórar þar hafa þrisvar sinnum hærra kaup en hér er um að ræða. Og hæstv. samgmrh. þurfti í fyrrakvöld að bregða sér alla leið til Japans til þess að geta fundið einhverja hliðstæðu við þau kjör, sem íslenzkum flugstjórum eru boðin. En það væri kannske fróðlegt að athuga það, hvaða laun japanskir flugstjórar hafa í hlutfalli við önnur almenn laun þar í landi, sem eru ákaflega lág, að því er maður hefur hugmynd um, og kæmi þá sennilega í ljós, að launahlutföllin væru stórkostlega miklu hagstæðari í Japan en þau kjör, sem íslenzkum flugstjórum eru boðin.

Það er svo líka rétt að taka það fram í sambandi við allar umr. um upphæðir í launamálum flugmanna, að það er alltaf talað í þessu sambandi um hæsta hugsanlega flokk, sem flugstjóri getur komizt í, þ. e. a. s. eftir 15 ára starf. En aðstoðarflugmenn munu hafa haft 65—75% af launum flugstjóra og svo að sjálfsögðu ekki af fullum launum, heldur miðað einnig við starfsaldur. Þá er ástæðulaust, að það liggi heldur í láginni, að mikið af því flugi, sem íslenzku flugmennirnir inna af hendi, er næturflug, sem mun vera algengast, að séu borgaðar á sérstakar uppbætur hjá erlendu flugfélögunum, en Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur ekki haldið kröfum sínum um sérstaka uppbót fyrir þetta á nokkurn hátt til streitu og hefur fallið frá þeim nú.

Það væri svo hægt t. d. að færa það fram, að erlendir flugmenn, sem vinna hjá því ágæta fyrirtæki, Loftleiðum, á DC 6, hafa um 80 þús. kr. á mánuði eða rétt um það bil 100% hærri laun en farið er fram á fyrir flugstjóra á Rolls Royce 400, sem eru, eins og allir vita, miklu hraðskreiðari og stærri vélar, en það mun vera algeng regla um allan heim, að laun séu

greidd í nokkru hlutfalli við stærð farartækjanna og afkastagetu þeirra til flutninga.

Í þessu sambandi, þegar rætt er um launamál flugmanna annarra, sem svipað er ástatt um, þá eru það menn með alþjóðlega menntun, sem er góð og gild í framboði hvar sem er í heiminum, og þar að auki er um það að ræða, að þessir menn eru sendir til vinnu á erlendum vettvangi og með erlendum stéttarbræðrum sínum, sem búa allir við miklu hærri launakjör, og er erfitt að komast fram hjá þeirri hugsun, að slíka alþjóðlega menntun verðum við að meta svipað og aðrar þjóðir, og þá á ég ekki aðeins við flugmennina í því sambandi, heldur aðra, sem eru hliðstæðir að þessu leyti, eins og t. d. verkfræðinga, og ég held, að þegar til lengdar lætur, geti ekki verið neinn hagur í því fólginn fyrir þjóðina, að við metum störf þessara manna miklu lægra en allir aðrir. Hættan, sem vofir yfir, ef við gerum það, svo sem reynslan hefur orðið að mörgu leyti hjá okkur og valdið okkur margvíslegum vanda og tjóni, er sú, að við missum í meira eða minna mæli það fólk, sem þjóðfélagið hefur kostað hvað mestu til að mennta og hefur kannske vænt sér einna mest af. Það má í þessu sambandi minna á það, að við Íslendingar höfum t. d. menntað 60—70 lækna fyrir Svía, við höfum menntað verkfræðinga fyrir margar aðrar þjóðir og búum sjálfir bæði við læknaskort og verkfræðingaskort, og hæstv. samgmrh., sem ber þetta frv. fram og ýtir því hér áfram, á sérstakan heiður fyrir það að hafa flæmt fleiri verkfræðinga úr landi en nokkur annar maður hér á landi. Hvort framhaldið verður svo, að okkar ágætu flugmenn verði einnig flæmdir úr störfum hér, skal ég ósagt láta, en til þess er efnt.

Í sambandi við þetta get ég ekki alveg stillt mig um það að koma inn á það, sem hv. 10. þm. Reykv. gerði hér að umræðuefni í fyrrakvöld, þar sem hann var að svara ræðu minni og taldi lítið samræmi í því, sem ég nú sagði um deilur flugmanna, og í afstöðu minni til launahækkana embættismanna og launamála almennt 1963, þegar ég hefði heimtað, að eftir 45% almenna kauphækkun hjá opinberum starfsmönnum fengju láglaunastéttirnar hækkanir, til þess að launakerfið skekktist ekki. Ég verð að segja það, að ég sé ekki nokkurt ósamræmi þarna á milli, og ég hef ekkert breytt um skoðun í þessum efnum. Ég tel, að hér sé algerlega um ósambærilega hluti að ræða, og þó að ég vilji, að þessi deila sé leyst á frjálsan hátt, og þó að ég hafi vissa samúð með flugmönnunum í þeirra baráttu, mundi ég eftir sem áður beita mér gegn því, að tekin yrði upp ný stéttaskipting hér á landi, eins og gerð var tilraun til 1963 með því að hækka kaup hálaunamanna um 100%, en reyna samtímis að halda niðri kaupi og kjörum verkamanna.

Í sambandi við kaupið er það áreiðanlega rétt, sem ég sagði, að flugmennirnir eru ekki að krefjast launajafnréttis við starfsbræður sína annars staðar. Kröfur þeirra ná ekki svo langt, þótt þær verði uppfylltar 100%, eins og þær liggja nú fyrir. En þeir vilja hins vegar og það er þeim mikið kappsmál að fá það fram, að við aukið álag, sem þeir verða að þola með því að taka nýrri og stærri vélar í þjónustu sína, fái þeir fyrir það hærra kaup, eins og alls staðar tíðkast, þegar um slíkar breytingar er að ræða. Og í sambandi við launakröfur þeirra vil ég svo ítreka það, og það er skoðun mín, að hér sé um slíka algera sérstöðu að ræða, að það gæti ekki skapað nein fordæmi fyrir einn eða neinn í kaupkröfum hér innanlands, og ef það er ástæðan, sem maður gæti haldið, fyrir því að einhverju leyti, að lögð er svo mikil áherzla á að knýja þetta þvingunarlagafrv. í gegn, held ég, að hæstv. samgmrh. og ríkisstj. gæti verið róleg út af því, að þeir, sem standa í forsvari fyrir láglaunastéttirnar, hafa nóg rök önnur fyrir kaupkröfum á komandi vori heldur en þau, hvort flugmenn hafa fengið 6—7 þús. kr. meira eða minna, og þurfa ekki að sækja þau til íslenzkra atvinnuflugmanna.

Ég vil svo í sambandi við sæmdina, sem alltaf er verið að tala um í þessu sambandi, ítreka það, sem ég sagði hér í fyrrakvöld, að ég held, að sæmd Loftleiða væri því meiri í samkeppni við önnur flugfélög, ef þeir þyrftu ekki að byggja hana að neinu leyti á því, að starfsmenn þeirra yrðu að búa við það ófrelsi að hafa ekki samningsrétt. En sæmd þessa ágæta félags væri þó mest, ef þeir nú undir meðferð málsins krefðust þess af Alþ., að það felldi þetta frv., og þeir fengju að semja í friði fyrir afskiptum löggjafarvaldsins og ríkisstj. við flugmennina.

Ég nefndi það áðan, að atvinnuflugmenn teldu, að gerðardómur væri óhæfur úrskurðaraðili í þessu máli, vegna þess að fáir eða engir aðrir en deiluaðilarnir sjálfir væru nægilega kunnugir ýmsum sérfræðilegum þáttum málsins, og þetta verð ég að segja, að mér finnst vera ákaflega skiljanlegt. Það er þess vegna ekki aðeins um það að ræða að fá einhvern hlutlausan úrskurðaraðila. Það má vel vera, að það takist. En það gæti reynzt erfiðara að fá hæfan úrskurðaraðila, jafnvel þótt menn væru á því, að gerðardómur ætti að fjalla um málið. Og ég tel það m. a. af þeim ástæðum algera óhæfu, að hv. Alþ. sé á nokkurn hátt að gera sig að beinum eða óbeinum dómara um þær kröfur, sem hér er um að ræða, eða um deiluatriði, sem að mjög verulegu leyti snúast ekki um kaup, heldur um vinnuskilyrði.

Það kom t. d. fram í viðræðunum við flugmennina atriði eins og það, að Loftleiðir skipa svo fyrir, að Rolls Royce 400 vélarnar skuli yfirleitt keyrðar á leiðunum hérna yfir Atlantshafið á hámarki þess, sem leyfilegt er að leggja á vélarnar. Ég er ekki maður til þess að dæma um það, hvaða álag þetta skapar á flugmennina, en mér sýnist auðsætt, að það muni vera nokkuð mikið og lítið megi út af bregða, þegar þannig er ástatt, og það hljóti að vera stór-

aukið erfiði og spenna, sem lögð er á viðkomandi menn, þegar þetta er staðreynd. En ég hygg, að það sé t. d. um svona atriði ákaflega erfitt nema fyrir sérfræðinga að dæma um það, hvað það er mikið og hvort það að einhverju leyti getur metizt í peningum eða að hve miklu leyti þar á að koma á móti hvíld og hvaða reglur eigi um það að setja. Og þannig er þetta auðvitað um fjölmörg atriði, sem þessi mál varða. Þar kemur til bæði ábyrgð, áhætta, verðmæti þeirrar vinnu, sem um er að ræða, starfsaldur, sem sagður er stuttur, lítið starfsöryggi og sjálfsagt sitthvað annað, sem ekki er á færi annarra en þeirra, sem við þetta þurfa að búa eða eru sérfræðingar, að meta og kveða upp úr með.

Mér sýnist líka vera greinilegur vottur um þetta það, sem kom fram hér í umr. í fyrrakvöld, að hæstv. samgmrh. annaðhvort hefur ekki séð sér fært eða hefur ekki talið sig hafa lagaheimild til að setja reglugerð, sem ætlazt er til, um starfsskilyrði og tíma flugmanna, nema aðilarnir, sem um er að ræða, kæmu sér saman fyrst, þ. e. a. s. um það yrðu fyrst frjálsir samningar. Mér sýnist þetta sanna einmitt það, að hér eru fjölmörg atriði, sem máli skipta, sem engir geta gert út um nema þeir, sem hér eiga hlut að. Ég nefndi það áðan, að eini grundvöllurinn, sem lagður er fyrir hinn væntanlega gerðardóm, er sá, að hann á að hafa hliðsjón af kaupi og vinnutíma hliðstæðra launþega hér á landi. Ég hef spurt um það í þessum umr., og það hefur verið spurt um það og engin svör fengizt um það, hvaða launþegar eru sambærilegir hér á landi. Það hafa ekki fengizt nein svör við þessu, vegna þess að þessir sambærilegu aðilar eru engir til, grundvöllurinn, sem lögin byggja fyrir þá ágætu menn, sem eiga að vinna það verk að ákveða, hvaða starfsskilyrði íslenzkir flugstjórar og flugmenn eiga við að búa, hefur verið í lausu lofti. Það væri þó sök sér, ef þessum gerðardómi væri fenginn einhver sá grundvöllur, sem væri eitthvert vit í.

Ég nefndi það áðan, að Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur lýst því yfir, að þess menn hvorki vilji né muni taka laun öðruvísi en eftir frjálsum samningum. Mér sýnist, þótt ég ætli ekki að hafa mörg orð um þessa yfirlýsingu, sem sýnir greinilega, að flugmennirnir eru ákveðnir í því að verja a. m. k. heiður sinn í þessu máli, hvort sem þeim tekst að verja fjárhag sinn og launakjör eða ekki, að þessi yfirlýsing sanni það, að gerðardómur, hver sem hann verður og hvernig sem hann verður, leysir ekki þessa deilu. Deilan heldur áfram í nýju formi, þótt gerðardómurinn verði kveðinn upp, og hlýtur að hafa sínar slæmu afleiðingar — ég vil segja bæði fyrir flugmennina og ekki síður fyrir fyrirtæki, sem hefur þá í þjónustu sinni.

Það er ekki hægt að skilja svo við þetta mál, að ekki sé minnzt á það, hvernig gangur samninganna hefur verið í málinu. Og ég held, að það verði flestum ljóst, sem þann gang athuga, að þær viðræður og sáttaaðgerðir, sem þar hafa farið fram, hafa ekki verið með neinum eðlilegum hætti. Það hefur ekki verið gerð nein fullnægjandi tilraun til þess að ná sáttum í þessari deilu og trúlega fyrir það, að þau öfl hafa komið hér að málinu, sem hafa ekki kært sig um það, að neinir friðsamlegir samningar færu fram. Á þeim langa tíma, sem er frá því, að þessi deila hófst, hafa verið haldnir 9 fundir í málinu, og það verður að teljast alveg óeðlilega lítið. Það hefur ekki verið gerð tilraun til þess, sem oft hefur verið gert í vinnudeilum, sem hafa verið taldar alvarlegar, — og þessi vinnudeila er talin alvarleg, a. m. k. af hálfu hæstv. ríkisstj., — að skipa sáttanefnd í málinu. Það hefur ekki verið reynt. Og það hefur svo komið í ljós undir gangi þessa máls. að engin boð, sem nein boð geta talizt, hafa komið af hálfu Vinnuveitendasambandsins, sem virðist ráða fyrir Loftleiðum í þessu máli, eftir að sáttasemjari tók málið í sínar hendur. Og jafnvel var um það að ræða á annaðhvort síðasta eða næstsíðasta fundi, held ég, að það hafi verið, að Vinnuveitendasambandið tók að verulegu leyti aftur eða a. m. k. hafði í hótunum að taka aftur öll sín fyrri boð, sem höfðu komið áður en til verkfallsins kom, þ. e. a. s. að taka aftur hluta af þeim kjörum eða kannske alla þá viðbót, sem þeir höfðu einhliða ákveðið að greiða flugmönnum. Ástæðurnar fyrir því, að þessi deila hefur ekki sætt eðlilegri meðferð, getur varla verið önnur en sú, sem ég hef áður komið inn á, að gerðardómurinn hefur verið fyrirhugaður frá því fyrsta, og þar hefur, eins og ég sagði, ekki verið neitt hugsað um það, hvað það mundi kosta Loftleiðir eða flugmannastéttina. Það hefur ekki verið neitt horfið í peningana, þegar um það var að ræða að stefna þessari deilu vitandi vits í óefni. Og það má sannarlega segja, að ef Loftleiðir væru sjálfráðar í þessu máli, sem ég trúi ekki, að félagið sé, er félagið áreiðanlega að kasta krónunni, en hirða eyrinn. Það er að kasta milljónatugunum, en í þeirri von að geta hirt nokkrar krónur af flugmönnum sínum.

Ég vil svo segja það undir lokin, að það er sannfæring mín, sem þó er kannske ekki hægt að færa fullar sönnur á, að þessi deila hefði leystst með eðlilegum hætti, ef aðilarnir, þ. e. a. s. Félag ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiðir, hefðu fengið að vera í friði fyrir öðrum aðilum, sem allt aðra hugsun höfðu en reyna að leiða hana til lykta með friðsamlegum hætti. Og ég er líka jafnsannfærður um það, að deilan getur enn þá leystst með eðlilegum hætti, ef þetta frv. verður fellt og þannig verður tekinn af allur vafi um það, að báðir deiluaðilar, bæði Loftleiðir og Félag ísl. atvinnuflugmanna, verði að standa ábyrgir gerða sinna og afleiðinga þeirra á grundvelli þeirra laga, sem um slík samskipti eiga að gilda. Ég held þess vegna, að bezta leiðin til raunverulegrar lausnar á deilunni nú og raunar eina leiðin sé sú, að hv. Alþ. taki fram fyrir

hendur ríkisstj. og Vinnuveitendasambandsins og felli frv.

Ég get ekki skilizt svo við þetta mál, þó að ég ætli mér ekki að hafa það miklu lengra, að ég minnist ekki aðeins á ræðu hv. 9. landsk. þm., frsm. meiri hl. samgmn. Hann sagði, að vinnulöggjöfin, þ. e. a. s. sá réttargrundvöllur, sem stéttarsamtökin í landinu starfa á, ætti aðeins að vera fyrir fátækustu stéttirnar, hann ætti aðeins að vera fyrir verkamennina í einstökum neyðartilfellum. Ég vil nú spyrja þennan hv. þm.: Hvers vegna kveða lög ekki svo á? Þar er enginn greinarmunur, svo að ég viti, gerður á stéttarfélögum eftir því, hvaða daglaun menn hafa, mánaðarlaun eða árslaun eða yfirleitt hvað þeir bera úr býtum, ef félög þeirra starfa með löglegum og eðlilegum hætti að hagsmunum sinna félagsmanna. En við skulum segja, að hann hafi ekki átt við þetta bókstaflega, heldur bæri þá öllum þeim, sem væru betur launaðir, siðferðilegur réttur til þess að nota sér ekki þær heimildir, sem lög um stéttarfélög og vinnudeilur ákveða þeim. En hvar á þá að draga mörkin? Hvar er það launamark, sem á að miða við? Vill ekki hv. þm. svara því, áður en hann kemur með einhverjar fullyrðingar í þessu sambandi? Ég held, að þessu sé ekki svona farið? Ég held, að réttur manna og réttur stéttarfélaga verði að vera jafn og óskertur, hver sem í hlut á, og að hver sá, sem vill halda í þennan rétt fyrir þann fátækasta, verði líka að halda í hann fyrir þann, sem betur kemst af, því að annars er hann glataður, áður en við vitum af. Og þetta er ég raunar sannfærður um, að jafngreindur maður og hv. þm. veit og skilur og skilur það jafnframt, að það væri enginn hlutur óviturlegri af láglaunastéttunum í þjóðfélaginu en að mæla með svona frv. eða vera því samþykkar, þó að í hlut eigi menn, sem eru vel bjargálna og betur bjargálna en verkamenn eru almennt, sem betur fer. En afstaða þessa hv. þm. og flokks hans í slíkum málum sem þessu er svo aftur kapituli út af fyrir sig, sem ég ætla ekki að fara langt út í, en ég tel nokkuð athyglisverðan. Það vill nefnilega svo til, að Alþfl. hefur tvisvar sinnum a. m. k. á ferli sínum slitið stjórnarsamvinnu, tekið ráðh. sína út úr ríkisstj. og umturnað völdunum í löggjafarsamkomunni út af slíkum gerðardómum. En þetta er liðin tíð. Alþfl. hefur sannarlega þróazt að þessu leyti. En það er önnur saga, hvert sú þróun er að leiða hann. Þar sem Alþfl. fordæmdi og taldi frágangssök á árum áður að vera í ríkisstj. með flokkum, sem samþykktu slík mál eins og þetta, sem nú er verið að ræða, sleit hann stjórnarsamstarfinu. Nú setur hann sjálfur gerðardóma og beitir sér fyrir þeim svo að segja árlega eins og að drekka vatn úr glasi. En það verður líka að segja, að allir hafa til síns ágætis nokkuð, bæði hv. þm. og hans flokkur. Þau eru góð og dygg hjú. Ég þekki það af eigin reynslu, að hv. þm. hefur verið starfsmaður hjá verkalýðssamtökunum og unnið þar ágæt störf. Alþfl. var líka einu sinni í þjónustu verkalýðshreyfingarinnar. En hvort tveggja er liðinn tími, og bæði hv. þm. og flokkur hans hafa valið sér aðra húsbændur. En það hlýtur svo að fara bæði fyrir flokki hv. þm. og honum sjálfum, að það hlýtur hver að skera upp eins og hann hefur til sáð.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma hingað í ræðustól, og tilefnið er furðuleg ræða hv. frsm. meiri hl. hér áðan. Að vísu gerði hv. síðasti ræðumaður þeirri ræðu nokkur skil, en ég vildi aðeins hafa orð á því líka, sem mér fannst sérkennilegt við þá ræðu.

Hv. frsm. ræddi fyrst um verkfallsrétinn og samningsfrelsið og löggjöfina um þessi réttindi, og mér virtist hann ekki vera andvígur þeim lagabálki í sjálfu sér eða vera með till. um breytingu á þeim lögum. En hins vegar vildi hann greinilega gera sér mannamun, þegar um framkvæmd þessara nefndu lagaákvæða væri að ræða. Og þá vildi hann skipta, og það kom greinilega fram í ræðu hans, — hann vildi skipta starfsstéttunum annars vegar eftir því, hvort um hálaunamenn væri að ræða eða láglaunamenn, og hins vegar eftir því, hvort stéttirnar væru mannmargar eða mannfáar. Væri um hálaunamenn að ræða og fámennar stéttir, þá var svo að heyra á þessum hv. þm., að þá vildi hann ógjarnan láta þessi ákvæði um verkfallsrétt og samningsfrelsi gilda nema þá að einhverju og litlu leyti. Öðru máli gegndi, ef um fjölmennar stéttir eða um láglaunamenn væri að ræða. Mér þykir rétt að benda á þetta atriði í ræðu þessa hv. þm., sem er Alþfl.-maður, að þannig vill hann láta framkvæma þessi mikilsverðu lög, að það fari eftir tekjum og það fari eftir mannfjölda. Það gerir ekkert til, þótt níðzt sé á mönnum, ef það eru hátekjumenn, og það gerir heldur ekkert til, þótt það sé níðzt á stéttum, ef þær eru fámennar. Þetta eru hans hugmyndir bersýnilega um almenn mannréttindi.

Þessi hv. þm., frsm. meiri hl., ræddi nokkuð, eins og eðlilegt er, um verkföll. Og hann ræddi, eins og góðir Sjálfstfl.-menn gera oft, um skaðsemi verkfalla, um það tjón, sem verkföll orsökuðu í þjóðfélaginu. Ég hefði ekki verið hissa á þessum ummælum, ef þau hefðu ekki komið úr munni Alþfl.-manns. En ég vil benda á, að sagan sýnir og sannar, að þetta er alrangt. Verkföll hafa ekki orðið þjóðinni til tjóns. Hér á landi hafa verkföll verið mörg og stór allt frá byrjun þessarar aldar. Og það er enginn efi á því, að vinnudeilur og verkföll hafa orðið til þess að lyfta þjóðinni upp efnahagslega, fjárhagslega og menningarlega, og þá fyrst og fremst starfsstéttum þjóðarinnar, sem munu vera oft og tíðum 50—90%. Það er gamalt slagorð atvinnurekenda og þeirra þjóna að gera mikið úr skaðsemi verkfalla. En staðreyndin er þveröfug. Verkföllin hafa orðið til mikils góðs með okkar þjóð.

Það var einnig auðheyrt á ræðu hv. frsm. meiri hl., eins og einnig var auðheyrt á ræð-

um hæstv. samgmrh., að þessir aðilar, þ. e. a. s. stjórnarliðið í heild dregur taum Loftleiða í þessu máli á kostnað flugmanna. Þetta fer ekki á milli mála. Það er auðvitað í samræmi við þá afstöðu stjórnarliðsins til þessa máls, að það óskar eftir því eindregið, að gerðardómur fjalli um málið. Þeir telja sig sem sé sannfærða um, að gerðardómur muni dæma í málinu flugmönnum — starfsmönnum — í óhag. Þess vegna er það, sem svona mikil áherzla er lögð á, að þessi leið verði farin.

Ég rakti það hér við 1. umr., hvernig hæstv. ríkisstj. hefði aftur og aftur gert árásir á fámennar starfsstéttir og stéttir tiltölulega hálaunaðra manna á undanförnum árum. Þetta er a. m. k. í sjötta sinn, sem árás er gerð á þessar stéttir. Því miður hafa starfsstéttirnar, sem fyrir þessu hafa orðið, ekki mætt árásinni af nógu mikilli hörku. Og það þyrfti sannarlega að verða einhvern tíma, áður en langt um líður, að öflug mótstaða kæmi fram af hálfu þessara stétta. Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur nú birt yfirlýsingu, þar sem lýst er fordæmingu félagsins á því frv., sem hér liggur fyrir, og þar er sagt berum orðum, að þetta stéttarfélag vilji ekki og muni ekki una þessari lausn málsins. Ég vona, að félagið sýni festu í eftirleiknum, eftirmálunum að þessu máli og að þeim megi takast að sýna hæstv. ríkisstj. fram á, að slík vinnubrögð, slíkt ofríki sem hún hefur hér í frammi borgi sig ekki fyrir hana sjálfa.

Ég hef heyrt, að ætlunin sé að afgreiða þetta mál endanlega úr þessari hv. d. nú þegar í dag, að meiningin sé m. ö. o. að ljúka 2. og 3. umr. málsins á einum degi. Þetta tel ég óviðunandi og ósæmilegt að bjóða hv. d. upp á. Ég skal minna á, að frv. þessu, sem fyrir liggur, var útbýtt á Alþ. 21. apríl. Síðan liðu 5 dagar, og það var ekki fyrr en 26. apríl, að málið er tekið á dagskrá til 1. umr. Ég tel hreinan óþarfa og ekkert mæla með því, að málið sé útkljáð að fullu hér í hv. d. í dag, og ég vil að lokum beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann sjái sóma hv. d. borgið í þessu máli og taki málið ekki fyrir til 3. umr. í dag.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi leyfa mér að gera aths. við, einkanlega úr ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., sem var frsm. fyrir áliti minni hl.

Í nál. minni hl. segir, að flugmenn hafi lýst því yfir, að þeir muni ekki taka laun fyrir störf sín nema samkv. frjálsum samningum við atvinnuveitendur sína. Þetta er hér ritað í nál. með feitu letri, og svo segir þar, að „þegar af þessari ástæðu erum við undirritaðir andvígir þessu frv.“ Það mun að vísu vera rétt, að frá flugmönnum hafi komið yfirlýsing þess efnis, að þeir muni ekki ætla sér að una þessari lagasetningu. Ég geri ráð fyrir því, að þessi yfirlýsing hafi verið samin af nokkurri hvatvísi og óskhyggju um það, að þessi ályktun kynni að hafa áhrif á afstöðu þm. til þessa frv. En ég verð að segja það, að mér kemur það ákaflega undarlega fyrir sjónir, að alþm. skuli geta tekið svona lagað upp sem rök fyrir því að berjast gegn frv., því að löggjafarsamkunda, sem ber einhverja virðingu fyrir sjálfri sér, getur auðvitað ekki tekið neitt tillit til þess, þó að þeir, sem lögunum eiga að hlýða, lýsi því yfir, að þeir ætli sér ekki að gera það. Ég veit ekki, hvernig ætti að halda uppi lögum og rétti í þjóðfélaginu, ef þessi regla væri viðurkennd.

Hv. frsm. minni hl. var að tala um það, hvað raunverulega bæri lítið á milli og hversu reyndar ódýrt þetta væri fyrir Loftleiðir eða lítil fjárhagsleg útgjöld að semja við flugmenn. Að vísu hefur ekki verið gerður á þessu neinn tæmandi útreikningur, en mér skildist á hv. frsm., að hann reiknaði með því í dæmi, sem hann setti upp, að aðilarnir gætu mætzt á miðri leið. En það liggur ekkert fyrir um það, að flugmenn vilji lækka kröfur sínar þannig, að þeir mætist á miðri leið, og ekki heldur neitt fyrir um það, að Loftleiðir vilji hækka boð sitt, þannig að það sé hugsanlegur einhver grundvöllur fyrir því, að aðilarnir mætist þar, þannig að forsenda fyrir þessum útreikningi er ákaflega veik. En í öðru lagi vantaði alveg hjá hv. frsm. allan útreikning á því, sem ég er ekki heldur reiðubúinn með, það er varðandi ágreininginn um flugstundafjöldann. Ég skal ekki ábyrgjast, að ég fari alveg rétt með tölur, en mér skilst, að flugmennirnir séu reiðubúnir til þess að fljúga 65 stundir á mánuði eða eitthvað nálægt þeirri tölu, en Loftleiðir hafi krafizt þess, að þeir flygju a. m. k. 85 stundir á mánuði, og vitanlega er deilan um þetta ákaflega mikið fjárhagslegt atriði fyrir flugfélagið, það er ekki nokkur vafi á því. Hitt er svo annað, að ég nefndi hér áætlaðar tölur, þegar ég var að tala um, að deilan snerist gróft talað um 100 þús. kr. á ári, hvort árstekjur flugmanna skyldu vera 100 þús. kr. meiri eða minni. Það kann að vísu að vera, að mönnum finnist ágreiningur um 100 þús. kr. ekki svo mikill, þegar komið er upp í svona háar tölur, þegar verið er að deila um kannske 500 þús. eða 600 þús., en vissulega er það þó mikið atriði. Ég tel, að í raun og veru liggi hér ekki fyrir neinn fullnægjandi útreikningur á því, hver útgjaldaaukning Loftleiða yrði af því að ganga að kröfum flugmanna eða af því að mætast á miðri leið. Það getur auðvitað verið þannig, að útgjaldaaukning atvinnurekandans sé að vissu leyti meiri í prósentum heldur en kauphækkun launþegans.

Þá nefndi þessi hv. þm. enn fremur laun hjá sænskum flugstjórum hjá SAS, en ég geri ráð fyrir því, án þess að ég viti það örugglega, að þar hafi hann átt við flugstjóra á þotum, en það er almennt viðurkennt, að þotuflugmenn eigi að hafa hærri laun en flugmenn á Rolls Royce 400, þannig að ég tel þessa tölu þegar af þeirri ástæðu ekki sambærilega.

Þá spurði þessi hv. þm. og taldi sig ekki hafa fengið nein svör við því, þegar stendur í frv., að gerðardómurinn skuli miða við laun sambærilegra stétta. Ég get svarað því fyrir

mitt leyti, að ég lít þannig á, að sambærilegar stéttir séu fyrst og fremst flugmennirnir á DC 6 vélunum og flugmennirnir á Viscountvélunum hjá Flugfélagi Íslands, sem eru í millilandaflugi. Ég tel, að þetta séu fyrst og fremst sambærilegar stéttir, en síðan verði að taka tillit til þess, hver sé eðlilegur launamismunur miðað við þessa flugvélagerð, sem þarna er verið að bera saman.

Þá gagnrýndi þessi hv. þm. það, að ríkisstj. hefði ekki skipað sáttanefnd. Ég sé nú ekki annað en sáttasemjari hafi reynt allt, sem eðlilegt var að krefjast, í sínu sáttastarfi, og orsakanna til þess, að þessi deila hefur orðið svona hatrömm og ekki leystst, sé engan veginn að leita í því, að það sé á neinn hátt ófullnægjandi sáttastarf. Ég held hins vegar, að það sé reglan, að sáttanefndir séu yfirleitt ekki skipaðar nema í almennum og víðtækum verkföllum, þar sem fjöldi félaga stendur að verkfalli og það er verið að semja við marga aðila í einu, þar sem sáttasemjarinn kemst ekki yfir sáttastarfið. Ég hygg, að það sé fyrst og fremst undir þeim kringumstæðum, sem sáttanefndir hafa verið skipaðar, þannig að ég tel, að það sé ekki hægt að sjá neina skynsamlega ástæðu til þess að ætla, að sáttanefnd hefði náð þarna nokkuð frekari árangri en sáttasemjari.

Þá fer þessi hv. þm. enn fremur að tala um, að undir sáttameðferðinni hefðu Loftleiðamenn afturkallað fyrri boð sín. Flugmennirnir héldu þessu að vísu fram, á vissu sviði, en þeir Loftleiðafulltrúar, sem við töluðum við, könnuðust ekki við þetta. En ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvor þarna hefur rétt fyrir sér.

Þá kom þessi hv. þm. nokkuð inn á fyrri ræðu mína hér og það, sem ég sagði um vinnulöggjöfina, að ég teldi, að hún ætti fyrst og fremst að vera fyrir láglaunafólk, en ekki fyrir þá, sem væru tekjuhærri. Það kom að vísu hvergi neitt fram um það, að lagalega séð hafi eigi öll stéttarfélög, sem hafa það markmið að semja um kaup og kjör meðlima sinna, sömu réttindi eftir vinnulöggjöfinni. Hitt var ég að benda á, að í augum alls þorra manna væri fyrst og fremst litið á verkfallsréttinn sem nokkurs konar nauðvörn fyrir lágtekjufólk í landinu. Og við megum ekki gleyma því, að við lifum nú í öðru þjóðfélagi en 1938, þegar vinnulöggjöfin var sett. Þá voru ýmsar stéttir tekjuhárra manna ekki til, sem eru til núna. Þá var flugmannastéttin t. d. naumast til á Íslandi. Og ég er þeirrar skoðunar, þó að þessi hv. þm. sé kannske þar á öndverðum meiði, að það sé hægt að misnota verkfallsréttinn. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé hægt, og alveg þveröfugt við það, sem þessi hv. þm. telur, þá held ég einmitt, að það sé mjög vafasamt fyrir það fólk, sem mesta þörf hefur fyrir verkfallsréttinn og ætti að hafa mest not af honum, að líta þannig á eins og hann, að það sé vörn fyrir láglaunafólkið í landinu að styrkja og standa sem mest með hálaunamönnunum í þeirra verkfallsbaráttu. Það álít ég, að sé ákaflega vafasamt sjónarmið. Það þarf ekkert annað en að líta t. d. 20 ár aftur í tímann. Mér skilst varðandi ýmsa af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar og flokksbræðrum þessa hv. þm., að það vanti ekki, að þessi verkalýðsfélög, sem þeir hafa stjórnað, hafi, t. d. eins og verkamannafélögin og önnur slík, Dagsbrún o. fl., þessi félög hafi mjög oft verið í verkföllum undanfarna tvo áratugi. Þó tala forustumenn þessara félaga um það, að aldrei hækki kaupmáttur launa hjá þessum stéttum. Þvert á móti skilst manni, að hann fari alltaf heldur niður á við. Að vísu fara þeir ekki alltaf rétt með tölur, en verkfallsrétturinn eftir þeirra kenningum virðist ekki vera gagnsmikill fyrir láglaunafólkið í landinu. Aftur á móti hafa á þessum árum ýmsar hálaunastéttir í landinu gegnum verkfallsréttinn fengið miklu meiri kjarabætur en láglaunafólkið, og ég álít einmitt, að þetta sé hættuleg þróun fyrir láglaunafólkið í landinu, því að verkfallsrétturinn getur þá orðið óvinsæll hjá þjóðinni, og það verður að líta hann nokkuð öðrum augum, ef þessi þróun heldur áfram.

Þessi hv. þm. var að tala um það, að ég hefði áður fyrr starfað fyrir verkalýðshreyfinguna, unnið þar góð störf að vísu, en nú hefði ég valið mér aðra húsbændur. Ég vil láta þennan hv. þm. vita það, að ég hef ekki valið mér neina húsbændur, en hins vegar eru þetta ákaflega eftirtektarverð orð úr munni kommúnista, því að kommúnistar hugsa alltaf þannig, þeir þurfa að hafa húsbændur og hlýða. Þannig eru þeir innstilltir. Ég tel mig ekki, hvorki í þessu máli né öðru, hafa neina sérstaka húsbændur. Ég geri þetta bara upp við samvizku mína og skoðanir, hvort ég lít svona á málin eða öðruvísi. Ég þarf ekki að leita neinna húsbænda um það, hvaða skoðun ég eigi að hafa á málunum.

Þá var þessi hv. þm. enn fremur að tala um það, að Alþfl. hefði ekki alltaf haft þessa afstöðu. Ég tel í raun og veru, að hvorki Alþfl. né neinn annar flokkur ætti að hafa þannig skoðun, að hann sé í grundvallaratriðum óhagganlega þannig stemmdur, að hann sé alltaf á móti því, að kjaradeilur séu leystar á einhvern annan hátt en þann, sem vinnulöggjöfin gerir ráð fyrir. Þó að ég viðurkenni vinnulöggjöfina og telji hana vissulega eiga að vera grundvöllinn, tel ég, að þau atvik geti komið fyrir, að það sé óhjákvæmileg þjóðfélagsleg nauðsyn að víkja þar frá, alveg eins og í þessu máli. Og þess vegna verður alltaf, þegar um það er að ræða að leysa einhver kjaraágreiningsmál á þann hátt, sem hér er gert, hvort á að gera það eða ekki, það verður alltaf að taka afstöðu til þess í hverju einstöku tilfelli. Hygg ég, að sé ákaflega erfitt að leggja einhliða grundvallarreglu á þann veg að geta aldrei gengið inn á neitt slíkt. Og það er í raun og veru ekki takandi svo alvarlega, þegar maður lítur á þessa ákaflega miklu umhyggju þessa hv. þm. fyrir verkfallsréttinum, þegar maður lítur á það, að í þeim ríkjum, þar sem kommúnistar hafa komizt til valda, eru

verkföll bönnuð, eru alls ekki leyfðar neinar vinnustöðvanir, en aftur á móti þar, sem þeir hafa ekki valdaaðstöðu, eru þeir allra manna mestir talsmenn verkfallsréttarins. Og þetta er í raun og veru skiljanlegt, ef málið er krufið til mergjar. Í raun og veru innst inni líta kommúnistar ekki á verkfallsréttinn eins og tæki í kjarabaráttunni fyrir verkafólkið í landinu. Þeir líta fyrst og fremst á þetta sem pólitískt tæki fyrir sjálfa sig til þess að komast til valda, og þegar þeim hefur gegnum þessa aðferð stundum tekizt að komast til valda eða a. m. k. hún hefur stuðlað að því, er verkfallsrétturinn þurrkaður út, svo að frá svona mönnum þarf ekki að taka alvarlega ásakanir um það að vilja ekki fallast á algerlega einhliða verkfallsrétt og ófrávíkjanlegan.

Um ræðu hv. 9. þm. Reykv. er það að segja, að hún var að mestu leyti bergmál af niðurlaginu á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., svo að það þarf ekki mikið um það að ræða. Hann vildi neita þeirri kenningu, að verkföll hefðu verið til tjóns. Hann sagði, að verkföll hefðu verið til góðs. Auðvitað hafa vinnustöðvanir tvær hliðar, og vitanlega viðurkenndi ekki þjóðfélagið vinnustöðvanir og réttinn til þeirra, ef þær væru eingöngu þannig, að það leiddi af þeim tjón, en það kæmi ekki eitthvað jákvætt þar á móti. Þess vegna fer þetta í raun og veru eftir því, hvernig maður lítur á málið. Það má segja, að að sumu leyti séu vinnustöðvanir til góðs og að öðru leyti til tjóns. En það geta komið fyrir þau tilvik, að það verði að meta þetta, að tjónið af vinnustöðvunum sé svo yfirgnæfandi, miðað við þann árangur, sem hægt er að búast við af þeim, að það verði að grípa til sérstakra ráða.

Þá sagði þessi hv. þm., að gerðardómurinn væntanlegi mundi dæma flugmönnunum í óhag. Um þetta er vitanlega ekki hægt að fullyrða neitt. Það veit enginn í dag, hvernig þessi væntanlegi gerðardómur kemur til með að hljóða, og það getur heldur enginn fullyrt um það, ef þetta verður að lögum, um hvað mundi að lokum hafa samizt milli flugmanna og Loftleiða, þannig að í raun og veru eru allar fullyrðingar um þetta út í bláinn.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það voru nú aðeins örfá orð út af síðari ræðu hv. 9. landsk. þm. Það eru ekki mörg orð, sem ég þarf að hafa um þessa ræðu hv. þm., því að það er reynslan, að þegar menn byrja að hrópa kommúnistar, kommúnistar eða önnur slík nöfn, þá eru menn tæplega á því stigi, að það séu eigandi mikil orðaskipti við þá, meðan þeir eru í því sálarástandi. Og þó að maður þekki svona upphrópanir frá illa uppöldum götustrákum, þá á maður því yfirleitt ekki að venjast hér í hv. d., þó að þessi hv. þm. geri nú undantekningu frá því, sennilega vegna þess, að samvizkan er ofurlítið mórauð, og segi ég honum það ekki til lasts, þegar um þetta málefni er að ræða, sem hann er hér að reyna að verja, en þarna kemur í ljós, eins og oft er, að sannleikanum verður hver sárreiðastur, og það munu hafa verið þau ummæli, sem ég hafði hér um það, að hann hefði valið sér nýja húsbændur, sem sérstaklega komu illa við fínu taugarnar hjá honum.

En hv. þm. sagði, að það væri nú öðru nær en að hann hefði valið sér nokkra nýja húsbændur, hann hefði yfirleitt enga húsbændur aðra en sína samvizku og það væri hún ein, sem réði afstöðu hans til mála hér á hv. Alþ. Þetta er nú kannske hægt að segja þeim, sem eru ókunnugir heimilisháttum hér á hv. Alþ. hin síðari ár, en varla okkur, sem höfum horft á þetta kaghýdda lið hæstv. ríkisstj. greiða hér atkv. í hverju málinu á fætur öðru ár eftir ár gegn betri vitund og gegn betri samvizku og verið veinandi undan meðferðinni á sjálfu sér.

Það var svo til marks um málflutning þessa hv. þm. að öðru leyti, að hann var að reyna að færa fram einhver líkindi fyrir því, að okkar samúð með verkfalli flugmanna mundi standa í einhverju sambandi við það, að við værum að reyna að komast til valda með þessu verkfallsbrölti. Ég veit nú ekki, hvað svona tilraunir eiga að þýða. Ég held, að engum skyni bornum manni geti dottið neitt slíkt í hug, enda er mér ekki heldur kunnugt um, að nokkur flokkur, hvorki kommúnistar né aðrir, hafi komizt til valda nokkurs staðar með verkföllum. En það getur vel verið, að þetta sé einhver sagnfræði, sem þessi hv. þm. hefur uppgötvað.

Þetta var almennt um það, sem hv. þm. sagði, en ég ætla að taka aðeins nokkur önnur atriði úr ræðu hans, sem voru nær því, að um þau væri ræðandi á sæmilega skynsamlegan hátt.

Það var þá fyrst það, að það væru engin rök í þessu máli, þó að íslenzkir atvinnuflugmenn hefðu lýst því yfir, að þeir mundu ekki una því að taka laun öðruvísi en sem frjálsir viðsemjendur um sín launakjör, Alþingi gæti auðvitað ekki tekið tillit til þess, þó að einhverjir hótuðu því að fara ekki eftir lögum. Ég vil benda hv. þm. á, að hér er dálítil hugsanavilla á ferðinni, því að frv. gerir ekki ráð fyrir því að knýja íslenzka atvinnuflugmenn í neitt vistarband hjá h/f Loftleiðum. Það aðeins ákveður, hvaða kaup og kjör skuli gilda á Rolls Royce 400. En þau kveða ekki á um það, að meðlimir íslenzkra atvinnuflugmanna skuli vinna hjá þessu fyrirtæki. Þeir eru eftir sem áður frjálsir að því að velja sér húsbændur, alveg eins og þessi hv. þm.

Um það atriði, að forsendan fyrir útreikningum mínum, þegar ég var að greina frá því, hvað bæri á milli viðsemjendanna í þessari deilu, að þær væru skakkar, þá vil ég geta þess, að forsendurnar tók ég upp úr þeim útreikningum, sem atvinnurekendur hafa gert í málinu og hv. þm. hefur í höndum. Og ég held, að hann, þessi erindreki atvinnurekenda hér í hv. d., geti ekki haft neitt við það að athuga.

Ég lagði sama grundvöll að mínum útreikningum og atvinnurekendurnir hafa gert í þeirri skýrslu, sem þeir létu hv. samgmn. í té.

Þá sagði hann, að það væri ekki mikill vandi að segja til um það, hverjar væru sambærilegar launastéttir hér á landi, það væru þeir flugmenn, sem ynnu á DC 6. En það vill svo hlálega til, að deilan stendur einmitt um það, hvaða mismunur skuli vera á kjörum flugmanna á DC 6 og Rolls Royce 400. Um það eru höfuðatriði deilunnar, hvaða mismunur skuli vera þar á kjörum bæði hvað vinnuskilyrði og kaup snertir.

Þá sagði hv. þm., að hann sæi ekki, hvað sáttanefnd hefði átt að gera í þessari deilu, því að sáttasemjari hefði reynt allt, sem hugsanlegt hefði verið að gera til sátta í deilunni. Ég bið menn að taka ekki orð mín svo, að ég hafi verið með neinar ásakanir á hendur sáttasemjara. Ég þekki hann það af reynslunni, að ég veit, að hann hefur auðvitað gert allt það, sem í hans valdi stóð í þessu máli. En hvað gat sáttasemjari raunverulega gert, ef mál stóðu þannig, að að tjaldabaki hafi verið samið um það, að gerðardómur yrði settur, og atvinnurekendur höfðu slíkt í bakvasanum? Hvað gat þá sáttasemjari gert, þegar búið var að móta þvergirðingsafstöðu Vinnuveitendasambandsins með slíkum hætti? Sáttanefnd af hálfu ríkisstj. í þessari deilu hefði í fyrsta lagi verið greinilegur vottur um það, að engar lögþvinganir ættu að eiga sér stað, og hins vegar um það, að ríkisstj. legði áherzlu á sættir í deilunni. Þess vegna hefði sáttanefnd í þessari deilu einmitt verið mikils virði.

Þá sagði hv. þm., að það væri ósatt, að atvinnurekendur hefðu afturkallað nokkur þau boð, sem boðin hefðu verið í deilunni, og vitnaði til þess, sem fram hefði komið í viðræðum við deiluaðila á fundi þeirra með samgmn. En það sanna í þessu máli er það, að fulltrúi Vinnuveitendasambandsins, sem var mættur á fundinum, viðurkenndi, að þetta væri rétt, en bætti því hins vegar við, að eins og þið kannizt nú við, Jón og Björn, sem oft hafið verið í samningum, þá segir maður ýmislegt, sem maður meinar ekki alveg. Það var efnislega það, sem hann sagði. En hins vegar viðurkenndi hann algerlega, að þetta væri rétt, sem fram hefði komið hjá atvinnuflugmönnum, að þeir hefðu raunverulega haft orð um það, að þeir tækju aftur og væru algerlega óbundnir af því, sem þeir hefðu áður boðið. Þetta er sannleikurinn í því máli, og þingmaðurinn fer því algerlega með staðlausa stafi, þegar hann segir, að það gagnstæða hafi komið fram á fundinum.

Þá ræddi hv. þm. enn um það, að það bæri að líta á verkfallsréttinn aðeins sem nauðvörn þeirra fátækustu í þjóðfélaginu og auðvitað væri hægt að misnota verkfallsréttinn, þannig að löggjafarvaldið og ríkisvaldið yrði að skerast í leikinn. Það er auðvitað hverju orði sannara, að auðvitað er hægt að misnota verkfallsréttinn, eins og mörg önnur þjóðfélagsleg réttindi, og það er líka rétt, að vissulega getur þá komið til greina, að þjóðfélagið verði með einhverjum hætti að grípa í taumana. En ég vil bara benda hv. þm. á og öðrum, sem eru þessarar skoðunar, að það eru ýmsar aðrar leiðir, sem ríkisvaldið hefur í þessum efnum, heldur en slíkar lögþvinganir sem hér er um að ræða. Ef t. d. einhver stétt tekur sér óhæfilega há laun með slíkum hætti, þá er hugsanlegt t. d. að jafna metin með sköttum eða öðru slíku, og í því þarf ekkert ofbeldi að felast. Hins vegar tel ég mig hafa rakið þannig gang þessarar deilu, að það sé ljóst, að hér er ekki um neina misnotkun á verkfallsréttinum að ræða. Hér er í fyrsta lagi farið fullkomlega löglega að á alla grein, og ástæður eru ríkar fyrir því, að atvinnuflugmenn hafa orðið að fara þessa leið, sem þeir hafa farið.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þó að ég kveðji mér hljóðs undir lok þessarar umr., þá er það ekki ætlun mín að tala hér langt mál eða tefja afgreiðslu þessa frv. Eins og nál. minni hl. samgmn. ber með sér, þá stöndum við, sem eigum sæti í samgmn. af hálfu Framsfl., að nál., og frsm. minni hl. hefur gert skýra grein fyrir mörgum efnisatriðum þessa máls, svo að ég hef ekki ástæðu til að fjölyrða um þau. En við teljum, að rétt sé, að þetta frv. verði fellt, og það er samhljóða álit minni hl. n. Ég vil þó taka það fram, að í þessu felst ekki það, að við viljum dæma um launakjör atvinnuflugmanna eða greiðslugetu þess fyrirtækis, sem þeir vinna hjá, heldur viljum við leggja á það megináherzlu, eins og frsm. minni hl. hefur gert skýra grein fyrir, að þessi mál þurfi og eigi að leysa með samningum á milli aðila. Og ég sannfærðist um það við þær umr., sem fram fóru um þessi mál í samgmn., að mörg þau atriði, sem þarna koma til greina, eru svo sérfræðilegs eðlis, að það er næsta erfitt fyrir leikmenn, sem ekki þekkja inn á þessi svið, að meta rétt og taka eðlileg tillit til margra atriða, sem hér koma til greina, svo sem um vinnutímann og starfskjör og starfsaðstöðu. En meginforsendan fyrir þessu áliti okkar er sú, að aðferðin, sem hér á að beita, sé ekki rétt. Þetta mál eigi að leysa og þurfi að leysa eftir þeim reglum, sem lögin um stéttarfélög og vinnudeilur setja. Og það er enn fremur álit okkar, að samningaumleitanir hafi á engan hátt verið reyndar til þrautar. Og eftir því sem fram kom í umr. um málið í samgmn., þá virðist ekki bera svo mikið á milli, að a. m. k. þeir, sem vanir eru að fást við samninga, hafi ekki oft orðið að horfast í augu við stærri viðfangsefni. Ég vil enn fremur benda á það, að þeir menn, sem hér eiga í hlut, hafa þá sérstöðu, að þeir starfa aðallega á erlendum vettvangi, og það fyrirtæki, sem þeir vinna hjá, hefur aðaltekjur sínar af viðskiptum við útlendinga. Þeir starfa enn fremur á því sviði og í samkeppni við menn af öðrum þjóðum, að það verður um þessi mál að taka tillit til og hafa hliðsjón af þeim reglum, sem gilda um þetta í nálægum lönd-

um, og það kom fram á fundi í samgmn. M. a. gaf upplýsingar um það sá lögfræðilegi ráðunautur, sem atvinnuflugmenn hafa, að nú að undanförnu hafi orðið til meira og meira samræmdar reglur um mörg atriði þessara mála, sem séu að verða meira og minna alþjóðlegar reglur, a. m. k. í hinum vestræna heimi. Og það er ekki hægt í máli eins og þessu annað en að taka nokkurt tillit til þess.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., að hann varpaði því fram, að það mætti kalla það furðulegt, að þeir þm., sem sættu sig við gerðardóm í málefnum bænda, skyldu vera á móti í gerðardómi þeim, sem hér um ræðir. Ég vil aðeins af þessu tilefni benda á, að hér er gersamlega ólíku saman að jafna. Gerðardómur sá, sem ræðumaður mun eiga við, er yfirnefnd, sem sker úr um ágreiningsatriði í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða, en sú yfirnefnd eða sá gerðardómur starfar sem frjáls gerðardómur, þannig að stéttarsamtök bænda féllust á það á sínum tíma, að þetta ákvæði væri sett inn í löggjöfina, og þau gerðu það gegn því, að inn í löggjöfina kæmu önnur ákvæði, sem bændastéttin metur mjög mikils sér í hag, svo sem ákvæðin um útflutningsuppbætur úr ríkissjóði á landbúnaðarafurðir, og þetta ákvæði um yfirnefnd gildir aðeins á meðan útflutningsuppbætur eru greiddar eða verðlag á landbúnaðarafurðum innanlands er greitt niður. Hér hefur það aftur á móti komið fram í sambandi við þetta mál, að þeirri uppástungu að leggja þetta mál í gerð með samþykki beggja aðila hefur verið hafnað, svo að hér er alls ekki um gerðardóm að ræða, sem aðilar hafi samþ., heldur á hér að verða um lögþvingaðan gerðardóm að ræða. Af þessu tilefni vildi ég benda á, að hér er mjög ólíku saman að jafna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:9 atkv.
2—8. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, ÁÞ, BGr, BF, BBen, BP, DÓ, EÁ, EI, EystJ, SJóh, GuðlG, HV, HS, IngJ, JóhH, JP, MB, AJ, PS, SÁ, SB.

GeirG, HV, LJós greiddu ekki atkv.

15 þm. (SkG, SvJ, ÞÞ, BFB, EðS, EOl, EmJ, ÓL, GÞG, IG, JSk, JR, MÁM, RA, SI) fjarstaddir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, var flutt í Ed. og var afgreitt þaðan í dag. Frv. er flutt eftir að verkfall hefur staðið alllengi hjá Loftleiðum, þar sem atvinnuflugmenn, sem stjórna Rolls Royce 400 flugvélum Loftleiða, hafa neitað að vinna við þau kjör, sem þeim standa til boða. Það var í lengstu lög ætlað, að sáttasemjara ríkisins tækist að finna lausn á þessari deilu, enda hafði hann haldið um 7 fundi, áður en þetta frv. var flutt. Síðan frv. var flutt, hefur sáttasemjari haldið tvo fundi, og ræddi ég við hann fyrir stuttu og taldi hann, að málin stæðu þannig, að litlar líkur væru til að ná frjálsum samningum, enda væri búið að reyna mikið til þess. Það er staðreynd, að þessar dýru flugvélar Loftleiða, Rolls Royce, eru ekki notaðar. Flestir munu hafa verið ánægðir yfir því, þegar þessar vélar komu til landsins á s. l. ári, og sýndist það vera vottur um framfarir og sókn í íslenzkum flugmálum. Síðan þessar tvær flugvélar komu, hafa Loftleiðir fest kaup á tveimur sams konar flugvélum.

Loftleiðir eiga í harðri samkeppni við erlend auðfélög. Það hefur verið tekið eftir Loftleiðum og sókn þessa félags um heim allan. Ísland hefur stækkað við það, að Loftleiðir hafa haslað sér völl á erlendum vettvangi og annast ekki aðeins flug landa í milli, heldur og ekki síður heimsálfa í milli. Hjá Loftleiðum vinna mörg hundruð manns og óhætt að segja, að þúsundir hafi lífsframfæri af atvinnu hjá félaginu. Þegar þetta er sagt, er enginn dómur á það lagður, hvort Loftleiðir út af fyrir sig eiga einhverja sök á því, að ekki hefur samizt, frekar en flugmennirnir. Það, sem fyrir liggur, er sú staðreynd að verkfallið hefur staðið síðan 4. apríl, að margir sáttafundir hafa verið haldnir án árangurs. Ríkisstj. telur, að við svo búið megi ekki standa. Ríkisstj. telur, að það verði að leysa þetta mál, og meiri hl. hv. alþm. í Ed. er á sama máli með því að afgreiða málið út úr d. til þessarar hv. deildar.

Í frv. þessu er lagt til, að verkfall það, sem boðað var 3. apríl, sé óheimilt eftir gildistöku þessara l. að telja. Það er gert ráð fyrir, að skipaður verði af hæstarétti gerðardómur þriggja manna, sem sker úr um það, hvaða kjör eðlilegt er að flugmenn á þessum flugvélum hafi. Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að gerðardómurinn við ákvörðun launa og vinnutíma og annarra starfskjara hafi hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi. Það hefur verið talað um, að það væru engar aðrar hliðstæður til, engar sambærilegar

stéttir til hér á landi til þess að miða við. Þetta er vitanlega reginmisskilningur. Við höfum flugmenn á öðrum flugvélum, DC 6 flugvélum og Viscount-flugvélum. Það er vitanlega eðlilegt, að gerðardómurinn hafi þær stéttir til hliðsjónar. Það er vitað mál, að það þykir eðlilegt, að flugmenn á Rolls Royce vélunum hafi hærra kaup og e. t. v. styttri vinnutíma en á þeim flugvélategundum, sem ég nefndi, vegna þess að Rolls Royce eru hraðfleygari og þær eru stærri. Það þykir eðlilegt, að þotuflugmenn hafi hærra kaup og styttri vinnutíma en þeir, sem verða að fljúga hæggengari og minni flugvélum. Nú er það svo, að Rolls Royce eru ekki þotur í eiginlegri merkingu. En þær eru allt að því 50% hraðskreiðari heldur en DC 6, þegar venjulegar þotur eru helmingi hraðskreiðari en DC 6. Það sýnist þess vegna vera hægt fyrir gerðardóminn að skapa sér þar viðmiðun, þegar um það er að ræða að finna sambærilegar stéttir.

Þegar Rolls Royce vélarnar komu til landsins s. l. sumar, munu Loftleiðir hafa gert lauslega samninga við flugstjóra á þessum vélum um allmikla hækkun, sumir hafa sagt 80 þús. kr. hærri árslaun en á DC 6 vélunum, aðrir hafa sagt allt að 100 þús. kr., sem miðast við það, að vélarnar eru stærri og hraðskreiðari en hinar eldri gerðir. Samkv. 4. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða skuli óheimil. Og samkv. 5. gr. er gert ráð fyrir, að gerðardómurinn skuli gilda frá gildistöku laganna til 1. febr. 1966, en til þess tíma eru í gildi samningar við atvinnuflugmenn yfirleitt. Þessum l. er þess vegna ekki ætlað að gilda nema takmarkaðan tíma. Þá er gert ráð fyrir, að kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna, verði greiddur úr ríkissjóði og að um brot gegn l. þessum fari að hætti opinberra mála og brot valdi sektum.

Það kom fram í Ed., að hv. alþm. litu á þetta mál misjöfnum augum. Þeir voru ekki margir, en það kom þó fram, að ýmsir vildu koma með sleggjudóma og stóryrði í sambandi við þetta mál og ríkisstj. væri að níðast á einni stétt manna, nota bolabrögð, taka samningsréttinn af flugmönnunum o. s. frv. Ég skal engu spá um það, það kemur vitanlega í ljós undir umr. hér í þessari hv. d., hvort einhverjir líta svipuðum augum á þetta mál og kom fram í Ed. En ég vildi nú vænta þess, að hv. þm. vildu halda sig við staðreyndirnar og skoða málið í réttu ljósi og gera sér grein fyrir því, að ríkisstj. skiptir sér ekki af þessu máli, fyrr en í óefni var komið, fyrr en sýnt var, að ekki var von um, að sáttasemjara tækist að leysa málið. Og mér dettur ekki í hug að ætla, að nokkur hv. þm. telji eðlilegt, að þetta verkfall standi áfram. Tjónið af þessu verkfalli er ómetanlegt. Það er ekki aðeins fjárhagslegt tjón Loftleiða, sem byggir starfsemi sína á því að flytja erlenda menn yfir hafið, 95—96% erlenda menn, sem hafa keypt farmiða langt fram í tímann, heldur er það ekki síður áhætta um, að þetta félag missi traust fyrir framtíðina, félag, sem er í harðri samkeppni við erlend auðfélög á þessum leiðum, og það hefur komið fram, að farþegar, sem höfðu keypt sér farmiða með Rolls Royce, hafa kvartað undan því að þurfa nú að vera með DC 6 vélum, sem eru hæggengari en þær vélar, sem þeir ætluðu sér að ferðast með. Og það skapar ekki ánægju hjá farþegunum. Það getur smitað út frá sér og orðið til þess, að næsta ár verði minni aðsókn að farmiðasölunni hjá Loftleiðum en verið hefur og samkeppnisaðstaðan versni þess vegna. Enginn hv. alþm. vill það. En það mætti vera, að einhverjir segðu: Loftleiðir hafa þó alltaf þann kostinn, þeir geta samið, þá munar ekkert um það að ganga að kröfum flugmannanna og semja. Þannig er það alltaf, þegar til verkfalls eða vinnudeilna er boðað. Það er enginn vandi að aflétta þeim með því, að gengið sé að kröfum annars aðilans, sem að deilunni stendur. En þegar tveir deila, skulum við ætla, að það sé ekki aðeins annar aðilinn, sem á sökina. Við skulum frekar trúa því, að það séu báðir aðilar, sem eiga einhverja sök. Og hér er deila, sem hefur staðið alllengi, og það er komin stífni í málið. Það er deilt um kaupið. Það er líka deilt um vinnutímann. Og hvers vegna ekki að viðurkenna staðreyndir, að deilan er óleyst? Hvers vegna ekki að taka til greina það, sem sá reyndi maður, sáttasemjari ríkisins, fullyrðir, að hann treysti sér ekki til að leysa þetta mál með frjálsum samningum? Hvers vegna að berja höfðinu við steininn og segja, að það sé allt annað fyrir hendi en raunveruleikinn.

Það er ástæðulaust fyrir mig að vera að gera því skóna, að hv. Nd.-þm. ætli að gera þetta. En þannig var það í Ed. Þetta kom fram í Ed., að stjórnarandstæðingar vildu ekki viðurkenna staðreyndir, og ég held, að það sé afsökunarefni hjá mér, þótt ég segi að nokkru leyti frá gangi málsins þar.

Eins og ég sagði áðan, var kaup til flugstjóra á Rolls Royce vélunum hækkað allmikið á s. l. sumri, þegar þær voru teknar í notkun, frá því, sem flugstjórar á DC 6 B hafa, og nú gerðu flugstjórar á Rolls Royce vélunum kröfur um að fá ársgreiðslur 808 þús. kr. Þetta skiptist í 5 liði, og hefur verið deilt um, hvort ætti að líta á þetta sem kaup eða annað. Ég skal ekki fullyrða um það. En til glöggvunar tel ég rétt að rifja upp, í hverju þessar greiðslur eru fólgnar.

Það er í fyrsta lagi grunnkaup á mánuði, 38 þús. kr. eða 456 þús. kr. á ári. Það er í öðru lagi flugstundatrygging miðað við 60 stundir á mánuði, 15 þús. á mánuði eða 180 þús. á ári. Það er í þriðja lagi dagpeningauppbót, 4167 kr. á mánuði eða 50 þús. kr. á ári. Það er í fjórða lagi ný aukagreiðsla, 5 þús. á mánuði eða 60 þús. á ári. Og það er í fimmta lagi lífeyrissjóður, 5175 kr. á mánuði eða 62100 á ári. Samtals 808 104 kr. Þetta eru ársgreiðslur. Menn geta svo hins vegar deilt um það, hvort þeir líta á þetta sem kaup, t. d. lífeyrissjóðstillagið. Það er nú reiknað sem kaup hjá opinberum starfsmönnum og annað þess konar.

En það geta menn deilt um. En ársgreiðslurnar voru þetta, en síðan hafa flugmenn slakað til um 25%, þannig að mánaðargreiðslur væru 51—52 þús. kr. Hins vegar hafa Loftleiðir boðið 5% hækkun plús vísitöluhækkunina, 3.05%, og verður þá ársgreiðslan til 1. flugstjóra 530 460 kr. En þeir, sem ekki fá hæstu laun, fá 88% af þessu eða tæplega 500 þús. kr. Að þessu vildu flugstjórar ekki ganga, og ætla ég engan dóm á það að leggja, hvort það var sanngjarnt eða ekki, látum það liggja alveg á milli hluta. Ég ætla ekki heldur að leggja dóm á það, hvort flugstundatíminn er eðlilegur, 60 stundir, eins og þeir fara fram á, eða 65 stundir, eins og þeir hefðu viljað ganga inn á. Hitt má hins vegar upplýsa, að víða er flugstundafjöldi hjá erlendum flugfélögum 80 og jafnvel upp í 85 stundir. Og vissulega væri fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hvaða laun flugstjórar hafa hjá öðrum flugfélögum. Hjá Evrópuflugfélögunum eru launin 4—5 þús. pund á ári eða 500—600 þús. kr. og er þá miðað við þotur. Laun aðstoðarflugmanna eru frá 1300—1900 pund á ári. En laun flugstjóra hjá Pan American eru upp í 12 þús. pund á ári, ekki helmingi hærri en hjá Evrópufélögunum, heldur allt að því 200% hærri. Og ég býst við, að það megi kalla Pan American flugfélagið auðfélag, og það má vera, að það sé. Ég veit ekki um flugstundatímann þar eða hlunnindi, en ég ætla, að það sé miklu eðlilegra fyrir okkur að miða kaup og kjör okkar flugstjóra við það, sem gerist hjá evrópskum félögum heldur en amerískum, býst ég við.

Nú er það svo, að þessi deila hefur staðið, eins og kunnugt er, og er raunveruleg. Við erum áreiðanlega sammála um, að íslenzkir flugstjórar hafi unnið gott verk og séu dugandi menn. Við erum áreiðanlega sammála um það, að þeim beri að hafa góð kjör og það sé eðlilegt að búa vel að þeim. Það erum við sammála um. Og ég held, að við hljótum að vera sammála um, að það megi ekki og eigi ekki undir neinum kringumstæðum á þeim að níðast. Nú hefur verið talað um, að það sé níðingsverk að koma með gerðardómslög í sambandi við þessa deilu, það sé hreint og beint níðingsverk. Það hefur hins vegar verið á það bent, að stórar starfsstéttir, eins og t. d. bændur og opinberir starfsmenn, geta ekki ákveðið sín launakjör sjálfar. Þeir fara ekki í verkfall, heldur er það opinber aðili, sem ákveður verðið á afurðum bænda, ef ekki verður samkomulag í 6 manna nefnd. Og kjaradómur ákveður kaup opinberra starfsmanna, ef ekki næst samkomulag. Þetta er varanlegt, og þetta er hjá láglaunastéttum. En hér er um aðeins tímabundinn gerðardóm að ræða, sem ekki á að standa lengur en til 1. febr. næsta árs. Og hér er lagt til, að settur verði gerðardómur til þess að forða frá vandræðum.

Ég met íslenzka flugmenn mjög mikils, og það má vel vera, að það sé eðlilegt, að þeir hafi þreföld eða jafnvel fjórföld laun miðað við margar aðrar stéttir, ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það. En það er staðreynd, að þeir hafa það með þeim boðum, sem þeim hafa verið gefin. Og ég held, að það sé ekki eðlilegt að segja, að það sé verið að níðast á þeim, þótt nú sé lagt til að leysa þessa deilu með þeim hætti, sem hér er lagt til. Ég held og reyndar veit, að margir flugmenn vilja heldur, að deilan sé leyst með þessum hætti, heldur en að hún standi áfram. Ég veit, að flugmenn hafa gert sér grein fyrir því, að það getur skapazt hættulegt ástand og allt of mikið tjón af því, að þetta verkfall standi áfram. Þeim er það annt um hag þess félags, sem þeir hafa unnið hjá, og gengi flugmálanna yfirleitt, að þeir meta það miklu meira en stundarhag eða það, hvort hægt verður að segja, að þeir í bili hafi farið með sigur af hólmi í þessu máli. Þeir vilja, að það takist áfram að efla flugið hér á landi. Ég hef rætt við flugmenn. Ég veit, hvernig þeir hugsa. Þeir gera kröfur fyrir sig og sína stétt. Þeir vita, að þeirra starf er mikilvægt og ábyrgðarmikið. Þeir telja sig eiga að bera mikið úr býtum, og við erum sammála um það. En þeir standa í deilu, sem virðist vera óleysanleg með frjálsum samningum, en þessi deila verður að leysast.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að svo stöddu, en vil að lokinni þessari umr. leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru örfá orð út af því frv. til l., sem hér er til umr.

Í upphafi stjórnartímabilsins lagði hæstv. ríkisstj. fram stefnuskráryfirlýsingu sína. Þar voru skráð loforðin, sem átti að framkvæma. Eitt þeirra var þetta: Kaup og kjör verði ákveðin með samningum vinnuveitenda og launþega, ríkisstj. mun ekki hafa nein afskipti af þeim málum. — Síðan hefur nokkrum sinnum brýddað á því, að hér hafi fremur verið um áferðarfallegt áróðursatriði að ræða heldur en að hugur fylgdi máli. Nægir í því sambandi að minna á frv. til l. um launamál o. fl., sem lagt var fram hér á hv. Alþ. í nóv. 1963, en samkv. því átti að vera óheimilt að hækka laun, þóknun fyrir uppmælingar og ákvæðisvinnutaxta eða nokkurt annað endurgjald, sem um var samið eða greitt, þá er frv. var lagt fram á Alþ., eins og í þessu frv. segir. Og í 3. gr. frv. var sagt, að vinnustöðvanir til að knýja fram breytingar á launum eða breytingar á vinnutíma og öðru, er feli í sér launabreytingar, séu óheimilar meðan l. eru í gildi. Þarna átti sem sagt að snúa blaðinu svo rækilega við frá því, sem lofað hafði verið, að allt kaup og öll laun skyldu ákveðin samkv. l. og allar vinnustöðvanir yfirlýstar ólöglegar. Þannig varð ekki lengra komizt í því efni. Þegar þetta frv. var lagt fram, höfðu verið boðaðar mjög víðtækar vinnustöðvanir, sem vissulega hefðu orkað mjög truflandi á þjóðarframleiðsluna og fyrirsjáanlega bakað þjóðfélaginu verulegt tjón, ef til framkvæmda hefðu komið að öllu leyti. Þrátt fyrir þá þjóðarnauðsyn, sem þarna virtist í húfi, var þetta frv. góðu heilli afturkallað af hæstv. ríkisstj. Við nánari athugun munu hæstv. ráðh.

hafa séð, að lagasetning sem þessi mundi ekki reynast giftudrjúg, heldur að réttara væri að hverfa aftur til fyrri stefnu um að fara samningaleiðina.

Ég rifja þetta ekki upp hér til þess að lítilsvirða hæstv. ríkisstj., heldur fremur henni til hróss, því að þarna var af hennar hálfu mjög brugðið á hið betra ráð. En þessi sinnaskipti vöktu vissulega vonir um það, að hæstv. ríkisstj. hefði lært sína lexíu og ákveðið bæði þá og til frambúðar að hafa ekki afskipti af kjaradeilum, nema þá að því leyti sem tekizt gæti að greiða fyrir því, að samningar næðust. Frv. það, sem hér um ræðir, sýnir þó, að batinn er enn ekki fullkominn. Enn örlar á þeirri tilhneigingu að taka fram fyrir hendurnar á aðilum í vinnudeilu með lagasetningu. Að þessu sinni er um það að tefla að lýsa með l. verkfall það, sem Félag ísl. atvinnuflugmanna boðaði frá og með 3. þ. m., óheimilt og að tilnefna menn í gerðardóm, er ákveði laun þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli, en það eru flugmenn á flugvélum af gerðinni Rolls Royce 400.

Enginn ágreiningur er um það, að verkfallið hafi verið löglega boðað og það sé í einu og öllu lögmætt samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur, svo að engin þörf er á lagasetningu af því tilefni. Í nál. minni hl. samgmn. hv. Ed. kemur það fram, og því hefur mér vitanlega ekki verið mótmælt, að engar óskir hafi borizt frá aðilum deilunnar, Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiðum h/f, til ríkisstj. um að knýja fram lögþvingaðan gerðardóm, og því til viðbótar má bæta við, að Félag ísl. atvinnuflugmanna mun nú hafa lýst því yfir, að þeir flugmenn, sem hlut eiga að deilunni, muni ekki hlíta gerðardómi, muni ekki fljúga fyrir þau laun, sem gerðardómurinn muni úrskurða þeim, svo að ég veit ekki, hvaðan hæstv. samgmrh. hefur þær upplýsingar, sem hann lýsti hér áðan, að íslenzkir atvinnuflugmenn eða félag þeirra óskaði þess, að gerðardómurinn næði fram að ganga. Hér er um óbeðinn erindisrekstur hæstv. ríkisstj. að ræða.

Verkfallið var boðað, eins og fyrr segir, þann 3. þ. m., en frv. útbýtt þann 20., og þá hagaði eins og kunnugt er, störfum þannig á hv. Alþ., að fyrirsjáanlegt var, að heil vika mundi líða, þar til frv. kæmi til 1. umr. Augljóst er, að flutningur þess hlaut að torvelda samkomulag aðila og hleypa illu blóði í málið, og var því tíminn að mínum dómi óviturlega valinn og nær hefði verið að nota s. l. viku til þess að reyna samninga enn frekar en gert hafði verið fram að því, ekki sízt þar sem svo virðist, að ekki hafi verið að samningaumleitunum unnið af verulegum þunga. Hæstv. samgmrh. sagði hér áðan, að haldnir hefðu verið allmargir fundir. Mig minnir, að hann nefndi 7 fundi með deiluaðilum. En ég er alveg viss um, að þeir fundir hafa bæði verið færri og styttri en tíðkast í öðrum vinnudeilum, þar sem þungi hefur verið lagður á að leysa þær með samningum. Og í tilefni af afskiptum sáttasemjara væri ástæða til þess að spyrja, því að ég hef ekki séð það koma fram, hvort hann hafi lagt fram till. til sátta í málinu, sem aðilar hafi getað fengið að láta í ljós skoðun sína á, því að trúlega getur sáttasemjari, sá reyndi embættismaður, farið nokkuð nærri um það, hvaða laun þarna ætti að tiltaka, úr því að það er álitið, að gerðardómur hafi aðstöðu til þess. Ég tel því, að samningaleiðin hafi alls ekki verið reynd til þrautar. Og þeir tveir fundir, sem haldnir hafa verið, síðan frv. var lagt fram, voru auðvitað fyrir fram þýðingarlitlir eða þýðingarlausir, eftir að flugmönnum hafði verið sýndur hnefinn á þann hátt, sem gert er með flutningi þessa frv.

Í aths. frv. segir, að stöðvun á rekstri hinna nýju flugvéla valdi tilfinnanlegum truflunum á rekstri Loftleiða h/f og muni spilla því áliti, sem félagið hefur unnið sér á alþjóðavettvangi, og stefna framtíð þess í voða, því verði að teljast þjóðarnauðsyn að koma í veg fyrir frekari stöðvun umræddra flugvéla, og þetta undirstrikaði hæstv. samgmrh. hér áðan. Víst er um það, að verkföllin skaða ávallt þann vinnuveitanda, sem þau beinast gegn, og sama mun einnig um Loftleiðir í þessu tilfelli. Hvort skaði Loftleiða er eins tilfinnanlegur og í aths. er fullyrt, skal ég ekki um segja, um það hef ég ekki upplýsingar. Verulegur hluti starfsliðs þeirra hefur þó ekki lagt niður vinnu, og þeim hefur tekizt að halda starfsemi sinni áfram, en vafalaust með talsverðum tilkostnaði, það skal ég ekki draga í efa.

Loftleiðir h/f eru flugfélag, sem hefur skapað sér virðingu og álit, ekki bara með oss Íslendingum, heldur víða um heim, og áreiðanlega óska allir Íslendingar þess, að því megi áfram vel farnast. Engu að síður tel ég, að félagið verði, eins og aðrir atvinnuveitendur hér í landi, að mæta þessum erfiðleikum, sem nú steðja að því vegna umrædds verkfalls, sjálft og án íhlutunar ríkisvaldsins eða Alþ. Og ég vil segja það, að ég ber engan kvíðboga fyrir því fyrir mitt leyti, að það muni ekki takast. Loftleiðir og framámenn þeirra hafa á stuttri ævi félagsins marga hildi háð og jafnan tekizt að stýra heilu fleyi til hafnar. Ég hygg, að svo muni enn verða. Og ég tel í þessu tilfelli enn meiri ástæðu til bjartsýni nú en oft áður, þar sem viðsemjendur félagsins að þessu sinni eru nokkrir af flugmönnum þess, menn, sem áreiðanlega bera hagsmuni félagsins fyrir brjósti og hafa reyndar flestir, ef ekki allir, sýnt það margsinnis á undanförnum árum og jafnan dugað félaginu bezt, þegar mest á reyndi. Íslenzkir flugmenn hafa með hæfni sinni og dugnaði lagt grundvöllinn að velgengni hinna íslenzku flugfélaga og njóta álits víða um heim, um það er mér fyllilega kunnugt. Þeim hefur með góðri forustu stjórnenda fyrirtækjanna tekizt að byggja upp blómlegan atvinnurekstur og hljóta hvorir um sig að viðurkenna hlut hins. Þess vegna tel ég óhugsandi annað en þeim tækist að finna lausn á þeirri deilu, sem nú stendur yfir, ef þeir væru látnir í friði við að útkljá deilumál sín.

Um sjálfar kröfurnar ætla ég ekki að dæma hér. Í byrjun deilunnar var mjög mikið gert af því í blöðum og manna á meðal að túlka kröfur flugmannanna sem svimandi háar og í engu samræmi við neitt það, sem hér hefði áður þekkzt. Síðan hefur nokkuð dregið úr þessum málflutningi, og ég hygg, að kröfur flugmanna hafi a. m. k. í upphafi verið allmikið affluttar og þar í blandað saman við laun ýmsu af því, sem í raun réttri er fremur kostnaður fyrirtækisins flugmannanna vegna, svo sem tryggingum, uppihaldskostnaði og dagpeningum erlendis, sem kosta fyrirtækið mikið fé, en koma flugmönnum eða fjölskyldum þeirra ekki að miklu gagni, eins og kom fram greinilega af þeirri sundurliðun, sem hæstv. samgmrh. flutti hér á kröfum flugmanna. Ég hygg því, að miklu minna beri á milli í þessari deilu heldur en almenningur og þeir, sem ekki þekkja til, halda. En ég tek það fram, að um þetta get ég ekki fyllilega borið. Ég hef ekki upplýsingar um það aðrar en þær, sem ég fékk hér áðan í ræðu hæstv. samgmrh.

Þá skildist mér og það kom líka fram af máli hæstv. ráðh., að verulegur hluti af ósamkomulaginu sé vegna ákvæða um vinnutíma og hvíldartíma, og þá rifjast það upp í þessu sambandi, að í loftferðalögum þeim, sem samþ. voru á síðasta Alþ., er svo ákveðið í 52. gr., að ráðh. setji í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til þess að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar, en þessi reglugerð hefur ekki enn þá verið sett. Hennar er þó mikil þörf og brýn, og ég vil leyfa mér að skora á hæstv. samgmrh. að beita sér fyrir því, að reglugerðin verði sett hið bráðasta og hafi till. frá umgetnum félagssamtökum eða flugmálastjórninni ekki borizt, hlýtur rn. að ganga eftir þeim, vegna þess að ákvæðin um lágmarkshvíldartímann eru sett til þess að tryggja fyllsta öryggi, og sá aðili, sem lögin ætlast til að fylgist með því, að þetta sé gert, er ráðh. Þau eru sett fyrst og fremst vegna öryggis farþeganna. Það er aðeins til viðbótar, að þau eiga líka að tryggja það, að flugmenn vinni ekki of langan vinnutíma. Ef þessi reglugerð hefði fyrr verið fram komin, áður en til þessarar deilu kom, er næsta trúlegt, að sumir hlutar þess, sem nú ber á milli í flugmannadeilunni, hefðu ekki orðið að ásteytingarsteini og deilan því að sama skapi auðleystari.

Hér hafa á hv. Alþ. komið fram fullyrðingar, sem ekki hafa verið hraktar mér vitanlega, um, að misræmið milli þess, sem flugmenn vilja fá og Loftleiðir telja sig geta borgað, sé miklu minna en ýmsir hafa viljað vera láta. Og ég trúi því fyrir mitt leyti, að launakröfur flugmanna fengjust færðar í það horf, sem báðir gætu við unað, ef þeir mættu skilningi á ýmsum öðrum sviðum kröfugerðarinnar og fyndu raunverulegan samningsvilja. Þetta segi ég án þess að taka nokkra afstöðu til þess, sem þeir fara fram á, vegna þess að ég er því ekki, eins og ég áðan sagði, nægilega kunnugur. En hvernig sem þessu er varið, er þó hitt bjargföst sannfæring mín, að það sé hættuleg braut fyrir Alþ. að samþykkja lagasetningu um kaup og kjör og taka þannig fram fyrir hendurnar á aðilum til þess að stýra þeim málum sjálfir með samningum, eins og hér hefur tíðkazt. Hvar á að draga þau mörk, sem gilda um þetta efni, ef einu sinni er byrjað? Hér er talað um þjóðarnauðsyn í aths. frv. Er það minni þjóðarnauðsyn að halda úti síldveiðiflotanum, vertíðarbátunum, millilandaskipunum eða innanlandssamgöngum, svo að eitthvað sé nefnt? Mundi ekki vegna þjóðarnauðsynjar þurfa að skipa upp varningi til landsins eða flytja framleiðsluvörurnar út í skipin, svo að þær kæmust á markaðinn? Ég held, að þetta allt saman og það hvert um sig sé fullt eins nauðsynlegt, sé fullt eins mikil þjóðarnauðsyn og starfsemi Loftleiða, með fullri virðingu fyrir því ágæta félagi.

Ef Alþ. samþykkir nú frv. þetta, væri það að skapa fordæmi um samskipti launþega og vinnuveitenda um ákvörðun kaups og kjara, sem enginn getur sagt um, hvert leiða muni. Hvert verður næsta skrefið? Hvaða starfshópur fær næst að mæta lagasetningu og gerðardómi, þegar hann fer fram á lagfæringu á kaupi og kjörum? Það er engin trygging fyrir því, að það verði hópur manna, sem hér á landi er nefndur hátekjumenn. Áreiðanlega er hægt með engu minni rétti en hér er gert að tala um þjóðarnauðsyn í sambandi við störf ýmissa þeirra stétta, sem vinna við framleiðsluatvinnuvegina, hvort sem er til sjávar eða sveita, eins og t. d. þeirra örfáu starfshópa, sem ég áðan taldi upp.

Ég tel, að það sé alveg rétt, sem segir í nál. minni hl. samgmn. hv. Ed., að alveg sérstaklega ber að hafa þessa hættu í huga nú, þegar svo stendur á, að láglaunastéttirnar búast til sóknar fyrir bættum kjörum eftir 5 ára tímabil nær algerrar kyrrstöðu í kjaramálum eða jafnvel beinnar afturfarar hvað launakjör snertir. Ef byrjað er að ákveða kaup og kjör með l. héðan frá hv. Alþ. um gerðardóma, er ekki séð fyrir, hvar það muni enda. Því hefur heyrzt haldið fram, að samningar í umræddri vinnudeilu hljóti að hafa óheillavænleg áhrif á kröfugerð annarra stétta vegna þess samanburðar við laun flugmanna, sem fylgja mundi í kjölfarið. Þessu er til að svara, að ég kem ekki fyllilega auga á það, hvaða stéttir það eru, sem þarna ættu helzt að koma til greina. Má vera, að þær fyndust þó einhverjar, þegar til kemur, en helzt eru það þó líklega flugmenn á öðrum flugvélum.

En er einhver trygging fyrir því, að þessi samanburður verði ekki gerður allt að einu? Ég held það ekki. Ég held, að umræddir flugmenn, sem stjórna þessum stóru flugvélum, Rolls Royce 400, muni alltaf þurfa að fá það, sem við köllum hér há laun, vegna sérhæfni sinnar, langs og dýrs námstíma, stuttrar starfsævi og ýmislegra annarra atriða, sem hljóta að hafa áhrif á þessi mál. Og þannig held ég, að gerðardómur, þótt skipaður væri, mundi ekki

komast hjá því að tiltaka það, sem við köllum háa upphæð til þessara manna, þó að til hans kasta kæmi. Og varla mundu aðrir launþegar síður finna ástæðu fyrir því að bera sig saman við það, sem slíkur dómur mundi ákveða, sem slegið væri föstu með gerðardómi, heldur en við það, sem einstakir starfshópar geta náð í frjálsum samningum við atvinnuveitendur sína. Sannleikurinn er sá, að launasamanburður verður alltaf gerður og það er ekkert ráð til, sem getur komið í veg fyrir hann.

Ég er eindregið á móti því að innleiða gerðardómsfyrirkomulagið um ákvörðun um kaup og kjör frekar en orðið er, og því vil ég bera fram þá ósk til hæstv. ríkisstj., að hún dragi lærdóm af þeim atburðum, sem ég gat um í upphafi máls míns, og taki frv. þetta til baka í trausti þess, að deiluaðilum takist að finna þá lausn, sem báðir geti við unað. Verði það ekki gert, mun ég greiða atkv. gegn frv. af þeim ástæðum, sem ég hef gert hér grein fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Enn þá einu sinni horfumst við í augu við frv. til l. um að banna eðlileg og lögleyfð samskipti aðilanna á vinnumarkaðinum, atvinnurekenda og vinnandi fólks. Ég þarf varla að taka það fram, að alþýðusamtökin í landinu eru „prinsipielt" algerir andstæðingar þess, að gripið sé til slíkra úrræða. Tel ég þau óviðeigandi með öllu og óþolandi með öllu og alls ólíkleg til þess að bæta andrúmsloftið milli þessara aðila eða leysa nokkurn vanda, heldur miklu líklegri til þess að skapa ný vandkvæði og torvelda samninga síðar meir, þ. e. a. s. torvelda það, að málin leysist með eðlilegum og lögheimiluðum hætti. Slík löggjöf er því ill löggjöf, og það getur varla leitt af sér neitt gott að reyna slíkt úrræði. Það leysir áreiðanlega ekki vanda aðilanna, og það leysir ekki heldur þjóðarvanda. Ég held, að það skapi bæði aðilunum í viðkomandi deilumálum aukinn vanda við að glíma og þjóðfélagið hefur ekki bitið úr nálinni með slíkri lagasetningu til þess að banna vinnudeilur. Það er ekki lausn.

Í þessum l. eru tvö meginatriði: Í fyrsta lagi, að verkfall það, sem hófst 4. apríl s. l. milli Loftleiða og Félags ísl. atvinnuflugmanna, skuli bannað með þessum l. og vera óheimilt frá gildistöku þessara laga. Og í annan stað að setja gerðardóm, sem á að ákveða flugmönnunum, sem í deilu standa, kaup og kjör. Í þriðja lagi er svo bann við öðrum verkföllum, sem kynnu að rísa út af þessum málum, — það er í 4. gr. Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða eru óheimil. Þetta sýnir, að hæstv. ríkisstj. reiknar með því, að út af því, að þetta verkfall sé bannað, kunni önnur verkföll að rísa. Hún veit, að hún er að vekja reiðiöldu, sem getur leitt til þess, að önnur verkföll rísi, og þess vegna þykir henni ekki ráð, nema í tíma sé tekið, að reyna að banna þau fyrir fram, því að hún sér hilla undir þau. Ég held, að þetta sé rétt, hæstv. ríkisstj. megi einmitt búast við því, að önnur verkföll rísi út af þessari óhyggilegu og ófarsælu lausn á deilunni milli Loftleiða og flugmannanna. Og ég er ekkert viss um það, að lögbann við þeim dugi, fremur en ég er sannfærður um það, að lögbann leysi Loftleiðadeiluna, og þá er miklu verr farið en heima setið.

Það hefur verið á það minnt hér, að ríkisstj. hefur áður gripið til þess að bera fram frv. á Alþingi um að banna verkföll. Það var tilraun í þá átt, þegar frv. um launamál o. fl. var borið hér fram í desembermánuði 1963, líklega. Það urðu miklar og harðar umr. um það mál, og undir þeim umr. brá hæstv. ríkisstj. á það ráð að bjóðast til að falla í bili frá lögfestingu frv., ef samningar væru teknir upp þegar í stað. Það hafði ekki þokazt neitt um samninga, meðan frv. lá fyrir Alþingi, enda er það almenn reynsla, að þegar svona frv. eru komin inn í þingið, þá er loku skotið fyrir alla samningsmöguleika. Sá aðilinn, sem þykist hafa hag af lagasetningunni eða heldur sig hafa það, hann bíður með hendur í skauti, býður ekki neina lausn úr því og ætlast til þess, að lausnin komi með lagastafnum. Það er þess vegna stöðvun á öllum samningum, allri samningaviðleitni, þegar svona frv. er komið fram.

Eftir að ríkisstj. hafði horfið frá að lögfesta frv. um launamál o. fl., hófust samningar og deiluatriðin leystust, og það voru þó stórfelld deilumál, sem þá voru á ferðinni. Og það er sannast mála, að með því brá ríkisstj. þá á hið skynsamlegasta ráð og með því fékk hún þá sæmd af lausn málsins, sem hún annars gat fengið af því máli, og víst er um það, að hún hefði hvorki flýtt fyrir lausn þeirrar deilu með því að halda lagasetningunni til streitu né heldur getið sér neinn sóma af því að knýja frv. í gegn, þótt hún hefði gert það. Og þess vegna segi ég: Ef það er rétt hjá mér, að það var skynsamlegt í þessu nefnda tilfelli að hverfa frá að knýja bannið við verkföllum í gegnum þingið, þá er það einnig skynsamlegt nú, og ríkisstjórnin mundi, úr því að hún fékk sæmd af hinni úrlausninni, ekki síður fá sæmd af því nú.

Hitt veit ég, að það er dálítið erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að manna sig upp í slíka afstöðu, eftir að farið er af stað með frv. um bann við verkföllum. Þetta gerði hún samt þá, og það bjargaði því, sem bjargað varð, og það held ég, að mundi enn gerast.

Með þessu frv. er nú verið að höggva í annað sinn í hinn sama knérunn, því að banni við verkfalli hefur áður verið beitt gegn Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna, og er nú verið að beita það þessu harðræði í annað sinn. Þetta er vafalaust gert í skjóli þess, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna er ekki meðlimur í Alþýðusambandi Íslands, ekki meðlimur í heildarsamtökum íslenzkra verkalýðssamtaka, og þess vegna kannske reiknað með, að það fái ekki sams konar aðstoð frá öðrum stéttarfélögum og það mundi fá og eiga rétt á, heimtingu á, ef þessi samtök væru í heildarsamtökunum. En einmitt af því að svona stendur á, þá tala ég ekki í þessu máli þann veg, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna sé neinn skjólstæð-

ingur Alþýðusambandsins. Ég tala eingöngu um þetta mál út frá því, að hér er um lögleg stéttarsamtök að ræða í landi okkar, sem eiga að njóta ákvæðanna í lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, og ákvæði þeirra laga á ekki að brjóta á þeim, flugmönnunum, fremur en öðrum stéttarfélögum. Það er því ósvinna hin mesta, þegar það gerist nú í annað sinn, að verkfallsbanni á að beita gegn þessari fámennu, en þýðingarmiklu stétt. Ég býst við, að önnur ástæðan sé sú, að þetta sé fámenn stétt og að þessir fáu menn, sem um sé að ræða hverju sinni, þeir megi ekki valda alvarlegri stöðvun á dýrum atvinnutækjum. Þessi rök eru stundum höfð uppi, en þetta eru léleg rök, fánýt rök, því að það er persónuréttur einstaklingsins, sem er verið að vernda með lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, og persónuréttur einstaklingsins í fámennu stéttarfélagi á að vera jafnhelgur og hann á að vera jafntryggður að lögum í lýðræðisþjóðfélagi, eins og þegar um mikinn fjölda er að ræða, og hér er verið að ráðast á persónurétt einstaklingsins í okkar svokallaða lýðræðisþjóðfélagi, Íslandi.

Þetta frv. var flutt, eftir að verkfallið hafði staðið nálægt hálfum mánuði, en þá stóð svo á hér á hv. Alþingi, að hlé var gert á störfum þingsins vegna þess, að annar stjórnarflokkurinn var að halda sitt flokksþing, og á meðan lá frv. fyrir Alþingi og var ekkert hafzt að um afgreiðslu þess. Afgreiðsla málsins er því búin að taka langan tíma og af þeim drætti hefur leitt langvarandi stöðvun á öllum möguleikum til lausnar með frjálsum samningum. Þetta er næsta óheppilegt. Úr því að til svona óyndisúrræðis var gripið af hæstv. ríkisstj., þá bar henni að velja til þess stund, sem hún hefði tíma til að sinna málinu, og sjá um, að svo miklu leyti sem í hennar valdi stóð, að það kæmist fljótt í gegnum þingið og drægi ekki verkfallið á langinn. En þetta var ekki gert. Það var einmitt valinn tíminn, þegar Alþingi átti ekki að starfa hina næstu daga, og málið látið liggja. Það hefur ekki orðið neinn óeðlilegur dráttur á afgreiðslu málsins fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar, því fer fjarri. Hér hafa aðeins farið fram eðlilegar umr. um málið og alls ekki langdregnar úr hófi fram í hv. Ed., og það mun ekki heldur verða úrræði okkar stjórnarandstæðinga hér í hv. d. að tefja lausn málsins með neinu málþófi. Hins vegar er málið svo mikils vert, að um það er skylt og rétt að ræða og ræða ýtarlega og rækilega. Hér er um stórt „prinsip"-mál að ræða, og hæstv. ríkisstj. verður að vita það, að sem „prinsip"-mál er þetta með þeim stærstu og stjórnarandstaðan getur ekki látið það fram hjá sér fara, án þess að hæstv. ríkisstj. sé minnt á það hverju sinni mjög alvarlega, að hún er á villigötum, þegar hún hyggst leysa deilumál vinnumarkaðsins með lagasetningu.

Þegar alvarlegar deilur hafa risið á vinnumarkaðinum og sáttasemjari hefur verið uggandi um það, að sér kynni e. t. v. ekki að takast að finna leiðir til sátta og samkomulags, hefur hann stundum beðið ríkisstj. á hverjum tíma þess að tilnefna valinkunna menn sér til aðstoðar í sáttanefnd. Ég tel, að það úrræði hefði átt að reyna nú. Í fyrsta lagi að þrautreyna samninga fund eftir fund, en í þessari deilu hafa fundir verið tiltölulega fáir og strjálir. En það hefur ekki verið reynt að skipa sáttanefnd með sáttasemjara ríkisins. Það hefur þó stundum leitt til lausnar á alvarlegum vinnudeilum, að sáttanefnd hefur komið í málið með sáttasemjaranum, og það er enginn, sem getur fullyrt það, að sáttanefnd með sáttasemjara kynni ekki að hafa tekizt að leysa þetta mál á eðlilegan og farsællegan hátt. Það var bara ekki reynt, og það ber að víta að grípa til þessa úrræðis, lagasetningarinnar, án þess að hafa reynt allar aðrar hugsanlegar leiðir.

Þá er það og alveg sjálfsagður hlutur skv. ákvæðum laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, að ef deila fer að dragast á langinn, þá sé borin fram sáttatillaga og hún borin undir atkvæði aðila og þannig gengið úr skugga um það, hvort ekki séu finnanleg úrræði til lausnar og að svör aðila, játandi eða neitandi, liggi fyrir. Þetta hefur ekki heldur verið gert. Hér er því rokið af stað með löggjöf, áður en búið er að reyna hinar sjálfsögðustu og venjulegustu leiðir.

Deiluefnið í þessu máli er tvíþætt. Það er annars vegar ágreiningur um kaup nokkurra flugmanna á hinum stóru vélum Loftleiða, Rolls Royce 400, sem félagið hefur nýlega eignazt, og í annan stað mikill ágreiningur, alvarlegur ágreiningur um flugtíma þessara manna, um vinnutíma þeirra, og er mér tjáð, að ágreiningurinn sé ekki síður um hið síðarnefnda atriði.

Því er haldið fram, að hér sé um óhóflegar kaupkröfur að ræða, það sé óheyrilega hátt kaup, sem flugstjórarnir á þessum stóru vélum fari fram á. Ekki fæst fullt samkomulag um það, hvernig kröfurnar séu. Talað var um í byrjun, að þetta væru kröfur upp á níunda hundrað þúsund króna árslaun hjá flugstjórunum. Síðan hefur nokkuð úr þessu dregið, en hér nefndi flugmrh. áðan tölur í þessu sambandi og komst upp á níunda hundraðið, nefndi, að alls væru tekjur flugmanna á ári 808 þús. kr. En þar hafði hann nefnt eina þrjá eða fjóra liði, sem enginn heilvita maður nefnir til launa, lífeyrissjóðinn á auðvitað ekki að telja til launa, og hann nefndi fleiri pósta, sem alls ekki er rétt að telja með í launum. Það var ekki heldur á það minnzt, að áður en til verkfalls kom, þá slógu flugmennirnir af sínum kröfum um fjórðung, um 25%, lækkuðu kröfur sínar um 25%, og stóðu þá kröfur þeirra þannig, eftir því sem mér er tjáð og ég hygg að sé sanni nær, að flugstundagjald og fastakaup flugmannanna væri 42 þús. kr. á mánuði. Þetta er kaupkrafa hæst launuðu mannanna, sem hér er um að ræða, en sagt er mér, að kaup aðstoðarflugmanna sé hins vegar 60—75% af kaupi flugstjóra. Þeirra tölur verða þannig mun lægri en þessi tala, sem ég nú nefndi.

Ég kann því heldur illa, að hæstv. ráðh. skuli með þeim tölum, sem hann nefndi, gera tilraun til þess að villa um fyrir hv. þm. um það, hvað kaupkröfurnar séu háar, því að séu þær úr hófi fram háar, þá er ósvinna að vera að ýkja þær eða bæta þar nokkru við og ætti ekki að vera þörf á. Ef þær réttu tölur eru svo háar, að almenningsálitinu ofbjóði, þá ætti það að vera sterkast að nefna þær réttu tölur, einmitt til þess að skírskota til almenningsálitsins. En sú tilraun fellur um sjálfa sig og veikir málstað þann, sem er verið að reyna að styðja, að ýkja þessar tölur, þegar blekkingarnar eru afhjúpaðar. Það er mjög óviðeigandi að reyna að beita blekkingum, að því er snertir þær tölur, sem hér er um að ræða. Það á að vera hægt að krefjast þess, að þar sé rétt skýrt frá.

En því miður virtist mér líka gæta tilhneigingar hjá hæstv. ráðh. til þess að blekkja nokkuð, þegar hann nefndi hitt deiluatriðið, vinnutímann. Hann sagði, að það væri víða hærri flugstundafjöldi heimtaður af flugmönnum, og nefndi Ameríku og ýmis dæmi í veröldinni, þar sem flugstundafjöldinn væri meiri en hér. Ég efa ekki, að það er hægt að finna þess dæmi. En það er þó ekki óeðlilegt, að flugstundafjöldinn hér hjá Loftleiðaflugmönnunum, sem í deilunni standa, sé borinn saman við t. d. hið norræna flugfélag SAS, en þar mun flugstundafjöldi vera 470, en hjá Loftleiðum á DC 6 vélunum er umsaminn flugstundafjöldi núna 900 stundir. Ég teldi ekki óeðlilegt, að flugstundafjöldinn hér á þessum stærstu vélum væri svipaður og hjá SAS, en þá ætti hann að lækka verulega frá núgildandi samningum, en ekki að hækka. Og ef það er rétt, sem flugmennirnir segja í grg., sem þeir hafa látið frá sér fara, að vinnutími flugmanna geti skv. samningum komizt upp í 22 klst. á sólarhring, allan sólarhringinn nema tvær stundir til hvíldar, þá er ægilegt að hugsa til þess. Það er ekki aðeins misboðið heilsu flugmannanna og gengið fram af öllum hugsanlegum öryggisráðstöfunum. Þetta er mál, sem varðar alla, sem fljúga með vélunum, þetta er mál, sem varðar þjóðina. Það er glapræði að hafa slíkt ákvæði, að heimilt skuli að láta flugstjóra fljúga í 22 klst. samfellt. Þetta er að vísu það, sem þeir segja, að geti komið fyrir. Vinnutími flugmanna getur skv. samningum komizt upp í 22 klst. á sólarhring, og hefur hann fyrir baráttu flugmanna þó verið færður niður frá því, sem áður var.

Í þessari kjaradeilu er krafizt breytingar á flugtíma til lækkunar, fyrst og fremst til þess að forðast ofþreytu flugmanna út af næturvökum og vegna þeirrar röskunar, sem mikill tímamismunur á áfangastöðum og hvíldarstöðum veldur. Hvort sem almenningsálitið styður flugmennina eða ekki að því er snertir kaupkröfur þeirra, þá er ég a. m. k. sannfærður um, að almenningsálitið styður kröfur flugmannanna um það, að þetta eigi sér ekki stað og að hvíldartími þeirra verði ákveðinn af meiri ábyrgðartilfinningu en þetta samningsákvæði virðist bera vott um. Ég er alveg sannfærður um það, að almenningsálitið styður flugmennina í því, að það verði að vera ákveðin ákvæði í samningum um, að flugmönnunum sé ekki ofboðið með of löngum samfelldum flugtíma. Hvíldarákvæðin verða þar að vera ákveðin. Að öðrum kosti er í raun og veru öllu flugöryggi glatað.

Það er ein af röksemdum ríkisstj. fyrir flutningi þessa frv., að það, að vélar félagsins stöðvist í verkfalli, geti spillt áliti Loftleiða á alþjóðavettvangi. Það má vel vera. Þó getur SAS og sérhvert flugfélag orðið fyrir því að lenda í verkfalli, og það gerist í Ameríku líka og ekkert síður, og það er því ekki annað en það, sem við má búast, að atvinnufyrirtæki eins og flugfélög lendi í deilum, vinnudeilum, verkföllum, rétt eins og aðrir atvinnurekendur. Álit fyrirtækis getur þess vegna ekki hrunið í rúst út af því, að þetta sé neitt sérstakt fyrirbæri.

Hitt er annað mál, að langvarandi stöðvun á rekstrinum getur eins og í öllum tilfellum, þegar vinnustöðvanir standa lengi, valdið Loftleiðum miklu fjárhagslegu tjóni. Það er vissulega rétt. Og ef Loftleiðir hafa mikið tjón á degi hverjum af verkfallinu, þá er það orðið anzi mikið fjárhagslegt tjón, sem félagið hefur þegar beðið af því að slaka ekki nokkuð til í samningamálunum og leysa heldur deilumálið með því að hækka svolítið kaup flugmanna og losna við fjárhagslega tjónið við rekstrarstöðvunina, og það verð ég að segja, að það tel ég aðeins reikningsdæmi fyrir Loftleiðir, hvort það borgi sig ekki betur fyrir félagið að ganga að eitthvað hærri kröfum að því er snertir kaupið hjá þessum fáu mönnum heldur en að tapa kannske margfaldri upphæðinni með langvarandi vinnustöðvun og rekstrarstöðvun þessara dýru fyrirtækja og mannvirkja.

En ef verkfallið spillir áliti Loftleiða á alþjóðavettvangi, þá er ég miklu fremur hræddur um hitt, að langvarandi verkfall spilli áliti Loftleiða innanlands hjá landslýðnum, ef það verður ljóst, að Loftleiðir hiki ekki við að taka á sig margfalt rekstrartjón í því formi að heyja verkfall við sína starfsmenn heldur en að borga þeim eitthvað lítillega hærra kaup. Það held ég, að spilli áliti Loftleiða inn á við, af því að menn vita hér, að Loftleiðir, góðu heilli, hafa vaxið sig fjárhagslega sterkar og geta boðið sínu starfsfólki öllu saman gott kaup.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta verkfall sé þegar orðið miklu dýrara fjárhagslega fyrir flugfélagið Loftleiðir en lausn málsins hefði kostað án verkfalls með hækkuðu kaupi. Ég held því, að Loftleiðir séu búnar að baka sér fjárhagslegt tjón með því að láta koma til verkfalls. Með þessu fullyrði ég alls ekki, að það sé eingöngu sök Loftleiða, þegar tveir deila. Það má vel vera, að flugmennirnir hafi staðið mjög fast á sínum kröfum.

Ástæður þær, sem hæstv. ráðh. flytur fyrir flutningi þessa frv., eru allar mjög almenns eðlis, að þjóðarnauðsyn heimti að leysa það, mikið fjárhagslegt tjón stafi af stöðvun þess-

ara flugvéla, og ástæður yfirleitt, sem eiga við, hvenær sem verkfall skellur á. Það er því víst, að þessar forsendur er hægt að nota hvenær sem til verkfalls kemur, af því leiði tjón, það sé þjóðarnauðsyn, að deilan leysist. Vitanlega er það nauðsyn, að deilur leysist. En þá má ekki heldur láta neitt undir höfuð leggjast til þess að leysa þær eins og lög mæla fyrir um, þrautreyna allar slíkar leiðir vegna þjóðarnauðsynjar, vegna þess hvað það er óhemjumikið í húfi fyrir rekstur þess atvinnurekstrar, sem stöðvast við verkfall. En hér hefur ekki verið gert nándar nærri allt, sem gera bar til þess að forða frá verkfalli og til þess að reyna að leysa það, eftir að það hafði brotizt út.

Þetta frv. er því frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar forkastanlegt í alla staði. Það er auðvelt að nota þessa lagasetningu gegn flugmönnunum sem almenn fordæmi í vinnudeilum, og má fyllilega búast við því, að hvenær sem verkfall brytist út, þá væri frv. flutt á ný, þó að láglaunastéttirnar ættu í hlut, og verkföll þeirra bönnuð.

Ég er alveg sannfærður um það, að láglaunastéttirnar bera sig yfirleitt ekki saman við þá hæst launuðu í þjóðfélaginu, bera sig ekki saman við verkfræðinga. lækna og flugmenn. Svo mikið er víst, að það liggja góð og gild rök fyrir launakröfum láglaunastéttanna, og þeim dettur ekki í hug að grípa til þeirra raka, að láglaunastéttirnar verði að fá hærra kaup, af því að það sé svo mikill munur á launum þeirra og hinna hæst launuðu. Og það hygg ég hafið yfir allan vafa, að almenningsálitið mun fallast á það, að flugmenn verði að hafa hátt kaup. Þeir eiga erfitt og langt nám að baki, í starfi þeirra er lagt á þá óvenjulega mikið álag, sem reynir á heilbrigði þeirra, þeir bera óhemjuábyrgð, ekki sízt þeir menn, sem stjórna flugfari með á annað hundrað manns innanborðs, á þá reynir óhemjumikið við hvert flugtak og hverja lendingu a. m. k., og ofan á þetta bætist, að starfstími þeirra er tiltölulega stuttur, miðað við aðrar stéttir. Hins vegar getur alltaf risið deila um það, hversu hátt kaupið eigi að vera. En það er engin eðlileg lausn til þess að skera úr því vafaatriði önnur en að fram fari frjálsir samningar og reyndar séu allar sáttaleiðir og sáttatillögur fluttar, sáttanefnd skipuð og öll þau úrræði, sem við þekkjum, reynd til þess að leysa það.

Hæstv. ráðh. gat þess, að þetta frv. væri tímabundið og ætti að gilda frá gildistökudegi og til 1. febr. 1966, af því að þá gengju úr gildi aðrir launasamningar hjá flugfélögunum. Ég er hræddur um, að það verði einmitt þá, sem aðalvandkvæðin byrji og þá komi í ljós, að það hefur sín eftirköst að hafa sett svona löggjöf, og þá er ég hræddur um, að það hefni sín kannske grimmilega.

Annars sýnist mér nú blasa við, að afleiðingarnar af þessari lagasetningu geti orðið allalvarlegar nú þegar og að svo geti farið, að lögfesting frv. leysi lítinn vanda, ekki einu sinni vanda augnabliksins, þegar það liggur fyrir frá hendi flugmannanna svart á hvítu, að þeir lýsa því yfir, að þeir muni ekki una því að taka laun fyrir starf sitt nema skv. frjálsum samningum við vinnuveitendur sína. Ég get ekki ímyndað mér, að flugmennirnir láti slíkt frá sér fara, nema þetta sé þeirra óbifanlega ákvörðun, og ef það færi nú svo, að lögin yrðu afgreidd hér, þessi ofbeldislög gagnvart flugmönnunum, verði afgreidd, en flugmennirnir fáist ekki til þess að starfa, af því að laun þeirra eru ekki ákveðin með frjálsum samningum við þeirra vinnuveitendur, þá hefur ekkert unnizt með lagasetningunni, en hæstv. ríkisstj. væri það til mikillar vanvirðu.

Það er talinn megintilgangur frv. að forða frá vandræðum með gerðardómi. Ég hef í ræðu minni leitt að því líkur, að gerðardómurinn geti einmitt orðið til þess að leiða til nýrra vandræða og e. t. v. miklu alvarlegri vandræða en um er að ræða í þessari deilu. Ég hef áður nefnt tvö önnur atriði, þar sem mér fannst gæta tilraunar til blekkingar í málflutningi hæstv. ráðh. Það var viðvíkjandi launamálunum, launakröfunum og viðvíkjandi flugstundafjöldanum, sem krafizt væri. Mér fannst brydda á því sama, þegar hæstv. ráðh. hélt því fram, að frv. væri að vilja flugmannanna. Það hefur þó verið upplýst, að farið er af stað með frv., án þess að Loftleiðir hafi óskað þess og án þess að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hafi óskað þess, en svo kemur ráðh. og segir, að hann viti, að flugmennirnir vilji heldur þessa lausn en að deilan standi lengi. Mér er ekki kunnugt um, að neitt það hafi komið fram, sem bendi til annars en þess, að flugmennirnir séu eindregnir andstæðingar þess, að laun þeirra séu ákveðin með gerðardómi, og hafa haft svo mikið við, að þeir segjast ekki vilja inna störf sín af hendi, ef laun þeirra séu ekki ákveðin með venjulegum kjarasamningum.

Ég harma það, að hæstv. ráðherra skuli hafa gert tilraun til þess að telja hv. þm. trú um það, að þetta væri gert fyrir flugmennina og með þeirra vilja, að leysa málið með þessari þvingunarlöggjöf. Það held ég, að sé alveg áreiðanlega rangt hjá honum og að það liggi fyrir vitneskja um það, að þessa lausn vilji þeir einmitt alls ekki, henni vilji þeir ekki una.

Hæstv. ráðh. sagði, að við værum allir sammála um það, að þessar flugvélar hefðu komið til landsins. Það er enginn vafi á því, að Íslendingar allir gleðjast yfir velgengni Loftleiða og fagna því, að það getur vegna sinnar góðu rekstrarafkomu færzt meira og meira í fang, aukið sína þjónustu í samgöngumálunum, bæði við íslenzka þegna og á erlendum vettvangi. Það er því áreiðanlega vilji allra Íslendinga, að Loftleiðir, þ. e. a. s. forustumenn þeirra, haldi þannig á málunum, að þeir komist hjá deilum og verði ekki fyrir rekstrartruflunum af ágreiningi um kaupgjalds- eða kjaramál. Mér er fyllilega kunnugt um það, að verkalýðshreyfingin á Íslandi vill ekki síður en aðrir gengi og gæfu Loftleiða. Það er því ekki af

neinni tilhneigingu okkar til andstöðu við Loftleiðir, að við mælum gegn þessu úrræði hæstv. ríkisstj., að beita lögþvingunum til þess að leysa þetta deilumál, sem komið hefur upp milli flugfélagsins Loftleiða og starfsmanna þess. Það er miklu fremur vegna þess, að okkur eru Loftleiðir kærar, að við viljum, að allar eðlilegar leiðir séu notaðar til þess að leysa málið með friði. Og það teljum við, að hafi ekki verið gert.

Það er tekið fram í frv., að gerðardómurinn eigi að ákveða laun, vinnutíma og önnur starfskjör flugmanna á flugvélum af gerðinni Rolls Royce 400 með hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi. Ég hygg, að gerðadómsmennirnir væntanlega mundu komast í þó nokkurn vanda við að framfylgja þessu lagaákvæði. Það eru ekki margir sambærilegir launþegar hér á landi við flugstjórana á þessum stóru vélum. Þeir eru engir til, sem hægt er að segja að séu sambærilegir. Og gerðardómsmennirnir fá því ekki viðhlítandi skýr fyrirmæli um það, á hverju þeir eigi að byggja sína niðurstöðu. Ef til vill skiptir það ekki svo miklu máli, þegar það liggur fyrir, að flugmennirnir af „prinsip"-ástæðum vilji ekki beygja sig undir niðurstöður gerðardóms um sín launakjör, hvort sem þeim yrðu úrskurðuð há laun eða eitthvað lægri. En samt sem áður ber að harma það, að ákvæðið, sem á að afmarka starfssvið gerðardóms, skuli vera jafnambögulegt og það er. Það gefur í raun og veru enga hugmynd um það, hvernig gerðardómurinn eigi að starfa og við hvað hann eigi að miða, því að viðmiðunin er ekki til, sem á neinn hátt sé sambærileg.

Ég held, að það yrði hinn mesta sæmd fyrir forustu Loftleiða og virðing þeirra yrði ekki skert, hvorki á alþjóðavettvangi né hér innanlands, ef Loftleiðir nú óskuðu eftir því, að þrautreyndar væru allar leiðir og horfið frá lögfestingu þessa frv., a. m. k. í bili, eins og gert var hér um árið. Það var ekki alveg ákveðið, að frv. skyldi ekki skjóta upp kolli aftur, ef samningar leiddu ekki til lausnar. Það var látið bíða, meðan þrautatilraunir voru gerðar til samninga. Frv. vofði þó yfir eftir sem áður. En svo gæfulega fór, að lausnin fékkst og þurfti ekki að lögfesta það, betri lausn fékkst. Ég held það væri Loftleiðum til sóma, ég held, að flugmennirnir mundu fagna því líka, og það eru þeirra kröfur, að laun þeirra verði ekki ákveðin með gerðardómi. Og ég held, að ríkisstj. eigi allt of mikið á hættu um að fá vansæmd af málinu og kveikja kannske haturselda, sem hún verður ekki fær um að slökkva, ef hún heldur því til streitu að afgr. þetta frv. sem lög á ábyrgð síns nauma meiri hluta í þinginu. Ég held, að hún losni við þá áhættu með því að reyna þá leið, sem reynd var áður og gafst vel, og að hennar sæmd og virðing væri mest að taka það úrræði og reyna í annað sinn.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því, að ég vil taka eindregið undir lokaorð flugmannanna, þar sem þeir segja, að Félag ísl. atvinnuflugmanna skori á hæstv. Alþingi að fella nefnt lagafrv., og þeir láta í ljós eiginlega örugga vissu um það, að samningar milli Félags ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiða h/f kæmust fljótt á, ef horfið yrði frá þessari lögþvingunarleið. Ég skora á hæstv. Alþ. að fella þetta frumvarp, af því að ég held, að það stofni til ófriðar og stefni til óheilla og sé engum til þægðar eða ávinnings, hvorki flugmönnum, Loftleiðum né hæstv. ríkisstjórn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru nokkrar hugleiðingar og nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra, sem ég vildi leggja fram í sambandi við þetta.

Það er greinilegt, að þetta mál er tvíþætt. Það er annars vegar „prinsip"-mál og fordæmi, sem kemur til með að hafa afgerandi áhrif á þær vinnudeilur, sem fram undan eru, aðrar en Loftleiða, og það er hins vegar praktískt mál, sem snertir Loftleiðir. Ég vil í fyrsta lagi út frá því, sem hæstv. ráðh. var að upplýsa hér í sambandi við vinnulaunin, sem flugmannirnir væru að heimta, gjarnan fá að kíkja ofurlítið inn í hina hliðina á þessu máli. Hvernig er með þá forsjálni hjá forráðamönnum Loftleiða að ráðast í að kaupa þessar vélar, hvernig sem þær nú hafa verið keyptar, án þess að vera búnir að tryggja sér að semja við sína verkamenn áður, semja við flugmennina um kaupgjaldið á þeim. Er það mikil forsjálni af hálfu eins stórs félags, sem leggur í milljónafyrirtæki eða hundraða milljóna fyrirtæki, að hafa ekki tryggt sér nokkurn veginn áður, að þeir fái samninga við sína flugmenn, sem eiga að starfa á þessum vélum? Gerðu þeir sér ekki ljóst, að þeir mundu þurfa flugmenn á þessar flugvélar sínar og að það mundu þurfa að vera íslenzkir flugmenn? Hugsa þeir ekki út í það? Það vill stundum vera svo, bæði hjá hæstv. ríkisstj. og yfirstéttinni hér í þessu landi, að þeir haldi, að það sé nóg að fá fjármagn, fá auð til þess að eignast framleiðslutækin. En það þarf meira. Það þarf menn. Og það er fyllilega tími til þess, að bæði hæstv. ríkisstj. og aðrir fari að gera sér ljóst, að það er maðurinn sjálfur, sem rekur tækin, sem er höfuðatriðið í þessu. Og þegar eitt félag leggur í það, eins og Loftleiðir núna, og landslýður gleðst yfir því, að þeir skuli leggja í þessi kaup, þá viljum við gjarnan fá að vita, hvað þessir forstjórar Loftleiða hugsuðu, hvað þeir voru búnir að ræða um þessa hluti áður. Voru þeir búnir að þreifa eitthvað fyrir hjá sínum flugmönnum? Hvernig standa þessir hlutir, og hvernig eru þeirra samningar við þær flugverksmiðjur, sem framleiða þessar vélar? Ég man eftir, þegar verið var að lýsa því yfir, að þessir samningar hefðu verið gerðir, að þá var jafnvel innifalið í kaupunum á vélunum viðgerð á þeim svo og svo langan tíma. Það væri gott að mega kíkja dálítið í svona samninga. Það er sem sé ekki nema eðlilegt, að maður vilji vita það nokkurn veginn fyrir fram, að hve miklu leyti þeir aðilar, sem þarna var samið um, eru sjálfstæðir íslenzkir atvinnu-

rekendur, sem raunverulega eiga þessar flugvélar. Ég væri nefnilega ekkert hrifinn af því t. d., að það ætti að fara að komast upp sú aðstaða, að stórir erlendir fjármagnseigendur gætu farið að leggja í stóra hluti hér eingöngu með það fyrir augum að pína niður kaupið hjá íslenzkum flugmönnum og pína það fram, að þeir hafi miklu, miklu lægra kaup en aðrir flugmenn. Ég held þess vegna, að það þurfi gjarnan að athuga vel, hvernig þessir hlutir standa. Við verðum að gá að því, að það eru flugmennirnir, sem eru undirstaðan í þessu, og það eru flugmennirnir, sem hafa unnið upp Loftleiðir, og það er hæfni okkar flugmanna, sem við treystum fyrst og fremst á og gerir Ísland að einhverju leyti að miðstöð í þessu sambandi.

Þá komum við að því næsta. Hæstv. ráðh. lýsir því yfir í grg. fyrir þessu frv., að það sé þjóðarnauðsyn að leysa þetta. Vissulega er oft þjóðarnauðsyn að leysa verkföll, en það er hægt að leysa verkföll á margan máta. Hvernig stendur á, að hæstv. ráðh. kemur þá ekki hér með frv. um að fyrirskipa Loftleiðum að greiða þessum flugmönnum það, sem þeir hafa farið fram á, og setja síðan rannsóknarnefnd frá hálfu þingsins í það, — flugvélarnar ganga af fullum krafti á meðan, — hvernig þessu sé öllu saman háttað? Ætli það væri ekki eitthvað nær að fyrirskipa Loftleiðum undireins að greiða þetta á meðan og láta síðan rannsaka málin og láta flugmennina fá sitt og vélarnar þar með ganga, — ætli þeim væri ekki eitthvað skynsamlegra framferði í þessu? En hver er munurinn? Jú, hæstv. ríkisstj. finnst sjálfsagt að gera það hér öðru hverju, ef það eru starfsmenn, ef það eru verkamenn, ef það eru flugmenn, sem eiga í hlut, þá á að fyrirskipa þeim að vinna eins og þrælar ófrjálsir eftir gerðardómi. En auðmennirnir, eigendurnir, það má ekki skipa þeim að láta fyrirtækin ganga, láta rannsaka þeirra rekstur, en láta þau ganga þá með þeim kröfum, sem settar hafa verið fram. Af hverju að leysa þetta svona einhliða? Þessi hæstv. ríkisstj., sem þykist vera jafnvel eins og Sjálfstfl. stjórn allra stétta, af hverju á alltaf að leysa þessi mál einhliða með því að svipta verkamenn þeim rétti, sem þeir eiga, en þora ekki að blaka við auðmönnunum í slíku tilfelli? Hví ekki að breyta þessu frv. þannig, að Loftleiðum skuli fyrirskipað að ganga að þeim kröfum, sem flugmenn nú síðast hafa gert, og samtímis skuli sett rannsóknarnefnd til þess að athuga annars vegar sanngirni þessara krafna, hins vegar aðstöðu Loftleiða til þess að standa undir þeim? Ég vil minna á þetta vegna þess, að yfirstéttin okkar hér í Reykjavík á það til, án þess að þora nokkurn tíma að stinga hendinni í eigin barm, að vilja leysa allmörg mál með því að höggva svona á hnútinn. Það getur ekki gengið til lengdar, og ég skal koma að því síðar. Það, sem gerir, að samkeppnisaðstaða Loftleiða kann að versna, eins og hæstv. ráðh. var að minnast á, er stöðvunin, en ekki kaupmismunurinn, sem farið er þarna fram á. Það er margfalt meira tjón og hætta af stöðvuninni sjálfri heldur en þeim kröfum, sem flugmennirnir gera, og það var hægt að afstýra stöðvuninni með því að fyrirskipa Loftleiðum að halda áfram og láta rannsaka málið á meðan.

Þá kem ég í þriðja lagi að því spursmáli: Er meiningin hjá hæstv. ríkisstj. með þessu frv. að reka ýmsa af beztu flugmönnunum úr íslenzkri þjónustu? Því hefur verið lýst yfir, að flugmennirnir muni ekki una því að vinna undir gerðardómi. Hæstv. ríkisstj. á kannske ákaflega erfitt með að skilja þess háttar. Það eru nefnilega til Íslendingar, sem vilja ekki láta gera sig að þrælum og vilja ekki vinna sem þrælar, jafnvel þótt þeir væru hátt launaðir. Þeir vilja ekki vinna sem ófrjálsir menn, þeir vilja vinna frjálsir með þeim samningum, sem þeir gera, hvort sem þeir eru um há eða lág laun. Og við þykjumst svo sem þekkja fordæmin um það, hvernig hér er farið að af hálfu okkar yfirstéttar og hennar ríkisstj., þegar er búið að flæma Íslendinga úr ýmsum stöðum þannig. Maður þekkir það í sambandi við svokölluðu lausnina á verkfræðingadeilunni. Hvernig hefur það verið gert? Það hefur verið gert með því að ráða útlenda verkfræðinga, sem borgað hefur verið margfalt kaup, hvað eftir annað, alls konar sérfræðinga ríkisstj. í verk, sem íslenzkir menn gátu fullkomlega unnið. Þá er ekki spurt að því, ef útlendingar eiga í hlut, þá er ekki verið að skammta kaupið. En ef einhver Íslendingur gerist svo djarfur að ætla að fara fram á sæmilegt kaup, ég tala nú ekki um sambærilegt við þá útlendu starfsbræður hans, er gerðardómsöxin á lofti.

Það er bezt, að hæstv. ráðh. gefi yfirlýsingu um það, hvað hann hyggst fyrir í þessum efnum. Það er kannske allt í lagi frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj., ef íslenzkir flugmenn hætta að fljúga þessum vélum og þeir fari að vinna annars staðar og ef amerískir flugmenn eða einhverjir aðrir flugmenn fari að vinna með kaupi, sem flugmennirnir núna heimtuðu, — er máske allt í lagi fyrir Loftleiðir. Það væri gott að fá upplýsingar um þetta og það hér, áður en þetta mál fer lengra. Það er þess vegna nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. geri sér alveg ljóst, hvaða mál það er, sem hann er að leggja út í með þessu. Við erum búnir að missa nógu mikið af ýmsum lærðustu mönnum, sem við höfum haft hér á Íslandi, bæði vísindamönnum og lærðum mönnum í tæknilegum efnum, þannig að við eigum ekki að gera leik að því að halda slíku áfram að reka þá burtu og fara svo að ráða í staðinn fyrir þá margfalt dýrari erlenda menn. Ég held, að jafnvel okkar flugmenn, ekki aðeins við Loftleiðir, heldur líka hjá Flugfélaginu, hafi lagt mikið á sig öll þau ár, sem fluginu hefur verið að fleygja fram hérna heima og Ísland hefur verið að verða eins konar miðstöð stundum í því. Þeir hafa lagt mikið á sig, og þeir hafa allan tímann unnið fyrir miklu, miklu lægra kaup en erlendir stéttarbræður þeirra, svo að það er ekkert óeðlilegt, að þeir geri kröfur um, að

það sé farið að hækka eitthvað þeirra kaup, þegar við sjáum fram á það, að slík flugfélög eins og t. d. Loftleiðir standa sig mjög vel.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það í ræðu sinni hér áðan og talaði um, að það væri eiginlega alveg hjákátlegt, það hefði jafnvel komið fyrir í Ed., að menn færu að berja höfðinu við steininn, og hæstv. ráðh. talaði um, að menn væru að reka sig á staðreyndir, og talaði um, að það væri alveg nauðsynlegt að gera svona hluti, eins og að samþykkja þennan gerðardóm, til þess að forða frá vandræðum, og það var alveg greinilegt, að annar eins maður og sáttasemjarinn væri uppgefinn á þessu og þetta væri óleysanlegt með frjálsum samningum. Það er komið með alls konar svona „frasa", sem líka eru í grg. frv., og þessir „frasar" gefa okkur ástæðu til þess að fara að koma með nokkrar spurningar í sambandi við þessa hluti. Um staðreyndirnar er hægt að þrátta endalaust. Við erum hvað eftir annað í sambandi við þær almennu launadeilur búnir að fara fram á að fá ýmsar staðreyndir hér á Alþ. um, hvernig það stendur viðvíkjandi afkomu atvinnuveganna í landinu, og því er alltaf neitað, og hagfræðingar ríkisstj. dylja allar slíkar staðreyndir og hafa aldrei öll þessi ár fengizt til að koma með staðreyndirnar eða fengizt til þess að gefa tækifæri til þess að rannsaka þær, — aldrei. En þegar að hverju verkfalli kemur, er því undireins skellt fram: Ja, atvinnuvegirnir bera þetta ekki. — M. ö. o.: atvinnuvegirnir stöðvast, þjóðarheill er í veði, það verður að koma með gerðardóm. Og þessir „frasar", sem hæstv. ráðh. var með hér áðan, gefa okkur til kynna, að mál eins og þetta eigi að vera fordæmi fyrir lausn vinnudeilunnar í vor, og það er bezt, að hæstv. ríkisstj. horfist í augu við það, að við skiljum alveg, fyrr en skellur í tönnunum. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. þyki þægilegt að geta verið með áróður hér og segja, að það séu miklir hálaunamenn, tala um 40—50 þús. kr. á mánuði og annað slíkt, til þess að reyna að vinna á móti þeirra kröfum, og hæstv. ríkisstj. þykir það þægilegt að nota þetta mál þess vegna til þess að sýna, hvernig eigi að leysa málin. En ég vil vara hana við því.

Það voru flutt ýmis frv. af hálfu okkar þm. Alþb. nú í haust á þessu þingi, ýmis frv., sem gátu orðið til lausnar á vandamálum atvinnulífsins, m. a. kaupsamningum, ef þeim hefði verið sinnt. Nú er mánuður þangað til júnísamkomulagið er runnið út, og hæstv. ríkisstj. er búin að sitja aðgerðarlaus frá því í október í haust, og það er eins og hún sé fyrst að byrja þingið núna þessa dagana, þegar hvert frv. kemur fram á fætur öðru. Það að hafa setið aðgerðarlaus í allan vetur, á hvað bendir það? Það bendir á, að það eigi að taka svona lausn til þess að forða frá vandræðum og til þess að leysa það, sem sé óleysanlegt með frjálsum samningum eftir einn mánuð, þegar til þeirra almennu launadeilna kemur. Þess vegna verður hæstv. ríkisstj. að gera sér það ljóst, að af hálfu okkar, sem teljum okkur fulltrúa verkalýðssamtakanna, verður litið á þetta sem einhvers konar prófstein um, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að haga sér, og það er bezt fyrir hana að vera við því búin að taka upp og gefa sínar yfirlýsingar um, hvernig hún ætlar að leysa enn þá stærri deilumál en Loftleiða, sem fram undan eru, þegar við erum að ræða þessi mál hér. Og það er satt að segja til skammar fyrir hæstv. ríkisstj., að þegar verið er að ræða svona mál, skuli hæstv. samgmrh. eða landbrh. vera látinn hanga hér einn af hálfu ríkisstj. til þess að vera til andsvara, þegar það er þó vitað, að um stórkostlegt „prinsip"-mál er að ræða af hálfu verkalýðshreyfingarinnar.

Annars langar mig til að kasta þeirri spurningu fram til hæstv. ráðh., hvort hans eigin slóðaskapur í sambandi við útgáfu á reglugerð um vinnutíma hjá flugmönnum sé e. t. v. ein orsök þessarar vinnudeilu og hvort hann þurfi ekki að stinga hendi í eigin barm í sambandi við þetta. Við stóðum í nokkurri baráttu fyrir ári um að afgreiða lög viðvíkjandi flugmönnunum, og við fluttum hér viðvíkjandi flugvélum og þeirra öryggi ýmsir þm. þá allýtarlegar brtt. viðvíkjandi einmitt flugtímanum, til þess að reyna að tryggja ekki aðeins rétt flugmannanna, — það er raunverulega ekki eins mikið atriði, ekki nærri eins mikið atriði í þessu og öryggi farþeganna, — og ég man ekki betur en sumt af því, sem skynsamlegt var lagt þar til, hafi verið drepið hér í þessari d. þá, en hins vegar hafi hæstv. ráðh. verið gefin heimild til þess að setja reglugerð. Og ég heyrði það nú, og ég býst við, að það sé rétt, mér heyrðist það áðan, að sú reglugerð væri ekki einu sinni komin út enn þá, þannig að ef svo væri, að það væri rétt, að slík reglugerð væri ekki komin út enn þá, liggur sannarlega ekki á að fara að koma með svona frv. og fara að fela einhverjum gerðardómi að ákveða þann vinnutíma, sem Alþ. hefði átt sjálft að ákveða hér.

En ég vil segja það í sambandi við þessi mál, þegar okkar yfirstétt hér í Reykjavík og hennar ríkisstj. finnur upp á því að fara að leysa mál með gerðardómum, þá er ekki nema eðlilegt, að við komum með nokkrar spurningar og aths. á móti og krefjumst að fá að vita hitt og þetta um hennar eigin afstöðu. Það er greinilegt í sambandi við þetta mál, að það á að reka áróður með því, að þessir flugmenn séu svo hátt launaðir. Það er talað um 400, 500, 600 þús., sem þeir hafi í laun, og jafnvel reynt með undarlegum útreikningi, sem aldrei nokkurn tíma hefur þekkzt í sambandi við neinar vinnudeilur, að reyna að koma slíku upp í 800 þús. En við skulum nú láta hitt nægja, segjum 500—600 þús. kr. laun á ári.

Hér er um launþega að ræða í þessu sambandi, sem geta komizt upp í þetta. Hvað þýðir það í fyrsta lagi? Það þýðir, að þessir menn fá þetta allt gefið upp til skatts. Fyrir

okkar reykvísku yfirstétt er bezt að muna eftir því, þegar hún er að láta sín blöð og sína ríkisstj. vera með áróður í þessum efnum, að þar er verið að tala um 500—600 þús. kr. laun, sem séu gefin upp til skatts og skattur sé borgaður af. Það er verið að gefa til kynna með þeirri andakt, sem hæstv. ráðh. talar um, þessi háu laun, að þetta sé líklega eitthvað einstakt í okkar þjóðfélagi, að menn hafi svona tekjur. Og ég vil leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. um upplýsingar um það, hve mikið af mönnum hér í Reykjavík sé með tekjur upp á 500 þús. kr. og þar yfir, ekki eftir skattframtölum, heldur raunverulegar tekjur. Og ég held, að hæstv. ráðh. ætti að búa sig undir að leggja það fyrir þá n., sem þetta fer til, hve mikið af mönnum er með 500 þús. kr. tekjur í Reykjavík eða meira, og ég veit það, og ég veit, að hæstv. ráðh. veit það, og ég hygg, að flestir viti það, að það eru þúsundir manna hér í atvinnurekendastétt með þessar tekjur, sem þeir telja ekki fram til skatts, sem þeir þurfa ekki að borga 60% af, þegar það er komið upp yfir eitthvað ákveðið, heldur stinga svo að segja öllu undan með vitund hæstv. ríkisstj. (**Forseti:** Ég bið hv. 3. þm. Reykv. afsökunar á, að ég trufla ræðu hans. Ég vil spyrja hann, hvort hann treysti sér til þess að ljúka máli sínu á næstu 5 mín. eða svo.) — [Fundarhlé]

Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi taka skýrar fram, ef eitthvað hefði misskilizt í þeim.

Það var í fyrsta lagi viðvíkjandi því, ef þeir íslenzku flugmenn, sem nú á að reyna að binda með gerðardómslögum, skyldu hætta, eins og yfir mundi vofa, að þeir mundu ekki láta bjóða sér að vinna undir svona gerðardómi, þá mundi það þýða, að það yrðu ráðnir í staðinn flugmenn, að öllum líkindum fyrir miklu hærri kjör, miklu hærri kjör. Hæstv. samgmrh. gaf hér áðan þær yfirlýsingar, að flugmennirnir amerísku mundu hafa jafnvel allt upp í þreföld kjör á við það, sem íslenzku flugmennirnir fara fram á, þannig að það er alveg gefið mál, að þarna væri ekki um sparnað eða eitthvað slíkt að ræða fyrir Loftleiðir. Þetta mundi þýða, að það yrðu miklu meiri útgjöld, alveg eins og ríkið hefur haft reynsluna af, þegar það hefur þótzt vera að skakka leikinn í þessum málum með því að hindra t. d. íslenzka verkfræðinga í því að vera í þjónustu ríkisins og tekið svo í staðinn menn, sem hafa verið á margföldum launum, t. d. frá Bandaríkjunum.

Í öðru lagi vildi ég ítreka það, sem ég sagði áðan viðvíkjandi afstöðu hæstv. ríkisstj. og viðvíkjandi því, sem í flutningi þessa máls felst sem vísbending fyrir verkalýðshreyfinguna á næstunni. Hæstv. ríkisstj. er búin að láta þingið sitja aðgerðarlaust í allan vetur. Það hefur ekkert verið gert, ekki nokkur skapaður hlutur, af þessu þingi og þessari ríkisstj. til þess að reyna á einhvern hátt að undirbúa friðsamlega lausn á þeim deilum, sem verða í vor, — ekki nokkur skapaður hlutur. Hér er búið að flytja hvert frv. á fætur öðru frá því í okt. s. l. haust, og það hefur verið sýnt fram á það, þegar þau hafa verið flutt, að lausn á þessum málum gæti hjálpað til þess að leysa þessi mál í vor. Ekkert hefur fengizt. Sá aðili, sem hefur barið höfðinu við steininn, sá, sem hefur neitað að taka tillit til nokkurra staðreynda, er hæstv. ríkisstj. Hún hefur ekkert fengizt til að gera í þessum efnum. Og hvað gerir hún svo núna? Nú, þegar hún telur vera komin þinglok, setur hún fram þetta gerðardómsfrv. Og hvað á þetta gerðardómsfrv. að vera frá hennar sjónarmiði? Það á að vera vísbendingin um, hvernig hún ætli sér að leysa deilurnar í vor, sem hún hefur trassað að vinna nokkurn skapaðan hlut að því að leysa í allan vetur. Þetta á að vera litla tilraunin gagnvart þeim fáu, áður en stóraðgerðir eru gerðar gagnvart þeim mörgu.

Það hafa tveir hv. þm. minnzt á það hérna, hvort ríkisstj. hefði lært eitthvað af því, sem gerðist í nóv. 1963, þegar góðir menn komu viti fyrir hana og gerðardómsfrv. var stöðvað við síðustu umr. Jú, hún hefur lært, það er alveg greinilegt. Hún hefur lært það, að þegar að næstu vinnudeilu kemur, á ekkert þing að sitja. Það sat þing seinast, þegar gerðardómsfrv. átti að fara í gegn í nóvember. Og þá var hægt að koma viti fyrir hæstv. ríkisstj. Nú á að sjá um, að þing sé farið heim, og áður en það þing fer heim, ætlar ríkisstj. að sýna: Sjáið þið nú, hvað ég lagði hálaunamennina laglega. Ég ætla að láta það sama ganga yfir höfðingjana og alþýðuna. — Svo á að koma með gerðardóminn gagnvart almenningi. Röksemdirnar liggja fyrir í aths. við þetta frv. Það er þegar farið fram á miklar kjarabætur af hálfu alþýðu manna, það er vitað. Það er vissulega þjóðarnauðsyn að koma í veg fyrir stöðvun alls atvinnulífs á Íslandi, og það veldur vafalaust truflun á atvinnulífinu í landinu, að verkamenn hætti að vinna. Það er þess vegna alveg greinilegt í sambandi við frv. eins og þetta, að þetta á að verða tilraun um, hvernig eigi að leysa vinnudeilur. Þess vegna viljum við ekki þola það. Ef hæstv. ríkisstj. hefði haft einhverjar aðrar hugmyndir í þessu sambandi, hefði hæstv. ráðh. sagt í framsöguræðu: Það má engum manni detta í hug, að þetta frv. eigi að vera einhver hugmynd um, hvernig leysa skuli. Ríkisstj. hefur aldrei komið það til hugar. — Það má vel vera, að þeir finni upp á því núna á eftir að fara að gefa einhverjar yfirlýsingar. En við skiljum fyrr en skellur í tönnunum og höfum reynsluna af þessu. Ég býst við, að meiningin hjá hæstv. ríkisstj. sé að reyna nú að senda þing heim sem allra fyrst, reyna að kúska þetta frv. í gegn með sem mestum afbrigðum, senda síðan þing heim og varast, að Alþ. geri nokkurn skapaðan hlut, sem gæti orðið til þess að hjálpa til að leysa deilurnar í vor, ekkert nema gefa fyrirmynd um einn gerðardóm. Ég býst við, að þetta verði þess vegna eina tækifærið, sem þetta þing hefur til þess að krefja ríkisstj. um ýmsar upplýsingar í þessu sambandi.

Ég var kominn að því áðan, þegar frestun varð á fundi, að ég hafði borið fram fsp. um það, af því að ég skildi það greinilega á hæstv. ráðh., þegar hann var að tala um hinar háu tekjur flugmannanna, að það átti auðvitað að verða áróðursatriði, hvað þetta væru miklir hálaunamenn, og ég var búinn að bera fram fsp. um það, hvort hann vildi gefa okkur upplýsingar um, hve margir menn í Reykjavík hefðu þessar tekjur og miklu hærri. Og þá er ég ekki að spyrja um þær tekjur, sem taldar eru fram til skatts, heldur þær raunverulegu tekjur. Ríkisstj. á að geta gefið sínu þingi upplýsingar um þær raunverulegu tekjur, og ef hún er ekki fær um að haga þannig löggjöf í landinu, að hún geti lagt fyrir okkur raunverulegar tekjur atvinnurekendanna hér á Íslandi, þá hefur hún ekkert að gera með að vera ríkisstj., og hún er búin alveg nógu lengi að gefa alls konar loforð um slíkt, fá fram alls konar breytingar á skattalöggjöf og öðru slíku, og alltaf situr við það sama. Skattfrelsi yfirstéttarinnar er það sama og það hefur verið fram að þessu. Og svo þegar einhverjir launþegar dirfast að fara fram á það sem heildartekjur, að þeir hafi 5—6 hundruð þús. kr., og nokkrir hafa vissulega meira, síldarskipstjórar hafa meira, þegar vel gengur, og gefa það upp, en þegar launþegar fara fram á þetta, er það glæpur, þá á ríkið að grípa inn í með gerðardómi. En þegar atvinnurekendur í landinu hafa þessar tekjur, hvað er þá gert? Hvað gerir þá hæstv. ríkisstj.? Hún hjálpar þeim til að svíkja undan skatti. Ef þessi hæstv. ríkisstj. sér svona blóðugum augum eftir því, að flugmenn skuli fá 500—600 þús. kr. tekjur, veit hún þó a. m. k., ef hún tímir ekki að sjá af þessum tekjum, að þessar tekjur koma fram til skatts og þar fara a. m. k. vænar 200 þús. eða meira í skatta af því. En þegar einhverjir burgeisar, sem leggja vel í Sjálfstfl., hafa milljón króna tekjur og gefa upp 100 þús. kr. til skatts, er ekki verið að gera neinar ráðstafanir. Þá eru þvert á móti gerðar fyrst ráðstafanir viðvíkjandi hlutafélögunum, til þess að þau skuli fá fyrst að leggja svona og svona mikið af gróða í varasjóð, síðan skulu þau fá að reikna allar sínar veizlur og utanferðir og vitleysur til frádráttar sem kostnað, jafnvel allar auglýsingar í Morgunblaðinu líka. Og þegar þeir eru búnir að lifa þannig öllu sínu lúxuslífi og fá að draga þetta allt saman frá í skattframtali, er ósköp lítið eftir og lítill skattur af því. Og þetta skipuleggur ríkisstj. með skattalögunum og framkvæmdinni á þeim.

Ég ætla, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, — ætli það verði ekki hv. fjhn., — á samgmn. að fá það, — jæja, það eru vafalaust einhverjir góðir menn í samgmn. líka, sem gætu komið fram með spurningar í því sambandi. Það hefði nú legið enn þá nær, að fjhn. hefði reynt að rannsaka slíkt. Ég held, að það væri nauðsynlegt, að þetta tækifæri yrði notað til þess og það lægi fyrir, áður en þetta mál kemst til 2. umr., sem það líklega því miður kemst til, að það væri ekki aðeins verið að athuga launakjör og gefa yfirlýsingar um þau af hálfu ráðh. og annarra, heldur að það væru gefin upp gróðakjörin, gróðaaðstaðan og gróðinn, sem myndaður er á Íslandi, það sé ekki látin hvíla sú hula yfir því, sem venjulegt er, og þá ekki bara talað um það, sem kemur fram til skattsins. Ég held, að hv. samgmn., ef hún fær þetta mál til meðferðar, ætti að gera ráðstafanir til þess að krefja viðkomandi embættismenn og aðra slíka sagna í þessu sambandi.

Það hefur verið deilt allharðlega á hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum fyrir hennar skattapólitík, ekki síst fyrir það, hvernig hún hlífir burgeisunum, atvinnurekendunum og gróðamönnunum í landinu. Og eitthvað kipptist hæstv. ráðh. við út af þessu, og það var sett á nokkuð, sem hét skattalögregla. Ég held, að það væri ákaflega fróðlegt, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, kalli yfirmann skattalögreglunnar fyrir. Ég vil leggja nokkra áherzlu á það, vegna þess að ég er hræddur um, að ef það er meiningin hjá hæstv. ríkisstj. að fara að senda þingið mjög fljótt heim, þegar þetta væri búið, væri þetta, eins og ég sagði áðan, eina tækifærið, sem þingið hefði til þess að kryfja dálítið til mergjar gróðaaðstöðuna hjá íslenzkum atvinnurekendum. Ég held, að það væri gott, að þessi n. kallaði framkvstj. skattalögreglunnar fyrir og yfirheyrði hann nokkuð, yfirheyrði hann um það, hjá hve mörgum fyrirtækjum í Reykjavík bókhaldið hafi verið rannsakað nú, við hve mörg þeirra hafi verið samið í því sambandi, hve margir þeirra hafi e. t. v. hringt til ráðh. og kært út af því, að bókhaldið væri tekið, og hafi sloppið við þá á eftir. Ég vil óska, að það sé rannsakað almennilega, hvernig lög eru framkvæmd gagnvart yfirstéttinni í Reykjavík, þegar hún á í hlut. En það vantar ekki harðstjórnarlögin, ef það eru launþegar, sem eiga í hlut. Og ég held, að það væri rétt, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, láti athuga þetta alvarlega, gangi fram í þessu. Það er kannske búið að stöðva skattalögregluna og allar hennar aðgerðir. Það væri eftir öllu öðru. En ef hún er sem sé lifandi og starfandi, held ég, að ætti þá að kalla hennar yfirmann fyrir og yfirheyra hann nokkuð í þessu sambandi. Það gengur a. m. k. sú saga hér, að raunverulega hafi hæstv. fjmrh. orðið að hætta vegna skattalögreglunnar. Það þótti að vísu allslæmt, þegar söluskatturinn var settur á og þegar vandræðin voru út af skattinum í fyrra. En það voru launþegarnir, sem það bitnaði á, svo að þótt menn hafi orðið fyrir óvinsældum af slíku, er það náttúrlega ekkert voðalegt frá sjónarmiði yfirstéttarinnar í Reykjavík. En ef menn leyfa sér það að fara að láta skattalögreglu rannsaka burgeisana hérna í Reykjavík, þá náttúrlega eru menn orðnir þar með óhæfir, óalandi og óferjandi og geta ekki lengur átt sæti hér á landi. Ég skýt þessu svona inn í, af því að ég finn það á öllu saman, að þetta verða seinustu tækifærin í sambandi við vinnudeilumál, sem við höfum

til þess að reyna að hrista eitthvað ofurlítið upp í skattsvikakerfi yfirstéttarinnar hér í Reykjavík og reyna að skyggnast eitthvað ofurlítið inn í hennar gróðamyndun, á sama tíma sem hún gerir þær kröfur eða þá hæstv. ráðh. hlaupa fram fyrir skjöldu hjá henni og gera harðstjórnarráðstafanir, svo framarlega sem launamenn eiga í hlut. Ég býst a. m. k. við, þegar borin er saman aðstaða, — við skulum bara taka Loftleiðir sem hlutafélag og starfsmannanna hjá Loftleiðum, — mér hefur oft dottið það í hug, ef hver einasta fjölskylda hér á Íslandi væri gerð að hlutafélagi og hún fengi að draga sinn kostnað frá, áður en hún á að borga skattana, þá færu skattarnir að léttast á launþegum á Íslandi. En hlutafélögin eru látin draga frá í varasjóði og kostnað og allt mögulegt slíkt og fyrst þegar er orðið afgangs, hvað gróði er, kemur skatturinn, og fer jafnvel allmikið af gróðanum, án þess að það sé skattlagt. Það er rétt að minna á þetta, um leið og verið er að gera svona mikið úr því, ef það eru launþegar, sem hafa tekjur, sem geta orðið 500 eða 600 þús. kr., og verða náttúrlega að borga í skatta af því yfir 200 þús., eða ég veit ekki, hvað mikið það er, það er a. m. k. ekkert smáræði. Og samanborið við það, sem hlutafélögin borga, og það, sem helztu gróðamenn Reykjavíkur gefa upp, er það ekkert smáræði. Þess vegna held ég, að það sé alveg nauðsynlegt í sambandi við þær umr., sem nú fara fram um þetta gerðardómsfrv., að það verði reynt að kryfja til mergjar, hvernig þessi mál standa, ekki bara hvað snertir Loftleiðir, heldur líka hvað snertir yfirleitt aðstöðu yfirstéttarinnar í Reykjavík og pólitík ríkisstj. Ég held, að það verði að taka þetta mál þannig að tryggja það, að umr. knýi fram þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. er reiðubúin til þess að gefa nú. Við höfum satt að segja þá reynslu, að það séu skrambi litlar upplýsingar, sem hún vill eða getur gefið, þegar vinnudeilur standa yfir.

Að síðustu: Menn hafa talað hér mikið um, hve Íslendingar væru stoltir af Loftleiðum, hvað það væri ákaflega hart, að Loftleiðir skuli stöðvast. Það er nú þegar búið að benda á ráð til þess að koma í veg fyrir það. Það er bara að skipa Loftleiðum að borga það kaup, sem nú er samið um, þá fer þetta af stað strax. Og ég vil taka undir það, að það eru vissir hlutir, sem menn eru mjög stoltir af í þessu sambandi, og verkalýðssamtök Íslands hafa mjög sýnt það í verki líka. En það, sem við erum fyrst og fremst stoltir af, er, að það skuli vera íslenzkir menn, sem stýra þessum flugvélum þá gömlu leið eða svo að segja yfir Atlantshafið, sem okkar forfeður fóru fyrstir Evrópumanna fyrir 1000 árum, að það skuli hafa tekizt vegna starfshæfni íslenzkra flugmanna að byggja upp slíkt fyrirtæki eins og Loftleiðir eru, og ég held, að það sé óhætt að segja, að það hafi verið flugmennirnir, sem hafi byggt það fyrirtæki upp. Það, sem við erum stoltir af, eru flugmennirnir og þeirra hæfni, en ekki t. d. lúxusvillur forstjóranna suður á Arnarnesi. Og það væri kannske ekkert fjarri, að hann upplýsti í því sambandi, hæstv. ráðh., sem vill svo gjarnan upplýsa um flugmennina, hann upplýsti okkur, hverjar eru tekjur forstjóranna hjá Loftleiðum og hvernig væru efni á, ef tekjurnar eru ekki mjög miklar og koma allar fram og verður að borga skatta af þeim, að leggja í slíka hluti eins og þar er verið að leggja í. Það er hægt að storka á margan máta. Þeir verkamenn, sem eiga fram undan að þurfa kannske að lenda í harðvítugri og langri vinnudeilu vegna skilningsleysis hæstv. ríkisstj., munu líta augunum til þeirrar lúxusvillu, sem verið er að reisa, 320 fermetra eða hvað það nú er, villu upp á milljónir, meðan verkamennirnir eru sjálfir í hættu að tapa þeim litlu íbúðum, sem þeir eiga. Það er þess vegna bezt, þegar farið er að ræða hér upplýsingar og gefa slíkt upp, að við fáum upplýsingar um alla þessa hluti líka hjá hæstv. ráðh. Og ég vona, að hann hafi tekið eftir, að ég sagði tekjur, ekki bara það, sem er gefið upp til skatts.

Ég held þess vegna, að í sambandi við þetta mál verði þetta tvennt að ræðast niður í grunn, sem ég gat um í upphafi míns máls. Annars vegar sérstaklega, hvað snertir Loftleiðir, þeirra rekstur, þeirra samninga og annað slíkt og þann skort á forsjálni, sem ég átaldi í upphafi míns máls, að hafa ekki samið um þetta, áður en þessar Rolls Royce vélar eru keyptar, sem virðist benda til þess, að menn gangi út frá því, að það sé aðeins fjármagn, sem þurfi til að reka fyrirtæki, en ekki vinnuafl, og það er mikil yfirsjón, ef menn eru búnir að gleyma því. Menn skulu ekki gera allt úr peningum. Það er hæfni mannanna, sem fyrst og fremst þarf. Það er annars vegar þetta, sú praktíska hlið, sem snýr að Loftleiðum, þeirra rekstri og þessari sérstöku deilu, sem þarna er staðið í, og hvernig hana skuli leysa, og hins vegar það, sem snertir almennt málið að leysa vinnudeilu með gerðardómum, og það mun að mínu áliti í þessum umr. ekki verða minna mál en hitt, og er hitt þó nógu stórt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að ógilda löglega boðað verkfall og löglega háð verkfall flugmanna. Enn fremur er gert ráð fyrir í þessu frv., að launa- og kjaramál flugmanna í sérstökum tilfellum skuli ákveðin af gerðardómi. Hér er því gert ráð fyrir afbrigðilegum afskiptum ríkisvaldsins af vinnudeilum. Skýringar hafa verið gefnar á því hér, hvers vegna nauðsynlegt hefur þótt að grípa inn í þessa vinnudeilu á þennan afbrigðilega hátt. Hæstv. flugmálaráðh., sem hér talar fyrir þessu máli fyrir hönd ríkisstj., hefur sínar skýringar. Og hverjar eru þær? Hvernig stendur á því, að það þarf að snúast við þessari vinnudeilu á annan hátt en lög landsins gera ráð fyrir um vinnudeilur yfirleitt? Jú, skýringar hæstv. ráðh. eru þær, að Loftleiðir h/f í þessu tilfelli verði fyrir tilfinnan-

legu tjóni af verkfallinu. Í öðru lagi segir hæstv. ráðh., að Loftleiðir verði fyrir verulegum álitshnekki, m. a. erlendis. Og í þriðja lagi er svo það tekið fram af hæstv. ráðh. og í grg. frv., að það sé þjóðarnauðsyn að leysa þessa deilu sem fyrst. Ég verð nú að segja það, að mikið þykir mér þessar skýringar vera almenns eðlis og væru líklegar til þess að geta gilt um hvaða vinnudeilu sem væri, og er því í rauninni alveg ófullnægjandi skýring frá hæstv. ráðh. að telja upp atriði eins og þessi til þess að réttlæta það, að hér eigi að fara með þetta mál eftir öðrum leikreglum en landslög hafa gert ráð fyrir í slíkum tilfellum sem þessum.

Hér er ekki um nein afbrigðileg rök að ræða. Auðvitað er enginn vafi á því, að sérhver vinnuveitandi, sem verður fyrir því, að verkfall er gert á hann, verður fyrir einhverju tjóni, meira eða minna. Á því er auðvitað heldur enginn vafi, að í fjöldamörgum tilfellum verða vinnuveitendur fyrir álitshnekki, m. a. hjá sínum viðskiptaaðilum, þegar þeir lokast inni í verkfalli með einum eða öðrum hætti. Hvað halda menn t. d. um það, þegar verkfall stöðvar siglingaflota okkar, t. d. skip Eimskipafélags Íslands? Ætli það standi ekki eitthvað svipað á? Eða hvað halda menn, að sé t. d. um þau stóru samtök hér í landinu, sem standa fyrir því að selja til útlanda fiskafurðir okkar, gera fyrir fram samninga, lokast inni síðan í verkföllum og geta ekki staðið við gerða samninga? Vitanlega verða allir þessir aðilar ýmist fyrir álitshnekki í sambandi við þá samninga, sem þeir hafa gert, eða þeir verða fyrir beinu tjóni. Þetta er hin almenna niðurstaða, sem yfirleitt verður í slíkum tilfellum sem þessum. Þessi deila er ekkert sérstakt í þeim efnum.

Þá er talað um það, að það sé þjóðarnauðsyn að leysa þessa vinnudeilu. Er meiri þjóðarnauðsyn að leysa þessa vinnudeilu en allan þorrann af vinnudeilum? Mundi t. d. hæstv. ráðh., sem hér talar fyrir þessu frv., leggja í það að halda því fram, að það væri meiri þjóðarnauðsyn að leysa þessa vinnudeilu nú á þessari stundu heldur en t. d. að leysa vinnudeilu, sem yrði, þegar samningarnir renna út á komandi sumri, 5. júní, og mundi, ef til verkfalla leiddi, stöðva allan síldveiðiflota landsmanna? Ætli það væri ekki þjóðarnauðsyn í því tilfelli að reyna að leysa deiluna? Ég held það. Og ég held, að þannig sé þessu varið í langflestum tilfellum, þegar um vinnudeilur er að ræða, að vissulega er nauðsynlegt að reyna að leysa deiluna. En okkar landslög hafa gert ráð fyrir því, að til slíkra deilna geti komið, og okkar lög hafa lagt sérstakar reglur fyrir um það, hvernig við slíku skuli brugðizt. En þá er um það að spyrja í rauninni í þessu tilfelli: Er þá hér um svo lítilvægt mál að ræða í sjálfu sér, að það sé í rauninni ekki ástæða til þess, að deila þurfi að rísa upp um flutning á slíku frv. sem þessu, þar sem gert er ráð fyrir því, að launakjörin skuli úrskurðuð af sérstökum gerðardómi? Nei, hér er ekki um neitt smámál að ræða, það veit hæstv. ríkisstj. mætavel, hér er ekki um nýtt mál að ræða. Hliðstæð mál hafa verið flutt áður, og ríkisstj. veit það mætavel, að hér er einmitt komið að einu því máli varðandi lausn á launa- og kjaradeilum, sem launþegasamtökin í landinu eru hvað andvígust. Þau hafa alltaf mótmælt því harðlega, að vinnudeilur væru leystar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Hér er því ríkisstj. með því að flytja þetta frv. á sérstaklega viðkvæmum tíma varðandi lausn á kjaramálum í landinu yfirleitt að fitja upp á máli, sem hún veit, að svo að segja öll launþegasamtökin í landinu standa sem veggur á móti. Það er því engu líkara en ríkisstj. sé að egna launþegasamtökin í landinu með því að bregðast á þennan hátt við þessari deilu, sem hér er gert.

Það hlýtur líka að vakna sú spurning í sambandi við þessi viðbrögð ríkisstj. og þau rök, sem hún reynir nú að tefla fram í málinu: Er þá í rauninni ekki alveg augljóst mál, að það er útilokað með öllu að heimila yfirleitt nokkurn tíma verkfall t. d. hjá Loftleiðum? Veldur stöðvun í öðrum tilfellum hjá Loftleiðum félaginu ekki tjóni og álitshnekki? Er ekki með þessu í rauninni verið að halda því fram, að það verði gjörsamlega að svipta það fólk allt, sem hjá þessu fyrirtæki starfar, verkfallsrétti, ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur í öllum tilfellum, því að ég get ekki séð nokkurn mun á því nú í þessu tilfelli og í öðrum, engan?

Ég sagði hér fyrr í minni ræðu, að löggjafinn hafi gert ráð fyrir því, að til vinnudeilna gæti komið, ef ekki tækjust samningar með eðlilegum hætti á milli vinnuveitenda og launþega. Í þeim lögum, sem marka þar meginstefnuna, er beinlínis gert ráð fyrir því, að með tilteknum hætti geti stéttarfélag boðað verkfall til þess að reyna að koma kröfum sínum fram. Í þeim lögum er einnig gert ráð fyrir því, að sérstakur sáttasemjari ríkisins eigi að skipta sér af samningunum. Í þeim lögum er einnig gert ráð fyrir því, að sá sáttasemjari geti þurft að leggja fram sérstakar sáttatillögur, sem eigi að bera undir atkvæðagreiðslu hjá viðkomandi deiluaðilum. Okkar löggjöf gerir því fyllilega ráð fyrir því, hvernig fara skuli að í vinnudeilum, og meginkjarninn í þessari löggjöf byggist á því, að það eigi að leggja sig fram um það að reyna að ná samningum á milli aðila. Það er vitanlega vegna þess, að menn hafa slegið því föstu gegnum langan lærdóm í þessum efnum, að það er hollast og bezt, að þessir aðilar geti samið um slík mál sem þessi, þ. e. a. s. launa- og kjaramálin. Það er ábyggilegt, að þeir aðilar, sem ekki geta samið um launa- og kjaramálin, heldur þurfa á ytri aðstoð að halda til þess að lögþvinga eitthvað fram, munu ekki heldur geta unnið saman, þegar til lengdar lætur. Af því er það, sem gert er einmitt ráð fyrir, að þannig sé haldið á málunum, að það skapist eðlilegt aðhald að báðum aðilum, bæði launþegum og eins vinnuveitendum, í slíkum málum sem þessum, að þeir verði að sýna ákveðna ábyrgð

og taka á sig ákveðnar skyldur einmitt í sambandi við það, hvernig eigi að leysa þessi mál.

Auðvitað fer enginn launþegi í verkfall að tilefnislausu. Verkfall er ekki aðeins fórn fyrir þann vinnuveitanda, sem verður að standa frammi fyrir verkfalli. Verkfall er vitanlega fórn líka fyrir þann launþega, sem verður að leggja niður vinnu og hætta að taka kaup. Og auðvitað er gert ráð fyrir því, að hver einstakur launþegi hugsi út í þessa staðreynd, og auðvitað er líka gert ráð fyrir því, að hans félagssamtök, sem viðurkennd eru í vinnulöggjöfinni, séu líka ábyrgur aðili, sem hugsi út í það, um hvað er að tefla. Og á sama hátt er þetta vitanlega hjá vinnuveitandanum. Hann verður vitanlega að hugsa um rekstur sins fyrirtækis og hag þess, og hann getur ekki staðið tillitslaust í verkfalli og látið rekstur sinn falla niður. Á þann hátt á vitanlega í gegnum samningaleiðina að pressa báða aðila til þess að mætast við samningaborðið á eðlilegan hátt og ljúka þeirri athöfn með eðlilegum samningi, með því, sem við köllum frjálsa samninga. En það er auðvitað ekkert nýtt fyrirbæri hjá okkur, að sérstaklega atvinnurekendur í vissum tilfellum vilja reyna að komast undan þessum vanda. Þeir vilja að vísu geta notað viss ákvæði vinnulöggjafarinnar, þau ákvæði vinnulöggjafarinnar, sem eiga að skapa aðhald og vissa ábyrgð á hendur launþegasamtökunum. En þeir hugsa sér, ef þeir sérstaklega hafa ríkisstj., sem þeir álíta, að þeir geti hreyft til eins og þeim þóknast, þá vilja þeir skjóta sér undan sínum vanda og óska eftir því, að ríkisstj. leysi þá úr öllum vanda og höggvi á hnútinn á svipaðan hátt og hér er lagt til.

Það er vitanlega alveg augljóst mál, að í þessu tilfelli hafa grundvallarreglurnar, sem gert er ráð fyrir að vinna út frá í okkar vinnulöggjöf, verið brotnar. Hér hafa ekki farið fram samningar með eðlilegum hætti á milli beggja aðila.

Það kemur hér fram, að verkfall hafi skollið á 3. apríl. 20. sama mánaðar, 20. apríl birtist hér á Alþ. þetta frv. Það er því alveg gefið mál, að ríkisstj., sem þarf vitanlega að halda fund um málið, kannske meira en einn fund um svona mál, hefur því tekið sína ákvörðun líklega 18.—19. Það kemur þá í ljós, að það hefur verið á páskadag eða annan páskadag. Kannske hún hafi þá tekið sína ákvörðun rétt fyrir páska. Verkfallið hefur varla verið búið að standa meira en tvær vikur, þegar ríkisstj. er búin að taka ákvörðun um það að skerast í leikinn. Og það er upplýst, að hvorugur aðilinn, hvorki Loftleiðir né heldur Félag flugmanna, hefur óskað eftir þessum afskiptum ríkisvaldsins. Hvorugur aðilinn hefur óskað eftir þeim. Það liggur einnig fyrir, að sáttasemjari ríkisins hefur ekki séð ástæðu til þess á þessu stigi málsins að leggja fyrir almenna sáttatillögu til atkvæðagreiðslu hjá báðum aðilum. Þetta er þó alveg viðtekin regla og beinlínis gert ráð fyrir þessu í vinnulöggjöfinni. Nei, málið var ekki komið svo langt. Og ríkisstj. hafði ekki heldur séð ástæðu til þess, sem í mörgum öðrum tilfellum hefur verið gert, að óska eftir því, að sett yrði sérstök sáttanefnd til aðstoðar sáttasemjara ríkisins. Nei, yfir allt þetta er stigið. En ríkisstj. er ákveðin í því að skerast í málið á þann hátt, sem þetta frv. ber vott um. Hún er ákveðin í því að slá því föstu í þessu tilfelli að svipta flugmennina þeim rétti, sem þeim var þó veittur samkv. vinnulöggjöfinni eins og öðrum þeim, sem í stéttarfélögum eru.

En þá er komið að hinu atriðinu, sem hæstv. samgmrh. lætur hér í skína, að komið hafi verið í þessu tilfelli í algert óefni og því sé hér í rauninni um nauðungarráðstöfun af hálfu ríkisvaldsins að ræða. Ég held, að það liggi nú nokkuð ljóst fyrir, að þarna er um algeran fyrirslátt að ræða. Hér var ekki komið í nein þrot í þessum efnum. Það var ekki búið að reyna á eðlilegan hátt á samningsvilja aðila. Það var ekki búið að gera þeim það nægilega ljóst, að á þeim hvíldi ákveðin ábyrgð og skylda í þessum efnum, og það var því ekki búið að fullnægja grundvallarreglum okkar vinnulöggjafar að reyna að knýja það fram, að samningar gætu átt sér stað. Mín skoðun er sú, að þvert á móti séu allar líkur til þess, að hefði verið haldið áfram á eðlilegan hátt, hefðu samningar náðst. Maður skyldi næstum halda það, að í þessu tilfelli væri stéttarfélag flugmanna, því að það leynir sér nú ekki, að að því félagi er spjótunum beint í þessum efnum, það er greinilega sökudólgurinn í þessu, eins og málið hefur verið flutt af þeim, sem til þess grípa að vilja leysa málið á þennan hátt, — maður gæti næstum haldið það, að sú skoðun væri uppi, að flugmenn eða stéttarfélag þeirra í þessu tilfelli væri miklu óábyrgara en önnur stéttarfélög, það væri ekki hægt að treysta því fyrir þessum þýðingarmikla rétti, sem verkfall er, og að fylgja þeim reglum, sem markaðar eru í vinnulöggjöfinni.

Svipað þessu kom hér fram í öðru tilfelli viðvíkjandi sérmenntuðum mönnum. Það var í sambandi við íslenzka verkfræðinga. Þar greip ríkisstj. inn í á alveg óeðlilegan hátt og svipti þá þeim réttindum, sem aðrir landsmenn hafa. Og það vill nú reyndar einnig þannig til, að það var sami hæstv. ráðh., sem stóð fyrir því. Því var beinlínis haldið hér fram, að það væri ekki hægt að trúa þessum mönnum fyrir þessum almennu réttindum, því að þeir misnotuðu réttindin svo. Ljótt er það, ef það er svo, að þær vinnustéttir í okkar landi, sem eru sérstaklega vel menntaðar, langskólagengnar, sérmenntaðar, þær sem menn á ýmsum tyllidögum nú á dögum tala mjög hátíðlega um, að öll framtíð þjóðarinnar velti fyrst og fremst á, — ef þessar stéttir eru einmitt þannig gerðar, að það sé ómögulegt að trúa þeim fyrir almennum mannréttindum, sem hefur þótt sjálfsagt að veita öðrum. Þá horfir eiginlega ekki glæsilega að standa fyrir því að ala upp meira af slíku fólki, ef ekki er hægt að búast við álíka ábyrgð af því og af hin-

um almenna borgara. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að það er eins hægt að semja á eðlilegan hátt, bæði við íslenzka verkfræðinga og íslenzka flugmenn, eins og við annað starfsfólk í landinu, ef að því er farið með eðlilegum hætti. En bolabrögð á svipaðan hátt og hér eru viðhöfð, þau vitanlega eru öllum til ills í þessum efnum. Eða hver varð reynslan í sambandi við bolabrögð ríkisstj. gagnvart íslenzkum verkfræðingum? Reynslan hefur orðið sú, að þjóðin hefur tapað mörgum tugum verkfræðinga úr landi, og þær stofnanir ríkisins, sem sérstaklega þurfa á verkfræðingum að halda, eru svo að segja verkfræðingalausar nú og geta ekki staðið undir þeim verkefnum, sem þær áttu að standa undir og höfðu áður staðið undir. Nú hefur þurft að fara bakdyraleiðina til þessara manna, til þess að komast fram hjá þeim ofbeldisreglum, sem ríkisstj. hefur sett í þessum efnum, þurft að taka þá til starfa einnig í beinni þjónustu ríkisins með öðrum hætti en áður var, og þá gátu þeir vitanlega fengið laun greidd a. m. k. eins há og þau, sem þeim var bannað að taka eftir réttum leikreglum. Það skyldi þó ekki fara svo hjá okkur, að með því að beita íslenzka flugmenn slíkum ofbeldisaðgerðum eins og hér er stefnt að, yrði niðurstaðan eitthvað svipuð, að þeir neituðu, eins og hér hefur verið upplýst, að vinna samkv. launa- og starfskjörum, sem þeim væru úrskurðuð af slíkum gerðardómi sem þessum, og þeir notuðu síðan sína alþjóðlegu menntun svipað og verkfræðingarnir og leituðu annað. Þá hefði flugmálaráðh. loksins unnið heldur óheppilegt verk fyrir þjóðina.

En eins og hér hefur verið bent á, er þetta mál ekki einungis varðandi samtök flugmanna. Hér er auðvitað um stefnumarkandi mál að ræða í sambandi við lausn vinnudeilna í landinu, því að það væri vitanlega blindur maður, sem ekki sæi það, að eins og hægt er að fara þessa leið gagnvart einu stéttarfélagi, er vitanlega í vissum öðrum tilfellum hægt að nota sömu leiðina gagnvart öðrum. Og við efumst ekkert um, að það eru til þau öfl innan ríkisstj. og þau mörg, sem styðja stjórnina, sem eggja hana í sífellu til þess að nota einmitt þessa leið út úr öllum vanda. Og ríkisstj. hefur sýnt það hvað eftir annað, að hún hefur einmitt fallið fyrir þessum áeggjunum þessara manna og flutt hér á Alþ. till. í þessa átt, þótt hún hafi stundum verið rekin til baka aftur. Hér er því um stefnumarkandi mál að ræða. Hér er í rauninni í sambandi við afgreiðslu þessa máls ekki verið að deila um launakjör flugmannanna, það er ekki verið að deila um það, hvort er sanngjarnara, að flugstjórar í hæsta launaflokki hafi 40 eða 50 þús. kr. á mánuði. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um hitt, hvort það telst nú vera nauðsynlegt að svipta stéttarsamtök flugmanna þeim almennu réttindum til þess að standa að samningum, sem önnur stéttarfélög í landinu hafa. Um það snýst deilan.

Það er vitanlega ekkert nýtt atriði í svona deilum eins og þessum, að það sé slengt fram hvers konar tölum um kaupkröfur aðila, sem standa í vinnudeilum. Verkamenn hafa aldrei svo sett fram sínar kröfur, að það hafi ekki birzt í þeim blöðum, sem eru þeim óvinveitt, hinar hrikalegustu tölur um þeirra kröfur. Fólk ætlar varla að trúa því, að svona mikil ósvífni geti verið til staðar, þegar það sér þessar tölur uppfærðar. En það skal líka játað, að oft og einatt eru kröfur hjá næstum að segja öllum stéttarfélögum, sem settar eru fram við samningsborðið í upphafi samninga, æðiháar. Það er eins og þær hafi oft og tíðum verið settar fram með það í huga, að þær mundu lækka eitthvað í meðferðinni við samningaborðið. Því er það, að tölur, sem er verið að slengja hér fram, bæði í þessum umr. og í skrifum um þetta mál, útreiknaðar af vinnuveitendum um það, hvað ýtrustu kröfur flugmanna í þessu tilfelli séu nú háar, segja ekki nema sáralítið um innihald málsins. Meira að segja halda menn áfram þessari blekkingastarfsemi á þann hátt, að hér í þessum umr. margendurtaka menn þær kröfur, sem settar höfðu verið fram fyrst í deilunni, en búið er að falla frá fyrir löngu og gera aðrar kröfur miklu lægri. En samt þykir auðvitað sjálfsagt að endurtaka í sífellu hæstu töluna, sem menn geta með einhverju móti fundið, en deilan vitanlega snýst ekki um á neinn hátt.

Mér sýnist á því, sem hér hefur verið sagt, að málið hafi þó verið komið þannig, að þar sem deilt var um hæstu laun, hafi ekki skakkað nema eitthvað 7—8 þús. kr. á mánuði á milli deiluaðila. Ekki dettur mér í hug að trúa því, að það hefði ekki verið hægt að finna lausn á slíku, ef haldið hefði verið áfram á eðlilegan hátt og hefðu vinnuveitendurnir í þessu tilfelli ekki vitað, að þeir gátu fengið ríkisstj. til þess að snúast þannig við málinu eins og nú hefur verið gert.

Ég held, að það sé meira en svo kominn tími til þess, að hæstv. ríkisstj. geri sér fulla grein fyrir því, að þess háttar vinnubrögð sem hér eru viðhöfð í sambandi við lausn á kjaradeilu fá ekki staðizt. Hún á að hætta slíkum vinnubrögðum. Þau gera aðeins illt verra.

Ég mun ekki hér í þessum umr. fara að þreyta kapp við einn eða neinn varðandi launakröfurnar sjálfar, sem settar hafa verið fram í þessari deilu. Fyrir mér er sá hluti þessa máls aukaatriði við afgreiðslu þessa frv. Frv. snýst, eins og ég hef tekið fram, í rauninni um allt annað. Hér er verið að taka afstöðu til alveg stefnumarkandi máls, hvernig á að bregðast við í sambandi við lausn á vinnudeilum yfirleitt. En það er kannske í þessu máli eins og stundum áður, að hæstv. ríkisstj. er komin út í ógöngur og hún treystir sér ekki til þess að snúa til baka, jafnvel þó að hún sjái það nú, að hún hefur valið ranga leið. En ég held samt, að þegar allar líkur benda til þess, að þetta mál muni leiða til þess, að flugmennirnir neiti að starfa samkv. þeim kjör-

um, sem ákveðin yrðu af gerðardómnum, og það mundi þá leiða til þess, að við töpuðum þessum ágætu starfskröftum um lengri eða skemmri tíma, þá hygg ég, að ríkisstj. sjái, að hér geti verið mikill vandi á höndum og það getur orðið mesti bjarnargreiði fyrir Loftleiðir að knýja þetta fram. Ég get ekki heldur neitað því, að mér kemur til hugar, að hér séu kannske ekki Loftleiðir einar á ferðinni. Ég tek eftir því, að svo er frá skýrt í bréfi frá stjórn Félags ísl. atvinnuflugmanna, þar sem skýrt er frá þessum samningsviðræðum, að þetta félag hafi átt viðræður nokkrum sinnum við fulltrúa Loftleiða og Vinnuveitendasambandsins, og ég hygg, að það muni vera rétt, að Vinnuveitendasambandið hafi komið þarna nokkuð nærri, en það er einmitt sama Vinnuveitendasambandið, sem er nú að reyna að búa sig í stakkinn til átakanna í vor. Það hefur ekkert farið leynt, að Vinnuveitendasamband Íslands hefur gjarnan viljað leysa allar vinnudeilur einmitt á þennan hátt, og við höfum mörg dæmi um það, að vinnuveitendur í landinu hafa beinlínis tekið það fram, að þeir hafi verið reknir áfram af Vinnuveitendasambandinu til þess að standa að ákveðnum kjörum og reglum, sem þeir annars voru ekki svo hrifnir af. Það skyldi þá ekki vera þáttur Vinnuveitendasambandsins, sem einnig hefði haft nokkur áhrif á forustumenn Loftleiða í þessum efnum að fara á þann hátt út í deiluna, sem hér er gert og mér er ómögulegt að sjá annað en hljóti að verða Loftleiðum til mikils tjóns, eins og á málinu er haldið.

Ég vil að endingu beina þeim orðum til hæstv. ráðh., að hann íhugi nú sitt mál vandlega, úr því sem komið er í þessu máli. Hann hefur ekki lakara fordæmi í nokkuð hliðstæðu tilfelli en það, að á meðan Ólafur Thors var hér aðalforsvarsmaður hans flokks á Alþ., var hann a. m. k. nægilega stór maður til þess í svipuðu tilfelli og hér um ræðir að láta niður falla kröfuna um valdbeitingu. Ég held, að hæstv. ráðh., sem stendur að flutningi þessa frv., geti farið hér nákvæmlega sömu leið, hann geti hætt við að láta gera þetta frv. að lögum og hann geti enn þá snúið sér til beggja deiluaðila og sagt við þá, að það sé hans krafa, að þeir snúi sér nú að samningunum í fullri alvöru og reyni að leysa málið með frjálsum samningum, því að það efast ég ekkert um, að hæstv. ráðh. viðurkenni eins og flestir aðrir, að þeir aðilar, vinnuveitendur og launþegar, sem ekki geta samið um launakjör og starfskjör sín á milli með eðlilegum hætti, munu ekki heldur geta unnið saman til neinnar frambúðar með eðlilegum hætti. Það mun eins gilda um þessa aðila og aðra, þessi almenna regla, og því er það alveg nauðsynlegt, að staðið sé eins fast á þessari reglu að halda við frjálsa samninga og hægt er og forðast lagaleg afskipti ríkisvaldsins af deilum, sem ekki er þörf á að grípa inn í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EI, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, SB.

nei: EOl, GeirG, SJóh, VH, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki nóg með, að þetta frv. sé hneyksli í sjálfu sér, heldur er líka þessi 1. umr. þess orðin hreint hneyksli hér í deildinni, þar sem hæstv. ráðh. hefur látið sig hafa það, eftir að hafa verið krafinn upplýsinga um ýmsa hluti í sambandi við þetta, að steinþegja við öllu slíku. Ég álít þess vegna, að það beri að fella þetta mál nú þegar við 1. umr., og segi þess vegna nei.

Frv. vísað til samgmn. með 23:9 atkv.

Á 78. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 508, n. 572 og 578).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. d. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum í morgun. N. bauð á þennan fund fulltrúum frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiðum h/f. Enn fremur mætti flugmálastjóri á þessum fundi n.

Deiluaðilar Loftleiðadeilunnar skýrðu sjónarmið sín og svöruðu fsp. frá nm. Flugmálastjóri upplýsti m. a., að unnið væri að setningu reglugerðar um vinnutíma flugmanna í samræmi við hin nýju loftferðalög og mundi þeim undirbúningi sennilega lokið á næstu 6 mánuðum.

Rökin fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, hafa verið margrædd og verða því ekki endurtekin hér að sinni. Meiri hl. samgmn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Réttur launamanna til frjálsra samninga hefur til þessa verið talinn friðhelgur réttur. Svo hefur verið litið á af launþegum sjálfum og öllum sanngjörnum mönnum. Hins vegar ætla ég ekki að fullyrða, að hæstv. ríkisstjórn og hennar fylgismenn telji þennan rétt sérstaklega friðhelgan þessa dagana. En hvers vegna líta menn svo á, að þessi réttur sé friðhelgur? Hvers vegna líta menn svo á, að það beri að virða svo þennan rétt? Ég ætla, að það sé fyrst og fremst vegna þess, að þessi réttur er eitt aðaltæki launþeganna til þess að koma sínum málum fram, þegar til átaka kemur eða deilna. Þetta er eina leiðin, sem þessir menn hafa til þess að skapa sér með kjarasamningum sæmileg lífskjör. Launþegarnir hafa ekki

þá bakhjarla, sem viðsemjendur þeirra hafa oft og einatt og ég vil segja oftast. Við höfum bitra reynslu af því, hvernig vinnukaupandinn hefur getað hagnýtt sér þá aðstöðu og það vald, sem hann hefur, á kostnað hinna, sem hann var að semja við. Launþeginn hefur ekkert að selja nema vinnu sína, krafta sína, þolið, viljann til þess að vinna. Og það er því eðlilegt, að hann vilji fá það verð fyrir þessa vinnu sína, að hann geti lifað sómasamlegu lífi með sig og sína. Þjóðfélagið hefur fyrir löngu viðurkennt þennan rétt launþeganna með löggjöf og í framkvæmd. En svo koma fyrir atvik, þar sem bregður út af því, að valdamenn þjóðfélagsins vilji halda í heiðri þennan rétt þeirra, vilji virða samningsréttinn á félagslegum grundvelli, vilji virða það, að mönnum beri að semja frjálst og óhindrað um þetta eina, sem þeir hafa til að selja, vinnuna. Sumir þeirra, sem hér eiga sæti nú, muna sennilega þá tíma, þegar þessi réttur var lítilsvirtur, bókstaflega fótumtroðinn, þar sem vinnukaupandinn hafði valdið og beitti valdinu til þess að knésetja hinn veikari í þessum samskiptum. Vinnukaupandinn hafði venjulega fjármagnið að bakhjarli og fjármagninu fylgir vald. Vinnukaupandinn hafði oft og einatt líka ríkisvaldið að bakhjarli. Og það er ekki hægt að neita því, að svo virðist það vera nú.

Þegar svipta á launamenn þessu frelsi, þessum rétti, rétti til að semja um vinnuna, sem þeir eru að selja, er eðlilegt, að til deilna dragi og til harðra átaka. Þá er eðlilegt, að andstöðu sé beitt og það af fullum krafti, því að hvað eiga þessir menn eftir, ef af þeim verður tekinn þessi réttur?

Mér kemur til hugar, þegar þessi mál eru rædd nú, atburður, sem gerðist fyrir rúmum 40 árum vestur á Snæfellsnesi, þegar ég átti þar heima. Þá var ekki blómlegt atvinnulíf í landinu, þá var ekki margra góðra kosta völ fyrir verkamennina, sjómennina, fyrir vinnandi fólk. En fólkið þar taldi sér nauðsynlegt að efna til samtaka og stofna þar verkalýðsfélag í fyrsta sinn, því að þar hafði það ekki verið til áður. En þegar til stofnfundar kom, sem auðvitað var öllum opinn, kom þar fram maður, fulltrúi þeirra sjónarmiða, sem eru grunntónninn í þessu frv., sem hér er til umr., og tilkynnti sjómönnum, að ef þeir létu vera að ganga í verkalýðsfélagið, stæði þeim opið skipsrúm hjá stórútgerðinni. Það voru togararnir þá. Þetta voru glæsileg boð. Svona voru vinnubrögðin þá. Þeir létu auðvitað ekki ginnast, sjómennirnir, þeir stofnuðu sitt félag. Þeir létu engin gylliboð villa sér sýn. En þetta er eitt lítið dæmi um vinnuaðferðirnar, sem giltu í gamla daga. Ef þeir hefðu orðið við þessum tilmælum og látið vera félagsstofnun, hætt við allan félagsskap, hefðu sjálfsagt kjör þeirra orðið einhver önnur nú en þau eru.

Þetta frv., sem hér er til umr., segir hæstv. ríkisstj., að sé flutt til lausnar á kjaradeilu atvinnuflugmanna og Loftleiða h/f, og hæstv. samgmrh. sagði í framsöguræðu sinni í Ed., að hann væri þess fullviss, að flugmenn væru ánægðari með þess lausn á málinu heldur en að standa í löngu verkfalli. Þetta var tilkynning til okkar þm. um það, að okkur væri bezt að fylgja málinu, því að þá værum við að gera flugmönnunum gagn, þá værum við að verða við þeim óskum, sem þeir hefðu nú helzt uppi. Og það er sannarlega ekki óeðlilegt, að einhverjir þm. taki tillit til þess, sem hæstv. ráðh. flytur þeim sem nokkurs konar tilkynningu. Það er því ekki nema eðlilegt, að þm. hagi afstöðu sinni til málsins að einhverju leyti í samræmi við slíkan boðskap, sem ráðherra flytur. En hvað var rétt í þessum boðskap hæstv. ráðh.? Hvað var rétt í þessari fregn, að flugmennirnir væru ánægðari með gerðardóm til að dæma sér kaup og kjör en að standa í verkfalli? Við þurfum ekki að leita langt um það, hvað er rétt í þessu efni. Með nál. minni hl. samgmn. Ed. er prentuð umsögn flugmannanna sjálfra um frv. Og hvað segja þeir? Segja þeir þar, að þeir telji rétt að setja gerðardóm, því að þeir þoli ekki langt verkfall? Segja þeir ekki alveg sama og hæstv. ráðh. sagði? Nei, þeir segja þetta ekki. Þeir heita á Alþ. að fella þetta frv. Þeir tilkynna Alþ., að þó að frv. verði samþ., — segir orðrétt — „vilji þeir ekki og munu ekki una því að taka laun fyrir starf sitt nema samkv. frjálsum samningum við vinnuveitendur sína.“ Hún reyndist þá ekki réttari fréttin, sem hæstv. ráðh. birti þm., en þetta. Flugmenn tilkynna Alþ., að þeir vilji heldur standa í verkfalli en fá á sig gerðardóm, sem skapi þeim kaup og kjör, þvert ofan í það, sem hæstv. ráðh. sagði.

Í umr. um þetta mál, ekki aðeins hér á hv. Alþ., heldur í blöðum nú alllengi, hefur verið skýrt frá þeim kröfum, sem flugmenn hafa gert, og hvað eftir annað með stóru letri rætt um 810 þús. kr. launin, sem þeir krefjist að fá. Og auðvitað er þetta gert í ákveðnum tilgangi. Það er gert til þess að vekja andúð á flugmönnum, að þeir skuli gera svo ósvífnar kröfur til vinnuveitanda síns. Það er til að skapa það andrúmsloft um þetta mál, að koma megi auðveldlega fram gerðardómsfrv. hér á hv. Alþingi.

Hvað reynist svo rétt í þessum fregnum? Samgmn. þessarar hv. d. hefur í dag haft þá á fundi með sér, fulltrúa beggja aðila, Loftleiða og atvinnuflugmanna. Og ég varð ekki þess var, að það bæri neitt þar á milli í frásögn þessara aðila um hinar raunverulegu kröfur, sem uppi eru, ekki neitt, sem teljandi er, að vísu í smáatriðum, sem skipta ekki miklu máli. Og þá kemur í ljós, að það eru ekki neinar 810 þús., sem þessir menn krefjast, og ekkert nálægt því. Hæsta krafan, sem þessir menn gera í launum, að meðtöldum flugtímum, er 42800 kr. á mánuði, hæsta krafan eftir 15 ára reynslu hjá flugstjórum í hæsta launaflokki. En þetta samsvarar um 513 þús. kr. launum yfir árið. Og hvað eru nú margir með þessar kröfur? Hvað er stór hópur flugmanna, sem á að komast í þessi laun? Þeir eru 3 eða 4,

ég ætla ekki nema 3, því að einn þeirra, sem mundi falla undir þetta ákvæði, flýgur aldrei. Hvað er þá um hina, sem lægra eru launaðir, aðstoðarflugstjóra og flugmenn? Auðvitað eru þeirra kröfur miklu lægri, svo miklu lægri, að þær eru niður í 27600 kr. á mánuði eða sem svarar 331 þús. kr. yfir árið og flugtímar meðtaldir. Ég ætla ekki að neita því, að það má kalla þetta kannske há laun, og ég dæmi ekkert um það, hvort það er réttmætt eða ekki réttmætt að fallast á slíkar kröfur. Þetta hjá hinum lægri slagar upp í helming eða kannske 3/4 af launum hjá hæstv. ráðh. sjálfum, meira er það nú varla, þegar þeirra laun, hæstv. ráðh., eru tíunduð, og þó sennilega ekki nema helmingur. Hitt er svo allt annað mál, að kostnaður flugfélagsins Loftleiða af mannahaldinu er auðvitað meiri en launin, og það er vitanlegt. Kostnaðurinn, sem flugfélagið hefur, er bæði launin, það eru tryggingagjöld, það eru dagpeningar, það eru einkennisföt og það er sjálfsagt eitthvað fleira, sem ég man ekki. En á nú að telja tryggingagjöldin laun? Ríkissjóður greiðir hluta af minum tryggingagjöldum, ég hef aldrei talið þau laun, þann hluta. Ríkissjóður greiðir tryggingagjöld fyrir hæstv. ráðh., ég hef aldrei heyrt talað um, að þau séu kölluð laun. Flugfélagið verður að greiða flugmönnunum dagpeninga, þ. e. a. s. peninga til að borga fyrir sig á erlendum hótelum og annan kostnað, sem af því leiðir að dveljast þar. Eru það laun? Þá held ég, að laun sumra hæstv. ráðh. fari að hækka, ef ferðakostnaðurinn allur á að koma ofan á þau? Eru einkennisfötin laun? Menn þurfa að vísu að ganga í fötum. En einkennisfötin eru ekkert annað en auglýsing flugfélagsins, ekkert annað en auglýsing um þetta félag, þar sem maður kemur í þjónustu þess, ber hann það með sér, að hann er frá þessu ágæta félagi. Og ef það væri siður, að hæstv. ráðh. gengju með gyllta hnappa, fengju þeir vafalaust hnappana alla á kostnað ríkisins, en ekki sinn.

Nei, það er rangt að blanda saman kostnaði flugfélags í mannahaldi yfirleitt og þeim launum, sem mennirnir fá sjálfir. Það er gert í blekkingarskyni og engu öðru. Það er gert til þess að skapa tortryggni til þessara manna og andúð. Það er gert til þess, að auðveldara sé að koma fram því gerðardómsfrv., sem hér er til umr.

Ég gat þess hér áðan, hverjar hinar raunverulegu launakröfur væru hjá þeim flugmönnum, sem nú eiga hér í deilu. Við fengum upplýsingar í dag einnig um það, hvernig slík launakjör væru hjá hinu stóra og mikla flugfélagi SAS, og virtist ekki óeðlilegt að bera þetta saman. Hæstu launakjör þar hjá flugstjórum eru 592 þús. ísl. kr. yfir árið, eða allmiklu hærri en hér er um að ræða í þeim kröfum, sem ekki er orðið við. Hjá hinum lægri mönnum er þetta minna, allt niður í 234 þús. ísl. kr. yfir árið, að viðbættum 6%, eða sem svarar 250 þús. ísl. kr. Þar virðast þeir vera lítið eitt lægri en kröfur íslenzkra flugmanna. Hins vegar er vitanlegt, að það er ekki hægt að bera með fullum rétti saman laun flugmanna í tveimur löndum, nema allt annað sé þá hliðstætt, og ég tel ekki, að þessi samanburður, þótt ég nefni hann, af því að þessar upplýsingar komu fram í dag, sanni neitt raunverulega, því að það þarf að kryfja slíkt miklu betur til mergjar, ef á að fá raunverulegan samanburð, sem hægt er að byggja á. Við í samgmn. óskuðum eftir því í dag, að deiluaðilar gæfu okkur upplýsingar um, hversu miklu næmi það, sem ber á milli í tilboðum beggja aðila í þessari deilu. Þar sem það er nokkuð flókið mál að gera grein fyrir því, er erfitt að fara út í þá sálma, og var það mjög skiljanlegt, að til þess þyrfti mjög nákvæma athugun, ef það ætti að vera tæmandi. En í stórum dráttum virðist mér, að það, sem mest ber á milli um flugstjóra, nemi um 7 þús. kr. á mánuði, það er hjá þeim hæst launuðu, en miklu minna hjá hinum, sem leiðir af því, að þeir eru á lægri launum, og eru engar kröfur gerðar um, að þeir hækki tiltölulega meira en aðrir.

Í þessari deilu er þó ekki kaupgjaldið, launin sjálf, aðaldeiluefnið, heldur er það vinnutíminn eða það mætti eins orða það hvíldartíminn. Um þetta fengum við þær upplýsingar, að vinnutíminn gæti orðið um 105 flugtímar á mánuði að sumrinu til, minna að vetri til, samkv. þeim samningum, sem þessir flugmenn hafa unnið eftir, en flugmennirnir hafa boðizt til þess að fallast á 85 flugtíma.

Þegar á þetta er minnzt, vinnutíma, komum við að öðru atriði, sem er ekki þýðingarminna en kaupdeilan sjálf, en það er ákvæði gildandi laga, að ráðh. skuli setja reglugerð um hvíldartíma flugmanna til öryggis, þ. e. a. s. til öryggis farþegum, áhöfn og öllum, sem með flugvélum ferðast. Í 52. gr. l. um loftferðir frá því í fyrra segir: „Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.“ Þegar loftferðalögin voru til umr. í fyrra, var mikið rætt um þennan lágmarkshvíldartíma flugmanna. Ég átti þá einnig sæti í samgmn., sem fjallaði um það mál. Þar kom fyrir n. að athuga brtt. við frv., sem 4 hv. þm. fluttu þá, þ. á m. 2 úr stjórnarflokkunum og var annar þeirra frsm. fyrir þeim brtt. Í þeim er lagt til, að lágmarkshvíldartími flugmanna yrði ákveðinn í l. sjálfum. M. a. var þar lagt til, að lágmarkshvíldartími eftir 10 klukkutíma flug skyldi vera 10 klst., svo að ég nefni eitt dæmi úr þeirra till. Nú hefur það verið upplýst, að vinnutími flugmanna getur farið upp í 22 klukkustundir á sólarhring, ekki flugtími, heldur bæði flug- og annar vinnutími til samans. Þegar þessar till. lágu fyrir samgmn. í fyrra, var það síður en svo, að nm. vildu ekki afgreiða það eða samþykkja í raun og veru efnislega þessar till. Það eina, sem olli því, að n. varð sammála um, að þetta skyldi vera í reglugerðarákvæði, var það, að hún taldi sig ekki færa til að dæma um, hvaða lágmarkshvíldartími í hverju ein-

stöku tilfelli skyldi vera. Og þess vegna voru l. afgreidd með þessu ákvæði, sem ég las áðan, að ráðh. væri skylt að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma til öryggis. En þessi reglugerð hefur ekki verið sett. Þar með er ekkert ákvæði nema í samningum um hvíldartíma eða vinnutíma flugmanna. Það vantar þarna öryggið. Það vantar þetta öryggi, sem farþegar og áhöfn áttu að hafa í l. eða reglugerð. Og ég tel það alvörumál, að slíkt skuli vanta. Ég tel það mikið alvörumál, að það skuli skorta ótvíræð fyrirmæli hins opinbera um það, hve mikla hvíld flugmaður skuli hafa, til þess að hins fyllsta öryggis sé gætt á flugi. Ég tel það jafnalvarlegt og ef skip siglir á milli landa, sem ekki er haffært. Ég tel það jafnalvarlegt og ef bifreið, sem flytur fólk, er ekki í lagi, hefur ekki hemla í lagi, ekki ljós, ekki kúplingar, ekki stýri. Ég tel það bókstaflega vítavert, að þetta öryggisákvæði skuli enn ekki vera til í l. eða reglugerð, eins og á þó að vera. Og við þetta búa þeir, sem fljúga með þessum flugvélum.

Við stjórnarandstæðingar í samgmn. óskuðum eftir því að fá þær upplýsingar hjá flugmönnum og Loftleiðum, sem ég hef nú nefnt, og við óskuðum einnig eftir því, að flugmálastjóri kæmi á fund n., sérstaklega vegna hvíldartímans og þar með vinnutímans. Við spurðum hann, hvers vegna reglugerð hefði ekki verið sett. Það komu engin bein svör við því, engin bein svör. Við spurðum, hvað það tæki langan tíma að setja þessa reglugerð, setja þessi öryggisákvæði í reglugerð. Hann sagði, að það tæki um hálft ár. Það er nefnilega ekkert farið að undirbúa þau. Það er ekki farið að hreyfa hönd eða fót til þess að setja þessi öryggisákvæði í reglugerð. Og ef ætti að fara að gera það nú, t. d. upp úr þessum umr., tekur það um hálft ár. En þetta á gerðardómurinn svo að gera samkv. þessu frv. Hann á að mæla fyrir um hvíldartíma flugmanna. Hann á að segja fyrir og úrskurða, hver vinnutíminn á að vera. Það, sem tekur flugmálastjórnina a. m. k. um hálft ár að ákveða, á gerðardómur að gera á nokkrum dögum.

En meðan ekkert ákvæði er í gildi um þetta, ekkert öryggisákvæði um hvíldartíma flugmanna, vil ég benda hv. þm. á, að í gildi eru lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23 frá 1952. Í 29. gr. þessara l. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bifreiðastjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, skulu að jafnaði ekki hafa lengri vinnutíma en 12 klukkustundir á sólarhring.“

Þó að vanrækt hafi verið að setja ákvæði í reglugerð um hvíldartíma flugmanna í öryggisskyni, eru þessi lög í gildi, þetta ákvæði um vélar, sem getur hlotizt tjón af. Þar segir, að ekki skuli unnið lengur en 12 klst. á sólarhring. En fyrir þinginu liggja nú upplýsingar um, að þessir flugmenn verða jafnvel að vinna allt upp að 22 klst.

Nú kann mönnum að þykja það kannske alveg nóg, að flugmenn og flugfélög semji um þetta atriði sín á milli. Ég lít aftur á móti svo á, að það sé ekki viðhlítandi, að slíkt sé samningsatriði, að öryggisákvæði, sem er sett vegna farþega og áhafnar, sé eitthvert samningsatriði milli hagsmunafélaga. Hefur það nokkurn tíma verið samningsatriði eða verkefni gerðardóms að segja fyrir um, hvernig skip eigi að vera úr garði gert, sem siglir milli landa? Hefur það nokkurn tíma verið samningsatriði eða verkefni gerðardóms, hvernig bifreið eigi að vera úr garði gerð til þess að mega stunda á henni flutninga? Því hef ég gerzt svo orðmargur um þetta atriði, að mér er það ljóst, að líf og limir þess fólks er í veði, sem ferðast með flugvélum, ef ekki er séð rækilega fyrir öllu öryggi hvað þetta snertir.

Fundur var í samgmn. þessarar hv. d. kl. 11 í dag. Eins og ég hef áður nefnt, mættu þar fulltrúar beggja deiluaðila og auk þess flugmálastjóri og gáfu okkur ýmsar upplýsingar. Við fengum þær upplýsingar einnig frá hv. formanni n., hv. 2. þm. Vestf., að ætlunin væri að afgreiða þetta frv. frá þinginu í dag. Og það mun hafa verið ófrávíkjanleg ætlun hæstv. ríkisstj. að gera þetta, þar til nú, að hæstv. samgmrh. segir mér, að hann muni láta 3. umr. málsins bíða til mánudags. En hitt var ófrávíkjanleg fyrirætlun að ljúka þessu máli í dag. Ég veit ekki, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. hefur vakað með þessu kappi að koma málinu frá á þessum degi, hvort það hefur verið það, að henni hefur þótt viðeigandi, að gerðardómsl. yrðu staðfest á hátíðisdegi launþega, 1. maí. Það kann að vera, að á morgun tali einhverjir þeir, sem að þessu frv. standa, um friðhelgi samningaréttarins. En ég er hræddur um, að þeir geri það ekki í kvöld. Ég hefði talið æskilegra, að það væri sýnt í verki í kvöld, hversu friðhelgur samningsréttur launamanna eigi að vera, þótt það yrði þagað á morgun.

Á fundi samgmn. í dag gerði ég þá till., að umr. um þetta frv. yrði frestað þá þegar til mánudags, en jafnframt yrðu hafnir samningar deiluaðila þegar í stað og tíminn notaður til mánudags, og við spurðum báða aðila, flugmenn og fulltrúa Loftleiða, hverju þeir svöruðu þessu. Fulltrúar flugmanna svöruðu, að þeir væru reiðubúnir að ganga nú þegar til samninga að nýju. Fulltrúar Loftleiða svöruðu, að þeir væru einnig reiðubúnir til þess, en þeir hefðu ekki trú á, að það yrði til nokkurs árangurs. En meiri hl. samgmn., stuðningsmenn ríkisstj., vildi ekki fallast á, að afgreiðslu málsins yrði frestað, og bar fyrir sig það, að hæstv. samgmrh. hefði óskað eftir, að málinu yrði lokið í kvöld. Með það fóru hinir aðilarnir af fundinum og hugmynd þessari var synjað. Ég tel það illa farið, að þessari málaleitun var ekki sinnt strax í morgun, þegar við bárum hana fram. Ef það hefði verið gert og einhver vilji sýndur í því að leita nú enn eftir, hvort ekki væri samningsgrundvöllur fyrir hendi, hefði dagurinn í dag, dagurinn á morgun og sunnudagurinn verið notaður í þessu skyni. En ótvíræð fyrirmæli hæstv. ríkisstj. koma í veg

fyrir þetta, og eðlilega fylgdu stuðningsmenn ríkisstj. í n. þeim óskum ríkisstj. Þannig var komið í veg fyrir þessa tilraun. Það kostar lítið að segja: Það ber engan árangur. — Ekki sögðu flugmenn það. Þeir gáfu ekkert í skyn um það, að það kynni ekki að bera árangur. En fulltrúar Loftleiða aftur á móti töldu litlar líkur til árangurs. En hver gat fullyrt um það í morgun eða getur það enn, hvort slíkir fundir nú um þessa helgi beri árangur eða beri það ekki? Jafnvel þeir, sem ekki hefðu viljað semja, gátu ekkert fullyrt. Þótt annar hvor aðilinn hefði alls ekki viljað semja, þá gat hann ekki heldur fullyrt þetta, því að sá fræðilegi möguleiki var til, að hinn aðilinn gengi að öllum kröfum samningsaðila, og þá hlaut hann að semja.

Þetta atvik færir mér heim sanninn um það, að hæstv. ríkisstj. reynir hvað hún getur að koma í veg fyrir samninga. Það hefur verið á það minnzt áður í þessum umr., að þeir samningafundir, sem haldnir hafa verið í þessari deilu, hafa ekki verið með sama hætti og oft áður í deilum, ekki lagður jafnmikill þungi á að reyna að fá lausn á deilunum. Það er skammt síðan farmannadeilan stóð hér yfir, og ég held, að ég muni það rétt, að það hafi verið haldnir fundir dag eftir dag og síðasti fundurinn hafi staðið í 54 klukkutíma. Hvað hafa þeir staðið lengi, fundirnir í þessari deilu?

Hæstv. ríkisstj. segist ætla að leysa þessa deilu með gerðardómsfrv. því, sem hér liggur fyrir. Hvernig verður sú lausn? Það getur vel verið, að þeim takist að leysa deiluna að því leyti, að hún heiti ekki deila lengur. En leysa þeir flugvélarnar? Verða flugvélarnar kannske bundnar eftir sem áður, óhreyfðar? Ég skal engu spá. En hvað þýðir yfirlýsing flugmannanna um það, að þeir vilji ekki og muni ekki sætta sig við það að láta gerðardóm skammta sér laun? Og hver verður þá árangurinn eftir að búið er að samþykkja þetta frv. eftir helgina eða í næstu viku? Jú, gerðardómur sezt á rökstóla. Hann verður kannske fljótur að því að ákvarða launin. Hann verður kannske enga 6 mánuði að ákvarða hvíldartímana, eins og flugmálastjórinn taldi, að það tæki. Hann lýkur þessu kannske á örfáum dögum. En ef flugmennirnir fara ekki að fljúga, þá hvað? Hæstv. ríkisstj. má vera stolt af þeirri lausn — eða hitt þó heldur.

Taki flugmenn til þeirra ráða að hverfa frá þessum störfum, jafnvel hverfa úr landi, hefur mikið óhappaverk verið unnið með þessu frv. Á nú Ísland að sjá enn á eftir nokkrum vel menntuðum og tæknifróðum og ágætum mönnum, af því að ríkisstj. þurfti að fá gerðardóm? Hversu langt á að ganga í því að flæma slíka menn úr landi? Er ekki nóg komið? Launaupphæðin er engin afsökun í þessu. Þeir eru til, sem hærra eru launaðir en þessir menn, hér í landinu, og hefur engum dottið í hug að flæma þá úr landi.

Fyrst hæstv. samgmrh. hefur nú þó brugðið á það ráð að fresta 3. umr. þessa máls þar til eftir helgi, vil ég skora á hann að beita sér fyrir því, að undireins verði hafnir samningafundir milli deiluaðila. Þótt e. t. v. sé það nú úr sögunni, vegna þess að þessu var neitað í morgun, þá er sjálfsagt að reyna þetta. Það mun ekki standa á deiluaðilum að koma til slíkra funda, og því er skylt að reyna þetta.

Nál. minni hl. samgmn. var ekki útbýtt fyrr en seint í kvöld. Einn hv. nm., hv. 5. þm. Norðurl. v. tók ekki afstöðu til þessa máls á fundinum í dag. Að þessu nál. stöndum við, ég og hv. 5. landsk. þm. Í samræmi við það, sem ég hef hér gert grein fyrir, leggjum við til, að þetta frv. verði fellt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að ganga á vissan hátt til móts við stjórnarandstöðuna og láta afgreiðslu þessa máls ekki bera þannig að eins og það sé verið að rétta verkalýðsstéttinni einhverja sérstaka gjöf á hátíðisdegi hennar með þessu frv., heldur hefur hæstv. ríkisstj. gengið inn á það, að 3. umr. eða lokaumr. um þetta mál verði frestað til mánudags og málið þar af leiðandi ekki afgreitt fyrr en eftir helgi. Ég mun í tilefni af þessu draga nokkuð úr því máli, sem ég hafði ætlað mér að flytja hér, þar sem það getur gefizt tækifæri til þess við 3. umr., ef hún fer þá nokkurn tíma fram. En ég vildi segja í framhaldi af þessu, að ég álít, að það væri langhyggilegast af hæstv. ríkisstj. að draga þetta frv. alveg til baka, jafnframt því að Vinnuveitendasambandið hætti öllum afskiptum af þessari deilu, því að ég er sannfærður um það, að ef þeir tveir aðilar, sem þá eru eftir, flugmennirnir og Loftleiðir, fá einir að fást við um þetta mál, mun ekki standa lengi á því, að samningar takist. Fallist hæstv. ríkisstj. hins vegar ekki á þetta, álít ég hyggilegt af henni að gera það, sem hv. seinasti ræðumaður benti á, að tafarlaust verði hafnar samningaumleitanir og unnið að því að leysa deiluna, án þess að framhald þurfi að vera á meðferð þessa máls hér á Alþingi.

Mér finnst rétt að gera það að nokkru umtalsefni, sem einkum hefur verið haldið fram af hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar til réttlætingar því frv., sem hér liggur fyrir, en mér virðist þó, að mest áherzla hafi verið lögð á að ræða að tjaldabaki. En þau rök eru einkum þau, að þar sem hér sé um hátekjumenn að ræða, flugstjórana og flugmennina á þessum stóru vélum, sé ekki óeðlilegt, að beitt sé gerðardómi í viðskiptum við þá. Ég vil í þessu sambandi benda á, að í grg. fyrir þessu frv. er því hins vegar ekki haldið fram sem rökstuðningi fyrir frv., að hér sé um hátekjumenn að ræða og þess vegna sé rétt að beita gerðardómi gagnvart þeim, heldur er í grg. frv. eingöngu lögð áherzla á það, að hér sé um deilu að ræða, sem hafi nokkurt tjón í för með sér, og þess vegna sé réttlætanlegt að leysa hana með gerðardómi. Ég hygg, að út frá þessum ummælum í sjálfri grg. megi

bezt gera sér ljóst, að hverju er stefnt með þessu frv., því að þótt þannig sé látið í veðri vaka, að hér eigi fyrst og fremst að láta gerðardóminn ná til stéttar, sem hefur háar tekjur, er ekki síður stefnt að því að skapa með þessu fordæmi til að láta hin sömu lög eða svipuð lög ná síðar til þeirra stétta, sem lægri tekjur hafa. Það verða menn að gera sér vel ljóst í þessu sambandi, að ef einhver réttur er tekinn af einhverri ákveðinni stétt, með hvaða röksemd sem það er, eru næstu stéttir í hættu á eftir. Rétturinn er ekki þannig, að hann eigi að vera mismunandi eftir því, hvar menn standa í stétt eða hvern litarhátt menn hafa eða þar fram eftir götunum. Rétturinn verður að vera einn og hinn sami. Ef hann er skertur á einhverjum, er opnuð leið til þess, að á eftir verði hann skertur á öðrum. Þess vegna lít ég fyrst og fremst þannig á, þegar ég er að beita mér gegn þessu frv., að ég sé að berjast fyrir rétti hinna lægra settu í þjóðfélaginu, rétti lágtekjumanna í þjóðfélaginu, vegna þess að ég tel mikla hættu á, að verði einhverjir aðrir aðilar sviptir verkfallsréttinum, verði það sama látið ganga yfir lágtekjumennina, áður en lýkur. Þess vegna lít ég þannig á, að með því að berjast gegn þessu frv. sé ekki verið að berjast neitt sérstaklega fyrir rétti hátekjumanna, heldur sé fyrst og fremst verið að berjast gegn réttindum þeirra, sem lægri laun hafa og jafnvel meiri þörf á réttlætingu mála sinna, því að ef rétturinn er tekinn af öðrum, mun hann bráðlega verða tekinn af hinum einnig.

Mér finnst fróðlegt, að menn geri sér grein fyrir því, hvers vegna það ástand hefur ríkt hér í rúman mánuð, að stærstu samgöngutæki Íslendinga og dýrustu hafa verið stöðvuð. Hverjum er það að kenna, að þessi stöðvun hefur átt sér stað? Er það flugmönnum að kenna, að þessi stöðvun hefur átt sér stað? Er það þeim mönnum að kenna, sem strax í upphafi þessa verkfalls buðust til að lækka kröfur sínar um 20%? Ber sú afstaða vott um það, að það sé enginn samkomulagsvilji þar fyrir hendi? Ég segi nei. Ég segi, að þessi framkoma bendi ekki til þess, að það virðist ekki vera fyrir hendi samkomulagsvilji hjá flugmönnum. Ég hef ekki heldur trú á því, að ef Loftleiðir hefðu einar fengið að fjalla um þetta mál, hefði ekki samkomulag orðið í deilunni. Ég tel þess vegna ekki, að það sé flugmenn eða Loftleiðir hér um að saka, hve löng þessi deila er orðin. Þessi deila er orðin svona löng fyrst og fremst vegna þess, að það hefur frá upphafi verið fyrirætlun Vinnuveitendasambandsins og hæstv. ríkisstj. að leysa þessa deilu með lögþvinguðum gerðardómi og skapa með því fordæmi til þess að leysa aðrar deilur, sem á eftir koma, á svipaðan hátt. Og ég skal nefna nokkur atriði, sem ég álít, að sanni mál mitt í þessum efnum.

Ég nefni það í fyrsta lagi, að í þessari deilu hafa verið færri og styttri sáttafundir en í flestum deilum öðrum. Það hefur verið minni áherzla á þennan veg lögð á það að ná samkomulagi í þessari deilu en í flestum deilum öðrum. Hvers vegna hefur það átt sér stað? Hefur það verið vegna þess, að menn hafa viljað leysa þessa deilu með samkomulagi eða stefnt hafi verið að einhverju öðru? Ég vil enn fremur benda á það, að enn hefur ekki komið fram nein sáttatill. af hálfu sáttasemjara til lausnar þessari deilu. Ég minnist þess ekki, að það hafi áður verið gert, þegar líkt hefur staðið á og nú, að það hafi verið rokið til og flutt frv. á Alþ. um gerðardóm og stefnt að því að leysa deilu með gerðardómi, áður en sáttasemjari hefur lagt fram till. til samkomulags í viðkomandi deilu. Hvers vegna er ekki beðið eftir því, að sáttasemjari leggi slíka till. fram? Hvers vegna er verið að flytja frv. um gerðardóm, áður en það er gert? Einfaldlega vegna þess, að það er stefnt að því að leysa þessa deilu á annan veg en með venjulegu samkomulagi. Það er stefnt að því að leysa hana með lögbundnum gerðardómi, eins og liggur fyrir í þessu frv. Ég vil enn fremur benda á það, að sú hefur verið venjan í slíkum deilum áður, þegar alvarlega hefur horft um samkomulag að skipuð hefur verið sérstök sáttanefnd sáttasemjara til aðstoðar til að reyna að leysa deiluna. Það hefur ekki verið gert í þessari deilu. Ég hygg, að það sé erfitt að benda á fordæmi þess, að slík sáttanefnd hafi ekki verið skipuð og hún látin reyna, hvað hún kæmist, áður en gerðardómslög væru sett til lausnar deilu. Ég vil enn fremur benda á það, að þau óvenjulegu vinnubrögð áttu sér stað í þessari deilu, að Vinnuveitendasamband Íslands gaf út um málið — ekki grg., heldur hreina árásargrein á hendur flugmönnunum, árásargrein, þar sem farið var mjög rangt og villandi með staðreyndir og kröfur flugmannanna sagðar miklu hærri en þær þá voru orðnar. Til hvers var þetta gert? Hefði Vinnuveitendasambandið gert þetta, ef það hefði ætlað sér að stuðla að skjótri lausn í þessari deilu? Áreiðanlega ekki. Þessi árásargrein Vinnuveitendasambandsins var gefin út til þess að hleypa illu blóði í deiluna til að koma í veg fyrir það, að samkomulag yrði, til þess að það skapaðist frekari grundvöllur fyrir það, sem nú er verið að gera, að reyna að leysa deiluna með lögþvinguðum gerðadómi.

Ég bendi enn fremur á það, að hæstv. ríkisstj. hagar sér þannig í þessu máli, að hún leggur þetta frv. fram hér á Alþ. fáum klukkutímum áður en þingið er að fara í 4 daga frí. Til hvers var það gert? Hvers vegna mátti ekki bíða eftir því, að þingið kæmi aftur úr þessu fríi, og málið þá lagt fram, en þessir fjórir dagar notaðir til þess að reyna að ná samkomulagi? Þetta var einfaldlega gert til þess að koma í veg fyrir, að þessir dagar yrðu notaðir til þess að ná samkomulagi, vegna þess að af hálfu Vinnuveitendasambandsins og ríkisstj. hefur alltaf frá upphafi verið stefnt að því að leysa þessa deilu ekki með samkomulagi, heldur með lögþvinguðum gerðardómi, vegna þess að þessir aðilar hafa ekki haft fyrst og fremst í huga þessa deilu, held-

ur þau átök, sem fram undan eru í sambandi við kjaramálin. Þessir aðilar hafa viljað skapa fordæmi fyrir því, að þau átök eða þær deilur mætti leysa með lögþvinguðum gerðardómi. Ég held, að því betur sem menn athuga þessar staðreyndir, þá verði þeim það ljósara, að ástæðan til þess, að þessi stóru og dýru samgöngutæki Íslendinga hafa verið stöðvuð í rúman mánuð og þetta verkfall er búið að standa þetta lengi, það stafar einfaldlega af því, að strax frá upphafi hefur verið stefnt að því af hálfu Vinnuveitendasambandsins og ríkisstj. að leysa þetta mál með lögþvingun, en ekki með samkomulagi, vegna þess að þessir aðilar hafa haft allt önnur mál í huga en þessa deilu. Þeir hafa haft í huga kjarasamningana, sem eru fram undan við verkalýðsstéttirnar, og hafa viljað skapa fordæmi fyrir því, að hægt væri að leysa þær deilur á svipaðan hátt.

Mér finnst rétt að víkja nokkuð að því, sem borið hefur talsvert á í þessum umræðum og eins þegar kjaradómurinn eða gerðardómurinn í máli verkfræðinga var hér til meðferðar. Þá var þannig á málum haldið af hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmönnum, að það væri síður en svo, að þeir bæru hátekjumenn fyrir brjósti, nú væru það orðnir stjórnarandstæðingar, sem fyrst og fremst bæru hátekjumenn fyrir brjósti og hugsuðu um þeirra hag. Ég held, að það sé ekki hægt að hugsa sér öllu meiri hræsni en þegar hæstv. ráðherrar og þeirra stuðningsmenn eru að tala um það, að þeir beri ekki hátekju- og gróðamenn fyrir brjósti. Ég held, að það viti það allir, að í hinni ýmiss konar millilíðastarfsemi hér í þessu landi og þá sérstaklega í sambandi við húsabrask og húsasölur á sér stað hin stórkostlegasta gróðasöfnun margra einstaklinga, en þeir aðilar, sem þessar atvinnugreinar stunda, húsbyggingarnar og húsabraskið í sambandi við þær, taka margföld laun margir hverjir á við það, sem verkfræðingarnir og flugmennirnir hafa. Og það ber ekki mikið á því, að hæstv. ríkisstj. vilji hrófla við hagsmunum og gróðamöguleikum þesara manna. Það ber ekki mikið á því, að hún sé að flytja lög um gerðardóm eða eitthvað þess háttar, sem gæti orðið til þess að skerða aðstöðu og gróðamöguleika þessara manna. Síður en svo. Þvert á móti er á flestan hátt stefnt að því með lánsfjárhöftum og öllu slíku, að þessir menn hafi sem mesta og bezta möguleika, braskararnir, til að safna sem mestu fé í sína vasa. Þar ber síður en svo á því, að hæstv. ríkisstj. sé andstæð hátekjumönnum og gróðamönnum, heldur einmitt hið gagnstæða. En þegar menn með sérþekkingu eiga hlut að máli, eins og verkfræðingar og flugmenn, þá verður allt annað upp á teningnum hjá hæstv. ríkisstj. Þá fær hún allt í einu mikinn áhuga á því að vera á móti hátekjumönnum og þykist sýna það í verki með því að flytja frv. eins og þetta, og þá er deilt á okkur stjórnarandstæðinga fyrir það, að við séum að bera hátekjumenn fyrir brjósti.

Ég skal fullkomlega kannast við það, að það er mín skoðun, að menn með óvenjulega og sérstæða sérþekkingu, sérþekkingu, sem er þannig vaxin, að hún er eiginlega eftirsótt á alþjóðlegum vettvangi, hvar sem er, ég tel, að það sé óhjákvæmilegt, að þessir menn hafi góð laun, því að annars munu þeir leita til annarra staða. Og ég tel, að það sé meginundirstaða þess, að við getum lyft þessu þjóðfélagi á hærra stig, að við getum skapað betri lífskjör á þessu landi, að við metum sérþekkinguna rétt og borgum hana samkv. því. Og ég tel, að það sé hið mesta hagsmunamál einmitt þeirra stétta, sem lægri laun hafa og minna bera úr býtum, að við notum þessa sérþekkingu sem bezt til þess að skapa hér margvíslegar framkvæmdir og framfarir og þar með undirstöðuna undir það, að hægt sé að láta alla þjóðina búa við betri kjör. Þess vegna þori ég að koma fram hvar sem er og skammast mín ekkert fyrir það, þó að ég mæli gegn gerðardómum í máli verkfræðinga og flugmanna og annarra þeirra, sem sérþekkingu hafa, og viðurkenni, að þessum mönnum beri að hafa sæmileg laun fyrir sína vinnu og meiri en hinir, sem geta ekki lagt sömu sérþekkingu af mörkum eða hafa ekki yfir henni að ráða.

Ég held, að það megi í stuttu máli segja, að munurinn á afstöðu okkar stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna í þessum efnum sé sá, eins og ég nú hef rakið, að við, sem í stjórnarandstöðunni erum, viljum verðlauna þekkinguna, stjórnarsinnar vilja verðlauna braskið. Og ég held, að ef menn bera þetta tvennt saman, þá muni þeir fljótt komast að raun um, hvort heppilegra og hollara sé fyrir þjóðfélagið að verðlauna sérþekkinguna eða verðlauna braskið. Ég a. m. k. skammast mín ekkert fyrir það og held því hiklaust fram hvar sem er og þótt ég sé tortryggður hjá láglaunamönnum fyrir það, að ég álít, að við eigum að leggja miklu meiri áherzlu á það að verðlauna sérþekkinguna en að verðlauna braskið.

Ég hét því hér áðan, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á að fresta lokaumræðu þessa máls til mánudags, að vera ekki langorður og mun því sleppa ýmsu, sem ég hefði ella séð tækifæri til að láta koma hér fram. En það, sem ég vil segja að síðustu, er það, að ég álít, að það sé heppilegt og æskilegt að koma þeirri framtíðarskipan á, ef mögulegt er, að íslenzku flugfélögin dragist sem allra minnst inn í verkfallsátök hér á landi. Íslenzku flugfélögin starfa það mikið á erlendum vettvangi, að það er mjög óheppilegt, ef þau verða fyrir miklum truflunum vegna verkfallsátaka, sem kunna að verða hér innanlands. Þess vegna álít ég, að það eigi að vera sameiginlegt mál, framtíðarmál allra aðila, flugmanna og flugfélaganna og þjóðarinnar í heild, að stefna að því, að reynt sé að finna þann grundvöll, sem geri það mögulegt, að verkföll hamli ekki þessum fyrirtækjum, en þó að sjálfsögðu á þann veg, að eðlilegur samningsréttur og verkfallsréttur starfsmanna þeirra

sé ekki skertur. Ég held, að það sé grundvallaratriði þess, að slíku samkomulagi verði komið á, að þeir aðilar, sem hér eiga mest hlut að máli, eins og t. d. flugmenn og flugfélögin, standi utan stéttarátakanna í landinu. Og þann skilning hygg ég, að flugmenn hafi þegar sýnt í verki, því að mér er tjáð það, að þeir hafi fyrir nokkru sagt sig úr Alþýðusambandi Íslands og þar með viljað standa utan við þær deilur, sem þau samtök kynnu að dragast inn í. Ég álít, að flugfélögin eigi að gera nákvæmlega hið sama. Ég álít það nauðsyn, ég vil ekki segja lífsnauðsyn, en mikla nauðsyn fyrir þau, að þau standi utan stéttarsamtakanna og séu ekki aðilar að Vinnuveitendasambandinu, og ég held, að öll meðferð og öll þróun þessarar deilu hafi sýnt, hvílík nauðsyn það sé fyrir Loftleiðir og fyrir Flugfélag Íslands að vera ekki í Vinnuveitendasambandi Íslands, því að það er trú mín, ef Loftleiðir hefðu ekki verið aðili að þeim samtökum, að þá væri þessi deila nú löngu leyst.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Á því stigi, sem mál þetta er nú komið, skal ég ekki lengja umr. um það. En ég vil aðeins segja, að það gerist nú æ tíðara, að ríkisvaldið grípi inn í vinnudeilur með valdboði, lögþvinguðum gerðardómum, banni við verkföllum og öðru slíku. Ég vil aðeins minna á, að það er ekki í fyrsta sinn, sem flugmenn verða fyrir þessu. Verkfræðingar og læknar hafa einnig fengið að kenna á þessu og einnig verkamennirnir. Ég minnist þess, að þegar verkamenn hér í Reykjavík stóðu í verkfalli 1961 og alveg var séð, að samningar voru að takast, búið að semja við stóra aðila, sem hlutu að marka þá samninga, sem koma skyldu, þá sá ríkisstj. sér leik í því að banna þetta verkfall hjá flugfélögunum, enda þótt verkamannafélagið Dagsbrún hér í Reykjavík hefði þá gefið lengri frest, til þess að hægt væri að leysa deiluna við þessi flugfélög, en var gert við aðra aðila. Það er þess vegna sjáanlegt, að það er ekki aðeins þegar um hátekjumenn er að ræða, eins og nú er mjög haft á orði í öllum áróðri, að þá eigi að beita slíkum þrælatökum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, heldur hefur það einnig verið gert og getur að sjálfsögðu einnig komið til, þegar þeir lægst launuðu eiga í hlut, eins og var 1961, þegar aðeins var um að ræða 10% kauphækkun til lægst launuðu starfsmanna þessara félaga.

Það virðist eins og flugfélögin hugsi sér að leysa sín vandamál við sitt starfsfólk mjög eftir þeim leiðum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það hefur verið sagt hér og í blöðum, að flugmenn séu nú með mjög háar kröfur, og ekki skal ég neita því, að kröfur þeirra eru háar. Það hefur verið sagt, að þeim bæri að taka tillit til íslenzkra aðstæðna og ekki aðeins að bera sig saman við laun manna í öðrum löndum, starfsbræðra sinna í öðrum löndum, þar sem öll skilyrði væru allt önnur. Já, að sjálfsögðu verða flugmenn að gera þetta, svo framarlega sem þeir vilja lifa og starfa í þessu landi. En jafnframt held ég, að það sé hollt fyrir alla, líka löggjafarvaldið í landi okkar, að gera sér ljóst, að við verðum að kaupa vinnu þeirra, sem hafa slíka alþjóðlega menntun eins og flugmenn, eins og verkfræðingar og geta gengið að hvar sem er í heiminum, — við verðum að greiða þetta vinnuafl, svo framarlega sem við ætlum okkur að nota það, nokkurn veginn á heimsmarkaðsverði. Ég held, að við komumst ekki fram hjá þessari staðreynd og verðum að gera okkur hana ljósa. En það væri áreiðanlega ekki síður nauðsynlegt að segja það við íslenzku flugfélögin og þó fyrst og fremst við þá, sem ráða ferðinni í þessum málum, þ. e. a. s. Vinnuveitendasambandið, að þeir verða einnig að læra að fara að íslenzkum lögum og íslenzkum leikreglum, þegar um vinnudeilur er að ræða, en ekki að heimta sérstök lög fyrir sig hverju sinni sem til átaka kemur við launþega þessara fyrirtækja, en þannig virðist nú yfirleitt haldið á málunum.

En mér er það ljóst, eins og hér hefur verið fram tekið, að það eru ekki fyrst og fremst þessi félög, sem hér eiga sökina, nema að því leyti sem þau hafa bundið sig Vinnuveitendasambandinu, því valdi í landinu, sem ræður ferðinni hjá atvinnurekendunum. Það er fyrst og fremst áreiðanlega Vinnuveitendasambandið og svo hæstv. ríkisstj. sjálf, sem hér eiga hlut að máli. Ég reikna með, að höfuðorsökin fyrir því, að þeir telji ekki rétt að semja við flugmenn um þær kröfur, sem þeir hafa sett fram vegna þess, sé sú, að það sé hættulegt fordæmi, kannske alveg sérstaklega nú, þegar fyrir dyrum standa samningar við launþega almennt í landinu. Nú er það svo, að kannske yrði einhverjum hugsað til slíkra samninga, ég skal ekki fortaka það. En við höfum tekjuháa menn í launþegastétt. Ég vil nefna síldarskipstjórana t. d. og líka jafnvel bátshafnirnar almennt. En þekkja menn yfirleitt dæmi þess, að almennir launþegar jafni til þeirra? Ég hef ekki heyrt það. En ég hef hins vegar heyrt ýmsa embættismenn ríkisins jafna til þeirra og líta það öfundaraugum, en yfirleitt ekki almenna launþega í landinu. Og það vil ég segja, að sem fordæmi er það margfalt meira og hættulegra sjálfsagt út frá sjónarmiði ríkisstj. og atvinnurekenda, að gerðardómur settur af hæstarétti á ábyrgð ríkisstj. ákveði atvinnuflugmönnum 500 þús. kr. árslaun, en þó að þeir næðu 800 þús. kr. árslaunum með frjálsum samningum, — alveg tvímælalaust út frá bæjardyrum þessara manna séð væri þetta hættulegra. Þá væri það hreinlega orðið ríkisvaldið sjálft, sem bæri ábyrgð á slíkum kjörum.

Það frv., sem hér liggur fyrir, snertir tvö atriði, sem verkalýðshreyfingin telur og hefur talið sinn helgasta rétt. Það er samningsrétturinn og verkfallsrétturinn. Og þó að hér sé nú um að ræða menn, sem kannske standa ekki svo nákvæmlega í röðum hinna almennu verkalýðsfélaga í landinu, þá lítur verkalýðshreyfingin á slíkt mál sem þetta sem hatramma árás á þennan rétt, sem er helgasti réttur laun-

þeganna í landinu, og ég vil sérstaklega minna menn á, hvernig nú er málum háttað, að fyrir dyrum standa samningar við almennu verkalýðsfélögin í landinu. Það er enginn efi á því, að setning slíkra laga sem hér um ræðir eitrar andrúmsloftið fyrir þá samninga, sem nú eru í vændum, og skaðinn af slíkri lagasetningu getur orðið alveg ómælanlegur. Og það verð ég að segja, að í þessum efnum finnst mér afstaða Alþfl. alveg furðuleg. Ég ætla ekki að rekja fyrri afstöðu þess flokks til gerðardómsmála, það hefur verið gert, og mönnum er það kunnugt. En að einmitt núna, þegar þannig stendur á, eins og ég ræddi um, og þegar jafnt Alþýðuflokksmenn sem aðrir í verkalýðshreyfingunni snúa nú bökum saman til að ná kjarabótum, að þá skuli Alþfl. hér á þingi beita sér fyrir slíku máli sem þessu, það finnst mér alveg furðulegt. Og ég verð að segja það, að ég mundi telja, að það væri þeim flokki og verkalýðshreyfingunni þá um leið fyrir beztu, að hann geti lokið stuðningi sínum við þetta mál á því stigi, sem það nú er.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vara hæstv. ríkisstj. við því að knýja fram slíka lagasetningu sem hér um ræðir. Verkalýðshreyfingin telur það tvímælalaust fjandskap við sig, og slík lagasetning mundi torvelda lausnir þeirra vandasömu samningamála, sem nú bíða úrlausnar. Ég veit, að það er ekki vilji margra manna, sem hér hafa lýst fylgi sínu við þetta frv., að standa að slíku, en ég vil fullvissa menn um, að þetta verður til þess að torvelda slíka lausn. Ég vildi því mjög eindregið í fyrsta lagi skora á hæstv. ríkisstj. að láta þetta mál ekki fara lengra og beita sér fyrir heiðarlegum og alvarlegum samningatilraunum við flugmennina. Ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að lýsa slíku yfir, þá verði það hlé, sem nú verður á þessu máli hér, þótt stutt sé, notað til virkilegra samningatilrauna. Og ég er viss um, að ef þannig yrði staðið að málum, þá er áreiðanlega heill íslenzku þjóðarinnar meiri en að þetta mál sé knúið fram með alveg ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég kynni nú bezt við, að hæstv. ráðh. væri við, hann yrði kannske látinn vita af því, af því að mig langaði til þess að ítreka nokkrar spurningar, sem ég kom með til hans í gær.

Hæstv. samgmrh. hafði þann hátt í gær að flytja í sinni ræðu um þetta mál ýmislegt um launakröfur flugmanna, og það var greinilegt, að þetta áróðursplagg, sem hæstv. ráðh. var með, var a. m. k. náskylt því, sem Vinnuveitendasambandið hafði gefið út. Það átti auðsjáanlega að vera „agitasjón" í þm. og öðrum um, að mönnum bæri ekki að taka afstöðu með þessum mönnum, sem þarna stæðu í verkfalli. Ég svaraði í gær með því að setja fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðh., sem ég bað hann um að upplýsa hér fyrir okkur. Ég bað hann um að láta okkur fá á þinginu núna, meðan þetta mál væri til umr., upplýsingar um tekjur ýmissa einstakra atvinnurekenda hér á landinu, ekki tekjur þær, sem taldar væru fram til skatts, heldur þeirra almennu, raunverulegu tekjur, þannig að við hefðum ofurlítinn samanburð. Við vitum, að meginið af okkar atvinnurekendum er skattfrjálst, og það, sem þeir þar að auki ættu að borga, er eiginlega svikið undan skatti í skjóli þeirrar löggjafar, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett.

Ég beindi enn fremur til hans fsp. viðvíkjandi Loftleiðum. Ég spurði um laun þau, sem forstjórar Loftleiða hefðu, og ég held, að fulltrúi Loftleiða hafi setið nokkuð nærri honum í gær, svo að hann hefði kannske átt að geta gefið honum upplýsingar um það, og það virðist ekkert óeðlilegt, að hæstv. ráðh. gæfi þm. upplýsingar um, hverjar eru tekjur forstjóra Loftleiða. Og ég spurði alveg sérstaklega í því sambandi, hvað þær mundu vera háar og hvernig þeir gætu byggt aðrar eins lúxusvillur og þeir væru að byggja suður á Arnarnesi. Ef það á að fara að ræða hérna persónuleg mál einstakra flugstjóra og fara að básúna það út, að þeir hafi 300 þús. kr. hærri laun en þeir raunverulega hafa, þá væri gott að upplýsa, hvernig forstjórar Loftleiða geta leyft sér að byggja villur upp á 2 millj. eða meira. Hver eru launin? Hæstv. ráðh. hefur engu svarað. Hér í gamla daga var sagt, að þögn væri sama og samþykki. Gengur hæstv. ráðh. inn á, að þetta séu svo botnlaus skattsvik hjá þessari yfirstétt hér í Reykjavík, að það þýði yfirleitt ekki að vera að tala um það frekar en þýði að láta skattalögregluna garfa nokkuð í þessu, því að hún sé bara send heim og hringt til ráðh. og sagt að hætta við að vera að rannsaka þetta, því að það sé stórhættulegt fyrir Sjálfstfl.? Það er alveg sama, hvað spurt er að. Ég var að spyrja um afkomu Loftleiða. Hver er gróði Loftleiða? Hvernig standa Loftleiðir? Geta Loftleiðir staðið undir þessu? Ekkert svar. Það er yfirleitt ekki að tala um að ræða svona mál með rökum. Það er ekki reynt. Það eina, sem hæstv. ríkisstj. stendur á, er — ég kalla það handaflið, bara að hendurnar séu réttar upp hjá stjórnarliði, stjórnað auðsjáanlega frá heila ráðh., en ekki heila þeirra sjálfra, því að þeirra þm. eru venjulega ekki við, þegar verið er að ræða málið til þess, eins og Anatole France komst einhvern tíma að orði, að guð hjálpaði sínum englum þannig, að hann firrti þá því að hugsa, eins virðist það vera með stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., að þeir reyna að halda sér burt frá öllum rökræðum, til þess að þeir falli ekki í þá freistni að fara að hugsa eitthvað um málið. Hæstv. ríkisstj. treystir einvörðungu á valdið til þess að pína sín mál hér í gegn.

Það er upplýst hér, að það hefur komið fram till. um að fresta þessu máli og reyna að semja og það hafi verið hæstv. ríkisstj., sem hafi neitað, flugmennirnir hafi tekið mjög vel í þetta og Loftleiðir hafi líka tekið vel í þetta, og það þótti mér vænt um að heyra. Hvað sýnir þetta? Það sýnir, að það eru einhverjir aðrir aðilar, sem standa þarna á bak við, einhverjir aðrir aðilar, sem hafa áhuga á að koma af stað þess-

ari deilu, sem nota bæði Loftleiðir og hæstv. ríkisstj. sem leiksopp.

Það var kannske engin tilviljun, að það var einmitt Vinnuveitendasamband Íslands, sem hafði gefið út áróðursplögg í þessu, sem hæstv. ráðh. var að endurtaka hér, og í því fskj., sem er prentað á þskj. 548 með nál. minni hl. samgmn. í Ed., sem er frá stjórn íslenzkra atvinnuflugmanna, þar segir frá því, með leyfi hæstv. forseta, að í marzmánuði s. l. hófust viðræður fulltrúa Félags íslenzkra atvinnuflugmanna, fulltrúa Loftleiða h/f og Vinnuveitendasambandsins um samningsgerð varðandi kaup og kjör flugmanna, sem starfa á flugvélum af gerðinni RR 400. Flugmenn höfðu þá þegar starfað á þessum flugvélum frá því í júní 1964 gegn því, að laun yrðu síðar greidd samkv. þeim samningi, er gerður yrði. Ég skal síðar koma að því, hvað þessi tími táknar, en það, sem þarna virðist liggja fyrir, er, að Vinnuveitendasambandið hafi eins og tekið í höndina á Loftleiðum, skoðað þá eins og einhvern litinn krakka, sem þyrfti að leiða í þessu. Þeir væru ekki færir um að tala við sína flugmenn, þess vegna þyrfti Vinnuveitendasambandið að taka í hendurnar á forstjórunum og leiða þá um, hvernig þeir ættu að heyja þessa samninga. Það væri gott að fá nokkrar upplýsingar í því sambandi um afstöðuna milli Loftleiða og Vinnuveitendasambandsins. Hvað eru Loftleiðir að láta Vinnuveitendasambandið hafa sig að sannast að segja einhverjum leiksoppi í þessum efnum? Það er talað um í þeim forsendum, sem ríkisstj. setur fyrir þessu frv., að það geti verið álitshnekkir fyrir Loftleiðir, ef þetta verkfall standi lengi. Það er þegar orðinn álitshnekkir fyrir Loftleiðir, og sá álitshnekkir liggur í því, að Loftleiðir hafa látið þessa litlu klíku hafa sig til þess að fá sig inn í Vinnuveitendasambandið og láta þá stjórna sér síðan eins og krökkum og neyða sig út í að stöðva þessar vélar. Loftleiðir og þeirra stjórn eru að leiða álitshnekki yfir sig með þessu. Þeir vita, að þarna er um að ræða sótsvarta klíku afturhaldsseggja, sem ekki sjá nokkurn skapaðan hlut, ekkert annað en að reyna að kúga menn. Hvað eru þeir að láta flækja sig inn í þetta? Hafa ekki verkalýðsfélögin hér undanfarið, þegar þau hafa átt í deilum við Vinnuveitendasambandið, hafa þau ekki bjargað Loftleiðum? Hafa þau ekki bjargað Loftleiðum frá því að lenda í vinnudeilum, gefið þeim sérstaka undanþágu til þess að bjarga þeim, af því að verkalýðssamtökunum er vel við þær, vel við Loftleiðir? Hvað eru þeir að láta þetta Vinnuveitendasamband pína sig undir sína stjórn, undir sína vitlausu handleiðslu, þessa klíku af skattsvikurum eða þennan skattfrjálsa peningaaðal, væri kannske réttara að segja? Ég vil alvarlega gefa Loftleiðum það ráð að hafa sig út úr þessu sambandi, ég veit, að þeir geta ekki gert það núna, meðan þeir eru í þessu verkfalli, en að láta verða sitt fyrsta verk, þegar það sé búið, að segja sig úr þessu. Og mig langar til að fá einar upplýsingar hér nú þegar: Hvað hafa Loftleiðir greitt mikið fé til Vinnuveitendasambands Íslands á síðasta ári og öðrum árum? Hvað er það mikið, sem þeir hafa greitt? Og hver er munurinn á þeim kröfum, sem flugmenn gera núna til launa, og þessu, sem Loftleiðir hafa greitt til Vinnuveitendasambands Íslands? Ég vona, að tölurnar verði lagðar á borðið fyrir okkur. Ætli Loftleiðir hefðu ekki með því að vera utan við Vinnuveitendasambandið getað borgað flugmönnunum meginhlutann af því, sem á milli ber, og kannske miklu meira? Ég býst við, að Vinnuveitendasamband Íslands sé anzi dýrt í rekstri. Þeir eru það yfirleitt okkar atvinnurekendur, kunna ekki að stjórna, setja allt í stopp og sjá ekki neinar framfarir, nema þegar verkalýðshreyfingin rekur þá til þess, en eru sérfræðingar í að stöðva atvinnufyrirtæki, fyrir utan hvað þeir eru miklir sérfræðingar í að tapa. Til allrar hamingju eru Loftleiðir ekki farnar að læra af þeim enn þá hvað það snertir. Ég vil þess vegna vonast til þess, að Loftleiðir láti það verða sitt fyrsta verk að læra af þeim vitleysum, sem þeir hafa gert, og er nauðsynlegt fyrir ung fyrirtæki, sem eru að vinna sig upp, og segi sig úr þessu Vinnuveitendasambandi. Það er ekki aðeins til þess, að það sé betra fyrir þá að semja við sína eigin flugmenn, heldur getur líka verið betra fyrir Loftleiðir að lenda ekki á milli, þegar íslenzk verkalýðsstétt og þessi peningaaðall, þessi skattfrjálsi peningaðall, fara að slást um sín eiginhagsmunamál. Þá er bezt fyrir menn, sem verkalýðshreyfingin vill vel, félag, sem verkalýðshreyfingin vill vel, eins og Loftleiðir, að vera þarna utan við, lenda ekki í þeirri klemmu. M. ö. o.: sú svarta hönd, sem þarna gægist alls staðar fram, er Vinnuveitendasambandið, og þá fyrst fer að verða skiljanlegt, af hverju þetta frumvarp er fram komið. Það er Vinnuveitendasambandið, sem heimtar af ríkisstj., að þessi deila sé notuð til þess að setja prófstein, hvað dásamlegt ráð gerðardómur sé, þessir vitleysingar, sem ekki eru farnir að læra enn þá frá því 1942. Ég vil minna Sjálfstfl. sérstaklega á, að Framsfl. segist vera búinn að læra af því. Mér þykir leiðinlegt, að Alþfl. skuli vera búinn að gleyma því, að hann fór út úr stjórn 1942. En ég held, að það sé kominn tími fyrir Sjálfstfl. til þess að læra, einmitt þá, sem nú stjórna Sjálfstfl.

Það er þess vegna greinilegt, að þessi svarta hönd Vinnuveitendasambandsins er þarna á bak við. Það skapar hætturnar í þessu máli. Þá er hitt, sem ég minntist á áðan. Flugmenn hafa starfað á þessum flugvélum frá því í júní 1964 gegn því, að laun yrðu síðan greidd samkvæmt þeim samningi, sem gerður yrði. M. ö. o.: flugmennirnir eru búnir að starfa upp undir ár og það samkv. launum, sem á að semja um eftir á. Er þetta ekki allgóður tími til þess að ná samningum? Hvað hefur getað hindrað, að ekki var samið á þessum tíma? Er það nokkuð nema eitt, sem hefur getað hindrað það? Er það nokkuð nema það, að Vinnuveitendasamband Íslands hafi þegar sagt og hafi sagt allt síðasta ár: Það má ekki semja við þessa flugmenn, það má ekki semja við þá,

við ætlum okkur að láta ríkisstj. hafa það í vasanum, nota þetta mál til þess að sýna klærnar gagnvart verkalýðssamtökunum? Og það er beðið frá því í júní 1964 til maí 1965 til þess að sýna klærnar.

Hvað sagði verkalýðshreyfingin, þegar hún gerði samninginn 5. júní í fyrra? Hún sagði, að þetta væri vopnahlé, og þegar það eru stríðsaðilar í einu landi, sem gera vopnahlé, þá er vaninn að taka til við friðarsamninga undireins. Ég lagði áherzlu á það hér í gær, að ríkisstj. hefði að engu leyti notað þennan tíma. Nú eru liðnir 11 mánuðir, síðan þessi samningur var gerður, og hún hefur að engu leyti notað þennan tíma. Vopnahléið verður bráðum á enda. Það var hægt einmitt að undirbúa friðarsamningana á þessu þingi, eins og ég hvað eftir annað frá því í október í haust er búinn að leggja áherzlu á. Það hefur ekki verið gert. Og ef það eru einhverjir menn, sem koma og segja, þegar verkföll byrja í júní: Við skulum bara endilega fá tíma, rétt tíma til að hugsa, — þá væri rétt að segja þessum mönnum, að þeir eru búnir að hafa þennan tíma, heilt ár eru þeir búnir að hafa.

Þá vil ég koma að einu máli, sem fleiri hafa minnzt á hér líka. Í sambandi við flugmennina er um að ræða sérstaklega tæknimenntaða menn. Ég veit ekki, hvort ríkisstj. er sérstaklega uppsigað við tæknimenntaða menn, ég veit ekki, hvort hún er slíkt nátttröll í þeim heimi, sem við lifum í, að henni sé sérstaklega illa við það, að tæknimenntaðir menn séu á Íslandi, nema það séu útlendir menn, helzt fengnir á vegum Ameríkana og helzt þrefalt dýrari en innlendir menn. En það lítur út fyrir það, því að það er ekki fjandskapazt við neina aðila eins og þá tæknimenntuðu menn, flugmenn, verkfræðinga og aðra slíka. Og ef hæstv. ríkisstj. heldur, að þeir tæknimenntuðu menn, vegna þess að þeir gera kröfur um há laun, þá sé hægt að svínbeygja þá, þá eru í hæstv. ríkisstj. meiri álfar, komnir út úr verri hól en mér hefði nokkurn tíma dottið í hug. Þróunin í öllu þjóðfélaginu er sú, að það verði fleiri og fleiri og stærri og stærri hluti af öllum verkalýð tæknimenntaðir menn, sem koma til með að gera kröfur um mjög há laun. Það tímabil, sem nú er fram undan, er þannig, að eftir 20—30 ár verður allur verkalýðurinn tæknimenntaður, og það eru þeir, sem gera kröfur um, að atvinnurekstrinn borgi sig, en ekki atvinnurekendur, þessir smábraskatvinnurekendur, sem flækjast fyrir í þessu öllu saman nú. Þeir verða ekki til þá. Tæknimenntaðir menn gera eðlilega alvarlegar kröfur.

Ég skal bara benda hæstv. ríkisstj. á, vegna þess að hún hefur aldrei haft tíma til að hugsa þessi mál, að það eru að vaxa upp núna í heiminum vísindamenn, sem hafa á sínu valdi m. a. öll þau drápstæki, sem sköpuð eru, og um leið líka öll þau tæki, sem geta smám saman gert vinnu manna svo að segja óþarfa á jörðinni. Vísindamenntunin, sem þeir eru að fá aðgang að nú, er slík, að allir stjórnmálamenn, í hvaða landi sem er, standa frammi fyrir þessum vísindamönnum þannig, að gagnvart þeim hafa þeir ekkert annað að gera en heyra og hlýða, ef þessir menn vilja tala, vegna þess að þekking þeirra á því, sem öðrum eru huldir leyndardómar tilverunnar, er slík, vald þeirra í krafti þeirrar þekkingar er það mikið, að það er öllum svokölluðum valdamönnum gert að taka tillit til þeirrar þekkingar. Það er hlutur, sem bæði peningaaðallinn í þjóðfélögunum og ríkisstj. hans eiga enn þá eftir að læra. Og þótt í litlu sé hér heima hjá okkur, þá er tími til kominn fyrir hæstv. ríkisstj. að læra það, að tæknimenntaðir menn láta ekki bjóða sér það, sem jafnvel íslenzkur verkalýður er vaxinn upp úr að láta bjóða sér. Það eru gerðardómar, það eru þrælalög, það er að vera meðhöndlaðir eins og þrælar, en ekki sem frjálsir menn. Þessu þarf hæstv. ríkisstj. að átta sig á. Og ef hún lítur svo á, að henni beri að vera erindrekar fyrir einhverja atvinnurekendur, sem hvorki hafa skilið þetta né neitt annað, yfirleitt ekki neitt af efnahagslögmálum þjóðfélagsins, því að á þau hafa þeir alltaf verið blindir, þá er mjög illa farið. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. ætti að reyna að átta sig nú strax í sambandi við þá tæknimenntun, sem þarna er um að ræða, að þessar aðferðir, sem verkalýðurinn hratt af sér fyrir tveim áratugum, eru ekki aðferðir, sem þýðir að reyna að beita við þá.

Ég ætla að spyrja hæstv. ríkisstj. að því: Ef flugmennirnir, eftir að þessi gerðardómslög væru sett, ynnu ekki, eru þá nokkrir aðrir flugmenn til, sem mundu vinna á þessum vélum? Hvað er ríkisstj. yfirleitt að hugsa? Er hún bara að láta Vinnuveitendasambandið, þessa klíku, reka sig út í svona hluti án þess að hafa hugmynd um, hvað við tekur, og ætlar bara að koma hér til okkar, eins og stundum áður, og fórna höndum á eftir og segja: Mér datt þetta bara ekki í hug. — Hvers konar stjórn er þetta að verða á landinu?

Ég spurði hæstv. ráðh. að því í gær, hvort hann hefði sett reglugerð um vinnutímann. Og það er upplýst hérna núna, að það sé ekki búið að setja hana. Hann upplýsti það ekki, en ég verð að taka trúanlegt, að það sé ekki búið að setja hana. Og það er meira að segja komið fram, ég held, að það hafi verið flugmálastjóri, sem hafi sagt það í samgmn., að það mundi taka eina sex mánuði að setja þessa reglugerð. Hvað gerðist hér í fyrra, þegar við vorum að ræða hér frv. til laga um loftferðir? Það gerðist það, að þá var flutt hér till. af 4 þm. úr öllum flokkum, brtt. hér í Nd. á þskj. 413 við frv. um loftferðir. Flutningsmennirnir voru Pétur Sigurðsson, Jón Skaftason, Sigurður Ingimundarson og ég. Og hún var m. a. um að koma inn nýrri gr., sem átti að verða 54. gr., um hámarkstíma, og mjög nákvæmlega tekið upp, og hæstv. ráðh. gæti fengið þetta blað að láni, það er búið að liggja eitt ár í þingtíðindunum, ef þekkingarleysi skyldi hafa staðið í vegi fyrir því, að hann setti reglugerð um vinnutímann. Þetta var samið með hliðsjón af vinnutíma, sem er annars staðar, með hliðsjón af samningum, sem gerðir hafa

verið. Ég held, að þegar þessar brtt. voru ræddar hér, atkv. greidd um þær, þá hafi kannske munað einu eða tveimur atkv., að það færi í gegn og yrði að lögum, en í staðinn fyrir var sett inn í lög niðurlag á 52. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til þess að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar."

Þetta var sett inn, og þetta var hæstv. ráðh. falið fyrir réttu ári. Og hvernig hefur hæstv. ráðh. staðið í stöðu sinni? Þessi hæstv. ráðh., sem nú fer fram á það við okkur hér á Alþ., að við setjum hér í gegn á nokkrum dögum þetta frv. hans, hvernig hefur hann staðið í stöðu sinni? Hann hefur ekki svarað því, að hann hafi sett þessa reglugerð, og ég verð að trúa því, að hann hafi ekki sett hana enn þá. Þetta á að vera til að tryggja öryggi, ekki bara hvíldartíma fyrir flugmenn, heldur öryggi farþega. Þetta á að vera m. a. til þess að tryggja álit Loftleiða, tryggja það, að þessir 96% útlendingar, sem með þeim ferðast, geti treyst því, að hér á þessu landi, sem Loftleiðir eru frá, séu mjög ákveðnar reglugerðir, mjög vel hugsað um öryggi farþega, þannig að af hálfu ríkisvaldsins í því landi sé allt gert til þess, að mönnum sé sem óhættast að ferðast með Loftleiðum, til þess að auka sem sé álit Loftleiða. Hvernig hefur hæstv. ráðh. staðið í stöðu sinni? Hefur hann hjálpað til að tryggja þetta öryggi? Hefur hann sett þessa reglugerð, eftir að hann hefur barizt fyrir því í fyrra, að það væri fellt að setja það inn í lög? Nei, hann hefur ekki gert það, eftir því sem mér skilst. Ég vona, að ráðh. kalli fram í, ef ég fer með rangt mál. Hann hefur ekkert gert. (**Gripið fram í:** Getur hann ekki fengið orðið til þess?) Ja, kannske, en ég er hræddur um, að hann vilji ekki fá orðið, en hann fengist kannske til þess að kalla fram í. Þess vegna held ég nú, að hæstv. ráðh., fyrst hann fær núna hlé, ég er ekki beinlínis að segja, að hann þyrfti að vinna 1. maí, en á sunnudaginn gæti hann vel tekið sér törn. Ég mundi ekki taka það eins alvarlega, þótt hann bryti sjálfan hvíldardaginn og skellti nú reglugerðinni upp, og ég býst við, að hann hafi þó undirbúið þetta eitthvað og hugsað eitthvað um þetta og beðið um eitthvert álit og það liggi fyrir hjá honum, svo að hann gæti þó komið reglugerðinni frá sér, m. ö. o. lagt fram ofurlítið til þess að auka álit Loftleiða. Ég býst við, að það væri ekkert skemmtilegt, að það væri allt í einu farið að síma það út, að í þessu landi, sem Loftleiðir séu frá, sé það fellt, þar hafi það verið fellt í þinginu að setja lágmarkshvíldartíma fyrir flugmenn til þess að tryggja öryggi farþeganna, ríkisstj. hafði verið á móti því. Hvað yrði nú sagt, ef ég færi nú að eins og þegar Hitler var að biðja um flugvelli hérna, að síma það út um heim, segja frá því, hvernig þetta væri, hvernig þetta hefði verið, hvernig þetta hefði verið trassað, ef þessu yrði nú slegið upp í stórum blöðum í Ameríku, ég tala nú ekki um, ef Pan American og SAS og allir þessir, sem alltaf eru reiðubúnir til að gera Loftleiðum allt til bölvunar, færu nú að taka þetta upp til þess að lýsa því, hvers konar land þetta væri nú? Þetta þætti víst vera til álitshnekkis fyrir Loftleiðir, og náttúrlega yrði mér kennt um það. Ráðh. hefur í heilt ár ekki gert neitt í þessu. Ég get strax sagt það hérna: Ég ætla ekki að gera þetta. En það sýnir bara, hvernig við þurfum hér, stjórnarandstaðan, að reyna að hylma yfir með ríkisstj., hvernig við verðum að reyna að varast, að menn fái að vita sannleikann um, hvernig hún starfar, til þess að valda ekki Loftleiðum álitshnekki úti um allan heim og stórspilla fyrir því fyrirtæki. Það er ekki í einu, heldur er það í öllu, sem verður að reyna að hafa vit fyrir þessari blessaðri ríkisstj. Því segi ég það: Ég held, að fyrst hæstv. ráðh. er nú byrjaður ofurlítið að vitkast og ætlar a. m. k. að breiða feld yfir höfuð sér, ekki í 24, heldur 48 tíma, og reyna að hugsa ofurlítið á meðan, aldrei þessu vant, — ég veit, að ráðh. hafa ósköp lítinn tíma til að hugsa yfirleitt, þeir eru alltaf að afgreiða allt mögulegt, — þá vonast ég til þess, að á mánudaginn verði hann orðinn vitrari í þessum hlutum og sjái til þess, að þetta mál komi þá ekki aftur fyrir.

Það var einhver, sem komst svo að orði hér í gær, þegar verið var að ræða þetta mál, og var að minna á það, sem hefði gerzt 9. nóv. 1963, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki treysta sér til að snúa til baka. Ég vil aðeins segja það, að hæstv. ríkisstj. þarf ekki að skammast sín fyrir slíkt. Menn hafa vaxið af slíku og fáir vaxið eins og þeir, sem höfðu þor til þess að gera það. Og það, sem væri synd fyrir okkar þjóð, er að okkar hæstv. ráðh. reyndust of litlir karlar til þess að gera slíkt, og þar með of litlir karlar til þess að stjórna svo góðri þjóð sem við Íslendingar erum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:18 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20:18 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:18 atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Mér er tjáð, að þegar hin væntanlegu gerðardómslög verða staðfest, þá séu flugmenn um leið komnir á ný í þjónustu flugfélagsins Loftleiða og þar með farnir að vinna upp á hin gömlu launakjör. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. flugmrh., hvað hann áliti, að það liði langur tími, frá því að hin væntanlegu gerðardómslög taka gildi og þangað til gerðardómurinn gefur út sinn úrskurð? Mér er tjáð, að þetta muni geta tekið alllangan tíma, jafnvel margar vikur eða mánuði. Ef það fer svo, að það líða mánuðir svo, að enginn úrskurður fellur hjá þessum gerðardómi, þá er þessum starfs-

mönnum haldið á gömlum launum með gerðardómslögum, án þess að nokkur gerðardómur kveði upp úrskurð, og ef maður lítur svo á hitt, að flugmálastjóri hefur talið það geta tekið jafnvel hálft ár að undirbúa tillögur um hvíldartíma flugmanna, og það er aðaldeiluefnið, þá sýnist mér ekki útilokað, að svona fari. Um þetta vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvað hann álítur í þessu efni og hvort hann vilji hlutast til um, að þessi gerðardómur kveði fljótt um úrskurð sinn, því að það hlýtur þó að vera tilgangurinn með slíkum lögum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mál þetta hefur þegar verið rætt allmikið hér í d., þó að hæstv. flugmrh. hafi ekki séð ástæðu til þess að svara hér fsp., sem gerðar hafa verið til hans, eða taka á annan hátt þátt í efnislegum umr. hér um málið. Ég vil, áður en umr. lýkur hér, láta það koma fram, að ég tel, að þessi framkoma hjá hæstv. ráðh. sé með öllu óverjandi, því að óhugsandi er, að hann vilji ekki játa, að hér sé um stórmál að ræða. Það er með öllu útilokað að kasta fyrir þm. stórmáli sem þessu, sem getur vissulega haft örlagaríkar afleiðingar, ekki aðeins fyrir þá tvo deiluaðila, sem hér eiga nú hlut að máli, heldur fyrir miklu fleiri aðila í landinu, kasta því hér fyrir þm. og standa þannig að málinu að veita ekki eðlilegar upplýsingar, svara ekki fsp. varðandi málið. Sannleikurinn er sá, að þegar ráðherrar gera sig seka um þetta, þá verður það allajafna til þess að lengja umr. á Alþingi og til þess, að umr. verða hér með öðrum hætti.

Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. yfirleitt, að í þessum umr. hafa komið fram ýmsar upplýsingar, sem eru þess eðlis, að ríkisstj., sem flytur þetta frv., hlýtur í rauninni að taka tillit til þeirra upplýsinga og verða að gefa sínar skýringar í sambandi við þær.

Nú er t. d. um það spurt, hvenær þess sé að vænta, að gerðardómur sá, sem gert er ráð fyrir í frv., skuli í síðasta lagi hafa lokið verkefni sínu, hafa fellt sinn úrskurð um launakjörin og vinnutímann, en það er vitanlega alveg útilokað, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert sér einhverja grein fyrir þessum þætti málsins. Nógu er það nú harkalegt að taka af löglegu stéttarfélagi samningsrétt, sem það á og hefur skv. landslögum um kaup sín og kjör, svipta félagið þeim rétti, sem önnur hliðstæð félög í landinu hafa, og leysa mál þess á þann hátt, að þar skuli gilda vinnureglur og launakjör skv. úrskurði sérstaks dóms. Þá hlýtur það þó vitanlega að verða að fylgja, að það séu sett einhver tímamörk um það, hvenær þessi dómur á að hafa lokið sínum störfum, því að vitanlega verður maður að gera ráð fyrir því, að það gæti farið svo, að flugmennirnir í þessu tilfelli vildu illa una þeim dómi, sem felldur yrði, og vildu þar af leiðandi segja upp starfi sínu hjá félaginu. Ef dómurinn dregst því úr hófi fram, þá er einnig verið að svipta þessa starfsmenn þessum eðlilega rétti, að þeir geti tekið afstöðu í sambandi við launakjör sín og starf hjá því félagi, sem þeir hafa verið hjá. Ég tel, að hæstv. flugmrh. beri skylda til þess að gefa hér svör við spurningum sem þessum.

Hér voru lagðar fyrir hæstv. ráðh. margar fsp., sem fyllilega gáfu tilefni til þess, að hann svaraði þeim. Ég býst við því, að þessar umr. þurfi ekki að lengjast úr hófi fram, úr því sem komið er, þó að ráðh. virði hv. þm. hér viðtals í slíku máli sem þessu.

Þá hefur einnig farið svo í þessu máli, að lítils háttar hlé var nú tekið yfir þessa helgi, málið var ekki knúið í gegn hér fyrir helgina, eins og ætlunin var, og 3. umr. málsins var þó frestað um þessa stund. Það er því fyllilega eðlilegt, að þm. sé gerð grein fyrir því, hvort einhverjar alvarlegar tilraunir hafi nú farið fram til þess að reyna að leysa deiluna með þeim hætti, sem lög og reglur gera ráð fyrir. Ég veit, að það er að vísu ekki mikil von til þess, að slíkur frestur sem þessi verði til þess, að samningar takist, ekki á meðan fresturinn er veittur á þann hátt, sem nú hefur verið gert, þegar sá aðilinn, sem greinilega vill fá þessi lög í gegn og vill fá gerðardómslausnina, hefur það alveg öruggt í bakhöndinni, að hans hlutur kemur alltaf upp, ef hann bara bíður einum eða tveimur dögum lengur. En það er nú einmitt það, sem hefði átt að gera, það hefði átt að fresta málinu a. m. k. um óákveðinn tíma til þess að gera báðum aðilum það ljóst, að til þess var ætlazt af þeim, að þeir reyndu að standa að þessu máli eins og slíkum aðilum ber í rauninni skylda til skv. lögum og að á þeim hvíldi nokkur ábyrgð í þeim efnum og nokkur vandi, ef ekki gætu orðið samningar upp úr samningaviðræðum.

Ég tel alveg víst, að ríkisstj. hafi eftir þessar umr. gert sér grein fyrir því, að það er allmikið vandamál, sem getur siglt í kjölfar þessarar lagasetningar. Það liggur fyrir, að samtök flugmanna hafa lýst því yfir, að flugmennirnir muni ekki sætta sig við það að starfa skv. launakjörum, sem eru kveðin upp á þennan hátt. Það má því fyllilega búast við því, að flugmennirnir gangi úr þjónustu þess fyrirtækis, sem þeir hafa verið hjá, ef þessi leið verður farin, og það getur orðið ekki aðeins alvarlegt fyrir þessa starfsmenn, það getur vitanlega orðið mjög alvarlegt fyrir það fyrirtæki, sem hér á hlut að máli, því að ég efast satt að segja um, að það elgi margra kosta völ, eins og málin standa, ef flugmennirnir standa fast á sínu. Það er því ekki víst, að það sé verið að gera þessum aðila neinn greiða með því að standa þannig að framkvæmd þessa máls sem nú er gert.

Það er ekki aðeins það, að það geti verið miklar hættur í sambandi við aðstöðu beggja þessara aðila, flugmanna og flugfélagsins, í þessu tilfelli, heldur er auðvitað enginn vafi á því, og það hefur komið skýrt fram í þessum umr., að setning þessara laga, lausn þessarar deilu, ef lausn skyldi kalla, með þessum hætti kemur til með að hafa mjög ill og hættuleg áhrif í sambandi við aðrar vinnudeilur, sem vissulega geta skollið á, eða aðra kjarasamn-

inga, sem fram undan eru nú. Ég skil því ekki í því, hvernig getur staðið á því, eins og þessi mál eru nú og jafnviðkvæm sem þau eru, að ríkisstj. skuli sækja það af slíku kappi sem hér hefur verið gert að reyna að knýja þetta mál í gegn, í staðinn fyrir að taka upp hinn háttinn að þrýsta með fullri alvöru á báða þá aðila, sem standa í þessari deilu, vinnuveitandann og launþegana í þessu tilfelli, þrýsta á þá, gefa þeim vissan frest til þess að ganga til samninga í málinu.

Það leikur auðvitað ekki á tveim tungum, að afskipti ríkisstj. af þessari deilu hafa verið með eindæmum svo að segja. Verkfallið hefur ekki staðið í lengri tíma en um tvær vikur, þegar ríkisstj. tekur ákvörðun um það, óbeðin af báðum aðilum, að skerast í leikinn á þennan hátt. Og þetta er gert einnig áður en sáttasemjari hefur séð ástæðu til þess að leggja fram sáttatillögur í deilunni, en það er þó vitanlega alltaf gert, áður en gefizt er upp á að leysa eina deilu, og þessi afskipti ríkisstj. koma einnig fram, áður en reynd er sú leið, sem hvað eftir annað hefur verið farin í slíkum tilfellum, að skipa sérstaka aukasáttanefnd sáttasemjara til aðstoðar.

Það verður því ekki hægt að neita því með nokkrum hætti, að afskipti ríkisstj. af deilunni eru vissulega á nokkuð sérstæðan hátt. Það er ekkert óeðlilegt, að ríkisstj. láti sig það nokkru skipta, að slík deila sem þessi sé leyst, og að hún reyni að þrýsta á báða aðila til þess að leysa deiluna með eðlilegum hætti. Það er þekkt fyrirbrigði bæði hér á landi og annars staðar, að ríkisstj. geri það. En það er orðin svo að segja alls staðar viðtekin regla, þar sem starfað er eftir svipuðum reglum og hér er gert eða á að gera hér á landi, að ríkisstjórnir grípi ekki til slíkra aðferða sem þessara, sem hér er verið að grípa til, nema þegar allar aðrar leiðir eru orðnar útilokaðar. En hér virðist sem sagt skjóta upp gamla kollinum, að það eru til aðilar, sennilega innan ríkisstj. og ábyggilega í röðum atvinnurekenda, sem vilja enn fara þá leið yfirleitt í vinnudeilum, í hvert skipti sem eitthvað reynir á, að geta skorið deiluna niður á slíkan hátt sem lagt er til í þessu frv. Þá vilja vinnuveitendur fara bakdyramegin til sinnar ríkisstj. og óska eftir því, að hún stigi yfir þær lagareglur og þær almennu reglur, sem eiga að gilda, víki þeim til hliðar þeim í hag og setji lög með einum eða öðrum hætti. Og ég hygg líka, að það hafi komið allgreinilega fram í þessum umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, að Vinnuveitendasamband Íslands hefur gengið til þessara samninga og mætt hér m. a. á nefndarfundum eða aðilar frá því, nefndafundum hér í Alþingi, og svarað alltaf eins og þeir væru aðilar í þessu máli, en ekki Loftleiðir h/f. Það hefur fyrst og fremst verið framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, sem hefur mætt í málinu og svarað. Það hefur því vægast sagt komið nokkuð sterklega fram í þessum umr., að miklar líkur eru til þess, að hér sé einmitt Vinnuveitendasambandið á ferðinni, það hafi ráðið mestu um það, að þessi leið er valin, það hafi ráðið mestu um það, að samningar hafa ekki tekizt, og það hafi ráðið mestu um, að það eigi nú að knýja fram slíka lausn í deilunni sem hér er lagt til, að farin verði. Og því mun vissulega verða veitt athygli, einnig af verkalýðssamtökunum almennt í landinu, sem nú fara að setjast að samningaborði með fulltrúum Vinnuveitendasambandsins um launakjör vinnustéttanna í landinu yfirleitt.

Ég er því á sömu skoðun og ég hef sett hér fram áður í umr. um þetta mál, að ég tel, að æskilegt væri fyrir alla aðila í þessu máli, að þetta frv. verði stöðvað a. m. k. um stundarsakir og að ríkisstj. beiti sér eftir öðrum leiðum fyrir því að reyna að gera báða aðila, eins og ég orðaði það, ábyrga í þessu máli, að stilla þeim báðum frammi fyrir því, að þeim beri raunveruleg skylda til þess að taka með fullri alvöru á því að reyna að leysa málið eftir samningsleið, og það er líka bezt fyrir báða aðila. En ég efast mjög um það, að ríkisstj. geti hrósað nokkrum sigri, þó að hún knýi fram samþykkt á þessu frv. eins og hér er ráðgert. Ég teldi það miklu mannlegra og betur gert af ríkisstj. t. d. að stöðva málið hér og setja niður sérstaka sáttanefnd í deiluna sáttasemjara til aðstoðar og taka nú dálítið rösklega á því að leysa deiluna svona eins og um vikutíma. Þá vil ég ekki trúa því, að það verði ekki hægt að finna miðlunarleið í þessu máli á milli hámarks- og lágmarkskrafna, sem nú liggja fyrir.

Það hefur glöggt komið fram í þessum umr., að búið er að þyrla upp miklum blekkingum í sambandi við efnisatriði deilunnar. Ég hef sagt, að það hefur ekki verið mín meining og er ekki enn mín meining að taka neina beina afstöðu til þeirra krafna, sem þarna hafa verið lagðar fram, ég er ekki nægilega kunnugur málinu til þess. Og ég tel, að fyrir Alþingi liggi málið ekki á þann hátt, að það þurfi að taka afstöðu til þess, hvort allra hæstu laun flugmanna geti orðið 50 þús. á mánuði eða 40. Eins og málið liggur fyrir Alþingi, þá er aðeins um það að ræða: Á þetta stéttarfélag flugmanna að lúta sömu lögum og reglum og önnur stéttarfélög eiga að lúta í landinu? Á það að hafa samningsrétt? Á það að hafa verkfallsrétt? Á að þreyta samninga á milli þess og vinnuveitenda þess, eins og á að gera á milli annarra aðila? Eða er það virkilega þannig, að þetta stéttarfélag sé þannig saman sett, að það sé ekki hægt að trúa því fyrir þessum ákveðnu réttindum, sem felast í þessum samningsrétti? Ég fyrir mitt leyti álít, að málið beri þannig að Alþingi, að það sé ekki hægt að viðurkenna það á neinn hátt, að það eigi að svipta þetta félag samningsrétti. Ég álít, að hér eigi að reyna miklu betur og vinna á annan hátt að málinu. Um þetta atriði snýst málið, eins og það liggur nú fyrir Alþingi.

Hitt er svo, eins og ég hef áður bent á, aðeins gömul venja, að báðir aðilar reyni að fegra sinn málstað, á meðan á deilunni stendur. Þeir, sem í þessu tilfelli eru andstæðir hags-

munum flugmanna, segja hinar mestu sögur um allra hæstu launakröfur, sem þeir hafa sett fram í deilunni á einhverju stigi málsins, jafnvel þó að þær séu löngu liðnar, eða þá að beinlínis er, eins og hefur komið fram í umr., skýrt rangt frá um efnisatriði málsins.

Þó að einstaka flugstjórar, sem búnir eru að vera samfleytt í starfi í 15 ár við allra vandasömustu störf, geti komizt í tiltekinn launaskala, þá vitanlega sjá allir, að það er mjög blekkjandi að veifa í sífellu slíkri tölu og ætla að láta hana vera einhverja mynd af því, um hvað sé raunverulega barizt fyrir þá starfsmenn, sem hér eiga hlut að máli.

Hér í umr. hefur m. a. verið upplýst, að í þennan algera toppskala mundu, eins og nú standa sakir, aðeins geta komizt skv. fullum réttindum einir þrír menn, og tveir af þeim munu vera, eftir því sem upplýsingar eru gefnar um, stjórnendur í þessu fyrirtæki, Loftleiðum.

Nei, það gerir vitanlega lítið gagn, þegar á að reyna að vinna að því að leysa deilu eins og þessa, að afflytja málin á þennan hátt. Miklu er eðlilegra vitanlega að reyna að knýja á þá aðila, sem eiga að semja um málið að réttu lagi, til þess að taka í fullri alvöru á málinu. En það gefur auðvitað ekki góða raun, ef vinnuveitendur byrja á því strax á fyrstu fundum og láta síðan í það skína allan tímann, að deilan verði bara leyst á þennan hátt, ef þeir eiga það svo í bakhendinni, að þetta muni verða gert fyrir þá. Þá er ekki von á miklum árangri skv. þeirri leið.

Og að síðustu þetta: Ég hef sagt hér áður, að það er mín skoðun, að það muni gilda eins í þessu tilfelli og öðrum, að takist ekki vinnuveitanda og starfsmönnum að semja um starfskjör og launakjör, séu þeir ekki menn eða aðilar til þess að geta átt samninga saman, þá hef ég enga trú á því, að þeir geti starfað saman til nokkurrar lengdar. Það er vitanlega hægt að gera það um stuttan tíma, en slíkir aðilar eiga ekki mikla samleið. Ég hef ekki trú á þeirri leið, eins og komið er slíkum málum sem þessum, að það takist fyrir einhverja ríkisstj. eða einhverja aðra utanaðkomandi aðila að berja þá saman með slíkri lagasetningu sem þessari. Það blessast ekki.

Ég skal ekki lengja þessar umr. miklu meira, en vænti að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þeim spurningum, sem beint hefur verið hér til hans, og vænti þess svo, að hæstv. ríkisstj. öll breyti um afstöðu í þessu máli og fallist á að láta það mál liggja og reyna að knýja á það, að samningar verði raunverulega teknir upp af fullri alvöru í málinu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið undan því kvartað, að ég væri nokkuð fáorður í þessum umr. Það hefur verið sagt frá því í Þjóðviljanum, að ég hafi verið kveðinn í kútinn, og mér finnst nú satt að segja, að þeir, sem það hafa gert, ættu að geta unað sínum hlut nokkuð vel. En sannleikurinn er sá, að ég hef verið tiltölulega fáorður í þessum umr. Ég hef ekki sett mig í dómarasæti og tekið afstöðu með öðrum aðilanum. Ég hef hins vegar sagt, að þegar tveir deila, þá er það sjaldan öðrum aðilanum að kenna. Hitt er svo annað mál, að þeir, sem hafa talað hér, hafa verið að gera mér upp orð, sem ég hef aldrei sagt. Sannleikurinn er sá, að þær fsp., sem hafa verið lagðar fyrir mig, hafa verið þess eðlis, að þeir, sem spurðu, vissu um það, og báðar samgmn., þessarar d. og Ed., kölluðu fyrir sig flugmennina, flugmálastjóra og forsvarsmenn Loftleiða og fengu svarað þeim fsp., sem fyrir þessa aðila voru lagðar.

Í þessu máli er ákaflega litlu að svara, þegar hv. þm. spyrja, eins og t. d. hv. 3. þm. Vestf. (SE), beinlínis um það, sem stendur í frv. sjálfu. Hann spyr: Eiga flugmenn að fljúga á gamla kaupinu mánuðum saman, ef gerðardómurinn tæki sér nú verulega langan tíma til þess að kveða upp dóminn? Hv. þm. spyr um þetta, þótt það standi í 5. gr. frv.: „Ákvarðanir gerðardóms skv. 2. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 1. febr. 1966.“ Svo er verið að spyrja um, hvað þetta þýði. Það er ekki hægt fyrir mig að svara þessu betur en frvgr. gerir. Og það er verið að spyrja að því, hversu langan tíma það taki hjá gerðardómnum að kveða upp dóminn. Ekki get ég svarað því. Hitt man ég, að það tók ekki mjög langan tíma hjá gerðardómnum að kveða upp úrskurð í verkfræðingadeilunni. En gerðardómsmennirnir verða vitanlega að hafa þann tíma, sem þeir telja sér nauðsynlegan, og flugmenn geta unað því vegna þessa ákvæðis í 5. gr. frv.

Það hefur verið talað hér um andstæðinga flugmanna. Hverjir eru það? Eru það þeir, sem vilja leysa þetta verkfall, eða eru það þeir, sem vilja halda verkfallinu áfram? Það er talað um, að eigi að gefa frest til samninga. Það var gert fyrir helgina. Það hafa verið reyndir samningar síðan, en þeir hafa ekki tekizt. Hv. 5. þm. Austf. (LJós) talar um, að það eigi að skipa sáttanefnd, sem starfi með sáttasemjara svo sem eina viku. Það er þá ljóst, að hann gerir a. m. k. ráð fyrir því, að það taki viku enn þá verkfallið, jafnvel þótt sáttanefnd kæmi.

Hins vegar tel ég það ekki rétt að ásaka sáttasemjara ríkisins fyrir slælega framgöngu í þessu máli, og áður en þetta frv. var flutt, var rætt við sáttasemjara um útlitið í þessu máli. Þá hafði hann haldið marga sáttafundi án árangurs, og það bar svo mikið á milli, að hann taldi ekki líkur til, að málið leystist að sinni, þótt haldið væri áfram sáttatilraunum, og það er ekki fyrr en þá, sem ríkisstj. skerst í leikinn og leggur fram frumvarp þetta, og þá fyrst.

Það er talað um, að það sé æskilegt, að þetta mál leysist með samningum. Hver tekur ekki undir það? Hver skyldi ætla, að það væri æskilegra að leysa þessa deilu með lögum en með frjálsum samningum? Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar vilja, að deilumál séu leyst með frjálsum samningum, og ríkisstj. hefur aldrei og mun ekki skerast í leikinn, nema

brýna nauðsyn beri til, eftir að samningatilraunir hafa farið út um þúfur. Það er þetta, sem liggur fyrir. Þetta eru staðreyndirnar í málinu, og þær eru augljósar. Verkfallið hefur nú staðið í mánuð, og þetta er tjón, ekki aðeins fyrir Loftleiðir, ekki aðeins fyrir flugmennina og þeirra nánustu, heldur einnig fyrir annað starfsfólk Loftleiða, en það, sem þó vegur þyngst, það er tjón fyrir þjóðina í heild og það er tjón fyrir flugmálin. Það gerir okkar samkeppnisaðstöðu verri við erlend auðfélög, sem allir hv. alþm. og flugmennirnir vissulega vilja ekki gera veikari.

Það er talað um, að ef þetta frv. verði að l., muni flugmennirnir ekki hlíta þessum l., þá muni þeir fara frá Loftleiðum, sennilega fara úr landi. Ég skal ekkert fullyrða um það. En eitt veit ég, að flugmenn eru ekki allir sammála um þessa yfirlýsingu, sem í blöðunum hefur birzt, og sú yfirlýsing getur ekki af okkur alþm. verið notuð sem rökstuðningur fyrir því, að við eigum ekki að halda okkar striki og samþykkja frv. Ég held, að flugmenn þeir, sem að þessari yfirlýsingu standa, hafi, ef þeir þá margir standa að henni, gert það í hita dagsins, og ég er sannfærður um það og þekki orðið marga flugmenn það vel, að þeir munu fara að lögum, þeir munu virða íslenzk lög og hefur aldrei annað til hugar komið. Og mér finnst nú satt að segja, að það sé ekki eðlilegt að gera því skóna, að flugmenn ætli sér að brjóta lög.

Því sem hv. stjórnarandstæðingar hafa verið að spyrja í þessum umr., er búið að svara. Og það er engu við það að bæta. Ef samningar hefðu tekizt, var það æskilegast, við erum sammála um það. Það hefur verið reynt, og samningafundur var síðast í gær, og deiluaðilar virðast ekki hafa nálgazt. Ríkisstj. vill ekki, að þetta verkfall haldi áfram. Stjórnarandstæðingar vilja, að verkfallið haldi áfram. Ég ætla, að flugmenn vilji ekki, að verkfallið haldi áfram. Ég ætla, að þeir vilji, að það leysist sem allra fyrst. Þeir vilja vitanlega helzt, að það leysist með frjálsum samningum, en ég hef sagt það hér áður, að ég telji, og hef nokkuð fyrir mér í því, að a. m. k. margir flugmenn vilji heldur, að það sé leyst með þessum hætti heldur en að verkfallið haldi áfram. Og það er vegna þess, að flugmenn hafa gert sér grein fyrir því, hvað þetta verkfall gildir, það veldur tjóni og getur valdið varanlegu tjóni, ef það heldur áfram. Og það kemur þá bæði í bráð og lengd einnig við þeirra hagsmuni, auk þess sem flugmenn, alveg eins og alþm. og aðrir góðir Íslendingar, skilja, hvað það þýðir, ef íslenzkt flug lamast og samkeppnisaðstaðan við erlend auðfélög verður verri. Það er þess vegna, sem er vart um annað að ræða til lausnar deilunni, úr því sem komið er, heldur en samþykkja frv. En vissulega get ég tekið undir með hv. 5. þm. Austf., að það væri æskilegast, að það væri leyst með frjálsum samningum. En sú leið virðist vera lokuð og hefur verið þrautreynd með mörgum fundum, sem sáttasemjari ríkisins hefur stjórnað, og mér kemur ekki til hugar, að sáttasemjari ríkisins hafi haft önnur og lakari vinnubrögð í frammi með tilraunir til að leysa þessa deilu heldur en aðrar deilur. Ég held, að það sé alkunnugt, að sáttasemjari ríkisins hafi sýnt alúð og dugnað einmitt í sambandi við það að leysa vinnudeilur og þá þessa ekkert síður en aðrar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. er í raun og veru eingöngu til þess flutt að afnema um tíma meginákvæði vinnulöggjafarinnar. Frv. er til þess að ómerkja meginatriði l. um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar er löglegum stéttarfélögum ákveðinn og helgaður sá réttur að mega semja um laun og önnur vinnukjör meðlima stéttarfélags og eiga að mæta samkv. þeim l. viðsemjendum sínum, atvinnurekendum, sem jafnréttháir aðilar og útkljá þar sín mál við samningaborð. Hinn meginþáttur vinnulöggjafarinnar er svo sá, að takist ekki samningar með þessum tveimur jafnréttháu aðilum, megi vinnuseljandinn neita að selja vinnu sína og leggja hana fram, þegar ekki hefur samizt um verðið á henni, og það heitir verkfall, þá er komið á verkfall. Íslenzk löggjöf heimilar hinum vinnandi manni sem sé þennan rétt, að láta ekki í té vinnu sína, nema því aðeins að um verðið á henni hafi samizt við frjálsa samninga.

En þá kemur þetta frv. og segir: Það skal bannað að leggja niður vinnu, þeim sem eiga að stjórna þessum stórum flugvélum, þó að ekki hafi tekizt að semja um verðið á vinnu þeirra.

Vinnulöggjöfin heyrir undir félmrh., Emil Jónsson, formann Alþfl. Og eiginlega hefði löggjöf, sem afnemur, þótt um stundarsakir sé, vinnulöggjöfina, sem undir hann heyrir, þá löggjöf hefði hæstv. félmrh., formaður Alþfl., að réttu eðli máls átt að flytja. En einhvern veginn hefur hann nú kunnað betur við það að víkja sér undan þessu, og skal ég ekki lá honum það, og koma þessu yfir á hæstv. flugmálaráðh., kollega sinn, e. t. v. hugsað sem svo: Hæstv. flugmálaráðh. hefur áður flutt sams konar brbl., og það detta nú engir gullhringar af honum frekar, þó að hann bæti því við að flytja á hv. Alþ. frv. að sams konar löggjöf. Og vissulega skil ég það, að hæstv. félmrh. sem formaður Alþfl. hafi lagt nokkuð mikla áherzlu á það að víkja sér undan að vera flm. frammi fyrir Alþ. að svona löggjöf. Það hefur hann gert. En mér finnst, að það hafi verið alveg ástæðulaust fyrir hæstv. flugmálaráðh. að vera að taka þennan beiska bikar frá bróður sínum. Ég sé það líka í hendi mér, að það hefði orðið allbeiskur síðasti sopinn hjá hæstv. félmrh., ef hann hefði flutt frv., því að sakir stóðu hér svo 30. apríl, að þá var fastráðið og forseti lét um það falla orð, að hann ætlaði að afgreiða þetta mál á þeim drottins degi, hvað sem tautaði. En 2. umr. um það stóð fram að miðnætti 30. apríl, og þá rann upp 1. maí, alþjóðlegur hátíðar- og kröfudagur verkalýðsins um allan heim, og það gat ekki verið lagt

slíkt höfuðkapp á það að afgreiða málið að kvöldi síðasta apríl, nema af því að flytjendum málsins hefur þótt það vera alveg tilvalið sem hátíðargjöf til íslenzkrar verkalýðsstéttar, að þá einmitt væru staðfest og látin taka gildi vinnukúgunarlög, þrælalög. En þannig stóðu málin, þegar 30. apríl leið að kvöldi, að þá var að ljúka 2. umr. málsins og 3. umr. átti að ljúka á þeim degi líka, en tókst ekki, og þá hlýtur að hafa verið ætlunin að pressa það í gegn alveg sérstaklega, að lögin yrðu staðfest 1. maí.

Ég er nú þannig gerður, að ég ann hæstv. ráðh. alls góðs, og ég tel, að það sé ástæða til að þakka þeim fyrir það, að þeir þó á miðnætti 30. apríl sáu, að það var ekki verulega vinsamlegt við íslenzkan verkalýð að ganga þá frá þessari þrælalöggjöf og ætla sér að staðfesta hana 1. maí, og ég þakka þeim fyrir það, að þeir hurfu frá því óráði. Þá hefðu þeir áreiðanlega spillt enn þá meira friðarmöguleikum í komandi samningum á næstu vordögum. Þá hefði mörgum hitnað í hamsi, ef slík löggjöf hefði verið gefin út í maí. Sá betri hlutinn hefur því orðið uppi, með því að hæstv. flugmálaráðh. féllst á það síðari hluta dags 30. apríl að hverfa frá sínum áður gefnu fyrirmælum til forseta um að ljúka þá málinu, svo að það kæmi til staðfestingar 1. maí.

Ég held, að ef það hefði gerzt, að þessi lög hefðu hlotið staðfestingu 1. maí, hefði farið langbezt á því, að það hefði verið hinn rétti ráðh., sem hefði gert það, formaður Alþfl., hæstv. félmrh., en ekki sá ráðh., sem í raun og veru ætti ekki að þurfa að taka á sig vanda og óvinsældir af svona réttindaskerðingarmáli eins og þetta er, því að þetta er hreint félagsmál og er sem sé í raun og veru þess eðlis, að vinnulöggjöfin að meginefni er lögð til hliðar, tekin úr notkun ákveðið tímabil. Mér finnst því vera farið ómaklega illa með hæstv. flugmálaráðh. að láta hann standa í þessum óvinsæla málflutningi hér, réttindaskerðingarflutningi í félagsmálum, þar sem hann er ekki sjálfur félmrh. Það er eins í þessu máli og jafnan: sá hljóti skell, sem skyldi. En hvað sem því líður, hver eigi réttilega að bera ábyrgð á svona löggjöf, sem ég tel mig hafa túlkað réttilega, er það víst, og það má hæstv. ríkisstj. vita, að því er aldrei vel tekið af íslenzkri verkalýðshreyfingu, að verkalýðurinn sé sviptur sínum helga rétti, samningsréttinum, sem í íslenzkri löggjöf viðurkennir svo verkfallsréttinn, þegar ekki næst samkomulag við samningaborðið um verð vinnuaflsins.

Þó að hér sé um að ræða fámenna stétt með háum tekjum, er það þeirri fámennu stétt jafnhelgur réttur og hinum lægra launuðu stéttum, og það er alveg jafnmikil sök af hendi ríkisvaldsins að svipta fámenna, hálaunaða stétt þessum rétti, sem íslenzk löggjöf ætlar henni, eins og þótt ráðizt væri á hinn almenna launþega, sem þó er síður gert, e. t. v. af því að menn viðurkenni, að þar sé enn þá meira í húfi, þar sé enn þá meiri ódrengskap beitt með því að beita þvingunarlögum gegn þeim, sem rétt hafa til hnífs og skeiðar. En e. t. v. er það þó ekkert síður vegna þess, að þar þorir ríkisvaldið síður til, af því að þar er mörgum að mæta. En það er allri verkalýðshreyfingunni að mæta, þegar ráðizt er á þennan helga rétt, hver sem í hlut á. Það má ríkisstj. vita.

Hæstv. ráðh. tók hér til máls áðan, og þá hélt ég, að hann ætlaði að gera það, sem hann hafði vikið sér undan áður undir umr. um þetta mál, að svara ýmsum fram komnum fsp., en það gerði hann nú nálega ekki. Hann taldi, að allar þessar fsp. hefðu ekki verið svara verðar og menn hefðu verið að spyrja um það, sem þeir vissu um, og fór eiginlega úr ræðustól án þess að sýna neinn lit á því að svara fram komnum fsp. En sumar þær fsp., sem hafa verið bornar fram í þessum umr., áttu fyllilega rétt á sér, og þm. eiga rétt á því, að spurningum til valdamannanna, ráðh., sem fram eru bornar í sambandi við mál, sem hér eru á dagskrá, og í eðlilegu sambandi við efni þeirra og innihald, sé svarað af hæstv. ráðh. Ég taldi, að hæstv. ráðh. viki sér undan yfirleitt að taka til máls, af því að hann vildi umfram allt binda sem fyrst endi á þessar leiðu umr. En hitt datt mér ekki í hug, að hann stimplaði allar þessar fsp. á þann veg, að þær væru ekki svaraverðar.

Ég held, að það hafi verið hv. frsm. meiri hl. n., Sigurður Bjarnason, sem skýrði frá því í sinni framsöguræðu, að reglugerð á grundvelli loftferðalaganna mundi verða lokið á næstu mánuðum. Nú hygg ég, að enginn viti um það betur en hæstv. flugmálaráðh., hvaða undirbúningur hefur verið gerður til setningar þessarar reglugerðar, hvernig því starfi hefur miðað áfram, hvernig það standi og hvort þess vegna sé hægt að vænta þess, að reglugerðin á grundvelli loftferðal. um vinnutíma og þar með um rétt flugmannanna til hvíldar verði gefin út. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvenær þessi reglugerð muni verða tilbúin. Það skiptir mjög miklu máli í sambandi við þetta stóra mál, því að það er tvíþætt, málið. Það er ágreiningur um launakjör flugmannanna og flugstjóranna á stóru vélunum, og í annan stað er ágreiningur um vinnutíma þeirra eða rétt þeirra til hvíldar. Og það væri mjög mikið leyst, ef maður gæti fengið vitneskju um það, að reglugerðin um hvíldartíma þeirra kæmi mjög fljótlega, og ég skil ekki í, að hæstv. ráðh. dragi það lengi úr þessu, þegar það er búið að dragast frá því, að loftferðal. voru sett, dragast þannig allt of lengi að setja þessa reglugerð. Eins og nú standa sakir, þegar m. a. er deilt um þetta og það er kannske torleystara en sjálf launamálin, þá trúi ég því ekki, að hæstv. ráðh. dragi það lengi að setja reglugerðina, og nú spyr ég hann: Hvenær kemur reglugerðin? Þurfa að líða margir dagar, þurfa að líða enn margar vikur, þangað til hún komi? Er ekki hægt að setja kraft á það að láta sérfróða

menn ganga í það að ganga frá þessum atriðum? Lögin eru til, en reglugerðarákvæðin vantar. E. t. v. hefði þessi deila alls ekki orðið svo illkynjuð sem hún hefur orðið og eins torleyst, ef ekki hefði verið deilt um annað en kaupið, ef það hefði verið búið að ákveða þetta atriði með reglugerð.

Mér finnst ekki heldur spurning hv. 3. þm. Vestf. vera út í hött eða óskyld þessu máli, þegar hann spyr um, hve langan tíma gerðardómnum er ætlað að starfa? Þar er hæstv. ráðh. húsbóndinn, og hann hlýtur að hafa gert sér einhverjar hugmyndir um það, hvort hann ætlar að veita gerðardómnum langan, kannske ótakmarkaðan tíma til starfa, þannig að deilumál flugmanna sé óleyst um langan tíma. Hitt er rétt hjá honum, sem hann upplýsti, að það er tekið fram í l., að úrskurður gerðardóms, niðurstaða gerðardómsins skuli gilda frá staðfestingu l. Dómurinn, þegar hann kemur, sem við vitum ekkert hvenær er, á að gilda aftur fyrir sig. En samt sem áður eru flugmennirnir í óvissu um það, hver verði niðurstaða gerðardómsins, ef hann situr lengi með málið í fanginu, og það skiptir verulegu máli, einkanlega þegar fyrir liggur nú fyrir fram tilkynning frá þeim um það, að þegar loksins gerðardómurinn svo kemur, ætli þeir ekki að una því að vinna eftir ákvörðun gerðardóms, þeir vilji eingöngu vinna við þau kjör, sem ákveðin séu með frjálsum samningum. Hæstv. ráðh. er hins vegar svo bjartsýnn, að hann segir: Ég held, að þeir hlíti l., ég held, að þetta sé sett fram í hita dagsins, ég sem sagt tek ekki mark á þessari fyrir fram aðvörun þeirra. — Hann kallaði það hótun. Ég segi: Þetta er aðvörun af þeirra hendi, því að vissulega er það svo, að ef l. eru sett og það fer eins og flugmennirnir hafa sagt, að þeir vinni ekki eftir úrskurði gerðardómsins, stendur hæstv. ríkisstj. illa í málinu að hafa sett lög, sem svo reynast óframkvæmanleg, sem setja enga flugvél í gang. Þá er orðið ljótt klámhögg úr þessu öllu saman.

Ég vil þó segja, að þó að bjartsýni hæstv. ráðh. yrði sér ekki til skammar og flugmennirnir segðu: Þó að þetta séu þrælalög, sem hafa nitt af okkur lagalegan rétt vinnulöggjafarinnar, ætlum við samt að hlýða þeim, — þá væri ekki allur vandi leystur hjá hæstv. ríkisstj. samt, því að þá væri hún búin að láta dómendur, sem hún mundi a. m. k. telja hlutlausa dómendur, úrskurða um það, hvaða kaup flugstjórar skyldu hafa. Og hvaða kaup er líklegt, að þessir hlutlausu dómendur úrskurði? Það hlýtur að vera kaup einhvers staðar á bilinu milli þess, sem Vinnuveitendasambandið fyrir hönd Loftleiða hefur boðizt til að fallast á, sem mun vera eitthvað í kringum 35 þús. kr. á mánuði, og þess, sem flugstjórarnir hafa sjálfir gefið kost á að semja um, sem mun vera í kringum 42 þús. á mánuði. Það kaup, sem dómurinn kæmi til með að úrskurða, mundi vera einhvers staðar á þessu bili, hygg ég. Og hvernig stæði nú hæstv. ríkisstj. að vígi, eftir að tilkvaddir sérstakir hlutlausir dómendur á ábyrgð ríkisstj. hefði úrskurðað til einnar stéttar 35—42 þús. kr. mánaðarkaup? Væri hún ekki komin í neina hættu með það, að til þessarar dómsniðurstöðu hinna hlutlausu dómenda ríkisstj. yrði vitnað og það tekið sem fordæmi fyrir því, sem aðrar sérhæfðar stéttir með langt nám að baki mættu krefjast og vænta að fá kannske, eftir að verkfall þeirra hefði verið stöðvað, með nýjum hlutlausum dómi á ábyrgð ríkisstj.? Hafi hæstv. ríkisstj. óttazt það, að upphæð, sem flugstjórar og Vinnuveitendasambandið semdu um, einhvers staðar á milli 30 eða 40 þús. kr. á mánuði, yrði hættulegt fordæmi í launamálum almennt, sem ég held að yrði nú ekki, ekki a. m. k. almennt, held ég, að niðurstaða dóms á þessum nótum verði miklu hættulegra fordæmi, af því að þetta væri rödd, sem hefði sagt sitt afgerandi orð í umboði sjálfrar hæstv. ríkisstj., í umboði hennar. Dómendurnir eru vinnumenn ríkisstj., hennar hjú, og þeirra orð, þeirra dómsorð væri jafnframt orð ríkisstj. í málinu: Þetta skuluð þið hafa. — Og þegar þessi dómur lægi fyrir, hygg ég, að það væri ekkert ólíklegt, að verkfræðingar tækju upp sín fyrri mál, þá kannske beint með það fyrir augum að fá eitthvað svipaða meðferð af tilkvöddum dómendum ríkisvaldsins. Nei, það er ekki alveg vandalaust fyrir hæstv. ríkisstj., jafnvel þótt hún ásetji sér að láta kné fylgja kviði og höggva hér á torleysta hnúta. Hún er kannske að setja sig í aðra flækju, sem ekki yrði henni þægilegri á eftir, þó að færi svo, að flugvélarnar færu hér í gang og flugmennirnir hlýddu löggjöf, sem þeir segðu um: Ja, þetta er þó íslenzk löggjöf, þó að við lítum á hana sem hálfgerð þrælalög.

Ég býst ekki við því, að hæstv. flugmálaráðh. eða hæstv. ríkisstj. hrökkvi neitt í kút og hætti við að setja þessi lög sín núna á þessum drottins degi, þó að ég bendi á í ræðu, að ýmsar alvarlegar afleiðingar getur lagasetningin haft, annaðhvort þannig, að hæstv. ríkisstj. standi uppi eins og þvara og lög standi á pappírnum, en flugmennirnir láti ekki vinnu sína í té og enginn vandi leysist, eða þá hitt, að dómsorð hinna tilkvöddu dómenda ríkisstj. yrði tekið upp miklu fremur sem fordæmi í launamálum heldur en ef frjálsir samningar hefðu leyst þennan hnút milli réttra aðila.

Hér hefur á Alþ. verið rætt um þetta mál eingöngu sem „prinsip"-mál. Hæstv. ráðh. segist ekki hafa talað í málinu sem neinn dómari, og er það rétt að vísu. En hann ætlar þó að tilnefna í sinn stað dómendur til þess að ákveða verðið á þeirra vinnu. Og hv. alþm., sem um málið hafa rætt, hafa rætt um þetta sem „prinsip"-mál, sem árás á vinnulöggjöfina, árás á helgan rétt, samningsrétt verkalýðsstéttarinnar í heild. Þó að þessir menn séu ekki í Alþýðusambandi Íslands, eru þeir í löglegu stéttarfélagi og lögðu að óloknum samningum við sinn rétta gagnaðila út í löglegt verkfall. Það hefur enginn vefengt, að verkfallið væri löglegt. Og þá á að svipta þá verk-

fallsréttinum og setja lög, sem segja: Eftir að þessi lög eru staðfest, frá og með 3. maí 1965, er verkfallið, sem hófst frá og með 3. apríl 1965, óheimilt.

Ég held, að gerðardómnum verði jafnvel enn þá örðugra um vik að ákveða með úrskurði vinnutíma flugmannanna og önnur starfskjör þeirra heldur en nokkurn tíma að ákveða þeim launin, sem þeir munu sennilega ákveða einhvers staðar á þessu umdeilda bili. Ég held, að það verði gerðardómi afskaplega erfitt að taka á sig ábyrgðina á því að ákveða vinnutíma þeirra. Það verður annað hvort að gerast með ákvæðum í l., og það hefði átt að vera í loftferðal., sem voru afgreidd á Alþ. á síðasta ári, en þar segir, að það skuli gert með reglugerð, og svo kemur reglugerðin ekki. Það held ég, að væri lífsnauðsyn nálega, vil ég segja, að hæstv. ráðh. léti hraða setningu reglugerðarinnar, svo að gerðardómurinn þyrfti ekki að taka á sig þá ábyrgð, sem af því leiðir að úrskurða um það atriði, því að það er vissulega þung ábyrgð, miklu þyngri ábyrgð, sem fellur á þá, sem þá ákvörðun taka, heldur en hvort flugstjórunum eru ákveðin 35 eða 40 þús. kr. mánaðarlaun. Viðgengst það nú, eins og flugmennirnir halda fram og ég hef spurt um, hvort væri rétt, en ekki fengið svar við því, því að spurningar eru ekki taldar þess virði að svara þeim, er það rétt, sem flugmennirnir segja, að samtals geti vinnutíminn farið upp í 22 stundir á sólarhring? Er þetta rétt? Ef þetta er rétt, er það slíkt reginhneyksli, að það má ekki geta gerzt stundinni lengur. Flugmenn, sem hljóta þá að vera orðnir örþreyttir, eiga að stjórna flugfari með allt upp í 200 mannslíf í hendi sér.

Þetta mál er miklu meira en mál flugmannanna. Þetta er mál allra þeirra, sem Loftleiðir skipta við. Og ef menn láta sér eins annt um æru og heiður og ábyrgð Loftleiða og þeir hafa á orði, ríður á að setja þarna mörk af réttum aðilum, sem veita fullnægjandi tryggingu og séu innan forsvaranlegra marka, og e. t. v. er þetta torleystasti punkturinn í deilunni. Ég leyfi mér að spyrja nú hæstv. ráðh.: Væri það ekki mikils virði, að reglugerðin kæmi sem allra fyrst og hyggi á þennan hnút? Er það virkilega verkefni gerðardóms að ákveða þetta, en *honum* er ætlað það samkv. 3. gr. l., sé ég er? Væri ég til kvaddur í svona gerðardóm, mundi ég algerlega kveinka mér við, biðjast undan, krefjast þess að vera laus við að ákveða með gerðardómsúrskurði, hver vinnutími flugmanna skuli vera. Og úr því að þetta er ekki ákveðið í l., er það einskis manns annars en hæstv. ráðh., sem verður að bera ábyrgð á slíku reglugerðarákvæði, og þá reglugerð þarf hann að setja, þegar það er liður í svo alvarlegri, langvarandi deilu eins og hér er um að ræða. Ég kemst ekki hjá að láta þá skoðun í ljós, að ég tel, að það sé búið að vefjast allt of lengi fyrir hæstv. ráðh. að setja reglugerðina. Hún þurfti að koma skömmu eftir að loftferðalögin voru staðfest.

Menn hafa látið í ljós mikla hneykslun yfir því, hve háar kröfur flugmanna væru og fram úr öllu hófi í sambandi við íslenzk launamál. En ég hlýt þó að benda á, að þetta er kannske ekki svo undarlegt sem mörgum manni hér heima virðist. Þessir duglegu, djörfu og öruggu menn, sem hafa á sér orð víðs vegar um heim fyrir að bera af öðrum flugmönnum í öryggi og vera færir, afburðafærir í sinni mennt, eru í daglegri snertingu við flugmenn og flugstjóra annarra þjóða, sem eru á miklu hærra kaupi en þeir. Og ekki nóg með þetta, heldur munu þeir um þessar mundir, nokkru áður en deila þeirra hefst og núna meðan deilan stendur yfir, vera við hliðina á amerískum flugmönnum á miklu hærra kaupi, sennilega margfalt hærra kaupi en þeir. Er það nokkuð undarlegt, þó að menn geri samanburð við menn í sama starfi hjá öðrum þjóðum, sem þeir hafa nálega daglega snertingu við og jafnvel við hliðina á mönnum í sama loftfari, sem fengnir eru frá öðrum þjóðum? Nei, ég get ekki fallið í stafi yfir því.

Ég hef frétt það, að frá því að 2. umr. lauk hér um þetta mál 30. apríl um miðnættið hafi verið haldinn einn samningafundur undir forustu sáttasemjara ríkisins. En mér er sagt, að hann hafi ekki verið langur og engin tilboð hafi komið fram. Það er því staðreynd, sem hér hefur verið margsagt: Sáttafundir hafa ekki verið mjög margir í þessari deilu, ekki mjög tíðir, þeir hafa ekki verið langir. Það er eins og það hafi ekki verið reynt til þrautar eða látið sverfa til stáls, og það hefur engin sáttanefnd verið skipuð. Og núna, þegar hlé varð á, var aðeins tíminn notaður fyrir einn stuttan samningafund. Mér virðast samningamálin vera bara til afsökunar. Allt traustið er lagt á, að málið leysist með löggjöfinni, sem við vitum þó að er þvingunarlöggjöf og verður skoðuð sem slík og mun skilja eftir sig ör, ef ekki sár.

Menn hafa verið að segja, að skýringin á því, að þessi löggjöf sé fram borin, sé sú að skapa fordæmi, ef í harðbakkann slái með vorinu, þá skuli, ef það hafi gengið og gefizt vel að setja þessa löggjöf gegn flugmönnunum, aftur farið af stað og sett löggjöf á verkafólkið í vor. Það er alveg áreiðanlegt, að það *er rétt, sem hv. 3. landsk. þm.*, Eðvarð Sigurðsson, sagði í ræðu sinni hér á dögunum: Þetta frv. og lögfesting þess spillir góðu andrúmslofti í samningum þeim, sem fyrir dyrum standa. Ég er í engum vafa um, að það er rétt og ýkjulaust sagt hjá Eðvarð Sigurðssyni. En ég undrast það samt, ef hæstv. ríkisstj. hugsar svona, að ef hún komist fram með þessa löggjöf, komist hún líka fram með löggjöf af sama tagi með vorinu. Nei, það þarf hún ekki að láta sér detta í hug. Ef slík löggjöf yrði sett í vor til þess að lögbinda kaup verkafólksins, held ég, að hæstv. ríkisstj. gerði það hreint og beint sem sjálfsmorðstilraun, þá vildi hún stytta sjálfri sér aldur, og það mundi hún líka gera. Það er enginn vafi á því, að

það andrúmsloft, sem þá skapaðist, og þær afleiðingar, sem slík löggjöf fengi, þær afleiðingar stæði þessi hæstv. ríkisstj. ekki af sér, hún stendur ekki fastari fótum en svo nú. Ég óttast ekki þvílíka löggjöf, ef hún er hugsuð og þótt hún kæmi. Það er í raun og veru á hvers manns vitorði, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki lifað neinu lífi, sem líf gæti heitið, ekki ráðið neinum ráðum í þjóðfélaginu, sem ráð gætu heitið, síðan hún setti sinn fræga kjaradóm. Þá sprakk hún raunverulega. Síðan hefur hún ekki setið sem nein ríkisstj. Og ef hún hygðist svo sitja eftir að hafa beitt verkalýðinn í landinu þvingunarlöggjöf viðvíkjandi ákvörðun kaups hinna lægst launuðu, þá er ég alveg viss um það, að hún gæti ekki einu sinni hjarað með neinni skuggatilveru. Þá væru hennar dagar taldir. Ég trúi því þess vegna ekki, að þetta hafi vakað fyrir hæstv. ríkisstj., því að það væri mjög barnalegt, ef svo væri, ef hún ofan á það að hafa með sinni stjórnarstefnu fengið á móti sér útgerðarmennina, sem segjast búa við hið mesta kvalræði í bezta uppgripaárferði, sem yfir land og þjóð hefur komið, fá iðnaðarstéttina á móti sér vegna sýndarráðstafana sinna í frelsisátt með því að fara að flytja inn alls konar iðnvarning og þrengja þannig mjög möguleika íslenzks iðnaðar, fá iðnaðarstéttirnar þannig líka upp á móti sér, að ýmsu leyti haga sér þannig, að ýmsar greinar kaupsýslunnar segjast búa við hallæri í landinu, og ef hún ætlaði svo að færast það í fang að fara í opið stríð við framleiðslustéttirnar sjálfar, væri það gert til þess að komast með dálitið skjótum hætti frá því að heita lengur ríkisstj., og hún væri þá beint að ganga að verki til þess að losna úr þeim ógöngum, sem hún er búin að koma sjálfri sér í með allri sinni stjórnarstefnu. Það gæti líka verið alveg fullgildur tilgangur með svona frv. og endurflutningi þess gagnvart öllum verkalýð landsins á eftir. Það væri alveg opin leið til þess að binda enda á þessa tilveru, sem raunverulega hefur aðeins verið skuggatilvera, frá því að kjaradómurinn bylti öllum launamálum landsins og kom þeim út úr eðlilegu spori fyrir 1½ ári.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að segja, að þetta frv. er ekki líklegt til þess að leysa neinn vanda, getur sett hæstv. ríkisstj. sjálfa meira að segja, þegar það er orðið að l., í meiri vanda en nokkru sinni fyrr. Og ef þetta er hugsað sem inngöngusálmur að sams konar aðgerðum gagnvart verkalýð landsins á komandi vori, eru það áreiðanlega ekki verkalýðssamtökin, sem þurfa neitt að óttast í því sambandi. Þá er það alveg gefið, að það mundi varða tilveru hæstv. ríkisstj.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Áðan las ég frvgr., sem var alveg svar við fsp., sem spurt var um, og mér kom þess vegna á óvart, að það væri verið að spyrja. Nú ætla ég að lesa lagagr. úr loftferðal., sem líka er svar við fsp., sem hv. 5. þm. Vestf. var með hér áðan í sambandi við reglugerðina um hvíldartíma flugmanna. Það segir í 52. gr. loftferðalaganna:

„Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar."

M. ö. o.: Þegar rn. hefur fengið till. flugverja, flugfélaga og flugmálastjóra, getur það sett reglugerð. Þessar till. hafa enn ekki borizt, en það er þó vitað, að ráðuneytisstjórinn í samgmrn. hefur rætt um það við þessa aðila, hvort þeirra væri von. En hér er um samningsmál á milli flugfélaganna og flugverjanna að ræða. Og ef rn. færi nú að úrskurða með reglugerð hvíldartímann, við skulum segja á móti vilja flugmanna, eða fara einhvers staðar mitt á milli, er það ekki nema það, sem við viljum sízt gera. Við viljum reyna á það, að flugmenn og flugfélög komi sér saman um þetta og sendi till. til rn. Það hafa engar till. komið. En það, sem rn. mun gera, er að kalla eftir þessum till., og vitanlega er ætlazt til þess, að þessi reglugerð komi. (**Gripið fram í:** Hefur það ekki verið að kalla í heilt ár eða svo?) En það er ekki eðlilegt, og það var nú varla hægt að skilja það hjá hv. 5. þm. Vestf., það var ekki neinn ásökunartónn hjá honum í garð rn., þótt þessi reglugerð væri ekki komin, því að vitanlega skilur þm. það, að það er ekki hægt fyrir rn. að setja þessa reglugerð, fyrr en till. koma, og rn. mun hlutast til um það, eftir því sem föng eru á, að fá þessar till. En þetta er samningsmál, sem flugmenn og flugfélög hljóta að verða að koma sér saman um fyrir framtíðina. (**Gripið fram í:** Samkv. gerðardómnum.) Gerðardómurinn er tímabundinn. Hann á ekki að gilda um framtíðina. Gerðardómurinn og lagasetningin nú er neyðarúrræði, það var ekki annað fyrir hendi. Þess vegna er þetta tímabundið. Ef ríkisstj. hugsaði sér, að flugmenn og flugfélögin byggju að þessum gerðardómi alla tíð, væri ekki verið að setja tímatakmark. En það er sett tímamark, af því að það er ætlazt til, að þessi mál verði leyst með frjálsum samningum, en ekki með l., nema í ýtrustu neyð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að hlusta á hæstv. samgmrh. hér áðan, þegar hann var að tala um reglugerð þá, sem honum ber að setja samkv. l. um loftferðir varðandi lágmarkshvíldartíma flugmanna. Hæstv. ráðh. færði fram afsökun fyrir aðgerðarleysi sínu í þeim efnum, afsökun, sem alls ekki er hægt að finna í þeirri lagagr., sem hann las hér upp. Þessi lagagr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar."

Það aðgerðarleysi að hafa enn þá ekki sett reglugerð um þetta efni skýrði hæstv. ráðh. með því, að hann væri að bíða eftir samkomulagi milli flugmanna og flugfélaganna um þetta mál. Þetta er hreinn misskilningur

hjá hæstv. ráðh. Það þarf ekkert slíkt samkomulag til að setja þessa reglugerð. Það þarf ekki annað en ganga eftir till. frá þessum aðilum, og ef þessar till. berast ekki innan ákveðins tíma, hefur ráðh. að sjálfsögðu heimild til þess að setja reglugerðina, því að það er ekki ætlazt til þess, þó að þessir aðilar fái tillögurétt um þetta mál, að þeir eigi að geta tafið það von úr viti, hvenær reglugerðin er sett. Ég álít, að það verði ekki hjá því komizt, að hæstv. ráðh. setji þessa reglugerð hið fyrsta, og ég sé ekki neina ástæðu til þess, að það þurfi að taka neinn verulegan tíma úr þessu. Mér finnst, að hæstv. ráðh. gæti vel sett þessum aðilum tíma, 1/2 mánuð, 3 vikur eða eitthvað svoleiðis, til að skila sínum till. um þetta, þ. e. flugverjum, flugfélögum og flugmálastjórninni, og að þeim till. fengnum getur hæstv. ráðh. sett þá reglugerð, sem honum sýnist. Hann er alls ekki bundinn við það að fara eftir þessum till., en að sjálfsögðu má ganga út frá því, að hann mundi haga reglugerðinni þannig, að flugmenn og flugfarþegar teldu, að þessi reglugerð um lágmarksvinnutíma flugmanna skapaði nægilegt öryggi í sambandi við flugið.

Ég er alveg sömu skoðunar og kom fram hér s. l. föstudagskvöld, að álit okkar erlendis sem flugþjóðar gæti verið í mikilli hættu, ef þessi reglugerð verður ekki sett hið fyrsta. Ég held, að það sé ekki gott til afspurnar erlendis, vegna þess að okkar flugfélög fljúga mikið þar, ef sú vitneskja bærist út fyrir landssteinana, að engin slík reglugerð væri í gildi um þetta atriði. Ég held, að það mundi ekki skapa þá tiltrú til íslenzkra flugfélaga, sem þeim er nauðsynleg og þjóðinni er nauðsynleg, til þess að þau geti tekið þátt í samkeppni á alþjóðlegum vettvangi. Þess vegna er það algerlega óverjandi af hæstv. ráðh., hve lengi hann hefur dregið að setja þessa reglugerð, og þarf enga afsökun fyrir því, að hún verði ekki sett mjög fljótlega úr þessu eða innan mjög fárra vikna.

Ég skil ekki þær röksemdir, sem hér hafa komið fram hjá einhverjum aðila og mér skilst, að jafnvel flugmálastjórnin sé borin fyrir, að það muni taka svo og svo marga mánuði að setja þessa reglugerð. Ég held, að þessir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, flugmenn, flugfélög og flugmálastjórn, eigi að ráða yfir það mikilli vitneskju í þessum efnum, að það ætti ekki að taka þá neinn verulegan tíma að ganga frá till. um það, hver lágmarkshvíldartími flugmanna eigi að vera, og þegar þær till. eru svo fram komnar, er það ráðh. að ganga endanlega frá reglugerðinni, og hann hefur algerlega óbundnar hendur um það, hvernig reglugerðin verður. Það þarf ekki að taka tillit til þeirra till., sem fram koma, frekar en hann sjálfur telur eðlilegt. En það er líka algerlega óforsvaranlegt, ef einhver af þessum aðilum, hvort sem það eru flugmenn eða flugfélögin eða flugmálastjórnin, dregur að leggja sínar till. fram og ráðh. í skjóli þess dregur það svo að gefa út reglugerðina. Ef einhver af þessum aðilum reynir að tefja framgang málsins á þann hátt að skila ekki neinum till., hvort sem það eru flugmenn eða einhverjir aðrir, fellur að sjálfsögðu niður réttur þess aðila til þess að skila till. og ráðh. er ekki bundinn af því að bíða eftir þeim.

Ég endurtek það enn, að ég álít það óhjákvæmilegt vegna álits okkar út á við og vegna álits flugfélaganna út á við og svo vegna flugöryggisins ekki sízt, að þessar reglur verði settar tafarlaust, og ég vil þess vegna beina þeirri fsp. til hæstv. samgmrh., af því að hann er nú farinn að svara fsp., hvort ekki megi vænta þess, að hann láti þessa reglugerð frá sér koma mjög fljótlega. En ég tel það algerlega vandalaust fyrir hann t. d., svo að ég nefni tímatakmark, að hafa gengið frá þessari reglugerð fyrir 1. júní n. k. Það sýnist mér vera leikur einn.

Þessar umr. eru nú komnar á lokastig, og ég held, að það megi fullyrða, að þessi deila sé á ýmsan hátt sú óvenjulegasta, sem lengi hefur verið háð hér á landi. Hún er m. a. óvenjuleg vegna þess, að það er búið að standa hér verkfall í rúman mánuð og þó virðist málið horfa þannig við, að það hefði átt að verða tiltölulega auðvelt að leysa þessa deilu. Mér sýnist, að það hefði átt að vera tiltölulega auðvelt að leysa þessa deilu, þegar annar aðilinn gengur strax í upphafi verkfallsins svo langt til samkomulags, að hann slær um 20% af sínum kröfum. Ég er líka sannfærður um það, að stjórnendur Loftleiða hafa frá upphafi gert sér ljóst, að það verði heppilegast fyrir félagið að semja heldur en að stefna út í eins langt verkfall og orðið er, með því tapi, sem af því hefur hlotizt, og jafnvel tapi, sem getur orðið erfitt að vinna upp eða tekur nokkurn tíma að vinna upp. Þegar litið er á þetta tvennt, er það alveg óskiljanlegt, hvað þessi deila hefur staðið lengi. Og hvað er það, sem hefur valdið því, að þessi deila hefur staðið svona lengi? Svarið við þeirri spurningu er að finna í grg. eða ég vil segja árásargrein, sem birtist frá Vinnuveitendasambandi Íslands rétt eftir að verkfallið hófst. Það var látið líta svo út, að þetta væri hlutlaus grg. um deiluna, en það er nú upplýst, að svo rangt hefur þar verið á málum haldið, að kröfur flugmanna eru sagðar mörgum hundruðum þús. kr. hærri en þær voru, þegar þessi grg. var birt, vegna þess að það er ekkert tillit tekið til þess, að þeir voru búnir að lækka kröfurnar um 20%. Í framhaldi af þessari furðulegu grg. Vinnuveitendasambandsins, þar sem reynt var að afflytja málstað flugmannanna á þennan hátt, voru af ýmsum aðilum, sem standa nærri þessum félagsskap, hafnar hinar furðulegustu ásakanir á flugmennina. Það var sagt, að það þyrfti enga sérstaka hæfileika eða sérstaka menntun til að stunda þetta starf, þetta væri eiginlega ekkert, að vera flugstjóri á svona stórri vél væri eiginlega ekkert ábyrgðarmeira en að aka bíl, og þar fram eftir götunum, og þess vegna ætti að miða kjör flugmannanna, að því er manni skildist, við kjör bílstjóra, og

á þennan og annan hátt var málið flutt. Það var sem sagt hafin hér hin svæsnasta árásarherferð á annan aðilann, sem stóð að deilunni. Og hvers vegna var þetta gert? Þetta var gert vegna þess, að það var frá upphafi tilgangur Vinnuveitendasambandsins að nota þessa deilu til þess að knýja fram lögþvingaðan gerðardóm og skapa þar með fordæmi fyrir því, að slíka leið mætti fara í þeim deilum, sem eru fram undan og allir vita um. Það er eingöngu Vinnuveitendasambandið og síðan ríkisstj., ég kem að því síðar, sem ber ábyrgð á því, hve lengi þessi deila hefur staðið. Og það er vegna þess, að það hefur verið tilgangur þess, eins og ég sagði áðan, að nota þessa deilu til þess að skapa fordæmi til lausnar öðrum deilum, sem koma síðar, á þann veg, sem það telur sér heppilegast. Og vegna þess hafa flugmennirnir verið teknir þannig fyrir, orðið fyrir þeim árásum, sem ég lýsti, og reynt að sverta þeirra málstað á allan mögulegan hátt, vegna þess að Vinnuveitendasambandið vildi skapa sér aðstöðu til þess að koma þeirri leið fram, sem þetta frv. fjallar um, til þess að skapa fordæmi til lausnar vinnudeilum síðar. Meðferð málsins hefur svo öll verið í þessum anda, sem kom fram í áðurnefndri árásargrein Vinnuveitendasambandsins. Sáttasemjari hefur að sjálfsögðu fundið, að afstaða Vinnuveitendasambandsins, sem fór með mál Loftleiða í þessari deilu, var þannig, að það mundi vera tilgangslaust að halda langa sáttafundi og það mundi vera tilgangslaust að leggja fram miðlunartill., vegna þess að Vinnuveitendasambandið mundi sjá um það, að hún yrði felld. Á þennan veg og allan annan var stefnt að því af þessum aðila að koma í veg fyrir það, að sættir gætu náðst, að samkomulag gæti náðst, til þess að knýja fram þá leið, sem þetta frv. fjallar um.

Mér finnst rétt af þessu tilefni að fara nokkrum orðum um vinnuveitendasamtök og afstöðu þeirra í þjóðfélaginu. Að sjálfsögðu eru vinnuveitendasamtök nauðsynleg, og þau geta verið hin gagnlegustu á margan hátt, ef þau starfa í þeim anda, sem réttur er, ef þau starfa með skilningi á afstöðu þess aðila, sem þau semja við, og ef þau starfa í anda þess að gera sér grein fyrir afstöðu þeirra aðila, sem þau þurfa að semja við. En oft vill það fara þannig, að vinnuveitendasamtök lenda ekki undir stjórn þeirra manna, sem eru heppilegastir til að hafa þar forustuna. Oft vill fara svo, að vinnuveitendasamtök lenda undir stjórn þeirra, sem eru afturhaldssamastir, og stundum undir stjórn þeirra, sem lakast reka sín fyrirtæki, og þess vegna er afstaða þeirra til kaupgjaldsmála oft og tíðum miðuð við afkomu jafnvel lökustu fyrirtækjanna og byggð á algeru skilningsleysi á afstöðu launþeganna, sem þau þurfa að semja við. Það virðist vera svo með marga vinnuveitendur eða þá, sem oft komast til áhrifa í þessum félagsskap, að þeir sjá eiginlega ekki neinn annan kostnaðarlið í sínum rekstri en kaupgjaldið, og það byggist allt á því að halda kaupinu sem mest niðri. Þeir gera sér ekki nægilega grein fyrir því, að það er ekki síður mikilvægt fyrir atvinnureksturinn að vinna að því að búa við sæmileg lánsfjárskilyrði, að búa við lága vexti og vinna að sem mestri hagræðingu í sínum eigin atvinnurekstri og bæta afkomu sína á þann hátt, heldur fyrst og fremst hugsa þeir um það að halda kaupinu niðri. Alþýðublaðið lýsir því nokkuð 1. maí, hvernig viðhorf margra vinnuveitenda er nú í þessum samningum til þeirra samninga, sem eru fram undan, júnísamninganna svokölluðu. Því farast þannig orð í forustugrein, með leyfi hæstv. forseta, þar sem það er að ræða um væntanlega kaupsamninga á komandi sumri:

„Ekki verður annað betur séð en bæði ríkisstjórn og verkalýðssamtök hafi fyllsta hug á samkomulagi. Hins vegar er þegar hafinn skipulegur barlómur atvinnurekenda, meira og minna studdur af ýmsum spekingum. Slíkur tónn er ekki nýr, hann hefur heyrzt oft áður."

Og vissulega er það rétt hjá Alþýðublaðinu: Hann hefur heyrzt oft áður, og slík afstaða hefur heyrzt oft áður. Og það er þessi afstaða, sem hefur ráðið því, hvernig Vinnuveitendasambandið hefur haldið á flugmannadeilunni, vegna þess að þar hefur það haft í huga samningana, sem eru fram undan, og vill skapa sér afstöðu til að leysa þá á þann veg, sem það ætlar nú að knýja fram að þessi deila sé leyst.

En þá kem ég að því atriði, sem ég tel langsamlega alvarlegast í þessu sambandi, og það er það, að ríkisstj. hefur tekið að sér í þessari deilu, — og þar með má álykta, að það verði einnig svo í framtíðinni, — að hún hefur tekið að sér að vera fulltrúi atvinnurekenda, ganga fram undir merki atvinnurekendanna, hinna afturhaldssömu atvinnurekenda, sem ráða Vinnuveitendasambandi Íslands. Í þessari deilu hefur ríkisstj. í einu og öllu komið fram sem hinn trúasti fulltrúi atvinnurekendasambandsins, og þess vegna hefur hún léð máls á því að leysa þetta mál eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég vil leggja sérstaka áherzlu á þetta vegna þess, að mér finnst, að þetta spái ekki góðu um framgang þeirra samninga, sem fyrir höndum eru milli verkalýðsstéttarinnar og atvinnurekenda. Mér sýnist alveg sérstaklega á þessu máli, þar sem ríkisstj. hefur gerzt fullkominn fulltrúi atvinnurekendanna, að hún sé einnig líkleg til að þjóna þeim í þeim átökum, sem hér eru fram undan. Og þótt margt sé alvarlegt við þessa deilu, tel ég þetta vera það langsamlega alvarlegasta. Ég tel, að það sé mikil nauðsyn fyrir launþega, sem eiga harða baráttu fyrir höndum, að gera sér þetta ljóst, og alveg sérstaklega er það nauðsynlegt fyrir þá launþega, sem fylgja stjórnarflokkunum að málum, að gera sér þetta ljóst og reyna að hafa áhrif á þann veg, að ríkisstj. gerist nú ekki í annað sinn fulltrúi atvinnurekendanna, heldur reyni að líta hlutlaust og heiðarlega á málin. Og ég get vel trúað, að það sé rétt,

sem kemur fram í Alþýðublaðinu 1. maí, að það sé á vissan hátt vilji ríkisstj. að reyna að leysa júnídeiluna, sem fram undan er, með samkomulagi. En ég óttast, að það komi í ljós, alveg eins og í þessari deilu, að það sýni sig, þegar á reynir, að þá er ríkisstj. fulltrúi atvinnurekendanna, en fylgir ekki launþegunum að málum, meti þeirra málstað minna en málstað atvinnurekendanna. Og það er heldur ekkert óeðlilegt, því að það vita allir, að það er mjög vel innangengt á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Sjálfstfl. Það er meira að segja vitanlegt, að þeir menn, sem mestu ráða hjá Vinnuveitendasambandinu, ráða líka mestu í Sjálfstfl.

Ég álít, að þetta mál undirstriki það alveg sérstaklega, hvílík hætta er á ferðum, ef ríkisstj. lætur í annað sinn atvinnurekendurna leika með sig og hafa sig að leiksoppi, alveg eins og þeir hafa gert í þessu máli. En vitanlega er, eins og ég hef rakið, fyrst og fremst tilgangurinn hjá atvinnurekendum með því að fá þessi lög fram að skapa fordæmi til þess að fara hina sömu leið í þeim deilum, sem fram undan eru.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að ræða öllu meira um þetta mál. En það, sem ég vildi alveg sérstaklega leggja áherzlu á með ræðu minni, var það, að þó að margt sé alvarlegt í þessari deilu, álít ég það langalvarlegast, að ríkisstj. hefur hér tekið afstöðu með atvinnurekendum eða Vinnuveitendasambandinu réttara sagt og það spái ekki góðu í framtíðinni.

Ég vil svo að lokum minnast aðeins nokkrum orðum á það, sem ég gerði að vísu einnig að umtalsefni í ræðu minni við 2. umr., en það er, að nauðsynlegt sé, ef nokkur möguleiki er á því, að koma þeirra skipan á, að flugfélögin geti sem mest staðið utan vinnudeilna hér innanlands vegna þess, hve mikið þau starfa á erlendum vettvangi. Og ég vil enn einu sinni undirstrika það, að til þess að ná því marki sé það höfuðnauðsyn, að flugfélögin séu ekki aðilar að stéttabaráttunni í landinu, séu ekki aðilar að stéttasamtökum, að þau séu ekki aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands, því að ég held, að aðild þeirra að Vinnuveitendasambandi Íslands geti dregið þá inn í margar hættulegar deilur fleiri en þessa. Mér sýnist öll reynslan í þessari deilu sýna og sanna það, að hún væri löngu leyst, ef Loftleiðir væru ekki aðili að Vinnuveitendasambandinu, og ég verð að segja það, að mér finnst Loftleiðir fá lítil laun fyrir þá góðu greiðslu, sem þær verða að inna af hendi til Vinnuveitendasambandsins og áreiðanlega skiptir mörgum hundruðum þús. kr. á ári, þegar uppskeran er nú ekki önnur en þessi, að það er mánaðar verkfall á stærstu samgöngutækjum félagsins. En það er í raun og veru sú þjónusta, sem Vinnuveitendasambandið hefur innt hér af höndum fyrir Loftleiðir, því að ef það hefði ekki átt þátt í þessari deilu, væri löngu búið að leysa hana. Og mér finnst, að af því eigi Loftleiðir og flugfélögin að læra og vera ekki lengur aðilar að stéttasamtökunum í landinu með aðild sinni að Vinnuveitendasambandi Íslands. Með öðrum hætti held ég, að sé ekki hægt að koma þeirri skipan á, sem þarf að komast á, að flugfélögin geti staðið utan við verkföll og kaupdeilur hér innanlands. Ég benti á það hér við 2. umr., að flugmennirnir hafa sinn skilning á þessu, með því að þeir hafa fyrir nokkru gengið úr Alþýðusambandi Íslands, og þess vegna væri enn þá eðlilegra og sjálfsagðara, að flugfélögin gerðu slíkt hið sama.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki margt, sem þarf að svara í ræðu hv. 5. þm. Reykv., og ég hefði vel getað setið undir því, þótt hann hefði haldið sig að því að skamma ríkisstj. og mig, sem hef verið talsmaður þessa frv. En vegna þess að hann ræðst á hæstarétt og gerir því skóna, að hæstiréttur verði ekki hlutlaus, þegar hann skipar gerðardóminn, tel ég sjálfsagt að mótmæla slíkum getsökum. Hv. þm. fullyrti það, að ríkisstj. hefði tekið afstöðu með vinnuveitendunum gegn flugmönnunum. En hvað gerir ríkisstj. með þessu frv.? Hún gerir ráð fyrir því, að hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kjör flugmanna á flugvélum af gerðinni Rolls Royce 400. Gert er vitanlega ráð fyrir því, að hæstiréttur skipi menn í gerðardóminn, sem líta á þessi mál hlutlausum og réttlátum augum, og það er ekki sæmandi hér í hv. Alþ. að gera ráð fyrir því, að þeir, sem fara í gerðardóminn, kveði ekki upp úrskurð eftir beztu samvizku eftir að hafa kynnt sér málið. Ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu gegn flugmönnunum með Loftleiðum. Ríkisstj. hefur ekki heldur tekið afstöðu með Loftleiðum gegn flugmönnum. Ríkisstj. hefur ekki gert annað en það að gera ráðstafanir til þess, að deilan verði leyst, með því að fela hæstarétti að skipa 3 hæfa menn í hlutlausan gerðardóm til þess að úrskurða flugmönnum kaup og kjör í tiltölulega stuttan tíma.

Það má vel vera, að hv. 5. þm. Reykv. reyni að afsaka þetta, sem hann sagði hér áðan í fljótfærni, því að í fljótfærni hefur það verið gert og óhugsað. Hann hefur ekki ætlað sér að ráðast á hæstarétt. Hann hefur ætlað sér að halda sig að því að deila á ríkisstj., en af einhverjum ástæðum gloprðist þetta úr honum, sem ekki verður þolað, því að okkar réttarfar byggist á því, að við höldum hæstarétti, æðsta dómstóli landsins, utan við deilurnar.

Ég tel svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta, því að fullyrðingar þær, sem fram komu hjá hv. þm., voru þannig vaxnar, að þær geta farið fyrir ofan garð og neðan. Þrátt fyrir skýlaus ákvæði í lögum um reglugerðina, telur hv. þm., að það sé enginn vandi að gera hana á tiltölulega stuttum tíma. Álit flugmálastjóra, álit flugfélaganna og álit flugmannanna er þó þannig, að það hljóti að taka nokkurn tíma, því að þeir vilja helzt geta samið um þetta, en ekki að rn. ákveði ein-

hliða um vinnutímann. En vitanlega gæti að því komið, ef þessir aðilar gefast upp við það að gera till. til rn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. samgmrh. nema um eitt atriði, sem hann sagði nú í seinustu ræðu sinni. Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti að halda hæstarétti utan við deiluna, og ég er alveg sammála honum um þetta. Það á að halda hæstarétti þannig utan við deiluna, að það þurfi engan gerðardóm að skipa í þessari deilu. Ég álít, að það sé alls ekki verkefni hæstaréttar, og það er hvergi gert ráð fyrir því í lögunum um hæstarétt, að hann eigi að vera sérstakur aðili til að útnefna menn í gerðardóm. Ég álít það alls ekki verkefni hæstaréttar, og ég álít það að mörgu leyti hættulegt fyrir hæstarétt, að þessi kvöð sé lögð á hann, sem alls ekki er ætlazt til í lögunum um réttinn sjálfan. Dómnum, hæstarétti, er ætlað allt annað verkefni en að útnefna menn í gerðardóm, og ég álít, að það sé nauðsynlegt fyrir réttinn, að honum sé haldið utan við það að útnefna menn í gerðardóma. Og hæstv. samgmrh. hlýtur sjálfur að muna eftir dæmi, sem sannar þetta. Nú á þessu þingi var breytt lögunum um þann gerðardóm, sem ákveður fiskverðið. Hvers vegna var verið að breyta þeim lögum? Í þeim lögum var það ákveðið áður, að oddamaðurinn skyldi ákveðinn af hæstarétti, og hann var tilnefndur af hæstarétti. En þessi maður, sem var tilnefndur af hæstarétti, gafst ekki betur en það að áliti annars aðilans, þ. e. útgerðarmanna og fiskkaupenda, að þeir neituðu að una þessum gerðardómi áfram, ef hæstiréttur nefndi oddamann í hann, og þess vegna varð að breyta þessum lögum og tilnefna sem oddamann forstöðumann Efnahagsstofnunarinnar. Þetta var lagabreyting, sem sjálf ríkisstj. stóð að, og ég held, að þetta dæmi sýni það bezt, að það sé ekki heppilegt að láta hæstarétt vera að útnefna gerðardóma, enda liggur verkefni hans á allt öðru sviði.

Ég get nefnt annað dæmi í sambandi við þetta, sem sýnir, að það er ekki heppilegt að fela hæstarétti þetta verkefni, þó að hann sé góður á því verksviði, sem honum er fyrst og fremst ætlað í hæstaréttarlögunum, og það er að fella dóma og úrskurði út af deilum, sem rísa um það, hvernig á að skilja lög. Hæstiréttur hefur tilnefnt nokkra aðila í kjaradóm opinberra starfsmanna, og ég held, að öllum komi saman um það, að sá kjaradómur hefur ekki reynzt vel. Það liggja fyrir í þingtíðindunum skjalföst ummæli hæstv. forsrh., sem sanna það, að þessi kjaradómur, sem er að nokkru leyti útnefndur af hæstarétti, hefur fellt úrskurð, sem ekki var samrýmanlegur lögum. Ég hef nokkrum sinnum lesið ummæli hæstv. forsrh. yfir honum og sýnt honum fram á það, að úrskurður kjaradóms í málum opinberra starfsmanna samrýmist ekki lögum, eftir því sem hæstv. ráðh. hefur sjálfur sagt. Ég álít þess vegna, bæði af þessari reynslu og annarri, að það sé kominn tími til þess, að hæstarétti sé haldið utan við allar vinnudeilur með því að fela honum ekki það verk að nefna menn í gerðardóma í vinnudeilum, því að hann á að sinna allt öðrum verkefnum en þeim.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég gerði fyrirspurn til hæstv. samgmrh. í dag um það, hvað hann ætlaði, að hinn væntanlegi gerðardómur þyrfti langan tíma til að kveða upp sinn úrskurð. Honum þótti þetta fávíslega spurt, sagði, að ég væri að spyrja um það, sem stæði í frv., um greiðslur skv. slíkum gerðardómi. Í 5. gr. segir, að ákvarðanir gerðardóms skv. 2. gr. skuli gilda frá gildistöku laga þessara til 1. febr. 1966. Með þessu vildi hann segja, að það væri engin ástæða til að kvarta undan því, þó að gerðardómur kvæði upp úrskurð um þessi nýju laun. Ég er ekkert að spyrja um þessa grein frv., auðvitað hafði ég lesið hana. Ég sagði, að flugmennirnir yrðu að bíða eftir úrskurði gerðardóms til þess að fá önnur laun en þau, sem þeir hafa nú. Þetta stendur óhaggað, hversu langan tíma sem það tekur hinn væntanlega gerðardóm að kveða upp sinn úrskurð, verða flugmennirnir að starfa á meðan eftir hinum gamla samningi. Og það veit enginn, hversu langan tíma þetta tekur. Menn eru nú að gera því skóna, að hæstv. ríkisstj. muni hlutast til um, að þetta dragist a. m. k. fram yfir samningana í vor, en það getur dregizt miklu lengur, eftir því sem flugmálastjóri svaraði spurningu um, hvað það þyrfti langan tíma til að undirbúa till. um hvíldartíma flugmanna, það getur dregizt allt upp í 6 mánuði. Þennan tíma verða flugmennirnir að vinna eftir sínum gömlu kjörum, svo að spurning mín var ekki út í hött.

Hæstv. ráðh. hefur sagt í þessum umr., að ástæðan fyrir því, að gripið var til þessarar lagasetningar, hafi verið sú, að engar líkur væru til, að samningar tækjust, það hefði borið svo mikið á milli aðilanna, og þá hefur hann auðvitað í huga 810 þús. frægu, sem blöð hafa mjög flikað að væru kröfur flugmanna. Og það er svo sem ekkert ótrúlegt, að hæstv. ráðh. hafi litið svona á, af því að hann hefur trúað þessu. Hann hefði bara ekki átt að trúa því. Þessi upphæð er ekki svona há. Hún er mjög nálægt 500 þús. hjá hæstu mönnunum, og eins og ég hef áður sagt, eru það ekki nema 3 menn, sem koma til greina sem flugstjórar með þessum launum. Hinir eru allir miklu lægri í kröfum og það lágir, að það, sem ber á milli hjá þeim og Loftleiðum, eru ekki nema 4—5 þús. kr. á mánuði. Ég gæti vel trúað því, að þeir, sem að þessu frv. standa, hafi einmitt trúað þessum fyrstu upplýsingum og hagað sér svo eftir því. Af því að það var ekki komið fram í þessum umr., vil ég skýra frá því, að flugmenn hafa boðizt til að vinna fyrir óbreytt kaup, ekki einn einasta eyri í hækkun á kaupi, ef þeir fengju eftirlaunasjóð. Og þeim er þetta

mikið nauðsynjamál. Það er ekki langt síðan einn flugmaðurinn hjá þessu félagi missti heilsuna, kornungur maður, og eftirlaunin hans eru, eftir því sem mér er tjáð, ekki nema eitthvað um 30 þús. kr. á ári, og á þessu á hann að lifa. Þeim er þetta mikið kappsmál, og hefðu þeir fengið undirtektir undir þessa hugmynd, hefðu þeir ekki gert kröfu um einn einasta eyri í kauphækkun, og þeir munu enn standa við þetta. Þetta er þá það, sem ber á milli og kostar gerðardómslög. Ætli hæstv. ráðh. viti nokkurn skapaðan hlut um þetta? Bezt gæti ég trúað því.

Enn endurtók hæstv. ráðh. það, að flugmennirnir vildu miklu frekar þennan gerðardóm en að standa í verkfalli og það væri ekkert að marka það, sem stæði í bréfi þeirra, sem fram hefur komið, að þeir mundu ekki sætta sig við gerðardóm. Það er ekkert að marka, hvað flugmennirnir segja, segir hæstv. ráðh. En er þá allt að marka, sem flugfélögin segja, eða það, sem hæstv. ríkisstj. segir?

Ég gagnrýndi það mjög á föstudaginn var, að hæstv. ráðh. hafði vanrækt að setja reglugerð um hvíldartíma flugmanna, og loksins nú fer hann að svara því, sem þá var verið að spyrja um, hvers vegna þessi reglugerð hefði ekki verið sett. Svarið er það, að það hafi engar till. komið frá flugmönnunum. Með þessu er hann að gefa í skyn, að það hafi verið lagt fyrir þá að gera till. um þetta. Ég fullyrði, að það hefur aldrei verið lagt fyrir þá. Þeir hafa aldrei verið spurðir um það. Ráðh. hefur ekki hreyft hönd né fót til þess að setja reglugerð. Og þegar við í samgmn. spurðum flugmálastjóra að þessu, af hverju reglugerðin var ekki sett, svaraði hann: „Það veit ég ekki.“ Ákvæði laganna um þetta atriði eru svo: „Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.“ En hæstv. ráðh. hefur aldrei beðið um eina einustu till. frá neinum þessara aðila. Og hvað ætlar hann lengi að bíða? Ég segi það enn: mér þykir það mjög líklegt, að ekki hefði komið til þessarar kaupdeilu, ef þessi reglugerð hefði verið komin með ákvæðunum um hvíldartima flugmanna, því að út af hvíldartímanum og þar með vinnutímanum er aðaldeilan. Og svo er þetta öryggisákvæði. Þetta er til öryggis fyrir farþega og áhöfn, sem fljúga með þessum flugvélum, að flugmennirnir vinni ekki of lengi, og þetta öryggisákvæði er ekki sett enn, það er alvarlegt mál að mínum dómi.

Nei, það er ekki hægt að saka flugmenn um það, að það hafi staðið á einhverjum till. frá þeim, því að þeir hafa aldrei verið spurðir að neinu. Þeir eiga ekki að arka upp í stjórnarráð og segja hæstv. ráðh., hvaða hvíldartíma þeir eigi að hafa. Á hæstv. ráðh. hvílir skyldan, en ekki flugmönnum. Og hafi hann haft einhvern áhuga á því að setja þessi ákvæði í reglugerð, hefði hann verið löngu búinn að því, og þá hefði ekki staðið á flugfélögum eða flugmönnum að segja álit sitt á því, hver hvíldartíminn ætti að vera, og þá hefðu kannske komið í ljós þær tillögur, sem fram komu í fyrra, að eftir hvert 10 klst. flug skuli flugmenn hafa 10 stunda hvíld, þá hefði það kannske ekki átt sér stað, að þeir þurfi að vinna allt að 22 klst. á sólarhring, eins og nú er. Þetta eru þá öryggisákvæðin, sem við búum við.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í ræðu minni áðan lagði ég einmitt höfuðáherzlu á þann þátt deilunnar, sem snýst um vinnutímann og hvíldartímann. Og það er skoðun mín, að það sé í raun og veru hin viðkvæmasta hlið þessa máls og sú, sem torleystust er. En eins og hv. 3. þm. Vestf. var að ljúka við að segja hér núna rétt áður en ég gekk í ræðustólinn, hefur það dregizt, frá því að loftferðal. voru sett og allt fram á þennan dag, að þessi reglugerð kæmi frá hæstv. ráðh., og það er allt of langur dráttur. Skömmu eftir að l. voru komin og gerðu ráð fyrir, að þessi mikilvægu öryggisákvæði yrðu sett með reglugerð, þurfti auðvitað að fá hugmyndir flugmanna og annarra sérfróðustu manna um þessi mál, og að þeim fengnum, á hvern veg sem þær voru, bar ráðh. að setja þessi reglugerðarákvæði. Þessi dráttur hefur orðið svo langur, að óverjandi er. Mér líka ekki þau svör hæstv. ráðh., að hann taldi sig ekki geta sett reglugerðina, fyrr en búið væri að semja um þetta viðkvæma atriði. Um það er ekkert í l., að hann eigi að bíða eftir því. Hann á að kalla eftir hugmyndum þessara aðila, og vitanlega getur hann ekki beðið endalaust eftir því, og hann er ekki heldur eftir orðalagi l. bundinn af þeim hugmyndum, sem fram koma. Hann á að setja reglugerðarákvæði að fengnum till., þegar hann hefur fengið till., á hann að setja reglugerðina. En enn þá segist hann ekki hafa fengið þessar till. Og nú leggur hann í frv. fyrir gerðardómsmennina að ákveða vinnutíma og önnur starfskjör flugmanna. Og nú spyr ég: Ætlar þá hæstv. ráðh. að setja reglugerðina um hvíldartímann í samræmi við gerðardómsniðurstöðuna um hvíld? Ég trúi því varla, að hann byggi á slíkum grundvelli, og tel, að hann megi ekki úr þessu bíða með það að leysa þessa hlið deilunnar eins og landslög gera ráð fyrir, þ. e. a. s. með setningu reglugerðar. Þá stendur aðeins deiluatriðið um eitt, og það eru launin.

Ég hef ekki tekið eftir því fyrr og held, að ekki hafi verið vikið að því í umr., að flugmennirnir hafa starfað á Rolls Royce flugvélum hjá Loftleiðum frá því í júnibyrjun 1964 gegn því, að laun þeirra yrðu síðar greidd samkv. þeim samningi, sem stóð fyrir dyrum að gera. Ef þetta er rétt, sem ég vil ekki að óreyndu vefengja, að þeir hafi í góðri trú unnið hálft ár á þessari tegund véla og fái svo gerðardómslög á sig á eftir, finnst mér það vera í raun og veru ljótur þáttur í þessu máli, ef flugmennirnir eru sem sagt búnir að vinna þarna hálft árið 1964 í góðri trú um, að þetta yrði leyst með samkomulagi á milli réttra aðila á eftir, en fá svo þvert nei hjá sínum viðsemjendum og gerðardóm frá ríkisstj. Ég hef ekki heldur

heyrt því haldið fram, að þegar flugmennirnir slógu um 25% af kröfum sínum, áður en verkfall hófst, þá hafi komið gagntilboð frá atvinnurekendum um einhverja verulega tilslökun á móti, og það finnst mér bera vott um mikla stífni, mikinn stirðbusaskap í samningum, ef ekkert gagntilboð framkallast við það, að annar aðallinn slær 25% af kröfum sínum. Ég þori að fullyrða, að það kæmi illt blóð í flesta, sem sætu við samningaborð, þegar þeir gerðu svo stórfellda tilraun til þess að ná samkomulagi, að leggja til hliðar fjórða part af framlögðum kröfum, ef þeir fengju ekkert nema steinhljóð eða neitun, en það virðist hafa gerzt hér. Mér virðist því eftir þessum upplýsingum að dæma, að tilslökun hafi verið frá hendi flugmannanna í þessari deilu, en lítill tilslökunarvilji sýndur frá hendi Vinnuveitendasambandsins, sem hefur farið með málsvörn fyrir Loftleiðir í þessu máli. Ég er ekkert ókunnugur því, að þegar við höfum staðið í samningum við atvinnurekendur, hafa atvinnurekendur oft sagt og kveinkað sér við: Ef við réðum okkur sjálfir, mundum við koma með tilboð og nálgast ykkar sjónarmið, en við bara fáum það ekki fyrir Vinnuveitendasambandinu, og ef við vildum fara og halda okkar fram, vofa stórkostleg viðurlög við, sem mundu „rúinera" okkur. — Þeir telja sig alveg á valdi atvinnuveitendasambandsins, þegar út í deilu er komið. Þá geta þeir ekki sagt sig úr samtökunum nema með því að borga gífurlegar sektir. Það er staðreynd, að Félag ísl. atvinnuflugmanna var í Alþýðusambandi Íslands á sínum tíma, og það ræddi við okkur þann vanda, að það væri hætta á því, að flugfélögin drægjust inn í íslenzkar vinnudeilur, ef félag þeirra starfandi flugmanna væri í verkalýðssamtökunum, og til þess að eiga sinn hlut að því að afstýra, að flugfélögin drægjust inn í íslenzkar vinnudeilur, töldu þeir rétt, að þeir gengju úr Alþýðusambandinu, og við féllumst á þetta sjónarmið. Við töldum svo mikið í húfi um framtíð flugfélaganna, að við vildum ekkert gera til þess, að þau drægjust inn í slíkar deilur. Og þeir fóru með mesta friði og vinsemd úr okkar samtökum. En til þess að þessi ráðstöfun þeirra kæmi að gagni, þurftu flugfélögin að gera aðra tilsvarandi ráðstöfun. Þau þurftu að stíga það skref, bæði Flugfélag Íslands og Loftleiðir, að ganga úr Vinnuveitendasambandi Íslands, en það hafa þau ekki hirt um að gera, og það tel ég mjög miður, að þau skyldu ekki gera, því að ég álít rétt að stuðla að því, að þessi samtök, sem eiga vitanlega í mjög harðri samkeppni á heimsmælikvarða, reyni að haga störfum sínum svo, að þau séu sem allra minnst háð deilum á íslenzkum vinnumarkaði.

Það var ekki laust við það, meðan flugmennirnir voru í okkar samtökum og Loftleiðir áttu mikið í húfi með að stöðvast ekki á sínum byrjunarárum, að Alþýðusambandið fengi ámæli af því eða væri jafnvel brigzlað um eitthvert samspil við Loftleiðir, þegar við reyndum að hlífa Loftleiðum eins og við gátum og reyndum að halda félaginu utan við verkfallsátökin. En samt sem áður láta flugfélögin það undir höfuð leggjast að ganga úr samtökum atvinnurekenda og eru þar meðlimir, borga sjálfsagt of fjár í þau samtök, þó að flugmennirnir hafi gert það, sem þeir gátu, til þess að þessi fyrirtæki drægjust ekki inn í íslenzkar vinnudeilur. Ég taldi, þegar þeir túlkuðu þetta mál við okkur í Alþýðusambandinu, að þeir væru að gera rétt, og ég er alveg viss um það nú, að þeir hafa gert rétt í þessu. En þetta skref af þeirra hendi kemur bara ekki að gagni, af því að gagnaðilarnir draga þá eftir sem áður inn í vinnudeilur hér á landi.

Það hefur verið mjög imprað á því, að frv. sé borið fram til að bjarga fjárhag Loftleiða. Mín skoðun er hins vegar sú, að fjárhag Loftleiða hefði verið langbezt borgið með því að sýna mikla lipurð í því að koma til móts við kröfur flugmannanna. Þetta er ekki stærri hópur en svo, að undir því hefði fjárhagur Loftleiða tvímælalaust risið og sómi félagsins mestur að vera sem sanngjarnastur í samningum við sitt starfsfólk, og þessi leið, sem farin hefur verið, sem leitt hefur til hins langa verkfalls og mun e. t. v. leiða til þvingunarlöggjafar, er búin að verða Loftleiðum margfalt dýrari en hin vinsamlega og friðsamlega leið hefði nokkurn tíma orðið. Á því er enginn vafi.

Ég tel það alvarlegt, ef gerðardómsleiðin verður nú reynd og það reynist svo, sem flugmennirnir hafa sagt, að þeir vinni ekki samkv. gerðardómskröfum, en þá má fyllilega búast við því, að þessir okkar færu menn hrekist úr landi. Og það mundu flestir harma, hygg ég, einnig þeir, sem missa þá úr þjónustu sinni. Ég er ekki í vafa um það, að þeir mundu kannske harma það mest, ef sú yrði raunin á. En ég held, að alvarlegast fyrir hæstv. ríkisstj. yrði það, eins og ég áðan sagði, ef hún hefði sett lög, flugvélarnar færu ekki af stað eftir sem áður, flugmennirnir úr landi, þá stæði hún a. m. k. ekki heiðri krýnd fyrir afskipti sín af málinu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Því hefur verið slegið hér fram, að gerðardómslög í launamálum væru kúgunarlög og það væri ráðizt á helgasta rétt einstaklings með því. Ég lít ekki þannig á málið. Ef það er þannig, er margur kúgaður hér á landi. Þegar verðlagsákvæði eru sett hjá verzlunarmönnum, eru ákveðin kjör þeirra af viðkomandi aðilum, ríkisstj. og einhverjum ráðum, sem ákveða slíkt. Ég veit ekki betur en ég með minn atvinnurekstur búi algerlega við gerðardóm, bæði hvað snertir landbúnað og sjávarútveg. Ég tel það ekki kúgun, vegna þess að þessir aðilar, bæði útgerðarmenn og bændur, hafa ekki lagt fram till., sem hafa reynzt betur við að leysa þessi vandamál. Sama er með embættismennina. Þeir búa í raun og veru við gerðardóm, ef ekki næst samkomulag. Þessum aðilum er öllum frjálst að semja, en ef þeim tekst ekki að

semja, eru viss ákvæði um, að það sé útkljáð af hlutlausum dómstóli. Sama er með sjómennina. Þeir búa óbeint við gerðardóma. Það er ákveðið verðið á síldinni, það er ákveðið verðið á fiskinum, og þeir hafa sínar prósentur af þessu, þannig að ef það er ákveðið lágt og við erum snuðaðir, eins og gert var nú í sumar t. d. á síldarverðinu, gjalda þeir þess líka, þannig að ef þetta er að ráðast á helgasta rétt og þetta eru kúgunarlög, sé ég ekki annað en það sé bara meiri hl. þjóðarinnar, sem býr við það. Að nokkru leyti býr iðnaðurinn eða hefur oft gert a. m. k. og gerir e. t. v. að einhverju leyti enn að búa við verðlagsákvæði, og satt að segja, ef hann er tollverndaður, eins og gert var, og verndaður líka með innflutningshöftum, er ekki nema eðlilegt, að ríkisvaldið vilji hafa einhverja íhlutun um það, að hann sé ekki að okra á alþýðu manna. Ég álít, að með dómstól, sem ekki er ástæða til að ætla fyrir fram, að sé hlutdrægur, sé ekki verið að brjóta lög á neinum. Við verðum allir að beygja okkur undir lög, við verðum allir að búa við lög, og lög eru nauðsynleg, til þess að þjóðfélagið geti gengið. Við vitum þetta. Okkur er ekki leyfilegt að gera hvað sem er í þjóðfélaginu. Og það er ekki hægt að reka þjóðfélag upp á það, að einstaklingar geti gert það óstarfhæft, sama hvaða stétt það er. Og þegar við förum í mál, lítum við á dómstólana sem óhlutdræga aðila, sem dæma um miskliðarefnið, og við lítum ekki á, að það sé verið að kúga hvorugan aðilann, þótt dómur sé kveðinn upp. Þótt ég tapi t. d. máli í hæstarétti, tel ég það enga kúgun, heldur það, að samkv. þeim l., sem dómstóllinn dæmir eftir, virðist ég hafa haft rangt fyrir mér. Ég get því ómögulega gengið inn á það, að það sé verið að beita kúgun eða ráðast á helg mannréttindi, þótt það séu einhver ákvæði um það, ef ekki næst samkomulag, að vissir aðilar dæmi, sem ekki sé ástæða til fyrir fram að ætla, að verði hlutdrægir.

Ég hef ekki kynnt mér þetta mál, ekki haft aðstöðu til að kynna mér það rækilega. En það mættu þarna fulltrúar frá báðum aðilum, og ég þekki þessa menn ekki persónulega og hef ástæðu til að halla á hvorugan. En mér virtist frekar standa á fulltrúum Loftleiða að semja, mér virtist flugmennirnir vera fúsari til að semja. En mín skoðun er sú, að eins og málum er komið núna, þá sé það engin kúgun, þó að það sé fenginn einhver hlutlaus dómstóll til að dæma þetta, og ég held satt að segja, að til að forðast það, að annar aðilinn kúgi hinn, sé báðum fyrir bestu að fá einhvern hlutlausan aðila til að ákveða þetta í þetta sinn. En það haggar því ekki, að æskilegast er í öllum tilfellum, að aðilarnir komi sér saman um hlutina á sanngjörnum grundvelli.

Svo þýðir náttúrlega ekki alltaf að vera að tala um þetta, einhverjar deilur milli vinnuveitenda og þeirra, sem vinna hjá þeim. Þetta er yfirleitt ákaflega heimskulegt, því að þegar búið er að hækka laun aðilanna meira en atvinnuvegirnir geta borið, er það bara tekið af þeim aftur. Og hvað hefur hafzt upp úr þeim mörgu verkföllum, sem hafa verið gerð hér á landi? Það eru ýmis ákvæði komin í lög, sem eru að verða hrein plága á launafólkinu sjálfu. Ég hef oft nefnt það, t. d. framlögin í atvinnuleysistryggingar. Ég veit ekki betur en þjóðin sé skattlögð þarna um 100 millj. Það kemur að heita allt á alþýðu manna beint og óbeint gegnum ýmiss konar útgjöld, gegnum ríkisútgjöldin, gegnum bæjarfélögin, og svo er kroppað pínulitið af fyrirtækjum líka. Þetta er að verða stærsti sjóður landsins, þetta er notað til þess að raka saman peningum af alþýðu manna í landinu. Þetta stendur óhaggað enn þá. Það var æskilegt að koma upp atvinnuleysistryggingum, en það þarf ekki að skattleggja menn að eilífu fyrir það, þegar engu er eytt úr þeim sjóði. Sama gerðist að nokkru leyti í samningunum í sumar. Það græddu mest á því þeir, sem launahæstir voru. Ég get viðurkennt það, ég hef ekki kynnt mér rækilega laun fólks hjá Loftleiðum, en það var ljóst, að það verður að hækka við alla hjá Loftleiðum, eða það skildist mér á umr., ef hækkað er hjá einhverjum. En ég hygg, að þeir, sem eru lægra launaðir hjá Loftleiðum, séu ekki á hærri launum en það, að þeir mættu gjarnan fá meira. Hitt vitum við allir, að flugstjórarnir hafa allgóð laun, þótt þeir hafi e. t. v. eitthvað lægri bein laun en stéttarbræður þeirra hafa hér í Evrópu. En það verður sennilega ekki til lengdar, þótt það verði kannske í nokkra mánuði.

Nei, ég held, að ef við ætlum að búa í þessu þjóðfélagi og stjórna því af einhverju viti, getum við ekki alltaf legið í illdeilum hver við annan. Það er sama, hvort við erum vinnuveitendur eða launþegar, að því leyti til, við verðum að leysa málin á skynsamlegan og sanngjarnan hátt. Ég er ekki í vafa um, að það, sem gerir að ýmsu leyti erfitt fyrir að hækka við flugstjórana núna, er, að það standa fyrir vinnudeilur. Það er ekki hægt að neita því, að það hafa allir frekar samúð með því að hækka við þá, sem verst eru settir og lægst launaðir, heldur en við þá, sem eru bezt settir. En það er nú þannig með eftirlætisbörnin, að þau heimta ævinlega mest. Mesta auðfélag landsins er Loftleiðir, og Loftleiðir eiga ákaflega þægilegt með að borga meira. Við vitum það, að flugstjórarnir eru líka einhverjir hæst launuðu menn í landinu. En það er bara þannig, að þeir, sem mest fá, krefjast líka mest, og við vitum, að eftirlætisbörnin eru heimtufrekust. En þó að það skeði nú, ef foreldrar eiga tvo syni, sem þeir hafa alið upp í miklu eftirlæti og hafa í raun og veru meiri fjárráð en þeir þurfa nauðsynlega með og eru alls ekki svangir, þeir færu svo að deila og jafnvel að fljúgast á út af einhverjum matarbita og foreldrarnir taka í axlirnar á þeim og reyna að skilja þá, þá sé ég ekki, að það sé ástæða til að skipta sér mikið af því, nema það sé einhver fólska í foreldrunum, þannig að þeir ætli að meiða þá. Þess vegna er ég að hugsa um að sitja hjá við þessa atkvgr..

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál alllengi í báðum d. þingsins, og það er naumast hægt að segja, að nokkur maður hafi orðið til þess að mæla bót því frv., sem hér liggur fyrir, meira að segja tæplega hæstv. ráðh., sem stendur þó í forsvari fyrir flutningi þess, þar til nú, að hér kemur í ræðustólinn maður, sem telur, að þetta sé í raun og veru alveg sjálfsagt eða það sé eiginlega það eina, sem hægt sé að gera í þessu máli núna. Og það er, held ég, táknrænt, að þetta er kannske eini stórbóndinn, sem situr hér á þingi, málsvari afturhaldsins úr sveitunum. Þar fengu þeir fylgismanninn.

Hv. þm. sagði, að hann gæti ekki litið svo á, að gerðardómur, lögþvingaður gerðardómur, geti verið nein kúgun. Hann gat þess einnig, að hann sem bóndi byggi við slíkan gerðardóm. Mætti ég nú spyrja þennan þm.: Hver væru kjör hans og hver væru kjör annarra, sem búa við sams konar gerðardóm, skulum við segja, ef þeir, sem miðað er við, þ. e. a. s. verkamennirnir í þjóðfélaginu, hefðu ekki verkfallsréttinn, hver væru þá kjör þessara manna? Nei, það er ósköp þægilegt að fá alltaf sitt á þurru, þegar aðrir eru búnir að draga það á land. En þannig er einmitt ástatt um það málsatriði, sem hér um ræðir. En hjá hinum, sem ekkert hafa að selja nema sína eigin vinnu, ef tekið er af þeim frelsið til þess að hafa eitthvað um að segja, hvað þeir selja vinnu sína á, þá er um kúgun að ræða alveg ótvírætt.

Hann sagði einnig, þessi hv. þm., að við yrðum að búa við lög í landi. Það er alveg rétt, við eigum að búa við lög. Það eru til lög í þessu landi um meðferð þeirra mála, sem hér um ræðir. En það nægir ekki þeim, sem hér eiga hlut að máli, því auðfélagi, sem hér á hlut að máli, heldur þurfa að koma til sérstök lög. Það er svo líka rétt, að auðvitað eigum við að hlíta dómsúrskurðum, þegar rétt er farið með mál fyrir dómstólum. En þetta er ekki dómstólamál. Hér er ekki um dómstólamál að ræða. Hér er mál, sem á að semja um, en ekki neinir dómstólar eiga að úrskurða um.

Ég vil segja það, að ég ætlaði ekki að taka til máls hér. En hæstv. ráðh. tók loksins til máls við þessa umr. í dag. Hann sagði þá til svars við fsp., sem borin var fram við hann á þá leið, hvenær gerðardómur ætti að ljúka störfum, að það væri sagt í frv., að úrskurður gerðardóms skyldi gilda frá gildistöku l. og fram í febrúarmánuð 1966, ef ég man rétt, og flugmenn gætu því vel við unað vegna þessara ákvæða í frv. En hver er kominn til með að segja, hver verður niðurstaða gerðardómsins? Gerðardómurinn getur nákvæmlega eins farið niður fyrir þau kjör, sem flugmenn hafa í dag, eins og skaffað þeim eitthvað meira. Það er þessi óvissa um, hvað kemur út úr gerðardómnum, auðvitað, sem flugmenn náttúrlega geta ekki unað til lengdar. Það er alveg augljóst mál. Þeir eiga sem sagt engan veginn víst einu sinni að halda því, sem þeir hafa í dag, hvað þá heldur að fá meira. Þó geri ég ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. muni sjá til þess, til þess að forðast enn meiri vandræði, að það verði þó þannig haldið á málum, að ekki komi til þess, að um kauplækkun verði að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. vildi, að málin leystust með samningum, og það væri alltaf hennar álit í vinnudeilum. Ég vil minna aftur á atriði, sem ég minnti á hér við 2. umr. þessa máls, að flugfélögin hafa notið aðstoðar ríkisvaldsins oftar en nú, þegar um verkfall hefur verið að ræða. Það var 1961, þegar verkamenn í Reykjavík stóðu í verkfalli. Þá voru mál þannig, að laun verkamanna höfðu verið skert um 20% og vel það með gengisfellingarlögum og öðru, sem á undan var gengið. Þegar brbl. voru sett, var búið að gefa flugfélögunum viku lengri frest en öðrum aðilum í deilunni, þá var búið að semja við stóra aðila, sem hlutu að marka það, sem samið yrði um sem heildarlausn. En þá kemur ríkisstj. til, gefur út brbl., sem banna verkföll hjá flugfélögunum. Það var búið að semja um 10% kauphækkun fyrir verkamenn upp í þessi 20%, sem var búið að taka áður. Hvers vegna lagðist nú ekki hæstv. ríkisstj. þá á þá sveifina að knýja fram samninga, því að endanlega vill hún samninga og friðsamlega lausn? Það var einfaldlega vegna þess, að þá vildi hún ekki, að samið yrði, og atvinnurekendasamtökin raunar ekki heldur, þ. e. a. s. þeir afturhaldssömu í þeirra röðum. Það átti að sýna verkamönnunum, að það borgaði sig ekki að hækka launin, eins og þá átti að gera. Þess vegna voru þessi brbl. sett 1961, og það stuðlaði m. a. af því, að verkfallið stóð enn í 3 vikur. Svo er hægt að koma hér, tala í blíðlegum tón og segja, að hæstv. ríkisstj. og ráðh. allir náttúrlega vilji ævinlega friðsamlega lausn málanna.

Nú hefur þetta verkfall staðið í mánuð. Ég held, að það sé að verða hálfur mánuður, sem þetta frv. er búið að liggja fyrir Alþ. Allan þennan tíma hefur náttúrlega ekkert verið gert til lausnar málanna annað en að málið hefur legið hér. Það er alveg fráleitt, þegar mál standa svona, að hæstv. ríkisstj. grípi inn í á þennan hátt, alveg fráleitt. Það, sem auðvitað bar að gera, var að knýja á um samninga. Ég get vel fallizt á það út af fyrir sig, að það eigi ekki einvörðungu annar aðilinn sök hér. Ég held, að bresti á um, hvernig haldið hefur verið á málum. Það má vel vera, að það sé vegna þess, að næg kunnátta í þessum efnum er ekki fyrir hendi. En hvað um það. Það, sem þó fyrst og fremst ræður hér, er áreiðanlega afstaða atvinnurekendasamtakanna, sem ríkisstj. getur haft mikil áhrif á. Ef hún lætur undan þeim, þá er náttúrlega ekki að sökum að spyrja. Þá fer eins og nú er komið. Ef hún stendur á móti, þá neyðast þeir til að semja. Það er það, sem hæstv. ríkisstj. átti nú að gera.

Hæstv. ráðh. sagði að lokum, að stjórnarandstæðingar vildu ekki leysa þetta verkfall, þeir vildu, að verkfallið héldi áfram. Hvaðan í ósköpunum telur hæstv. ráðh. sig hafa heimild til að geta sagt svona hluti? Ég held, að við

höfum hér í umr. og hvarvetna annars staðar, sem við höfum getað haft afskipti af þessu máli, túlkað allt önnur sjónarmið. Það væri búið að semja, ef ríkisstj. hefði ekki látið undan atvinnurekendasamtökunum að grípa inn í þetta mál á þennan hátt. Og ég tel, að það sé ekki aðeins illa farið hvað þessa deilu snertir, heldur einnig þau mjög svo vandasömu samningamál, sem nú standa fyrir dyrum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EI, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, SB.
nei: LJós, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SJóh, VH, HS, HV, IG.
BP greiddi ekki atkv.
3 þm. (EOl, EmJ, JSk) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

43. Eftirlaun.

Á 54. fundi í Ed., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun [155. mál] (stjfrv., A. 334).

Á 55. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Nýlega samdi ríkisstj. við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um launauppbót þeim til handa, 6.6%. Samkv. l. frá 1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fá þeir, sem ellilífeyri taka samkv. þeim l., af sjálfu sér sams konar uppbót á ellilífeyri og opinberir starfsmenn hafa fengið á sín laun. Það þykir sjálfsagt, að þeir, sem fá eftirlaun samkv. 18. gr. fjárl., njóti þess sama, og efni þessa frv. er að fá heimild til slíkra greiðslna. Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir hv. þdm., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 334, n. 355).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það að veita heimild til handa hæstv. ríkisstj. til þess að greiða uppbætur á eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga á sama hátt og slíkar uppbætur eru greiddar á önnur eftirlaun frá ríkissjóði. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. á þskj. 355 ber með sér, hefur nefndin ekki náð samstöðu um afgreiðslu málsins. Við sex, sem að því nál. stöndum, leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt.

Það má vitanlega um það deila, hvort 18. gr. fjárlaganna, a. m. k. í þeirri mynd, sem hún er nú, eigi rétt á sér. Ég lít þannig á, að með því að mæla með samþykkt þessa frv. höfum við, sem að nál. stöndum, út af fyrir sig ekki tekið afstöðu til þess máls, en eins og grg. frv. ber með sér, hefur það verið venja að greiða uppbætur á eftirlaun skv. 18. gr. eftir sömu reglum og á önnur laun. Og í öðru lagi er það yfirleitt efnalítið fólk, sem hér á hlut að máli, og með tilliti til þessa lítum við, sem að meirihlutanál. stöndum, þannig á, að ekki væri ástæða til þess að víkja frá venju í þessu efni að þessu sinni.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar mál þetta kom til kasta fjhn., var ég þessu máli andvígur, og það er í raun og veru í samræmi við þá afstöðu, sem ég hef tekið undanfarin ár við afgreiðslu fjárl., þegar greidd hafa verið atkv. um 18. gr., þá hef ég alltaf greitt atkv. gegn henni, og ég er þá auðvitað í samræmi við það andvígur því, að uppbætur sé greiddar á þær fjárhæðir, sem eru í 18. gr. fjárlaga.

Ég er ekki sammála hv. frsm. nefndarinnar, að þetta fólk, sem fær þessi eftirlaun í 18. gr., þ. e. a. s. eftirlaun, sem eru umfram lögboðin eftirlaun og lífeyri, að viðbættum heiðurslaunum og styrktarfé, — ég er ekki sammála hv. frsm. um það, að þarna sé yfirleitt um efnalítið fólk að ræða. Sjálfsagt eru fjárhagsástæður þessa fólks nokkuð misjafnar. Ég held, að það sé einmitt um að ræða fólk, sem hefur góð eftirlaun. Margt af þessu eru ríkisstarfsmenn, og eftirlaun þeirra hafa stórlega hækkað nú fyrir tveimur árum og eru miklu hærri en áður. Þau eru nú miðuð við laun fyrir stöðuna, eins og þau eru greidd á hverjum tíma, en ekki meðaltal af launum mörg ár aftur í tímann, þannig að þótt ég setji ekki allt þetta fólk í sama flokk, þá tel ég, að mikill meiri hluti af þessu fólki sé svo vel settur, að það sé algjörlega ástæðulaust fyrir ríkið að vera að greiða því sérstakar uppbætur á eftirlaun umfram það, sem það nýtur að lögum, eða biðlaun, heiðurslaun eða styrktarfé. Og þess vegna er ég auðvitað andvígur því, að það sé verið enn á ný að greiða uppbætur ofan á þetta, þar sem ég hef alltaf líka verið andvígur þessum undirstöðugreiðslum skv. 18. gr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 334, 579).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 579, hefur n. athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 622).

---

44. Hjúkrunarlög.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til hjúkrunarlaga [105. mál] (stjfrv., A. 158).

Á 27., 28. og 30. fundi í Nd., 15., 16. og 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til hjúkrunarlaga, á þskj. 158, er í senn almenn endurskoðun á hjúkrunarkvennalögum nr. 27 frá 19. júní 1933 og felur auk þess í sér nokkur nýmæli, sem ég skal nánar gera grein fyrir.
Eins og fram kemur í grg., var málið undirbúið af landlækni og borgarlækni hér í Reykjavík í samráði við hjúkrunarkvennasamtökin í landinu, stjórn Hjúkrunarskóla Íslands og fleiri aðila. En tilgangurinn með endurskoðun hjúkrunarkvennal. var sá að koma inn í löggjöfina breytingum, sem líklegt þótti, að gætu stuðlað að því, a. m. k. að nokkru leyti, að ráða bót á hinum tilfinnanlega hjúkrunarkvennaskorti, sem verið hefur í landinu að undanförnu. Og að áliti þeirra aðila, sem undirbjuggu málið, var talið, að ein leiðin til þess að bæta nokkuð úr þessum skorti væri sú, að þjálfa sérstaka stétt aðstoðarfólks, sem ynni við hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna. Það er vitnað til þess, að sú leið hafi verið farin í nágrannalöndum okkar, þar sem svipaðir erfiðleikar hafa verið og hér, og reynzt nokkuð vel. Þetta svo kallaða aðstoðarfólk eða sérstaklega þjálfað fólk hlýtur aðallega verklega þjálfun um skamman tíma, nokkurra mánaða skeið, og starfar ekki upp á eigin spýtur, heldur undir stjórn hjúkrunarkvenna. Um þetta, sem er helzta nýmælið, er ákvæði í 8. gr. frv. Og það er gert ráð fyrir þeirri tilhögun, að Rauði kross Íslands muni taka að sér þá verklegu þjálfun, sem hér kann að verða um að ræða. Af þessu mun leiða nokkurn kostnað, þó ekki ýkjamikinn. En mér hefur verið tjáð, að þeir, sem undirbjuggu málið, geri ráð fyrir, að hann nemi kannske árlega um 150 þús. kr., svo að það er ekki verulegt atriði, ef það getur orðið til þess að leysa að einhverju leyti úr þeim vanda, sem við er að glíma.
Að öðru leyti er, eins og ég sagði, nokkur endurskoðun á eldri lögum, hjúkrunarkvennalögum. Þetta er nú kallað frv. til hjúkrunarlaga, en það heiti byggist á því, að nú eru einnig til hjúkrunarmenn og kom því til álita að taka upp bæði heitin, hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, en eins og fram kemur í 7. gr. frv., þótti sá háttur betur við eiga, að ákvæði 1.—6. gr. skyldu einnig taka til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til að kalla sig hjúkrunarmenn.
Það er svo nýmæli í 1. gr., að þar er gert ráð fyrir því, að fleiri hjúkrunarskólar en Hjúkrunarskóli Íslands geti verið reknir hérlendis og hjúkrunarkonur, sem útskrifaðar eru úr hjúkrunarskóla, gangi undir sérstakt viðurkennt próf, áður en þær eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa og öðlast rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur.
Að öðru leyti held ég, að sé nokkuð auðskilið, hvað í frv. felst, með þeirri grg., sem fylgir hinum einstöku greinum. En ég vil láta þess getið, að við mig hafa haft samband fulltrúar frá stjórn Hjúkrunarfélags Íslands og hafa borið fram ósk um, að það yrði stofnað sérstakt embætti hjúkrunarkonu á vegum ríkisstj. Íslands, þ. e. eins konar embætti hjúkrunarkonu við hlið landlæknis eða hjá landlæknisembættinu. Þær hafa vitnað til þess, að þessi háttur hafi gefizt vel, sérstaklega hjá Dönum og öðrum nágrönnum okkar. Hins vegar hefur verið nokkuð óljóst, hvernig ætti að koma því fyrir og hvert ætti að vera afmarkað verksvið slíkrar embættishjúkrunarkonu. Ég hef óskað eftir því, að þær legðu fram till. um það, og stjórn Hjúkrunarfélags Íslands samþykkti á stjórnarfundi 30. okt. að skipa nefnd til þess að undirbúa tillögur um þetta atriði, um starfssvið og starfsskiptingu slíkrar em-

bættishjúkrunarkonu. Mér hafa ekki enn borizt þær í hendur, og ég hef ekki talið ástæðu til að setja ákvæði um þetta inn í lög. Að vísu gæti komið til álita, að það væri heimildarákvæði í líku frv. um að stofna slíkt embætti hjúkrunarkonu, sem vikið hefur verið að, en þó taldi ég það ástæðulaust. Ég hygg, að þetta sé fyrst og fremst framkvæmdaratriði, sem ráðh. gæti ráðið fram úr án sérstaks ákvæðis í l., ef það teldist æskilegt, þegar fyrir liggja hinar endanlegu till. frá stjórn Hjúkrunarfélags Íslands. Ég geri ráð fyrir því, að n., sem fær þetta til meðferðar, muni berast þær till., ef þær koma undir meðferð málsins í þinginu, og málið megi þá athugast nánar, þegar þar að kemur.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 315, 316).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. til hjúkrunarlaga, sem hér liggur fyrir á þskj. 158. Frv. var sent til umsagnar Læknafélags Íslands, sem telur sig ekkert hafa við það að athuga. Þá mættu á fundi hjá heilbr.- og félmn. forsvarskonur hjúkrunarsamtakanna, og óskuðu þær mjög eindregið eftir, að 3. mgr. 2. gr. yrði felld niður úr frv. N. athugaði þetta atriði sérstaklega og varð sammála um að leggja til, að umrædd mgr. yrði felld niður. Telur n., að ákvæði 2. mgr. 2. gr. um heimild til handa ráðh. um undanþágur sé tæmandi og að það raski því ekki í neinu efni þessarar gr. frv., þó að 3. mgr. hennar falli niður.

Efni þessa frv. er, eins og hæstv. heilbrmrh. benti á í framsöguræðu sinni, er málið var lagt fram í þessari hv. d. til 1. umr., almenn endurskoðun á hjúkrunarkvennalögunum, nr. 27 frá 19. júní 1933. En auk þess eru í þessu frv. nokkur nýmæli, sem ekki hafa áður verið í l. varðandi þessi mál. Helzta nýmæli frv. er að finna í 8. gr. þess, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal starfsheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð."

Um þessa gr. frv. segir í aths., sem því fylgja, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalástæðan til endurskoðunar hjúkrunarkvennalaganna er hinn mikli skortur á hjúkrunarkonum í landinu. Ein leið til að bæta að nokkru úr þeim skorti er að þjálfa sérstaka stétt aðstoðarfólks, er vinni við hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna. Hefur þessi leið verið farin erlendis og mun hafa reynzt vel. Þykir því rétt að heimila með lögum sams konar ráðstöfun hér á landi. Aðstoðarfólk þetta hlýtur aðallega verklega þjálfun um nokkurra mánaða skeið. Það vinnur ekki á eigin spýtur, en tekur að sér ýmis vandaminni störf undir stjórn hjúkrunarkvenna og getur því að vissu marki komið í þeirra stað."

Enn fremur segir í aths., að í ráði sé, að Rauði kross Íslands taki að sér að stjórna þjálfun þessa fólks.

Allir, sem til þekkja, vita, að mikill skortur hefur verið á lærðu hjúkrunarfólki mörg undanfarin ár hér á landi, og er ekki annað sjáanlegt en að með tilkomu hinna nýju og stóru sjúkrahúsa, sem nú er verið að reisa bæði hér í Reykjavík og víðar um landið, verði þessi skortur enn tilfinnanlegri, þegar þessi hús verða tekin í notkun, þar sem þau að sjálfsögðu útheimta nýtt starfsfólk og enn fleira en þau sjúkrahús, sem nú eru í notkun hér. Verður því sú leið, sem hugsað er að fara í 8. gr. frv., að teljast eðlileg og líklegust til úrbóta, þar sem ekki er nema um takmarkaða tölu hjúkrunarfólks að ræða, sem hægt er að útskrifa árlega úr Hjúkrunarskóla Íslands, eins og nú er. En rétt er að benda á það í þessu sambandi, að verulegt átak er fyrirhugað í þessu sambandi með stækkun þessa skóla, og er á 20. gr. fjárl. fyrir þetta ár gert ráð fyrir framlagi í þessu sambandi. Tel ég ástæðu til að ætla, að verulegra úrbóta sé von í þessum efnum, þegar stækkun skólans hefur átt sér stað.

Herra forseti. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri brtt., sem fram kemur á þskj. 316.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 316 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 330).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til hjúkrunarlaga kemur frá Nd. og hefur farið gegnum þá d. svo til óbreytt. Þó hefur verið gerð smábreyt. á 2. gr., þar sem felld hefur verið niður 3. málsgr. þeirrar gr., eins og var í upphaflega frv., en það skiptir ekki efnislega máli í þessu sambandi.

Þetta frv. er endurskoðun á hjúkrunarkvenna-

lögunum, nr. 27 19. júní 1933 og er að efni til almenn endurskoðun og endurbót á ýmsum ákvæðum þeirra. En jafnframt er frv. fram borið vegna þess, hversu hjúkrunarkvennaskortur hefur verið mikill, og inn í þetta frv. fellt eitt ákvæði, sem ætla mætti að gæti unnið að því að bæta nokkuð úr þeim skorti, en það er að þjálfa aðstoðarfólk til hjúkrunar á sérstökum námskeiðum, og fjallar 8. gr. um það atriði, þar sem segir, að heimilt sé að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrunarstarf, og skal starfsheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að þetta hjúkrunarfólk yrði þjálfað í samvinnu við Rauða kross Íslands, og standa nokkrar vonir til þess, að það geti að einhverju leyti, eins og ég sagði áðan, bætt úr hinum alvarlega skorti hjúkrunarkvenna.

Að öðru leyti er gerð grein fyrir því í aths. frv., hvernig málið er til komið. Það er undirbúið af landlækni og borgarlækni í samráði við hjúkrunarkvennasamtökin í landinu, stjórn Hjúkrunarkvennaskóla Íslands og fleiri aðila.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Hinar einstöku gr., að svo miklu leyti sem nýmæli eru, sem eru sáralítil umfram það, sem ég hef nú sagt, þá eru þau skýrð í aths

Ég vil leyfa mér að leggja til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 4. mai, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 5. mai, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 330, n. 598).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið úr Ed. og var samþ. þar shlj. Þar var að vísu gerð á því ein minni háttar breyting, sem menn þar voru sammála um að gera eftir ósk hjúkrunarkvenna.

Í þessu frv. felast í meginatriðum tvær breytingar frá gildandi hjúkrunarkvennalögum frá árinu 1933, þ. e. að það er gert ráð fyrir, að fleiri hjúkrunarskólar kunni að verða reknir hér en Hjúkrunarskóli Íslands, og enn fremur er heimild sett í þetta lagafrv. í 8. gr. til að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal námstilhögun þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð. Þá má enn fremur geta þess nýmælis, sem er í 7. gr., að ákvæði laganna taki einnig til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til þess að kalla sig hjúkrunarmenn.

Frv. þessu var vísað til heilbr.- og félmn. d., og eins og nál. á þskj. 598 ber með sér, mælti nefndin með því, að frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 5. mai, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 656).

---

45. Læknaskipunarlög.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til læknaskipunarlaga [138. mál] (stjfrv., A. 290).

Á 50. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 290 frv. til læknaskipunarlaga. Orsök þess eru þeir miklu erfiðleikar, sem á undanförnum árum hafa komið í ljós við það að búa fólkinu í hinum dreifðu byggðum þá aðstöðu, að það hefði góða læknisþjónustu, sambærilega við þá, sem í þéttbýlinu búa, eða a. m. k. góða og fullnægjandi læknisþjónustu. Tilgangur frv. er að reyna að leysa úr þessum vandræðum með breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á læknaskipuninni, og öðrum ákvæðum í frv., sem stefna að sama marki og ég skal síðar koma að.

Þetta er ekki nýtt vandamál, sem hér er á ferðinni, heldur hefur það verið um langan aldur. Það má segja, að það hafi reyndar á allri þessari öld meira og minna mistekizt að tryggja það á hverjum tíma, að læknar fengjust til að gegna embættum í hinum einstöku læknishéruðum. Hitt er svo annað mál, að vandræðin hafa farið vaxandi og orðið meira áberandi við ýmsar breyttar þjóðfélagslegar aðstæður, þegar þéttbýlið hefur vaxið og aukizt og þar hefur verið um meiri og síaukna læknaþjónustu að ræða, en hins vegar örðugleikarnir samhliða vaxið við að tryggja góða læknisþjónustu úti í dreifbýlinu, þar sem fólki hefur jafnvel á sumum stöðum verið að fækka.

Mönnum er nokkuð ljóst, hvernig þetta er, af fyrri og síðari umr. hér í þinginu. En eins og ástandið nú er, fer nokkuð fjarri því, að fastir læknar séu í hinum einstöku héruðum, og núna munu vera 6, sem eru algerlega læknislaus, og 9 gegnt af læknakandidötum, sem eru eingöngu til bráðabirgða. En jafnframt

þessu liggur það fyrir, að fastir umsækjendur hafa ekki fengizt um 15 eða 16 læknishéruð. Og það er talið, að enda þótt fram til þessa hafi tekizt að afstýra stórvandræðum, ef svo mætti segja, sé mjög óliklegt, að það takist til lengdar án sérstakra aðgerða. Nú er því ekki til að dreifa, að okkur vanti læknisfróða og menntaða menn á þessu sviði. Og það hefur komið fram við síðustu athugun, að um 82 læknar eru við framhaldsnám erlendis eða störf erlendis og auk þeirra eru 67 læknakandidatar *ýmist erlendis eða hérlendis* við nám eða bráðabirgðastörf. Ástæðan er einfaldlega sú iskyggilega staðreynd, að ungir læknar virðast yfirleitt vera því algerlega afhuga, eins og nú er ástatt, að gerast héraðslæknar. Þetta hefur komið fram af könnun á þessu sviði og viðtölum við unga lækna, fjölda lækna og kandidata, og á einum stað hér í *aths.* kemur fram, að af 62 læknum, sem svör bárust frá í sambandi við viðhorf þeirra til starfa á sviði menntunar þeirra, lét aðeins einn það uppi, að hann hefði hug á að gerast annaðhvort héraðslæknir eða almennur starfandi læknir.

Ég sagði áðan, að þetta væri ekki nýtt af nálinni, og það hafa oft verið gerðar tilraunir til þess að koma betri skipan á þessi mál, bæði hér á þingi og utan þings. Ég minnist þess, þegar ég hafði um tíma með að gera meðferð heilbrigðismálanna síðustu mánuði ársins 1961, að þá var til meðferðar breyting á læknaskipuninni og löggjöf þar að lútandi, sem Bjarni Benediktsson, sem þá hafði áður farið með heilbrigðismálin, hafði undirbúið og byggt á tillögum landlæknis. Það varð lítið úr úrbótum á þessu sviði í meðferð þingsins. Nokkuð var samþ. og annað fellt, og verulegur árangur varð sem sagt ekki af þessari tilraun til úrbóta.

Landlæknir ritaði mér bréf í aprílmánuði í fyrra, þar sem hann var mjög áhyggjufullur út af ástandi þessara mála, og taldi nauðsynlegt, að nú þegar yrðu gerðar ráðstafanir til þess, að í samráði við læknasamtökin í landinu og nokkra aðra aðila verði rækileg endurskoðun látin fara fram á læknaþjónustu dreifbýlisins. Og það var í framhaldi af þessu, að ég skipaði n. í maímánuði s. l., sem var falið þetta verkefni, að framkvæma endurskoðun á læknaskipunarlögunum, nr. 16 frá 9. apríl 1955, og læknisþjónustu dreifbýlisins almennt í því skyni að finna lausn á hinu aðkallandi vandamáli, sem stafar af skorti á læknum til héraðslæknisstarfa, einkum í hinum fámennari og afskekktari héruðum landsins. Þessa n. skipaði ég með það fyrir augum, að í hana veldust þeir menn, sem hefðu nánasta og bezta þekkingu á þessum málum, hver á sínu sviði, og eins og fram kemur í aths. var landlæknir formaður n., dr. Sigurður Sigurðsson, og varamaður hans Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, sem hjá honum starfar, síðan Óskar Þórðarson yfirlæknir, formaður Læknafélags Íslands, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri í félmrn., og svo fulltrúi í dóms- og kirkjumrn., sem þar fer með heilbrigðismálin, Jón Thors. Síðan var gert ráð fyrir einum fulltrúa frá Háskóla Íslands, og var það fyrst í stað dr. Sigurður Samúelsson, en síðar Kristinn Stefánsson og dr. Sigurður Samúelsson varamaður hans.

Þessi n. lagði sig mjög fram um það að reyna að finna leiðir til úrbóta og gera tillögur, sem um munaði og mundu geta valdið verulegum áhrifum til góðs og úrbóta í þessu mikla vandamáli. Ég held, að þarna hafi verið saman komnir menn með mjög alhliða og yfirgripsmikla þekkingu, almenna þekkingu og sérþekkingu á þessu vandamáli, sem hér var við að glíma. Og ég get ekki annað sagt en að ég tel, að n. hafi leyst starf sitt mjög vel af hendi, unnið samvizkusamlega og gert till., sem eru mjög athyglisverðar og mótaðar eru í því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég hef haft till. n. til meðferðar frá því í *nóvembermánuði*, eða það mun hafa verið 7. nóv., sem till. bárust til mín, og síðan hefur ríkisstj. verið með málið til athugunar, en það er eðlilegt, að það hafi þurft nokkurn tíma, því að hér er um mjög mikið vandamál og yfirgripsmikið mál að ræða.

Í öllum aðalatriðum er þetta frv. í samræmi við tillögur n. Á því hafa þó verið gerðar nokkrar breyt., en engar öðruvisi en eftir viðræður við n. og allar í fullu samráði við landlækni.

Í almennri grg., sem fylgir þessu frv. frá n., sem undirbjó það, fylgja hugleiðingar um orsakir læknaskortsins í dreifbýlinu. Ég skal ekki fara mikið út í það, þær eru nú mönnum verulega kunnar. Þær eru bæði persónulegar, félagslegar og fjárhagslegar, og af hinum félagslegu og persónulegu ástæðum eru þær helztar, að það er hin starfslega einangrun, sem leggst á lækninn í dreifbýlinu, og hin mikla starfsábyrgð, sem leggst á hann einan umfram það, sem nú tíðkast um lækna. Eftir að læknavísindin eru orðin miklu fjölþættari en áður var, þá er það miklu tíðkanlegra í fjölbýlinu, að læknar geti haft samráð sín á milli og tekið sameiginlegar ákvarðanir, þegar um mestu vandamál er að ræða og líf sjúklingsins veltur á, til hvaða ráða er tekið. Einangrunin í fámenninu gerir lækninum líka mjög erfitt að fylgjast með öllum þeim öru nýjungum á sviði þessara vísinda, sem ella eru fyrir hendi, því að menn eiga mjög erfitt með að fylgjast með slíku af bókum einum, en þurfa bæði að hafa samráð við sína starfsbræður og möguleika til þess að fylgjast raunverulega með því, sem er að gerast á þessu sviði, í sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, þar sem tækifæri gefst til rannsókna á þessu sviði. Almennt má segja líka, að það er engin stétt í þjóðfélaginu, sem lögð er eins látlaus vaktaskylda á og læknana, og þetta bitnar fyrst og fremst á héraðslæknunum, sem verða að gegna sinni vaktarskyldu 24 klukkutíma á sólarhring allt árið um kring. Þeir vita aldrei, þegar þeir ganga til hvíldar að kvöldi, hvort einhver bankar ekki upp á á nóttunni, og verða þá að gegna skyldu sinni, oft með því að fara í erfið og þreytandi ferðalög og það kannske dag eftir dag. Við lifum á þeim tímum nú, að menn leggja meira

upp úr því að gera sjálfir kröfur heldur en að krefjast af öðrum, og fólkið óskar sífellt meiri og meiri þæginda, og þó að menn hafi kannske möglunarlaust lagt á sig slíka vaktarskyldu áður fyrr við aðrar þjóðfélagsaðstæður, eru tímar breyttir og mjög skiljanlegt og eðlilegt, að slíkt leggist mjög þungt á þessa einu stétt þjóðfélagsins, sem þannig er að búið og verður ekki öðruvísi að búið. Það er líka áreiðanlega mjög mikil ástæða í þessu sambandi, hvað læknarnir, hinir nýju og uppvaxandi læknar, virðast vera fráhverfir læknaþjónustu í læknishéruðunum, það er vanmatið á hinum almennu læknisstörfum. Það er alltaf í sífellt vaxandi mæli verið að gera kröfur til sérmenntunar á þessu og þessu sviði, og það er svo komið, að fólk vill kannske heldur sækja til almennrar læknisþjónustu á heimili sínu í dreifbýlinu einhvern sérfræðing, sérmenntaðan mann, heldur en almennan lækni, þótt það eigi miklu síður við í þeim tilfellum, sem þar um ræðir. Það er eins og eftir því sem sérfræðingurinn verður sérhæfðari á þrengra sviði, þyki hann færari til allra mögulegra hluta í augum almennings. Það kann að vera, að menn geri ráð fyrir því, að sú almenna kunnátta sé alltaf fyrir höndum hjá hverjum og einum og sérmenntunin sé ekki nema ofanálag á þá almennu þekkingu og leikni, sem fyrir hendi er, en þessu er auðvitað allt öðruvísi varið.

Svo er það einnig, að námið og námsuppeldi læknastúdentanna er ekki miðað við það að ala upp héraðslækna og lækna til almennra starfa. Þeir læra hér að mestu leyti á spítölum og í samvinnu og hópstarfi með öðrum, en þeirra menntun og þeirra lærdómur miðast ekki við almenna starfshætti og starfsskilyrði, sem þeir eiga svo síðar að búa við á læknastofum og í heimahúsum og í læknishéruðum. Þetta vandamál, sem þessi n. fjallaði nokkuð um líka og þarf að taka betur til athugunar, er ekki vandamál, sem bundið er við okkur Íslendinga eina, heldur mjög alþekkt annars staðar, þar sem við þekkjum til í öðrum löndum. Atvinnumöguleikarnir í öðrum löndum hafa líka verið miklir fyrir íslenzka lækna á undanförnum árum, og þetta hefur bitnað auðvitað á því að fá þá til læknisstarfa hér heima, enda kom það fram í þeirri háu tölu lækna, sem ég nefndi áðan, sem hefur verið starfandi við læknisstörf í öðrum löndum.

Ég skal nú víkja að því, hvað helzt mundi vera í þessu frv., sem að því miðar að reyna að bæta úr þeim erfiðleikum, sem hér er við að glíma. Helztu nýmæli frv. eru tíunduð í aths. í 9 liðum, og þegar við lítum á 1. gr., er þar gert ráð fyrir, að læknishéruð skuli vera á Íslandi 52 talsins, en í því felst, að niður eru lögð 5 núverandi læknishéruð og þau sameinuð nágrannahéruðunum. Þessi 5 héruð eru Flateyjarhérað, Suðureyrarhérað, Djúpavíkurhérað, Raufarhafnarhérað, Bakkagerðishérað. Og þá er loksins felld niður heimild, sem er fyrir höndum til stofnunar Staðarhéraðs. Mér er kunnugt um, að það mætti á sínum tíma, 1961, andstöðu hér í þinginu að leggja niður læknishéruð og var túlkað jafnvel á þá leið, að það væri verið að draga úr læknisþjónustunni í dreifbýlinu. Þetta er síður en svo þannig, og menn verða að horfast í augu við staðreyndirnar, eins og þær eru, og líta raunsætt á hlutina. Það er ekki hægt að búast við því, að það sé hægt að fá lækna til þess að starfa í þessum litlu héruðum með því fámenni, sem í þeim er og nánar er gerð grein fyrir í aths., og það, sem verið er að gera með því að leggja þau niður, er að sameina þau öðrum héruðum til þess að reyna á þann hátt að fá stærri heild, sem betur gæti tryggt, að fólkið á öllu svæðinu fengi viðunandi læknisþjónustu.

Það er gerð grein fyrir mannfjöldanum í þessum héruðum. 1. des. 1963 er Flateyjarhérað með 119 manns, í Flateyjarhreppi 72 og Múlahreppi 47, Suðureyrarhérað 484 manns, Djúpavíkurhérað 267 manns, Raufarhafnarhérað 479 manns og Bakkagerðishérað 331 maður. Þetta er talinn minni fólksfjöldi en gera verður ráð fyrir, að nokkur læknir sætti sig við til frambúðar, og ef menn vilja ekki horfast í augu við þessa bláköldu staðreynd, eins og hún er, mundi það bara leiða til þess, að sama ástandið heldur áfram, að læknar fást ekki í þessi héruð. Á þessu verður þess vegna að gera einhverja aðra skipan, og það verður ekki með öðru móti gert, svo að séð verður, heldur en að fara í þá átt, sem hér er stefnt með þessu frv., að sameina þessi litlu læknishéruð öðrum læknishéruðum.

Það er að vísu gert ráð fyrir því í ákvæðum til bráðabirgða, að þessi læknishéruð verði ekki lögð niður, áður en þau verði lögð niður, skuli auglýsa þau þrisvar í röð með þeim kjörum, sem ákveðin eru í 6. gr. þessa frv., en þá eru þau auglýst með allt öðrum kjörum en nú er, og væri þá hugsanlegt, að sú kjarabreyting hefði þau áhrif, að læknar vildu sækja um þessi læknishéruð, og mundu þau þá ekki verða lögð niður. Ég skal koma síðar að því, í hverju þessi breyting felst.

Það er annað nýmæli í 2. mgr. 1. gr., að heimilt er að ráða einn lækni með ótiltekinni búsetu til þess að veita neyðarlæknisþjónustu í læknislausum héruðum.

Það er þriðja nýmælið, að heimilt skal að sameina læknishéruðin og koma upp læknamiðstöðvum fyrir hin sameinuðu héruð, eftir því sem nauðsyn krefur og staðhættir leyfa, og þó ekki fyrr en hlutaðeigandi héruð hafa verið auglýst minnst þrívegis án árangurs.

Það er fjórða nýmælið, að við veitingu héraðslæknisembætta skal sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna. Þetta hefur ekki staðið svo í l., en þetta hefur þó lengst af verið sú regla, sem fylgt hefur verið, með alveg sárafáum undantekningum.

Fimmta nýmæli er, að í 17 tilteknum læknishéruðum, og ef nauðsyn krefur í 5 öðrum, en ótilteknum héruðum, skal greiða héraðslækni

staðaruppbót á laun, og það er ákveðið, að hún skuli nema hálfum launum eða 50% af launununum, eins og þau eru í hlutaðeigandi héraði. Þetta eru fámennustu héruðin og þar sem þá praxisinn, ef svo má segja, er minnstur og aukagreiðslur til læknisins þar af leiðandi minni og í heild eru tekjurnar minni en kannske annars staðar. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir því að reyna að fá frekar lækna til að sækja um héruðin og starfa í þeim með því að búa betur að þeim fjárhagslega heldur en ella.

Svo er sjötta nýmælið, að í þessum 17 tilteknu héruðum, sem ég skal gera nánar grein fyrir síðar, skal héraðslæknir, sem hefur setið 5 eða 3 ár samfleytt í héraðinu, eiga rétt á að hljóta eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis, og þetta ákvæði kemur að vísu ekki til framkvæmda fyrr en 2 árum eftir gildistöku laganna, ef þetta frv. verður að lögum, og svo eru nánari ákvæði um, hvernig með skuli fara, og skal ég skýra það nánar á eftir.

En sjöunda nýmælið er svo einnig það, að embættisaldur héraðslæknis í sömu héruðum og um ræðir í 5. lið, þar sem nýmælin eru talin í aths., — það eru þessi litlu héruð, — hann skal teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt hlutaðeigandi héraði, þ. e. a. s. hann fær hærri embættisaldur en normalt er, en það á að geta haft áhrif á aðstöðu hans til þess að fá önnur betri læknishéruð, eftir því sem hann hefur hærri embættisaldur, eða aðrar stöður á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum landsins.

Svo er gert ráð fyrir í áttunda lagi möguleikum til þess að veita læknastúdentum ríkislán með sérstökum hætti, ef þeir skuldbinda sig til þess að gegna læknisþjónustu í læknishéruðunum.

Og níunda nýmælið er það að stofna bifreiðalánasjóð héraðslækna með framlagi úr ríkissjóði til þess að auðvelda þeim, þegar þeir koma frá námi og byrja í héruðunum, að kaupa sér bifreið, sem oft hefur verið erfitt fyrir þá.

Ég skal svo fara nokkrum nánari orðum, frekar en ég hef þegar gert, um þessi einstöku nýmæli. Fram yfir þessa sameiningu héraðanna og heimildina til neyðarlæknisþjónustu er mikilvægt nýmæli, sem felst í 4. gr., en þar er heimild um sameiningu annarra héraða og jafnframt, ef þau eru sameinuð, þá kannske alveg eins í fjölbýli að koma upp læknamiðstöðvum. Hér er um töluvert nýmæli að ræða og ekki kannske alveg einsýnt, hversu mikil áhrif það kann að hafa, en þó er hugsunin, sem í því felst, að í staðinn fyrir kannske samliggjandi læknishéruð með einn og einn lækni verði læknamiðstöð komin upp með jafnmörgum starfandi læknum á þessari miðstöð. Það leiðir til þess, að fleiri læknar starfa saman, ábyrgðin verður ekki eins þung á hverjum einum, þeim yrði sköpuð aðstaða á þessari læknamiðstöð til ýmiss konar frumrannsókna og frumaðgerða, sem ella væri ekki fyrir hendi, þeim yrði jafnframt að skapa aðstöðu til þess að ná þá engu að síður fljótt til fólksins með farartækjum og flugvélum, eftir því sem aðstæður eru nú fyrir hendi á hverjum stað. Það er gerð nokkru nánari grein fyrir þessu í grg. frá n. um þessar læknamiðstöðvar, og þar er ekki gert ráð fyrir að breyta neinni skipun í 1. flokki læknahéraða, sem þar eru talin, og það eru fjölmennustu héruðin. Síðan eru talin upp í 2. flokki þau smáu héruð, sem gert er ráð fyrir að sameina öðrum, þau 5, sem ég þegar hef fjallað um. Svo í þriðja flokki eru héruð, sem mætti sameina eftir þörfum og koma upp fyrir þau læknamiðstöðvum. Það er hins vegar gerð grein fyrir því, að í þessum héruðum er ekki, eins og sakir standa, við mikla erfiðleika að búa, og það verður auðvitað að fara eftir því, hvort héraðsbúar telja, að slíkt gæti orðið til bóta, sem hér er um að ræða. Það eru þess vegna engin bein ákvæði um læknamiðstöðvar, sem leiddi af slíkri sameiningu héraða, heldur aðeins heimild um sameiningu og stofnun læknamiðstöðva á þann hátt, sem segir í gr. um það efni. Það eru 23 héruð þarna talin og með hverjum hætti mundi henta að koma upp þar læknamiðstöðvum. Þar eru 30 skipaðir læknar, en 3 eru settir læknar þar til bráðabirgða. Svo eru aftur í 4. flokki héruð, sem telja verður örðugt eða ókleift sökum staðhátta að sameina um læknamiðstöðvar.

Allar kunna þessar hugleiðingar að vera álitamál, en þær eru þó mjög athyglisverðar, og mér þykir alls ekki ólíklegt, að á ýmsum stöðum gæti komið til álita, að héruðunum þætti fengur að slíkri sameiningu og þá um leið uppbyggingu læknamiðstöðvar, sem ætti að vera til aukins gildis á þessum stöðum. Það er talið, að læknamiðstöðvarnar eigi að veita frumþjónustu, framkvæma sem traustastar undirstöðugreiningar og aðkallandi aðgerðir, en vísa því vandasamara til þeirra sjúkrahúsa, sem veitt geta alhliða og því tiltölulega örugga þjónustu, að því er tekur til sjúkdómsgreiningar og meðferðar. En frumþjónustan krefst óumdeilanlega mikillar hæfni, ef vel á að vera, og því fremur sem hún er fjölþættari og ábyrgðarmeiri en flest önnur störf. Og það eru ýmis atriði, sem koma til álita í sambandi við slíkar læknamiðstöðvar. Þær verða að liggja vel við dreifingu byggðarinnar, með sérstöku tilliti til þéttbýliskjarna á vissum svæðum. Þær verða að liggja vel við mannaferðum, svo sem þeim er eðlilegast háttað í héraði, og þær þurfa að vera þannig settar, að þjónustuarmur þeirra sé sem skemmstur til allra átta, enda sé þá lengd hans í hverju tilviki ekki miðuð við mælda vegalengd, heldur einnig hvernig fljótast er hægt að komast yfir vegalengdirnar, hvaða vegir eru góðir annars vegar og þá að hve miklu leyti þyrfti t. d. að beita flugvélum eða öðrum farartækjum, og svo þyrftu þær að sjálfsögðu að liggja sem hægast við greiðfærustu leiðum til sjúkraflutninga, sérstaklega flugvöllum.

Eins og ég segi, er hér um nýmæli að ræða í heimildarformi, og n. lætur í ljós, að það sé

ekki auðvelt að átta sig á, hversu mikils virði það kunni að vera, en tengir þó nokkrar vonir við það, og það er þess vert, að því sé gefinn gaumur.

Þá vil ég koma að 6. gr. og þeim nýmælum, sem í henni eru, en þar segir, að í eftirtöldum héruðum skuli greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði. Og svo eru talin upp þarna 17 læknishéruð. Þetta þýðir það, að læknarnir á þessum stöðum mundu fá hálf önnur laun eða 50% meira en ella, en það er byggt á því, að hér er um lítil læknishéruð að ræða, og er þetta eitt af meðulunum, sem gert er ráð fyrir að geti orðið til þess að laða menn fremur til starfa þarna en ella væri.

Svo er annað nýmæli í sömu grein, og það er um það, að héraðslæknarnir megi fá frí til námsdvalar og ferðakostnað í slíkt frí, og er það þá notað með þeim hætti, að ef þeir hafa setið 5 ár, mega þeir fá frí á fullum launum og ferðakostnað fyrir fjölskyldu sína til námsdvalar erlendis í eitt ár og án skuldbindingar um að koma heim aftur. Ferðakostnaðinn heim fær læknir svo ekki greiddan, nema hann skuldbindi sig þá til þess að halda áfram starfi í læknishéraðinu. Hann getur fengið að njóta þessara fríðinda eftir 3 ár, ef hann fer í þetta námsfrí í 1 ár og skuldbindur sig til þess að koma aftur og vera minnst 2 ár starfandi héraðslæknir áfram í sínu læknishéraði. Þetta er vissulega gert til þess að örva menn til þess að fylgjast með eða hafa aðstöðu til þess að fylgjast með í sinni vísindagrein eða í sínu fagi, og það er fullvíst, að margur héraðslæknir hefur saknað þess að hafa ekki haft aðstöðu til slíks, og vonir manna standa til þess, að af þessu kunni að geta leitt verulegan árangur í þá átt, að menn fáist frekar en ella til þess að gegna héraðslæknisembættunum. Þessi aðferð er þekkt annars staðar, t. d. í Norður-Noregi, og hefur gefið nokkra raun. Það má segja, að það felist almennt í þessu hlunnindi og svo einnig sérstakt að því leyti, að hér er um að ræða námsdvöl. Læknirinn fær aðstöðu til þess að vera á spítölum og kynnast nýjungum í sínu fagi, en um framkvæmd þessarar námsdvalar og hvernig henni er hagað mundi verða sett sérstök reglugerð. Það er ekki gert ráð fyrir, að það sé í nema eitt skipti, sem slíkt býðst héraðslækni, en þó er heimild til þess að veita héraðslækni frí öðru sinni með sömu skilyrðum og ég hef nú greint, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Það er álitið, að það væri alveg sérstætt, því að þetta er töluvert miklu meira fyrirtæki en menn almennt gera sér grein fyrir, að taka sig upp með fjölskyldu sína, eftir að menn eru setztir að í starfi, og fara til annarra landa, hvort sem það er í slíkar námsferðir eða með öðrum hætti. En þó kynni að koma fyrir, að það þætti einsýnt, að það væri full ástæða til þess að veita í einstökum tilfellum slík hlunnindi síðar á ævinni, og þess vegna er þessi heimild í höndum ráðh., ef svo ber undir.

Þá er þriðja nýmælið í þessari gr., að í þessum sömu héruðum hljóta læknar, eins og ég sagði áðan, þau hlunnindi, að starfsaldur þeirra reiknast 5 ár fyrir hver 3, og það er gert til þess að bæta aðstöðu þeirra í samkeppni við aðrar betri stöður héraðslækna eða aðrar stöður lækna á heilbrigðisstofnunum ríkisins.

Svo er fjórða nýmælið í þessari grein. Þar er heimild til ráðh. eftir till. landlæknis að láta auk þessara 17 læknishéraða, sem í þessari grein eru talin, 5 ótiltekin læknishéruð njóta framantalinna hlunninda, en þó ekki fyrr en það hefur sýnt sig, að læknir fæst ekki þangað, eftir að þau hafa verið auglýst þrisvar í röð.

Mér er alveg ljóst, að það verður sjálfsagt nokkuð deilt um þessi hlunnindi. Sumum finnst þau allt of mikil, öðrum kannske tæpast nógu mikil. Ég held fyrir mitt leyti, að þau megi ekki minni vera, ef hér á að vænta nokkurs árangurs. Ég tel þau hins vegar mikilvæg, og það, hvað þau eru mikilvæg, og ríkisstj. hefur viljað fallast á þessi hlunnindi fyrir sitt leyti, byggist eingöngu á því, hvað ástandið er alvarlegt og hversu algerlega sérstæð aðstaða héraðslæknanna er, sem ég vék að áðan í sambandi við þeirra sífelldu vaktarskyldu og mikla ábyrgðarstarf, sem á þeim hvílir, og ég vil lýsa því yfir strax sem minni skoðun, að ég tel enga aðra stétt í þjóðfélaginu koma nokkuð til samanburðar í sambandi við hlunnindi, sem hér eru veitt. Ég hef heyrt menn spyrja, þegar slík hlunnindi verða veitt læknum í hinum minnstu læknishéruðum, hvort þá komi ekki prestar, sýslumenn, kennarar og starfslið þeirra og heimti allt hið sama. Það tel ég ekki taka nokkru tali, ekki ná nokkurri átt og á engan hátt sambærilegt, enda hefur ekki verið við nein sambærileg vandkvæði að stríða. Og að svo miklu leyti sem menn mundu vilja leita fordæmis fyrir þessar eða aðrar stéttir í því nýmæli, sem hér er lagt til, teldi ég, að það sé ekki til neinnar þurftar, hvorki þeim stéttum, sem þar er ætlað að fá einhver hlunnindi, og til mestu óþurftar fyrir framgang meginefnis þessa máls.

Eftir 6. gr. eru nú flestar greinarnar samhljóða tilsvarandi greinum í gildandi löggjöf, en þó eru eftir þarna tvö nýmæli í 13. gr. Þar er sagt, að það skuli heimilt samkv. till. landlæknis að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms. Það eru þá sérstök lán í sérstökum flokki, sem sérstakar reglur eru settar um, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi. Það má að vísu ekki veita slíkt lán, fyrr en viðkomandi hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs, og það er auðvitað nauðsyn að setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð, en þetta hefur mönnum dottið í hug, að gæti kannske í ýmsum tilfellum orðið til þess, að menn vildu skuldbinda sig til þess að vera tiltekinn tíma í læknishéraði, sem ella væri ekki kostur á, ef þeir fengju að njóta þeirra hlunninda, sem í slíku láni kynnu að felast.

Svo er nýmælið um bifreiðalánasjóð héraðslækna, og það leiðir einnig af því, að mönnum hefur oft orðið það erfitt, menn koma eignalausir og hlaðnir skuldum frá prófborðinu og frá kandidatsstarfi sínu, og það er næstum því ógerningur að gegna læknisþjónustu án bifreiðar, og ofan á alla erfiðleika við að koma sér fyrir sem læknir bætist þá þessi, og því er ekki óeðlilegt að reyna að hlaupa þarna undir bagga með sérstökum sjóði, bifreiðalánasjóði, sem í stofnfé er gert ráð fyrir að sé lögð til úr ríkissjóði ein milljón kr.

Þá vil ég vekja athygli á ákvæðinu til bráðabirgða, að þar er sagt, að áður en þessi héruð, og ég vék nú að því áðan, Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað, Bakkagerðishérað, sem sameina skal öðrum héruðum skv. 1. gr., verði lögð niður, þá skulu þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr., þ. e. a. s. með staðaruppbót og hlunnindum við námsdvöl erlendis o. s. frv., sem ég hef nýlokið við að gera grein fyrir, og fáist þá læknar með þeim hlunnindum í þessi héruð, þá nær það ekki lengra, þá verða þau ekki sameinuð öðrum. Svo er gert ráð fyrir, að þessi hlunnindi í sambandi við námsfrí erlendis komi ekki til framkvæmda fyrr en tveim árum eftir gildistöku þessara laga, og það er gert með það fyrir augum að fá nokkra reynslu af því, áður en verður farið að framkvæma þau, hvernig önnur ákvæði og hlunnindi laganna hafa orðið í framkvæmd, hver áhrif kjarabætur frv. hafa til úrbóta um héraðslæknaskortinn að öðru leyti.

Það fylgir smávegis grg. um áætlaðan kostnað við nýmæli frv., og hann hefur verið áætlaður og þá einkum sem leiðir af þessari svokölluðu staðaruppbót og frá þeim viðbótarkostnaði, sem af henni leiðir, dragast laun í fimm héruðum, sem gert er ráð fyrir að lögð verði niður, og þá er ætlað, að kostnaður af þessu verði 850—1200 þús. á ári. Svo er þetta framlag í bifreiðalánasjóðinn, ein milljón. Hins vegar taldi n. sér ekki fært að áætla þann kostnað, sem leiða mundi af ferðakostnaði og framhaldsnámi, ekki að svo stöddu. Og kostnaðinn við námslán er ekki heldur unnt að áætla nú. Ég tel hins vegar og hef ekki orðið var við það, að mönnum vaxi í sjálfu sér neitt kostnaðurinn í augum, en það fer náttúrlega nokkuð eftir atvikum, hversu mikill hann er, og þá meina ég það, hversu mjög menn t. d. hagnýta sér þau hlunnindi, sem felast í því að fá frí frá störfum til námsdvalar erlendis, eins og 6. gr. tilskilur.

Þegar n. skilaði áliti sínu, fylgdu því ályktunartill., sem ég vil leyfa mér aðeins að gera grein fyrir, þótt það snerti ekki beint efni þessa frv., en þær snerta efni málsins.

Fyrsta till. var um breytingu á læknakennslunni. N. telur, að læknakandidötum sé tilfinnanlega vant þjálfunar í almennum læknisstörfum utan sjúkrahúsa. Er því lagt til, að heilbrmrn., eða dómsmrh., fari fram á það við menntmrn., að læknadeild háskólans verði falið að gera till. um slíkt nám og tilhögun þess. Þetta mál hefur ekki enn verið tekið upp við menntmrn., en hér er á ferðinni mál, sem er til meðferðar hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum og annars staðar, og alveg sama sagan hefur sagt til sín þar, að læknarnir eru ekki menntaðir né þjálfaðir, meðan þeir eru að nema, til þess að gegna þeirri almennu læknisþjónustu, sem gerð er krafa um til þeirra, sem fara út í héruðin.

Svo er önnur ályktunartill. um sérfræðiréttindi heimilislækna og embættislækna. N. álítur mikilsvert að auka veg almennrar læknisþjónustu og embættislæknisstarfa með því að gera heimilislækningar og embættislækningar að sérgreinum. Leggur n. til, að læknadeild háskólans verði falið að semja reglur um nám í þessum sérgreinum. Þetta er í samræmi við þann ríka hug almennings til þess að meta hina sérmenntuðu menn og hinn ríka vilja læknastúdentanna og kandídatanna til þess að sérmennta sig á einhverju sviði, og það kann vel að vera, að hér sé athyglisvert atriði, og verður nánar athugað. En sannleikurinn er nú sá, að það er í raun og veru ekki aðeins orðinn skortur á læknum úti í hinum einstöku héruðum, heldur er að verða skortur á almennum heimilislæknum hér í Reykjavík, og það er mál, sem þarfnast úrbóta út af fyrir sig. En ég tel nú, að það ætti að vera hægt að greiða úr því, en það standa þannig sakir núna.

Svo er þriðja ályktunartillagan um sjúkravitjanir og sjúkraflutningaflug. N. telur nauðsynlegt, að settar verði ákveðnar reglur um sjúkravitjanir og sjúkraflutningaflug, svo sem hvernig skuli til slíks flugs stofnað, hver skuli vera lágmarksmenntun og flugtími flugmanna þeirra, sem slíkt flug annast, hvers konar farartæki skuli notuð og hver sé útbúnaður þess, enn fremur hvaða aðilar annist greiðslu fyrir flugið og í hvaða hlutföllum. Þetta er einnig athyglisvert mál, sem verður nánar gefinn gaumur og unnið að í ráðuneytinu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég veit, að þeir sérfræðingar, sem undirbjuggu þetta mál og gerðu till. til þessa frv., unnu af heilum hug og gerðu sitt ýtrasta. Við í ríkisstj. höfum haft málið nokkuð langan tíma til meðferðar og það af skiljanlegum ástæðum. En það er einlæg von mín, að í þessu felist raunhæfar og veigamiklar till. til úrbóta og þær megi mæta góðum skilningi alþm. og ná fram að ganga til hagsbóta fyrir það fólk, sem einkum hefur átt við erfiðleika að stríða að fá almenna læknisþjónustu og njóta góðrar læknisþjónustu í þessu landi. En það er eitt frumskilyrði að mínum dómi til þess að geta talizt menningarríki, að við getum veitt öllum borgurunum viðunandi læknisþjónustu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef ekki kynnt mér þetta frv. nægjanlega til þess að ræða um það almennt, en ég hef þó litið yfir það fljótlega, en þessu frv. mun hafa verið útbýtt í gær eða fyrradag hér á hv. Alþingi. Mér þykir þó líklegt, að einhverjum fleiri Vestfirðingum en mér þyki frv. þetta furðulegt hvað snertir Vestfirði. Það á að leggja þar niður þrjú læknishéruð af fimm, sem á að leggja niður á öllu landinu. En í hvaða tilgangi er þetta gert, að leggja niður læknishéruð með lögum og sameina þau öðrum? Eru þetta út af fyrir sig einhverjar endurbætur á heilbrigðismálum þjóðarinnar? Er fólkið í þessum héruðum eitthvað betur sett á eftir, þegar búið er að leggja héraðið niður sem læknishérað? Væri ekki hægt að lögskipa nágrannalækni að gegna læknishéraði, meðan læknislaust er, í staðinn fyrir að afnema það með lögum? En það er einmitt það, sem á að gera með sameiningunni. Það á að láta nágrannalækninn bæta þessu héraði á sig. En það er alveg eins hægt að gera það með því að lögskipa honum að þjóna þar, ef læknislaust er, en hafa það opið og læknishéraðið í fullu gildi, hvenær sem læknir kynni að koma þangað. Ég get ómögulega séð, hver ávinningur er í þessu, að leggja niður hérað með lögum, þegar hægt er að fá þjónustu frá nágrannalækni með lagaákvæði alveg eins. Afleiðingin er því sú, að ef þessi héruð eru lögð niður með l., þá kemur auðvitað ekki til, að þangað komi nokkurn tíma læknir aftur, því að þá er héraðið ekki til sem læknishérað. Ef læknishéraðið er aftur á móti til, þótt læknislaust sé um tíma, þá geta alltaf skapazt möguleikar til þess að fá þangað lækni, svo að ég veit ekki, hvers konar hugsun liggur hér á bak við.

Ég vil svo alveg sérstaklega víkja að einu héraði, sem þarna á að leggja niður, það er Suðureyrarlæknishérað í Súgandafirði. Og það er alveg sérstaklega eftirtektarvert, að sömu dagana og hafís er að byrgja fjarðarmynnið, heiðin ófær og samgöngur engar við þetta hérað, ekki heldur í lofti, því að þar er enginn flugvöllur, þá kemur fram stjórnarfrv. á Alþingi um að leggja héraðið niður.

Að þessu sinni skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta, en þetta er eitt af því furðulegasta, sem ég hef séð í frv. og það stjórnarfrv. nú í seinni tíð. Ja, þetta fólk, það er ekki mikils metið. Jafnvel þó að menn sjái fyrir augunum, að þeim eru allar bjargir bannaðar í samgöngumálum, þá á þetta að vera eitthvert úrræði.

Um Flateyjarlæknishérað á Breiðafirði gegnir að vísu nokkuð öðru máli að því leyti, að þar er búið að vera svo lengi læknislaust. En það er ekki um að ræða í Suðureyrarhéraði. Þótt það hafi verið læknislaust á tímabilum, þá hefur þó alltaf öðru hverju fengizt þangað læknir og það um alllangan tíma í einu. Flateyjarhérað á að leggja undir Stykkishólmshérað. Ég skal ekki víta það neitt sérstaklega, ef annað ákvæði fylgdi með, en það er, að íbúum þessa héraðs, Flateyjarhrepps, væri þá heimilt eða hefðu rétt á að njóta þjónustu læknis, sem er þeim nær heldur en í Stykkishólmi, eins og gert er skv. 2. gr. þessa frv. Þar er ýmsum hreppsfélögum heimilað að velja um héruð, velja um lækna. Sem dæmi er hér nefnt, að íbúar í Miklaholtshreppi hafa fullan rétt á að sækja lækni, hvort sem er til Borgarness eða Stykkishólm, íbúar í Auðkúluhreppi geta sótt hvort sem er til Þingeyrar eða Bíldudals. Þetta er ákaflega skynsamleg ráðstöfun. En þeir í Flateyjarhreppi mega ekki sækja lækni til Reykhóla, sem er miklu skemmri leið og auðveldari fyrir þá, sem allir eiga báta, enda er ekki þar farið nema á bátum. Nei, þeir verða að fara til Stykkishólms. Þeir hafa engan rétt á því að leita til læknis á Reykhólum, þótt það sé ekki nema hálftíma til klukkutíma ferð úr Skáleyjum eða Svefneyjum þangað. Þetta vil ég benda hv. n. á, sem fær þetta mál til athugunar.

Í bráðabirgðaákvæði þessa frv. stendur: „Áður en núverandi Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað, sem sameina skal öðrum héruðum skv. 1. gr., verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skulu þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr.“ Og þessi kjör eru m. a. staðaruppbót o. fl. Þetta er út af fyrir sig sjálfsagt skynsamlegt. En af hverju eru ekki nema þrjú af þeim læknishéruðum, sem á að leggja niður, sem eiga að njóta þessa, ekki hin tvö? Því er Flateyjarhéraði og Djúpavíkurhéraði þarna sleppt? Má alls ekki auglýsa þau? Hvað kemur til? En ég vil alveg sérstaklega spyrja hæstv. ráðh. að öðru: Í hvaða tilgangi á að auglýsa þau? Er það ekki í þeim tilgangi að reyna að fá þangað lækni? En til hvers að fá þangað lækni, ef búið er að leggja þau niður sem læknishérað með lögum? Ég sé ekki nokkurt orð í þessu bráðabirgðaákvæði, sem segir, að héruðin skuli ekki lögð niður, ef læknir fæst. Nei, það á bara að auglýsa þau. Og þó að læknirinn komi og allt sé í lagi, þá er skv. 1. gr. búið að leggja þau niður sem læknishéruð. Þetta skil ég ekki.

Þriðja atriðið, sem ég vil aðeins drepa á, er 3. gr. frv.: „Ráðherra getur, eftir tillögu landlæknis, leyft héraðslækni að sitja annars staðar en á lögskipuðu læknissetri og, ef nauðsyn krefur, utan héraðs.“ Utan héraðs, einmitt það. Já, og það er nefnt í grg. sem dæmi, að lækninum í Súðavík hafi verið leyft að sitja á Ísafirði. Er þá ekki héraðið orðið nákvæmlega jafnlæknislaust eftir sem áður, ef lækninum er leyft að sitja utan héraðsins? Og eins og þarna er nefnt dæmi um, situr hann á Ísafirði og getur alls ekki komizt til Suðureyrar eða Súgandafjarðar. (**Gripið fram í:** Súðavík.) Fyrirgefið, það er Súðavík. Nú, þá var það misskilningur hjá mér, ég hélt það væri Suðureyri, sem nefnt var í gr. Ef t. d. læknir ætti að sitja á Ísafirði, sem á að gegna Suðureyrarhéraði, og við skulum segja, að héraðið yrði ekki lagt niður, en lækninum leyft að sitja á

Ísafirði, hvað þýddi það? Það þýddi það, að hann kæmist kannske alls ekki inn í héraðið sitt, hvað sem lægi á. Og þetta er nýmæli í frv. Þetta er nýmæli, þ. e. a. s. að ráðh. geti leyft læknum að sitja utan síns læknishéraðs. Þetta getur komið sér ákaflega illa fyrir þá, sem læknisins þurfa að leita.

Já, það er rétt, að í aths. við 3. gr. er sagt, að þetta hafi verið leyft í Súðavík. En þetta getur ráðh. leyft hvar sem er, þegar hann telur nauðsynlegt, og nauðsynin sýnist mér að geti orðið þessi, að læknirinn fáist ekki, nema hann megi sitja utan héraðsins, t. d. í næsta kaupstað. En þá er alveg eins hægt að fela lækninum í þeim kaupstað að gegna héraðinu eins og að fara að leyfa hinum að sitja þar. Þetta þarf kannske ekki að koma að neinni alvarlegri sök, þar sem samgöngurnar eru góðar og öruggar undir öllum kringumstæðum. En þar sem þær eru ekki öruggar, eins og við sjáum bezt dæmin um núna á Vestfjörðum og víða um Norðurland, þá væri þetta fjarri öllu lagi.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á það, hversu fjarstæðukennt það er og ég vil segja ómannúðlegt að leggja niður læknishéraðið í Súgandafirði. Ég mótmæli því alveg harðlega. Það má heita alveg einstök ráðstöfun, ef Alþingi gerir slíkt.

Ég sé ekki nokkurn kost við það að leggja niður þessi fimm læknishéruð í landinu með lögum í stað þess að lögbjóða, að nágrannalæknir skuli sinna þeim, þegar þau eru læknislaus, en síðan megi auglýsa þau og læknir taki þá við, strax og hann fæst einhver, sem er alls ekkert ólíklegt, eftir að farið yrði að greiða staðaruppbót á laun í þessum héruðum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekkert eðlilegra en að lög um læknaskipun séu endurskoðuð á nokkurra ára fresti og breytingar samhæfðar þjóðlífsbreytingum og læknishéraðaskipuninni breytt með tilliti til þess. Ég er því síður en svo óánægður með, að fram sé komið á Alþingi frv. til læknaskipunarlaga, og teldi það ekki nema eðlilegt, að síðan núgildandi lög voru sett, hafi ýmsar þær breytingar getað orðið í byggðaþróun landsins, að réttmætt væri og ég vil segja jafnvel nauðsynlegt í einstökum atriðum að gera á þeim breytingar.

Ég sé, að til þess að endurskoða þessa löggjöf hafa verið valdir mjög færir menn úr læknastétt og nokkrir aðrir ágætismenn, og það er mér ljóst, að þeim var fengið erfitt hlutverk að vinna, sem sé það, eins og hæstv. heilbrmrh. sagði hér áðan, að reyna að tryggja með breyttri löggjöf góða læknisþjónustu, og alveg sérstaklega var þeim falið að finna leiðir til úrbóta í dreifbýlinu.

Þetta voru vissulega verkefni, sem voru þess virði að setja hæfa og færa menn í, og þeir hefðu unnið mikið og þarft verk, ef þeir hefðu orkað því að leysa þennan vanda. En það sýnist mér, að þeim hafi því miður ekki tekizt. Það er vitanlega ekki úrræði til þess að leysa vandræði dreifbýlisins að leggja læknishéruð niður. Það er ekkert úrræði. Þar hafa þeir góðu menn þrátt fyrir mjög góðan vilja alveg strandað á verkefninu.

Það var sagt hér áðan, að að því er Vestfjarðakjördæmi snerti, þá kæmu þessar breytingar nokkuð hart niður. Það er sízt ofmælt, því að hér er lagt til að leggja niður Flateyjarhérað, Suðureyrarhérað og Djúpavíkurhérað, og nærri því fjórða er höggvið a. m. k., því að á 11. bls. í þessu þskj. segir: „Ástæða mætti þykja til að fella Súðavíkurhérað" niður einnig, það fjórða. Frá því hafa þeir þó horfið að sinni, og það á að fá að tóra. En undir Súðavíkurhérað heyra Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og á pappírnum Sléttuhreppur með læknisaðsetur í Súðavík. Um allt þetta viðáttumikla læknishérað segja þeir vísu og góðu menn, að ástæða mætti þykja til að þurrka þetta læknishérað líka út, í viðbót við þau þrjú, sem þeir leggja til að lögð verði niður einnig. Það er vafalaust rétt, að það er heppilegast, að visst fjölmenni sé í læknishéraði. En hinu getur enginn kunnugur Íslendingur neitað, að það er ekki hægt að fullnægja því skilyrði, að 600—800 manns séu í læknishéraði hér á landi, og byggðum er þannig hagað, að þó að byggð sé fámennari, þá verður hún samt að hafa læknisþjónustu. Ég sé ekki betur en þessir menn séu á þeirri leið, sem fortakslaust eigi að fá reynslu af, áður en till. eru gerðar um að leggja læknishéruð niður. Og það er það, sem þeir leggja til, að á slíkum stöðum, þar sem torvelt hefur verið að fá lækna, þá séu veitt margvísleg fríðindi, fyrst og fremst í launum og í annan stað á þann hátt að meta þeirra þjónustutíma með öðrum hætti en annars staðar, veita þar ívilnun, og á annan hátt eru þessar till., sem þarna eru gerðar, ágætar, en þær átti að reyna í framkvæmd, áður en nokkur tók í mál að leggja viðkomandi læknishéruð niður.

Ég skal aðeins skýra hv. þd. frá því, að hreppstjórinn í Suðureyrarhreppi, Sturla Jónsson, hringdi til mín í gærkvöld og var mikið niðri fyrir. Hann hafði þá hlustað á ríkisútvarpið í gærkvöld, þar sem verið var að gera grein fyrir þessu stjórnarfrv., og hann sagði: Það hefur slegið óhug á alla þorpsbúa við að heyra, að það ætti að leggja þetta læknishérað niður.

Í fyrsta lagi er nú þannig háttað í Suðureyrarhéraði, að héraðið er innilokað af háum fjöllum hálft árið og mjög torveldar samgöngur við staðinn. Í annan stað er þetta vaxandi og þróttmikið sjávarþorp með núna rétt innan við 500 íbúa. 484 íbúa, þegar n. tekur upp sínar íbúatölur. Og að vetrinum, einmitt þegar plássið er innilokað, þá er þar fjöldi aðkomufólks í þjónustu við hina þróttmiklu útgerð, sem þarna er rekin. Þá er enginn vafi á því, að það eru yfir 600 manns á Suðureyri að vetrinum. Jú, núna er reynslan fengin af því og gömul reynsla einnig, hvernig það gengur, þó

að samvizkusamur læknir sitji á Flateyri og reyni að þjóna Suðureyrarhéraði. Jú, hann kemur þar oftast einu sinni í viku, ef tíð leyfir, og þá þyrpist fólk í Suðureyrarkauptúni í kringum hann, bíður daglangt sumt, kemst ekki að á þeim degi, bíður langt fram eftir næsta degi til þess að komast að hjá lækninum. Þetta er engin þjónusta. Það er miklu hreinlegra að segja Súgfirðingum: Þetta þorp verður að leggjast niður. Það er of fámennt, til þess að þar sé hægt að veita þá þjóðfélagsþjónustu, sem veita verður þó, og það verður að flytja allt fólkið í burtu. — Enda er enginn vafi á því að boðskapurinn um það, að eigi að leggja Suðureyrarlæknishérað niður, getur orðið til þess að losa um fjölda fjölskyldna þaðan, og þetta er þannig, óvitandi vafalaust, tilræði við sveitarfélögin.

Suðureyrarhérað er þannig landfræðilega sett, að það hefði tvímælalaust átt að heyra undir þann flokk læknishéraða, sem upp er talinn á bls. 12 á þessu þskj., en þar eru nefnd 20 læknishéruð, sem um er sagt, að telja verði örðugt eða ókleift sökum staðhátta að sameina þau um læknamiðstöðvar, og þess vegna verði þau hvert um sig að vera læknishérað. Þau eru afmörkuð þannig frá náttúrunnar hendi. Það er alveg eins með Suðureyri og Nes í Norðfirði, að þar eru fjöllin, sem umlykja staðinn, og þjónustu verður að veita því fólki, sem innan þessara fjalla býr. Og flestir þessir staðir, sem þarna eru nefndir, 20 í röð, eru afmarkaðir þannig landfræðilega, að þar verður læknishéraðið að lúta landfræðilegum takmörkum.

Hreppstjórinn í Súgandafirði bað mig þess lengstra orða í gærkvöldi að færa þingmönnum þær óskir sínar og allra Súgfirðinga, að að því óráði yrði ekki horfið að leggja Suðureyrarlæknishérað niður, og sérstaklega auðvitað bað hann þess, að það væri heitið á Vestfjarðaþingmenn að beita sér alvarlega gegn því, að þetta verði gert, og ég trúi ekki öðru en að þeir verði við því kalli.

Það má segja, að fámennið í Flateyjarhreppi torveldi það mjög að hafa þar sérstakan lækni til þjónustu við það fólk, sem ekki er nema rúmt 100, 119 manns, þegar n. gerði athugun á mannfjölda í því héraði. En sannast að segja verðum við að gera okkur grein fyrir því um eyjabyggð á Íslandi, að það verður að taka sérstakt tillit til hennar og veita henni þjónustu með öðrum hætti en t. d. fólkinu á Suðurlandsundirlendinu. Þar verður að miða við aðrar tölur íbúa, áður en tekið er í mál að synja þessu fólki, sem þarna býr, um nauðsynlega þjóðfélagsþjónustu, svo að hér duga ekki tölur einar. Það væri blindingi, sem vildi miða eingöngu í þessum efnum við tölur. Eða Árneshreppur, ég tel, að það sé algerlega óforsvaranlegt að leggja það læknishérað niður, þrátt fyrir að það sé fámennt, og það verði bókstaflega að bjóða mönnum til þess að sitja þar sem læknir það álitleg kjör, að menn fáist til þess, a. m. k. um nokkurra ára skeið, og stuðla þá heldur að því með þjóðfélagsaðgerðum, að skipt sé um á nokkurra ára bili, ef einangrunin er þessum mönnum svo þung í skauti fremur öðrum mönnum, að þeir geti ekki þar verið. Og vissulega hafa læknar vegna sinnar sérfræðiþekkingar og þarfar á að endurnýja þá þekkingu nokkra sérstöðu um það að veigra sér við að sitja í þessum fámennu héruðum, það játa ég. En það er mín sannfæring, að hér má þjóðfélagið einskis láta ófreistað til þess að fá læknisþjónustu einnig í hin fámennari héruð, ef þjóðfélagið hefur bókstaflega ekki tekið þá ákvörðun um það að leggja þessi byggðarlög í auðn. En það er stórt skref stigið í þá átt, ef ákveðið er af þjóðfélagsins hendi, að þar verði ekki læknisþjónusta veitt.

Ég vil víkja að fásinnu eins og þeirri, að það eigi að hugga Súgfirðinga með því að segja við þá: Það á að reyna hins vegar að útvega ykkur lækni hluta af árinu. Það á að fá aðstoðarlækni í héraðið hluta úr árinu. — Geta þeir fullyrt, að þeir geti útvegað aðstoðarlækni hluta úr árinu, og þá hvern hluta ársins? Líklegt þætti mér, að það tækist kannske yfir sumarmánuðina. En þá geta Súgfirðingar miklu fremur bjargað sér. Þá geta þeir leitað læknis til Ísafjarðar, þá geta þeir leitað til Þingeyrarlæknis, þó að Flateyrarlæknishérað væri ekki skipað. En hvaða líkur eru til þess, að hægt sé að útvega aðstoðarlækni með aðstoðarlæknisskjörum í Súgandafjarðarlæknishéraði vetrarmánuðina, þegar héraðið er innilokað? Ég verð að segja það, að þær líkur eru ákaflega litlar.

Ef gerður er svo samanburður á þessum 2 kauptúnum, sem eru þéttbýliskjarnarnir á þessum slóðum, Flateyrarkauptúni og Suðureyrarkauptúni, þá er það alveg auðséð mál, að það er kauptúnið, sem er að verða fjölmennara, sem á að verða svipt sínum lækni, Suðureyrarkauptún. Það er í örum vexti og það skakkar örfáum íbúum, að Suðureyrarkauptún sé ekki orðið fjölmennara en Flateyrarkauptún. En það er ekki hægt að leysa þessi mál á þessum stað með lækni annaðhvort á Flateyri eða Suðureyri. Það er leið, sem er útilokuð, af því að Suðureyri er einangruð hálft árið. Þess vegna verður að vera læknir á Flateyri og á Suðureyri einnig. Gamla skipanin var sú, að Suðureyri var hluti af Flateyrarlæknishéraði. En reynslan sýndi, að það var óviðunandi og óforsvaranlegt. Þá var stofnað læknishérað á Suðureyri 1957, og það segja Súgfirðingar, að hafi verið sú mesta öryggisbót, sem þeir hafi nokkurn tíma orðið aðnjótandi í þjóðfélaginu. En nú á sá draumur líka að verða búinn. Nú á að leggja þetta læknishérað niður.

Ég segi að lokum eins og hv. 3. þm. Vestf.: Ég ber fram hin hörðustu mótmæli gegn því, að Suðureyrarlæknishérað verði lagt niður, og raunar einnig, að Árneshreppur verði ekki læknishérað áfram. Um Flateyjarlæknishérað er erfiðast að hafa uppi mótmæli, fámennið er þar slíkt, og yrði þá að gefa íbúunum valfrelsi um það, hvort þeir sæktu lækni til Reykhólahéraðs eða Stykkishólms. Geri ég ráð fyrir,

að engir þm. mundu beita sér gegn því, að þeir ættu þess kost. En hitt verð ég að segja, að það hryggir mig, að það skuli hafa svo til tekizt hjá þessum ágætu mönnum, að þeir skyldu setja það svart á hvítt, setja þá till. fram í stjórnarfrv.-formi að leggja þetta unga læknishérað niður í hraðvaxandi, þróttmiklu plássi, sem hefur alveg sérstaklega landfræðilega aðstöðu, þannig að því verður ekki veitt læknisþjónusta utan að frá hálft árið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að grípa þegar nokkuð inn í þessar umr., áður en lengra er haldið í þeim tón, sem byrjað er á hér hjá þessum hv. þm. Þeir geta barið höfðinu við steininn, þessir menn, og látizt ekki vita, hvernig hlutirnir eru, ef þeim finnst það skemmtilegra, og þótzt vera hér málsvarar þorpsins, sem nú á að fara að leggja eitt bölið ofan á annað. Það er ekki nóg, að hafísinn sé kominn, heldur kemur nú þetta frv. hér inn í þingið líka til þess að níðast á þessu fólki, eins og látið er að liggja í þeim ræðum, sem þegar hafa verið haldnar, og það var sagt, að það væri ómannúðlegt að leggja niður læknishéraðið á Suðureyri, og ýmislegt eftir þessu. Það er sagt, að hreppstjórar og oddvitar skoruðu á þm. o. s. frv. að gjalda varhug við þessu. Sannleikurinn er sá, að hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vestf., var ráðh. heilbrigðismála í 2½ ár. Ég man nú ekki eftir neinum úrbótum þá á sviði þessara mála. (**HV:** Þá var Suðureyrarlæknishérað stofnað, er það ekki ráðh.?) Já, ég ætla að halda áfram með það, sem ég var að segja. Ég man ekki eftir neinum úrbótum á þessu sviði þá. Héruðin voru jafnlæknislaus og ekkert gert nema þetta, sem hv. þm. segir nú, að Suðureyrarlæknishérað hafi verið stofnað, sem síðan hefur ekki verið hægt að fá lækni í. Og þegar verið er að tala svona hérna, er enginn læknir á þessum stöðum. Þá er enginn læknir á þesum stöðum. Það er ekki verið að taka neitt frá fólkinu, sem það hefur. Og menn eru að tala um, að það sé verið að leggja niður læknishéruð, og það væri nær, segir hv. 3. þm. Vestf., að skipa lækninum í nærliggjandi héraði að gegna læknisþjónustu hjá fólkinu. Það er eins og þetta fólk fái ekki læknisþjónustu við þetta frv. Læknirinn í hinu sameinaða héraði hefur skyldu til að gegna því. Það er beinlínis verið að tala þannig, eins og það sé verið að taka af þessu fólki réttinn til þess að leita sér læknis, það eigi heldur að fyrirskipa lækninum í nærliggjandi héraði, eins og gert er núna, að gegna og þjóna þessu fólki. En það verður eins og annars flokks fólk í dag í læknislausu héraði miðað við það að hafa sama rétt við fólkið í því læknishéraði, sem það verður sameiginlega með í eftir þessa breytingu.

Svo vil ég segja það út af ræðu hv. 5. þm. Vestf., að Suðureyrarlæknishérað verður ekki lagt niður, ef læknir fæst þar í vaxandi hérað, eins og hann talar um, með þeim hlunnindum, sem þetta frv. tilskilur, ef það verður samþ. Ef þetta frv. verður að lögum, verður það læknishérað auglýst með öllum þeim hlunnindum í bæði launum, námsfríi og á annan hátt, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. og annars staðar í frv., og sýni það sig, sem ég vildi gjarnan vona, að það fengist læknir, þá hefur þetta frv., ef samþykkt verður, orðið til þess að fá þangað lækni, og þá held ég, að oddvitinn ætti að fara að hugsa betur þarna, áður en hann telur, að verið sé að gera fólkinu einhverja bölvun með þessu. (Gripið fram í.) Það verður ekki lagt niður, það verður sameinað öðru læknishéraði, og læknir í því sameiginlega héraði hefur jafnar og fullar skyldur á við þetta fólk, sem þarna er, eins og annars staðar í héraðinu, ef ekki tekst að fá lækni þar með þeim hlunnindum, sem hér er tilskilið.

Ég tek ákaflega vel öllum þeim till., sem hér munu fram koma til breytinga og umbóta á þessu frv. En ég kann ekki við að heyra þennan tón hjá þessum tveimur hv. síðustu þm. og gera því skóna jafnvel, að það sé borið fram af einhverjum illindum og mannúðarleysi, frv. það, sem hér er komið fram. Ég held, að hér séu till., sem séu þær langmerkustu, sem um langan tíma hafa komið fram á sviði þessara mála hér á Alþingi, og engar komið fram, meðan þessi kjaftaskur þarna sat í ráðherrastóli. (**HV:** Þá var læknir á Suðureyri, ráðherra.) Ég held, að þessi þm. ætti að fá sér lækni til þess að hressa svolítið upp á hugarfarið. (Gripið fram í.) Við erum ekki að kljást við það hérna, hvernig í sjálfu sér læknishéruð eru. Við erum að glíma við þá erfiðleika hér, að fólkið fái læknisþjónustu. Og það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn og segja: Þetta skal vera læknishérað, með 200 manns eða eitthvað svoleiðis, og þá er öllu borgið. Þið hafið þann heiður, ágætu íbúar í þessu fámenna héraði, að þið eruð læknishérað, svo að ykkur er alveg óhætt að verða fárveikir. Það er að vísu enginn læknir í héraðinu, en þið eruð læknishérað. — Þetta er það, sem hv. þm. láta sér nægja.

Hv. 3. þm. Vestf. fann að því, að ekki væru auglýst tvö héruðin, sem sameinast eiga öðrum, þ. e. a. s. Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, með hlunnindum þessa frv. Þetta er athyglisverð ábending. Þetta var ekki gert eingöngu vegna þess, að það var að dómi þeirra manna, ég ræddi um það við þá, vonlaust, að þarna mundu fást læknar, jafnvel með þessum hlunnindum. Í Flateyjarhreppi eru 119 manns og í Djúpavíkurhéraði eru 267 manns. Ef þm. vilja breyta þessu þannig, að þessi héruð verði auglýst með hlunnindunum, þá skal ekki standa á mér, og ég skal ekki verða því til fyrirstöðu. Það er hins vegar misskilningur hjá hv. 3. þm. Vestf., að það þýði ekki að hafa ákvæði til bráðabirgða og auglýsa héruðin og það fáist í þau læknir, því að þá sé búið að leggja þau niður. Auðvitað verður með lögskýringu að skilja það, að ef ákvæði til bráðabirgða er samþ. og ef læknir fæst í það hérað,

sem þar um ræðir, verður eðli málsins samkv. sú breyting á skipuninni, sem er í 1. gr., að það hérað, sem þar er talað um og er núna, fer út úr því sameinaða héraði, þar sem það er. Þetta er augljóst mál og á ekki að þurfa að valda neinum misskilningi.

Hv. 3. þm. Vestf. vék einnig að því og þótti mjög slæmt og illt þetta nýmæli, sem er í lok 3. gr., að ráðh. getur eftir till. landlæknis leyft héraðslækni að sitja annars staðar en á lögskipuðu læknissetri, eins og var í gömlu l., og ef nauðsyn krefur utan héraðs. Nú situr læknir utan héraðs í Súðavíkurlæknishéraði, á Ísafirði, og hefur enga heimild til þess, og honum er látið haldast uppi að vera þarna, og ég hef ekki treyst mér til þess að láta flytja hann nauðugan viljugan, og betra hefur ekki fengizt en þetta. Í samræmi við þetta er þessi heimild sett inn, og ég efast um, að það sé nokkur ástæða til þess að ætla, að neinn sá ráðh. fari með heilbrigðismál, að heimild eins og þessi verði misnotuð.

Ég vil aðeins víkja að því í sambandi við hugleiðingar um, að það lægi nú kannske við að leggja niður þetta læknishérað. (Gripið fram í.) Það er á bls. 11 sem hv. 5. þm. Vestf. las, að ástæða mætti þykja til að fella Súðavíkurhérað, sem löngum hefur verið óskipað, nú þegar undir Ísafjarðarhérað, sem fengi jafnframt heimild fyrir föstum aðstoðarlækni. Þetta er ekki gert, þó að vikið sé að þessu. En aðstaðan er þessi í dag, að læknirinn er ekki í sjálfu héraðinu, hann er á Ísafirði, og það er sjálfsagt miðað við þessar staðreyndir, sem er vikið að þessu af n. Hitt er svo annað mál, að það er að mínum dómi full ástæða til þess að ætla, að þau hlunnindi, sem þetta frv. felur í sér, muni tryggja betur en áður, að læknar fáist í þessi fámennu héruð. Mér var alveg ljóst, að þá má um það deila, hvort, eins og talað er um, leggja eigi niður læknishéruðin, þ. e. a. s. þau verða ekki lögð niður í öðrum skilningi en þeim, þessi allra minnstu, að þetta verði hluti í öðru læknishéraði. Þar með er sá háttur á hafður, að sá læknir, sem er í því sameinaða héraði, hefur fulla gegningarskyldu og embættisskyldu gagnvart þessu fólki eins og öðru. Áður eru þetta hálfgerðar hornrekur. Það tekur að sér læknir í nágrannahéraði að gegna og hefur þá skyldu til þess, en aðstaða fólksins ætti a. m. k. á engan hátt að versna við þetta og heldur verða öruggara, að í heild fengist læknir í héraðið.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta núna. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði, að ég mun að sjálfsögðu vilja hlýða á allar þær till. til breytinga og úrbóta, sem þm. vilja flytja fram við þetta frv. En mér þykir leitt, að því skuli mætt á þennan hátt, eins og hér hefur verið gert, og vildi vona, að það, sem eftir verður af umr. um þetta, mætti verða á öðrum grundvelli og menn vildu þá sjálfir ekki aðeins í tillöguformi síðar, heldur í sínum ræðum gera grein fyrir, með hverjum hætti öðrum er hægt að bæta betur úr þessum vandkvæðum heldur en hér er lagt til, svo að það mætti athugast, bæði undir umr., meðferð málsins í n. og áður en það hlýtur afgreiðslu úr þinginu, ef það á þá eftir að liggja fyrir því.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., er farið inn á nýjar brautir til þess að reyna að leysa úr stórkostlegum vanda, þ. e. a. s. skorti á læknisþjónustu á ýmsum stöðum úti á landi. Í aths. við frv. kemur fram, að frá síðustu aldamótum hafi alltaf reynzt örðugt að hafa öll læknishéruð skipuð læknum samtímis og hafi jafnvel stöku læknishéruð verið læknislaus árum saman. Enn fremur er frá því skýrt í aths., að á undanförnum árum hafi þetta ástand farið síversnandi þrátt fyrir verulega beina fjölgun læknismenntaðra manna. Því ber sannarlega að fagna, að hæstv. ríkisstj. skuli með frv. þessu gera alvarlega tilraun til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega læknaskorti, sem ekki þarf að lýsa, hver áhrif hefur haft, ekki einasta á afkomu og líðan þeirra, sem nú byggja þá landshluta, sem ekki fást læknar í, heldur og á alla framþróun þeirra byggðarlaga, sem hér eiga hlut að máli.

Ég vil sérstaklega fagna þeim nýmælum, sem upp eru tekin í þetta frv. til að bæta launakjör héraðslækna. Hér er farið inn á þá braut að leggja til, að héraðslæknum í tilteknum læknishéruðum verði greidd staðaruppbót, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi læknishéraði. Einnig er gert ráð fyrir fleiri kjarabótum til héraðslækna í frv. Hér er vissulega tekin rétt stefna, og það er ánægjulegt, að hæstv. ríkisstj. virðist vera að gera sér það ljóst, að til þess að bæta úr læknaskortinum dugi ekki önnur ráð en að bæta verulega kjör læknanna. Og ég vil nota þetta tækifæri til að benda á, að þetta sama á við um margar aðrar starfsgreinar ríkisins en héraðslækna. Það er ástæða til að vekja athygli hv. alþm. á því, að það alvarlega ástand, sem ríkir í ýmsum greinum við starfrækslu ýmissa ríkisstofnana, stafar einmitt af því, að launakjör opinberra starfsmanna eru lakari, já, mun lakari en hjá sambærilegum starfsmönnum á frjálsa launamarkaðinum.

Það þarf ekki að fara lengra en í aðra starfsgrein heilbrigðismálanna til þess að benda á, að einmitt í þeirri starfsgrein er hreinn voði fyrir dyrum vegna skorts á starfskröftum. Á sjúkrahúsum landsins skortir tilfinnanlega hjúkrunarkonur, eins og sakir standa. Mér er sagt, að sá skortur hafi gengið svo langt, að loka hafi þurft sumum deildum Landsspítalans á tímabilum af þessum sökum. Nú er það alkunna, að í smíðum eru hér í Reykjavík tvö stór sjúkrahús, og enginn sér það fyrir í dag, hvernig leysa eigi þann vanda, þegar þessi sjúkrahús taka til starfa, að fá nægilegt starfslið til þess að starfa í þessum sjúkrahúsum og þá sérstaklega hjúkrunarlið.

Svipað ástand er í fjölmörgum öðrum starfsgreinum ríkisins, og þarf ekki annað en nefna

t. d. kennslumálin í því sambandi. Það skortir mjög á, að kennarar með réttindum séu nægilega margir til þess að skipa þær kennarastöður, sem hér á landi eiga að vera lögum samkv., og þannig mætti lengi telja. Til þess að leysa þann vanda, sem af þessu stafar, þarf einmitt að fara inn á þá braut í enn ríkari mæli en hér er gert með þessu frv., þ. e. a. s. að bæta launakjör starfsmanna.

Í aths. við þetta frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæðið um staðaruppbót kann í fljótu bragði að þykja varhugavert, þar sem það gæti orðið til þess, að aðrir opinberir starfsmenn á afskekktum stöðum krefðust sambærilegra hlunninda. Hér kemur þó naumast rökstuddur samanburður til greina."

Ég er ekki sammála því, sem fram kemur hér í þessum aths., að það sé nein hætta á ferð, þó að öðrum starfsmönnum ríkisins úti um land verði greidd staðaruppbót, eins og frv. gerir ráð fyrir um héraðslækna. Þvert á móti er það skoðun mín, að með því að taka upp greiðslu staðaruppbótar til starfsmanna ríkisins almennt úti um land yrði leystur mikill vandi fyrir fólkið úti á landi og þjóðarheildina. Nágrannaþjóðir okkar hafa þegar gripið til þeirra úrræða að greiða staðaruppbætur, ekki aðeins til lækna, heldur einnig til annarra starfsmanna í tilteknum landshlutum. Og ég sé satt að segja ekki voðann í því, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp almennt hér á landi. Það er líka sannfæring mín, að sú muni raunin verða, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp, og mér finnst satt að segja, að hæstv. heilbrmrh. eigi ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu, heldur ætti hæstv. ríkisstj. að beita sér einmitt fyrir þeim úrræðum til þess að leysa úr þeim starfsmannaskorti, sem er víða úti um land og er tilfinnanlegur fyrir fólkið, sem þar býr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð í sambandi við 13. gr., áður en þetta frv. fer til n. Ég held, að höfuðatriðið í sambandi við að bæta úr þeim mikla skorti á læknum, sem hjá okkur er, sérstaklega í dreifbýlinu, sé fyrst og fremst að framleiða meira af læknum, og ég held, að það þurfi að taka til alvarlegrar rannsóknar það ástand, sem ríkir hjá stjórn læknadeildar háskólans, í þessu sambandi. Ég held, að það ríki ófremdarástand þar, sem komi fram í því, að það sé verið að bægja læknanemum frá námi með því að fella í svo stórum stíl læknanema, sem vel gætu haldið áfram, að þetta bókstaflega hrindi mönnum frá læknadeildinni, og ég tel, að sú n., sem þetta frv. fer til, hv. heilbr.- og félmn., ætti að taka þessa hluti til alvarlegrar rannsóknar. Við bætum aldrei úr þessum hlutum, ef andinn er þannig í háskólanum, sá gamli andi, sem við þekktum einu sinni, að það yrðu sem fæstir að verða sérmenntaðir menn á Íslandi og það ætti þess vegna að reyna að halda mönnum frá því að fara í háskólann. Ég held, að við verðum að sjá um, að þarna verði breyting á. Það hefur komið fyrir, að það væri felldur allt að helmingi stúdenta, sem gengur undir próf, að því er mér virðist stundum kannske frá því sjónarmiði, að það sé ekki pláss fyrir fleiri þar. Þessi hugsunarháttur getur ekki gengið, og það verður að uppræta hann. Og ég veit til þess, að það hefur verið beitt þannig ráðum til þess að hindra menn í að halda áfram að læra til þess að verða læknir, og það er til skammar, og ég vil alvarlega beina því til hæstv. heilbr.- og félmrh., um leið og þessi mál eru athuguð, að læknadeild háskólans sé tekin undir rannsókn og stjórn hennar, hvernig hún hagi sér í þessum efnum og hvað það sé, sem hún leggi fram til þess að bæta úr þeirri neyð, sem Íslendingar eiga við að búa.

Ég vil taka það fram um leið, að það er nú að koma svo, að það er ekki aðeins að verða neyðarástand í dreifbýlinu og hefur verið lengi, sem vissulega eru ýmsar till. hér um að reyna að bæta úr. Það er að verða vandræðaástand hvað snertir sjúkrasamlagslækna hér í Reykjavík. Það er bráðum að verða vart mögulegt að kjósa sjúkrasamlagslækna í Reykjavík, og það er farið að verða kunningsskaparatriði, hvort menn hafa nokkurn lækni, og menn hafa ekki lengur einu sinni neitt til þess að velja úr að heita má. Það er að verða svona ástandið í læknamálunum hjá okkur, og á meðan er rekin afturhaldspólitík í læknadeild háskólans, sem á ekki að viðgangast. Ég vildi alvarlega skjóta því til hæstv. heilbr.- og félmrh. og þeirrar n., sem þetta fer til, hvort það væri ekki rétt að gera mjög róttæka ráðstöfun í sambandi við að útskrifa lækna hér á Íslandi, og það er að taka upp í læknadeild háskólans námslaunakerfi, a. m. k. alveg sérstaklega fyrir alla þá læknanema, sem ætla sér að verða almennir læknar, þ. e. námslaunakerfi þannig, að frá því að stúdentinn byrjar þar, nýr stúdent, sem hefur áhuga á því að læra þetta, þá sé hann launaður og hann verði launaður maður síðan áfram, eftir að hann hefur þarna útskrifazt, launaður starfsmaður ríkisins, meðan hann lærir þetta og áfram, bæði sem héraðslæknir og jafnframt sem sjúkrahúslæknir. Ég held, að það ætti að taka þetta til alvarlegrar athugunar. Það er dýrt að nema til þess að verða læknir, og ég er hræddur um, að allt of mikill bókstafslærdómur sé í sambandi við læknadeildina. Ég held, að það ætti alvarlega að athuga að ganga sporinu lengra en hérna er lagt til, þarna er talað um ríkislán, og taka beinlínis upp námslaunakerfi til þessara lækna, fyrst og fremst þeirra, sem taka að sér að verða héraðslæknar. En það má mikið vera, ef það kemur ekki að því, að það verði að vera með þá almennu lækna líka.

Þessu vildi ég skjóta að til hæstv. ríkisstj. og hv. n. Ég veit, að það eru fátækir menn, sem hafa gjarnan viljað verða læknar og sumpart ekki hafa haft efni á því og sumpart hafa mætt slíkum kulda og skilningsleysi frá þeirra hálfu, sem stjórna læknadeildinni, að þeir hætta við það. Ég held, að andinn þar þurfi að breytast, um leið og við leggjum okkur

fram til þess að reyna að bæta úr þeirri neyð, sem ríkir í þessum málum.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 8. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ástandið í heilbrigðismálum margra héraða hefur undanfarin ár verið hið bágbornasta. Læknar hafa árum saman ekki fengizt til þess að gegna starfi í mörgum fámennustu læknishéruðunum. Hefur af því leitt margvíslegt öryggisleysi og óhagræði, auk þess sem læknaskorturinn hefur haft í för með sér stórkostleg útgjöld fyrir almenning. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur vafalaust verið fyrir hendi einlægur vilji til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi, en læknarnir hafa ekki fengizt til þess að fara út í hin fámennustu héruð, og við það hefur setið.

Þetta er miklu alvarlegri staðreynd en margir gera sér ljóst. Skapleg heilbrigðisþjónusta er frumskilyrði þess, að fólk geti haldizt við í heimkynnum sínum og notið þess lágmarksöryggis, sem krefjast verður í nútímaþjóðfélagi. Hver yðar, hv. þm., mundi t. d. vilja búa þar til langframa, þar sem ekki verður með skaplegum hætti náð til læknis dögum saman? Mér er kunnugt um, að einmitt læknisleysið hefur verið ein af aðalástæðum þess, að heil byggðarlög hafa farið í eyði, enda þótt þar væri lífvænlegt að öðru leyti. Í Noregi gerðist það fyrir skömmu, að byggðarlag, þar sem reist hafði verið nýtízku sjúkrahús, fékk ekki lækni til þess að starfa þar. Var þetta í Gravdal í Norður-Noregi. Horfur voru á, að hið nýja sjúkrahús yrði ekki tekið í notkun.

Þetta mál vakti alþjóðarathygli í Noregi. Þjóðin spurði: Er það virkilega þannig, að svo sé komið í landi voru á þessari öld menntunar og vísinda, að norska þjóðin verði að horfa upp á það, að hluti hennar eigi ekki kost læknishjálpar og nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu? Norsku blöðin kröfðust þess einum rómi, að sjúkrahúsinu í Gravdal og fólki byggðarlagsins yrði tafarlaust útvegaður læknir. Í Stórþinginu kvöddu 118 þm. af 150 sér hljóðs til þess að ræða þetta vandamál og krefjast þess, að það yrði leyst án tafar. Og það var gert. Gravdal fékk lækni og mögulegt reyndist að taka sjúkrahús byggðarlagsins, sem miklar vonir voru tengdar við, í notkun.

Ég hef leyft mér að segja þessa sögu hér vegna þess, að hún sýnir glögglega, hvernig nálægar menningarþjóðir líta á þessi mál. Þær telja það beinlínis ósæmilegt, að nokkrum landshluta, hversu fámennur og strjálbýll sem hann kann að vera, sé ætlað að búa við enga eða ófullkomna læknisþjónustu.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, markar að mínu viti verulegt spor í þá átt að fá lækna til þess að taka við héraðslæknisembættum í fámennum læknishéruðum. Kom það og greinilega fram í framsöguræðu hæstv. heilbrmrh., að sá er einn höfuðtilgangur þess. Launakjör héraðslækna í fámennustu læknishéruðunum eru samkv. frv. bætt að miklum mun. Jafnframt eru þeim veitt stórfelld hlunnindi með eins árs orlofi á fullum launum eftir hver 3 ár, er þeir hafa gegnt hlutaðeigandi héruðum, til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis. Það er einnig þýðingarmikið nýmæli, að lagt er til, að heimilað verði að veita læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um, að þeir gegni héraðslæknisembætti að námi loknu. Stofnun bifreiðalánasjóðs lækna er einnig skynsamleg og merk nýjung. Ýmis fleiri ákvæði eru í þessu frv., sem stefna að umbótum í læknamálum strjálbýlisins. Þau stórbættu launakjör héraðslækna í fámennum héruðum og fríðindi, sem þeim eru heitin, hljóta að hvetja lækna til þess að sækja um þessi héruð.

Þrátt fyrir það, að ég tel þetta frv. fela í sér mikla umbótamöguleika, eru þó atriði í því, sem ég er andvígur. Í því er t. d. lagt til, að Suðureyrarlæknishérað í Vestur-Ísafjarðarsýslu verði sameinað aftur Flateyrarhéraði. Suðureyri var gerð að sérstöku læknishéraði árið 1958. Læknir var settur til að þjóna héraðinu 1. janúar það ár. Hinn 4. ágúst 1959 var læknir skipaður þar, og þjónaði hann héraðinu þar til 4. okt. 1963. Var að því mikið hagræði og aukið öryggi fyrir fólkið á staðnum. Súgfirðingar beittu sér fyrir því, að byggður var myndarlegur læknisbústaður með nokkrum sjúkrarúmum á Suðureyri. Hafði almenningur þar mikinn áhuga á að búa sem bezt að lækni sínum og tryggja sér læknisþjónustu til frambúðar.

Suðureyri er eitt af þróttmestu framleiðslubyggðarlögum landsins. Þar er mikil útgerð og fiskiðnaður, og íbúum þar fer fjölgandi. Akvegasamband við kauptúnið er aðeins opið yfir sumarmánuðina. Ef læknir Súgfirðinga væri búsettur á Flateyri, yrðu þeir að sækja hann á sjó 6—7 mánuði ársins. Sjúkraflugvöllur er enginn í Súgandafirði og héraðið því ákaflega einangrað að vetrarlagi. Á s. l. ári var settur læknir á Suðureyri í tæpa 3 mánuði. Síðan 15. júní s. l. hefur héraðinu verið þjónað af Flateyrarlækni. Ég tel nær fullvíst, að læknir mundi fást í Suðureyrarlæknishérað, þótt fámennt sé, aðeins um 500 manns, eftir að þær stórfelldu umbætur hafa verið gerðar á kjörum og aðstöðu héraðslækna, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég leyfi mér því að beina þeim tilmælum til hv. heilbr.- og félmn., sem fá mun þetta frv. til meðferðar að lokinni þessari umr., að hún geri þá brtt. við það, að Suðureyrarhérað skuli áfram vera sjálfstætt læknishérað.

Ég tel einnig sjálfsagt, að hið fámenna Flateyjarhérað eigi ekki aðeins rétt á læknisþjónustu frá Stykkishólmi, heldur einnig frá Reykhólum, sem liggja miklu nær eyjabyggðinni. Síðan árið 1943 hafa skipaðir héraðslæknar aðeins dvalið í Flateyjarhéraði frá 5. nóv. 1953 til 1. marz og frá 1. júlí 1956 til 1. okt 1960. Öðru hverju hafa þjónað þar settir læknar og

kandídatar. Síðan 10. okt. 1960 hefur héraðinu verið þjónað frá Reykhólum.

Í Árneslæknishéraði í Strandasýslu hefur aldrei setið skipaður héraðslæknir síðan árið 1944 eða rúm 20 ár. Héraðinu hefur ýmist verið þjónað af settum kandídötum eða læknastúdentum, sem dvalizt hafa í héraðinu nokkra mánuði á ári, eða frá Hólmavík. Síðan 28. júlí árið 1960, eða samfleytt s. l. 5 ár, hefur Hólmavíkurlæknir einn þjónað Árneshéraði.

Þegar á þessar staðreyndir er litið, virðist lítt hugsandi, að héraðslæknar fáist til búsetu í þessi tvö örfámennu héruð, en vitanlega þarfnast fólk þar ekki síður læknisþjónustu en aðrir Íslendingar. Bættar samgöngur um Breiðafjörð með tveimur nýjum flóabátum, sem nú eru að hefja þar ferðir, ættu t. d. að skapa fólki í eyjabyggðum Flateyjarlæknishéraðs töluvert betri aðstöðu til þess að leita læknis en áður. Með sköpun akvegasambands milli Hólmavíkur og Árneshrepps í Strandasýslu verður aðstaða fólks þar einnig miklum mun betri, en væntanlega opnast slíkt vegasamband innan skamms tíma.

Á eflingu læknisvitjanasjóðs verður einnig að leggja áherzlu. Mætti með því draga úr hinum óhóflegu útgjöldum fólks í fámennustu læknishéruðunum vegna læknisvitjana. Lög um læknisvitjanasjóði eru löngu úrelt orðin og þarfnast endurskoðunar hið bráðasta.

Jafnhliða setningu nýrra læknisskipunarlaga þarf svo að stuðla að því eftir fremsta megni, að aðsókn að læknadeild háskólans aukist. Sannleikurinn er sá, að jafnvel allfjölmenn kaupstaðarlæknishéruð hafa undanfarin ár átt erfitt mjög með að fá héraðslækna. Þess má einnig geta, að örfáir sérfræðingar, svo sem augnlæknar, tannlæknar, háls-, nef- og eyrnalæknar, eru búsettir úti á landi. Veldur það almenningi að sjálfsögðu miklu óhagræði og fjárútlátum. Kjarni málsins er, að einskis má láta ófreistað til þess að bæta heilbrigðisþjónustu og heilsugæzlu í landinu. Ástandið í þessum efnum er í dag víða hið hörmulegasta. Vonandi verður það frv., sem hér liggur fyrir, til þess að bæta úr því, ef að lögum verður, sem fullvíst má telja.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Það hefur þegar verið nokkuð rætt um þetta frv., og hæstv. heilbrmrh. er fjarverandi og væri því e. t. v. eðlilegast, að við létum orðræður um það falla niður að sinni þar til á seinni stigum málsins hér í þinginu, en mig langar þó til þess að segja aðeins örfá orð.

Þegar mál þetta var hér til umr. á fimmtudaginn var, tóku hér til máls tveir af hv. þm. Vestfjarðakjördæmis, og virtist mér þeim báðum vera allmikið niðri fyrir. Ég varð satt að segja dálítið undrandi á ræðum þessara tveggja hv. þm. Ég veit, að þeir eru báðir miklir velunnarar strjálbýlisins, vilja hlut þess sem mestan í hvívetna. Þess vegna varð ég hissa á því, hvernig þeir tóku þessu frv. til læknaskipunarlaga, sem ég tel eitt hið merkasta mál, sem hefur verið lagt fyrir þetta þing. Með þessu frv. er miðað að því að bæta úr einu mesta vandkvæði, sem fólk í einstökum hlutum strjálbýlisins hefur átt við að búa. Það er illt að vera vegalaus, það er erfitt að skorta rafmagn, en hvað er það hjá því að vera læknislaus. Og mig undrar það stórlega, að í þeim byggðum, þar sem fólkið er búið að vera árum saman, jafnvel áratugum saman, læknislaust, að þar skuli nokkur mannssál vera enn þá búandi. En það var ekki sérstaklega vegna þessara tveggja ræðna, sem ég kvaddi mér hljóðs, því að hvorug þeirra er umtalsverð, heldur var það ræða hv. 11. þm. Reykv., sem gaf mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð.

Þessi hv. þm. fagnaði frv., mér virtist þó ekki fyrst og fremst vegna þess, að það miði að því að bæta læknaþjónustuna í landinu, heldur af hinu, að það miði að því að bæta kjör héraðslæknanna, og ég er honum sammála um, að kjör þeirra þurfi að bæta. En ég er honum algerlega ósammála um það, að þetta frv. gefi nokkurt fordæmi fyrir því, að aðrir opinberir starfsmenn úti á landinu heimti sömu kjör og þetta frv. miðar að til handa héraðslæknunum. Héraðslæknastarfið er alls ekki sambærilegt við starf t. d. okkar prestanna eða kennaranna. Þetta kemur mjög skýrlega fram í grg. frv., og ég leyfi mér að lesa — með leyfi hæstv. forseta — það, sem segir hér í hinni almennu grg., það er 3. töluliður, þar stendur svo:

„Vaktskylda, vinnutími og vinnuskilyrði. Héraðslækni er skylt að sinna kalli jafnt að nóttu sem degi. Fyrir fram á hann sér aldrei vísa hvíldarstund, og hann tekur ekki á sig náðir án þess að mega eiga von á, að ró hans verði raskað. Starfið er erilsamt og krefst oft mikils líkamlegs og andlegs þreks, og ósjaldan verður læknirinn að tefla á tæpasta vað í ferðalögum. Vinnutími hans er óreglulegur og fer ekki aðeins eftir heilsufari í héraði, heldur einnig iðulega eftir geðþótta héraðsbúa. Svo látlausrar vaktskyldu mun ekki krafizt af öðrum þegnum þjóðfélagsins."

Ég tek mjög undir þessi orð, og þess vegna finnst mér það skylt, af því að ég er einn af hinum fáu opinberu starfsmönnum úti á landsbyggðinni, sem á sæti hér á Alþingi, að taka fram, að ég lít svo á, að þetta frv. gefi okkur ekkert fordæmi til þess að fara fram á sömu hlunnindi og hér er ætlazt til að héraðslæknum séu veitt.

Það er gott að gera kröfur. En því má hv. formaður bandalags okkar starfsmanna ríkis og bæja gá að, að það er rétt að vera hófsamur í slíku sem öðru.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir að hafa lagt þetta mál fyrir þingið, því að í frv. felast margháttaðar tillögur, sem líklegar eru til þess að geta bætt úr læknaskortinum. Ég varð þess

vegna, eins og hv. síðasti ræðumaður, undrandi á því, hvernig frv. var tekið við 1. umr., þótt í því séu atriði, sem e. t. v. getur verið ágreiningur um, eins og það, hvort leggja skuli niður Suðureyri sem sérstakt læknisumdæmi. Ég álít, að með þeirri till., sem felst í frv., að gerð skuli tilraun til að ráða lækni til Suðureyrar á þann hátt að auglýsa héraðið þrisvar sinnum laust til umsóknar með þeim hlunnindum, sem boðin eru samkv. 6. gr. frv., ættu að geta verið mjög miklar líkur á því, að þangað fengist læknir. A. m. k. verða líkurnar meiri en verið hefur með því að auglýsa héraðið hvað eftir annað með venjulegum læknislaunum. Þetta finnst mér vera aðalatriðið gagnvart Suðureyri. Það má náttúrlega segja, að ef þessi tilraun dugir ekki, — en hún mun taka allt að því ár í framkvæmd, því að mér skilst, að allt að því eitt ár þurfi til að auglýsa embættið þrisvar sinnum í röð, — ef slík tilraun ber ekki árangur, þá sé það nokkurn veginn sjálfgert að leggja héraðið undir næsta læknishérað. En þetta má vitanlega ræða betur, og verður væntanlega um það fjallað í heilbr.- og félmn., hvaða háttur verður á þessu hafður. Ég vil benda á, að í frv. er mjög víðtæk heimild til að sameina læknishéruð, og sú heimild er auðvitað sett inn vegna þess, að menn hafa talið, að undanfarið væri ein ástæða til þess, að ekki fengjust læknar út í héruðin, sú, að þau væru of lítil. Er talið, að fyrir menn með allt að 8—10 ára læknisnám að baki sér sé það of lítið starf að sitja yfir 300—400 manns í einu héraði. Hvað þetta snertir er Suðureyri ekkert einsdæmi. Þetta er eins með læknaskipunina, prestaköllin og hreppsfélögin. Gamla skipunin á þessum málum er orðin úrelt, miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður, og við þurfum að taka upp breyttar starfsaðferðir hvað það snertir að skipuleggja þessi mál. Því miður er það samt svo, þótt margir játi í orði kveðnu, að það þurfi að sameina slík umdæmi, að þegar til kastanna kemur, rekur sú stefna sig á allharða mótspyrnu. Ég er ekki hissa á þessu hvað snertir læknisumdæmið Suðureyri, því að eins og hér var tekið fram í umr. s. l. fimmtudag, hagar þar þannig til, að samgöngur eru mjög erfiðar, einkum að vetrarlagi. Þess vegna er eðlilegt, að það sjónarmið sé uppi, að þar eigi að vera sérstakt læknisumdæmi, sé þess nokkur kostur, enda er búið að búa þar mjög vel í haginn fyrir héraðslækni með byggingu ágætrar íbúðar og góðs sjúkraskýlis.

En þrátt fyrir þetta getur svo farið, að við ráðum ekki við þetta, þótt aðstaða sé góð fyrir lækninn og þótt boðin verði góð kjör. Fámennið getur hindrað það, að læknir fáist til Suðureyrar, og þá þýðir ekki annað en horfast í augu við þá staðreynd.

Ég skal ekki ræða frekar um þetta atriði. Það kemur vafalaust til nánari athugunar í heilbr.- og félmn. og við áframhaldandi meðferð frv. hér á þinginu. En með frv. í heild er stefnt að því að bæta úr læknaskorti í dreifbýlinu, að svo miklu leyti sem það er unnt, með því að bjóða héraðslæknum launabætur og með því að endurskoða skiptingu landsins í læknisumdæmi. Læknaskorturinn hefur lengi verið mikið vandamál og á sér svo margþættar orsakir, að jafnvel þótt launakjör læknanna verði bætt og nokkuð verði dregið úr þeim annmörkum, sem eru á núgildandi skiptingu landsins í læknishéruð, þá er samt óvíst, að þessi úrræði dugi, til þess að frv. nái tilgangi sínum. Þetta hygg ég, að öllum verði ljóst, sem lesa hina ýtarlegu grg., sem frv. fylgir, og þá einkum almennu grg.: Um orsakir læknaskorts í dreifbýli, en þar er bent á margar orsakir aðrar en launakjör, sem valdi því, að læknar vilja helzt ekki starfa í dreifbýli. Samt sem áður er hér um svo merkilega tilraun að ræða til að ráða bót á miklum vanda, að hana verður að framkvæma, þótt óvíst sé um árangurinn og þrátt fyrir það að deila megi um einstaka atriði í frv.

Í þessu sambandi vil ég fyrir mitt leyti taka fram, að ég lít ekki á þær launabætur og þau fríðindi, sem bjóða á læknum samkv. frv., sem beinharðar kaupgreiðslur til læknanna sjálfra, heldur sem kostnað við þjörgunarstarf, sem óhjákvæmilegt er að inna af hendi vegna fólksins, sem býr við læknaskort. Það gildir allt annað í þessu tilliti hvað læknana snertir heldur en aðra opinbera starfsmenn, og þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram þegar við þessa umr., vegna þess að hv. 11. þm. Reykv., formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem um stundarsakir á sæti hér á Alþingi, fann sig knúinn til þess s. l. fimmtudag að lýsa hér kröfum um sams konar kjarabætur og bjóða á læknum samkv. frv. til handa öllum öðrum opinberum starfsmönnum úti um landið. Læknisþjónustan er neyðarþjónusta, sem veita verður, jafnvel þótt fara verði út fyrir ramma þeirra reglna, sem almennt gilda um kaupgreiðslur til opinberra starfsmanna, en slík úrræði eiga að mínum dómi ekki að skapa nein fordæmi fyrir opinbera starfsmenn almennt. Þetta sama sjónarmið undirstrikaði hæstv. heilbr.- og dómsmrh. rækilega í framsöguræðu sinni fyrir frv., og vil ég eindregið taka undir þau orð hans, að ekki komi til mála að veita t. d. prestum, sýslumönnum eða kennurum sams konar hlunnindi og frv. gerir ráð fyrir að læknum verði boðin. Ég vara eindregið við slíkri túlkun, einnig alla þá hv. alþm., sem ég veit að hafa áhuga fyrir framgangi frv., og ég vona, að margir flokksbræður hv. 11. þm. Reykv. séu í þeirra hópi.

Þetta mundi horfa öðruvísi við, ef læknisleysið úti um land stafaði eingöngu af því, að læknar væru vanhaldnir í launum. Svo er ekki, eins og ég gat um áðan, sbr. grg. frv., og þess vegna á ekki að nota þetta mál til framdráttar launakröfum fyrir aðra starfshópa í þjónustu þess opinbera, eins og hv. 11. þm. Reykv. gerði fyrr við þessa umr. Með þessu er ekki sagt, að opinberir starfsmenn almennt geti ekki gert réttmætt tilkall til kjarabóta eins og aðrir. Það geta þeir vissulega, þótt þeir beri sig ekki saman við læknana í þessu sérstaka tilfelli.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til þess að segja örfá orð aðeins í tilefni af ummælum, sem féllu við fyrri hluta þessarar umr. um læknadeild háskólans af hálfu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), en þar hafði hann uppi allmikla gagnrýni á læknadeild háskólans, taldi hana vera of þunga, þ. e. a. s. taldi, að óeðlilega margir læknanemendur féllu við próf í læknadeildinni og ætti þetta verulegan þátt í þeim læknaskorti, sem hér er aðalumræðuefni og aðaláhyggjuefni manna. Þessi ummæli byggjast að mínu viti á nokkrum misskilningi á aðstæðum í læknadeildinni, og vildi ég láta það, sem ég tel vera sannast og réttast um þetta efni, koma hér fram í örfáum orðum.

Ég vildi fyrst leyfa mér að vekja athygli á því, að engar takmarkanir eru á innritun stúdenta til læknanáms við Háskóla Íslands, og er það þó algengt annars staðar, að aðgangur að læknanámi sé takmarkaður. Undanfarin ár hafa um 30—40 innritazt til læknanáms á hverju hausti, en því er ekki að leyna og ekkert sérstakt um læknadeildina hér, heldur sameiginlegt læknanámi og læknakennslu hvarvetna, að það nám er erfitt, með því erfiðasta, sem yfirleitt er stundað við háskóla. Þetta veldur því, að talsverður hluti stúdentanna heltist úr lestinni tiltölulega fljótlega á námsferlinum, og má segja, að um það bil þriðjungur þeirra, sem hefja nám í læknadeildinni, heltist tiltölulega mjög fljótlega úr lestinni eða hverfi frá námi til annars náms eða hverfi algerlega frá námi. En þetta hlutfall er síður en svo óeðlilegt eða í neinu ósamræmi við það, sem á sér stað annars staðar, þar sem frjáls aðgangur er að læknanámi. Þetta er jafnvel ekki óeðlilegt borið saman við ýmsar aðrar deildir í háskólanum hér, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklu fleiri hefja hér nám við háskólann en ljúka kandídatsprófi í hinum ýmsu deildum hans, og er ástæðan m. a. auðvitað sú, að við háskólann eru engin skólagjöld, mjög lágt inntökugjald og öllum, sem hafa lokið stúdentsprófi, er þannig heimilt sér svo að segja að kostnaðarlausu að hefja nám í háskólanum. En á undanförnum árum hafa um það bil 15—20 læknakandidatar útskrifazt frá læknadeild Háskóla Íslands árlega, og verður ekki annað sagt en það sé mjög sómasamleg viðkoma í læknastéttinni og í öllu falli svo mikil, að af þeim sökum einum ætti ekki að þurfa að vera hér læknaskortur.

Ef við berum saman við ástandið í þessum efnum í Noregi, sem oft er eðlilegt og skynsamlegt að taka samanburð við fyrir okkur Íslendinga, er þess að geta, að í Noregi er aðgangur stranglega takmarkaður að læknanámi. Á undanförnum árum hafa ekki fleiri en hundrað stúdentar í Noregi komizt til læknanáms, en það svarar til þess, að hér væru bara teknir 2—3 stúdentar í læknadeildina á hverju hausti, og takmörkun í Noregi er framkvæmd þannig, að miðað er við einkunnir. Það eru teknir þeir, sem hæstar hafa einkunnir við stúdentspróf, og takmörkun hefur í reynd verið svo alvarleg í Noregi, að í raun og veru hafa þeir einir komizt til læknanáms í Noregi, sem hafa haft ágætiseinkunn eða því sem næst á stúdentsprófi.

Önnur nágrannaþjóð okkar velur nú mjög stranglega til læknanámsins, þ. e. Bretar, og fer ekki aðeins eftir námseinkunnum, heldur einnig eftir athugun á því, hvort hlutaðeigandi nemendur séu vel til þess fallnir að gegna læknastörfum. Í Danmörku og Svíþjóð og Finnlandi er hins vegar ekki takmarkaður aðgangur að læknadeildunum, en læknanámið er mjög svipað því, sem það er hérna, og það er alveg sömu sögu að segja og hér, að talsverður hluti þeirra nemenda, sem hefja læknanámið, heltist úr lestinni á 1., 2. eða 3. ári. Ég vildi láta þetta koma fram til þess að undirstrika, að skipulag eða kennsluhættir læknadeildarinnar verða ekki taldir eiga neina sök á læknaskortinum, sem hér er og er mönnum eðlilega nokkurt áhyggjuefni, þ. e. a. s. sérstaklega héraðslæknaskortinum. Raunar er þar alls ekki um að kenna fyrst og fremst skorti á læknismenntuðum mönnum, vegna þess að ég veit ekki betur en um það bil 80 íslenzkir læknar séu við framhaldsnám eða læknisstörf erlendis og þar af langflestir í Svíþjóð. Og auk þessara 80 lækna, manna með fullgilt læknapróf, eru upp undir 70 læknakandídatar við einhvers konar nám eða bráðabirgðastörf, sumpart hér eða erlendis. Það er m. ö. o. um að ræða 150 íslenzka lækna og læknakandidata, sem eru við nám eða störf, ýmist erlendis eða hérlendis, sem við ættum að geta notið læknistarfa hjá í þágu okkar sjálfra. Bæði hinn tiltölulega mikli fjöldi læknakandidata, sem útskrifast árlega úr læknadeildinni, miðað við íbúatölu landsmanna, og hinn mikli fjöldi lækna, sem er við framhaldsnám eða störf erlendis, virðist eindregið benda til þess, að héraðslæknaskorturinn stafi ekki af skorti á læknum í sjálfu sér, heldur sé hér um að ræða annars konar vandamál, sem hv. þm. einmitt í ræðum sínum hafa vikið ræki lega að og raunar hæstv. heilbrmrh. undirstrikaði mjög rækilega og mjög réttilega í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. Þessum upplýsingum vildi ég þó gjarnan koma á framfæri við hv. alþm., til þess að læknadeildinni og skipulagi hennar væri ekki ranglega kenndur sá skortur á héraðslæknum, sem nú á sér stað og vissulega er vandamál, sem brýna nauðsyn ber til að bæta úr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er orðið margra ára ískyggilegt vandamál að fá hið opinbera til að hlutast til um, að íbúar læknishéraðanna í dreifbýlinu búi við slík kjör, að þeir geti talið viðunandi. Slíkt hefur dregizt úr hömlu ár frá ári og því ætíð, eftir því sem árin hafa liðið, sigið meir og meir á ógæfuhlið í þessu efni. Það mun hafa verið árið 1960, að samþykkt var á Alþingi áskorun til hæstv. ríkisstj. að leggja fram till. til úrbóta í þessu efni. 1961 lagði ríkisstj. fram till. um breytingu á læknaskipunarlögunum frá 1955, sem gekk

í þá átt að bæta kjör héraðslækna í sambandi við greiðslur vegna læknisstarfa, en um hækkun á embættislaunum þeirra var ekki að ræða. Þessu frv. hæstv. ríkisstj. fylgdi svo álitsgerð og till. landlæknis varðandi málið. Lagði landlæknir þar til m. a., að greiddar yrðu launabætur til héraðslækna í nokkrum héruðum, sem næst 50% í þeim héruðum, þar sem íbúar voru færri en 600, en um 33⅓% til lækna í þeim héruðum, þar sem íbúar væru frá 600—800. Hafði landlæknir ætlazt til og gert till. um, að héraðslæknar í 16 læknishéruðum nytu á þennan hátt nokkurra launabóta, og þá fyrst og fremst ætlazt til þess, að hæstu launabæturnar féllu til þeirra héraðslækna, sem þjónuðu erfiðustu og fámennustu læknishéruðunum. Þá lagði landlæknir einnig til, að auk þessa skyldi einu sinni fyrir allt lagt til ríkisframlag til að koma upp í fámennustu læknahéruðunum nokkrum lyfjabirgðum og lækningatækjum og einfaldasta útbúnaði í lækningastofu og í íbúðir. Ekkert af þessum till. landlæknis fann þó náð fyrir augum hv. Alþ. Og mátti þó ætla, að þaðan kæmu till., sem eitthvað væri upp úr leggjandi, að þar væri um að ræða mann, þ. e. landlækninn, sem þekkti bezt, hvar skórinn kreppti, og væri líklegur til að koma með till. um einhverjar úrbætur, sem við væri litið af héraðslæknunum.

Þegar svona var komið, að þessar till. landlæknis höfðu ekki verið teknar upp í þær till., sem heilbrigðismálastjórnin lagði fyrir Alþingi, lögðum við hv. 3. þm. Norðurl. e. fram brtt. við frv. ríkisstj., þar sem tekin voru upp aðalatriðin í umbótatill. landlæknis. Var þar fyrst á blaði 50% staðaruppbót eða launabót til lækna í fámennustu læknishéruðunum og enn fremur, að betur yrði búið að héraðslæknunum í sambandi við ýmis hlunnindi eða friðindi, eins og um lyfjaforða og annað það, sem landlæknir hafði hreyft að æskilegt væri, að tekið væri til greina vegna læknishéraðanna.

Eftir verulegt þóf hér á hv. Alþingi um málið fékkst nokkur leiðrétting í sambandi við lækningatæki og umbúnað í lækningastofum, en engin launabót eða önnur friðindi til handa héraðslæknunum.

Það er fjarri mér að halda því fram, þótt till. okkar hv. 3 þm. Norðurl. e. hefðu verið samþykktar óbreyttar, að þá hefðu þær ráðið öruggum úrslitum í sambandi við það vandamál, sem við var að stríða. En þó hefði með samþykkt þeirra komið í ljós nokkur veruleg viljayfirlýsing frá því opinbera að reyna að gera meira en frv. hæstv. ríkisstj. bar með sér til þess að mæta þeim kröfum og þörfum, sem öllum var ljóst, að væru fyrir hendi í þessu máli, því að sú afgreiðsla, sem varð í málinu, hlaut í raun og veru að auka trúleysi á, að það opinbera vildi nokkru teljandi fórna til hagsmuna fyrir erfiðustu læknishéruð dreifbýlisins.

Af fyrrgreindri álitsgerð landlæknis má ætla, að hann hafi ekki alls kostar verið ánægður með meðferð þessa læknamáls á þingi 1961—62, og kemur það fram, ef maður lítur á grg. þessa frv. Hefur landlæknir snemma á árinu 1964 skrifað hæstv. heilbrmrh. bréf og lagt fast þar að, að þetta læknavandamál yrði tekið upp að nýju og nefnd skipuð í málið til að rannsaka það betur. Og það frv. um læknaskipunarlög, sem hér liggur nú fyrir, er árangur starfa þeirrar n., sem hæstv. ráðh. skipaði í málið.

Í þessu frv. koma m. a. fram till. landlæknis frá 1961 um launabætur til dreifbýlislæknanna, svo og ýmsar aðrar réttarbætur, t. d. varðandi afleysingu í orlofi lækna, aðstoðarlán til læknastúdenta, sem vilja taka að sér héraðslæknisstörf, aðstoðarlán vegna bílakaupa héraðslækna, utanfararstyrki o. fl. Þá má nefna till. um framlag ríkisins til að greiða ákveðinni tölu hjúkrunarkvenna 2/3 launa, ef þær starfa í dreifbýlislæknishéruðunum.

Það má hiklaust segja, að allar þessar till. séu út af fyrir sig mjög þakkarverðar, svo langt sem þær ná, en hefðu þurft að vera nokkru meiri í vissum tilfellum og gjarnan mátt koma fyrr fram. En þessu frv. og þeim friðindum, sem þar eru tekin upp, fylgir böggull. Um leið og hæstv. ríkisstj. leggur til umræddar réttarbætur til handa héraðslæknum dreifbýlisins, vill hún afnema með lögum fimm verst settu útkjálkalæknishéruðin og að hlutaðeigandi sveitarfélög séu færð undir nágrannalæknishéruðin.

Heilbrigðisstjórnin með hæstv. ráðh. í fararbroddi virðist hafa gefizt upp á að leysa læknavandamálið, a. m. k. erfiðustu læknishéraðanna, og hyggst því höggva á hnútinn með því að losna framvegis við formlegar kröfur fólksins um, að það opinbera leggi til lækna eins og nú er gert ráð fyrir, og það virðist svo því miður, að okkar ágæti landlæknir hafi gefizt upp í þessu stríði og fallizt á það, að umrædd fimm læknishéruð verði lögð niður. Það má vel vera, að það sé að vonum, að þessi ágæti maður hafi að vissu marki lagt árar í bát í þessu efni, þegar þess er minnzt, að hann fékk ekki fyrir nokkrum árum fram þær óskir, sem hann taldi nauðsynlegar til þess að bæta þá aðstöðu, sem hann hafði við að stríða í sambandi við að útvega dreifbýlinu héraðslækna.

Skv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og ég sagði, gert ráð fyrir að leggja niður fimm erfiðustu útkjálkalæknishéruðin, og það lítur ekki út fyrir, að það eigi að hafa neinn hægagang á því. Það er að vísu gert ráð fyrir skv. frv., að þessi læknishéruð, sem falla þá niður, séu auglýst þrisvar sinnum, áður en þetta lagaákvæði tekur endanlegt gildi. Mér skilst, að löglegt sé að auglýsa embætti, t. d. læknishéruð, með mánaðar millibili, og ef það er rétt, þá mætti svo fara, að þessi fimm læknishéruð yrðu lögð niður einhvern tíma eftir mitt þetta ár. Og með því telur heilbrigðismálastjórnin málið „leyst“, ef maður má nota það orð, sem verður þá að vera innan gæsalappa. En fólkið í þessum héruðum situr eftir vonlaust um að fá lækni, situr eftir í vonleysi og með sárt ennið.

Ég tel, að ef svo illa fer, að fækkun lækn-is-

héraðanna verði samþykkt, þá mætti vænta þess, að svona yrði ekki haft hratt á um að lögfesta læknishéraðafækkunina, og mætti ekki minna vera en að þau fríðindi, sem nú eru loks boðin fram í þessu efni, fengju að sýna sig einhver ár, áður en úrskurðað væri, að vonlaust gæti talizt, að þau kæmu að notum í hlutaðeigandi læknishéraði.

Ég fyrir mitt leyti fordæmi alveg þessa till. um fækkun læknishéraðanna og það sjónarmið, sem á bak við býr. Í stað þess tel ég, að það hefði verið skylt að auka laun og fríðindi til þessara læknishéraða, sem erfiðasta aðstöðu eiga, t. d. að staðaruppbót lækna í umræddum fimm læknishéruðum væri boðin fram sem 100% af þeim lögboðnu almennu launum lækna og að varðandi lyfjaforða, læknisáhöld og annað slíkt, sem gæti auðveldað búsetu læknis á hlutaðeigandi stöðum, þá væri einu sinni fyrir allt a. m. k. lagt fram sem svaraði 100% af nauðsynlegum hlutum í því efni. Og ef slík till. væri lögfest, að launin væru helmingi hærri en í almennari og auðveldari læknishéruðum og annað fleira gert til þess að laða lækni að, og ef slík tilraun bæri ekki árangur eftir einhver ár, mætti segja, að það væri frekar réttlætandi að koma þá með till. um að leggja eitthvað af þessum útkjálkalæknishéruðum niður. Það mætti segja, að það opinbera hefði þá sýnt nokkra og raunar verulega viðleitni til þess að bæta úr í þessu efni.

Þetta læknafrv. gerir m. a. ráð fyrir að leggja fram nokkurt fé til að hjálpa dreifbýlislæknishéruðunum til að halda hjúkrunarkonur. Um leið og ég vil ákveðið leggja til, að atriðin um að fella niður viss læknishéruð verði numin úr frv., þá vil ég leggja það til, að t. d. þessi fimm erfiðustu læknishéruð fái framlag að fullu frá ríkinu til þess að launa hjúkrunarkonu á tilteknum stöðum í læknishéruðunum, meðan enginn héraðslæknir hefur fengizt.

Það hafa undir þessum umr. komið fram harðvítug mótmæli gegn niðurskurði á læknishéruðunum, t. d. mótmæli frá tveimur hv. þm. Vestfjarðakjördæmis, og þeir bentu á þau vandkvæði, sem væru til staðar á þeim landssvæðum, sem hlutaðeigandi læknishéruð eru. Ég vil bæta við umsögn um eitt af þessum fimm læknishéruðum, þar sem ég er vel kunnugur, það er Bakkagerði í Norður-Múlasýslu. Það er lagt til, að það verði eitt af þeim læknishéruðum, sem á að leggja niður með þeim hætti, sem frv. ber með sér. En þar eru aðstæður þannig, að í venjulegu árferði er billeiðin opin 4—5 mánuði ársins þaðan að Egilsstöðum, sem íbúar Borgarfjarðarhrepps eiga að sækja lækni til. Aðra árstíma má gera ráð fyrir, að læknar komist ekki yfir fjöllin af Fljótsdalshéraði til Borgarfjarðar nema fótgangandi, og þá er í snjóum stundum lífshætta vegna snjóflóða að fara um skriður, sem leiðin liggur um. Sjóleiðin kemur þá ekki heldur til greina og ekki heldur sú litla aðstaða, sem um er að ræða í Borgarfirði í sambandi við sjúkraflug. Ég mótmæli því ákveðið og algerlega fyrir hönd íbúa Borgarfjarðarlæknishéraðs, að það hérað sé nú afnumið með lögum. Það eru mörg ár síðan það læknishérað ásamt öðrum slíkum í dreifbýlinu var stofnað og þá viðurkennd sú mikla nauðsyn, að læknir væri þar til staðar. Slík nauðsyn hefur auðvitað aukizt og margfaldazt með tilkomu vélvæðingar undanfarinna ára, vélvæðingar, sem jafnvel hefur náð til útkjálkahéraðanna, svo sem til Borgarfjarðar, því að þar er nú bæði frystihús og síldarmjölsverksmiðja, og af slíkri starfsemi stafar auðvitað stórhætta á lífi og limum, og í fásinninu þar hafa slík slys orðið eins og víða annars staðar, og öryggisleysið í þeim tilfellum hefur aukið ótta fólksins að búa við þær aðstæður að hafa ekki til læknis að leita, hvað sem út af ber, nema eftir langri og torsóttri leið.

Er afsakanlegt að afnema nú með lögum alla von fólksins um, að þjóðfélagið vilji gera eitthvað til þess að bæta úr þessu ástandi? Ég segi nei.

Þetta máli gæti gefið tilefni til að tala um áhuga og vilja stjórnarvaldanna að vinna að jafnvægi í byggð landsins og að afstýra því, að fleira fólk í dreifbýlinu en orðið er gefist upp á að lifa áfram og starfa í sínum heimabyggðum. Inn á þau mál skal ég þó ekki fara. En ég leyfi mér að benda hæstv. ríkisstj. á, að í viðbót við allar heilbrigðar og eðlilegar kröfur dreifbýlisfólksins um tryggari lífsafkomu en nú á sér stað er þó frumkrafa hvers manns sú, að þeir búi við viðunandi lífsöryggi, ekki síður í dreifbýlinu en annars staðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ræddi nokkuð um frv. það til læknaskipunarlaga, sem hér er til umr., við upphaf umr. og gerði það á þann hátt, að ég viðurkenndi fyllilega hæfni þeirra manna, sem hæstv. ráðh. hefði til þess valið að endurskoða þessa löggjöf. Ég viðurkenndi einnig, að ýmis ákvæði væru í þessu frv., sem væru til bóta. Þó að það kunni að hafa farið fram hjá einhverjum hv. þm., gerði ég það nú samt. En hins vegar gagnrýndi ég harðlega þau ákvæði þessa frv., sem miða þvert ofan í það, sem sagður er tilgangur með þessu frv., að bæta læknisþjónustu í dreifbýlinu. Það var sagður tilgangurinn. En þau atriði gagnrýndi ég, sem eru um það að leggja niður fimm læknishéruð, sem hafa verið ákveðin í gildandi lögum, leggja þau niður með lögum, þ. e. a. s. Flateyjarhérað á Breiðafirði, Suðureyrarhérað í Súgandafirði, Djúpavíkurhérað, þ. e. a. s. í Árneshreppi, og Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað. Þetta eru héruðin, sem eiga að leggjast niður með lögum.

Þetta getur á engan hátt þjónað tilgangi frv., að bæta læknisþjónustuna í dreifbýlinu. Eða hver getur bent á það, að læknisþjónustunni sé betur borgið með því að leggja þessi læknishéruð niður? Það hafa komið fyrir tímar, þegar ekki hafa fengizt læknar í þessi héruð, en stundum aftur fengizt þangað læknar, og þá hefur þjónustunni verið hagað þannig, að nágrannalæknir skyldi þjóna þessu lækn-is-

lausa héraði. Læknisþjónustan verður vitanlega engu betri, þó að það sé embættisskylda læknisins í nágrannahéraðinu að gegna hinu læknislausa héraði, sem þá er orðinn hluti af héraði. Það situr nákvæmlega við það sama. Og þá þarf vitanlega að gæta að því, hvort landfræðilegar aðstæður eru þannig, að hægt sé að koma forsvaranlegri læknisþjónustu við frá nágrannahéraði. Það var það, sem ég undirstrikaði sérstaklega, að væri torvelt í öllum þessum tilfellum, að því er snertir hin þrjú læknishéruð, sem leggja á niður í Vestfjarðakjördæmi.

Það er Flateyjarhreppur á Breiðafirði, hann hefur ekki góðar samgöngur við land, og þess vegna er full ástæða til þess, að það sé lögheimilað læknishérað, jafnvel fyrir það fáa fólk, sem þar býr, vegna þess að það býr við erfið samgönguskilyrði. Það er meira að segja tekinn af þessu fólki sá lagalegi réttur, sem það hefur til þessa haft til að fá þjónustu frá Reykhólahéraði. Það á ekki að eiga þess kost. Það á bara að verða að sækja suður yfir allan Breiðafjörð til Stykkishólmslæknis. Þannig er gagnstætt tilgangi frv. verið að rýra núgildandi lagalegan rétt fólksins í Flateyjarhreppi.

Að því er Djúpavíkurhérað snertir eða áður Árneshérað, held ég, að það lægi ekki svo mikið á að leggja það læknishérað niður með l., að það mætti ekki bíða eftir því, að Árneshreppur kæmist í akvegasamband við Hólmavík, en frá Hólmavík á að þjóna þessu læknishéraði. Það mætti a. m. k. bíða að leggja læknishéraðið niður, þangað til akvegasamband væri komið milli Árneshrepps og Hólmavíkur, hvað ekki er enn þá.

Og Suðureyrarhérað, um það vita nú allir a. m. k. nema hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, hann virðist ekki hafa neina hugmynd enn þá, þrátt fyrir þær umr., sem hér hafa átt sér stað, um það, hvernig landfræðileg staða Súgandafjarðar sé. En hún er þannig, að staðurinn er umluktur fjöllum. Þar eru mjög ógreiðar samgöngur yfir þann fjallgarð frá Flateyri til Suðureyrar að vetrarlagi, vetrarmánuðina, og sjóleiðin oft og tíðum ekki greiðfær, þótt þarna sé aðeins á milli nágrannafjarða. Ég vík að því síðar. Um Bakkagerðishérað hefur verið rætt af staðkunnugum manni, hv. 2. þm. Austf., Halldóri Ásgrímssyni. Skal ég engu við það bæta. En auðséð er, að þar stendur mjög svipað á og um Súgandafjörð og sízt betur, ef það rétt, að akvegasambandið til Egilsstaða, sem á nú að verða miðstöð læknisins, sem þar á að þjóna, er ekki nema 4 mánuði á ári og svo sjóleiðin torveld oft og tíðum.

Raufarhafnarhérað ber ég nokkur kennsl á, hvernig aðstaðan er þar, en það á nú að leggja niður. Það var stofnað fyrir nokkrum árum, þegar auðsætt var, að Raufarhöfn var í örum vexti og gífurlegt fjölmenni þar saman komið við alláhættusaman atvinnurekstur á sumrin. Þar er búið að byggja upp læknisbústað og sjúkraskýli, en nú á að leggja það niður. Þetta kalla ég hálfgerðan hringlandahátt. En mér er nú sagt, að íbúðum Raufarhafnar hafi orðið allmikið um, rétt eins og þeim Súgfirðingum, þegar þeir fréttu af því stjórnarfrv., sem færi fram á að leggja þarna læknishéraðið niður. Það má kannske segja, að það sé ekki torveldur fjallgarður milli Kópaskers og Raufarhafnar, en það er 55 km vegalengd. Síminn er opinn 6 klst. á sólarhring milli þessara staða. Og mér er tjáð, að í þremur stórslysum, sem hafi átt sér stað núna á síðustu árum, hafi ekki náðst í lækni frá Kópaskeri gegnum síma, og það varð því að fara, þrátt fyrir að illviðrasamt væri og vegur torfær, þá varð að fara eftir lækninum til Kópaskers. Það er 110 km vegalengd fram og aftur, eins og menn sjá, og í tveimur tilfellum kom læknirinn nógu snemma, en í þriðja tilfellinu var um banaslys að ræða, maðurinn var dáinn, þegar læknirinn kom. Ég undrast það, ef nokkur hv. þm. getur verið algerlega skilningslaus á aðstöðu þessa fólks, og undrast ekki að það heyrist óánægjuraddir úr öllum þessum héruðum, að það eigi að leggja þau niður með lögum.

Hv. 2. þm. Norðurl. v., séra Gunnar Gíslason, sagðist vera alveg hissa á ræðum okkar hv. 3. þm. Vestf. við upphaf umr. Hvað gerðum við? Við viðurkenndum það, sem til bóta er í frv., en andmæltum mjög ákveðið þessum ákvæðum um að leggja læknishéruðin niður. Hann sagði þó, hv. þm., að illt sé að vera vegalaus, verra að vera læknislaus. Það var nú einmitt það, sem við snerumst öndverðir gegn. En hvað segir hann um þau héruð, sem eru bæði vegalaus og læknislaus? Það hygg ég, að við yrðum þá sammála um, að verst væri að vera bæði læknislaus og vegalaus. Það eru þeir í Flateyjarhreppi á Breiðafirði að heita má. Það eru þeir hálft árið í Súgandafirði. Það eru þeir einnig í Bakkagerðishéraði. Og það eru ærnar torfærur á milli Kópaskers og Raufarhafnar, það hefur reynslan sýnt. Og samt getur hann verið hissa á ræðum okkar um þetta mál.

Ég held, að það sé óverjandi með öllu að leggja þessi læknishéruð niður, jafnvel Flateyjarlæknishérað. Það á ekki að leggja það niður með lögum. Hvað vinnst við það? Er það fjárhagslegur ávinningur? Nei, ekki einu sinni það. Þó að væri nú verið að líta á krónurnar og tilgangurinn að spara þær, er það ekki. Í 6. gr. frv. segir nefnilega, að Reykhólahérað, Hólmavíkurhérað, Flateyrarhérað og Kópaskershérað eigi öll að vera með hálfum öðrum læknislaunum. Eftir breytinguna verður þess vegna greitt nákvæmlega sama fé fyrir þjónustu í þessum tveimur héruðum og nú er gert að óbreyttum lögum. Nú eru greidd hálf önnur læknislaun, þegar nágrannahéraði er þjónað. Það er ekki einu sinni fjárhagslegur ávinningur að þessu. Það er ekkert verið að spara fé ríkisins með þessu? Og hverju er þá verið að þjóna? Engin betri læknisþjónusta er tryggð, það sér hver heilvita maður, með því að leggja læknishéruðin niður.

Það var þessi gagnrýni, sem ég og hv. 3. þm. Vestf. höfðum hér uppi við upphaf þess-

arar umr., og brá þá svo við, að hæstv. heilbrmrh. þaut upp ofsareiður, vildi ekki hafa svona undirtektir undir þetta merka mál, og missti stjórn á sér, jós yfir okkur fúkyrðum, sérstaklega mig. Ég kveinka mér ekki við slíkt. En hitt þótti mér miður sæmandi, að hann jós niðrandi orðum og fúkyrðum yfir hreppstjórann í Suðureyrarhreppi, Sturlu Jónsson, alsaklausan, sem aðeins hafði látið þau boð berast hingað, að honum og íbúum Suðureyrarþorps litist ekki á blikuna við það, að leggja ætti læknishéraðið þeirra niður. Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta. Það er gleymt af minni hendi a. m. k., og hæstv. heilbrmrh. þar að auki fjarverandi í dag.

Súgfirðingar höfðu um áratugi búið við það, að Suðureyri væri hluti af Flateyrarlæknishéraði. Og þeir höfðu fengið læknisþjónustu þaðan, eins og unnt var að veita hana, og það var þeim löngu ljóst, að það var alls ófullnægjandi. Þeir sóttu það mjög fast, að Suðureyri yrði gerð að læknishéraði, og það var gert 1958. Meðan þeir voru hluti af Flateyrarhéraði, voru þeir svo heppnir um áratugi, að það var einstæð kona í Suðureyrarþorpi, sem var vel að sér í ýmiss konar læknisfræðilegum efnum, og var hún trúnaðarmaður Flateyrarlæknis og hafði umboð frá honum til þess að veita margs konar minni háttar læknisaðstoð á Suðureyri. Þetta var Súgfirðingum til mikils öryggis. En svo féll hún frá, og þá versnaði þeirra aðstaða verulega. Þegar heiðarnar voru lokaðar, urðu Súgfirðingar, hinir vösku sjómenn Súgandafjarðar, að sækja lækni á sjó. Það gekk oft slysalaust og vel. En hreppstjórinn á Suðureyri, hreppstjóri Súgandafjarðar, Sturla Jónsson, minnist þess líka, að Súgfirðingar urðu tvívegis að sjá á bak þeim mönnum, sem fóru upp á líf og dauða til að sækja lækni til Flateyrar eða Ísafjarðar, og hér fær hann svo glósur um það, að þessi hreppstjóri ætti að hugsa betur viðvíkjandi þessu máli, og það frá hæstv. ráðh. Nei, Súgfirðingar vita vel, hvers virði þeim er að hafa lækni í þorpinu. Þeir fengu þegar í stað lækni, þegar læknishéraðið hafði verið stofnað, góðan lækni, sem féll þeim vel í geð og undi þar vel í ein 5 ár. Þeir sýndu ekki tómlæti sínum lækni. Þeir sáu honum þegar í stað fyrir fyrsta flokks íbúð, rýmdu ágæta íbúð í kauptúninu, en áður en ár var liðið, voru þeir búnir að koma upp fullkomnasta og bezta læknisbústað og sjúkraskýli, sem er til á Vestfjörðum. Og svo ætti nú að svara þeim með því að leggja læknishéraðið niður. Ég held, að það væri algerlega rangt og a. m. k. algerlega ómaklegt, þegar héraðsbúar hafa snúizt svo við sem Súgfirðingar hafa gert.

Menn segja, að það séu ekki fyrst og fremst launamálin, sem hér sé um að ræða, sem valdi læknaleysinu í dreifbýlinu. Ég held, að launamálin séu þar mjög ríkur þáttur í. Þess vegna er ég síður en svo andvígur ákvæðunum um þessar staðaruppbætur, sem hér er lagt til að upp verði teknar í nokkrum læknishéruðum í þessu frv. Ég tel það vera fullkominnar tilraunar vert, hvort það ráði ekki bót á, og undirstrika það enn, að ég sé enga ástæðu til þess að leggja læknishéraðið niður með lögum, fyrr en reynsla er fengin af því, hvernig gefast þær ráðstafanir, sem í þessu frv. eru og miða að því að reyna að tryggja lækna í héruðin. Ég sé ekki, að það liggi neitt á að leggja þau niður með lögum, fyrr en reynslan er fengin.

Af hverju er það, að 80—90 íslenzkir læknar eru í Svíþjóð við framhaldsnám eða störf? Það er í mörgum tilfellum af því, að launakjör lækna á Íslandi eru ekki sambærileg við laun lækna í Svíþjóð, alveg óefað. Og ég held, hvort sem okkur er það ljúft eða leitt, að íslenzk stjórnarvöld verði að gera sér það ljóst, að vissar sérfræðingastéttir a. m. k., — tilnefni ég þar sérstaklega lækna og verkfræðinga, — eru á heimsmarkaðnum. Það er sótt eftir þeim hvaðanæva að úr heiminum. Og þess vegna eigum við einskis annars úrkosta, ef við ætlum að halda læknunum hér hjá okkur að störfum, en að sníða laun þessara stétta á þann veg, að þau séu sambærileg við laun stéttarbræðra þeirra í nágrannalöndunum. Meðan við gerum það ekki, annaðhvort segjum, að við höfum ekki efni á því eða viljum það ekki, þá höldum við þeim ekki, þá eru þeir úti í löndum. Það má hver sem vill álasa þeim fyrir það að þjóna ekki heldur sínum landsmönnum fyrir eitthvað minni laun, en ég geri það ekki, ég tek ekki undir með þeim kór. Ég veit ekkert nema við sjálfir mundum haga okkur alveg eins, ef við værum í þeirra sporum. Það er líka auðséð á þeim mætu mönnum, sem stóðu að endurskoðun löggjafarinnar og eru höfundar þessa frv., að þeir telja, að staðaruppbæturnar séu reynandi til þess að fá lækna í þessi héruð, og þar með viðurkenna þeir, að það sé tvímælalaust launaspursmálið, sem hafi þýðingu að því er það varðar, hvernig okkur auðnast að leysa þessi mál. Ég álít, að misstig þeirra sé það að hafa farið af stað með till. um að leggja læknishéruðin niður, fyrr en reynsla væri fengin af því, hvort þessi bættu kjör dreifbýlislæknanna orkuðu ekki í þá átt, að þeir fengjust út í dreifbýlið. Og ég á nú eftir að sjá það, að þm. almennt fallist ekki á að fresta þessum ákvæðum um að leggja fimm læknishéruð niður. Fólkið hefur þegar sagt til sín og mun enn þá ákveðnar segja til sín og láta í ljós andúð sína á því, að það væri gert, og það verða þá að koma fram einhver sterk rök, sem enn eru ekki komin fram, sem réttlæti það, að að því sé flanað einmitt nú að leggja læknishéruðin niður, 3 á Vestfjörðum og 2 á Norðausturlandi.

Hv. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, lýsti sig eindregið andvígan þessu áðan, eins og við aðrir Vestfjarðaþm., að læknishéruðin, sem hér um ræðir, sérstaklega Suðureyrarhérað, yrðu lögð niður. Og hv. 2. landsk. þm., Birgir Finnsson, vék að því líka, að hann felldi sig illa við, að Suðureyrarhérað yrði lagt niður. En þó heyrðist mér á honum, að hann teldi það nægilegt að auglýsa læknishéraðið þrisvar og

svo mætti það fara, svo mætti leggja það niður. Ég bendi nú til þess, sem er upplýst í grg. frv., að það eru ein 16 læknishéruð, sem hafa verið auglýst hvað eftir annað og gengið mjög illa að fá í þau lækna, þó að þau séu mannfleiri en þessi, sem hér er um að ræða. Ég held því, að það að ákveða með lögum, að það sé heimilt að leggja þau niður, þegar búið sé að auglýsa þau þrisvar, sé nokkurs konar Pílatusarþvottur og hefði ekki mikla þýðingu aðra en þá, að því yrði frestað að leggja þau niður, þangað til búið væri að auglýsa í þriðja sinn. En ég held, að það sé miklu alvarlegri hlutur, sem hefur gerzt með því að leggja læknishérað niður með lögum, heldur en það, að það eigi að afgerast með þremur auglýsingum, þegar menn vita, að læknaskortur er svo mikill, að litlar líkur eru til, að þessar þrjár auglýsingar beri árangur.

Ég tel, að það eigi raunar ekki að leggja neitt af þessum læknishéruðum niður og sízt af öllu Suðureyrarlæknishéraði, bæði sökum aðstöðu staðarins, þess, að plássið er í örum vexti, þar eru um 600 manns að staðaldri að vetrinum, einmitt þegar plássið er hvað mest einangrað, og Súgfirðingar hafa sýnt það í verki, að þeir hafa gert allt, sem þeim var skylt, og mun meira til þess að búa vel að lækni og þannig undirstrikað það, að þeir telja sig ekki án læknis mega vera.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta. En ég vil, að það sé skýrt, að ég tel það tilræði við hin fámennu læknishéruð að leggja þau niður með lögum og það sé algerlega ótímabært nú. Hverjum sem vill má finnast þetta undarleg afstaða, en þetta er mín afstaða. Hinu mótmæli ég, að ég hafi haft nokkur óþingleg ummæli um hæstv. ráðh. í minni fyrri ræðu, og tel því, að hann hafi rokið upp á nef sér að tilefnislausu.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sökum þess að hæstv. dóms- og heilbrmrh. er fjarverandi að embættisstörfum, þykir mér hlýða að segja nokkur orð, ekki sízt vegna ummæla hv. 2. þm. Austf. En ég vil taka það fram út af ummælum hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vestf., að við, sem hlýddum á umr. hér á dögunum, erum honum kannske ekki alveg sammála um, hver það hafi verið, sem fyrstur hljóp upp á nef sér í þessu máli.

Út af fyrir sig hygg ég, að menn séu ekki svo mjög ósammála rökum hv. 5. þm. Vestf. í þessu máli, einkanlega varðandi læknissetur á Suðureyri, heldur hafi það frekar verið sá háttur, sem hann setti aths. sínar fram með og raunar einnig hv. 3. þm. Vestf., sem gerði það, að mönnum geðjaðist ekki fyllilega að þeirra málflutningi. En ég hef ekki heyrt neinn halda því fram hér, að þau rök, sem þeir hafa flutt fyrir því, að varhugavert sé að leggja niður læknissetur á Suðureyri, fái út af fyrir sig ekki staðizt. En það er aðalatriðið í þessum málflutningi. Hitt er í raun og veru, að því er mér hefur skilizt, aukaatriði.

En hv. 2. þm. Austf., sem hér talaði, gaf fyllilega í skyn, að það væri af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar, ráðh. eða landlæknis eða þeirra í milli og milli þeirrar nefndar, sem samið hefur þetta frv., meiri og minni klofningur. Hv. þm. sagði þetta ekki berum orðum, en það var erfitt að skilja ummæli hans á annan veg. Og eins gerði hann mjög mikið úr því, að vandræði hefðu aukizt, af því að menn hefðu ekki orðið við till. landlæknis, sem hann og hv. 3. þm. Norðurl. e. hefðu tekið upp á þinginu 1961 og 1962. Af því tilefni vil ég taka fram, að það hafa orðið æðimiklar sveiflur á læknisskortinum á þessu tímabili. Ég gegndi embætti heilbrmrh. árið 1962 og lengst af árið 1963, og á því tímabili var um stund svo ástatt, að það varð að stytta læknisskyldu kandidata, af því að ekki var hægt að benda þeim á viðhlítandi héruð úti á landi til þess að leysa þessa skyldu af hendi. Ég hef nú ekki staðreynt það á ný, en ég hygg, að það hafi að vísu ekki þótt fært að skipa þeim að fara í allra fámennustu héruðin, eins og Flateyjarhérað og héraðið norður á Ströndum, þau héruð, sem menn höfðu ekki fengizt í áratugum saman. En þar fyrir utan og í heild var ástandið á þessu tímabili lengst af svo, að það var ekki almennur læknaskortur úti á landi. Það kann að hafa verið erfitt að fá menn til þess að gegna embættunum til frambúðar, en það var hægt að fá menn til þess að gegna embættunum með því að halda fast við kandidatsskylduna, og það var ekki hægt að sjá þeim fyrir störfum, og þess vegna varð að stytta þessa starfsskyldu. Hins vegar hefur ástandið svo versnað á ný, og þess vegna er þessi löggjöf fram komin. Og til þess að leiðrétta allan misskilning, sem auðvelt var að leiða af orðum hv. 2. þm. Austf., þótt ég hyggi, að hann hafi ekki berum orðum sagt það, er rétt, að það sé alveg ljóst, að frv., eins og það nú er með till. um læknafækkun, er frá n. í heild, en sá böggull er ekki sérstaklega ofan á lagður af ríkisstj. eða heilbrigðisstjórninni, enda kom það alveg glögglega fram hjá hv. 5. þm. Vestf., að hann gerði sér þetta ljóst.

Nú finnst mér, að menn geri allt of mikið úr þessu atriði varðandi læknafækkunina. Það er að vísu svo, að því er mér skilst, — þeir leiðrétti, sem betur vita, ef ég misskil, — að tvö héruð á til fulls að leggja niður samkv. þessu frv., en það eru einungis tvö, en þrjú eru aðeins lögð niður með fyrirvara. Það eru Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað, og þau á ekki að leggja niður, fyrr en þau hafa verið auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem ræðir um í 6. gr., þ. e. a. s. með 1½ launum, að því er mér skilst, og það er algerlega heimildarlaust að álykta eins og 2. þm. Austf. gerði, að þessum auglýsingum yrði hraðað svo, að það yrði auglýst þegar í stað, þannig að öll héruðin yrðu lögð niður upp úr miðju þessu ári, ef þetta frv. fengi sæmilega greiðan framgang. Hitt er miklu nær

sanni og mundi undir öllum kringumstæðum verða lágmark þess tíma, sem hér kemur til greina, sem hv. 2. landsk. þm. sagði, þegar hann miðaði við heilt ár í þessu sambandi. Og vitanlega mundi verða hafður meiri hægagangur á, ef menn hefðu nokkra trú á því, að þessar auglýsingar bæru árangur vegna þeirra bættu kjara, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það verður með þetta lagaákvæði eins og önnur að gera ráð fyrir því, að það séu góðir og skynsamir menn, hvað sem pólitískum ágreiningi líður, sem með valdið fari, menn, sem vilja leysa þann vanda, sem vissulega er verið að reyna að leysa með þessu frv. og þeir, sem andmælum hafa haldið hér uppi, játa, að meginstefna frv. sé einmitt að reyna að leysa. Það er því með öllu ástæðulaust og verður að mótmæla því eindregið, að þessu ákvæði yrði framfylgt með þeim hætti, að það yrði í raun og veru einskis virði. Hitt get ég svo ósköp vel fallizt á, að með hliðsjón af þessu og öðrum ákvæðum, sem ég mun minnast á hér á eftir, sé það í raun og veru algert aukaatriði í þessu frv., hvort þessi læknishéruð verði nú þegar með ákvæðum þessa frv. með öllum þeim skilyrðum, sem sett eru, lögð niður eða heimilt að halda þeim um óákveðinn tíma. Ég sé ekki, að það skipti efnislega í raun og veru nokkru, og þess vegna finnst mér hér að langsamlega mestu leyti deilt um keisarans skegg. Og ég vil minna á, að í 7. gr. frv. er berum orðum tekið fram, og það er full ástæða til að benda á það vegna ummæla bæði hv. 5. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Austf., — það er berum orðum tekið fram í 7. gr., auk mjög víðtækrar heimildar, sem þar er veitt til þess að ráða 7 aðstoðarlækna héraðslækna, og það mundi einnig koma þessum héruðum til góðs, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess skal heimilt að ráða aðstoðarlækni skemmri eða lengri tíma á tímabilinu frá 1. okt. til 31. maí á ári hverju í Flateyrarhéraði til að sitja á Suðureyri og í Norður-Egilsstaðahéraði til að sitja á Bakkagerði, enn fremur er heimilt að ráða aðstoðarlækni 4 mánuði á ári í Kópaskershéraði til þess að sitja á Raufarhöfn, enda hafi þessi héruð ekki verið skipuð samkv. 1. tölulið ákvæða laga þessara til bráðabirgða."

Samkv. þessu ákvæði er í raun og veru ætlazt til þess, að það verði sérstakur læknir að vetrarlagi eftir sem áður, ef hann með nokkru móti fæst, á Suðureyri og í Bakkafirði og að sumarlagi, þegar mest er um að vera, á Raufarhöfn. Og ég verð að spyrja, eins og ég sé á hv. 5. þm. Vestf. að hann ætlar: Því er þá verið að gera ráðstafanir til þess að leggja héruðin niður? Ég tek undir það, að mér sýnist, að menn séu hér að deila algerlega um keisarans skegg. (Gripið fram í.) Ef á að halda héruðunum óbreyttum, þarf sérstaka lagaheimild til þess að ráða þessa menn sem aðstoðarlækna annarra héraðslækna. Ég vek athygli á því, að ekki dugir það eitt að halda héruðunum óbreyttum, ef síðan fæst enginn maður í héruðin. Það þarf sérstaka lagaheimild til þess að ráða handa héraðslæknum, sem eru settir til þess að gegna þessum héruðum, aðstoðarlækna, sem eiga að vera staðsettir með þeim hætti, sem í 2. mgr. 7. gr. er ráðgert. Ég hygg, án þess að ég viti það gerla, að einmitt sú ástæðan til þess, að þessi ákvæði hafa verið sett inn um niðurlagningu héraðanna, frekar en þar ráði í sjálfu sér efnisástæður svo ýkjamiklu. En ég vil þó benda á, að í grg. frv., og hún er ekki samin af landlækni einum og enn síður heilbrmrh., heldur skilst mér, að hana hafi samið eða samþykkt landlæknir, skólayfirlæknir, yfirlæknirinn Óskar Þórðarson, formaður Læknafélags Íslands, ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, Jón Thors fulltrúi í dóms- og kirkjumrn. og Kristinn Stefánsson prófessor, — þeir segja hér á síðu 11 í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Flateyjarhérað, Djúpavíkurhérað og Bakkagerðishérað eru nú orðin svo fámenn, að ekki er til þess að hugsa, að læknir fáist þangað framar, og hefur þeim undanfarin ár verið gegnt gegn hálfum launum af læknum þeirra héraða, sem nú er lagt til, að þau verði sameinuð." Svo vek ég sérstaklega athygli á næstu setningu: „Við skiptingu Kópaskershéraðs í Kópaskers- og Raufarhafnarhérað urðu bæði héruðin óútgengileg, enda hefur enginn læknir fengizt til að gegna þeim undanfarin ár nema báðum í senn, og hafa læknarnir ekki talið vandkvæði á þeirri þjónustu. Ekki virðast heldur líkur til, að læknir fáist til að sitja á Suðureyri, sem hefur verið læknislaus um hríð. Hins vegar geta samgöngur við Flateyri verið örðugar í óveðrum á vetrum, þegar aðeins verður komizt á sjó, þó að sjóleið sé stutt. Rétt þykir, að þremur þessara staða, þ. e. Suðureyri, Raufarhöfn og Bakkagerði, verði veitt heimild fyrir sérstakri læknisþjónustu um tíma á ári hverju, bæði vegna aukins mannfjölda á vertíð og einangrunar staðanna (Suðureyrar og Bakkagerðis)."

Þarna er tekið tillit til og rætt um þau atriði, sem menn hafa hér sérstaklega verið að deila á, og það er ekki hægt að neita því, að það eru vissar röksemdir, sem þarna eru fram færðar, ef það er rétt, sem þessir lærðu menn, sem um þessi mál hafa fjallað sökum embættis og þekkingar, fullyrða, að í hin smáu læknishéruð hafi menn ekki fengizt, eftir að þau voru gerð smá, en menn fáist í eitt stórt hérað. Þeir, sem vilja fólkinu í strjálbýlinu vel, í þessum smáu héruðum, þeir eiga að einbeita sér að því að hnekkja þessari fullyrðingu, þessari röksemd, sem þarna er sett fram, frekar en að vera með skens til stjórnarinnar, eins og sérstaklega hv. 2. þm. Austf. var með, eða fullyrðingar að öðru leyti um það, að menn hafi ekki munað eftir því, að þessi héruð væru innilokuð, eins og báðir hv. þm. Vestf., sem töluðu hér s. l. fimmtudag, lögðu einkanlega ríka áherzlu á.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, þegar hann vitnaði til þess, sem gerzt hefði í Noregi, þá vil ég, — ég geri ekki lítið úr því fordæmi og það er vissulega mikilsvert

fordæmi, — en þá er nauðsynlegt fyrir okkur til lærdóms, að við áttum okkur á því, hvað við getum af því lært, að heyra, hvað voru margir menn í þessu héraði í Noregi, sem reyndist svo erfitt að fá lækni til. Sagan er í raun og veru alveg gagnslaus, ef þetta fylgir ekki með. En hún er þó lærdómsrík fyrir okkur, vegna þess að hún sýnir, að það er ekki nóg að beina aðfinningum eða ádeilum að ríkisstj., heilbrigðisstjórn eða Alþingi í þessum sökum. Það verður líka að vekja almenningsálitið, að láta það leggja sinn þunga á læknana, að gera þeim ljóst, að þeir hafi skyldum að gegna í þessu efni, og það er einmitt það, sem mér skilst að hafi verið gert í Noregi, ef ég skildi sögu hv. 2. þm. Vestf. rétt.

Ég vil ekki fallast á það með hv. 5. þm. Vestf., að við eigum að segja skilyrðislaust, að við séum samþykkir afstöðu lækna, sem neita að starfa hér, vegna þess að þeir fái hærra kaup í Svíþjóð en á Íslandi. Við skulum í fyrsta lagi muna það, að þetta læknisleysi er auðvitað ekki eingöngu á Íslandi. Skyldi það ekki vera svo, að íslenzku læknarnir fái störf vel launuð í Svíþjóð vegna þess, að þar sé læknisleysi líka á hinum afskekktari stöðum a. m. k.? Hitt veit ég með vissu, og það var vitnað í það hér áðan, að í Stóra-Bretlandi er ástandið þannig, að þar er mjög erfitt að fá lækna viðs vegar í landinu, og læknar þar sækja einkanlega vegna framhaldsnáms til Bandaríkjanna, og síðan ílendast þeir í Bandaríkjunum vegna læknaskorts þar, en Stóra-Bretland bjargast að mestu vegna þess, að ýmsir koma úr samveldinu til náms um skemmri eða lengri tíma og ílendast eitthvað í Bretlandi, áður en þeir hverfa heim til sín, sumir e. t. v. ílendast þar fyrir fullt og allt, þá sennilega líka vegna þess, að eins og Bandaríkjamenn borga Bretum betur en Bretar, þá borga Bretar betur en samveldislöndin. Svíar í sínum læknaskorti borga betur en við. En þegar talað er um þau laun, sem menn fá, þá verður að miða við það þjóðfélag, sem mennirnir lifa í, og hvort þeir fá í raun og veru betri afkomu, svo að við tölum ekki um lífshamingju, með því að hverfa í annarlegt þjóðfélag, þar sem allt aðrar kröfur eru gerðar og kostnaður margvíslega meiri og með öðrum hætti en við þekkjum til. Þetta er í raun og veru með öllu ósýnt og ósannað. Áður en við förum að segja: Við mundum í sporum verkfræðinga og lækna hegða okkur eins og þeir og heimta í krónutölu sambærileg laun við það, sem þeir a. m. k. í einstökum tilfellum geta fengið í öðrum stærri og auðugri löndum, — verðum við þá ekki að fara að heimta gjöld af þessum mönnum fyrir þeirra menntun? Í Bandaríkjunum a. m. k., þangað sem sumir þeirra hafa farið og dansa í kringum gullkálfinn, er það þannig, að menntunin, þ. á m. háskólamenntunin, er ekki ókeypis eins og á Íslandi, og þessir menn koma með stórkostlegar skuldir á bakinu eða stórkostlegar kvaðir á sínu foreldri og ættingjum að loknu háskólanámi, sem menn á Íslandi yfirleitt nú á dögum þurfa ekki að gera. Má vissulega líta á það ekki síður en hitt. Og við erum vissulega ekki svo efnaðir, að við höfum ástæður til þess að halda hér uppi læknaskóla fyrir menn í 7—8 ár með ókeypis kennslu eða láta verkfræðingum í té í nokkur ár ókeypis kennslu og láta þá síðan hlaupa úr landi eða setja okkur stólinn fyrir dyrnar, án þess að segja fyrst við þá ungu pilta: Viljið þið skuldbinda ykkur eða taka á ykkur þær almennu þjóðfélagskvaðir, sem því fylgja, að þjóðfélagið hér heldur uppi ókeypis háskólanámi ykkur til handa, veitir ykkur ekki aðeins ókeypis kennslu, heldur stórkostlega námsstyrki, ykkur til hjálpar og heldur uppi þannig þjóðfélagi, að þið samfara ykkar námi getið kostað ykkur að mestu? Eins og ég segi, koma langflestir nú á dögum skuldlausir eða skuldlitlir frá námi, ef þeir eru einhleypir alla sína skólatíð. Að þessu leyti er Ísland nú á dögum nálega einstætt í heiminum, og þeir ungu menn, sem vilja flytjast úr landi og setjast að annars staðar, ættu vissulega að taka þetta með í reikninginn, áður en þeir ofan á þessa þeirra miklu fyrirgreiðslu, sem hefur gert þeim mögulegt að fá sitt nám, heimta af okkur ósambærileg kjör við það, sem við getum veitt öðrum okkar þjóðfélagsþegnum.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 9. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. til læknaskipunarlaga hefur verið mikið rætt hér á tveimur fundum í hv. d., og það hafa komið fram ýmsar aths. við þetta frv. frá þm. Vestf., sem ég þarf ekki að orðlengja mikið um, því að þeir hafa komið fram með rök fyrir því, sem við höfum út á þetta frv. að setja. Hins vegar vil ég taka það fram, að við, sem komum úr dreifbýlinu, hljótum í heild að fagna mjög þessu frv., því að það gerir það að verkum, að það mun verða betra að fá lækna í mörg læknishéruð, sem á mörgum undanförnum árum hafa oft og tíðum ekki haft lækna langtímum saman. En í sambandi við þá ræðu, sem 11. þm. Reykv. flutti s. l. fimmtudag, vil ég lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég tel, að þau hlunnindi, sem héraðslæknum í dreifbýlinu er gefinn kostur á með þessu frv., eigi ekki að skapa nein fordæmi fyrir aðrar stéttir að fara fram á það sama. Og ég tel, að það sé hættulegt fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að fara að bera fram slíkar kröfur í sambandi við þessi mál, því að við hljótum að verða um það sammála allir, hvar í flokki sem við erum, að læknisstarfið er í raun og veru hafið yfir öll önnur störf, og við megum sízt við því, sem erum búsett um hinar dreifðu byggðir landsins, að missa læknisþjónustuna, og þess vegna hygg ég, að það sé ekki til neins góðs að fara að setja slíkar kröfur fram, sem geta kostað þjóðfélagið stórfellda útgjaldaaukningu, og ég vænti þess, að a. m. k. flestir af sam-

flokksmönnum þessa hv. þm. séu sammála mér og þeim öðrum, sem ræddu þetta atriði málsins hér á þingfundi í gær.

Eins og eðlilegt er, vekur það alltaf nokkurt umtal, þegar leggja á niður ákveðin störf, og það er ósköp eðlilegt, að það hafi verið víða rætt á Vestfjörðum, að það eigi að leggja niður þrjú læknishéruð. En þá verðum við fyrst og fremst að gæta að því, hvernig hefur verið búið að þessum héruðum á undanförnum árum og hvernig ástandið þar er og hvort það sé þrátt fyrir þær miklu bætur, sem verða gerðar á kjörum héraðslækna, nokkur möguleiki fyrir því, að héraðslæknar sitji í þessum ákveðnu læknishéruðum.

Ég vil þá fyrst nefna Flateyjarlæknishérað, og þá vil ég vekja athygli á því, að á árinu 1943 voru 358 íbúar í Flateyjarlæknishéraði, á árinu 1960 voru þeir 137 og 1964 voru þeir 119. Frá 1960 hafa 6 menn, þar af einn læknastúdent, gegnt Reykhólahéraði, sem er næsta læknishérað, og því hefur tvívegis, samtals yfir 6 mánuði, verið gegnt af Búðardalslækni á þessu tímabili. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég tel ekki útlit fyrir, að læknishérað, sem hefur aðeins 119 íbúa, hafi möguleika á því að fá lækni í framtíðinni, þó að kjör héraðslækna verði stórbætt, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Og þá er ekki spurningin, að það sé verið að taka lækni af þessu læknishéraði, sem engan lækni hefur haft í fjöldamörg ár, heldur er það spurningin, hvernig við getum bezt tryggt læknisþjónustu slíks héraðs sem þessa, og það gerir þetta frv. með stórbættum kjörum héraðslækna, en ég vil benda á það, að ég tel miklu heppilegra, að þessu læknishéraði verði þjónað frá Reykhólahéraði en frá Stykkishólmi, bæði vegna vegalengdar og sömuleiðis vegna þess, að Reykhólalæknishérað er tiltölulega mjög fámennt hérað og því eðlilegt, að það sé stækkað að verulegu leyti til þess að gera afkomu þess manns, sem því kemur til með að gegna, sem allra bezta.

Í sambandi við Djúpavíkurlæknishérað, sem áður hét Reykjarfjarðarhérað, voru íbúar í Djúpavíkurhéraði árið 1943 535, 1960 287 og 1964 267. Það er mjög líkt ástatt með það hérað og með Flateyjarhérað, að þar hefur orðið stórfelld fólksfækkun á þessum tíma, þó að þar séu samt meira en helmingi fleiri íbúar en í Flateyjarhéraði 1964. Frá árinu 1960 hafa alls 5 læknar gegnt Hólmavíkurhéraði og þar af aðeins núverandi læknir skipaður, en hinir settir. Frá árinu 1944—1960 hafa verið settir 20 héraðslæknar í Árneshéraði, fyrstu árin framan af í nokkra mánuði í senn, einkum að sumrinu, og síðan hvað eftir annað verið settur læknir í Hólmavíkurlæknishéraði til þess að gegna Árneshéraði. Ég segi fyrir mitt leyti, að skoðun mín er sú sama og hvað viðvíkur Flateyjarlæknishéraði, að ég tel ekki möguleika á því þrátt fyrir stórfellda kjarabót að fá fastan lækni í Djúpavíkurhérað, og þess vegna hygg ég, að það heppilegasta fyrir íbúana í Djúpavíkurhéraði sé að tryggja sem bezt afkomu héraðslæknisins í Hólmavíkurhéraði og þar með skapa þeim lækni svo góðar tekjur, að menn vilji sækja um það hérað, en komi ekki nokkra mánuði í senn, eins og verið hefur nú í mörg undanfarin ár, svo sem ég gat um áðan.

Þá vil ég minnast á þriðja læknishéraðið, sem viðkemur Vestfjörðum, en það er Suðureyrarlæknishérað. Á það lít ég allt öðrum augum. Með lögunum 1955 var Suðureyrarhérað tekið í lög sem sérstakt læknishérað, og héraðið var svo auglýst laust til umsóknar 15. ágúst 1957 og til veitingar frá 1. jan. 1958, og var læknir settur í héraðið frá þeim tíma og sat sá læknir til 4. október 1963. Síðan hafa tveir læknakandidatar gegnt héraðinu um stuttan tíma, og nú í vetur hefur Flateyrarlæknir gegnt því. Suðureyrarhérað hefur algera sérstöðu. Bæði er það nokkuð stórt hérað, 1958 voru íbúar þess 409, og þar hefur orðið um 10% fjölgun íbúa síðan, og eins og getið var um hér í umr. í gær, er yfirleitt allan veturinn fjöldi af aðkomufólki á Súgandafirði, því að þarna er stór og mikil verstöð. Eins ber að taka tillit til þess, sem einnig kom fram hér í umr. í gær, að þegar þetta einangraða læknishérað varð að sjálfstæðu héraði, brá hreppsnefndin þar fljótt og vel við og byggði myndarlegan læknisbústað og sjúkraskýli, sem er með því allra bezta, sem ég hef séð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað, og meðan samgöngur við þennan stað eru ekki traustari og betri en þær eru nú, kemur að mínum dómi ekki til greina að leggja Suðureyrarlæknishérað niður eða sameina það Flateyrarlæknishéraði.

Mér barst rétt í þessu bréf frá hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, þar sem hún mótmælir þessu ákvæði í frv. til nýrra læknaskipunarlaga, sem ég hef þegar minnzt á, en í niðurlagi bréfsins segir hreppsnefndin, með leyfi forseta:

„Jafnframt því að skora á hv. Alþ. að fella niður þann lið umrædds frv., sem gerir ráð fyrir að sameina Súgandafjörð öðru læknishéraði, vill hreppsnefndin lýsa þeirri skoðun sinni, að hún telur ýmsa liði frv. stórauka möguleika til þess, að hin minni og afskekktari læknishéruð landsins verði setin í framtíðinni."

Þetta frv. kemur til með að verða til meðferðar í heilbr.- og félmn., og eiga Vestfirðingar 3 fulltrúa í þeirri n., sem allir eru á sömu skoðun um það, að Suðureyrarlæknishérað verði áfram sjálfstætt læknishérað, og ég er ekkert hræddur um það, að aðrir þm. sömuleiðis, sem hlustað hafa á þessi rök, verða á sömu skoðun og við þm. Vestf. erum og höfum lýst hér í hv. þd. Hins vegar vil ég geta þess í sambandi við þau önnur læknishéruð, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, að ég ætla ekki að ræða hvað snertir Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað. Ég hef ekki kunnugleika til þess. En ég hef hlustað á rök manna fyrir því, og að sjálfsögðu tekur n. það mál til athugunar. Hins vegar þykir mér eðlilegt, samkv. þeim ákvæðum frv., að þessi héruð, sem verða lögð niður eða sameinuð öðrum héruðum, skuli aug-

lýsa þrisvar í röð með þeim kjörum, sem ákveðin eru í 6. gr. frv., mér finnst mjög eðlilegt, að n. taki það til athugunar að setja þá nánari ákvæði um auglýsinguna, þannig að það sé ekki hægt að auglýsa þau þrisvar í röð með stuttu millibili, heldur t. d. þau séu auglýst í 3 ár einu sinni á ári, og það væri til þess að milda mjög þetta ákvæði, og mér finnst eðlilegt, að n. taki það til velviljaðrar athugunar og eins deildin.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en ég fagna í heild þessu frv. og þakka heilbrmrh. og ríkisstj. í heild fyrir að hafa lagt það fram. Þó að við höfum í þessu tilfelli gert aths., vitum við, að það er vilji fyrir því frá hendi allra að taka tillit til þeirra raka, sem fram hafa komið í þessum umr., og vænti ég þess, að þetta mál fái góða afgreiðslu hér á hv. Alþ. og allir geti mjög vel við afgreiðslu þess unað.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. vék nokkrum orðum að því, sem ég hafði sagt, í ræðu sinni hér í gær. Ég vildi segja það við hæstv. ráðh., að þegar þm. gagnrýna ákveðnar stofnanir eða embættismenn í þjóðfélaginu, er rétt, að ráðh. athugi þá hluti mjög gaumgæfilega. Þrátt fyrir það prentfrelsi, sem á að heita í okkar þjóðfélagi, er það svo, að embættismenn eru svo harðvítuglega verndaðir í hegningarlöggjöfinni, að það er ekki einu sinni hægt að segja satt um þá, án þess að lenda í sekt. Því var það, þegar hegningarlöggjöfin var samþ. hér á þingi, að ég man eftir, að Bjarni Ásgeirsson orti vísu um það:

Þó maður brigzli manni
um megnað svínarí
og allar sakir sanni,
hann sektast fyrir því.

Og hann átti við embættismenn með því. Það er þess vegna faktískt eingöngu úr þessum stól, sem hægt er að tala þannig um ákveðnar stofnanir þjóðfélagsins og embættismenn þess, að þeir verði fyrir gagnrýni, og fer maður þó venjulega mjög mildilega í það, sökum þess að þeir hafa ekki sjálfir sem slíkir aðstöðu til þess að svara á sama máta. Þess vegna er það, að þegar svo og svo margir þegnar í þjóðfélaginu eru varnarlausir gagnvart embættismönnum, verða einhverjir að vera til þess að taka málstað þeirra. Svo er það m. a. um þá ungu menn og konur, sem gjarnan vilja verða læknar. Manni finnst, að þegar menn vilja leggja það starf fyrir sig að verða læknir, eigi þjóðfélagið að hjálpa til, þá eigi þjóðfélagið að ýta undir, þá eigi þjóðfélagsstofnanirnar að gera það, sem þær geta, til þess að þeir menn, sem vilja taka svo göfugt starf að sér, geti bæði efnahagslega klofið það og það sé ekki verið að setja óþarfar þvinganir í veg fyrir það.

Hæstv. ráðh. nefndi nokkrar tölur um, hve mikið hefði verið fellt af læknisstúdentum, sem hér hefðu innritazt, tók til samanburðar, hvernig þetta væri á Norðurlöndum, sums staðar væru takmarkanir beinlínis við háskóla, sums staðar væri líka fellt allmikið. Það er engin fyrirmynd. Það er ekki til neins að vitna í Norðurlönd hvað slíkt snertir. Mér er ósköp vel kunnugt um, að Ísland stendur hvað læknatölu snertir tiltölulega vel gagnvart Norðurlöndum. En Norðurlönd eru bara engin fyrirmynd í heiminum í þessu efni, þvert á móti. Norðurlönd eru því miður allmikið aftur úr þarna, eins og þau eru framarlega á mörgum öðrum sviðum.

Það er þess vegna, að við hér á Íslandi verðum að ræða þessi mál út frá því sjónarmiði, hvað okkar þjóðfélagi hentar bezt og hvernig við getum hlutazt til um það, að hér sé betur bætt úr neyð manna en annars staðar. Og ég veit, eins og fram hefur komið hjá þeim hv. þm., sem rætt hafa um aðstöðu dreifbýlisins, að þar er um beina neyð að ræða, beinlínis neyð, neyð og lífshættu, sem menn eru stöðugt í. Það eru vissir erfiðleikar hér í Reykjavík. Það er þannig hér í Reykjavík, að það er ekkert úrval orðið af sjúkrasamlagslæknum. Það er þannig, að fólk verður að sitja klukkutímum saman í biðsölunum hér hjá læknunum og fær samt ekki afgreiðslu, og það er varla hægt að fá lækna til að koma heim stundum til fólks, sem er þó nokkuð sjúkt, af því að þeir eru svo störfum hlaðnir, nema þá aðeins sérfræðingana. Það er orðinn skortur á sjúkrasamlagslæknum í Reykjavík, en það er ekki neyð. Við búum við allt önnur og betri kjör en þeir úti á landi, sem búa í beinni neyð og lífshættu. Þegar ástandið er svona, hlýtur maður að líta svo á, að fyrir utan allt annað, sem gert er, og það er mjög margt lofsvert í þessu frv., sem hér liggur fyrir, beri alveg sérstaklega Háskóla Íslands og þeim yfirvöldum ríkisins, sem hafa með Háskóla Íslands að gera, að hlutast til um, að þarna sé breytt um. Ég skil það vel, að hæstv. menntmrh. er mjög upptekinn, hann hefur kannske bara talað við nokkra prófessora í þessum efnum, og ég vil taka það fram, að mín gagnrýni í þessum hlutum er síður en svo árás, hvorki á prófessora háskólans né læknastéttina. Ég veit ósköp vel, að við eigum hér á Íslandi með beztu læknum, jafnvel á heimsmælikvarða, og þeim læknum þrælum við út eins og vitleysingar og borgum þeim ekki almennileg laun, þó að þeir mundu vera settir hátt á sérstök laun hjá flestum eða öllum öðrum þjóðum. Ég er aðeins að gagnrýna hér fyrirkomulag, og þá er það ósiður líka af viðkomandi prófessorum að taka hverja gagnrýni, sem fram kemur, ekki sízt ef hún er hér á Alþingi, sem árás eða harðvítugar ádeilur. Ég hef áður orðið var við slíkan anda, því miður, hjá læknadeildinni, þegar hér var verið að gera á þingi sérstakar samþykktir um læknalögin og m. a. var þar sett inn í ákvæði viðvíkjandi lyfjafræði lyfsala, og l. voru samþ. án þess að vissir prófessorar í læknadeildinni væru samþykkir því. Ég varð var við það, að það átti að hindra menn í því að læra þarna á eftir, og það varð

að fara í mál fyrir dómstólunum til þess að fá það í gegn. Og mér er nær að halda, að nú sé svo komið þrátt fyrir það, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að það væru hér engar takmarkanir, að lyfjafræðideildin sé lokuð og jafnvel þeir, sem eru að nema þar, séu látnir hætta í miðju kafi, jafnvel eftir tveggja ára nám, og verði jafnvel að fara til annarra landa til þess að halda áfram.

Ég vil þess vegna vonast til þess, eins og ég mæltist til í þeim fáu orðum, sem ég sagði hér í þessum umr., að hv. heilbr.- og félmn. rannsaki þetta mál frá öllum hliðum. Ég vil síður en svo meina prófessorunum við læknadeildina að koma fram sinni skoðun, og ég vona, að hv. heilbr- og félmn. kalli nokkra þeirra fyrir sig til þess að yfirheyra þá um þessi mál. En ég vil vonast til þess líka, að hv. heilbr.- og félmn. kalli fyrir sig nokkra stúdenta úr læknadeildinni, og spyrji þá, sem þegar hafa verið stöðvaðir, og þá, sem þar eru enn, hvort þeir geti haldið áfram námi.

Hæstv. menntmrh. talaði um, að það væru ekki takmarkanir hér, eins og væri sums staðar á Norðurlöndum. Hér eru þó takmarkanir í tannlæknanámi, og hér eru núna takmarkanir í lyfjafræðinámi. Ég er hræddur um, að þar sem ekki eru opinberar takmarkanir, sé beitt öðrum aðferðum til þess að takmarka. Ég er hræddur um, að það sé farið þannig að að hækka þar kröfur um einkunnir meira en góðu hófi gegnir. Hafa ekki fyrir nokkru verið hækkaðar t. d. kröfurnar úr 5 upp í 7? Og ég vil benda á, að það getur oft verið gott að heimta góð próf af mönnum, en það er ekki alltaf, að allir beztu læknar í sögu Íslands hafi endilega haft sérstaklega há próf. Það getur oft farið saman, en það þekkjum við allir úr skóla, að það er ekki alltaf endilega, að þeir, sem hæstar einkunnir hafa, verði farsælustu mennirnir í þjóðfélaginu. Vissulega er gott að ganga tryggilega frá því, að læknar kunni heilmikið, en það eru ekki einhlítar einkunnirnar í slíku.

Það er fleiri takmörkunum beitt í þessu sambandi. Það er beitt alls konar tímatakmörkunum. Og hvað þýða þær tímatakmarkanir? Ef menn hafa ekki staðizt þessi próf á þessum tíma og annað slíkt, skulu menn verða að hætta. Hvað þýðir það? Það þýðir, að þeim nemendum, sem eru fátækastir og kannske stundum a. m. k. eins efnilegir og hinir, ef ekki efnilegri, og verða að vinna fyrir sér um leið hér í Reykjavík, verða jafnvel að kenna sem kennarar, á meðan þeir eru að stúdera læknisfræði, þeim er gert erfiðast fyrir. Og til hvers er verið að setja þessar takmarkanir? Hvaða ástæða er til þess? Það er engin ástæða, ekki nokkur. Það á að lofa mönnum að reyna að læra að verða læknar og standast sín próf. Það á ekki að vera að gera þetta að einhverjum hindrunarhlaupum. Og í öðru lagi, það á að haga kennslunni þannig í þessu, að það sé fyrst og fremst reynt að búa menn undir það að vera góðir læknar, en ekki að kunna svo og svo mikið utanbókar. Það á ekki að leggja til grundvallar, að menn kunni utanbókar handbækur, t. d. á þýzku, sem menn geta haft hjá sér, þegar þeir eru orðnir læknar, en gefa þeim í staðinn tækifæri og möguleika til þess að stunda verklegt nám, eins og gert er í flestöllum læknaskólum veraldar núna. Utanbókarlærdómurinn, ekki sízt á fyrsta stigi nu, hrindir mönnum bókstaflega frá því að halda áfram og veldur því m. a., hve margir gefast upp, enda er það svo hér, að þetta nám er orðið 7—8 ára nám, 1—2 árum lengra a. m. k. en eðlilegt er og er annars staðar. Þess vegna sagði ég hér, að það yrði að rannsaka kennsluhættina.

Læknadeildin er orðin langt á eftir tímanum á vissum sviðum þrátt fyrir ágætismenn þar ýmsa. Og þetta eru hlutir, sem verða að breytast. Í núgildandi læknalögum er ákveðið, að menn verði helzt að vera útskrifaðir frá Háskóla Íslands, frá læknadeildinni hér, til þess að öðlast rétt til lækninga. Ég verð að segja það, að ef ekki verða neinar breytingar á læknadeildinni, bæði hvað snertir að draga úr þessum takmörkunum, raunverulegu takmörkunum, sem þar eru, og með kennsluhætti, þá mundi ég fyrir mitt leyti leggja til hér á þingi, að læknapróf víðar úr heiminum væru tekin jafngild og það án þess, að læknadeild eða læknafélög væru að því spurð. Það er engin ástæða til þess að fara að skapa slík einkaréttindi hér. Við getum þá útskrifað lækna annars staðar í heiminum, ef læknaskólinn á Íslandi álítur það sitt hlutverk að reyna frekar að hindra menn í því að útskrifast heldur en hitt með þeim hindrunarhlaupum, sem eru innleidd.

Þess vegna vil ég segja það, að það er engin ástæða fyrir hæstv. ráðh. að fara eingöngu að taka hér einhverja varnarafstöðu gagnvart háskólanum. Ég er ekki að segja þar með, að læknadeildin sé eina deildin, sem þurfi gagnrýni við í háskólanum, síður en svo. En það verður ekki komið fram þeim endurbótum, sem þarf, svo framarlega sem reynt er að leggjast á hverja gagnrýni, sem fram kemur, og reynt að einhverju leyti að túlka hana sem árás. Ég veit, að ungir og efnilegir menn, sem langar til að verða læknar og fara hér inn, þeir eru felldir hvað eftir annað og stíað frá með öllum mögulegum aðferðum. Það er hart, á sama tíma sem þjóðina vantar miklu fleiri lækna en hún hefur. Við mættum fá tvöfalt fleiri lækna en við höfum. Hvað höfum við marga? 222. Við eigum því að ýta undir það, að það séu útskrifaðir miklu fleiri læknar frá Háskóla Íslands en nú er. Svo er hitt annað mál, hver er orsökin til þess, að það eru einhverjir, ég skal ekki segja hverjir, sem eru með þessar takmarkanatilhneigingar í þessum efnum, ég skal ekki fullyrða um það. Ef til vill er þarna þessi gamli andi lifandi í einhverjum, að það sé um að gera að útskrifa sem allra fæsta menntamenn, það sé hættulegt, að þjóðin eigi mikið af menntuðu fólki. Við þekktum þessar raddir hér fyrir 30 árum í mjög rikum mæli á Íslandi, og ef einhverjir

ganga með slíkt enn þá, eru það hættulegustu menn þjóðfélagsins, því að það, sem mest ríður á nú í íslenzka þjóðfélaginu sem öðrum þjóðfélögum, er, að það verði sem allra mest af menntuðum mönnum á öllum sviðum, sem útskrifast.

Ég kemst ekki hjá því að minnast á annan hlut, og ég vil taka það fram fyrir fram, að með honum er ég ekki með neinar dylgjur til neinna manna, hvorki embættismanna né annarra. En það snertir almenna tilhneigingu í öllu okkar þjóðfélagi, eins og það er. Við tölum alltaf um læknaþjónustu og við lítum á læknisstarfið fyrst og fremst sem þjónustu og lítum á það að halda uppi læknadeild og útskrifa lækna sem þjónustu við okkar þjóð og ekki sízt til þess að veita, eins og hér hefur verið komizt að orði af ýmsum þm. dreifbýlisins, að veita mönnum frumstæðustu mannréttindi, öryggi fyrir því að geta haft lækni einhvers staðar í námunda við sig, þegar á þarf að halda. En sú tilhneiging, sem hefur vaxið og er ólík því, sem upphaflega var um lækna í okkar þjóðfélagi og ort var um á sínum tíma um Svein Pálsson, — sú tilhneiging, sem hefur vaxið í okkar þjóðfélagi og víðar því miður, er, að það er farið að líta á læknisstarfið sem „bisness“, ef ég má svo að orði komast. Sú tilhneiging að gera allt að verzlunarvöru og gera alla menn að verzlunarþjónum, sú tilhneiging fylgir venjulega auðvaldsskipulaginu, og hér á Íslandi hefur hún því miður verið að magnast, og það er hættuleg tilhneiging. Ég skal ekkert fullyrða, en þegar farið er að vinna að því hér á Íslandi og annars staðar í hámenntuðum löndum á ýmsan máta að draga úr því, að ungir menn og konur, sem vilja verða læknar, séu studdir að því og ýtt undir þá að læra þetta nám, þá liggur manni stundum við að halda: Eru einhverjir, sem vilja hafa sem fæsta menn í þessari stétt? Er einhver almenn tilhneiging að útiloka í staðinn fyrir að reyna að fjölga alveg eins og hægt er? Hvaðan kemur áhugi á því að draga úr því, að það séu útskrifaðir sem flestir læknar? Hvaðan kemur sá áhugi? Hvaðan kemur sá áhugi, að þar séu takmarkanir, hvort sem það er í Svíþjóð, Noregi eða annars staðar? Ég álít, að yfirvöld í viðkomandi þjóðfélagi og í þessu tilfelli t. d. hæstv. ríkisstj. eigi einmitt að verða á verði um hagsmuni almennings, að það sé tryggt, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að ýta undir, að menn verði læknar. Ég álít, að Háskóli Íslands eigi einmitt að standa fremst í flokki í því að vinna að því að útskrifa sem flesta lækna, reyna að gera þá sem bezta, en líka um leið sem flesta, hann eigi að líta á það sem skyldu sína, hann eigi að varast að setja þarna takmarkanir, sem orðið geta efnalitlum mönnum eða öðrum slíkum að falli, hann eigi að varast það. Og ég vil t. d. spyrja: Hvernig stendur á því, að í læknadeild háskólans skuli af 157 stúdentum, sem eru þar núna, vera aðeins 12 stúdínur, 12 stúlkur? Læknisstarf er starf, sem maður gæti ætlað, að kvenfólkið yfirleitt alveg sérstaklega mundi sækjast eftir. Og sú hefur verið reyndin í þeim þjóðfélögum, þar sem það er ekki gert að „bisness“ að vera læknir, heldur að þjónustu við þjóðfélagið, og þar sem stúdentar fá frá upphafi námslaun, þannig að engar efnahagslegar kringumstæður hindra þá í því að verða læknar. Þar er kvenfólkið í yfirgnæfandi meiri hluta á meðal læknanna.

Hæstv. menntmrh. svaraði ýmsu, sem ég hafði minnzt á. En hann minntist ekki á eitt atriði, sem var aðalatriðið í því, sem ég kom með, og það var, hvort það væri ekki þess vert að byrja á því í læknadeild Háskóla Íslands að innleiða námslaun fyrir læknastúdenta, hvort það væri ekki skynsamlegt af íslenzka ríkinu að segja við þá ungu menn og konur, sem útskrifast úr menntaskólunum og vilja verða læknar: Ef þú vilt verða læknir og ganga í þjónustu ríkisins, þá skulum við frá upphafi veita þér þau laun, að þú getir lifað af þeim og helgað þig þínu starfi frá því fyrsta að þú byrjar að stúdera í háskólanum. — Ég vil taka fram, að þetta er það eina, sem vit er í og gæti leyst þau vandamál, sem hér er um að ræða, og þetta er mál, sem bæði hæstv. menntmrh. og aðrir þeir ráðherrar, sem með þetta hafa að gera, og alveg sérstaklega læknadeild Háskóla Íslands á að gera svo vel að taka til athugunar og það nú þegar. Og ef prófessorarnir í læknadeild Háskóla Íslands taka ekki svona mál til athugunar og tala bara við hæstv. menntmrh. um, að það sé verið að deila á þá hér á Alþingi, en hugsa ekki um svona mál, þá er einhver galli á þeirra áhuga fyrir því að útskrifa lækna á Íslandi. Því segja þessir prófessorar ekki undireins: Okkur væri ánægja að því, ef hér væru innleidd námslaun við læknadeild háskólans undireins? Ég vil helzt biðja hæstv. menntmrh., áður en hann svarar mér aftur, ef hann gerir það, að tala við þá prófessora, sem hann hefur talað við, og tilkynna okkur afstöðu þeirra til þessa máls. Hafa þessir prófessorar áhuga á því, að þeim, sem vilja stúdera til að verða læknar, sé gert það sem auðveldast.

Ég býst við, að ýmsir hv. þm. hafi fylgzt nokkuð með því, hvernig er fyrir unga menn og konur að læra hér nú. Það er stundum talað um, að þetta unga fólk hafi það svo óskaplega gott, og ég veit ósköp vel, að það fær nóg að borða, fyrsta kynslóðin, sem fær nóg að borða á Íslandi, frá því að hún fæðist. En þetta unga fólk verður að þræla, og það unga fólk, sem á ekki auðuga menn að hér í Reykjavík, leggur mikið á sig við að reyna að læra. Það eru ekki fáir stúdentarnir hérna núna, sem reyna að hafa fullt starf með námi, t. d. fullt kennslustarf. Ég þykist vita, að það mundu verða margar stúdínurnar, sem mundu gjarnan vilja verða læknar, ef þær fengju frá upphafi námslaun til þess. Ég veit ósköp vel, að það eru margir stúdentar nú og stúdínur, sem eru gift og eru í miklum vandræðum með sitt nám, og mér er sem ég sjái, hvort slíkt fólk mundi ekki fagna því, ef það fengi námslaun frá fyrsta degi, og fara einmitt í greinar eins

og læknisfræði. Af þeim 12 stúdínum, sem hér eru í læknadeildinni nú, eru 5, sem eru komnar yfir fyrstu prófin, býst ég við, en það eru 7, sem enn þá hafa ekki tekið sitt fyrsta próf, þ. e. nýútskrifaðar frá menntaskólunum. Ef ég man rétt, er upp undir helmingur af öllum þeim stúdentum, sem útskrifast árlega, stúlkur. Ég efast ekki um, að fjöldi af þessum stúlkum mundi vilja leggja þessa grein fyrir sig, og við þekkjum dæmi þess og ekki sízt hæstv. menntmrh., hve farsælt það er meira að segja, ef bæði maður og kona eru læknar, ekki sízt tala ég nú um, þegar um héraðslækna væri að ræða, hvílík öryggisbót það mundi vera.

Ég álít, að þarna eigi að gera stórbreytingu nú þegar. Við eigum ekki bara að tala um ríkislán, eins og gert er í þessu frv. Við eigum ekki bara að tala um þau litlu námslaun, sem veitt eru kannske á 3. eða 4. ári, þegar menn eru búnir að stúdera tvö fyrstu árin, og kannske duga í hæsta lagi fyrir helmingi námskostnaðar. Við eigum að tala um námslaun, sem þýða, að menn eru fulllaunaðir, þurfa ekki að vinna fyrir sér, á meðan þeir eru við háskólann, og það er slíkt, sem ég kalla námslaun. Ég á ekki við námsstyrki eins og þá, sem við höfum núna. Ég held, að ef við ætlum að leysa úr þessu vandamáli, sem hér liggur fyrir, að við hér á Íslandi höfum allt of lítið af læknum, eins og er annars staðar á Norðurlöndum og víðar, verðum við að leysa úr þessu með því að kosta fyllilega til náms, veita þeim, sem vilja verða læknastúdentar, full námslaun, launa þá að fullu frá fyrsta degi, þegar þeir byrja að stúdera. Og þá semjum við um leið við þá, að þeir séu starfsmenn ríkisins upp frá því. Þetta er sú eina rétta aðferð, sem getur tryggt okkur bæði héraðslækna, sjúkrasamlagslækna og nægilegt af læknum útskrifað, til þess að hér sé nokkurn veginn sómasamlegt ástand.

Ég veit ósköp vel, að t. d. eins og í Svíþjóð, sem borgar ákaflega há laun fyrir sína lækna, mjög há laun og tekur lækna m. a. frá okkur, þar er ástandið miklu verra en hér á Íslandi, miklu verra. Og ég er hræddur um, að Svíarnir mættu gjarnan athuga sinn gang, hvort þeir þyrftu ekki að gerbreyta um einmitt viðvíkjandi því skipulagi að taka þar upp námslaun.

Ég hafði ekki búizt við því, þegar ég sagði þessi fáu orð hér um þetta mál, að það mundu verða einhverjar stórdeilur um þetta. Ég hafði ekki búizt við því. Ég hafði búizt við, að hv. heilbr.- og félmn. mundi taka þessar hugmyndir, sem ég setti fram, til vinsamlegrar athugunar, athuga þær við prófessora læknadeildarinnar og við læknastúdenta og flytja okkur svo sínar niðurstöður. Ef það er hins vegar svo, að einhverjir háttsettir embættismenn í þjóðfélaginu þola ekki, að það sé gagnrýnt, sem álitið er aflaga fara hjá þeim, heldur stofna til stórdeilna út af því, þá mun ég gera mínar ráðstafanir líka til þess að reyna að sjá um, að þessir hlutir verði fullkomlega rannsakaðir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég er síður en svo að mælast undan því, að um Háskóla Íslands eða einstakar deildir hans og starfsemi þeirra sé rætt og hún gagnrýnd hér á hinu háa Alþingi eða annars staðar. Það var síður en svo þess vegna, sem ég sagði nokkur orð um þetta mál við umr. hér í hinni hv. d. í gær. Það var eingöngu það atriði í málflutningi hv. þm., sem kom aftur fram í ræðu hans nú, að sú stefna virtist ráða í læknadeildinni að torvelda ungum mönnum að verða læknar, sem gaf mér tilefni til þess að segja þau fáu orð, sem ég sagði, og gefa mér aftur tilefni til þess að segja fáein orð núna, því að þessi staðhæfing er að mínu viti bæði röng og ómakleg.

Ég lét þess getið í gær og tel mig hafa fært að því full rök, sem ég sé enga ástæðu til að endurtaka nú, að héraðslæknaskortinn og læknaskortinn á Íslandi almennt er ekki hægt að rekja til þess, að Háskóli Íslands brautskráir of fáa lækna. Það er þessi staðreynd, sem er meginstaðreynd í því máli, sem hér er um að ræða. Ég benti á það, að læknaviðkoman hér er heldur meiri en hún gerist í mörgum nágrannalandanna og að höfuðorsök til læknaskortsins almennt hér á Íslandi er sú, að óeðlilega margir læknar eru við nám og störf erlendis og við bráðabirgðastörf og framhaldsnám hér á Íslandi, en ekki við eiginleg læknastörf. Orsakir héraðslæknaskortsins eru svo alveg sérstaks eðlis og ekki í beinum tengslum við það, að læknar eru hér vissulega færri en þeir ættu að vera í heild. En þetta tel ég útrætt með því, sem ég sagði um þetta mál hér í gær.

Nú vil ég aðeins undirstrika það, sem hv. þm. sjálfur lagði megináherzlu á í ræðu sinni áðan, að það virðist vera stefna læknadeildarinnar og þar með háskólans og þá væntanlega með samþykki yfirvalda háskólans að torvelda ungu fólki að verða læknar. Þetta tel ég, að ekki megi vera ómótmælt. Að þetta er ekki svo, kemur fyrst og fremst fram af því, að aðgangur að læknadeildinni hér er ótakmarkaður, og enginn, sem til þekkir, mun geta staðhæft með nokkrum rétti eða með nokkrum sanni, að námsreglur og prófskilyrði við læknadeildina hér séu torveldari eða þyngri eða yfirleitt með nokkuð öðrum hætti en tíðkast í öllum helztu nágrannalandanna og þá fyrst og fremst á Norðurlöndunum hinum, sem læknadeildin er fyrst og fremst sniðin eftir, eins og raunar starfsemi háskólans í heild. Læknanámið hér á Íslandi er ekki lengra en það tíðkast á Norðurlöndunum hinum, og ég leyfi mér að staðhæfa, að prófkröfur hér og námsreglur allar eru í engu meginatriði, engu, sem máli skiptir, frábrugðnar því, sem þar tíðkast. En því aðeins væri hægt að segja, að læknadeildin eða yfirvöld háskólans legðu sérstakar torfærur í veg þeirra manna, sem óska að verða læknar, ef hægt væri að benda á ákveðnar sannanir þess, að námskröfur eða prófkröfur hér væru að einhverju leyti öðruvísi en tíðkast hjá þeim þjóð-

um og í þeim háskólum, sem við höfum helzt viljað sækja fyrirmyndir til.

Hv. þm. spurði, hvort til væru einhverjir menn í læknastétt eða innan læknadeildar, sem vildu hafa sem fæsta menn í þessari stétt. Ég þori að fullyrða og geri það af talsverðum kunnugleik á málefnum háskólans, einnig málefnum læknastéttarinnar, að þessa sjónarmiðs hefur aldrei gætt, síðan ég fór að hafa nokkur kynni innan læknadeildar, að það væri ekki sjálfsagt að keppa að því, að læknafjölgun yrði hér eins ör og eins mikil og kennsluaðstaða og kennslukraftar frekast leyfðu. Það, sem einmitt hefur verið sérstaklega keppt að á undanförnum árum, er að bæta kennsluaðstæður og fjölga kennurum í læknadeildinni. Í engri deild háskólans hefur verið lögð jafnmikil áherzla á að fjölga kennurum og bæta kennsluaðstöðu og einmitt í læknadeildinni á undanförnum árum. Sem dæmi um það vil ég aðeins nefna, að fyrir 5 árum voru 7 prófessorar við læknadeildina, nú eru þeir 11. Þeim hefur verið fjölgað um 4 á undanförnum 5 árum. Fyrir 5 árum störfuðu 9 dósentar við læknadeildina, nú eru 14 dósentar við deildina, þ. e. a. s. þeim hefur verið fjölgað um 5. Föstum kennurum læknadeildarinnar hefur því verið fjölgað aðeins á undanförnum 5 árum um 10, og það er meiri kennarafjölgun en átt hefur sér stað nokkurn tíma áður í sögu læknadeildarinnar og við nokkra aðra deild háskólans á jafnskömmum tíma, og eru þó ótaldar þær gífurlega miklu endurbætur, sem gerðar hafa verið á öllum kennsluskilyrðum í læknadeildinni. Ég hygg, að þetta sýni glöggt, hver afstaða yfirvalda hefur verið til læknanámsins. Á það hefur verið lögð sérstök áherzla að bæta skilyrði læknastúdentanna og vinnuskilyrði kennara þeirra.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði um það, að æskilegt væri að auðvelda stúdentum læknanám með því að taka hér upp námslaun, vil ég aðeins segja þetta: Auðvitað er það ordaleikur, hvort menn kalla stuðning við stúdenta og aðra námsmenn námslaun, námsstyrki eða námslán. Aðalatriðið er, að stúdentarnir séu studdir til námsins, hvað svo sem sá stuðningur er nefndur. En einmitt á þessu sviði hefur einnig átt sér stað gífurleg breyting á allra síðustu árum. Framlög á fjárl. til námslána og námsstyrkja hafa á s. l. 5 árum eða frá 1960, þegar framlagið nam 6.6 millj. kr., verið aukin upp í 10.6 millj. kr. á fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Framlög beint úr ríkissjóði til námsstyrkja og námslána hér við háskólann og erlendis hafa verið hækkuð um 60% á undanförnum 5 árum, og er þá þess ógetið, að samkv. gildandi l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna við Háskóla Íslands og erlendis hafa íslenzkir bankar lánað mjög verulegt fé, sem ég hef ekki nákvæmar tölur um í höfðinu, lánað mjög verulegt fé til lánastarfsemi í þágu íslenzkra námsmanna, þannig að aðstaða þeirra hefur verið bætt stórkostlega á allra síðustu árum til þess að stunda sitt nám, bæði heima og erlendis. Í því sambandi er mér einmitt ánægja að geta þess, að alveg sérstök áherzla hefur verið lögð á það að bæta styrkjaskilyrði og námslánaskilyrði stúdenta við læknadeildina, því að öllum, sem um þessi mál hafa fjallað, hefur verið ljóst, að þeirra er þörfin mest fyrir sívaxandi námslán og námsstyrki. Hitt er annað mál, að enn hefur ríkisstj. ekki talið hér vera nóg að gert, og þess vegna stendur nú einmitt yfir endurskoðun á gildandi l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna við háskólann hér og erlendis, og vona ég, að þeirri endurskoðun geti orðið lokið nú í vor eða að sumri, þannig að unnt verði að leggja nýtt frv. um lánasjóð íslenzkra námsmanna fyrir Alþ., þegar það kemur saman á hausti komanda.

Þessi atriði taldi ég rétt, að hér kæmu fram, fyrst og fremst til þess að undirstrika það, að því fer víðs fjarri, enda væri það stórum ámælisvert, ef svo væri, að sú stefna eða það hugarfar sé ráðandi í læknadeild háskólans, að torvelda eigi íslenzkum námsmönnum að leggja stund á læknisfræði og verða læknar.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Það voru ummæli hv. 2. þm. Norðurl. v. og þeirra hv. 2. landsk. og 11. landsk., sem gáfu mér tilefni til þess að taka til máls.

Þegar þetta frv. til nýrra læknaskipunarlaga var hér til umr. s. l. fimmtudag, sagði ég örfá orð til þess að fagna nýmæli, sem er í frv. um að greiða héraðslæknum í 17—22 læknishéruðum staðaruppbót. Ég er satt að segja alveg undrandi á viðbrögðum þessara þriggja hv. þm., ekki af því, að ég vissi ekki fyrir fram nokkurn veginn, að þetta mundi vera skoðun þeirra, heldur af hinu, að ég hélt satt að segja, að þessir reyndu alþm. vildu ógjarnan láta það fréttast heim í hérað, að þeir hefðu ekki viðari sjóndeildarhring í brýnum hagsmunamálum kjósenda sinna en raun ber vitni. Með þessu frv. er vissulega gerð myndarleg tilraun til þess að bæta úr læknaskortinum úti á landi, og allt bendir til þess, að ríkisstj. ætli að koma til móts við till. þeirra, sem hafa gagnrýnt atriði í frv., en það er líka sízt vanþörf á róttækum ráðstöfunum til að reyna að bæta úr læknaskortinum úti um land. En ummæli þeirra hv. þm., sem hafa fullyrt, að þessi tilraun, sem hér er gerð, megi alls ekki skapa fordæmi, sýnir mönnum glögglega, hversu lítils er að vænta í brýnum hagsmunamálum almennings, þegar slíkir menn stjórna ferðinni, nema þá almenningur reki rækilega á eftir.

Mér finnst ástæða til þess að minna á það, að heilbrigðismál okkar eru engan veginn í nógu góðu lagi. Óhætt er að fullyrða, enda margviðurkennt, að í mörgum byggðarlögum hefur ríkt hreint neyðarástand vegna læknaskorts um lengri tíma. En spurningin er: Eiga stjórnarvöld landsins að halda að sér höndum, þangað til neyðarástand hefur skapazt? Ég svara því fyrir mitt leyti hiklaust neitandi. En það er því miður einmitt þetta, sem er að gerast á fleiri sviðum heilbrigðismálanna, og

vil ég varpa þeirri spurningu fram: Hversu alvarlegt ástand þarf að skapast í þessum málum, til þess að heilbrigðisyfirvöldin telji þá leið t. d. færa, sem hér er gert ráð fyrir að fara til þess að bæta úr læknaskortinum? Þarf sjúkrahúsið á Ísafirði t. d. að verða óstarfhæft, til þess að augu hv. 2. landsk. opnist fyrir því, að e. t. v. væri hyggilegt að greiða staðaruppbætur til hjúkrunarkvenna á sjúkrahúsum úti á landi? Í þessu sambandi má raunar minna á það, að Ísfirðingar hafa orðið að fara þessa leið til þess að fá til sín kennara, og er ekki langt síðan. Á þeim sjúkrahúsum, sem talið er, að sæmilega sé fyrir hjúkrunarliði, séð, eins og t. d. sjúkrahúsunum á Selfossi og Akranesi, eru starfandi 5 hjúkrunarkonur, en sjúkrarúm eru þar 30—33. Til samanburðar má geta þess, að í sjúkrahúsinu á Ísafirði munu vera 42 sjúkrarúm, eftir því sem mér er tjáð, og 3 fastráðnar hjúkrunarkonur og ein, sem starfar hálfan daginn. Á Blönduósi mun vera 31 rúm í sjúkrahúsinu, en hjúkrunarkonur, sem starfandi eru þar, aðeins 2. Á sjúkrahúsi Vestmannaeyja eru 38 rúm og 3 hjúkrunarkonur. Á Landsspítalanum eru nú 72 hjúkrunarkonur, en þar mun verða þörf fyrir 108 hjúkrunarkonur á næsta ári eða 36 til viðbótar. Þessar tölur sýna, að mikið skortir á, að nægilega margar hjúkrunarkonur fáist til starfa, svo að til fullkominna vandræða horfir, og er raunar svo komið fyrir alllöngu. Það kostar fé að hafa þessi mál í lagi, eins og krefjast verður í menningarþjóðfélagi, en ef sjónarmið eins og fram koma í ræðum hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 2. og 11. landsk. þm. eru ríkjandi, er ekki að búast við því, að þessi mál komist nokkurn tíma í rétt horf. Eftir síðustu áramót undirrituðu 300 hjúkrunarkonur áskorun til ríkisstj. um að hraða byggingu nýs hjúkrunarskóla. Árið áður höfðu 70 læknar gert hið sama. Þannig þarf að reka þetta allt saman áfram með svipu.

Nei, það er ekki nóg í heilbrigðismálum landsins að láta við það sitja að leysa aðeins úr vandanum, þar sem neyðarástand ríkir. Það þarf að sjá um menntun nægjanlegs starfsliðs til heilbrigðisþjónustu landsins, og menn mega ekki vera hræddir við að bjóða starfsliðinu þau launakjör, sem tryggja, að starfsfólk fáist.

Ég hef að gefnu tilefni farið hér nokkuð inn á önnur atriði heilbrigðismálanna en frv. fjallar um. En ég vil til viðbótar minnast á eitt atriði. Við hv. 3. þm. Vesturl. bárum fram fsp. á síðasta þingi um, hvað liði endurskoðun ljósmæðralaganna. Ljósmæður úti um land búa við mjög lélega launakjör, og eru kjör þeirra í engu samræmi við önnur launakjör í landinu, enda gengur mjög illa að fá ljósmæður í ljósmæðraumdæmi úti á landi. Svar hæstv. heilbrmrh. var, að frv. til nýrra ljósmæðralaga væri væntanlegt, þegar þing kæmi saman á s. l. hausti. Ég hef ekki orðið var við, að þetta frv. væri fram komið. En hér er eitt af vandamálum heilbrigðismálanna á ferðinni. Ég vildi þess vegna beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj., hvenær vænta megi, að frv. til nýrra ljósmæðralaga, sem boðað var á síðasta þingi, verði fram borið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég á nú raunar ekki rétt á því að taka til máls oftar við þessa umr., ég hef talað tvisvar, hefði svo sem raunar getað fallið frá orðinu, en ég ætlaði samt að gera tvær aths. Áður en ég geri það, úr því að ég er kominn hingað, vil ég nú beina athygli hv. þm. að hugmyndum hv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, um, hvort námslaun mundu nú ekki verða sú lausnin, sem drýgst kynni að verða til þess að leysa þann mikla þjóðfélagsvanda, sem hér er verið að kljást við. Alveg er ég a. m. k. sannfærður um það, að það mundi drjúgum stuðla að lausn vandans í grundvallaratriðum.

Aths., sem ég ætlaði að gera, voru í sambandi við ræðu hæstv. forsrh. hér í gær, aðeins tvær. Í fyrsta lagi vil ég segja, að það var mér mikil ánægja að heyra, að hæstv. forsrh. er mér sammála um það, að ákvæði frv. um að leggja niður 5 læknishéruð. — og einmitt þetta er á bls. 8 í þskj. talið sem nr. 1 undir helztu nýmælum frv., að leggja 5 læknishéruð niður, — að þetta megi í raun og veru hverfa út úr frv., þetta ákvæði, og af þeirri ástæðu, að það er ekki sparað neitt fé með því og þjónar engum tilgangi, nema það hefur slegið óhug á íbúa þeirra læknishéraða, sem elga að verða fyrir barðinu á þessu ákvæði laganna. Það hafa verið borguð hálf önnur læknislaun í þessum læknishéruðum, sem hér er um að ræða, þegar læknirinn þar þjónar nágrannahéraði, og svo á það að verða samkv. þessu frv. Það er, held ég, enginn ávinningur að því að slá því föstu, að ekki verði áfram leitað eftir að fá lækna í þessi héruð, engin nauðsyn til að leggja þau niður samkv. lögum, þjónar engum tilgangi. Um þetta erum við hæstv. forsrh. sammála, og ég er því að gera mér vonir um, að frá því verði horfið að halda fast við þetta ákvæði um að afnema þessi læknishéruð með lögum, heldur halda áfram einmitt undir hinni nýju skipan með hinni bættu aðstöðu, sem frv. að öðru leyti mótar, til þess að fá lækna í þessi héruð og fá reynslu af því, hvernig það gefst.

Hæstv. forsrh. ræddi um, að það væri jákvætt í frv., að þegar búið væri að leggja þessi læknishéruð niður, væri þó gert ráð fyrir því, að læknirinn í héraðinu, sem á að þjóna þannig tveimur núverandi læknishéruðum, fengi heimild til þess að fá aðstoðarlækni, og það væri ekki ónýtt fyrir Súgfirðinga að eiga von á því að fá aðstoðarlækni til þess að þjóna hjá sér, t. d. að vetrinum. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta atriði líti sómasamlega út á prenti, á pappír, en ég er alveg sannfærður um, að þetta er pappírsgagn eitt og kemur ekki að notum, kemur hvorki Súgfirðingum né öðrum að notum. Sé það útilokað að fá héraðslækni til að starfa í Suðureyrarhéraði, geri ég mér ekki vonir um það, að þangað sé hægt að fá aðstoðarlækni, sízt af öllu að vetrin-

um, þegar þeir þurfa þess mest. Ég held því, að þetta ákvæði yrði í reyndinni ákaflega lítils virði.

Þá ræddi hæstv. forsrh. nokkuð um það ískyggilega ástand hjá okkur, að milli 80 og 90 íslenzkir læknar skuli vera starfandi, nokkrir þeirra þó við nám, á erlendri grund og þjóni þannig ekki hér á Íslandi, þar sem læknaþörfin er þó svo brýn sem raun ber vitni. Þetta er vissulega ekki ánægjulegt. Hæstv. ráðh. sagði, að við hefðum bókstaflega ekki efni á því að halda hér uppi læknadeild, til þess að læknarnir, sem útskrifuðust þaðan, þjónuðu svo erlendis öðrum þjóðum. Það er nokkuð satt í þessu, ég er ekki fjarri því að vera honum sammála um það. En ekki vil ég halda því fram, að þetta, að læknarnir streyma svona til útlanda og eru þar milli 80 og 90, það stafi af því, að þessir menn séu verri Íslendingar en við, þá skorti þjóðernistilfinningu, ættjarðarást, og mér er nær að halda, að hæstv. forsrh. drótti því ekki heldur að þessum mönnum. Hitt er rétt hjá honum, að þessir læknar, sem fara til útlanda, vitandi þó um læknaskortinn hér, hljóta að dragast þangað af einhverjum ástæðum, og það er þá fyrst og fremst munurinn á raunverulegum launakjörum lækna í Svíþjóð og hér. Vissulega er dýrt að lifa í Svíþjóð og mun dýrara en hér, og launin verður, eins og hann sagði, að meta með tilliti til þess, hversu dýrt sé að lifa í viðkomandi landi. En íslenzku læknarnir, sem kjósa heldur að vera í Svíþjóð, hljóta að meta það þannig, að launakjör lækna í Svíþjóð og aðstaða öll, miðað við, hve dýrt er að lifa þar, sé betri en á Íslandi. Nú er ég ekkert viss um, að þessi munur sé gífurlega mikill, og er frekar þeirrar skoðunar, að hann sé hægt að jafna. Og ég held, að ef við erum t. d. rétt neðan við þetta mark, sé skynsamlegast að bæta þar úr, lagfæra launakjörin hér, svo að þeir teldu þar ekki verulegan mun á, því að ég held, að það sé íhaldssemi í launamálum, sem ekki borgar sig, að vera þarna eitthvað neðan við það mark, sem gerir launakjör lækna hér jafngóð raunverulega og í Svíþjóð, og missa svo læknana. Ég held, að það borgaði sig betur að fá þessa dýrmætu sérfræðinga heim í þjónustu fyrir okkur, sem þurfum svo mjög á þeim að halda, þótt það kosti okkur það að bæta nokkuð launakjör þeirra. Í þá átt stefnir líka frv. að nokkru, og ég vil vona, að þess sjáist merki, þegar farið verður að framkvæma það, að þau atriði í frv. séu til bóta og ráði hér nokkra bót á. En ef það nægir ekki til fulls, en bætir úr að nokkru, sýnir það okkur, að við séum á réttri leið og verðum að sætta okkur við það að kaupa þessa sérfræðiþekkingu til okkar með því að borga hærri laun.

Út í hin atriðin, um það, hvort það sé alveg útilokað, að launauppbætur megi eða eigi réttilega að koma til annarra stétta, þó að út á þessa braut hafi verið farið, að því er snertir læknastéttina, skal ég ekki fara. En ég brosi í kampinn yfir því, að hv. þm. hafa farið hér í stólinn eins og eftir skipun æðri stjórnarvalda til þess að vitna eins og herkerlingar um það atriði.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í grg. þess frv., sem hér liggur fyrir, segir, að hæstv. heilbrmrh. hafi með bréfi 22. maí 1964 skipað n. til þess að framkvæma endurskoðun á læknaskipunarlögum nr. 16 9. apríl 1955 og læknisþjónustu dreifbýlisins almennt í því skyni að finna lausn á hinu aðkallandi vandamáli, sem stafar af skorti á læknum til héraðslæknisstarfa, einkum í hinum fámennari og afskekktari héruðum landsins. Það kemur fram, að í þessa n. hafa verið skipaðir nokkrir af hinum æðri embættismönnum úr læknastétt og tveir embættismenn úr stjórnarráðinu og að landlæknir hefur verið formaður n. Það er auðsætt, að í þessa n. hafa valizt ágætir menn, enda sýnir það sig, að í frv. kemur fram ýmiss konar viðleitni til að bæta úr þeim vanda, sem hér er um að ræða. Eigi að síður fæ ég ekki varizt þeirri hugsun, að heppilegra hefði verið, þegar um slíkt mál er að ræða sem þetta, að í n. hefðu ekki verið eingöngu embættismenn úr læknastétt og úr stjórnarráði, heldur hefðu einnig verið í n. einhverjir, sem hefði mátt líta á sérstaklega sem fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem við mikinn vanda eiga að stríða sakir læknaskortsins. Ég hygg, að það hefði verið vænlegt, til þess að öll sjónarmið hefðu fengið að koma fram nógu glögglega, og vænlegra til samkomulags í þessu máli. En eigi að síður vil ég endurtaka það, að mér þykir þetta frv. bera vott um viðleitni til úrbóta í þessu vandamáli.

Það voru svo aðeins nokkur orð, sem ég vildi leyfa mér að beina til þeirrar hv. n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Í frv., 1. gr., er gert ráð fyrir, að lögð verði niður 5 læknishéruð. Eitt þessara læknishéraða, sem gert er ráð fyrir að lögð verði niður, er Raufarhafnarlæknishérað, og þessi orð, sem ég vildi beina til hv. n., eru í sambandi við það læknishérað.

Frv. til l. um, að Raufarhöfn og nágrenni hennar yrði gert að sérstöku læknishéraði, mun fyrst hafa verið flutt hér á Alþ. árið 1936. En svo leið langur tími, og þetta frv. var flutt oftar en einu sinni, áður en það væri lögtekið að stofna þetta læknishérað. Nú vil ég leyfa mér að benda á það, að á Raufarhöfn stendur að ýmsu leyti nokkuð sérstaklega á. Í grg. frv. er skýrt svo frá, að í læknishéraðinu séu íbúar hátt á 5. hundrað, eða nánar tiltekið 479, að ég ætla. Þetta er rétt, að íbúatalan mun hafa verið þessi í desember 1963, en hins er þá jafnframt að gæta, að nokkur hluti af Presthólahreppi og einnig nokkur hluti af Svalbarðshreppi mun einnig að jafnaði sækja lækni til Raufarhafnar eða vitja læknis til Raufarhafnar, þannig að gera má ráð fyrir, að sú fólkstala, sem hér er um að ræða, sé a. m. k. nokkuð yfir 500. Það var lengi haft á móti stofnun Raufarhafnarlæknishéraðs, að þar væri

enginn læknisbústaður og að ekki væri líklegt, að Raufarhafnarmenn hefðu tök á að koma honum upp á næstunni. Nú hefur þessum læknisbústað þegar verið komið upp fyrir nokkrum árum ásamt sjúkraskýli, sem er í sama húsi. Læknisbústaðurinn er nú fyrir hendi, og ég veit ekki, hvernig menn hugsa sér að ráðstafa þessu húsi, ef ekki verður lengur staðsettur héraðslæknir á Raufarhöfn. En það, sem veldur því, að segja má, að alveg sérstaklega standi á um Raufarhöfn, er það, að þó að fjöldi heimilisfastra manna þar í nágrenninu sé ekki meiri en rúmlega 500, er þarna saman kominn hluta úr árinu mikill fjöldi fólks, mjög mikill fjöldi fólks, í sambandi við sumarsíldveiðarnar. Það er starfsfólk, aðkomufólk, í síldarverksmiðjum og síldarsöltunarstöðvum, og auk þess er oft og til langframa meiri og minni hluti af síldveiðiflotanum staddur í höfn á Raufarhöfn og ákaflega algengt, að leita þurfi læknis í sambandi við það. Ég hygg, að það megi segja, að um þennan tíma eigi læknir annríkt á Raufarhöfn. Og auk þessa má nefna það, að þessi íbúatala, þ. e. a. s. tala fastra íbúa í héraðinu, nálgast mjög íbúatölu þeirra héraða sumra, sem gert er ráð fyrir að ekki verði lögð niður.

Ég vildi mega vænta þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi sérstaklega þetta málsatriði í sambandi við Raufarhafnarlæknishérað og afli sér, áður en hún afgreiðir málið, upplýsinga og álits hjá forsvarsmönnum þessarar byggðar, og má vera, að í sambandi við slíkt samráð kynni ýmislegt að skýrast til gagns í þessu máli, að því er Raufarhafnarlæknishérað varðar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Fyrst út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan, þegar hann talaði um nauðsyn þess, að læknastúdentar fengju strax frá upphafi það, sem hann kallaði námslaun. Hæstv. menntmrh. svaraði því raunar að meginefni til. Auðvitað skiptir ekki öllu máli, hverju nafni námsstyrkir eru kallaðir. Hitt er staðreynd, að með námsstyrkjum, með námslánum, með ókeypis kennslu við háskólann er hér greitt betur fyrir námsmönnum en í flestum öðrum löndum. Það hygg ég, að hlutlaus rannsókn muni ótvírætt leiða í ljós. En auk þess vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel það langt frá því að vera nokkurt böl fyrir námsmenn og þar með stúdenta, þó að þeir hafi að sumri til þurft að vinna fyrir sér, eins og kallað er. Ég tel það þvert á móti mjög mikilvægan þátt í uppeldi íslenzkra menntamanna, að þeir, sem hér á landi hafa lokið námi, hafa yfirleitt unnið að sumri til innan um venjulega verkamenn eða bændur. Og þetta á mikinn þátt í farsælli framþróun okkar þjóðfélags, og ég mundi telja það mikinn galla á okkar menntun, ef þessi háttur hyrfi úr henni, og það sízt vera til góðs, heldur beinlínis til afturfarar. Ég veit, að á meginlandi Evrópu, svo að ekki sé talað um Bretland, þekktist þetta ekki áður fyrr, að stúdentar ynnu eins og venjulegt fólk. Þeir voru eins konar yfirstétt, sem hafði lítil kynni af lífskjörum alls almennings. Hér á landi hefur þessi háttur ekki tíðkazt, a. m. k. ekki um þá, sem stundað hafa nám á Íslandi. Um þá, sem orðið hafa að leita lærdóms erlendis, horfir þetta öðruvísi við, einkum áður og raunar enn, bæði vegna kostnaðar við ferðalög og vegna þess, að háskólafrí eru þar styttri og með öðrum hætti en hér á landi tíðkast. En ég mundi telja það, eins og ég segi, mjög miður farið, ef það hyrfi úr sögunni, að námsmenn ynnu þá almennu vinnu, sem til fellur hér að sumarlagi. Og ég ætla það ekki fjarri lagi, að með því að leggja stund á slíka vinnu og með þeim styrkjum og lánum, sem veitt eru, og annarri fyrirgreiðslu, sem ekki er ofraun aðstandendum stúdenta, sé það yfirleitt svo, að þeir geti komizt vandræðalaust af. Þess vegna er ég ekki hv. 3. þm. Reykv. sammála um, að slíkt námslaunakerfi, sem hann talaði um, sé mest aðkallandi í þessum efnum. En ég vek þá einnig athygli á því, að hann gerði ráð fyrir, að þeir, sem slíkra námslauna nytu, skuldbyndu sig beinlínis til þess að vinna hjá ríkinu, og er þá ekki sýnt, hvort allir mundu una þeirri skuldbindingu, þegar til lengdar léti. Ég vék raunar nokkuð að þessari sömu hugsun í orðum þeim, sem ég mælti hér í gær, en ætlaðist þó ekki til, að jafnrík skuldbinding yrði lögð stúdentum á herðar og hv. 3. þm. Reykv. nú talar um. En við skulum þá einnig muna, að það er rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði, að það er frekar orðaleikur heldur en efnismunur, hvort styrkir eru kallaðir námslaun eða styrkir, og það er óhagganlegt, að íslenzkir stúdentar njóta nú yfirleitt meiri fyrirgreiðslu en víðast hvar er tíðkanlegt um sams konar menn, og mjög vafasamt, að það námslaunakerfi, sem hv. þm. talaði um, yrði þeim til heilla eða til þess að efla þá til að inna af höndum þau störf, sem þeim eru ætluð í þjóðfélaginu, eftir að þeir hafa lokið sínu námi.

Varðandi ummæli hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. e., má auðvitað endalaust deila um, hvort sú n., sem skipuð var til samningar þessa frv. hafi einmitt verið skipuð á hinn rétta hátt. Hún er skipuð sérfræðingum án tillits til stjórnmálaskoðana þeirra. En ég vil þó benda á, að sú aðfinning, að þar hefði skort nægja þekkingu á aðstæðum þeirra, sem við erfiðust skilyrði eiga að búa um læknisþjónustu, fær ekki staðizt, því að einn nm. var einmitt Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri í félmrn., maður, sem áratugum saman gegndi sýslumannsembætti í Norður-Múlasýslu, einu því héraði, sem hér hefur sérstaklega verið gert að umræðuefni, maður, sem er nákunnugur ekki síður en hv. 2. þm. Austf. aðstæðum öllum í því læknishéraði, sem sá þm. bar sérstaklega fyrir brjósti og fann að, að leggja ætti niður samkv. þessu frv., sem vissulega er þó ofmælt, eins og ég sýndi fram á í orðum mínum í gær. Við nefndarskipunina hefur einmitt þess verið gætt, að tekið væri tillit til og fyrir hendi í n. þekking á aðstæðum þeirra, sem erfiðastar aðstæður hafa í þessum efnum.

Þá verð ég að segja, að ég varð nokkuð undr-

andi yfir ummælum hv. 11. þm. Reykv. hér áðan. Hann spurði sérstaklega, hvað liði ljósmæðralagafrv., sem lýst hefði verið á Alþ. í fyrra að mundi verða lagt fyrir þetta hv. Alþ., sem nú situr. Það má segja, að eigi spyrji þm. af því, að hann viti eigi. Hann veit ofurvel, að hæstv. heilbrmrh. er fjarstaddur í embættiserindum. Ég spurði um þetta frv. áðan og var þá sagt, að hv. þm. hefði spurt sömu spurningar í morgun og verið tjáð, að málið væri í höndum ráðuneytisstjórans í dómsmrn. og heilbrmrn., sem einmitt er fjarstaddur. Þetta vissi hv. þm. hvort tveggja, og var því óþarft af honum að spyrja.

Þá lýsti hann því, að það mundi með staðaruppbót vera hægt að ráða bót á hjúkrunarkvennaskorti úti um land, en flutti síðan nokkuð langa tölu einmitt til að sýna fram á, að staðaruppbót mundi þar enga bót á ráða, vegna þess að ekki er um að ræða, að það skorti sérstaklega hjúkrunarkonur á tilteknum stöðum úti á landi. Þær eru sums staðar hlutfallslega fleiri þar miðað við þarfir samkv. því, sem hann sjálfur upplýsti, heldur en hér í Reykjavík. Þar er skortur á konum í þessari stétt, og vitanlega verður ekki bætt úr þeim skorti með staðaruppbót á tilteknum stöðum. Það verða þá einungis sköpuð vandræði á öðrum stað, ef manneskja er yfirborguð til þess að koma á hinn.

En furðulegast af öllu var þó, þegar hv. þm. sagði, að hjúkrunarkonur hefðu nú hundruðum saman eftir áramótin skrifað undir áskorun um byggingu hjúkrunarkvennaskóla og þannig yrði að reka þessi mál áfram með svipum, eins og hann sagði. Það er að vísu rétt, að nú eftir áramótin barst ríkisstj. í hendur plagg frá hjúkrunarkonum, þar sem samþykkt er að skora á hæstv. ríkisstj. að greiða fyrir byggingu Hjúkrunarskóla Íslands, svo að henni verði lokið hið bráðasta. Eftir plagginu sjálfu er nú hins vegar svo að sjá, að þessi samþykkt hafi verið gerð hinn 11. ágúst 1964, og okkur undraði áhugi forustukvenna, þegar við fengum plaggið í hendur einhvern tíma í febrúar, að það skyldi hafa tekið allan tímann frá því í ágúst þangað til í febrúar að skjóta því upp í stjórnarráð. Nú upplýsir hv. þm., að þetta plagg hafi fyrst verið undirritað eftir áramótin. En svipuhöggin, sem þurfti að greiða og áhrifamátt þeirra má sjá af því, að í 20. gr. fjárl. eru ætlaðar undir XIII. lið 20. gr., 11. undirlið, 7 millj. kr. til byggingar hjúkrunarskóla, þannig að ríkisstj. og Alþ. voru þegar áður en þetta plagg var undirritað búin að gera ráðstafanir til þess bæði að afla fjár og gera annað, sem þurfti, til þess að í þessa byggingu yrði ráðizt. Það mun vera rétt, að lánaheimild, sem var fyrir hendi í fyrri fjárl., var ekki beitt á síðasta ári, af því að þá var málið ekki nógu undirbúið af hálfu stjórnar skólans. Látum það eiga sig. En hitt er óhagganlegt, að áður en þessi undirskriftasöfnun var hafin, sem hv. þm. nú upplýsir að hann á einhvern hátt er sérstaklega kunnugur, var búið að gera ráðstafanir til þess, að þessi skólabygging yrði hafin og henni haldið áfram með öllum mögulegum hraða, þangað til henni lyki. Á hitt má svo einnig minna í þessu sambandi, að til fárra skóla hefur á seinni árum verið varið meira fé en einmitt til hjúkrunarkvennaskólans á landsspítalalóðinni, enda sjá það allir, sem þar fara um, að þar er fyrir hendi mjög stór og vegleg bygging. Ástæðan til þess, að hún hefur hins vegar komið að minni notum en ella, er sú, að forstöðufólk stofnunarinnar taldi ráðlegra og varði til þess of fjár, að þarna væri um algeran heimavistarskóla að ræða, þannig að meginhluti húsrýmis fer undir heimavist, en ekki sjálfar skólastofurnar. Ég þori að fullyrða, að ef með þennan skóla hefði verið farið á svipaðan hátt og aðra skóla hér í Reykjavík, fyrst og fremst hugsað um skólastofurnar og aðrar slíkar aðstæður, hefði hjúkrunarkvennaskólinn fyllilega nægt enn í dag. Það er sú ákvörðun forstöðumanna stofnunarinnar að hafa þetta heimavistarskóla, sem hefur gert að verkum, að skólinn varð of lítill fyrr en flesta grunaði og menn áttuðu sig á og nú þarf enn að verja of fjár í þessu skyni. Ég hef enga þekkingu til þess að dæma um réttmæti þess, að allir hjúkrunarnemar eigi að vera í heimavist í sínum skóla. Ég veit hins vegar, að það er einstætt skilyrði um skóla hér í Reykjavík, að sá háttur sé á, og ég hef einnig lesið ádeilur á þá aðferð frá aðila, sem mér skilst að telji sig hafa sérþekkingu í þeim efnum. Það er atriði, sem ég skal ekki blanda mér í. Hitt stendur óhagganlegt, að í þessu skyni hafa verið gerðar þær ráðstafanir, sem stjórnvöld á sínum tíma töldu fullnægjandi. Og nú enn var búið, áður en þetta svipuhögg var reitt, sem hv. þm. talaði hér áðan um, af hálfu ríkisstj. og Alþ. að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að skólabyggingunni yrði haldið áfram, og þess vegna voru þau ummæli, sem hér voru viðhöfð, vægast sagt mjög óviðeigandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða sérstaklega það frv., sem hér liggur fyrir, því að það hefur verið gert mjög rækilega af öðrum hv. þm. En það er eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega árétta, — atriði, sem hér hefur komið fram, — áður en frv. gengur til nefndar.

Ég vildi alveg sérstaklega taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að ég álít nauðsynlegt, að kennslufyrirkomulag og sérstaklega próffyrirkomulag hjá læknadeild háskólans verði tekið til endurskoðunar. Ég held, að það hljóti eitthvað að vera að í þessum efnum, sem þarfnist endurskoðunar, svo mörg eru dæmi þess, að menn falli þarna við próf og það oft og tíðum hinir ágætustu og beztu námsmenn. Og það er líka staðreynd, að á undanförnum árum hafa skilyrðin verið hert í þessum efnum, — prófin hafa verið hert verulega frá því, sem áður var. Og þess veit ég ýmis dæmi, að það virðist stafa af hreinum smámunum, þegar menn hafa verið felldir við próf. Mér er alveg sama, hvaða skýrslur hæstv. ráðh. kann að koma með í þessu sambandi og

hvað hann kann að vitna til annarra landa. Samt er ég hræddur um, að þarna sé ekki allt með felldu. Þess vegna vildi ég beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að þó að ekki séu nein sérstök ákvæði um þetta atriði í frv., taki hún það sérstaklega til athugunar, m. a. á þann veg að kveðja til sín þá menn, sem ráða mestu um störf þessarar deildar og kennslufyrirkomulag, og einnig verði leitað álits stúdentanna sjálfra um það, sem þeir kunna að telja ábótavant. En það skulum við gera okkur fullkomlega ljóst, að svo mikill er læknaskorturinn þegar orðinn, — og þó horfur á, að hann verði enn þá meiri, þegar hinir nýju spítalar verða teknir til notkunar, sem nú eru í byggingu, — að það þarf að gera alveg sérstakar ráðstafanir í þessum efnum að fjölga læknunum. Sá læknaskortur, sem hefur verið mest talað um í þessu sambandi úti um landið, er ekki síður að verða tilfinnanlegur hér í höfuðstaðnum og þó sérstaklega þegar spítalaplássið eykst þar, eins og verða mun á næstu missirum. Það er satt að segja hart til þess að vita, ef það stafar að einhverju leyti af því námsfyrirkomulagi, úreltu námsfyrirkomulagi, sem við búum við, að mörgum efnilegum mönnum sé bægt frá því að læra þessa nauðsynlegu og merkilegu fræðigrein. En það er alveg víst, að það eru yfirleitt ekki nema efnilegustu og duglegustu námsmennirnir, sem leggja inn á þá braut að nema læknisfræðina, og það eru menn, sem leggja mikið á sig, til þess að ná þeim árangri, sem að er stefnt, og þess vegna má það ekki koma fyrir, að það sé einhver smámunasemi í sambandi við próf eða úrelt próffyrirkomulag, sem veldur því, að þeir geta ekki náð því marki, sem að er stefnt.

Ég vil einnig taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv. og fleirum, að ég álít nauðsynlegt, að námsstyrkir til þessara manna séu mjög auknir. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að seinustu missirin eða seinustu árin hafa námsstyrkir eða námslán farið lækkandi, ef miðað er við dýrtíðina. Það lá hér fyrir hv. Alþ. í vetur skýrsla frá stjórn þess sjóðs, sem sér um úthlutun á námslánunum. Þar kom alveg skýrt fram, að það vantaði mjög mikið á þá fjárveitingu, sem Alþ. veitti til námslána, til þess að það væri hægt að veita námslán sambærileg við það, sem höfðu verið veitt árið 1962, ef tekið var tillit til aukinnar dýrtíðar á þeim tíma. Við nokkrir framsóknarmenn fluttum till. um það, að framlag ríkisins til námslauna og námslána yrði hlutfallslega eins mikið og hafði verið á undanförnum árum, en sú till. náði ekki fram að ganga hér á Alþingi.

Það er að vísu alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að það er ákaflega gott, að þeir menn, sem stunda nám, geti að einhverju leyti, meðan þeir eru á námsbrautinni, unnið við atvinnuvegina að sumri til, eins og hann minntist á. En ég held, að hæstv. forsrh. geri sér ekki grein fyrir því, að það er búið að þyngja læknanámið svo mikið, að þetta er ákaflega miklum örðugleikum bundið. Læknarnir þurfa helzt að eyða öllum sínum tíma til þess að stunda þessa námsgrein. Og jafnvel þó að þeir kunni að einhverju leyti að geta unnið tíma og tíma utan við námið, þá hrekkur það allt of skammt til þess að sjá þeim farborða, eins og t. d. er ástatt um marga þeirra, að þeir hafa fyrir fjölskyldum að sjá og þurfa þess vegna að standa undir meiri kostnaði en ella. Og satt að segja er ég hálfhissa, að hæstv. forsrh. skuli koma hér upp og vera að telja það eftir, sem þessir menn kunna að fá í námslán og námsstyrki. Hæstv. menntmrh. hefur stundum sagt hér á þessum stað, að það væri engu fé betur varið en því, sem færi til aukinnar menntunar og til að afla þjóðinni sem beztra fræðimanna á sem flestum sviðum. Ég sé það á því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að hann er ekki sammála hæstv. menntmrh. um þetta atriði, og það tel ég vera ákaflega miður farið.

Ég vil sem sagt taka undir það, sem hér hefur komið fram, að í sambandi við þetta mál láti hv. n., sem fær málið til athugunar, fara fram athugun á því kennslufyrirkomulagi og próffyrirkomulagi, sem er í læknadeild, og n. kynni sér orsakir þess, vegna hvers margir námsmenn falla þar við próf og í mörgum tilfellum verði þetta til þess, að þeir hætti námi. Enn fremur verði það tekið til athugunar af hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, hvaða möguleikar eru til þess að hækka námslaunin.

Ég vil svo að síðustu segja aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. lét falla, rétt áður en ég kom hingað. Ég ætla að vísu ekki að fara að rifja upp eða rekja þau atriði, sem hann minntist á, eða að fara að hefja neinn eldhúsdag í þessum efnum. En ég held, að hjá því verði ekki komizt að segja, að það hefur vissulega þurft svipuhögg á hæstv. ríkisstj. til þess að knýja hana til aðgerða í heilbrigðismálunum. Það nægir alveg í þeim efnum að benda á hina mörgu hálfbyggðu spítala, sem hafa blasað við sjónum manna hér á undanförnum árum og fyrir löngu gætu verið komnir í notkun, hefði ríkisstj. sýnt nokkurn dug eða framtak í því að hraða þessum byggingum. Það hefur sannarlega bæði hér á Alþingi og víðar, m. a. frá læknum og hjúkrunarkonum, þurft svipuhögg á hæstv. ríkisstj. til að knýja hana til aðgerða í þessum efnum. Og nú er ástandið í þessum efnum þannig hjá hæstv. ríkisstj., að þegar þessir spítalar loksins komast upp, blasir við stórkostlegur skortur á læknum og hjúkrunarkonum, vegna þess að ríkisstj. hefur vanrækt þann undirbúning, sem nauðsynlegur var í þeim efnum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hafa tekið undir mínar hugmyndir hér, hv. 5. þm. Vestf. og 5. þm. Reykv., og jafnframt segja nokkur orð út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði. Hann sagði, að ég hefði álitið, að höfuðorsök þesara vandkvæða væri, að of lítið væri útskrifað af læknum,

hélt því síðan fram, að það gæti ekki verið rétt hjá mér, að hér væru of fáir læknar útskrifaðir, vegna þess að hér væri útskrifað eins mikið af læknum og á Norðurlöndum. Það er rétt hjá honum, að það eru útskrifaðir eins margir læknar hér að tiltölu og á Norðurlöndum, en það eru útskrifaðir of fáir læknar á Norðurlöndum, þannig að þótt það sé þjóðfélagsmein á Norðurlöndum, megum við ekki hugga okkur með því, að það sé sama þjóðfélagsmeinið hérna. Við verðum að reyna að bæta úr því hér hjá okkur. Þó að við vildum taka allt frá Norðurlöndum, sem er þar til fyrirmyndar, skulum við ekki taka það, sem er gallað. Við þurfum að útskrifa miklu fleiri lækna hér. Það stendur áreiðanlega fast, sem ég sagði, og það þurfa vorir góðu frændur á Norðurlöndum líka að gera.

Í öðru lagi sagði hæstv. menntmrh., að það mætti fullyrða, að það væri enginn vilji hjá yfirvöldum háskólans til að torvelda það, að menn gætu orðið læknar og tekið sitt próf. Og ég vil taka þessi orð hans alveg góð og gild og leyfi mér þess vegna að vænta, að nú þegar verði afnumdar allar tímatakmarkanir viðvíkjandi prófum í læknadeild háskólans, að nú þegar verði breytt einkunnatakmörkunum í læknadeild Háskóla Íslands og að þegar verði afnumdar þær takmarkanir, sem eru á tannlæknanámi og líffræðinganámi. Og þá kemur sönnunin á því, að hann hafi einmitt rétt að mæla, og það vona ég, að hann hafi.

Þá að síðustu viðvíkjandi námslaununum. Hann sagði, að það væri nú kannske um nokkurn orðaleik að ræða þarna hjá okkur. Svo að það sé alveg skýrt, hvað ég meina, þá meina ég full námslaun, á meðan þeir eru við nám. Það þýðir, að þeir séu launaðir, þannig að þeir geti lifað af því, á meðan þeir stunda sitt nám. Það þýðir, að þessa 8—9 mánuði ársins, sem þeir stunda sitt nám, fái þeir laun, sem þeir geta lifað af.

Hæstv. forsrh. talaði um, að það væri mjög hollt, að þeir menn, sem ættu að verða menntamenn, væru að sumri til innan um verkamenn, sjómenn og bændur og ynnu með þeim, og ég er honum fyllilega sammála. Við höfum báðir sem námsmenn vafalaust lifað það að vinna sjálfir þannig, og það er engum efa bundið, að það er mjög gott og heilbrigt. Og það hefur alltaf orðið mikil hjálp okkar þjóð að draga úr því djúpi, sem ella hefur víða verið milli menntamanna og vinnandi stétta, sem vinna með sínum höndum fyrst og fremst, að menn hafa unnið þannig að sumri til, þeir sem seinna hafa orðið embættismenn. Og ég vildi meira að segja segja í viðbót, að það gæti verið alveg ágætt, eftir að menn væru orðnir embættismenn, við skulum taka sem dæmi t. d. efnahagsráðunaut ríkisstj., hagfræðinga hennar og aðra slíka, að þeir væru sendir að sumrinu til þess að velta tunnum á síldarplönunum og hafa þar verkamannakaup, þannig að þeir kynntust því alveg, hvernig fólkið lifir, jafnvel líka að þeir færu út og færu að slá með bændum og kynntust mjög vel og nákvæmlega ekki bara því, hvernig var á stúdentsárunum eða menntaskólaárunum, heldur líka síðar meir. Og ég þykist vita, að hæstv. forsrh. sé mér sammála og muni gera slíkar ráðstafanir, og ég efast ekki um, að það mundi hafa bætandi áhrif á viðkomandi hagfræðinga og aðra slíka. Hins vegar er það því miður svo, að það er af, sem eitt sinn var, að sumarvinna geti hjálpað fátækum námsmönnum til þess að lifa af veturinn. Það er búið að vera. Þar kemur líka oft til, að jafnvel helmingurinn af stúdentum nú eru giftir menn og hafa jafnvel fyrir fjölskyldu að sjá, og ástandið er þannig hér hjá þeim, sem ekki eiga ríka menn að í Reykjavík, að menn verða að þræla, menn verða að þræla að vetrinum til þess að reyna að hafa ofan af fyrir sinni fjölskyldu og stunda háskólanám um leið, verða að þræla til þess. Og ég trúi ekki öðru en menn þekki sjálfir persónulega þó nokkur dæmi um menn, sem stunda næstum fulla kennslu og eru að reyna að stúdera í háskólanum jafnvel læknisfræði. Og það er gefið, að slíkt halda menn ekki út. Það, sem ég á sem sé við, er þetta: að greiða læknastúdentunum full námslaun, frá því að þeir byrja, þann tíma ársins, sem þeir eru að stúdera. Við skulum bara láta þá vinna að sumrinu, það er alveg rétt að halda því áfram, það hef ég alltaf álitið.

Viðvíkjandi hinu, sem ég sagði, að ég álít, að ríkið ætti að reyna að semja við þessa menn og tryggja sér þá sem starfsmenn sína framvegis, og a. m. k. í gamla daga, þegar orðtakið um þá atvinnulausu menntamenn var mikið notað, þá hefði manni fundizt það allmikið öryggi að geta samið um það við stjórnarvöldin að geta, frá því að maður settist í háskólann, tryggt sér svo að segja öruggt starf alla ævi einmitt í þeirri grein, sem maður sóttist eftir. Nú hins vegar, ef menn hugsa þarna öðruvísi seinna meir og vilja breyta þessu, þá er náttúrlega hægt að láta gilda þá reglu, að þá skuli svo og svo mikið af því, sem þeir hafa fengið sem námslaun, reiknast sem lán. Ef þessir menn kjósa seinna meir að vera ekki í þjónustu ríkisins, heldur fara í það, sem ég talaði um áðan, ef það er farið að sækja svo á menn að gerast praktiserandi og slíkt, er hægur vandinn að breyta til um slíkt. Og meira að segja, ef ég man rétt, mig misminnir það nú kannske, að í núverandi námslaunakerfi, þar sem er að nokkru leyti lán og að nokkru leyti styrkur, er meira að segja gert ráð fyrir svona möguleika, þannig að það mundum við áreiðanlega koma okkur saman um, þannig að ef hæstv. ríkisstj. færi inn á þetta, væri, held ég, engin hætta á, að menn þyrftu að finna sig eins og þræl hjá ríkisvaldinu. Þeir, sem væru svo frjálshuga, að þeir gætu ekki hugsað sér það að vera starfsmenn ríkisins ævilangt, það væri sannarlega hægt að losa þá undan þeirri kvöð, en þá væri líka um leið hægt að tryggja annars vegar þeim, sem vilja starfa í þjónustu þjóðfélagsins, frá því að þeir setjast í háskólann og til dauðadags, og hafa hæfileika til þess, það væri hægt að tryggja

þeim það öryggi að geta gert það og þjóðfélaginu það öryggi að fá þeirra vinnukraft. Þess vegna vonast ég til þess, þegar við höfum rætt þetta svona hér, að þetta verði a. m. k. mjög alvarlega athugað hjá hv. nefnd.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa orðið óvenjulangar, og sé ég ekkert við það að athuga. Ég tel, að þessar umr. hafi verið bæði nauðsynlegar og gagnlegar.

Þetta frv. má segja, að sé samansett af tveimur meginþáttum: Annars vegar, að mikilsverðar ráðstafanir eru gerðar til þess að bæta hag þeirra lækna, sem eiga að starfa í dreifbýlinu, ég vil segja: alveg óvenjulega mikið er til þess gert með þessu frv. Hins vegar er óneitanlega allrík tilhneiging til þess um leið að fækka læknishéruðum í landinu með lögum. Deilurnar hafa orðið um annan þátt frv., fækkun héraðanna, en hinn þátturinn hefur fyllilega verið viðurkenndur af ræðumönnum, hversu mikið nú á að gera til þess að reyna að tryggja það, að ekki verði læknislaust hérað á Íslandi.

Út af afnámi læknishéraðanna hafa spunnizt allmiklar umr. um eitt hérað sérstaklega, Suðureyrarhérað í Súgandafirði. En af öllum þeim hv. þm., sem talað hafa í málinu, hefur ekki einn einasti mælt því bót að leggja það hérað niður, þó að á því hafi bólað, að það kynni að mega gera það eftir stuttan tíma, ef auglýsingar bera ekki árangur. Ég ætla þó, að hinir muni vera fleiri, sem telja, að það eigi ekki undir neinum kringumstæðum að leggja það niður. Og mér virðist umr. hafa yfirleitt hneigzt í þá átt, að menn fjarlægist það heldur að vera að leggja niður læknishéruð með lögum, og svo skildi ég hæstv. forsrh., að hann sé tiltölulega svipaðrar skoðunar og við, sem höfum þessar umr., um það, að það sé ekkert aðalatriði að vera að leggja héruðin niður með l., heldur er þjónustan, hvernig fyrir henni verði séð, auðvitað aðalatriðið. Ég hef þess vegna þá trú nú, að það komi ekki til, að hv. n. leggi það til, að Suðureyrarhérað verði lagt niður.

En ég vil víkja að hinum tveimur héruðunum á Vestfjörðum, sem á að leggja niður samkv. frv., og samkv. skoðun þeirra manna, sem á þau hafa sérstaklega minnzt, ætla ég, að þeir telji nokkur rök fyrir því að gera það. Þessi héruð eru Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað. Ég skal fúslega viðurkenna, að það eru minni líkur til þess, að læknar fáist í þau heldur en í Suðureyrarhérað. Þó veit enginn okkar nú, hvaða áhrif kunna að hafa þær ráðstafanir, sem nú á að gera með staðaruppbót og öðrum kjarabótum til lækna. Það kann að fara svo, að í þau héruð fáist líka læknar. En sá er galli inn á þessu frv., að það á að leggja þessi tvö héruð, Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, niður skilyrðislaust. Það á ekki að gefa fólkinu í þessum héruðum kost á, að á það reyni, hvort kjarabæturnar geti komið því til leiðar, að læknir komi í héruðin og það hafi lækni. Það á alls ekki að gefa því kost á þessu. Það á að leggja þau niður skilyrðislaust samkv. frv. Í bráðabirgðaákvæðum þessa frv. er sagt, að auglýsa skuli 3 af þeim 5 læknishéruðum, sem frv. fjallar um, að verði lögð niður, en tvö, sem ekki á að auglýsa, eru einmitt þessi: Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað. Að vísu vantar inn í frv. það ákvæði, að komi læknar í hin þrjú, verði þau alls ekki lögð niður. En hæstv. heilbrmrh. gat þess í upphafi síns máls, að með lögskýringu ætti að skilja það svo, að þau yrðu ekki lögð niður, ef læknar kæmu. En þessi tvö héruð eiga ekki að njóta þessara kosta. Þau eiga ekki að njóta þeirra. Ég segi, að mér þyki það nokkuð hart, þótt um fámenn læknishéruð sé að ræða, að draga þau svona í dilka, að tvö af þessum fimm eigi ekki að eiga nokkurn kost á því, að læknir komi þangað þrátt fyrir mikilsverðar tilraunir með þessu frv. að fá þangað lækna. Og hver græðir svo á því, að þau séu lögð niður? Ekki fólkið, sem þarna býr. Það á að hafa sömu þjónustu, eftir að þau eru lögð niður, eins og það hefur nú, þó að héraðið sé læknislaust. Ekki ríkið, því að ég hef ekki orðið þess var, að nokkur hv. ræðumaður hafi imprað á því, að það eigi að spara fyrir ríkið með þessu móti, og það er víst áreiðanlega ekki heldur tilgangurinn. Ef þessi héruð eru áfram sjálfstæð læknishéruð samkv. lögum, en samt læknislaust þar, verður þeim þjónað af nágrannalækni, og sá læknir fær hálf önnur laun. Ef héruðin verða lögð niður og sameinuð nágrannahéraði, verður þeim þjónað af þeim lækni, sama lækninum, og læknirinn fær þar hálf önnur laun. Það er m. ö. o. bókstaflega nákvæmlega sama, hvort heldur verður gert, hvað þetta snertir. Mismunurinn er bara einn og ekki nema einn. Hann er sá, að verði héruðin lögð niður, er útilokaður möguleikinn til, að þar komi læknir aftur, fyrr en þá lögunum yrði breytt. Verði þau ekki lögð niður, er möguleikinn opinn, að læknar komi í þessi héruð. Þetta er munurinn á þessum tveimur aðferðum. Og ég vil spyrja: Hvaða hv. þm. vill stuðla að því að útiloka þennan möguleika hjá þessum tveimur læknishéruðum og hagnast ekkert við það, ekki á nokkurn hátt, hvorki fólkið né hið opinbera? Ég vil því alvarlega beina því til hv. n., að hún láti eitt yfir öll þessi fimm læknishéruð ganga, þau verði engin afnumin, þau eigi öll að hafa opinn möguleikann áfram til þess, að þangað komi læknar, og með öllu ástæðulaust að gera slíka breytingu, fyrr en þaulreynt er, hvort þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera með þessu frv., bera árangur eða bera ekki árangur. Og ég geri mér fyllilega vonir um, að hv. n. geri þetta, því að hún hlýtur að sjá, að hér er misrétti beitt við tvö héruðin af fimm. Það tapar enginn neinu við það, þótt þau séu áfram á pappírnum læknishéruð og þeim verði þjónað af nágrannalækni, fyrst á að þjóna þeim hvort sem er.

Þá vil ég vekja athygli á 4. gr. frv., en þar

segir: „Nú tekst ekki í eitt ár að fá héraðslækni skipaðan í eitthvert læknishérað samkv. 1. gr., þó að það hafi verið auglýst minnst þrisvar, og er þá heimilt að sameina héraðið því nágrannahéraði, sem bezt hentar, ef staðhættir annars leyfa slíka sameiningu, enda verði læknir ráðinn til starfa í hinu sameinaða læknishéraði ásamt héraðslæknum þeim, sem starfa þar fyrir."

Þarna á að heimila heilbrigðisyfirvöldunum að leggja niður læknishéruð án þess að til lagabreytingar komi, ef reynslan eftir eitt ár sýnir, að auglýsingar um lækna bera ekki árangur. Ég vil beina því til n., sem fjallar um þetta mál, að athuga þessa grein sérstaklega. Og mér sýnist, að umr. nú um þetta mál séu lítil hvöt til þess, að Alþ. afsali sér ákvörðunarréttinum um það, hvort nokkurt læknishérað skuli lagt niður eða ekki. Það er að vísu sá munur á þessu og hinni aðferðinni, að þarna á að koma læknir við hliðina á öðrum lækni, þeir verða tveir í hinu sameiginlega læknishéraði, en hið gamla læknishérað, sem verður lagt niður með þessum hætti samkv. 4. gr., er ekki lengur til, og þó að tveir læknar séu í nágrenni, er enginn læknir í hinu gamla héraði fyrir það. Og ég sé ekki heldur, hvað er unnið með þessu, því að auðvitað getur hið opinbera alveg eins ráðið annan lækni til viðbótar í nágrannahérað, meðan hitt héraðið er læknislaust, án þess að leggja það niður, og þá er eins og í hinu tilfellinu opinn möguleikinn til þess, að læknir komi í hið upprunalega hérað.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr., en endurtaka að lokum þá ósk mína, að það verði ekki farið að draga í dilka þessi 5 læknishéruð, sem um er rætt í frv., að verði lögð niður, þannig að 3 af þeim eigi kost á, ef vel fer, að vera til áfram, en 2 eigi alls ekki að vera til lengur. Það teldi ég ranglæti, ef þannig yrði farið með þessi tvö. Það má minna á það, að það eru ekki glæsilegar samgöngurnar hjá fólkinu í þessum tveimur héruðum. T. d. eru Breiðafjarðareyjar, sem m. a. eru stundum innilokaðar af ís og þarf ekki harðan vetur til, jafnvel núna í vetur flugum við nokkrir þm. Vestfjarðakjördæmis yfir Breiðafjörð í janúarmánuði, og þá náðu ísspangirnar út undir Skáleyjar. Það þarf ekki mikið til að gera þessu fólki erfitt fyrir. Um Djúpavíkurhérað er þess að geta, að Árneshreppur hefur ekkert vegasamband við Hólmavík, þar sem læknirinn á að sitja, — ekkert vegasamband. Eða ætli það muni ekki einhverjir hv. þm. eftir frásögn í útvarpinu, sem ekki fyrir löngu var birt um læknisvitjun úr Árneshreppi, þar sem kona var í barnsnauð á Norðurfirði og tók það 24 klukkutíma að ná í lækninn, flytja hann yfir Trékyllisheiði, Reykjarfjörð og norður Árneshrepp, á hestum, á skíðum, á sleða, á bát og gangandi Og þegar loksins læknirinn kom í Norðurfjörð eftir 24 klukkutíma bið, var hann svo út af þreyttur, að hann datt niður og gat ekkert að hafzt til næsta dags og konan rétt að segja í dauðanum. Ég þarf ekki að vera að minna á þetta þess vegna, að ég viti ekki, að hver einasti þm. muni gera sitt til þess að tryggja sem bezta þjónustu þarna. En mér finnst, að svona atburðir séu hvetjandi til þess að leggja ekki læknishéruðin niður að þarflausu, þegar enginn ávinningur er á annað borð.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Þetta frv. til læknaskipunarlaga hefur nú verið allýtarlega rætt við 1. umr. og mál til komið, að það komist til n., því að ég hygg, að meginþorri hv. þm. í þessari d. sé því hlynntur, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég skal þess vegna vera mjög stuttorður. En það eru fyrst og fremst ummæli hv. 11. þm. Reykv. í síðustu ræðu hans, sem gefa mér tilefni til aths.

Þessi hv. þm. lýsti mjög fjálglega yfir undrun sinni á því, að ég og nokkrir fleiri þm. höfum látið það í ljós við þessa umr., að þótt héraðslæknum í nokkrum verst settu læknishéruðunum séu boðnar staðaruppbætur og fleiri hlunnindi til þess að reyna með því að bæta úr hreinu neyðar- og vandræðaástandi, eigi að okkar dómi ekki að gera slíkt að almennri reglu í kjarasamningum annarra embættismanna og opinberra starfsmanna. Yfir þessari afstöðu okkar var hv. 11. þm. Reykv. svo öldungis hissa, að hann sagðist halda, að við, þessir reyndu alþm., eins og hann kallaði okkur, mundum ógjarnan vilja láta það fréttast heim í héruð, að við hefðum ekki það, sem hann kallaði „víðari sjóndeildarhring" en þetta í hagsmunamálum kjósenda okkar. Út af þessu vil ég aðeins segja þetta: Ummæli mín og fleiri hv. þm. féllu að gefnu tilefni frá hv. 11. þm. Reykv., þar sem hann í sinni fyrstu ræðu um þetta mál krafðist þess, að staðaruppbætur og önnur hlunnindi yrðu veitt embættismönnum og opinberum starfsmönnum almennt. Þessi krafa hans sem formanns í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hefði auðveldlega getað orðið til þess að spilla fyrir framgangi þess frv., sem hér liggur fyrir, af því að svo vill nú einu sinni til, að stór hópur þm. telur sér skylt að hugsa um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og það mundi að sjálfsögðu skipta miklu máli, hvort þau kjör, sem boðin eru samkv. frv., næðu til 17—20 manna eða til 4000—5000 manns. Sem betur fer virðist mér á umr., að almennt hafi krafa formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verið skilin sem eins konar skrautsýning af hans hálfu frammi fyrir kjósendum, sem hann langi alveg dæmalaust mikið til þess að hafa góða og fylgispaka, og helzt þannig, að þeir líti á hv. þm. sem einhvers konar bjargvætt. Hv. þm. vill sem sagt ekki láta þessa hv. kjósendur frétta annað af sér en að hann sé einhver hinn mesti kröfugerðarmaður fyrir þeirra hönd, sem fyrirfinnist. Hinu vill hann halda alveg leyndu og ekki láta fréttast til kjósenda, að einhver, og í þessu tilfelli ríkissjóður, þurfi að borga brúsann. Þetta ætti þó hv. þm. að hafa manna bezta aðstöðu til að vita og skilja sem háttsettur embættismað-

ur í fjmrn. Hann ætti t. d. að vita, að síðasta 6.6% launahækkun til opinberra starfsmanna kostar ríkið 66 millj. kr. Þessar 66 millj. kr. þarf að borga, og til þess að það sé hægt, er um tvennt að ræða, annaðhvort að afla ríkinu nýrra tekna með sköttum og álögum eða að skera niður útgjöld samkv. þeim fjárl., sem afgreidd hafa verið fyrir þetta ár, þannig að þessi upphæð sparist.

Í tilfellum sem þessum er afstaða hv. 11. þm. Reykv. og flokksbræðra hans ósköp einföld. Þeir heimta stöðugt aukin útgjöld án þess að gera nokkra skynsamlega grein fyrir fjáröfluninni á móti. En ég vil fyrir mitt leyti gera þá lágmarkskröfu til hv. 11. þm. Reykv. sem háttsetts embættismanns í fjmrn., að hann skilji það, að við, sem skipum stuðningsflokka ríkisstj., getum ekki tekið svo afkáralega afstöðu, allra sízt í því skyni að blekkja kjósendur okkar. Þeir þurfa ekki aðeins á hvers konar opinberri þjónustu að halda, heldur eru þeir líka skattgreiðendur, sem gjarnan vilja, að svo og svo miklu af því fé, sem þeir láta af hendi til ríkisins, sé varið til verklegra framkvæmda, en sé ekki öllu eytt í kostnað við opinber störf. Mínir kjósendur mega a. m. k. frétta það, að í þessu efni telji ég rétt að finna ráð og leiðir, sem taki hæfilegt tillit til hvors tveggja, skattabyrðarinnar annars vegar og möguleikanna til að framkvæma það, sem gera þarf á vegum þess opinbera almenningi til hagsbóta, hins vegar.

Hef ég svo litlu við að bæta öðru en því að benda á, að séu þau fríðindi, sem fram eru boðin samkv. frv., gerð að almennri reglu, ná þau ekki tilgangi sínum. Þess vegna eru þau aðeins boðin fram í 17—20 læknishéruðum, en ekki í læknishéruðunum öllum. Þess vegna er það líka á misskilningi byggt hjá hv. 11. þm. Reykv., að staðaruppbætur geti bætt úr almennum hjúkrunarkvennaskorti, eins og hann sýndi reyndar fram á sjálfur í ræðu sinni með því að gera grein fyrir, hversu tilfinnanlegur skortur er á hjúkrunarkonum bæði í dreifbýli og þéttbýli. Af þessum ástæðum vil ég ítreka það, að opinberir starfsmenn eiga að mínum dómi ekki almennt að bera sig saman við læknana í erfiðustu læknishéruðunum. Þeir geta borið fram réttmætar kröfur til kjarabóta á öðrum grundvelli.

Hv. 11. þm. Reykv. nefndi það í sinni ræðu, að gripið hefði verið til þess ráðs vestur á Ísafirði fyrir nokkrum árum að greiða kennurum staðaruppbót. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. En þar með er ekki öll sagan sögð. Af þessu varð nefnilega ekki mikill árangur annar en sá, að kaup þeirra kennara, sem fyrir voru, hækkaði. Það varð ekki til þess, að nýir kennarar kæmu til staðarins. Þetta var ekki óeðlileg ráðstöfun á þeim tíma, vegna þess að kennarar voru orðnir aftur úr öðrum stéttum í launum, og þá var beðið eftir kjarabótum þeim til handa, sem fengust með þeim kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem nú gilda. Og auðvitað var það í samræmi við allan málflutning hv. 11. þm. Reykv., að hann þagði vandlega yfir því, að þessar staðaruppbætur eru ekki lengur greiddar og voru aldrei greiddar nema í eitt ár vestur á Ísafirði. Sannast sagna held ég, að það sama hafi átt sér stað annars staðar, þar sem þessar tímabundnu staðaruppbætur voru upp teknar.

Hv. 5. þm. Vestf. sýndi tilburði í þá átt að taka undir þann málflutning hv. 11. þm. Reykv., sem ég hef gert að umtalsefni, með því að líkja mér og fleiri þm. við herkerlingar, sem syngju í kór eftir skipun frá öðrum. Þetta er vitaskuld sleggjudómur, sem naumast er svara verður. En ég tel þó, að ég muni það rétt, að við umr. hér í hv. d. um kjör verkfræðinga hafi hv. 5. þm. Vestf. eitt sinn látið orð falla á þá leið, að hann vildi ekki jafna til kjörum svo lærðra manna sem þeirra og alls almennings, og sýnir þetta, að hv. þm. getur tekið undir svipaðan söng, þegar sá gállinn er á honum. En auðvitað fer hann alltaf út af laginu, eins og reynslan sýnir.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í umr. um mál þetta hefur það borið á góma, að um 80—90 íslenzkir læknar væru nú starfandi erlendis. Það hefur verið minnt á það, að læknar þessir nytu hér ókeypis skólavistar, námslána og jafnvel námsstyrkja, og þess vegna sýndi það litla þjóðhollustu, að þeir skyldu að námi loknu setjast að erlendis og nota sína kunnáttu þar, en ekki vera hér heima. Þar sem ég þekki persónulega fjölda þeirra lækna, sem starfa nú erlendis, sumir þeirra voru skólabræður mínir í menntaskóla og aðrir í háskólanum, og ég stend í bréfasambandi við nokkra þeirra enn í dag einmitt um þessi mál, þá langar mig til þess að láta koma fram hér við þessar umr. sjónarmið, sem gæti skýrt fjarveru þessara manna hér af landi, — sjónarmið, sem ekki hefur verið haldið fram í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað um frv.

Eins og tekið hefur verið fram í þessum umr., hafa ýmsir læknar að loknu námi hér við háskólann farið til útlanda til þess að afla sér framhaldsmenntunar og dvalið þar stundum við framhaldsnám 3—4 ár. Þegar þessir læknar eru búnir að afla sér þessarar framhaldsmenntunar, þurfa þeir að sjálfsögðu að hafa skilyrði á sjúkrahúsum til þess að geta unnið, þannig að sú sérfræðimenntun, sem þeir hafa verið að leggja sig eftir að afla, komi þeim að notum. Ég fullyrði það, að meginástæðan til þess, að margir þeirra lækna, sem dvalizt hafa erlendis við framhaldsnám, eru nú búsettir ytra, er einungis sú, að þeir fá ekki þá aðstöðu við sjúkrahúsin í landinu, sem sérfræðikunnátta þeirra krefst. Ég fullyrði, að launaspursmálið er ekki aðalatriðið í sambandi við þessa mjög svo menntuðu lækna. Til þess að sýna þetta langar mig til þess að lesa örstuttan kafla upp úr bréfi frá einum íslenzkum lækni, sem aflað hefur sér framhaldsmenntunar og hefur nú dvalizt og starfað erlendis um 10 ára skeið. Mér er kunnugt um það, að þessi læknir vill

ekkert frekar en flytja hingað til landsins og geta sinnt sínum læknisstörfum við það verkefni að hjúkra Íslendingum, en hann á þess engan kost, vegna þess að við ekkert þeirra sjúkrahúsa, sem til eru í landinu, eru aðstæður, sem hæfa hans menntun. Með leyfi forseta, segir þessi læknir þannig í bréfi:

„Ég hef m. a. ópererað eina konu, sem var heyrnarlaus á öðru eyra af völdum sjúkdóms, sem heitir audoskeleros og þjáir 3‰ af fólki jarðar. Var hún alheil eftir á. Þetta þýðir, að heima á Íslandi eru um 750 manna með þennan sjúkdóm, meira eða minna langt genginn, hafandi enga von um óperatíva hjálp, þar sem enginn á Íslandi getur ópererað þessa sjúklinga. Maður getur vissulega hengt á þá heyrnartæki, en fylgikvillana, eins og svima og suð í eyrunum, bætir maður skiljanlega ekki á þennan hátt. Slíkt hverfur aftur á móti við uppskurð. Þetta m. a. hefur knúið mig til þess að skrifa þetta bréf. Ég hef lengi beðið óþolinmóður eftir, að eitthvað heyrðist frá læknum heima eða hinu háa Alþ. viðvíkjandi lausn á vandamálum heyrnardaufra og blindra, en án árangurs.“ Og áfram segir þessi læknir: „Vel menntaður háls-, nef- og eyrnalæknir hér úti fæst við alla kirúrgíska sjúkdóma og óperasjónir, sem fyrirfinnast, ekki bara í eyrum, heldur í kjálkum, munni, hálsi, bæði innri og ytri hálsi, rannsakar lungun með sérstökum lýsingartækjum innan frá, lagar öll andlitsbrot o. fl., o. fl. Þetta er sem sé mjög yfirgripsmikið sérgreinarsvið. Hér í Svíþjóð finnst minnst ein klínik í hverju léni fyrir þessa sjúkdóma, og er áætlað, að ein deild með um 30 sængum nægi fyrir 150 þús. íbúa. Þetta þýðir, að ein deild í Reykjavík með 30 plássum og ein á Akureyri með 10 mundu nægja handa landsmönnum öllum.“

Ég ætla ekki að lesa meira upp úr bréfinu, þess er ekki þörf, en mér þykir ástæða til í sambandi við þær umr., sem hér hafa verið um þetta frv., að láta þetta sjónarmið koma fram, því að eftir því sem ég hef bezt heyrt, hefur alveg verið yfir því þagað sem ástæðu fyrir fjarvist íslenzkra lækna af landinu.

Ég er ekki með þessum fáu orðum að ásaka einn eða neinn um það, að ástand eða útbúnaður sjúkrahúsa okkar sé ekki betri en raun ber vitni. Mér er það fyllilega ljóst, að við erum fámenn þjóð og eigum við mikil vandamál að etja, og í sambandi við heilbrigðisþjónustuna, eins og svo margt annað hér í landinu, eigum við mörg og mikil verkefni óunnin. Mér er þetta alveg fyllilega ljóst. En hitt gerir ekki til, að á þetta atriði sé bent og reynt að vekja athygli á því, að í landinu eru sjúkir einstaklingar, svo að hundruðum skiptir, bæði í þéttbýli og eins í strjálbýli, sem enga aðstöðu hafa til þess að leita lækninga hér á landi, vegna þess að hér eru ekki þeir sérfræðingar, sem geti veitt þá lækningu, sem dugir, og ástæðan í flestum tilfellum til þess, að svo er, er sú, að sjúkrahúsin hafa ekki upp á þá aðstöðu að bjóða hér heima, sem þeir þurfa að fá og er skilyrði til þess, að þeir geti notað sína miklu og dýru menntun.“

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Hæstv. forsrh. taldi, að óþarft hefði verið og hláleg vinnubrögð hjá nokkrum hundruðum hjúkrunarkvenna að senda áskorun til ríkisstj. um að hraða byggingu nýs hjúkrunarskóla. Sagði hæstv. ráðh., að þær hefðu vitað, að búið væri að leysa málið og samþykkja 7 millj. kr. fjárveitingu á þessa árs fjárlögum til byggingar skólans, og væru því einkennileg vinnubrögð hjá þessari stétt að senda slíka áskorun og í mesta máta óviðeigandi, að mér skildist, af mér að vitna til þeirrar áskorunar. Mér sýnist hins vegar ekkert einkennilegt við það, að þessi áskorun væri send, þó að vitað væri um fjárveitinguna og þau skref, sem hafa verið stigin í þessu máli. Ég vil benda hæstv. forsrh. á, að það hefur áður komið fyrir, að ákveðið hafi verið að reisa stórbyggingar fyrir tilteknar ríkisstofnanir og veitt til þess fé í fjárlögum og það árum saman, og samt hefur ekki verið hafizt handa um framkvæmdir. Ég bendi á ákvörðun um byggingu stjórnarráðshúss, sem ákveðin var 1954 og veitt hefur verið fé í fjárlögum til alla tíð síðan, og ekki hef ég orðið var við það, að framkvæmdir væru hafnar við þá byggingu. Ég bendi á tollstöð, sem ákveðið var fyrir mörgum árum að reisa. Til þeirrar byggingar hefur árum saman verið tekið sérstakt gjald af öllum innflutningi, og mun byggingarsjóður nú nema yfir 30 millj. kr., samt eru framkvæmdir ekki hafnar. Það er matsatriði, hvenær á að hefjast handa um þessar framkvæmdir, og ég vil alls ekki með þessum orðum ýta neitt á eftir þessum framkvæmdum, vil einungis sýna fram á, að það getur verið ástæða til að ýta á eftir málum, þótt búið sé að samþykkja fjárveitingar.

Í fjárlögum 1965 eru veittar 7 millj. kr. til byggingar hjúkrunarskóla og á þetta lagði hæstv. forsrh. áherzlu. Í 22. gr. fjárlaga 1965 er einnig heimild til þess að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum 1965. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Er óhætt að treysta því, að fjárveiting á þessum lið, 7 millj. kr., verði notuð að fullu og óskert á árinu 1965? Raunar ætti varla að þurfa að spyrja að þessu eftir ummæli hæstv. forsrh. hér í fyrradag, en þetta er þó atriði, sem ég og vafalaust margir fleiri gjarnan vildu fá að vita.

Út af endurskoðun ljósmæðralaga sagðist hæstv. forsrh. hafa fengið sömu svör í dómsmrn. og ég hafði fengið sama dag, að málið væri hjá ráðuneytisstjóranum. Það er ekki tiltökumál, þótt hæstv. ráðh. geti ekki svarað fyrirspurn minni, þegar hann hefur ekki upplýsingar í höndum frá sínum starfsmönnum. Um það gat ég hins vegar ekki vitað, hvað ríkisstj. hefði ákveðið í þessu máli fyrir fram, ég vissi aðeins þau svör, sem ég fékk hjá starfsmönnum í dómsmrn., sem vissu ekki á hvaða stigi málið væri, og var það eðlilegt, þar sem þeirra yfirmaður var ekki við og hæstv. heilbrmrh. ekki heldur. Ég vildi hins vegar mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann biðji heilbrmrh. að veita upplýsingar um það hér

í hv. d., þegar hann kemur heim, hvenær vænta megi, að frv. til nýrra ljósmæðralaga verði lagt fyrir Alþingi.

Ég skil vel sárindi hv. 2. landsk. þm. og mun ekki svara honum miklu, vil aðeins leiðrétta það, sem hann sagði, að ekki væru til nægilega margar hjúkrunarkonur í landinu. Þessu er ekki þannig varið. Það er mikill fjöldi lærðra hjúkrunarkvenna til og miklu fleiri þeirra mundu vafalaust fást til starfa, ef þeim væru greidd sómasamleg launakjör. — Ég skal svo ekki tefja þessar umræður frekar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það var einmitt í tilefni af ummælum um hjúkrunarskólann, sem höfðu fyrr fallið í þessum umræðum, sem ég hafði kvatt mér hljóðs, þótt ég teldi sjálfsagt, að hv. þm. talaði á undan, þegar hann lét þess getið, að hann hefði þegar kvatt sér hljóðs, en það farið fram hjá hæstv. forseta.

Hv. 4. þm. Reykv. lét þess getið í ræðu fyrr í þessum umr., að keyra hefði þurft ríkisstj. áfram með svipuhöggum til þess að hafast eitthvað skynsamlegt og gagnlegt að í málefnum hjúkrunarskólans. Hæstv. forsrh. svaraði þessum ummælum nokkrum orðum í einni af ræðum sínum, og var allt, sem hann sagði um málið, bæði satt og rétt. En vegna þess að málefni hjúkrunarskólans heyra undir menntmrn., þykir mér rétt að bæta nokkrum frekari upplýsingum við það, sem hæstv. forsrh. sagði, til þess að ekkert þurfi að fara á milli mála um einstök atriði þess máls, sem hér er um að ræða.

Það er 22. júlí 1963, sem formaður skólanefndar hjúkrunarskólans, dr. Sigurður Sigurðsson landlæknir, ritar menntmrn. og óskar eftir því, að það beiti sér fyrir fjárveitingu á fjárlögum næsta árs, fjárlögum 1964, til byggingar hjúkrunarskóla. En þá kom í ljós við athugun málsins, að engin teikning, ekki einu sinni frumdrög að teikningu viðbyggingar við hjúkrunarskólann höfðu verið gerð. Ég bað því þegar um það, að undinn yrði bráður bugur að því, — það bað ég um strax í kjölfar þessa bréfs, — að gera teikningar að viðbyggingu við hjúkrunarskólann og kostnaðaráætlun um þá teikningu.

Þegar fjárlög voru afgreidd hér á hinu háa Alþingi í des. 1963, voru enn engar teikningar og enn engin kostnaðaráætlun komin, og þess vegna taldi ég mér ekki fært að fara fram á það við hv. fjvn., að hún tæki fjárveitingu til byggingar þessa skóla inn í fjárlög fyrir árið 1964 enda er svo skýrlega fyrir mælt í lögum um greiðslu skólakostnaðar, að fjárveitingar til skólabygginga skuli ekki ákveðnar af Alþingi, fyrr en fyrir liggja bæði teikningar og kostnaðaráætlun. Hins vegar var tekin í heimildagrein fjárlaganna heimild til lántöku til byggingar hjúkrunarskólans, þ. e. a. s. á síðustu stundu var hjúkrunarskólanum bætt við lánsheimild vegna menntaskóla og kennaraskóla, þannig að lánsheimild skyldi geta náð til hjúkrunarskólans eins og menntaskólans og kennaraskólans.

Það er síðan 22. apríl í fyrra, 22. apríl 1964, sem bréf kemur frá skólanefndinni um það, að teikningar og kostnaðaráætlun séu nú tilbúnar. Skömmu síðar, eða 6. maí 1964, fer ég ásamt landlækni, formanni byggingarnefndar og fleiri embættismönnum úr menntmrn., þ. á m. ráðuneytisstjóra Birgi Thorlacius, í hjúkrunarskólann, við skoðum hann og könnum þörfina fyrir nýbyggingar þar, og að loknum mjög ýtarlegum umræðufundi í hjúkrunarskólanum með þessum embættismönnum og að sjálfsögðu skólastjóra hjúkrunarskólans er tekin sú ákvörðun í byggingarmáli hjúkrunarskólans, að svo miklu leyti sem þessir aðilar voru um það bærir að taka ákvörðun á því stigi, að það væri ekki heppilegt að byrja byggingarframkvæmdir það vor með því fé, sem kynni að fást út á lánsheimildina, heldur skyldi stefnt að því að undirbúa málið rækilega fyrir næsta vor, fyrir vorið 1965, og gera tilraun til þess að fá það fé á fjárlögum ársins 1965, sem hægt yrði að vinna fyrir á því ári, og síðan vilyrði fyrir fjárveitingum áfram, þannig að ljúka mætti byggingunni á 2—3 árum. Þessi stefna var mörkuð á þessum fundi 6. maí 1964 í hjúkrunarskólanum, og allir aðilar voru þessari meginstefnu sammála, formaður byggingarnefndarinnar, skólastjóri hjúkrunarskólans og við, sem þarna vorum f. h. menntmrn. Ég lagði þetta mál þegar í stað á eftir fyrir ríkisstjórnina, og ríkisstj. féllst á þessi sjónarmið og ákvað þar með, að byggingarmálum hjúkrunarskólans skyldi þannig hagað, að ríkisstj. skyldi taka í fjárlagafrv. sitt fyrir árið 1965 þá fjárupphæð, sem talið væri unnt að vinna fyrir á því ári, og síðan árið 1966 það, sem nauðsynlegt væri til þess að ljúka byggingunni eða koma henni eins langt og fært þætti á því ári. Og þetta var gert. Húsameistari var beðinn um áætlun um það, fyrir hversu mikið fé væri hægt að vinna á árinu 1965. Hann taldi hægt að vinna samkv. teikningunni fyrir 7 millj. kr., ekki meira, og 7 millj. voru teknar í fjárlög ársins 1965 og eru í fjárlögum 1965 samkv. till. ríkisstjórnarinnar.

Ég vil taka það sérstaklega fram og undirstrika, að það leið ekki einn mánuður, frá því að ríkisstj. bárust fullgildar teikningar og kostnaðaráætlun um nýbyggingu fyrir hjúkrunarskólann, þangað til hlutaðeigandi aðilar: byggingarnefnd, skólastjóri og ríkisstjórn, höfðu markað framtíðarstefnu í málinu, sem tvímælalaust varð að teljast sú skynsamlegasta, eins og öllum málavöxtum var háttað. Þessar ákvarðanir höfðu þegar verið teknar í maímánuði 1964 og þar með mörkuð stefna í málefnum skólans, og ég þori að fullyrða, að jafnvel þó að byrjað hefði verið til einhverra málamynda á sumrinu 1964 fyrir nokkurra millj. kr. lánsfé, hefði skólinn fyrir þær sakir ekki orðið fyrr tilbúinn en hann verður nú með þeirri miklu fjárveitingu, sem ákveðin er á ár-

inu 1965, enda nægilegt fé fyrir hendi til þess að vinna fyrir það, sem framkvæmanlegt þykir að vinna við byggingunа á þessu ári.

Þetta er sá þáttur í þessu máli, sem raunverulega skiptir máli, þetta er alvöruþátturinn í málinu, ef svo mætti segja. En rétt eftir að þessar ákvarðanir voru teknar hefst ofboðlítill gamanþáttur í málinu, því að það gerist 20. maí eða rétt eftir að þessar fullnaðarákvarðanir voru teknar og öllum, sem áhuga höfðu á málinu, var kunnugt um, að ákvarðanir höfðu verið teknar, hefst áskoranasöfnun eða áskriftasöfnun meðal lækna, læknakandidata og læknastúdenta um það að skora á ríkisstj. að hraða byggingarmálinu. Ríkisstj. tók að sjálfsögðu með ánægju á móti áskorun um að hraða byggingarmáli, sem hún sjálf var búin að taka fullnaðar- og endanlegar ákvarðanir um, hvernig skyldi haga, og að hafa skyldi sérstakan hraða á þessu máli, meiri hraða en á mjög mörgum öðrum byggingarmálum, sem verið hafa á döfinni, auðvitað af því, að ríkisstj. hefur viðurkennt frá byrjun, að mikil þörf væri fyrir hjúkrunarskólann. Og seinni gamanþátturinn í málinu er svo fólginn í því, að um haustið í fyrra, í ágústmánuði, hefst áskriftasöfnun meðal hjúkrunarkvenna á öllu landinu um að skora á ríkisstj. að hraða byggingarmálinu, þó að ég sé þess fullviss, að ýmsir forustuaðilar í hjúkrunarkvennastétt vissu vel, hvernig málinu var komið og hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar. En einhverjir aðilar virðast hafa sérstaka ánægju af því að ganga um á milli manna og kvenna með áskriftaskjöl um að skora á ríkisstj. að hraða þessu máli, en hraðinn á áskriftasöfnuninni var samt ekki meiri en svo, að það tók tímann frá 11. ágúst 1964, er áskriftasöfnunin hófst, og þangað til nú fyrir 2 eða 3 vikum, að tvær ágætar hjúkrunarkonur gengu á minn fund og afhentu mér undirskriftaskjalið undirskrifað af eitthvað 300 hjúkrunarkonum. Það tók með öðrum orðum ekki langt frá því hálft ár að safna undirskriftum 300 hjúkrunarkvenna undir það að hraða byggingarframkvæmdum, sem allar ákvarðanir höfðu verið teknar um. Látum það nú vera, ef einhverjir hafa gaman af slíkum vinnubrögðum, er þeim það síður en svo of gott. Auðvitað skaðaði það ekki málið, það gerði ekki heldur gagn af þeirri einföldu ástæðu, að skynsamlegar ákvarðanir höfðu áður verið teknar í málinu.

Ég get svo að síðustu látið þess getið, að undanfarið hefur farið fram fullnaðarendurskoðun á teikningum og á kostnaðaráætlun fyrir þessa byggingu, sem hér er um að ræða, og um hana hafa fjallað allir þeir aðilar, sem um slíkar byggingar eiga að fjalla: húsameistari, fræðslumálastjóri, byggingarnefndin að sjálfsögðu, og einmitt 15. marz s. l. staðfesti menntmrn. endanlega teikningarnar og kostnaðaráætlunina og hefur skýrt byggingarnefndinni frá því og þar með heimilað henni að hefja byggingarframkvæmdirnar og ráðstafa því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Á 59. og 60. fundi í Nd., 29. og 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 290, n. 361, 342, 347, 362, 380, 392).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. til læknaskipunarlaga til meðferðar á nokkrum fundum sínum. N. bárust nokkur erindi í sambandi við þetta mál frá Alþýðusambandi Norðurlands, hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps og ýmsum félagasamtökum þar á staðnum, enn fremur frá hreppsnefnd Suðureyrarhrepps og frá hreppsnefnd Árneshrepps og sömuleiðis frá stjórn Læknafélags Norðvesturlands.

Eins og fram kom við 1. umr. málsins hér í hv. d., komu fram nokkrar aths. við þetta frv., sérstaklega í sambandi við það að leggja niður nokkur læknishéruð, og tók n. það til mjög ýtarlegrar athugunar og varð sammála um að leggja til, að 3 af þessum læknishéruðum, Suðureyrarlæknishérað, Bakkagerðislæknishérað og Raufarhafnarlæknishérað, yrðu tekin inn í 1. gr. aftur og felld niður úr ákvæðum til bráðabirgða. Áður en n. afgreiddi málið, hafði dómsmrh. lagt fram brtt. við frv. þess efnis, að Suðureyrarlæknishérað yrði tekið aftur inn í, og mælir n. með samþykkt þeirrar tillögu.

Í sambandi við þessi 3 læknishéruð þykir mér rétt að geta þess, að í Suðureyrarlæknishéraði hefur orðið nokkur fjölgun íbúa, frá því að þar var stofnað læknishérað, en þessi tvö læknishéruð, Suðureyrarhérað og Raufarhafnarhérað, voru gerð að sérstökum læknishéruðum með lögum frá 1955, og var Suðureyrarlæknishérað auglýst til umsóknar 15. ágúst 1957 til veitingar frá 1. jan. 1958, og var læknir settur í héraðið frá þeim tíma, og sat sá læknir til 4. okt. 1963. Síðan hafa tveir læknakandidatar gegnt héraðinu stuttan tíma, og nú frá 15. júní 1964 hefur héraðslæknirinn í Flateyrarlæknishéraði gegnt þessu héraði. Að vísu kom það fram við 1. umr. málsins, að þegar þetta læknishérað var gert að sjálfstæðu héraði, brugðu íbúar héraðsins mjög fljótt við og reistu mjög myndarlegan læknisbústað og sjúkraskýli, og allt bendir því til þess, að með þeim breytingum, sem nú eru gerðar á frv. til læknaskipunarlaga, eru meiri möguleikar á því, að þetta hérað fái lækni aftur, heldur en verið hafa að undanförnu.

Líkt má segja um Raufarhafnarhérað. Þar voru íbúar á árinu 1960 472 og 1964 479. Læknir var fyrst skipaður í því héraði 1. jan. 1958, en þá voru íbúar 457, og var hann til 1. júlí 1961.

Bakkagerðishérað hefur mikla sérstöðu. Það er einangrað hérað, og þar er mjög svipuð íbúa-

tala og var, meðan Borgarfjarðarhreppur var einn í læknishéraðinu. 1955 var þar 351 íbúi og 1964 331.

Nefndin ræddi þessi mál við heilbrmrh., og sömuleiðis hefur n. eða fulltrúi frá n. rætt við landlækni og aðra þá, sem stóðu að samningu frv. til læknaskipunarlaga, og er fullt samkomulag um þessar breytingar allar.

Eins og sjá má af brtt., eru tekin inn í ákvæði til bráðabirgða tvö læknishéruð, og eru það Djúpavíkurhérað og Flateyjarlæknishérað. Djúpavíkurhérað var 1943 með 535 íbúa, en 1964 eru íbúar þar 267. Frá 1. apríl 1943 hefur enginn læknir verið skipaður í það hérað, en það hét þá Reykjarfjarðarhérað, og fram til ársins 1950 voru af til, einkum að sumarlagi, settir læknar og læknakandidatar eða læknastúdentar til að gegna héraðinu, en að öðru leyti var því gegnt af Hólmavíkurlækni. N. lítur svo á, að með því að taka inn í ákvæði til bráðabirgða þetta hérað ásamt Flateyjarlæknishéraði, en þar eru ekki eftir nema 119 íbúar, verða þessi héruð auglýst þrisvar sinnum með hinum nýju launakjörum, sem um ræðir í sambandi við 20 önnur læknishéruð. Það er skoðun flestra nm., að það séu fremur litlar eða engar líkur til þess, að fastur læknir fáist í svo fámenn héruð sem þessi. Hins vegar þykir sjálfsagt að verða við óskum íbúa Djúpavíkurlæknishéraðs að leggja það ekki niður, fyrr en reynt sé til hlítar, hvort læknir fáist til þess að gegna þessu héraði.

Brtt. n. fela í sér þetta helzt, að þessi þrjú héruð eru aftur tekin inn í 1. gr., héruðin, sem ég nefndi áðan: Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað, og svo aftur þessi tvö inn í ákvæði til bráðabirgða, og svo nokkrar leiðréttingar í samræmi við þetta. M. a. höfum við tekið inn þá breytingu, að Flateyjarlæknishérað sameinist Reykhólalæknishéraði, en íbúar Flateyjarhrepps hafi aftur rétt til þess að sækja til Stykkishólmslæknis, eftir því sem þeir óska hverju sinni.

Í sambandi við 1. mgr. 6. gr. var í frv. upprunalega gert ráð fyrir 17 læknishéruðum, sem nytu þessara hlunninda, en nú hefur þeim með brtt. n. verið fjölgað um 3 eða í 20 héruð, en eftir sem áður er óbreytt um 5 ótiltekin læknishéruð, sem kæmu til með að njóta þessara hlunninda, ef nauðsyn er talin bera til.

Þá hefur n. einnig flutt till. um það við 7. gr., að í stað þess, að heimilt er að ráða lækna til viðbótar, eins og segir í gr., komi: 8, með tilliti til þess, að þessum hlunnindalæknishéruðum er fjölgað um 3.

Að öðru leyti skýra brtt. n. sig sjálfar, og þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð.

Við 1. umr. þessa frv. hér í hv. þd. beindust umr. þm. að verulegu leyti um fækkun læknishéraða, en minna um þær miklu umbætur, sem frv. felur í sér. Þrátt fyrir að fjölgun hefur orðið í læknastétt landsins, hefur skortur á héraðslæknum orðið tilfinnanlegri með hverju árinu sem líður, og hefur það fyrst og fremst gengið út yfir þau læknishéruð, sem fámennust eru og búa við lakastar samgöngur. Á s. l. hausti hafði enginn umsækjandi fengizt í 16 læknishéruð, og voru 7 þeirra læknislaus, en gegnt af nágrannalæknum, en 9 er gegnt af læknakandidötum til bráðabirgða. Fólk, sem býr í þessum héruðum, finnur átakanlega til þess öryggisleysis, sem því er samfara að hafa ekki lækni.

Með þessu frv. er farið inn á nýjar brautir með því að hækka verulega laun héraðslækna í fámennustu héruðunum á þann hátt, að í 20 tilteknum læknishéruðum og ef nauðsyn krefur í 5 öðrum ótilteknum héruðum skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi læknishéraði. Þá er ákvæði um námsleyfi fyrir héraðslækna, sem gegnt hafa héraðslæknisembætti í einhverju áður greindra 20 læknishéraða í 5 ár samfleytt, eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms erlendis eða hérlendis án skuldbindingar um áframhaldandi héraðslæknisþjónustu og greiðslu fargjaldskostnaðar fyrir sig og fjölskyldu sína til þess lands, er hann hyggst stunda nám í, hvort sem það er í Evrópu eða Norður-Ameríku, og sömuleiðis með greiðslu á fargjaldakostnaði til baka, ef hann skuldbindur sig til þess að gegna héraðslæknisþjónustu áfram. Með þessum miklu launahækkunum og fríðindum er þess að vænta, að læknar fáist frekar til þessara héraða, sem erfiðast hefur reynzt að fá lækna til. Hins vegar er því ekki að leyna, að margvíslegar aðrar ástæður liggja til grundvallar því, hversu erfitt er að fá lækna til að sækja um héraðslæknisstörf í dreifbýlinu.

Þá eru í frv. nokkur önnur nýmæli frá gildandi l., sem fela í sér aukin hlunnindi til héraðslækna almennt, eins og stofnun bifreiðalánasjóðs héraðslækna og enn fremur að veita læknanemum, sem staðizt hafa fyrsta hluta embættisprófs, ríkislán gegn skuldbindingu um þjónustu í héraði að námi loknu.

Hæstv. heilbrmrh. og ríkisstj. í heild hafa með þessu frv. sýnt áhuga og góðan vilja til að bæta úr alvarlegu ástandi í læknamálum dreifbýlisins, sem allir hljóta að fagna. Hins vegar má segja, að fleira þurfi að koma til, og vil ég sérstaklega minna á, að efla þarf læknisvitjanasjóð, og vænti ég þess, að hæstv. heilbrmrh. láti hraða endurskoðun þeirra laga.

Eins og ég hef nú skýrt frá þessum brtt., hefur það orðið að samkomulagi í n. að leggja þær hér fram, og voru allir nm. mættir og skrifuðu undir nál., og hygg ég, að flestir megi mjög vel við una þessa afgreiðslu málsins, þegar við hugsum til þeirra umr., sem áttu sér stað við 1. umr. í þessari hv. deild.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Mér er kunnugt um, að hún hefur fjallað af samvizkusemi um málið og ýtarlega. Hún hefur gert ýmsar leiðréttingar á frv. til bóta og flutt brtt. einnig, sem eru til bóta. Þær hef ég allar kynnt mér og get fallizt á þær og sumar reynd-

ar einnig fluttar í samráði við mig. Um brtt., sem ég flyt á þskj. 342 um Suðureyrarhérað, er það ljóst, eins og fram kemur í grg. n., að hún hefði tekið þá brtt. upp líka. Það atvikaðist nú þannig, að ég flutti þessa brtt. fljótlega, því að mér fannst, að eftir atvikum væri það eðlilegra, sem fram kom hér í umr. og reyndar annars staðar frá, að láta þetta hérað halda áfram enn um sinn og sjá, hvort ekki tekst svo til, að þar verði læknir skipaður. Fyrrv. héraðslæknir, sem nú er staddur í Svíþjóð, skrifaði mér ýtarlegt bréf um þetta mál, hógvært og greindarlegt, og það var bæði það og ýmsar fleiri ástæður, sem ollu því, að ég flutti þessa brtt., en um hana er víst enginn ágreiningur.

Ég lét í ljós við 1. umr. málsins, að ég væri ekki alls kostar ánægður með, hvernig þessu frv. var tekið. Ég ætla nú ekki að víkja að því og allra síst að erfa það. Það eru víst álög á okkur þm. öllum að misskilja stundum hverjir aðra að ástæðulitlu. Mér þykir hins vegar mjög vænt um, að það sér nú hilla undir það, að þetta mál geti fengið góða afgreiðslu með sameiginlegri afstöðu þm. á þessu þingi, og það þykir mér mjög vænt um, en þó miklu vænna um hitt, ef það mætti leiða til úrbóta á því mikla vandamáli, sem því er ætlað að einhverju leyti og að sem mestu leyti að leysa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 380 við 13. gr. þessa frv. Í 13. gr. er gert ráð fyrir, að að uppfylltum sérstöðum skilyrðum megi veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi. Í minni brtt. felst, að heimilt skuli að veita á ári hverju læknastúdentum námslaun, er nægi þeim til lífsframfæris, meðan þeir stunda nám í læknadeild, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð, svo sé og heimilt, ef þörf þykir, að hafa ákvæði til þess að tryggja á sama hátt sjúkrasamlagslækna.

Ég held, að það hafi komið mjög greinilega í ljós í sambandi við allt það vandamál, sem læknaþjónustan í dreifbýlinu er, að það, sem fyrst og fremst þurfi að gera í þessum efnum auk þeirra umbóta, sem verið er að gera með þessu frv., betri launa fyrir læknana og ýmis fríðindi, sem þeir fá, þegar þeir eru í dreifbýlinu, þurfi að tryggja, að meira af læknastúdentum geti útskrifazt, sem vilji taka að sér slíka þjónustu. Núna mun það vera svo, að maður, sem leggur fyrir sig að verða læknir og byrjar hér að nema og ef hann verður að taka allt að láni, vegna þess að hans efnahagur sé þannig, að hann eigi ekki svo ríka foreldra að, að þeir geti kostað hann allan tímann, og ef hann getur fengið slík lán, sem er mjög erfitt, vegna þess að við vitum um, að það er mjög margt af mjög efnilegum læknanemum, sem verður að hætta læknanámi af fjárhagslegum ástæðum, þó að þeir vildu helzt rækja það nám, — en ef hann getur fengið lán til þess að ljúka við þetta, verða hans skuldir almennt að loknu námi frá 600 þús. kr. upp í 1 millj., ef hann t. d. fer eitthvað út á eftir til þess að reyna að fullnuma sig, þannig að bara t. d. vextir af slíkum fjárupphæðum eru strax orðnir stórfé, þegar farið er að reikna út laun á eftir og á að taka tillit til slíks. Ég held þess vegna, að það sé um að gera fyrir þjóðfélagið, að svo miklu leyti sem það ætlar að hafa þessa lækna sem fastráðna starfsmenn sína og ekki bara hafa þá í „bisness" svo að segja, þá sé alveg nauðsynlegt, að þjóðfélagið taki upp þann hátt að launa slíka menn frá upphafi, láta þá fá námslaun, á meðan þeir eru í háskólanum. Það mundi vissulega þýða um leið, að þjóðfélagið gerði ýmsar sterkari kröfur til þeirra. En ég held, að það sé ekkert að því. Og þegar ég segi þarna: meðan þeir stunda nám í læknadeildinni, á ég við, að þeir fái full námslaun allan veturinn, — allan tímann, sem þeir stunda námið, fái þeir full námslaun, sem þeir geti lifað af, þeir verði starfsmenn ríkisins strax frá upphafi og séu það áfram. Og ég er alveg viss um, að þetta mundi hjálpa stórlega til þess að fá efnilega og unga menn til þess ekki aðeins að byrja á læknanáminu, heldur halda áfram við það og sinna því.

Ég minntist á við 1. umr. þessa máls, að næst á eftir því að leysa vandamál fólksins í dreifbýlinu og skapa því lífsmöguleika með því að tryggja því lækna stöndum við frammi fyrir því vandamáli nú, að í þéttbýlinu eru að verða vandkvæði á því að fá sjúkrasamlagslækna. Það eykst í sífellu sá háttur, að læknarnir temji sér einhverjar sérlækningar, hætti sem sjúkrasamlagslæknar, stundi síðan sín læknisstörf á grundvelli ávísana frá sjúkrasamlagslæknunum. Ég er ekki að hafa á móti því, að menn verði sérfræðingar, og vissulega þarf þess með, en það er alveg ófært, að ástandið sé að verða þannig, að menn geti varla fengið sjúkrasamlagslækna, það sé yfirleitt ekki að verða neitt úrval um slíkt, þannig að fjölgun sjúkrasamlagslækna í þéttbýlinu er að verða nauðsyn, ekki önnur eins lífsnauðsyn og læknavistin í dreifbýlinu, sem er spursmál um lífsöryggi fyrir það fólk, sem þar er, slíkt ægilegt vandamál er þetta náttúrlega ekki í þéttbýlinu. En þess vegna hef ég bætt þarna aftan við þessa till. því, að ráðh. væri heimilt að setja líka inn í reglugerðina ákvæði um að tryggja á sama hátt sjúkrasamlagslækna. Það væru sem sé ekki aðeins samningar við menn um að verða læknar í dreifbýlinu, heldur mætti líka og með einhverjum öðrum hætti semja við þá um, að þeir tækju að sér og ættu að verða sjúkrasamlagslæknar.

Nú hafa sumir sagt: Er ekki verið að hneppa menn í ævilangan þrældóm með því að semja við þá um það, að þeir skuli taka að sér að vera embættismenn ríkisins, jafnvel helzt til æviloka eða þangað til þeir fái eftirlaun? Ég verð nú að segja, það er kannske ósköp gamaldags, að það hefði nú einhvern tíma ekki þótt vera slæm boð að bjóða upp á, þegar einn

stúdent byrjar nám í háskóla, að hann geti tryggt sér að vera opinber embættismaður ævina út. Það var a. m. k. hér áður fyrr í okkar þjóðfélagi, og þurfum við ekki að leita langt aftur til þess, að þegar menn fóru í háskóla til þess að nema, voru menn í fyrsta lagi algerlega óvissir um það að fá nokkuð að gera á eftir og urðu máske oft og tíðum að hætta i miðju háskólanámi, vegna þess að þeir höfðu hvorki möguleika á því efnahagslega að halda áfram né nokkurt útlit fyrir að fá nokkurt starf á eftir, þannig að ef væri sagt við stúdenta nú, að þeir gætu fengið laun, á meðan þeir væru að nema, og laun alla sína ævi sem fastir starfsmenn ríkisins og það góð laun, mundu það ekki hafa þótt slæm boð hér fyrrum. En hins vegar með tilliti til breyttra tíma og til þess að sýnast ekki allt of gamaldags í slíku álít ég, að það væri vel hægt, ef hæstv. ráðh. þætti þetta of harðvítugt, að bjóða mönnum upp á slík kostakjör sem áður hefðu þótt, væri vel hægt í reglugerð að gera ráð fyrir því, að ef nú slíkum læknanemum, eftir að þeir eru orðnir læknar og seinna meir snýst hugur og vilja fara í aðra hluti, sem vel getur komið fyrir, geti þeir fengið þessu þannig breytt, að þau námslaun, sem þeir hafa fengið greidd, skoðist að svo eða svo miklu leyti sem námslán, sem þeir þá borga, og máske að litlu leyti sem styrkur. Það er samsvarandi háttur hafður á, þó að í miklu minni stíl sé, í sambandi við þau námslaun, sem nú eru greidd. En höfuðmunurinn á þeim námslaunum, sem ég þarna tala um, og þeim námslaunum, sem nú eru til, er, að þetta er hugsað sem full námslaun, námslaun, sem nægja mönnum til lífsframfæris. Hins vegar fer því fjarri með þá styrki, sem núna eru veittir. Ég vildi þess vegna mjög mælast til þess, að þessi tilraun væri gerð. Það er líka fróðlegt að vita, hvernig hún gengi, hvað snertir fyrst og fremst þessa grein, og það er fróðlegt að vita, hvað það gengi e. t. v. að prófa fleiri greinar síðar, þar sem okkur líka vantar menn. Ég held þess vegna, að hér, þar sem allir eru sammála um, að þörfin sé svo mikil, væri tilvalið að byrja með því að koma á fullum námslaunum með svona sérstökum skilyrðum. Ég mun gjarnan, ef nm. í hv. heilbr.- og félmn. álíta það æskilegra, taka þessa till. aftur til 3. umr., ef mönnum fyndist nauðsynlegt að geta athugað hana betur og vildu síðar greiða atkv. um hana nú. Ég álít að öllu leyti, að það væri mjög heppilegt, að við tækjum upp á þessari nýjung einmitt í sambandi við þetta þýðingarmikla mál, sem hér er um að ræða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Brtt. þær, sem hv. heilbr.- og félmn. flytur, á þskj. 362, eru til mikilla bóta, og þar er gengið að verulegu leyti til móts við þær óskir, sem komu fram hjá okkur hv. 5. þm. Vestf. í upphafi þessara umr. Er ég þakklátur hv. n. fyrir það, hve vel hún hefur tekið undir þessar óskir okkar. Í brtt. mínum eru tvær um Suðureyrarlæknishérað, þ. e. a. s. 3. og 6. till. á því þskj., en þar sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt um sama efni sams konar till. og hv. n. fallizt á þær, tek ég þær till. að sjálfsögðu aftur, þar sem það er þá orðið fullt samkomulag um það læknishérað.

Þær breytingar hafa nú orðið í þessu máli, hvað snertir þau fimm læknishéruð, sem ætlazt var til að lögð yrðu niður, að nú á þó ekki að leggja niður nema tvö þeirra og þau ekki fyrr en auglýsingar hafa engan árangur borið. Þetta eru miklar breytingar til bóta, þó að ég sé ekki að fullu ánægður með þær samt. Ég óskaði eftir því, að hv. n. féllist á að leggja ekkert af þessum 5 héruðum niður og væri ekki verið að draga þau í dilka, þar sem mjög svipað mætti segja um þau flest. En hún hefur samt dregið þau að því leyti í dilka, að tvö skulu lögð niður, ef auglýsingar bera ekki árangur. Ég flyt því till. um það á þessu þskj., 347, að Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað skuli áfram vera sjálfstæð læknishéruð, eins og ég óskaði eftir við 1. umr. þessa máls. Ég sé ekki, að það sé nokkur ávinningur af því að leggja þau niður, þótt með þessum fyrirvara sé, því að auðvitað geta ástæður svo breytzt síðar, að læknar kunni að fást í þessi héruð, þó að ekki séu horfur á því, eins og sakir standa. Og þó að læknar fáist nú ekki, þótt bætt hafi verið svo mjög launakjör læknanna, geta þær aðstæður skapazt og kannske óðar en varir, að þangað fáist læknar. En verði frv. samþ. með þessum breytingum, sem n. gerir ráð fyrir, kemur ekki til, að þangað komi læknar síðar, því að þá eru héruðin ekki lengur til, það hefur ekki borið neinn árangur, að þau hafi verið auglýst þrisvar sinnum. Ég geri mér því enn vonir um, að hv. d. geti fallizt á að skilja ekki þessi tvö læknishéruð þannig frá, heldur láti þau njóta hins sama og hin þrjú, sem nú er búið að ákveða, að skuli vera sjálfstæð héruð áfram. Ef svo fer, að hv. n. fellst á þessar till. mínar, mun ég við 3. umr. flytja till. um staðaruppbót til þeirra, en ég hef látið það bíða til að sjá úrslitin um þetta nú.

Síðan þetta mál var til 1. umr., hefur Alþ. borizt bréf frá hreppsnefndinni í Árneshreppi, en sá hreppur er hið umtalaða Djúpavíkurlæknishérað. Þetta bréf er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. Alþingi. Á fundi hreppsnefndar Árneshrepps 21. marz 1965 var rætt frv. það til læknaskipunarlaga, sem nú liggur fyrir Alþ. Hreppsnefndin leyfir sér hér með að mótmæla því, að Djúpavíkurlæknishérað verði lagt niður.

Till. þessi kom fram á fundinum og var samþ. einróma. Með tilliti til þess, að ekki er enn komið á vegasamband við byggðarlagið og getur dregizt enn í nokkur ár, eftir því sem oss hafa borizt fréttir af um fjárframlag til vegarins, og einnig vegna þess, að við sjáum ekki, að læknisþjónustan batni við sameiningu héraðsins við Hólmavíkurhérað, leyfum vér oss í því sambandi að geta þess, að Hólmavíkurlæknir hefur á undanförnum árum komið hér

í héraðið nokkrar ferðir á ári til heilsueftirlits og kostað þær ferðir sjálfur að öðru leyti en því, að sjúkrasamlagið hefur greitt honum eitthvert lítils háttar kaup fyrir tímann, sem fer í ferðina. Ef héraðið verður lagt niður, kemur læknirinn aðeins þegar kallað er, eins og venja er í læknishéruðum, og verða þá viðkomandi sjúklingar að greiða allan kostnað við ferðirnar, sem oft eru mjög kostnaðarsamar. Einnig lítum við þannig á, að eftir að laun og kjör lækna hafa verið bætt, svo sem frv. gerir ráð fyrir, sé ekki vonlaust um, að ungum mönnum, langt komnum í læknisnámi, þyki gott að koma í tiltölulega létt hérað um tíma og fá sér góðar tekjur, geta jafnframt notað tímann til lestrar og hvíldar.

Að lokum þetta: Þegar síldin fer aftur að veiðast á vestursvæðinu, verður það ofvaxið Hólmavíkurlækni að gegna hingað norður, ef starfræktar verða tvær síldarverksmiðjur með þeirri fólksfjölgun, er því fylgir. Við leggjum þess vegna til, að héraðið verði fyrst um sinn látið standa áfram, en landlækni falið að sjá um að auglýsa það til umsóknar með þeim kjörum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
Kjörvogi, 23. marz 1965,
f. h. hreppsnefndar Árneshrepps,
Guðjón Magnússon."

Samkv. þessu bréfi hefur hreppsnefndin tekið þetta til rækilegrar íhugunar og sér engan kost við það að leggja héraðið niður, en vill, að Hólmavíkurlækni verði falið að gegna læknisstörfum, meðan það er læknislaust. Hún bendir líka á þennan möguleika, sem ég hef oft talað um í þessu sambandi, að aðstæðurnar geta breytzt. T. d. ef svo vel tækist til, að aftur yrðu starfhæfar síldarverksmiðjurnar á Ingólfsfirði og Djúpavík, mundi það vera algerlega útilokað fyrir Hólmavíkurlækni að sinna þessu héraði.

Þá er ég þakklátur fyrir það, að tekin hefur verið til greina sú bending frá mér um Flateyjarhérað, að það skuli tilheyra Reykhólahéraði, en ekki Stykkishólmshéraði, en þó jafnframt heimilað íbúunum að vitja læknis til Stykkishólms. Þetta er til verulegra bóta.

5. till. á þskj. 347, sem ég flyt, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verður læknishérað læknislaust um sinn, og hafa þá íbúar þess rétt til að vitja annars hvors þeirra tveggja héraðslækna, sem næstir eru og auðveldast er að ná til, eftir nánari fyrirmælum landlæknis."

Þarna ætlast ég til, að sú regla sé tekin upp um hvaða læknishérað sem er, að íbúarnir geti sótt til næsta læknis, hver sem hann er, ef læknislaust er í héraði sjúklingsins. Þetta sýnist mér vera skynsamleg regla og eigi að gilda alls staðar, því að það getur víðar orðið læknislaust um sinn en í þeim héruðum, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. En sérstaka áherzlu legg ég þó á seinni hluta þessarar till., en þar segir svo: „Þegar svo stendur á," — þ. e. þegar hérað er læknislaust, — „greiðir ríkissjóður kostnað af læknisvitjun og sjúkraflutningi, að því leyti sem hann er ekki greiddur úr læknisvitjunarsjóði." Í vetur bar þetta mál á góma. Ég hreyfði því í sambandi við annað mál, að það væri sanngjarnt, að þar sem ríkissjóði spöruðust læknislaun, væru þau notuð til þess að greiða læknisvitjanakostnað hjá þeim, sem búa í læknislausum héruðum. Og ég man það, að hæstv. dómsmrh. tók þessu mjög vel. Hann taldi, að þetta gæti fyllilega komið til greina. Nú flyt ég þessa till. hér, að þetta verði gert, þegar læknislaust er hérað, fái sjúklingarnir þessa aðstoð, að ríkið greiði þennan kostnað, sem oft hefur orðið ótrúlega mikill og eiginlega alveg ofvaxið ýmsum sjúklingum að greiða hann, bæði að ná til læknis og eins að fá flutning til læknis í öðru héraði.

Ég minnist í þessu sambandi atburðar, sem gerðist fyrir fáeinum dögum, þegar kona veiktist skyndilega vestur á Auðkúlu í Arnarfirði. Enginn vegur var fær til að ná til læknis. Það var reynt að fljúga þangað til þess að ná sjúklingnum og koma honum fljótt til læknis, og það reyndist ómögulegt. Það var bæði reynt með flugvél og þyrlu, og hvort tveggja varð árangurslaust. Þá var loks gripið til þess ráðs að ná í varðskip og sækja sjúklinginn og flytja hann til næsta læknis og þaðan á flugvöll, til þess að geta síðan flutt sjúklinginn til Reykjavíkur. Hvað halda menn, að þetta hafi kostað þessa fátæku sveitakonu, ef hún hefur orðið að borga það, eins og það raunverulega hefur kostað?

Ég vil mælast til þess, að hv. heilbr.- og félmn. taki þessa till. til athugunar, og í trausti þess, að hún geri það fyrir 3. umr., ætla ég að taka till. aftur til 3. umr. í þeirri von, að hv. n. athugi, hvort hún geti fallizt á hana.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar heilbr.- og félmn. fór að athuga frv. til læknaskipunarlaga, kom fljótt í ljós, að það var góður vilji fyrir hendi í n. um að strjúka nokkra þá megingalla af frv., sem orðið höfðu orsök til nokkurra umr. um málið við 1. umr. Það var strax augljóst, að það mundi vera hægt að fá samkomulag um að hverfa frá að leggja niður Suðureyrarlæknishérað, sömuleiðis Bakkagerðislæknishérað og Raufarhafnarlæknishérað. Að vísu hefði ég helzt kosið, að alveg hefði verið horfið frá því að leggja nokkurt læknishérað niður, því að ég sé í raun og veru ekki, að neitt verulegt vinnist með því. Það verður með þeim hætti, sem nú er lagður til, frestað aðgerðum í því efni og tilraunir gerðar til þess að fá lækna í þessi læknishéruð, sem lagt er til, að verði sameinuð nágrannalæknishéruðunum, og ef tækist að fá lækna í þau, verður væntanlega horfið frá því að leggja þau niður.

Hins vegar er þó dálítið dregið úr, að því er snertir Flateyjarlæknishérað. Það var í frv. gert ráð fyrir því, að íbúar Flateyjarlæknishéraðs skyldu eiga læknissókn til Stykkishólms, sem er þeim óhagkvæmara en að eiga læknissókn til Reykhóla. Nú er þessu breytt þannig, að íbúar Flateyjarlæknishéraðs skulu eiga læknis-

sókn til Reykhólalæknishéraðs, en jafnframt þó rétt til þess, þegar svo stæði á, að það þætti hagkvæmara, að sækja lækni til Stykkishólms. Ég held nú, úr því að ekki fékkst samkomulag um að hverfa alveg frá að leggja nokkurt læknishérað niður, sé þetta það eina, sem hægt var að gera fyrir íbúa læknishéraðs Flateyjarhrepps.

Fari svo, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., að auglýsingarnar í þrjú skipti beri þann árangur, að það fáist læknir í Flateyjarhérað, þó að enginn læknir hafi fengizt þangað um mjög langan tíma, er málið leyst, og þá verður sem sé horfið frá að sameina þetta læknishérað Reykhólahéraði. En ef svo færi nú enn, þegar embættið væri auglýst með hinum breyttu og bættu kjörum, að enginn læknir fengist þangað, er spurningin, hvort íbúum Flateyjarlæknishéraðs er nokkur hagur í því, að það heiti áfram Flateyjarhérað. Sé ég ekki annað en þá séu þeir engu bættari. Hins vegar má gera sér miklu meiri vonir um það, að auglýsingarnar beri árangur, þegar læknir þar á að njóta þeirra friðinda, sem nú eru fyrst borin fram, þ. e. a. s. að þriggja ára þjónustutími reiknist sem 5 ár, þeir fái kostaðar ferðir til framhaldsnáms o. s. frv., o. s. frv., sem í frv. felst. Tilraunin verður gerð, og héraðið verður ekki sameinað nágrannalæknishéraði, nema því aðeins að enn, þrátt fyrir hin bættu kjör, fáist þangað enginn læknir. Og þá sé ég ekki, að þeirri tilraun afstaðinni, að það sé nein bót að því fyrir íbúa Flateyjarlæknishéraðs að heita sérstakt hérað, þá verður þetta fólk að fá þjónustu frá öðru hverju nágrannahéraðanna. Ég held því, að með þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á frv. um þjónustu við íbúana í Flateyjarlæknishéraði, sé í raun og veru ekki mikill fengur að því, þó að það hefði fengizt í gegn með samkomulagi, að það væri sérstakur liður í 1. gr. frv. og héti áfram sérstakt læknishérað. Allt verður gert, sem hægt er, til þess að prófa það og fá úr því skorið, hvort læknir fæst þangað undir hinum nýju kjörum, og fáist slíkur læknir, verður héraðið ekki lagt niður. Það er a. m. k. skilningur minn á frv., eins og frá því er nú gengið.

Um Djúpavíkurlæknishérað vil ég aðeins segja það, að ég hefði líka kunnað betur við, að það hefði fengið að halda sínu sæti í 1. gr. læknaskipunarlaga, a. m. k. meðan svo stendur, að héraðið er ekki í akvegasambandi við það læknishérað, sem á að veita þjónustuna. En svo bráðan ber það ekki að undir neinum kringumstæðum, að Djúpavíkurhérað verði lagt niður, að þetta vegasamband verði ekki komið á áður, því vil ég a. m. k. treysta. Að öðru leyti er um þetta læknishérað að segja, að það verður reynt til þrautar og vafalaust höfð afskipti af því máli af hendi íbúanna sjálfra að reyna að bjarga sínu læknishéraði með því að hafa úti öll spjót um það að útvega þangað lækni með hinum bættu kjörum, einmitt þegar þeir vita, að ef þetta tekst ekki, vofir það yfir, að þeirra hérað verði lagt niður. Ég held því, að út á nálega eitt komi, hvort við hefðum fengið því framgengt að taka þessi tvö mjög svo fámennu héruð inn í 1. gr. eða sú skipan verði á þeirra málum, sem nú er lagt til, að þrautreyna, hvort læknir fáist til þjónustu í þessi héruð, og þá tilraun má gera bæði af hendi heilbrigðisyfirvaldanna, landlæknis og heilbrigðisstjórnarinnar og einnig af hendi íbúanna, og ég álít a. m. k., að það leggi fastar að íbúunum að sitja ekki aðgerðalausir með hendur í skauti, heldur gera eitthvað til þess að reyna að útvega lækni með hinum breyttu og bættu kjörum, með því að hafa þetta á þennan veg.

Till., sem hér liggja fyrir á öðrum þskj. en á þskj. 362 frá heilbr.- og félmn., ég vil segja örfá orð um þær till. Till. á þskj. 362 eru allar ágreiningslausar frá n. og hafa stuðning allra nefndarmanna.

Brtt. á þskj. 347 frá Sigurvin Einarssyni hafa nú nokkrar verið teknar aftur og verða því ekki til atkvgr. við þessa umr. Þær eru sumar samhljóða till. n., eins og t. d. að því er snertir Suðureyrarhérað, og nokkur fleiri atriði eru samhljóða því, sem n. sjálf leggur til, og þær till. voru að sjálfsögðu teknar aftur. Hinar till. eru um, að Djúpavíkurhérað og Flateyjarhérað verði tekin inn sem sérstakir liðir á 1. gr. og þannig ekki tekin nú ákvörðun um að sameina þau nágrannahéruðum. Um það er þá sem sé ágreiningur enn þá. Ég lýsti því hér, að ég hefði talið það æskilegast að fá þetta fram, en þar sem ég sé ekki, að með þeirri tilhögun, sem samkomulag gat orðið um, sé jafnvel séð fyrir högum þessa fólks, að því er snertir heilbrigðisþjónustu, þá sé ég ekki, að þetta sé mikið ágreiningsatriði, úr því sem komið er.

En það er 5. liður brtt. á þskj. 347, sem hv. 3. þm. Vestf. gerði að umtalsefni og fór fram á við n., að hún athugaði betur, hvort hún gæti ekki fallizt á þá till. Ég þarf engan umhugsunarfrest um það fyrir mitt leyti. Ég tel, að það væri til verulegra bóta, að hægt væri að fá samþykkta 5. till. á þskj. 347, og ég mun, hvað sem mínir meðnm. sjá sér fært að gera í því efni, fylgja þeirri till. Ég tel hana til bóta einmitt fyrir hvert það hérað, sem fyrir því yrði, sem þar frá greinir. Ég tel, að það væri til bóta að fá hana samþykkta, og vil vænta þess, að meðnm. mínir með þeim góða samkomulagsvilja, sem þeir hafa sýnt í þessum málum til lausnar þeim á hagfelldan hátt, þeir athugi það, hvort þeir geti ekki veitt þessari till. stuðning.

Þá liggur hér einnig fyrir till. á þskj. 380 frá Einari Olgeirssyni, hv. 3. þm. Reykv., og hafði hann gert grein fyrir efni hennar við 1. umr. málsins, en hafði ekki lagt hana fram sem till., þegar við fjölluðum um málið í n. Hins vegar var mér það kunnugt í n., að um hana yrði ekki samkomulag. Þessi till. er um, að upp verði tekin námslaun til þess að örva það, að efnalitlir menn geti farið út í læknisnámið og við þannig getum e. t. v. dregið úr læknaskortinum með slíkri aðstoð, sem í námslaunum

felst, og lýsti ég stuðningi mínum við þá hugmynd við 1. umr. og endurtek það hér, að ég mun greiða þessari till. atkv. og tel, að það væri hyggilegt ráð að verða við þeim óskum um, að upp verði tekin námslaun einmitt við læknanám, eins og þar er gert ráð fyrir.

Brtt. á 392 eru einnig frá n. í heild og eru nánast leiðréttingar, sem n. öll stendur að, og hef ég þá ekki fleira um þetta mál að segja. En ég tel rétt, að n. komi saman til þess að athuga, hvort hún yrði samferða um stuðning við 5. töluliðinn á þskj. 347.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í tilefni af brtt. hv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, um námslaun til handa stúdentum í læknadeild. Ég hef áður látið í ljós við þessa umr., að ég er hv. þm. sammála um, að brýna nauðsyn beri til þess að bæta aðstöðu stúdenta við Háskóla Íslands og íslenzkra stúdenta við erlenda háskóla frá því, sem nú er. Og mig minnir, að ég hafi einnig látið þess getið, að gildandi lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna frá 1961 eru í endurskoðun. Þeirri endurskoðun er að verða lokið, og ég geri ráð fyrir því, að hægt verði að leggja fyrir hið háa Alþ. frv. að nýjum lögum um stuðning við íslenzka námsmenn heima og erlendis, þegar Alþ. kemur saman í haust. Ég efndi til þessarar endurskoðunar fyrir um það bil ári einmitt vegna þess, að ég taldi vera orðið tímabært að auka enn stuðning við íslenzka námsmenn heima og erlendis frá því, sem nú er. Og eitt af þeim atriðum, sem sérstaklega hefur þar verið um fjallað og tekið til úrlausnar, er, með hverjum hætti bæta megi aðstöðu þeirra stúdenta, sem stunda læknisfræðinám við Háskóla Íslands, frá því, sem nú er. Í því sambandi vil ég aðeins undirstrika það, sem ég hef sagt áður við þessa umr., að ég tel það vera aukaatriði í þessu sambandi, hvort styrkurinn eða stuðningurinn við námsmennina er kallaður námslaun eða styrkur eða hann er í formi námslána. Aðalatriðið er, að stuðningurinn í því formi, sem honum er valið, sé nægjanlegur til þess að gera námsmönnum kleift að stunda það nám, hvort sem er heima eða erlendis, sem hugur þeirra stendur til og þjóðfélagið hefur fyllstu þörf fyrir. En í þessu sambandi langar mig til þess, að það komi fram, að ég er ekki alveg viss um, að hv. alþm., hvað þá almenningur, geri sér ljóst, hversu stuðningur við íslenzka stúdenta heima og erlendis hefur verið aukinn stórkostlega mikið á undanförnum árum, og þess vegna held ég, að það sé gagnlegt, að ég geri hér örstutta grein fyrir því, hversu miklu fé hefur verið varið til námslána og styrkja undanfarin 15 ár, og ég lesi yfirlit yfir það fé, sem varið hefur verið í þessu skyni, lengst af einungis skv. fjárveitingum á fjárl., en nú hin síðari ár, hin síðustu 5 ár, einnig af fé, sem bankakerfið hefur lánað lánasjóði íslenzkra námsmanna og hann síðan endurlánað með mjög hagstæðum kjörum til námsmanna. En áður en ég les þessa skýrslu, er rétt að geta aðalatriðanna í því kerfi, sem ríkir nú.

Það má segja, að áður en núverandi stefna var tekin upp í lánamálum og styrkmálum íslenzkra námsmanna heima og erlendis, þá var styrkurinn eða lánin til hvers einstaks stúdents sáralitið, aðeins nokkur þúsund krónur á ári til hvers námsmanns. En með gildandi lögum, sem sett voru 1961, má segja, að alger bylting verði í opinberum stuðningi við námsmenn heima og erlendis. Nú er tilhögunin sú og hefur í rauninni verið mjög lengi, að stúdentar við Háskóla Íslands fá námslán, en yfirleitt ekki fyrr en eftir fjögurra missira nám í háskólanum. Námsmenn erlendis eru að því leyti betur settir, að þeir eiga kost á námsláni þegar á fyrsta námsári sínu erlendis, en þegar þeir hafa stundað nám í tvö ár, geta þeir einnig hlotið beinan fjárstyrk til námsins. Auk þess er úthlutað árlega sjö svonefndum „stórum styrkjum" til stúdenta, hvort sem þeir stunda nám heima eða erlendis, milli 40 og 50 þús. kr. á nemanda, og eru það fastir styrkir til þessara sjö nemenda í fimm ár. Þetta eru megindrættir kerfisins, sem nú gildir. Og þá er rétt, að ég greini hv. d. frá því, hverju fé hefur verið varið til þessara mála s. l. 15 ár eða frá 1950.

Fé það, sem þá var til ráðstöfunar til styrkja og námslána, þá að langmestu leyti til beinna styrkja, var 1 millj. og 75 þús. kr. 1951 hækkaði upphæðin upp í 1275 þús. kr. 1952 var hún sú sama. 1953 er upphæðin 1 millj. 575 þús. kr., 1954 1 millj. 775 þús. kr., 1955 hin sama. Árin 1956, 1957 og 1958 var upphæðin óbreytt, 1 millj. 925 þús. kr. 1959 er hún aukin verulega, í 3 millj. kr. 1960 er hún enn aukin gífurlega, meira en tvöfölduð, í 6 millj. 595 þús. kr., og þá er komin til framkvæmda sú stefnubreyting, að mestur hluti fjárins er notaður til námslána. En 1961 skeður svo stærsta bylting, því að þá er fé í þessu skyni aukið í 11 millj. 95 þús. kr., og sú aukning verður möguleg vegna þess, að bankakerfið er dregið inn í málið og fellst á að veita á því ári 4.2 millj. kr. að láni til lánasjóðsins, sem lánasjóðurinn endurlánar síðan með hagstæðum kjörum. 1962 er heildarfé til lána og styrkja aukið enn í 12 millj. 253 þús. kr., 1963 í 13 millj. 153 þús. kr., 1964 í 15 millj. 900 þús. kr. og 1965, á þessu ári, er gert ráð fyrir, að varið verði til námslána og styrkja 16 millj. 500 þús. kr., þar af lánar bankakerfið 5.2 millj. til lánasjóðsins, en af þessum 16.5 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að nota til lána og styrkja í ár, eru 14.4 millj. námslán, en námslánin eru með þeim hætti, að endurgreiðsla þeirra hefst ekki fyrr en þrem árum eftir að námi er lokið, og þá eru lánin endurgreidd á 15 árum og með 3½% vöxtum, svo að hér er um mjög hagkvæm lánskjör að ræða.

Af þessu yfirliti sést, að á s. l. 15 árum hefur fé það, sem varið er til stuðnings íslenzkum námsmönnum heima og erlendis, hvorki meira né minna en sextánfaldazt.

Þetta tel ég nauðsynlegt, að hv. alþm. sé algerlega ljóst, og vil ég þó í þessu sambandi segja og undirstrika, að þótt stuðningurinn hafi verið aukinn jafnmikið og raun ber vitni, einkum hin allra síðustu ár, þá er hér ekki nóg að gert, og þennan stuðning þarf enn að auka og það meira að segja mjög verulega, og að því miðar einmitt sú endurskoðun gildandi laga um þessi efni, sem nú stendur yfir og er senn lokið.

Að því er læknastúdentana snertir sérstaklega, þá á læknastúdent nú kost á láni, árlegu láni með þeim kjörum, sem ég gat um áðan, að upphæð 33 800 kr., og hefur þar undanfarin ár verið um nokkrar hækkanir að ræða. 1961, fyrsta árið, sem núverandi kerfi var í fullu gildi, nam lán til læknastúdents 21 600 kr., 1962 var það hækkað upp í 28 800 kr., 1963 í 30 000 kr., og nú er það sem sagt 33 800 kr. Til samanburðar má geta þess, að lán eða lán og styrkir til námsmanna erlendis eru þessir, en þeir eru nokkuð breytilegir eftir löndum: Stúdent í Noregi á kost á 26 þús. kr. árlegu, hreinu láni fyrstu 2 árin, en 16 þús. kr. styrk getur hann fengið og þá 10 þús. kr. lán að fyrstu 2 árunum loknum. Samsvarandi upphæð er í Svíþjóð 30 þús. kr., í Danmörku 26 þús. kr., í Bretlandi 26 þús. kr., en í Bandaríkjunum 35 þús. kr.

Sú breyting, sem ég tel einna nauðsynlegasta, fyrir utan almenna hækkun á þessum upphæðum, er sú að jafna aðstöðuna milli stúdenta við háskólann hér og þeirra námsmanna, sem stunda nám við erlenda háskóla, en því er ekki að leyna, og er það arfur frá gamalli tíð, að stuðningurinn við stúdenta við háskólann hér hefur verið nokkru minni en stuðningurinn við þá, sem leggja stund á nám við erlenda háskóla, og á það ef til vill rót sína að rekja til þess, að talið hefur verið, að þeir, sem stunda nám hér, eigi auðveldara með að afla sér aukatekna, sumpart samfara náminu við háskólann hér eða þá á sumrum, auk þess sem framfærsla hér sé í mörgum tilfellum auðveldari og ódýrari en á sér stað fyrir þá, sem stunda nám erlendis. En í þessum efnum hefur aðstaða svo mikið breytzt á undanförnum árum, að ég tel fullkomna ástæðu til þess að gera alls engan mun á þeim stuðningi, sem stúdentar við háskólann hér fá, miðað við það, sem stúdentar við erlenda háskóla fá. Í þessu felst það, að ég tel rétt, að stúdentar við háskólann hér eigi kost á námslánum þegar á fyrsta ári, og mundi ég segja, að það ætti sérstaklega við stúdenta í læknadeildinni, auk þess sem ég tel mjög æskilegt, enda að því stefnt, að meiri munur sé gerður á stuðningi við stúdenta en nú á sér stað eftir því, hvaða nám þeir stunda, bæði hér heima og erlendis. Stúdentar í læknadeildinni við háskólann hér eru í fyrsta flokki, þ. e. a. s. hæsta flokki hér, en munurinn er ekki eins mikill og vera ætti með hliðsjón af námstíma og námskostnaði milli þeirra og þeirra, sem eru í öðrum lánaflokkum við háskólann hér.

Það, sem ég tel, að þyrfti fyrst og fremst að gera, er annars vegar að auka heildarstuðninginn við stúdenta við háskólann hér, þannig að hann verði alveg sambærilegur við stuðning, sem á sér stað við stúdenta erlendis, og að gera meiri mun en nú á sér stað á stuðningnum við stúdentana, bæði hér heima og erlendis, eftir námstíma og námskostnaði. Og þetta er einmitt atriði, sem hafa verið til athugunar í endurskoðunarnefndinni.

Ég vildi einnig láta þess getið í þessu sambandi, að fram til þessa tíma hafa þeir, sem stunda tækninám erlendis, fengið sams konar stuðning og þeir, sem stunda háskólanám erlendis. Þeir, sem stundað hafa tækninám hér, og nú er tekinn til starfa hér Tækniskóli Íslands, hafa hins vegar ekki átt kost á neinum stuðningi. Þessu tel ég nauðsynlegt að breyta, þannig að opinber stuðningur við námsmenn taki ekki eingöngu til stúdenta við háskólann, heldur einnig til annars hliðstæðs náms, og tækninámið ber tvímælalaust að telja í þeim flokki.

Þá tel ég og rétt, að það komi fram, að til sérstakrar athugunar hefur verið að taka upp sérstaka námsstyrki til kandidata, en segja má, að veruleg eyða hafi verið í opinberum stuðningi við námsmenn og vísindamenn að því leyti, að stuðningurinn við stúdenta og tækninemendur hefur verið verulegur, og síðan hafa vísindamenn átt kost á ýmiss konar rannsóknarstyrkjum úr vísindasjóði, en nýútskrifaðir kandidatar eiga nú ekki kost á neinum öðrum styrkjum en þeim mjög smávægilegu upphæðum, sem Sáttmálasjóður Háskóla Íslands hefur yfir að ráða. M. ö. o.: menn hafa átt völ á styrkjum, meðan þeir hafa stundað reglulegt nám fram að kandidatsprófi, síðan hafa menn getað fengið vísindastyrki, þegar þeir hafa fengið aðstöðu til þess eða sýnt hæfileika til þess að sinna hreinum vísindastörfum, og þá úr vísindasjóðnum, en þarna á milli hefur verið óbrúað bil, þ. e. a. s. ungur kandidat, sem lokið hefur námi hér eða annars staðar og vill stunda framhaldsnám í 2—3 ár, án þess þó að hægt sé beinlínis að flokka það undir hreint vísindanám eða hrein vísindastörf, sem séu styrkt af vísindasjóði, hann hefur enga styrkmöguleika haft, nema þá þá útlendu styrki, sem erlend stjórnarvöld hafa veitt hingað til í allríkulegum mæli í skiptum fyrir íslenzka styrki til útlendinga og menntmrn. hefur haft milligöngu um, sumpart að útvega og sumpart að ráðstafa. Á þessu tel ég að þurfi að verða bót, og þetta er einnig eitt af þeim atriðum, sem fjallað hefur verið sérstaklega um í endurskoðunarnefndinni.

Þessar upplýsingar vildi ég, herra forseti, gjarnan, að kæmu hér fram í sambandi við þetta, til þess að ekkert færi á milli mála um það, að af hálfu stjórnarvalda er fullur skilningur á því, að nauðsynlegt sé og raunar sjálfsagt að auka stuðning við þá ungu menn, sem leggja stund á háskólanám eða langskólanám, hvort heldur er hér heima eða erlendis, að

auka þann stuðning frá því, sem verið hefur. Og ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að endurtaka, að ég vonast eindregið til þess, að hægt verði á næsta hausti að leggja fyrir hið háa Alþingi till. um nýskipan og breyt. í þessum málum, sem fela í sér verulega heildaraukningu á opinberum stuðningi við námsmenn og auk þess ýmiss konar skipulagsbreytingar, sem ég vona, að Alþingi á sínum tíma telji allar horfa til bóta.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf aðeins að koma hér að smávegis aths. í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Vestf. (SE) og í sambandi við 5. lið brtt. hans á þskj. 347. Hann vék að því í ræðu sinni, sem er rétt, hversu erfitt fólk ætti í dreifbýlinu oft og tíðum um að vitja læknis og hversu kostnaðarsamt það væri, og minnti á það, að hann hefði við annað tækifæri fyrr á þessu þingi talið rétt, að fé, sem ríkissjóði sparaðist við það, að hérað væri læknislaust, færi til þess að styrkja fólk í þessu sambandi, og ég hefði tekið vel í það, þegar hann hreyfði þessu máli. Þetta er allt saman rétt, að hann hreyfði þessu fyrr á þinginu og ég tók vel í það. Mér er bara ekki kunnugt um og hv. þm. er sennilega ekki heldur kunnugt um, að ríkinu sparist neitt fé í þessu sambandi, en skv. lögum um læknishéraða- og prestakallasjóði, nr. 98 frá 1933, segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta, „að sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum eða hluta þeirra til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs.“ Í 2. gr. segir: „Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru skv. 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir.“ Og í 3. gr. segir: „Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.“

Þessar upplýsingar taldi ég rétt í þessu sambandi að fram kæmu. Hitt stendur svo eftir sem vandamál, að gera fólkinu í dreifbýlinu auðveldara um læknisvitjanir, og til þess er varið fé á fjárl. og að því á að vinna hinn svokallaði læknisvitjanasjóður, en það er mjög ófullkomin stofnun, svo að ég segi ekki meira, og það er langt síðan fyrrv. landlæknir lagði til, að þau lög yrðu numin úr gildi. Þegar hv. 11. landsk. þm. (MB), frsm. heilbr.- og félmn., ræddi þetta mál við mig í fyrra og var þá einn þm., sem lögðu alveg sérstaka áherzlu á, að lögin um læknisvitjanasjóð væru endurskoðuð, þ. e. a. s. að þau yrðu gerð raunhæf og kæmu fólkinu að einhverju liði, þá ræddi ég þetta við landlækni, sem hafði þá áður reyndar lagt til í sambandi við endurskoðun á þessum sjóði, sem fram höfðu komið þáltill. um, að sjóðurinn yrði lagður niður, en aftur á móti yrði í stað þess unnið að því, og það taldi hann sig hafa gert að nokkru leyti í sambandi við tryggingarnar, að þær tækju með einhverjum hætti verulegan þátt í því að létta undir með fólki, sem þarna á í erfiðleikum. Nú er það hins vegar svo, að þetta hefur ekki orðið raunhæft enn þá og komizt í framkvæmd og er eitt af þeim mörgu atriðum í sambandi við heilbrigðismálin, sem þarf að vinna að og bæta úr.

Ég skal ekki segja fleira um þetta að sinni. Ég tel ekki, eins og ástæður eru, að það sé hægt að samþ. þessa 5. till. á þskj. 347 frá Sigurvin Einarssyni. En hitt er mér alveg ljóst, að að því þarf að vinna að koma betri skipan á þessi mál og greiða úr fjárhagslegum örðugleikum fólks í dreifbýlinu við læknisvitjanir, og að því mun ég beita mér í sambandi og samráði við landlækni og reyna að sjá til þess, að málið hafi hér eftir skjótari framgang en það hefur haft fram til þessa.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil hér með flytja þökk mína og íbúa Bakkagerðislæknishéraðs til hv. heilbr.- og félmn. fyrir að leggja einróma til, að numið verði burt úr læknaskipunarfrv. hæstv. ríkisstj. ákvæði um að leggja Bakkagerðislæknishérað niður. Þessi till. n. ásamt fleiri hliðstæðum brtt. er að mínum dómi sérstaklega athyglisverð, ekki sízt fyrir það, að það er ekki daglegur viðburður, að þingnefnd gangi einróma gegn mikilvægum ákvæðum frv., sem hæstv. ríkisstj. stendur að.

Ég vil í þessu sambandi aðeins minnast á, að hv. frsm. heilbr.- og félmn. vék að því, að við 1. umr. málsins hefði meira komið fram af ádeilum á frv. en að viðurkenna kosti þess. Þetta má vel vera rétt og er ekki óeðlilegt. En í þeim orðum, sem ég vék að í sambandi við þetta frv. við 1. umr., gat ég þess einmitt jafnframt, að ég þakkaði þær breyt., sem frv. fæli í sér til umbóta á læknaskipunarlögunum frá 1962, en harmaði um leið, að einmitt 1962 skyldu ekki hafa verið teknar upp í þessi lög ýmsar umbótatill., sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) bárum þá fram og hæstv. þáv. heilbr.- og félmrh. eyddi að verulegu leyti. Og ég gat þess jafnframt, að það lægi ekki fyrir, hvaða afleiðingar það hefði haft, hvað seint ráðamenn í þessum efnum hefðu tekið við sér í því að sinna vandkvæðum dreifbýlisins í sambandi við læknaskipunina. Ég skal ekki fara neitt út í þær umr. að öðru leyti.

Ég fagna því, að hæstv. heilbrmrh. hefur nú lýst ánægju sinni og samþykki yfir þeim brtt., sem hv. heilbr.- og félmn. ber fram. Ég fagna því vegna þess, að ég harmaði það, þegar málið var hér við 1. umr., að hæstv. ráðh. skyldi lána nafn sitt við það að leggja niður ákveðna tölu læknishéraða í mesta og erfiðasta dreifbýlinu. En ég þakka hæstv. ráðh., að hann skuli nú hafa fallizt á þær breyt., sem eru verulega til bóta, sbr. till. hv. heilbr.- og félmn.

Ég skal ekki heldur víkja neitt að þeim orðum, sem hæstv. forsrh. lét falla í þessu máli við 1. umr. Það sýndi aðeins, að hans sjónarmið höfðu lítið breytzt frá 1962, þegar hann var

þá hæstv. heilbrmrh. og lagðist á móti ýmsum þeim umbótatill., sem voru þá lagðar fram við þáverandi frv.

Ég dreg hins vegar ekki dul á, að ég sakna þess, að hv. nefnd hefur ekki séð sér fært að taka upp í brtt. sínar ýmislegt af því, sem ég vakti athygli á við 1. umr. málsins, t. d. að heilbrigðismálastjórninni yrði heimilað að greiða í staðaruppbót allt að 100% á föst laun, ef slíkt mætti teljast líklegt til árangurs til að laða lækna til starfa í erfiðustu og tekjurýrustu læknishéruðunum. Enn fremur, að meðan slík læknishéruð væru læknislaus, væri heimilt, að það opinbera legði þeim til lærða hjúkrunarkonu, héruðunum að kostnaðarlausu. Enn fremur hefði ég talið æskilegt, að ákvæðnari heimild hefði komið fram í brtt. til handa heilbrigðismálastj. að láta þá læknanema sitja fyrir námsláni, sem vildu skuldbinda sig til að taka að sér læknisstörf í dreifbýlinu að námi loknu.

Þótt ég þannig sakni ýmislegs af því, sem ég hefði kosið, að hv. nefnd hefði tekið upp til umbóta á frv., tel ég, að mikilvægum áfanga sé náð með brtt. nefndarinnar, fyrst og fremst að leggja til að nema burt ákvæði um, að það skuli leggja niður tiltekin læknishéruð, og að með þeirri brtt. séu raunverulega mörkuð mikilvæg tímamót í viðhorfi heilbrigðismálastj. um það, að hið opinbera viðurkenni þar með, að vandi dreifbýlisins í sambandi við læknaþjónustu og heilbrigðisgæzlu leysist ekki með því að leggja læknishéruðin niður, heldur beri að vinna markvisst að því, að hlutaðeigandi héruðum séu búnar þær aðstæður að geta laðað að sér lækna til starfa.

Að lokum vil ég aðeins geta þess, að ég mun greiða þeim brtt. einstakra hv. þm. atkv., sem mér finnst stefna að betri læknaþjónustu í dreifbýlinu og síðan brtt. hv. heilbr.- og félmn.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Vestf. (SE). Hann las hér upp bréf frá oddvita Árneshrepps um samþykkt hreppsnefndar Árneshrepps, og ég vil í sambandi við það leggja áherzlu á niðurlag þessa bréfs. Þar segir: „Vér leggjum þess vegna til, að héraðið verði fyrst um sinn látið standa áfram og landlækni falið að sjá um að auglýsa það til umsóknar með þeim kjörum, sem frv. gerir ráð fyrir.“ Ég vil vekja athygli þessa hv. þm. á því, að í frv., eins og það var lagt hér fyrir, er þetta læknishérað sameinað Hólmavíkurlæknishéraði og þar með lagt niður. Breyt., sem heilbr.- og félmn. gerir, er sú, að hún tekur þetta læknishérað upp í ákvæði til bráðabirgða ásamt Flateyjarlæknishéraði, og þar segir, að þessi héruð skuli auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr. frv. eða með 1½ læknislaunum, auk þeirra fríðinda, sem hér hafa áður verið rædd. Ég fyrir mitt leyti, og ég hygg, að ég megi þar mæla fyrir munn allra nm. í heilbr.- og félmn., að við höfum komið til móts við óskir hreppsnefndar Árneshrepps í þessu efni, og ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég tel miklu meira virði fyrir dreifbýlið að geta tryggt í þeim héruðum, þar sem eru möguleikar á að fá lækna, að geta tryggt þar lækna til frambúðar, sem setjast þar að a. m. k. í nokkur ár, og það er í raun og veru bezta tryggingin fyrir þessa hreppa, sem verst eru settir hvað samgöngur snertir og eru svo fámennir, að það eru ekki möguleikar á því þrátt fyrir þetta að fá lækni til frambúðar. Úr þessu verður skorið, eftir að þetta frv. er orðið að lögum og þessi tvö læknishéruð verða auglýst laus til umsóknar, hvort það verða möguleikar á að fá lækna í þessi tvö héruð. — Ég endurtek, að við í n. höfum komið fyllilega til móts við óskir þessa fólks með því að taka þessi tvö læknishéruð inn í ákvæði frv. til bráðabirgða.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég vildi aðeins, áður en umr. lýkur, leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir að hafa tekið til greina aths. mína við 1. umr. varðandi Raufarhafnarlæknishérað og gert um það till. og hæstv. heilbrmrh. fyrir að hafa fallizt á þá till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 362,1.a samþ. með 31 shlj. atkv.
— 347,1 felld með 19:10 atkv.
— 362,1.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 347,2.a kom ekki til atkv.
— 347,2.b felld með 18:8 atkv.
— 362,1.c samþ. með 29 shlj. atkv.
— 347,3 tekin aftur.
— 342,1.a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 362,1.d samþ. með 29 shlj. atkv.
— 342,1.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 347,4 felld með 19:11 atkv.
— 362,1.e—j samþ. með 32 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 362,2.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 392,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 362,2.b samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 347,5 tekin aftur til 3. umr.

3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 392,2 samþ. með 30 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 362,3 samþ. með 35 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 392,3.a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 392,3.b samþ. með 30 shlj. atkv.
— 362,4 kom ekki til atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

8.—12. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 380 tekin aftur til 3. umr.

13.—19. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 347,6 tekin aftur.
— 362,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 342,2 kom ekki til atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 416, 347,5, 380, 418).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flutti við 2. umr. þessa frv. brtt. á þskj. 380, sem ég kynnti þá. Hún gengur út á það, að þeim læknastúdentum skuli veitt námslaun, sem hægt er að gera samninga við af hálfu ríkisstj. um að gegna síðan læknaþjónustu í héraði, þ. e. að í staðinn fyrir þau námslán, sem talað er um í frv. hæstv. ríkisstj., 13. gr., þá komi námslaun. Annars eru að mestu leyti sömu skuldbindingar, nema þá það, að menn geta fengið þessi námslaun frá upphafi.

Hæstv. menntmrh. skýrði hér við 2. umr. málsins, hverjar stórar breytingar hafa orðið á námsstyrkjum í sambandi við nám stúdenta bæði innanlands og utan, og það var alveg rétt hjá honum. Mér reiknaðist til, að með tilliti til gengisbreytinga og slíks, þá mundu raunverulega þessir námsstyrkir hafa meir en ferfaldazt á þeim tíma, sem hann gat um, mestmegnis í hans eigin stjórnartíð sem menntmrh., og það er mjög vel, að svo er, og er ánægjulegt til þess að vita. En sannleikurinn er samt, að við gerum of lítið á þessu sviði. Við þurfum að stíga þarna stærri spor, og þau spor, sem eru fullnægjandi í þessum efnum, það er að tryggja full námslaun, þ. e. námslaun, sem nægja til lífsframfæris þeim stúdent, sem er við nám. Við verðum að gá að því, að það eru orðnar ákaflega miklar breytingar á þessu frá því, sem áður var. Í fyrsta lagi má kannske nefna það, að menn sætta sig ekki lengur við það að lifa á sama máta og gert var fyrir 40—50 árum af hálfu stúdenta. Í öðru lagi er hitt, að mjög mikill hluti af stúdentum er þegar giftur eða kvæntur, þegar þeir eru að nema, og hafa jafnvel fyrir fjölskyldu að sjá. Þess vegna er það svo, að mjög mikið — við skulum segja t. d. af mönnum, sem gjarnan vildu nema í læknadeild, neyðist til þess að hætta við það af efnahagslegum ástæðum, og það er mjög slæmt, vegna þess að ekki hvað síst í aðra eins grein og læknisfræðina þyrftum við að geta tryggt, að þeir menn, sem hefðu áhuga á að rækja það starf, gætu fengið að læra það. Og þetta gildir ekki einungis um þá ungu pilta, unga stúdenta, sem vilja læra þetta. Það gildir ekki síður um konur, því að fáar eru þær greinar, sem manni virtist eðlilegra að kvenfólk legði fyrir sig, þær sem á annað borð eru stúdentar, heldur en einmitt að verða læknar, enda er sú reynslan víða, þar sem jafnrétti er fullt milli karla og kvenna og þar sem full námslaun eru, að þar er yfirgnæfandi meiri hluti lækna kvenfólk.

Ég held, að það væri þess vegna rétt, einmitt með tilliti til þess vanda, sem á hvílir í sambandi við læknaþjónustu við dreifbýlið, og í öðru lagi vegna þess vanda, sem að vísu er miklu minni, en er að verða í sambandi við að tryggja sjúkrasamlagslækna, þá væri mjög heppilegt, að þessari gr. væri breytt eins og ég hef orðað hana. Hún hljóðar svo, mín brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal samkv. till. landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverjum læknastúdentum námslaun, er nægi þeim til lífsframfæris, meðan þeir stunda nám í læknadeild, gegn skuldbindingu um þjónustu í læknishéraði að afloknu námi. Nánari ákvæði um námslaun þessi skal setja í reglugerð. Er og heimilt, ef þörf þykir, að hafa þar ákvæði til þess að tryggja á sama hátt sjúkrasamlagslækna."

Þó að sjúkrasamlagslæknar séu ekki starfsmenn ríkisins, þá eru engu að síður að verða vandræði með að fá menn til þess að stunda það starf, og mætti þess vegna líka reyna að semja um það.

Ég hef áður tekið það fram í sambandi við þetta, að ef svo færi, að þeir menn, sem upprunalega hafa notið slíkra námslauna, skyldu óska eftir því seinna meir að verða sérfræðingar eða yfirgefa þessa leið, að verða héraðslæknar og slíkt, þá væri hægt að hafa í reglugerðinni ákvæði þess efnis, að viðkomandi gæti fengið sínum námslaunum breytt í námsstyrk að einhverju leyti eða námslán, þannig að hann gæti þá borgað til baka og verið laus við þær skuldbindingar, sem hann hefur á sig tekið. Hins vegar, eins og við vitum, þá geta þetta orðið engar smáræðisskuldbindingar. Það hefur reiknazt svo til, að það sé allt frá ½ millj. upp í 1 millj. fyrir þá, sem eitthvert framhaldsnám stunda líka eða fara út til þess að læra eitthvað meira, — skuldirnar, sem menn geta steypt sér í, ef menn fá yfirleitt að skulda svo mikið, þeir sem ætla að læra til læknis hér heima.

En það er líka annað, sem er vert að athuga í þessu. Ef við byrjuðum á þessu og gerðum tilraun einmitt á þessu sviði, þar sem okkur virðist svo mikil nauðsyn á að leysa úr vandamáli dreifbýlisins í þessu efni, þá værum við um leið að gera aðra tilraun. Við værum að gera tilraun um það að framkvæma efnahagslegt jafnrétti til menntunar. Raunverulega er það hart, að í okkar þjóðfélagi, eins ríkt og það er orðið og eins almenn velmegun og ríkir, að það skuli ekki vera nokkurn veginn efnahagslegt jafnrétti til menntunar, þannig að það geti ekki komið lengur fyrir það, sem gerðist á meðan Ísland var fátækt land, að menn verði að hætta við það nám, sem menn helzt vildu leggja stund á, sökum efnahagslegs skorts á möguleikum til þess.

Ég held þess vegna, að frá öllum sjónarmiðum væri það ákaflega gott og rétt að samþykkja þessa brtt. og gera þar með þessa tilraun. Það er að öllu leyti lagt í hendur ríkisstj., á hvern hátt hún framkvæmir þetta, þannig að þetta væri af hálfu Alþingis aðeins uppörvun til þess að stíga spor áfram á þeirri braut, sem hæstv. menntmrh. var að lýsa, að farin hefði verið hér undanfarin 10 ár.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég m. a. brtt., sem fjallaði um aðstoð við fólk í læknislausum héruðum, þegar sjúkdóma bæri að höndum. Það var meginatriði till. En auk þess var fleira í henni. Ég dró þá till. til baka þessa till. og hef nú flutt hana aftur, en breytta, þar sem ég tek aðeins aðalatriði hennar upp. Hún er á þskj. 418, og er þá till. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verður læknishérað læknislaust, og greiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar af læknisvitjun og sjúkraflutningi þeirra, sem búsettir eru í hinu læknislausa héraði."

Ég breytti þessum hluta till. þannig, að í staðinn fyrir að greiða kostnaðinn „af læknisvitjun og sjúkraflutningi", þegar enginn er læknir í héraðinu, þá skuli ríkissjóður þó ekki greiða nema helminginn, og geri ég það til þess, að auðveldara verði að fá till. þessa samþ.

Ég nefndi dæmi um það um daginn, hversu mjög þetta kemur við gjaldþol sjúklinga, sem verða að kosta vitjun læknis í annað hérað, og ef ofan á það bætist dýr sjúkraflutningur. Ég held, að það þurfi ekki að nefna fleiri dæmi um það, að þetta getur orðið ákaflega erfitt fátæku fólki, og því fyllilega eðlilegt, að hér sé hlaupið undir bagga hvað þetta snertir, enda ekki nema viðurkenning á þeim erfiðleikum, sem þetta fólk býr við, að hafa engan lækni í héraði sínu. Og ég vil segja, að það er eiginlega lágmark þess, sem hægt er að gera fyrir þetta fólk, það er, að ríkið greiði helming af slíkum kostnaði, þegar þarf að leita til annarra héraða í þessum efnum.

Ég á bágt með að trúa því, að hv. alþm. felli slíka till. sem þessa, ekki sízt þegar á það er litið, að þetta getur aldrei orðið nema hverfandi kostnaður fyrir ríkissjóð, því að sem betur fer kemur það mjög sjaldan fyrir, að til slíkra flutninga þurfi að grípa sem hér er rætt um.

Hvað snertir læknisvitjanasjóð, þá vita allir, að hann er einskis megnugur og þýðingarlaus, eins og hann er. Og ef til þess kemur, að hann verði gerður einhvern tíma einhvers megnugur, þá er hægt að taka þetta til athugunar á ný. En það eru ekki horfur á því, eins og sakir standa. Það hefur dregizt æðimikið, að endurskoðun á þeim lögum fari fram.

Ég vænti þess því fastlega, að hv. þm. sjái sér fært að greiða þessari till. atkv. sitt. Hún er þess eðlis, að það er varla hægt að vera á móti henni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við 2. umr. um læknaskipunarlög s. l. fimmtudag tók hæstv. menntmrh. til máls og gaf nokkurt yfirlit um námslaun og námsstyrki til stúdenta við nám á Íslandi og erlendis. Hann las þá upp nokkuð langan lista um þessa styrki og þó aðallega lán, sem veitt munu hafa verið undanfarin 15 ár. Eins og að líkum lætur, fóru tölurnar ört hækkandi, og ég sá ekki betur en hæstv. menntmrh. væri því stoltari og ánægðari sem tölurnar urðu hærri, sem hann las, og niðurstaðan var sú, að á seinasta ári hefði verið varið 16 sinnum hærri heildarfjárhæð til þessara mála en fyrir 15 árum. Það stóð ekki á því, að stuðningsblöð hæstv. ráðh. tækju málið upp og færu að hælast um, hversu gífurleg aukning hefði orðið í aðstoð við stúdenta. Alþýðublaðið sagði t. d. daginn eftir, 2. apríl, með risafyrirsögn á forsíðu: „Stúdentaaðstoð 16-földuð á 15 árum". Og daginn eftir mátti lesa þessi orð í leiðara Alþýðublaðsins, með leyfi forseta: „Kom það fram í ræðu Gylfa, að stuðningur við íslenzka námsmenn hefur farið mjög vaxandi undanfarin 15 ár. Hefur opinbert framlag til þessara mála um það bil 16-faldazt síðustu 15 árin."

Nú munu auðvitað fáir trúa því um jafnágætan mann og hæstv. menntmrh., að hann sé vísvitandi að reyna í þingræðu að blekkja þingheim og almenning í landinu á þann hátt, sem Alþýðublaðið gefur í skyn. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi lesið upp þennan mikla talnabálk í einhverjum tilgangi. Hann hefði ekki farið að lesa upp alla þessa talnarunu, ef hann ætlaði sér ekki að sýna fram á eitthvað með henni, sanna eitthvað. Og ég vil nú segja það, að mér dettur ekki í hug að halda, að hæstv. ráðh. hafi ætlað sér að telja þingheimi og þjóðinni trú um, að kjör stúdenta séu nú orðin 16 sinnum betri almennt heldur en var fyrir 15 árum, vegna þess að upphæðin sé 16 sinnum hærri. En hann hefur áreiðanlega ætlað sér að telja mönnum trú um, að kjör stúdenta hefðu a. m. k. stórlega batnað. Ég held ég geti leyft mér að fullyrða það.

Ég hef því miður ekki aðstöðu til þess að rökræða við ráðh. á þessum talnalega grundvelli, því að þar skortir mig öll gögn og þær hagskýrslur og yfirlitstölur, sem þarf til þess að brjóta þetta mál til mergjar. En ég vil halda því fram, að þó að þessi upphæð hafi 16-faldazt, segi það ekkert til um það, hvort kjör stúdenta í sambandi við lán og styrki hafi batnað eða versnað á þessum árum. Til þess að sjá, hvort kjör stúdenta hafi að þessu leyti raunverulega batnað eða ekki, þurfum við að hafa mörg atriði í huga, og þó að ég geti ekki fært fram sérstakar tölur máli mínu til sönnunar, vil ég aðeins minna á þessi einföldu atriði, áður en umr. lýkur um þetta mál.

Í fyrsta lagi verður að sjálfsögðu að hafa í huga gengi íslenzku krónunnar. Við vitum, að mjög mikill hluti styrkjanna og lánanna er til stúdenta erlendis, og á einum og hálfum áratug hefur orðið stórkostleg breyting á gengi íslenzku krónunnar, það vitum við öll.

Í öðru lagi hefur dýrtíð farið stórkostlega vaxandi í landinu og allur tölulegur samanburður af þeim sökum mjög erfiður. Ég hirði ekki um að fara fleiri orðum um þennan sjálfsagða hlut, sem allir þekkja og allir vita um. En það eru fleiri atriði, mörg fleiri atriði. Það er ekki aðeins, að krónurnar verði fleiri, þegar verðbólguástand er í landinu og gengi krónunnar er fellt hvað eftir annað, það er líka verðbólga í öðrum löndum, þó að ekki sé í jafnmiklum mæli og

hér á Íslandi. Í flestum löndum, þar sem íslenzkir stúdentar hafa verið við nám, hefur verðlag farið nokkuð hækkandi á hverju einasta ári, styrkir og lán, ef talið er í erlendri mynt, hafa þá hækkað í réttu hlutfalli við vaxandi námskostnað í landinu. Þetta hefur að sjálfsögðu haft stórfelld áhrif til hækkunar á námslánum, enda þótt kjör stúdenta séu nákvæmlega hin sömu og áður þrátt fyrir þetta.

Í þriðja lagi verður að minna á það, að stúdentum hefur fjölgað með hverju árinu. Það er ekki aðeins, að hlutfallstala þeirra, sem ljúka stúdentsprófi, hafi farið hægt og þétt vaxandi, þannig að stærri hluti hvers árgangs taki stúdentspróf og þurfi þar af leiðandi á styrkjum og lánum að halda. Það er einnig, að átt hefur sér stað stórkostleg fjölgun stúdenta vegna mannfjölgunar á Íslandi, því að árgangarnir verða með hverju ári stærri.

Hér í gær var dreift á borðin hjá okkur nýju hefti af Fjármálatíðindum, og þar er forustugrein eftir Jóhannes Nordal hagfræðing, sem hann nefnir: Ung þjóð. Þar er einmitt rætt um hina geysilegu fjölgun, sem átt hefur sér stað á seinustu árum einmitt í þeim árgöngum, sem núna eru í menntaskóla eða eru að byrja í háskóla og á fyrstu árum þar. Hann nefnir það, að þessi mikla mannfjölgun hafi hafizt á árinu 1940, og frá 1960 hefur þetta stöðugt verið að koma fram í vaxandi mæli og hefur auðvitað leitt til mjög mikilsverðrar fjölgunar á stúdentum. Ég varð stúdent fyrir 7 árum frá menntaskólanum í Reykjavík, þ. e. a. s. árið 1958. Þá vorum við 104, sem útskrifuðumst. En mér skilst, að á s. l. ári hafi stúdentar útskrifaðir frá menntaskólanum í Reykjavík verið 211. Bara á þessum 7 árum, þ. e. a. s. helmingnum af þeim tíma, sem hæstv. menntmrh. nefndi, hefur tala stúdenta frá menntaskólanum í Reykjavík aukizt um meira en 100%. Ég þarf ekki að taka það fram, að auðvitað hefur þetta verkað mjög til hækkunar á styrkjum og lánum. En eftir sem áður eru kjör hvers einstaks stúdents engu betri, þó að heildarupphæðin sé hærri.

Loks er hægt að nefna það, að styrkir og lán eru yfirleitt hærri til stúdenta, sem stunda nám erlendis, vegna meiri tilkostnaðar. Þó að ég hafi nú ekki neinar tölur í höndunum máli mínu til stuðnings, þykist ég alveg viss um, að mjög stór hluti af þessari stúdentaaukningu hefur orðið meðal þeirra, sem stunda nám sitt erlendis. Stærri hluti af stúdentum hefur snúið sér til útlanda til að nema en áður var, og þetta verkar auðvitað einnig til hækkunar á þessari heildarupphæð.

Ég hef sagt það og segi það enn, að ég hef enga aðstöðu haft né tíma til þess að reikna út, hvaða töluleg áhrif þessi fjögur atriði hafa haft til hækkunar á styrkjum og lánum. En satt að segja grunar mig, með tilliti til þessara liða, að í raun og veru hafi hæstv. menntmrh. alls ekki ástæðu til þess að vera svo stoltur og ánægður sem hann var hér á fimmtudaginn, jafnvel þótt heildarupphæðin hafi 16-faldazt á einum og hálfum áratug. Ég get ekkert um þetta fullyrt að vísu, ég hef ekki gögnin í höndunum og það krefst töluverðs tíma og vinnu að reikna þetta út nákvæmlega, en mér er mjög til efs satt að segja, að kjörin hafi batnað á þessum tíma. En ef þau hafa almennt batnað eitthvað ofurlítið, þykist ég viss um, að þar er um mjög óverulegar kjarabætur að ræða.

Hér liggur fyrir, og það er ástæðan fyrir þessum umr. um stúdentalán, að hér liggur fyrir till. frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl) um námslaun handa læknastúdentum.

Hv. 3. þm. Reykv. las till. áðan, og sé ég ekki ástæðu til að lesa hana aftur, en á þetta mál var víst fyrst minnzt hér fyrir um það bil mánuði við 1. umr. málsins. Mér er það minnisstætt, að þeir stóðu þá báðir upp, hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh., og býsnuðust mjög yfir því, að menn skyldu vera að leyfa sér að halda því fram, að kjör læknastúdenta væru eitthvað léleg. Ég ætla ekki að svara þessum orðum þessara tveggja hæstv. ráðh. En vegna þess að þetta mál er hér til umr. með þessum hætti, vil ég láta læknastúdenta sjálfa svara fyrir sig, en það gerðu þeir, nokkru eftir að þessar umr. fóru fram, með grein, sem birtist í nokkrum blöðum. Þetta var aths. frá stjórn Félags læknanema. Hún fjallaði um ýmis fleiri atriði en þetta, og sé ég ekki ástæðu til að minna á annað en það, sem þeir segja um þetta atriði, þ. e. a. s. kjör læknastúdenta. Í þessari aths. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. forsrh. Bjarni Benediktsson hélt því fram á Alþingi hinn 8. þ. m., að Ísland væri nær einstætt í heiminum að því leyti, að það veitti stúdentum ekki aðeins ókeypis háskólamenntun, heldur veitti þeim einnig mikla námsstyrki, svo að þeir kæmu skuldlausir eða skuldlitlir frá námi. Þessar fullyrðingar eru alrangar.

Einu styrkir, sem læknanemar og raunar allir stúdentar við Háskóla Íslands eiga kost á frá íslenzka ríkinu, eru hinir svonefndu stóru styrkir, sem munu veittir 7 nýstúdentum ár hvert og renna jafnt til stúdenta erlendis sem hér heima, enda munu aðeins 3 læknanemar njóta þessa styrks sem stendur. Utan þessara styrkja fá læknanemar enga styrki frá ríkinu. Hins vegar eiga læknanemar eins og aðrir stúdentar kost á námslánum úr lánasjóði íslenzkra námsmanna. Lánasjóður þessi hefur eflzt talsvert hin síðari ár, og eiga nú þeir læknanemar, sem dveljast 7 ár í deildinni, kost á um það bil 160 þús. kr. láni þann tíma, sé miðað við úthlutun úr sjóðnum árið 1964. Varla þarf að taka fram, að þessa upphæð verða stúdentar að endurgreiða að námi loknu, og verður þetta óneitanlega að teljast nokkur skuld, þó að vaxta- og greiðsluskilyrði séu hagkvæm. Enginn mun þó svo einfaldur að ætla söguna þarna á enda. Með lauslegri athugun á framfærslukostnaði þeirra læknastúdenta einhleypra, sem búa á Görðunum, telst okkur svo til, að lágmarkskostnaður þeirra ár hvert sé um 75 þús.

kr. Þannig ætti 7 ára nám þeirra að kosta þá í beinhörðum peningum 525 þús. kr. og mun þó varlega reiknað. Séu lán dregin frá þessari upphæð, standa eftir 365 þús. kr., sem stúdentinn verður að vinna fyrir sjálfur eða fá frá aðstandendum ella beint eða óbeint, og telst það auðvitað skuld. Ætti því ekki að þurfa að eyða fleiri orðum að hjali um skuldlausa læknakandidata. Einnig má benda á, að í flestum löndum Evrópu eiga stúdentar kost á ókeypis háskólamenntun, svo að Ísland er ekkert einsdæmi, hvað það snertir.

Varðandi þá skoðun hv. þm., að æskilegt sé, að stúdentar vinni óskyld störf á sumrin, þykir rétt að taka fram eftirfarandi:

Námsefni í læknisfræði hefur þanizt út ótrúlega hratt undanfarna áratugi, og kemur þar margt til, einkum aukin rannsóknartækni og ný þekking á sjúkdómum, ekki sízt þeim, sem minnst var vitað um áður. Á þessu aukna námsefni verða læknanemar auðvitað að kunna skil. Bein afleiðing af þessu er, að meðalaldur læknakandídata hafði árið 1960 hækkað um 3 ár síðan 1920, var þannig orðinn tæp 28 ár meðalaldurinn, og mun flestum hafa þótt það of hár aldur. Sú mun einnig hafa verið skoðun læknadeildar, sem setti náminu ströng tímatakmörk, raunar þegar árið 1958, svo að nú má telja sumarvinnu læknanna við óskyld störf nær útilokaða, eigi þeir að gera námi sínu sómasamleg skil. Má geta þess til frekari skýringar, að læknanemar verða að vinna nær kauplaust 12½ mánuð af námstíma sínum á sjúkrahúsum, auk annars verklegs og bóklegs náms, svo að nám þeirra er langt frá því að vera sambærilegt við nám í öðrum deildum háskólans. Auk þess er mjög óheppilegt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði að lengja námstíma læknastúdenta með óskyldum störfum og stytta þannig að sama skapi starfstíma þeirra sem lækna, en hann er, sem kunnugt er, styttri en allra annarra stétta þjóðfélagsins."

Ég les ekki upp meira af þessari aths. Félags læknanema. Þetta voru þeirra orð, og ég held, að það komi mjög skýrt fram, hvernig kjörum þeirra er háttað og að núverandi ástand í þessum málum er algjörlega óviðunandi.

En það er nú ekki einungis vegna læknastúdenta, sem ég tel, að þetta sé stórmál, sem hér er á ferðinni. Ég tel sem sé alveg sjálfsagt mál að innleiða námslaunakerfi fyrir alla stúdenta. Hins vegar geri ég mér vonir um, að námslaun til læknastúdenta kynnu kannske að fást fram og verða fyrsta sporið í þessa átt. Ég verð raunar að bæta því við, að ég tel alveg sjálfsagt mál og er sannfærður um, að fyrr eða síðar kemur að því, að námslaun verða lögleidd fyrir allt framhaldsskólanám, t. d. menntaskóla, iðnskóla og sjómannaskóla. Ég er að sjálfsögðu ekki að hafa á móti því, að námsfólk og stúdentar vinni fyrir sér á sumrin, eins og stundum er talið sem röksemd á móti námslaunum. Auðvitað er það sjálfsagt og eðlilegt, að menn kynnist atvinnuvegum þjóðarinnar og afli sér tekna, þegar þeir eiga frí. En ef við viljum reyna að minnka skortinn, sem nú er, á menntuðum mönnum, bæði vísindamönnum og tæknimönnum, verðum við að skilja, að það er óhjákvæmileg nauðsyn að örva ungt fólk til menntunar í meiri mæli en nú er.

Loks má benda á, að námslaun eru frumskilyrði þess, að unnt sé með nokkrum rétti að draga úr launamismun skólagenginna manna og óskólagenginna, ef menn telja það á annað borð takmark í sjálfu sér að draga úr þeim launamismun, og ég er í þeim hópi. Í öðru lagi er tvímælalaust nauðsynlegt að veita námslaun til þess að gefa námsmönnum og það öllum námsmönnum tækifæri til þess að stunda það nám með kostgæfni, sem hugur þeirra stendur til.

Ég er alveg sannfærður um það, að einhvern tíma munu þetta þykja sjálfsagðir hlutir og eiginlega óþarfi að ræða um þá. Þess vegna styð ég eindregið þessa till., sem fram er komin, og vona eindregið, að námslaun til handa læknastúdentum muni verða til þess að ryðja brautina í þessu sjálfsagða réttindamáli alls skólafólks.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við 2. umr. um frv. til læknaskipunarlaga voru tvær till., sem teknar voru aftur til 3. umr., og þykir mér rétt að geta þess, að heilbr.- og félmn. ræddi báðar þessar till., till. 3. þm. Reykv. (EOI) og till. 3. þm. Vestf. (SE), á fundi sínum í morgun, og var meiri hluti n. á þeirri skoðun um till. 3. þm. Reykv., að þetta mál þyrfti frekari athugunar við, og í því sambandi vil ég neina það nýmæli í þessu frv. til nýrra læknaskipunarlaga, að heimilt er samkv. till. landlæknis og að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi. Breytingin á þessari gr., sem hv. 3. þm. Reykv. leggur til, er á þessa leið, að í staðinn fyrir „heimilt að veita læknastúdentum ríkislán til náms", þá leggur hann til, að læknastúdentar fái námslaun, er nægi þeim til lífsframfæris, meðan þeir stunda nám í læknadeild.

Ég tel, að með þessu nýmæli í frv. um heimild til að veita læknastúdentum ríkislán til náms sé stigið nokkuð mikilvægt skref í þá átt að létta læknastúdentum námskostnað og það sé eitt af mörgu, sem fram kemur í þessu frv. til þess að stuðla að því að fá frekar lækna og þá um leið læknastúdenta til þess að gegna héraðslæknisstörfum. Mér finnst, að með þessu frv. hafi verið stigið í heild mjög mikilvægt skref í þessa átt. Hins vegar má alltaf um það deila, menn vilja ganga misjafnlega langt í einu, en við í meiri hl. heilbr.- og félmn. teljum, að það væri rétt að sjá, hvernig framvinda þessara mála verður nú næstu árin, en ekki ganga lengra að svo stöddu.

Í sambandi við hina till., sem fyrir liggur frá 3. þm. Vestf., er meiri hl. n. á þeirri skoðun, að réttara sé að leggja áherzlu á það að hraða endurskoðun laganna um læknisvitjanasjóð, eins og fram kom hér við 2. umr. málsins í hv.

þd. Till. hv. 3. þm. Vestf. finnst mér að sé að mörgu leyti gölluð, því að það er ekki þar með sagt, þó að læknishérað verði læknislaust, að það séu ekki ýmis önnur héruð, þó að læknir sé í þeim, þar sem fólk þarf að kosta mjög dýra sjúkraflutninga. Það eru til læknishéruð, þar sem þarf að flytja sjúkling hundruð km leið eða 3—3½ tíma ferð á bát á sjúkrahús eða til læknis, þó að héraðslæknir sé í læknishéraðinu. Þess vegna má segja, að ef þessi till. yrði samþ., væri töluvert misræmi þarna á milli fólks í hinum dreifðu byggðum landsins, og því finnst mér miklu réttara og eðlilegra að leggja höfuðáherzlu á að stórefla læknisvitjanasjóð. Við vitum, að læknisvitjanasjóður er mjög ófullkominn, vegna þess að þessi lög eru orðin 23 ára gömul og þar er styrkur ríkissjóðs bundinn að krónutölu, og þar af leiðandi er framlag hans orðið mjög lítilfjörlegt í alla staði og bráð nauðsyn á því að hraða endurskoðun þessara laga á þann veg, að allir, sem þurfa á dýrum sjúkraflutningum að halda eða læknisvitjun, fái þar meira en verið hefur nú um mörg undanfarin ár. Frá þessu hefur verið gerð ein undantekning, og hún er sú, að eitt afskekktasta læknishérað landsins og afskekktasti hreppur landsins, Árneshreppur, hreppsnefnd hans sendi erindi til fjvn. á s. l. hausti og óskaði eftir því vegna einangrunar hreppsins, að það yrði veitt sérstakt fjárframlag til sjúkraflutninga, og fjvn. varð við þessu erindi og veitti 25 þús. kr. til þessa hrepps í þessu skyni, og það var samþ. á fjárl. yfirstandandi árs.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég legg mjög mikla áherzlu á, að læknisvitjanasjóður verði efldur, frv. samið upp að nýju, og ég vænti þess og treysti því, að heilbrmrh., sbr. það, sem hann sagði um daginn við 1. umr. þessa máls, að hann leggi frv. til l. um þetta efni fyrir næsta þing.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að honum er alveg ljóst, að mikið átak hefur verið gert undanfarin ár í þeim efnum að bæta aðstöðu þeirra námsmanna, sem stunda háskólanám og æðra nám bæði hér heima og erlendis, og það kom einnig fram í ræðu hans, að honum er jafnljóst og okkur, sem með stjórnina förum, að brýna nauðsyn ber til þess að bæta enn kjör og námsskilyrði námsmanna, bæði heima og erlendis, þótt mikið hafi að vísu verið gert undanfarin ár. Okkur kann að vísu að greina á um, hvaða form væri hentugast til þessara endurbóta. En í raun og veru er það aukaatriði í málinu, aðalatriðið er það, að haldið sé áfram á þeirri braut, sem fetuð hefur verið ótrauðlega, sérstaklega hin allra síðustu ár, að auka bæði námslán og námsstyrki til nemenda, bæði hér heima og erlendis. Hann kýs að gefa nafnið námslaun þeim styrk, sem nemendum kann að verða veittur. Sá háttur hefur ekki tíðkazt hér á landi enn, og ég endurtek það, sem ég hef einnig sagt fyrr í þessum umr., að það tel ég aukaatriði málsins. Aðalatriðið er, að þingheimur verði á einu máli um að bæta enn um það, sem hér hefur verið myndarlega gert, að því er ég tel, á undanförnum árum.

Hv. 5. landsk. þm. (RA) gerði hins vegar nokkra tilraun til þess í orðum, sem hann mælti hér áðan, að gera lítið úr þeirri aukningu námslána og styrkja, sem átt hefur sér stað undanfarið, án þess þó að færa töluleg rök fyrir þeim ummælum sínum. Auðvitað er það algjörlega rétt hjá hv. 5. landsk. þm., að krónutalan ein í fjárl. á 15 ára tímabili segir ekki til um raunverulegar bætur á lífskjörum eða námsskilyrðum stúdentanna, hvorki hér heima né erlendis, enda hafði mér aldrei dottið slíkt í hug. Ég sá ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál hér um daginn en að geta þeirrar gífurlegu aukningar, sem orðið hefur á fjárframlögum hins opinbera og lánveitingum bankakerfisins til þessara þarfa, en af skýrslu minni kom í ljós, að það fé, sem nú á þessu ári mun vera til ráðstöfunar í námslán og námsstyrki samtals, mun verða 16.5 millj. kr., en hliðstætt fé var árið 1950 1.1 millj. kr., þannig að þetta fé hefur á s. l. 15 árum hvorki meira né minna en 16-faldazt. En til þess að menn mikli ekki fyrir sér það, sem hv. 5. landsk. þm. sagði um þetta efni, hef ég í skyndingu athugað, hver breyting hefur orðið á vísitölu og gengi erlends gjaldeyris á þessu sama tímabili, og sömuleiðis, hver fjölgun hefur orðið á útskrifuðum stúdentum á þessu sama tímabili. Ég tel rétt, að menn hafi, fyrst málinu var á annað borð beint inn á þessa braut, réttar tölur fyrir sér í þessum efnum, einkum og sér í lagi þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi enga tölu í þessu sambandi, heldur sagði aðeins, að þessar tölur mætti ekki taka bókstaflega, þær sem ég nefndi, heldur yrði einnig að hafa hliðsjón af hinni gífurlegu hækkun vísitölu, hækkun á gjaldeyrisgengi og fjölda stúdenta, en tölur um þetta efni eru þessar:

Vísitalan 1950, eins og hún var reiknuð, var 109.9 stig. Sams konar vísitala var 1959 203.6 stig. Og sé hún áfram reiknuð með sama hætti, er hún í ár, síðasta vísitala, 340.6 stig, eða m. ö. o. vísitalan 1959 var 85% hærri en hún hafði verið 1950, og frá 1959—65 hækkar hún enn um 70%, og vísitalan nú er 310 stig miðað við 100 1950. Hún hefur rúmlega þrefaldazt, á sama tíma sem krónutalan til styrkja og lána hefur 16-faldazt.

Gjaldeyrisgengið 1950 var 16.32. 1959 var komið á 30% yfirfærslugjaldi, sem svarar til þess, að stúdentar hafi fengið gjaldeyri á 21.22 kr., ég miða við gengið á dollar, og nú er gengið á dollar rúmar 43 kr. 1959 var þannig það gjaldeyrisgengi, sem stúdentar þurftu að greiða, 30% hærra en það hafði verið 1950, en 1965 er það orðið 164% hærra en það hafði verið 1950. En tölurnar um lán og styrki hafði ég nefnt áðan, svo að það er raunar alveg sama, hvort miðað er við þróun verðlagsins hér innanlands, eins og það er mælt í vísitölunni, eða í gengi erlends gjaldeyris, að fjárveitingarnar til styrkja og lána hafa aukizt margfalt

á við það, sem bæði vísitala og gjaldeyrisgengi hefur hækkað.

Þriðja atriðið nefndi hv. þm., sem var fjöldi stúdenta, og ég hef í skyndingu einnig aflað mér upplýsinga um tölu stúdenta 1950, 1959 og 1964. Tala stúdenta 1950 var 204 á öllu landinu, tala stúdenta 1959 var 209, hafði aðeins fjölgað um 5, en tala stúdenta á s. l. ári var 430. Fjöldi stúdenta hefur þannig aðeins vaxið um rúmlega 100%, rúmlega tvöfaldazt, á þessu 15 ára tímabili, á þeim sama tíma sem framlög til styrkja og lána hafa 15—16-faldazt.

Ég læt þessa aðeins getið, til þess að menn viti, hvað satt sé og rétt í þessum efnum, en engan veginn til þess að halda því fram, að við höfum í dag náð einhverju fullkomnunarástandi í þessum efnum. Ég hef þegar tvívegis áður við þessar umr. undirstrikað, að það er skoðun ríkisstj., að hér þurfi enn að gera mun betur en þegar hefur verið gert. Og ég skal ljúka þessum orðum minum með því að vísa enn til þess, sem ég hef sagt, að vonir standa til þess, að næsta haust muni verða lagt fram hér á hinu háa Alþ. af ríkisstj. frv. til nýrrar löggjafar um stuðning við námsmenn heima og erlendis, og það er eindregin von mín, að í þeim till. ríkisstj. til Alþ. muni enn felast verulegar umbætur á kjörum íslenzkra námsmanna bæði heima og erlendis.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru 2 till., sem fyrir þd. lágu varðandi málið, teknar aftur til 3. umr., og hófst þessi umr. í dag á því, að tillögumennirnir ræddu till. Þá hafði ekki verið gerð grein fyrir því af hendi heilbr.- og félmn., að nefndin hafði tekið till. þeirra til meðferðar. Það hefur hins vegar síðar, eftir að ég kvaddi mér hljóðs, verið upplýst af hv. 11. landsk. þm. Ég taldi hins vegar þinglega réttara, að einhver af hendi n. gerði grein fyrir því, að n. hefði athugað þessar till. og tekið afstöðu til þeirra, áður en umr. hæfust um þær. Þetta hefði að sjálfsögðu verið gert, ef svo stæði ekki sérstaklega á, að formaður n. er vikinn af þingi og varamaður hans kominn hér í hans stað.

Báðar þessar till. hafa nú verið ræddar og það upplýst, að meiri hl. n. fékkst ekki til að veita þessum till. stuðning. Ég hef hins vegar áður tekið það fram, að ég vil styðja till. frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl) um námslaun. Það var nokkuð að því fundið í hv. n., að till. væri nokkuð rúm og gæti því framkvæmdin orðið laus í reipum. En mér sýnist, að því séu nokkuð rammar skorður settar, hversu viðtæk þessi námslaun yrðu, þar sem þau yrðu aðeins veitt samkv. till. landlæknis og að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands. Þær reglur, sem yrðu svo settar, því að enn fremur er gert ráð fyrir reglugerð, mundu marka þessu alveg básinn, þannig að fulltryggilega væri hægt að búa um framkvæmd þessarar till., eða ekki fæ ég annað séð. Og þeirrar skoðunar er ég, að það væri mikilsverð efnahagsleg fyrirgreiðsla fyrir sérstaklega fátækt fólk, sem legði út á læknanámsbrautina, hina erfiðu og torsóttu og löngu námsbraut, að ríkið veitti þeim alveg sérstaklega námslaun. Lánin eru góð, en það er þó allþung byrði, sem leggst á herðar hins unga embættismanns, þegar hann er kominn frá námi, að greiða þau upp aftur. Námslaun eru því betri. En n. fékkst ekki til þess að meiri hluta til að veita þessari till. stuðning, og vil ég þó mælast til þess, að hún nái samþykki.

Þá hafði einnig verið tekin aftur till., sem hér lá fyrir við 2. umr. frá hv. 3. þm. Vestf. (SE), og hafði hann nú lagt hana fram í nokkuð breyttu formi, og er hún um það, að í læknislausu héraði hlaupi ríkissjóður undir bagga um að greiða helming læknisvitjunar- og sjúkraflutningskostnaðar fólks, sem veikist og þarf að leita læknis og býr í hinu læknislausa héraði. Ég mundi telja, að það væri full þörf á, að þessi till. væri samþ. Að vísu skal ég játa, að ég tel hana heldur þrönga. Þannig stendur á í sumum læknishéruðum, þó að læknir sé þar búsettur, að þar er mjög erfitt að ná til héraðslæknisins í héraðinu og kostnaðarsamt í mörgum tilfellum, og sama má segja, þegar um sjúkraflutninga er að ræða. Ég hef t. d. hér í huga Súðavíkurlæknishérað, sem nær yfir allar byggðir Ísafjarðardjúps nema rétt næsta nágrenni Ísafjarðar. Þar er um þá eina leið að ræða við innanvert Ísafjarðardjúp og norðanvert að ná til læknisins með því að fá Djúpbátinn til þess að fara með lækninn. Það getur aldrei kostað minna en 8—9 þús. kr., og var það viðurkennt af hv. 11. landsk. þm. (MB), sem er einmitt framkvæmdastjóri Djúpbátsins. Læknisvitjun eða sjúkraflutningur í meginhluta Súðavíkurlæknishéraðs kostar því einstaklinginn 8—10 þús. kr. í beinum útlögðum kostnaði, og þess eru dæmi, eins og liggur í augum uppi, að það getur komið fyrir oftar en einu sinni á ári að þurfa að láta sækja lækni með þessum ærna kostnaði. Til þessa tilviks næði till. hv. 3. þm. Vestf. ekki í því formi, sem hún er, og er því of þröng. Ég hef því talið fulla þörf á, að við hana bættist t. d. þetta: „Sama gildir, þó að læknir sé í héraði, ef vitjunarkostnaður eða kostnaður af sjúkraflutningi nemur 1000 kr. eða meira“ — að þá sem sé kæmi ríkið til um greiðslu helmings kostnaðar.

Það hefur verið tekið hér fram af hv. 11. landsk. þm., að lögin um læknisvitjanasjóði eru orðin úrelt, gersamlega úrelt. Þau eru frá 1942, og þau eru þannig upp byggð, að ég efast um, að það komi að gagni að endurskoða þau í því formi, sem þau eru. Svo breyttar eru aðstæður, síðan þau voru sett. Ég hefði haldið, að það þyrfti því að ráða bót á þessum vandamálum fólksins í dreifbýlinu, ekki aðeins í hinum læknislausu héruðum, heldur einnig í héruðum, eins og ég hef hér gert grein fyrir, þar sem aðstaða er mjög erfið til að ná til læknis og sjúkraflutningar og læknisvitjanir mjög kostnaðarsamar. Og þá sé ég ekki annað en það væri mjög sanngjarnt, að ríkið tæki

þennan kostnað að sér að minnsta kosti að hálfu leyti, þegar um meiri háttar upphæðir er að ræða.

Það er nú þegar auðséð, að læknisvitjanasjóðslögin verða ekki endurskoðuð á þessu þingi. Hæstv. heilbrmrh. hefur að vísu í ræðu gefið vilyrði um það, að hann muni stuðla að því, að hraðað verði endurskoðun læknisvitjanasjóðslaganna, og er það gott út af fyrir sig. En það getur þó a. m. k. aldrei orðið raunhæft fyrr en á næsta þingi.

Ég tel því alls ekki óþarft, að ákvæði væri nú sett inn í læknaskipunarlögin um aðstoð við fólkið í strjálbýlinu að því er þetta snertir, þar sem aðstoðar er mest þörf, en það er, eins og ég þegar hef gert grein fyrir, ekki aðeins í hinum læknislausu héruðum, heldur einnig undir ýmsum kringumstæðum í héraði, þar sem læknir situr.

Ég veit um dæmi þess, að læknisvitjunarferð, ein einstök læknisvitjunarferð, hefur kostað milli 15 og 20 þús. kr. Þá varð að kalla til flugvél. Og einstaklingurinn átti í ekkert hús að venda um það að fá aðstoð til greiðslu á þessum mikla kostnaði nema leita til hins litla læknisvitjanasjóðs héraðsins, sem var félaus að kalla.

Ég teldi sem sé þörf á að rýmka till. hv. 3. þm. Vestf., mun þó ekki gera það, því að mér þætti að því nokkur bót, að hans till. fengist samþ., og vil ekki spilla því með því að prjóna neinu við hana.

Læknaskipunarlögin eru búin að vera til rækilegrar meðferðar hér á hv. Alþingi, og við höfum heyrt raddir utan af landsbyggðinni varðandi þessa lagasetningu og þá sérstaklega úr þeim héruðum, sem í upphafi stóð til að lögð yrðu niður samkvæmt þessari löggjöf. En svo eru nú tregar póstsamgöngurnar í okkar landi, að fyrst í dag er t. d. að berast bréf um þessi mál úr Flateyjarhreppi á Breiðafirði, en þar eru þessi mál, að mér finnst, skynsamlega rædd út frá sjónarmiði manns búsetts í eyjahéraði, og löggjöfin fjallar nú einmitt um það að leggja Flateyjarlæknishérað niður eða sem sé gera ráð fyrir því, að það verði sameinað nágrannahéraði, Reykhólahéraði, ef ekki tekst að fá þangað lækni á næstunni með hinum breyttu og bættu kjörum, sem löggjöfin nú gerir ráð fyrir. En honum er ekki kunnugt, þegar hann skrifar þetta bréf, um endalok þessa máls og ræðir því málið án þess að vita, hvaða meðferð það hefur fengið á síðara stigi. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa kafla úr þessu bréfi, því að þótt ráðin sé nú stefna læknaskipunarlaganna eða hvernig þau verða afgreidd hér á þingi í megindráttum, þá kemur að því síðar, að líta þurfi á læknaskipunarmálin, og þá væri ekki úr vegi að hafa sumt í huga, sem þessi maður lætur hér í ljós um vandamál Breiðfirðinga í læknamálunum. Hann segir m. a.:

„Ef við þurfum að tala við lækni, er það Stykkishólmslæknir, sem fær það ónæði, því að útilokað er að tala að Reykhólum vegna lélegra símatækja, sem okkur er gert að búa við þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til þess að fá úr því bætt, því að auðvitað eru Reykhólar ekki eini staðurinn, sem við þurfum að tala við, en getum það ekki.“

Nú vil ég í tilefni af þessum ummælum beina því sérstaklega til hæstv. símamálaráðherra að athuga, hvort ekki er hægt úr þessu að bæta fyrir fólkið í Flateyjarhreppi á Breiðafirði. Það getur varla verið óyfirstíganlegt að bæta úr þessu. En það getur verið þarna mikið í húfi. Það geta verið mannslíf í húfi að láta þetta viðgangast, að símaþjónustan til læknisetursins sé í því ástandi, sem þarna er tilfellið. Þetta var innskot. Áfram vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fá að lesa úr bréfinu:

„Ef við þyrftum að vitja læknis, þá er auðveldara að leita til Reykhóla, vegna þess að sjóleiðin er þangað styttri og lengur fær litlum bátum, því að víða er skjól af eyjum. En þó getur sú leið lokazt af ísum að vetri. Ef kaupa þarf bát til að sækja lækni til Stykkishólms og flytja til baka, kostar það um 2000 kr. auk þóknunar til læknis að Reykhólum, sem kostar þó allmiklu minna. Þennan kostnað greiðir sjúkrasamlag að hálfu. Ég tek fram, að þetta á við um eyjarnar í Flateyjarhéraði. Mér finnst því, að hlutur okkar versni frá því, sem nú er, verði frv. að lögum. Ekki sé ég heldur, að breytingin spari neitt frá því, sem er, þar sem frv. gerir ráð fyrir, að greidd verði staðaruppbót í tveim héruðum við Breiðafjörð, sem nemur einum launum, einum læknislaunum Flateyjarhéraðs, hins vegar verður klipin sú þóknun af héraðslækni Stykkishólms, sem hann hefur fengið fyrir þá þjónustu, sem hann hefur innt af hendi í Flateyjarhreppi og á að gera framvegis. Þó að um sinn horfi illa með byggð í Flatey, þá mun það vera eini staðurinn í Austur-Barðastrandarsýslu, sem hefur skilyrði til þorpsmyndunar, svo að nokkru nemi, þó að það muni líklega ekki endast til fulls starfs handa lækni. Er það ekki til bóta að leggja héraðið niður, nema sýnt sé fram á, að einhverjum sé það til hagsbóta.

Ég vakti máls á því fyrir nokkrum árum á fjórðungsþingi Vestfjarða, að nokkuð róttækar breytingar yrðu gerðar í þessum málum. Ég hef hugsað mikið um þetta síðan og alltaf orðið vissari í þeirri skoðun, að án þess að leysa samgönguvandamálið verði þessum málum aldrei komið í gott horf. Þess vegna er það skoðun mín, að í stað þeirra breytinga, sem frv. gerir ráð fyrir við Breiðafjörð, eigi að hafa eitt læknishérað, sem nái fyrst um sinn frá Búlandshöfða umhverfis Breiðafjörðinn allan að Siglunesi, með læknissetri í Stykkishólmi handa tveimur héraðslæknum auk sjúkrahúslæknis þar, eins og nú er, enda væri séð um, að sjúkrahúsið væri vel búið að tækjum og öðru, sem þyrfti, til þess að þar mætti framkvæma minni háttar aðgerðir. Í Stykkishólmi væri svo þyrilvængja, sem gæti flutt sjúklingana til læknis, enda ætti það að vera hennar verkefni fyrst og fremst að flytja læknana um héraðið, bæði til að vera til viðtals á hinum fjölmennari stöðum og einnig í sjúkdómstilfellum, enda væri þá

létt af læknunum tímafrekum og oft erfiðum ferðalögum, starfskraftar þeirra mundu notast betur, þeir yrðu frjálsari að skreppa frá til skiptis, hefðu betri aðstöðu til heilsugæzlu, væru fljótari í förum, þegar mikið lægi við, og enginn yrði afskekktastur af þeim, sem þá þyrftu að ná til læknis. Það er líklegt, að flugvélin kæmist ekki alla daga ársins um héraðið. En það er þá líka staðreynd, að samgöngur lokast árlega með þeim farartækjum, sem nú eru notuð, um styttri eða lengri tíma. Það er mjög hentugt að gera þessar breytingar hér á Breiðafirði, því að á Breiðafirði þyrfti flugvélin aldrei að fljúga yfir fjall þvert, hvert sem hún færi í héraðinu, og þokur eru sjaldgæfar hér. Dimmviðri mundi sjaldnast loka leiðinni.

Um kostnaðarhliðina af þessu veit ég of lítið. En hvað kosta t. d. tvö læknissetur með nauðsynlegum útbúnaði og farartækjum fram yfir íbúðir handa lækni og flugmanni í Stykkishólmi? Ætli mismunurinn entist ekki nokkuð til flugvélarkaupanna? Og ekki reikna ég með, að þyrfti staðaruppbót handa læknunum, svo að þá kæmu tvenn læknislaun til til þess að mæta flugmannslaununum og kostnaði við rekstur flugvélarinnar, sem fram yfir yrði tekjur þær, sem fengjust fyrir störf vélarinnar, en þær hlytu þó að verða nokkrar, ef miðað er við það, sem við þurfum að borga fyrir læknabíla."

Áfram segir í bréfinu, sem nú liður að lokum:

„Það er kominn tími til að reyna nýjar leiðir í þessum málum, þó að þær kosti eitthvað. Það er mikilsverðari þáttur í lífi strjálbýlisfólksins en borgarbúinn nokkurn tíma gerir sér grein fyrir. Það er hver og einn sjálfráður um búsetu sína og starf. En það er þó ábyrgðarhluti að vera með stóran barnahóp, þar sem leiðin getur lokazt fyrirvaralaust til hjálpar, ef veikindi eða slys ber að höndum, og er jafnvel margra klukkustunda ferð við beztu skilyrði. Ég hef orðið margorður um þetta efni, en ég vona, að yður verði ljóst, hvað fyrir mér vakir. Það eru miklu fleiri, sem búa utan þeirra læknissetra, sem ég meina að yrðu lögð niður við svona skipan, en á þeim. Þeir mörgu mundu fá mjög mikið bætta aðstöðu til hjálpar, og hinir gætu eftir sem áður haft góða læknisþjónustu. Ég hef ekkert heyrt í umræðunum um þessi mál, sem bendi til þess, að okkar hlutur batni við breytinguna, nema síður sé."

Mér finnst það ánægjuefni að verða þess var, að fólkið, sem við læknaskortinn býr úti í dreifbýlinu, lætur til sín heyra og vekur athygli á, hversu mikla úrslitaþýðingu þessi mál hafa og góð lausn þeirra fyrir búsetumöguleika fólks úti um landið.

Ég segi: Það er nú þegar ráðið, hvernig læknaskipunarlögum verður breytt að þessu sinni. Ég hygg, að svo sé í aðalatriðum. En það er vissulega þess vert að athuga, hvort hægt er með gerbreyttum samgönguaðstæðum að bæta læknisþjónustuna, eins og frv. raunar gerir á ýmsum stöðum ráð fyrir, með því að setja fleiri lækna saman og ætla þeim stærra svæði til þjónustu og búa þeim betri embættisaðstöðu, t. d. með sjúkrahúsaðstöðu og á annan hátt.

Ég taldi rétt, þó að þetta bréf kæmi rétt á síðasta degi umræðna um þetta stóra mál hér í þinginu, að það færi inn í þingtíðindin og bæri þau boð úr Flateyjarhreppi, sem okkur hér bárust á síðustu stundu um skoðun málsmetandi manns þar í héraði um þetta þýðingarmikla og viðkvæma mál.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það eftirtektarverða bréf, sem hv. 5. þm. Vestf. (HV) var hér að lesa upp, sýnir e. t. v. berlegar en flest annað, að till. hv. 3. þm. Vestf. (SE) fær ekki staðizt eins og hún er. Í þessu bréfi er bent á, að e. t. v. sé og sennilega sé æskilegasta lausnin fyrir Breiðfirðinga, að þar yrði einungis eitt læknishérað. Ef slíkt stórt hérað yrði stofnað, þá mundi engin aðstoð til læknisvitjunar eiga sér stað skv. till. hv. 3. þm. Vestf., og það er auðsjáanlega megingallinn á þeirri till. og sker úr um, að hún er ekki heppileg lausn á þessu máli, — til viðbótar öðrum ágöllum, sem á henni eru, — að það er engan veginn úrskurðaratriði um þörf til aðstoðar við læknisvitjun, hvort læknir er fyrir hendi í læknishéraði hverju sinni eða ekki. Það, sem úr sker, er vitanlega það, hversu langt þarf að fara, þótt innan sama læknishéraðs sé, til að leita læknisins, og það er það, sem sker úr um kostnaðinn, sem sker úr um það, hvort réttmætt sé eða ástæða til að hjálpa til við greiðslu hans handa þeim einstaklingi, sem í hlut á hverju sinni. Fram hjá þessu meginatriði málsins er algerlega gengið í till. hv. 3. þm. Vestf., og þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt að veita henni stuðning. Til viðbótar kemur svo það, að hún mundi verða óframkvæmanleg, nema nánari hömlur væru á settar um þessar greiðslur. Og það er ljóst, að þetta mál þarf allt miklu nánari athugunar við, eins og hæstv. heilbrmrh. hefur lýst, og sú athugun er eðlilegt að fari fram í sambandi við endurskoðun laga um læknisvitjanasjóð, sem hins vegar má deila á aðila fyrir, þ. á m. mig og fleiri, sem um þessi mál hafa fjallað, að sú endurskoðun hafi gengið of seint, en þá er því meiri ástæða til þess að reyna að hraða þeirri endurskoðun.

Þetta vildi ég taka fram, úr því að ég kom hér á annað borð og af því að hv. 5. þm. Vestf. var að ljúka máli sínu og vakti einmitt athygli á atriði, sem í þessu hlýtur að hafa úrslitaþýðingu.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, voru ummæli og þó aðallega upplestur hv. 5. landsk. þm. á yfirlýsingu eða erindi frá Félagi læknanema, að því er ég hygg. Ég hafði raunar lesið þetta erindi áður og taldi ekki ástæðu til þess að skeyta sérstaklega um það. Þar voru almenn mótmæli gegn flestu af því, sem fram kom við umr. um þessi mál á fyrsta stigi. Því var svarað, sem ég sagði, með nokkrum harðyrðum, og þar voru skeyti send til flestra annarra þm., sem tekið höfðu til máls. Ég

taldi ekki óeðlilegt, að hinir ungu menn settu fram sín sjónarmið, og kippti mér ekkert sérstaklega upp við það.

Nú las hv. þm. upp einkanlega það, sem beindist að mínum ummælum, en sleppti skeytunum til annarra hv. þm., og væri auðvitað auðvelt fyrir mig að bæta úr því með því að lesa allt erindið, en ég tel það ekki þess virði. En varðandi það, sem að mér beindist, þá verð ég að halda því fram, að nokkurs misskilnings gæti hjá hinum ungu mönnum eins og hv. þm. á mínum ummælum. Vel má vera, að það sé vegna þess, að ég hafi ekki nógu skýrt tekið til orða, og eins skal ég játa, að það má vel vera, að ég hafi gert of mikið úr því, hversu vel sé búið að þessum ungu mönnum, og það fái ekki staðizt, að meginhluti þeirra komist nú skuldlaust frá námi. Í þessu er sjálfsagt að hafa það, er sannara reynist, og mér finnst eðlilegt, að þeir bendi á það, sem þeir telja mig hafa ofmælt, og skal ég ekkert um það þræta.

En þetta var ekki meginatriði í mínu máli. Og það er algerlega rangt, að ég hafi haldið því fram, að í nágrannalöndum okkar yfirleitt tíðkaðist það, að menn þyrftu að greiða skólagjöld, sem mikla þýðingu hefðu. Ég drap á það sem einn lið ásamt nokkrum fleirum, sem ég taldi upp, og sagði, að þegar öll þessi atriði væru skoðuð, þá væri það álit mitt, að betur væri búið að námsmönnum hér en í flestum okkar nágrannalöndum, og ég vænti þess, að á þessu færi fram hlutlaus skoðun. Þessu atriði hefur ekki verið mótmælt enn, — hefur ekki einu sinni verið mótmælt, hvað þá að því hafi verið hnekkt. Það er auðvitað þetta, sem öllu máli skiptir varðandi rétta skoðun á þessu máli, þegar er verið að meta, eins og ég var að ræða um, laun til lækna og verkfræðinga hér á landi og í öðrum löndum, hvort í heild er verr búið að þessum mönnum á þeirra námsárum hér á landi eða í þeim löndum, sem þeir sækja til og vilja að öðru leyti miða sín laun hér við. Ef þeir geta sýnt fram á, að við búum verr að okkar námsmönnum heldur en í öðrum löndum tíðkast, þá er það mikilvæg röksemd. En því hefur ekki verið haldið fram enn, hvað þá að það hafi verið sannað. Ég tel, að það væri til mikillar upplýsingar í þessu máli, ef sýnt væri fram á, að skoðun mín og margra annarra um það, að við af okkar takmörkuðu efnum búum betur að okkar námsmönnum en yfirleitt sé tíðkanlegt, væri röng. Ef þessi skoðun okkar er röng, þá er mikilsvert, að það sé sýnt fram á það með rökum, en ekki, að tekin séu út úr einstök atriði og þeim snúið á annan veg en við héldum fram. Hitt er svo alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. hefur tekið fram bæði nú og áður, að sjálfsagt stendur hér margt enn til bóta og eðlilegt er, að þessi mál verði endurskoðuð á ný.

Ég hélt því hins vegar fram og tók það berum orðum fram í minni ræðu, að í sumum þessara landa, sem t. d. læknar sækja til, þyrftu þeir að greiða mikið kennslukaup, og nefndi þar sérstaklega Bandaríkin, sagði, að svo mundi a. m. k. vera í Bandaríkjunum. Ég veit, að það er einnig tíðkað í Kanada og a. m. k. að nokkru leyti í sumum skólum í Englandi. Hitt er mér kunnugt um, að það er ekki almennt tíðkað á meginlandi Evrópu, enda hef ég aldrei haldið sliku fram. Hitt þori ég að fullyrða, að t. d. í Bandaríkjunum er kennslugjaldið yfirleitt hér um bil helmingur af námskostnaðinum, þannig að sjálfur uppihaldskostnaðurinn í heimavistarskóla, háskóla í Bandaríkjunum, er ekki nema helmingur af því, sem nemendur þurfa að greiða. Hinn helmingurinn fer til þess að greiða fyrir sjálfa kennsluna. Og svipað hlutfall hygg ég að víða sé í Kanada. Það eru stórkostleg hlunnindi, sem við Íslendingar, miklu fátækari þjóð en þessar tvær, höfum talið okkur fært að veita okkar námsmönnum með því að hafa þessa kennslu ókeypis, og það er sannarlega ósanngjarnt, þegar menn síðan vilja bera kjör Bandaríkjalækna saman við kjör íslenzkra lækna án þess að líta á þau atriði, sem hér um ræðir. Eðlilegt er, að þegar skoða á kjör námsmanna á Íslandi í heild, þá sé athugað: Eru námsstyrkir jafnalmennir í öðrum löndum, sem við þekkjum til, eins og á Íslandi? Eru þeir jafnalmennir? Eru þeir yfirleitt jafnháir og hér tíðkast? Þá skiptir það ekki öllu máli, það skiptir auðvitað engu máli, hvort við köllum styrkina námslaun eða styrki, og það skiptir í raun og veru sáralitlu máli, hvort við tölum um beina námsstyrki eða námslán, meðan lánin eru svo hagkvæm, að þau eru efnislega styrkur. Hitt er svo rétt, sem hinir ungu menn benda á og má segja til hnekkis einu þeirra atriða, sem ég hélt fram um daginn, að vitanlega er þetta skuld og þess vegna rangt að tala um, að þeir séu skuldlausir, meðan þessar kvaðir þó hvíla á þeim, þó að það sé ekki skuld með venjulegum hætti. Það þykir mér sjálfsagt að viðurkenna.

Hv. 5. þm. Vestf. (HV), — ég var að svara honum, en ekki hv. 3. þm. Reykv., — hélt fram, að við gætum ekki ásakað lækna eða verkfræðinga fyrir að fara úr landi og njóta betri kjara. Ég hélt honum til svars fram því, að ef þær kvaðir, sem við legðum á okkur og þjóðfélagið til þess að stuðla að menntun þessara ungu manna, væru að engu metnar, yrðum við að endurskoða þær og taka til íhugunar, hvort setja yrði einhver skilyrði fyrir því, að styrkirnir væru veittir, skilyrði um starf síðar á lífsleiðinni til endurgjalds fyrir þá styrki, sem þeir hefðu þannig fengið. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hefur hins vegar gengið mun lengra í þessum efnum en ég. Ég hélt einungis fram, að þetta væri atriði, sem yrði að taka til athugunar og óhjákvæmilegt yrði að íhuga nánar, ef menn vildu að engu meta þau miklu hlunnindi, sem þeir nú þegar hljóta. Hv. 3. þm. Reykv. aftur á móti vill nú þegar með lagaákvæði leggja þá skyldu á menn, að ef þeir fái námsstyrki, geti ríkisstj. með einfaldri reglugerð sett það skilyrði, að þeir óákveðinn tíma og að því er mér skildist, eftir því sem hann talaði sjálfur áðan, e. t. v. alla sína ævi skuli vera skuldbundnir til að vinna í ríkisins þjónustu. Nú spyr ég hv. 5. landsk.: Er það virkilega, þegar hann segist

styðja till. 3. þm. Reykv., er hann þá virkilega að tala í umboði læknanemanna, er það þetta, sem þeir eru að óska eftir? Það er alveg nauðsynlegt, að við fáum að vita það. Hann þykist þurfa að vera að verja læknanema hér gagnvart ásókn minni og hæstv. menntmrh. og setur sig fram sem verndara þeirra ásamt hv. 3. þm. Reykv., en er það þá virkilega svo, að læknanemarnir óski eftir því, að námsstyrkir verði umskírðir, kallaðir námslaun, og þeim fylgi ævilöng skylduvinna hjá ríkinu þar á eftir? Við skulum ekki tala um þetta neina tæpitungu. Það er alveg nauðsynlegt, að menn átti sig á, um hvað er verið að ræða í raun og veru.

En ég segi: Jafnvel þó að menn neyddust til að fara inn á þá hugsun, sem ég aðeins vék að í minni ræðu hér um daginn og síðan hefur orðið að ásökunarefni, jafnvel þótt menn neyddust til að taka hana til íhugunar, fer auðvitað fjarri því, að það sé tímabært á þessu stigi málsins að fara að lögákveða nokkuð um slíkt. Það þarfnast vitanlega miklu rækilegri íhugunar og undirbúnings. Og sannast að segja lýsir það furðulega litlum frjálsræðisanda, en miklu trausti á ríkisstjórnum, sem eru hverju sinni, að ætla að láta þær hafa með reglugerðarvaldi slíkt vald yfir framtíð námsmanna eins og hv. 3. þm. Reykv. leggur til í sinni till. Ég efast um, að slíkar skuldbindingar, jafnafdrifaríkar, hafi nokkru sinni átt að lögfesta varðandi frjálsa atvinnu hér á landi, eins og felst í till. hv. þm. Það er ærið ákvörðunarefni að skera úr um, hvort þetta eigi yfirleitt að gera. En þá verður löggjafinn að gera það sjálfur, en ekki ætla að skjóta þeim vanda og því valdi og þeirri ábyrgð yfir á ríkisstj., sem hverju sinni situr og menn með eðlilegum hætti hafa mismunandi traust til.

Það er ljóst um till. hv. 3. þm. Reykv., að hún þarfnast auðvitað miklu nánari íhugunar við, áður en hana er hægt að samþykkja, þó að þar sé þessi heilbrigða hugsun, sem ég hafði vakið athygli á, að ef menn vilja að engu meta þau miklu fríðindi, sem þeim eru veitt, m. a. með ókeypis kennslu og með stórkostlegum styrkveitingum, þó að í formi námslána sé að verulegu leyti, — ef menn vilja þetta að engu meta, verður að setja einhverjar kvaðir þar á móti, þó að það sé ekki hægt að gera með jafnstórkostlegum og óákveðnum hætti og hv. 3. þm. Reykv. gerir hér till. um.

Ég vil svo enn fremur segja það, að það eru auðvitað ekki fullnægjandi rök gegn því, sem ég hafði bent á, að það væri æskilegt, að námsmenn héldu sem allra lengst þeim hætti, sem hér hefur tíðkazt um aldir, að stúdentar og námsmenn ynnu að sumri til með öðrum landsmönnum þá vinnu, sem til fellur. Það er engan veginn hægt að fallast á, að þessi háttur eigi nú að falla niður, vegna þess að námsefni læknanema sé orðið svo umfangsmikið, að þeir geti ekki a. m. k. lengst af neitt gert annað ársins hring heldur en sinna sinni skólagöngu. Ég efast sannast sagna um, að slíkt námsfyrirkomulag sé að öllu leyti heppilegt. Við vitum allir, að það kemur að mjög takmörkuðu gagni, sem menn læra í bókum, ef ætlazt er til, að námsefnið sé svo mikið, að það taki mörg ár til lesturs, og síðan eigi að halda því í minni alla sína ævi. Við vitum, að í fáum greinum hafa orðið stórkostlegri breytingar til góðs en einmitt í læknisfræðinni og eru stöðugt að verða til góðs, og þar er námsefnið auðvitað ekki tæmt í nokkurra ára háskólanámi, heldur hlýtur námstíminn þar eins og í öðrum fræðigreinum fyrst og fremst að fara í það að kenna mönnum að nema, sem þeir síðan þurfa að halda áfram að gera alla sína starfsævi, ef vel á að fara. Það er vissulega mjög hættulegt og beint spor aftur á bak í okkar þjóðfélagsháttum, ef við eigum að taka upp þann gamla sið yfirstéttanna á meginlandi Evrópu, að það þyki til skammar og lítilsvirðingar, að námsmenn vinni líkamlega vinnu, og námi sé þannig hagað, að stúdentar og aðrir námsmenn geti ekki unnið með því fólki, sem þeir síðan eiga að lifa með í landinu. Ég tel, að þó að það sé mikils virði, að menn læri mikið í læknisfræði, — og vitanlega eigum við allir læknunum meira að þakka en orð fá lýst og metum þeirra þekkingu réttilega, — þá sé hitt ekki síður mikilsvert varðandi þá og aðrar hinar svokölluðu lærðu stéttir, að þær haldi tengslum við sitt samfélag, við sitt þjóðfélag. Menn verða að átta sig á því, að þótt viss kröfugerð geti verið réttmæt, þá má ekki gleyma því, að við erum hér að burðast við að reyna að halda uppi einstæðu þjóðfélagi, fámennur hópur á norðlægu eylandi, sem ýmsir mundu telja óheppilegt, og að til þess að slíkt verði gert, verða jafnvel þeir langlærðustu að sætta sig við önnur kjör hér en þeir geta hlotið með sínum lærdómi í öðrum löndum. Það er eðlilegt, að þeir sætti sig við önnur kjör en þeir geta hlotið annars staðar, vegna þess að aðstöðu sína hafa þeir fengið fyrir það, að við höfum öll hjálpazt til að afla þeim þeirrar fræðslu, er þeir hafa hlotið.

Þetta var meginefni þess máls, sem ég sagði hér um daginn, og ég hvika hvergi frá því, að þar var rétt haldið á málum og að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar og líka yfirgnæfandi meiri hluti læknastéttarinnar verður mér sammála, þegar málið verður skoðað ofan í kjölinn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. (MB) talaði fyrir meiri hl. heilbr.- og félmn. og andmælti þeirri till., sem ég flyt um aðstoð við sjúklinga í læknislausum héruðum vegna kostnaðar af sjúkraflutningi og læknisvitjun. Rökin, sem hann færði gegn till., voru þau, að þetta gæti skapað misræmi að því leyti, að það gæti kostað líka mikið að vitja læknis og flytja sjúkling í héruðum, sem ekki væru læknislaus. Auðvitað viðurkenni ég, að það getur kostað mikið líka í þeim héruðum. En öll skipun læknishéraðanna í landinu er þannig gerð, að það verði viðráðanlegt fyrir fólk að vitja læknis, svo að það fer varla á milli mála, að þegar eitt hérað dettur út úr,

þannig að læknir er þar enginn, verða aðstæðurnar þar verri en annars staðar. Ef þær yrðu ekki verri við það, væri eitthvað áfátt við læknaskipunina í heild. En ef hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur haft einhvern áhuga á því að koma þarna til móts við þetta fólk, af hverju gerir hann þá ekki till. um að breyta till. í það horf, sem hann telur réttast? Nei, nm. gerðu bókstaflega ekki neitt annað en að lýsa sig á móti till. Það var það eina hvað þetta snertir.

Hv. þm. minnti á, að á síðasta þingi var samþykkt við afgreiðslu fjárl. að veita nokkurn styrk einu læknishéraði, Djúpavíkurhéraði, vegna þess að það var læknislaust. Þetta sannar einmitt mitt mál, að þarna þurfti aðstoð, einmitt þar sem er læknislaust. Þeir sömu menn, sem eru andvígir þessari till. minni nú, voru þarna að sanna það, að þarna er einmitt þörf á að hlaupa undir bagga.

Hæstv. forsrh. andmælti þessari till. minni. Ég skal ekki segja, hvort hann er andvígur hugsuninni í henni, ég býst nú kannske ekki við því, en hann telur hana stórgallaða að þessu leyti, sem hv. 11. landsk. nefndi, og hæstv. ráðh. nefndi sem dæmi kafla úr bréfi, sem hv. 5. þm. Vestf. (HV) var að lesa frá Breiðfirðingi. Það átti að sýna það, hvað mín till. var gölluð. M. ö. o.: þegar maður vestan af Breiðafirði kemur með þá hugmynd, að allur Breiðafjörður skuli vera eitt læknishérað, frá Öndverðarnesi inn fyrir Hvammsfjarðar- og Gilsfjarðarbotna og út á Siglunes, þá sjái menn, hvort ekki sé hún gölluð, till. mín. Aldrei hefur mér dottið í hug að koma með slíka hugmynd hér. Ekki hef ég orðið þess var, að nokkrum einasta þm. hafi dottið þetta í hug. Enginn stafur er um þetta í frv. Enginn stafur er um þetta í núgildandi lögum. Hvernig getur þetta verið rökstuðningur gegn till. minni, læknishérað yfir allan Breiðafjörð frá Siglunesi í Öndverðarnes, sem aldrei hefur heyrzt nefnt á Alþ. fyrr? Nei, þarna held ég, að hæstv. forsrh. hafi alvarlega skjátlazt í röksemdafærslunni, og er ég alveg hissa á honum. Honum hefur einhvern tíma tekizt betur en núna.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér fannst það vera hálfeinkennilegt að heyra hjá hæstv. forsrh., þegar hann var að útskýra þá till., sem hér liggur fyrir á þskj. 380, þar sem fjallað er um námslaun til læknastúdenta, að skv. henni sé þeim gert að skilyrði að vera við læknisþjónustu í héraði alla sína ævi, ef þeir fái námslaun, eins og þar segir. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi séð, að hér er fylgt alveg nákvæmlega sömu hugsun og er í 13. gr., þar sem talað er um, að ríkisstj. sé heimilt að veita læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi. Ég hygg, að enginn hafi skilið þessa till. þannig, að það væri ætlazt til þess, þó að læknastúdentum væri veitt nokkurt námslán á þennan veg, að það ætti að þýða það, að þeir væru skuldbundnir til að starfa í læknishéraði alla sína ævi, heldur á að sjálfsögðu, eins og kemur fram í þessari gr. og líka í brtt., að setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð. Mér finnst það hálfleiðinlegt, þegar hæstv. forsrh. er að venja sig á málflutning eða útúrsnúninga eins og þessa.

Annars var það ekki vegna hæstv. forsrh., sem ég kvaddi mér hljóðs, heldur vegna þeirra upplýsinga, sem hæstv. menntmrh. taldi sig vera með, þegar þetta mál var hér seinast til umr., um hækkun námslauna og námslána síðan 1950. Hæstv. ráðh. taldi sig hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að á þessum tíma hafi þetta 15—16-faldazt. En ég álít, að það sé mjög villandi í þessu sambandi að taka saman í einu námslán og námsstyrki eða námslaun, en námsstyrkir og námslaun eru að vísu hið sama. Ég held, að ef við tökum það, sem er hið rétta í þessum efnum, námsstyrkina alveg sér og námslánin þá líka út af fyrir sig, þá komi allt annað upp á teningnum. Ég hef hérna fyrir framan mig þingtíðindin frá þingi 1949, þar sem er að finna fjárl. fyrir árið 1950, eins og þau voru afgr. Mér sýnist, að samkv. þeim hafi verið veitt á fjárl. í námsstyrki 1.3 millj. kr. Öll þessi upphæð var veitt sem námsstyrkir. Samkvæmt fjárl. í ár sýnist mér, að ekki sé veitt í námsstyrki, þegar búið er að draga frá það framlag, sem er hluti Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, nema 3.7 millj. kr. Það eru sem sagt á 14. gr. fjárl. í ár veittar 11 millj. kr. til styrktar íslenzkum námsmönnum, en þar af fær lánasjóðurinn 8.7 millj., svo að af þeirri upphæð eru ekki eftir nema 2.3 millj. Svo er auk þess sérstakur liður, sem eru 5 ára styrkir, sem eru 1.4 millj. Samanlagt gera námsstyrkirnir á 14. gr., að því er mér virðist, 3.7 millj. kr., en námsstyrkirnir voru sem sagt árið 1950 1.3 millj. kr., 1.3, ekki 1.1, eins og hæstv. forsrh. hélt fram, því að ég sé ekki betur en að það sé um 1.3 millj. kr. að ræða.

Ef þessar tölur mínar eru réttar, sé ég ekki annað en að heildarupphæðin, sem farið hefur til námsstyrkja, hafi hækkað úr 1.3 millj. kr. 1950 í 3.7 millj. kr. nú eða tæplega þrefaldazt. Það er að sjálfsögðu allt of lítil upphæð til þess að mæta þeim stórfellda kostnaði, sem síðan hefur orðið, — þeirri dýrtíðaraukningu, sem síðan hefur orðið, og þeirri stúdentafjölgun, sem síðan hefur orðið, — þannig að ef við tökum námsstyrkina eina, þá hefur augljóslega átt sér stað stórfelld afturför á þessum tíma. Hitt er svo rétt að viðurkenna, að á þessu tímabili hefur það fyrirkomulag verið tekið upp að veita námslán, sem er að vísu gagnlegt fyrir námsmenn að fá, en er þó allt annars eðlis en námstyrkir. Og ég held, að það, sem gerist nú yfirleitt annars staðar í þessum efnum í öðrum löndum, sé miklu frekar að auka námsstyrkina eða námslaunin heldur en námslánin. Ég veit ekki betur en nú fyrir nokkru hafi verið sett í Svíþjóð sérstök löggjöf um námslaun, sem nái ekki aðeins til stúdenta, heldur einnig til þeirra, sem stunda menntaskólanám og iðnaðarskólanám eða nám við hliðstæða tækni-

skóla, og sams konar löggjöf sé nú einnig á döfinni í Noregi og e. t. v. búið að samþykkja hana þar. Það er alveg víst mál, að ef við ætlum að tryggja okkur nægilega tæknimenntaða menn á komandi árum, verðum við í vaxandi efnum að fara inn á þessa braut, m. a. vegna þess, að ýmsir hafa við það örðuga efnahagslega aðstöðu að búa, að þeim er ekki fært að stunda slíkt nám, nema þeir fái aðstoð einhvers staðar annars staðar frá. Og sú skoðun virðist líka ryðja sér til rúms erlendis og hafa áhrif á aðgerðir manna í þessum efnum, að námslán séu ekki heppileg að því leyti, að menn verða að standa undir miklum skuldum, þegar námi er lokið, og það verði til þess, að þeir verði að krefjast hærri launa en ella. Þess vegna verki námsstyrkirnir eða námslaunin á margan hátt betur í þessum efnum heldur en námslánin. Ég held, að það verði þess vegna óhjákvæmilegt fyrir okkur á komandi árum að fara miklu meira inn á þá braut en hefur átt sér stað að undanförnu að auka sjálfa námsstyrkina eða námslaunin, en ekki veita þá aðstoð, sem veitt er, nær eingöngu í formi námslána, eins og nú á sér stað.

Það er alveg ótvírætt, að ef þessar tölur eru réttar, sem ég hef hér farið með, hefur átt sér stað afturför síðan 1950, hvað námslaun snertir, þó að hið gagnstæða hefði vitanlega átt að eiga sér stað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkrar setningar. — Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Reykv., er því miður ekki eins vel að sér í þessu máli, sem hann gerir að umtalsefni, og æskilegt væri, og skal ég þó ekki nota það til neinnar ádeilu á hann. Það er ekki við því að búast, að einstakir þm. þekki til hlítar sögu máls eins og námsstyrkja og námslauna. Hann vakti athygli á því, að 1950 hefði eingöngu verið um námsstyrki að ræða, en nú væri hins vegar svo að segja eingöngu um námslán að ræða. Ég vil aðeins taka það fram, bæði gagnvart hv. þm. og öðrum hv. þm., sem ekki heldur kunna að vita hið sanna í þessu máli, að það var fyrir einróma forgöngu stúdenta sjálfra við Háskóla Íslands, sem námsstyrkir við háskólann voru afnumdir algerlega og námslán tekin upp í staðinn. Það gerðist með lagasetningu um lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands árið 1953. Þáv. stúdentaráð beitti sér einróma fyrir því, að námsstyrkir voru afnumdir og námslán tekin upp í staðinn. Þetta gaf svo góða raun við Háskóla Íslands sökum þess, hversu mjög námslánin gátu hækkað vegna endurgreiðslu þeirra frá þeim, sem fengu þau, að menntamálaráð tók einnig upp að breyta námsstyrkjum í námslán án nokkurs atbeina frá Alþ. eða frá stjórnarvöldum, og sú ákvörðun var tekin einróma af fulltrúum allra flokka í menntamálaráði, einnig af flokksbróður hv. 5. þm. Reykv. í menntamálaráði. Þegar svo stóra átakið var gert um endurskipulagningu stuðningsins við íslenzka námsmenn erlendis sérstaklega 1961, var mjög um það rætt, hvort frekar ætti að beita námslánum eða halda áfram námsstyrkjum í einhverju formi. Mjög margir voru þeirrar skoðunar, að rétt væri að haga stuðningi við námsmenn erlendis eins og gert er við námsmenn hér í háskólanum, veita eingöngu námslán. Sú varð þó ekki niðurstaðan, heldur fá þeir, sem stunda nám erlendis, sumpart að vísu aðallega námslán, en þó einnig námsstyrki. Að vekja sérstaka athygli á því og kalla það afturför, að námsstyrkir hafi ekki nema eitthvað þre- eða fjórfaldazt síðan 1950, þegar jafnstórkostleg aukning hefur orðið á námslánunum, jafnhagkvæm og þau eru, eins og ég er áður búinn að marglýsa, er náttúrlega algerlega út í bláinn, sérstaklega þegar það er haft í huga, að hugmyndin um breytingu frá námsstyrkjum í námslán er komin frá stúdentunum sjálfum, og má þá geta nærri, hvort sú breyting er þeim óhagkvæm.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það, sem veldur því, að ég lagði ríka áherzlu á, að við samþykktum þessa brtt., sem ég hef lagt fram núna, er, að það er greinilegt, að við erum orðnir langt á eftir í þessum málefnum, og það er ekki eftir neinu að bíða. Aðrar þjóðir, bæði Svíar og Norðmenn, eru að verða þarna á undan okkur. Síðar mun ég upplýsa líka, að við erum orðnir nokkuð langt á eftir því, sem við vorum einu sinni sjálfir, en áður ætla ég rétt að minnast á það, sem hæstv. forsrh. var að tala um. Mér skildist hann helzt líta svo á sem það væri raunverulega verið að hneppa stúdenta í prælahald með minni till. Allt, sem mín till. fer nú fram á, er að fara að launa læknana, þegar þeir byrja í skólanum. Sem sé, þeir, sem vilja taka að sér að verða héraðslæknar á eftir, vilja verða starfsmenn ríkisins, geta fengið laun strax, frá því er þeir byrja í háskólanum. Munurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. vill hneppa læknastúdenta í þetta prælahald gegn því, að þeir fái bara lán, fái sérstök ríkislán, þá eiga þeir að vera skuldbundnir til þess að vinna sem héraðslæknar seinna meir. Ég vil hins vegar veita þeim full laun. Þetta er nú allur munurinn á því, sem snertir frjálsræði í þessum efnum. Það er alveg jafnmikið og meira eftir minni till., vegna þess, eins og ég hef margoft tekið fram, að ef þessir læknastúdentar, sem hefðu fengið sín fullu námslaun frá upphafi vega gegn þessari skuldbindingu, vildu breyta til og fara yfir í einhverja sérfræði á eftir og vilja vera lausir við þetta allt saman, er hægt í reglugerðinni að ákveða, að svo og svo mikið af þeirra námslaunum skuli þá skoðast sem námslán, þannig að við skulum ekki fara að reyna að snúa neitt út úr þessu. Mín till. er orðuð alveg nákvæmlega eins og till. ríkisstj., nema með þessum tveim breytingum. Annars vegar legg ég til, að það séu námslaun, þar sem ríkisstj. talar um námslán, og ég legg til, að það sé frá fyrsta ári, strax í háskólanum, en ríkisstj. leggur til, að það sé frá því þeir hafi lokið

fyrsta prófinu, þannig að við skulum ekki vera að fá menn til þess að greiða atkv. á móti minni till. á þessum forsendum. Hún er að öllu leyti fullkomlega samboðin fullu frjálsræði í slíku efni og gengur í því enn þá lengra en till. ríkisstj., þannig að við skulum ekki fara að ráðast á hana frá því sjónarmiði.

Það, sem hins vegar kom fram í umr. milli hæstv. menntmrh. og hv. 5. landsk. þm., var, að hv. 5. landsk. þm. sýndi fram á, hvernig þetta væri algerlega ófullnægjandi, það ástand, sem núna ríkir. En hæstv. menntmrh. talaði hins vegar um, hve mikil framför hefði orðið frá 1950. Og ég hef tekið undir það við hann, vegna þess að ég vissi ósköp vel, hvað ástandið var slæmt 1950, og undirstrikaði það, að námslánin og annað slíkt væri þarna mikil framför. En ástandið var bara það, ef við viljum leita ofurlítið lengra aftur, að það var viss forsmán í þessu 1950, miðað við það, sem áður var. Það þjóðfélagsástand, sem skapast hjá okkur eftir stríð, þýðir raunverulega, að það er miklu fleira fólk en áður, sem treystir sér til þess að kosta börn sín til náms, það er þessi þjóðfélagslega breyting. Hér áður fyrr gerði ríkið stærri kröfur í þessum efnum. Og ég skal taka sem dæmi það, sem ég þekki sjálfur. Námslaunin eða námsstyrkir, eins og það var kallað þá, sem við fengum 1922 og 1923 og þar í kring, sem vorum stúdentar við nám erlendis, voru 100 kr. á mánuði frá ríkinu. Ríkið lét okkur fá 100 kr. á mánuði. Og hvað þýða 100 kr. á mánuði þá, ef við viljum á einhvern máta reyna að umreikna það í verðgildi peninga nú á tímum? Við skulum segja, að við reiknuðum það t. d. eftir vinnulaunum. Mér reiknast til, að 100 kr. á mánuði mundu þýða, — við skulum miða við Dagsbrúnarkaup, eins og vant er, það var í kringum 1.20 kr., sem kaupið var þá, — það eru 83 vinnustundir á mánuði. Fyrir þessar vinnustundir eru nú greiddar 35 kr. eða svo. Það þýðir, að 100 kr. á mánuði þá, 1922—1923, samsvarar 2900 kr. á mánuði nú, þannig að á ári fer þetta þó nokkuð yfir 30 þús. kr., sá námsstyrkur, sem það fátæka íslenzka ríki veitir sínum stúdentum, sem stunduðu nám við erlenda háskóla 1922—1923, og var þetta samt ekki fullnægjandi, svo að ýmsir okkar urðu að hætta þá af efnahagslegum ástæðum, vegna þess að efnahagur manna í landinu var slíkur, að menn höfðu ekki ráð á að bæta miklu við slíkt. En þetta þýðir m. ö. o., að námslaun til stúdenta, sem stúderuðu erlendis 1922—1923, voru hærri en námslán og námsstyrkir núna, sem ég held, að sé rétt, að séu um 26 þús. kr. á ári. (Gripið fram í.) Við skulum ekki endilega reikna með þeim löndum, sem eru dýrust. Ég veit t. d., hvað það er í Noregi, 26 þús. kr., og ég veit, að það er dýrara í Ameríku. En þótt menn vilji kasta 35 eða 40 þús. kr. út fyrir að læra í Ameríku, er ekki vert að bera saman við það. En svona er nú ástandið, að námslaun fyrir 40 árum til íslenzkra stúdenta, sem stúderuðu við erlenda háskóla, voru hærri en öll námslán og námsstyrkir eru núna. (**Forsrh.:** En fjöldinn, sem nýtur?) Fjöldinn, jú, við skulum koma að því. Þegar ég útskrifaðist sem stúdent 1921, held ég, að við höfum verið eitthvað í kringum 20. Núna voru það yfir 300, það er 15-faldað. Og ég geng út frá því, að það væri sjálfsagður hlutur, að núverandi íslenzka ríki treysti sér áreiðanlega til þess að 15-falda a. m. k. það, sem þá var, og kann að hafa gert, ég skal ekki segja um það, ég hef ekki reiknað það út. (**Forsrh.:** En ég spyr: Voru ekki einungis örfáir, sem fengu þennan styrk á þessum árum?) Ég býst við því. Ég gæti trúað, að 1923 og 1924 hafi verið við skulum segja 30 stúdentar, — þetta var eingöngu við erlenda háskóla, — 30 stúdentar, gæti ég trúað, allt í allt. Ég veit ekki, hve þeir eru margir núna, það veit máske hæstv. menntmrh. Það ættu að vera 450 núna, ef það er eitthvert samsvarandi hlutfall. (**Menntmrh.:** Þeir eru 330.) 330, er það ekki meira? Það eru 15 sinnum fleiri stúdentar útskrifaðir núna en var 1921, og þótt það væru 450 stúdentar erlendis, sem fengju þetta, væri það ekki meira en það, sem íslenzka ríkið lét í té 1920.

Ég minnist hérna aðeins á þetta til þess að sýna fram á, að íslenzka ríkið 1920 gerir allmikið í þessum efnum, þótt það sé fátækt þá, og það var mjög lítið, sem var veitt á fjárl. Ég sé, að það er mun meira á ríkisreikningnum, sem borgað er. En svona var það nú þá. M. ö. o.: við skulum ekki vera allt of montnir af því, sem við höfum gert. Það er vissulega framför frá því 1950, en það er ekki meiri framför en það, að ef við ætlum að komast nokkuð jafnfætis því með tilliti til allra breytinga, mættum við gjarnan innleiða núna námslaun. (Gripið fram í.) Ég veit það, þeir eru hærri, þeir eru bara handa 7 manns, ef ég man rétt, þannig að við skulum setja þá handa a. m. k. 30 sinnum það, sem mannfjöldinn á Íslandi hefur vaxið síðan. Við erum lélegir í þessu enn sem komið er, svo að ég held, að við eigum að taka okkur þarna mjög alvarlega á, og ég held, að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að óttast neitt þrælahald af því að samþykkja mína till., og ég held, að hún megi líta 40 ár til baka í tímann og sjá, að þá hafi líka verið hugsað nokkuð stórt í þessum efnum, þótt ýmislegt afturkast kæmi seinna. Ég vildi þess vegna eindregið, eftir að ég nú er búinn að upplýsa hæstv. ráðh., bæði hæstv. forsrh. og menntmrh., um þessa hluti, þá vil ég eindregið vonast til þess, að þeir sjái, að það sé tími til kominn að stíga þetta spor til viðbótar þeirri framför, sem þó hefur verið frá því 1950, að samþykkja mína tillögu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en ég neyðist til að gera hér tvær örstuttar aths.

Hæstv. menntmrh. fékkst nú til að viðurkenna, að í þessum samanburði þetta 15 ára tímabil yrði að taka ýmislegt til greina, og hann nefndi það t. d., að fjöldi námsmanna hafi meira en tvöfaldazt á þessu tímabili og gengismunurinn væri þrefaldur. Ég er auðvitað algerlega óviðbúinn að fara út í útreikninga

á þessum atriðum sitjandi hér í sætinu mínu og hafandi ekki neitt við höndina til að fletta upp í og bera saman. En þó er einfalt samkv. þeim tölum, sem hann kom með, að athuga, hvernig þróunin hefur verið frá 1959, og bið ég nú hæstv. ráðh. að fylgja mér sæmilega eftir. Hann segir, að námslaunin hafi samtals verið þá 3 millj. Hann segir, að á þessu tímabili hafi fjöldi námsmanna tvöfaldazt, ég skildi ráðh. rétt þannig: tvöfaldazt. (Gripið fram í.) Úr 209 í 330. Jæja, þá hefur upphæðin vaxið um 50%. Þá erum við komnir upp í um það bil 4½ millj. Í öðru lagi viðurkennir hann, að gjaldeyrir og gengi hafi fallið, þannig að nú þurfi tvöfalt fleiri íslenzka peninga til að greiða upphæðina. Þá erum við komnir upp í einar 9 millj. kr. Ég er búinn að taka hérna þau tvö atriði, sem hann réttilega nefndi. En hann sleppti aftur á móti tveimur atriðum, sem ég tók sérstaklega fram. Það er annars vegar, að við verðum að gera ráð fyrir nokkurri dýrtíð í þeim löndum, þar sem stúdentarnir eru við nám. Ég er nú ekki nógu fróður um þetta atriði, en þó held ég, að það sé í rauninni ekkert mjög ósanngjarnt að segja, að dýrtíðin hafi vaxið í mörgum þessum löndum kannske um 5% á ári. Við erum þá komnir upp 30% á þessu tímabili, og 30% af þessum 9 millj., sem ég er kominn upp í, hækka töluna upp í eitthvað á milli 12 og 13 millj. Og þar að auki bætist svo við liður, sem ég nefndi hér áðan, en ráðh. tók ekki með í reikninginn, að vegna þess, hve Háskóli Íslands er lítill, og vegna þess, hve hann býður upp á fáa möguleika fyrir menn að stunda nám, verða stúdentar í vaxandi mæli að leita til útlanda og oft til dýrustu landanna, eins og Bandaríkjanna eða annarra, þannig að þar má hiklaust reikna með a. m. k. 2—3 millj. til viðbótar. Þá erum við í þessum mjög svo lauslega útreikningi komnir upp í um það bil 14—15 millj. Ráðh. reiknaði í upphafi með, að nú væru námslánin um 16 millj. samtals, og sjá þá allir, að munurinn getur ekki verið ýkjamikill. Hitt er svo annað mál, að samkv. þessum útreikningi mínum er ofurlítill munur, sem nemur 1/15 hluta eða svo, en það getur vel stafað af vitlausum útreikningi eða af öðrum ástæðum. Hefði maður þó talið, að á þeim góðæristímum, sem þjóðin hefur búið við nú á síðustu árum, hefði verið tækifæri til þess að bæta kjör stúdenta hlutfallslega, þannig að þeirra kjör færu batnandi með auknum þjóðartekjum og meiri möguleikum til þess að veita þeim námslán, því að ekki eru þetta þó styrkir, heldur bara lán, sem þeir skulda og verða að greiða síðar.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég tel það ánægjulegt að heyra, að forsrh. hæstv. dregur nú mjög í land miðað við fullyrðingar sínar hér fyrir nokkrum vikum. Hann lagði nú fyrir mig eina spurningu, sem ég er auðvitað nauðbeygður til að svara. Hann spurði, hvort ég teldi, að læknastúdentum væri mikill greiði gerður með því, ef samkv. till. Einars Olgeirssonar, hv. 3. þm. Reykv., ætti að skuldbinda stúdenta til að vinna alla ævina úti á landi, því að í tillögunni stæði: „gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi.“ Hér er að vísu ekkert tiltekið um það, hversu lengi þeir eigi að stunda nám. En næsta setning á eftir er: „Nánari ákvæði um námslaun þessi skal setja í reglugerð.“ Það mætti með sama rétti túlka þessi orð á þann veg, að þeir ættu ekki aðeins að starfa að afloknu námi í þjónustu ríkisins, heldur væri einnig hugsanlegt að spyrja: Er ætlunin, að þeir verði í héraði alla ævi, eins og segir í þessum orðum? Er ætlunin, að þeir verði að dúsa úti á landi alla sína ævi? Nei, ég held, að ég ætli ekki hæstv. forsrh. þá ósanngirni að vilja túlka þessa till., sem hér er borin fram, með svo fáránlegum hætti. Hérna er ráðh. gefið það á vald að ákveða nánar um þetta atriði, hversu langur tími þetta eigi að vera, og ég efast ekkert um, að hæstv. forsrh. treystir hæstv. menntmrh. eins vel og ég til þess að setja reglugerð um þetta atriði, sem sé með sanngirni sett, og þá efast ég ekki um, ef svo væri, að læknanemar mundu hiklaust fagna þessari till. sem stórsigri í sínum réttindamálum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 347,5 tekin aftur.
— 418 felld með 19:15 atkv.
— 380 felld með 19:13 atkv.
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það hefur um langan tíma verið mikið vandamál hér á landi að veita fólkinu í strjálbýlinu viðunandi læknisþjónustu, og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til þess að bæta úr því, en tæplega borið þann árangur, sem til var ætlazt. Það var þess vegna á s. l. vori, að ég skipaði 6 manna n. til þess að framkvæma endurskoðun á læknaskipunarlögunum og læknaþjónustu dreifbýlisins almennt í því skyni að finna lausn á hinu aðkallandi vandamáli, sem stafar af skorti á læknum til héraðslæknisstarfa, einkum í hinum fámennari og afskekktari héruðum landsins. Í þessa n. reyndi ég að velja þá menn, sem ég taldi bezt til þess hæfa, og fjölluðu þeir um málið, Sigurður Sigurðsson landlæknir, sem var formaður n., Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, varaformaður, Óskar Þórðarson yfirlæknir, formaður Læknafélags Íslands, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri í félmrn. og Jón Thors fulltrúi í dóms- og

kirkjumrn. Síðan var einn maður tilnefndur frá háskólanum, fyrst dr. Sigurður Samúelsson og Kristinn Stefánsson síðar. Ég hygg að þetta hafi verið þeir menn, sem gátu sameinað bezta þekkingu á þessu máli, enda veit ég, að þeir unnu vel að því að undirbúa þá endurskoðun, sem þeim var falin, og skiluðu svo á s. l. hausti till. að frv., sem síðar hlaut athugun í ríkisstj. og var lagt, eins og kunnugt er, fyrir Nd. Alþ. Um það var smávegis ágreiningur í upphafi, ekki efnishlið málsins, held ég, og nú liggur þetta mál fyrir Ed., eftir að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því í Nd.

Það, sem mestum ágreiningi olli, var í raun og veru það í Nd., að lagt var til að sameina nokkur læknishéruð, m. ö. o. að horfast í augu við staðreyndir, gera sér grein fyrir því, að hæpið væri að halda vissum læknishéruðum. Þetta getur í sjálfu sér alltaf verið álitamál. Samkomulag varð svo um það, bæði milli mín og n. og þm. í Nd., að draga úr þeim till., sem þar voru gerðar, þannig að af fimm læknishéruðum, sem gert var ráð fyrir að sameina öðrum læknishéruðum, eru nú aðeins tvö eftir. Hin þrjú eru aftur sjálfstæð, eins og fram kemur í frv. Það eru Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkafjarðarhérað. Þessi þrjú halda sér enn sem sjálfstæð læknishéruð, en Djúpavíkurhérað og Flateyjarhérað verða ekki sjálfstæð læknishéruð, ef ekki tekst að fá lækni í þau með þeim hlunnindum, sem felast í þessari löggjöf, eftir að þau hafa verið auglýst í tiltekinn tíma, eins og þar er gert ráð fyrir.

Í sjálfu sér var ekkert aðalefni máls, hvort læknishéruð væru fleiri eða færri, heldur hitt, að fólkið gæti fengið viðunandi læknisþjónustu í dreifbýlinu, og það má segja, að það sé aðalkjarni og efni málsins, og um það fjalla viss ákvæði í þessu frv., fyrst og fremst í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að í tilteknum héruðum, minnstu héruðunum, sem erfiðast hefur reynzt að fá lækna í, skuli þeir fá tiltekna staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði, og þau eru talin upp, þessi héruð, í 6. gr. Enn fremur eru þeim veitt hlunnindi, sem felast í því, að héraðslæknar geta eftir tiltekinn tíma fengið aðstöðu til þess að fara til náms erlendis á kostnað ríkisins, eins og segir í 2. mgr. 6. gr., og vænta má, að það sé nokkuð mikils virði, því að m. a. er það eitt af því, sem hefur gert þeim erfiðara um vik í fámenninu að geta haldið við sínu námi og sinni þekkingu í þessari ört vaxandi grein, sem læknavísdómurinn er, skulum við segja. Og enn fremur er gert ráð fyrir því um þá, sem eru í hinum minni læknishéruðum, eins og segir í 3. mgr., að þeirra aldur er reiknaður á sérstakan hátt, þannig að þeim reiknast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem þeir hafa gegnt í héraðinu. En eftir öðrum ákvæðum frv. er lögð megináherzla á það, að aldur þeirra í embætti skuli hafa úrslitaþýðingu að öðru jöfnu, þegar þeir sækja um önnur læknishéruð eða aðrar stöður. Svo er enn fremur á öðrum stöðum í frv. gert ráð fyrir því að veita þeim sérstök lán, ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi, ef menn vilja gerast héraðslæknar, og enn fremur að stofna bifreiðalánasjóð héraðslækna, en það er eitt af því, sem hefur verið erfitt héraðslæknum, sem koma beint frá námi, að eignast bifreiðar, sem nauðsynlegar eru fyrir þá í starfi þeirra. Þetta má segja, að séu í meginatriðum hlunnindi, sem felast í þessu frv.

Þegar n. skilaði áliti sínu, voru einnig ályktunartill., sem hún skilaði til ráðh. Þær voru því miður ekki prentaðar með frv., en mér þykir rétt að gera grein fyrir þeim nú, þær snerta ekki meðferð málsins beinlínis, en þær voru þrjár. Sú fyrsta fjallaði um breytingu á læknakennslunni, en um það ályktaði n. eftirfarandi: N. telur, að læknakandidötum sé tilfinnanlega vant þjálfunar í almennum læknisstörfum utan sjúkrahúsa, og er því lagt til, að rn. fari fram á það við menntmrn., að læknadeild háskólans verði falið að gera till. um slíkt nám og tilhögun þess. Í öðru lagi sérfræðiréttindi heimilislækna og embættislækna: N. álítur mikils vert að auka veg almennrar læknisþjónustu og embættislæknastarfa með því að gera heimilislækningar og embættislækningar að sérgreinum. Leggur n. til, að læknadeild háskólans verði falið að semja reglur um nám í þessum sérgreinum. Báðar þessar ályktunartill. heyra í raun og veru undir menntmrn., en ekki heilbrmrn., og ég hef skrifað hæstv. menntmrn. og beðið hann um að taka þessi mál til meðferðar og úrlausnar. Í þriðja lagi gerði n. ályktunartill. um sjúkravitjana- og sjúkraflutningaflug á eftirfarandi hátt: N. telur nauðsynlegt, að settar verði ákveðnar reglur um sjúkravitjana- og sjúkraflutningaflug, svo sem hvernig skuli til slíks flugs stofnað, hver skuli vera lágmarksmenntun flugmanna þeirra, sem slíkt flug annast, og hvers konar farartæki skuli notað og hver sé útbúnaður þess, enn fremur hvaða aðilar annist greiðslur fyrir flugið og í hvaða hlutföllum. Um þetta mál hefur mitt rn. fjallað, og ég hef beðið landlækni og fulltrúa minn í heilbrmrn. og auk þess farið þess á leit við félmrh., að hann leggi til sinn ráðuneytisstjóra til þess með þessum tveimur mönnum að fjalla um þetta málefni. Og í viðbót við það hef ég beðið þessa 3 menn um að taka til endurskoðunar löggjöfina um læknisvitjanasjóð, sem er orðin úrelt og nær ekki tilgangi sínum. Því miður hefur dregizt um of að endurskoða þá löggjöf, en ég geri mér vonir um, eftir að hafa falið þessum mönnum að fjalla um það mál, að svo kunni að fara, að till. um frv. að nýrri læknisvitjanalöggjöf geti legið fyrir næsta þingi.

Ég hef ekki verið fjölorður um málið, m. a. vegna þess, að um það spunnust miklar umr. í Nd., sem ég veit, að hv. þm. eru kunnar. Ég geri mér vonir um, þó að það sé aldrei hægt að fullyrða um það, að þetta frv., ef að lögum verður, geti nokkuð bætt úr miklum vanda, sem okkur hefur verið á höndum í þessum málum, og vildi leyfa mér að vænta, að hv.

Ed. tæki málinu vel og tæki það til skjótrar afgreiðslu.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. að sinni. Í því er að finna allmörg nýmæli, og ég skal strax taka það fram, að ég tel þau öll vera til bóta. Mig langar þó til þess að taka eitt nýmæli fram yfir annað í þessu frv., nýmæli, sem ég tel vera merkast af þeim nýmælum, sem um er að ræða, en það er í 4. gr. frv. Þar er svo ákveðið, að sameina megi tvö læknishéruð, ef sérstaklega stendur á, og ráða tvo lækna til starfa í hinu sameinaða héraði. Þar er enn fremur kveðið svo á, að sameina megi fleiri læknishéruð í eitt og ráða jafnmarga lækna til samstarfs í hinu nýja héraði. Þetta, sem hér er heimilað, tel ég vera það, sem koma skal og koma þarf í læknaskipunarmálum landsins. Þróunin þarf að verða sú á komandi árum, að héruðin stækki, litlum héruðum sé steypt saman í eitt stórt og í héruðin ráðinn hópur lækna með mismunandi sérkunnáttu, læknar, sem síðan vinni saman í þessu stóra héraði. Þetta tel ég vera þá þróun, sem æskileg er, fyrst og fremst til þess að fá lækna til starfa í héruðin. Það er kunnugt, enda á það bent í grg. með þessu frv., að læknar óska þess að þurfa ekki að standa einir í starfi, þeir óska eftir að vinna í félagi við starfsbræður, og þetta er eðlilegt. Sumpart er það eðlilegt vegna þess, að þá er hægt að koma við vaktþjónustu um nætur og helgidaga, og í öðru lagi er það oft svo, að einn læknirinn bætir annan upp og læknum þykir gott, sérstaklega í erfiðum tilfellum, að geta borið ráð sín saman.

Í hv. Nd. varð allmikill úlfaþytur einmitt út af ákvæðum í frv., sem snerta þetta atriði, sem ég nú hef gert að umtalsefni. Það var gert ráð fyrir að sameina nokkur læknishéruð öðrum, gera eitt læknishérað úr tveim. Þetta mætti hinni hörðustu andstöðu hjá vissum hv. þm. Ég þarf ekki að taka það fram, að þær breytingar í þessu efni, sem gerðar voru í hv. Nd., tel ég til hins verra, því að hér er verið að streitast á móti þróun, sem þarf að verða í þessum málum. Fyrsta sporið, sem stíga skyldi í þessu efni, mætti þessari andstöðu, svo mikilli andstöðu, að sjálf hæstv. ríkisstj. guggnaði og tók sínar tillögur í þessu efni til baka.

Ég stend aðallega upp til þess að benda á þetta og um leið til þess að áfellast hæstv. ríkisstj. og þá ekki síst hæstv. heilbrmrh. fyrir að hafa látið snúa sér í þessum málum, en eins og kunnugt er, beitti hæstv. heilbrmrh. sér jafnvel fyrir því með tillögugerð, að frá þessu yrði horfið. Ég tel þetta nokkuð mikils virði, hvernig byrjað er í þessu efni, því að hvernig verður framhaldið? Verður ekki, hvert skipti sem á að grípa til þessarar heimildar að sameina tvö eða fleiri læknishéruð í eitt, verður þá ekki sama uppi á teningnum og þá einmitt bent til þess fordæmis, sem nú hefur verið skapað í hv. Nd.?

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér þykir mjög vænt um það, sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv. í þessu máli, að hann taldi veigamesta atriðið kannske vera það, sem felst í 4. gr., og ég skal viðurkenna það, að ég lagði ekki áherzlu á það í minni frumræðu, m. a. vegna þess, að ég var svolítið hvekktur eftir undirtektir málsins í Nd. Og það má segja, eins og hv. þm. sagði, að ég hafi guggnað fyrir till. Nd.-manna um það að sameina ekki þau héruð, sem upphaflega var ráð fyrir gert í frv. Það finnst mér nú ekki vera veigamikið aðalatriði málsins, og ég reyndi þar að skilja viðkvæmni manna, bæði þm. og fólks á viðkomandi stöðum. En það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv., að það er mjög veigamikið atriði, sem felst í 4. gr., að reyna að sameina héruðin og fá fleiri menn til þess að stunda sameiginlega stærra umdæmi. Og það kemur fram í grg. frá n., er undirbjó málið, einmitt þetta veigamikla atriði, hversu mikill þungi það er og mikil ábyrgð það er, sem liggur á einum lækni í stóru héraði að þurfa að taka úrslitaákvarðanir, — á mönnum, sem eru menntaðir við það að vinna sameiginlega með fleirum og koma svo einir út í lífið og þurfa að taka ákvarðanir, þegar örlögum skiptir og líf liggur við hjá sjúklingum þeirra. Ég er alveg sammála hv. þm., að þetta er eitt af því veigamesta í málinu, og einmitt og sér í lagi líka vegna þess, að við getum frekar gert þetta nú orðið heldur en við gátum gert það áður með bættum samgöngum, sem við höfum, betri vegum og svo flugsamgöngum, sem gert er ráð fyrir líka og gerð er grein fyrir í upphaflegri grg. frv., að verði til þjónustu fyrir stærri læknishéruð en áður hafa verið, bæði með þyrlum og litlum flugvélum, og það kynni að geta orðið til stórra bóta í þessu máli. Ég legg ekki mikið upp úr því, þó að við höfum fallizt á það, sjálfur lagði ég til í minni tillögugerð, að Suðureyrarlæknishérað yrði áfram læknishérað. En á það er að líta, að ef í einhvert af þessum læknishéruðum og öðrum læknishéruðum fæst ekki héraðslæknir áfram, er almenna heimildin í 4. gr. fyrir hendi til þess að sameina læknishéruðin.

Um þetta skal ég svo ekki meira segja, en ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við málið og vona, að málið fái fljóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 416, n. 594, 588, 640).

Frsm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, kom frá Nd., og þarf ég ekki að vera langorður um það. Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þdm. hafi kynnt sér efni þess, en það miðar að því að bæta læknaþjónustu dreifbýlisins með því að bæta kjör héraðslækna, bæði með hækkuðum launum og ýmsum öðrum hlunnindum. Ég hygg, að allir séu á einu máli um, að það sé brýn nauðsyn að bæta læknisþjónustu fólksins í strjálbýlinu. En alþjóð eru kunnir þeir erfiðleikar, sem á því hafa verið að fá lækna til þess að starfa úti um byggðir landsins, sérstaklega í hinum fámennari og strjálbýlli héruðum.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og skilað sameiginlegu áliti á þskj. 594. Þrír nm. áskildu sér þó rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Og nú eru komnar hér fram tvær brtt. Önnur er á þskj. 588 frá hv. 9. þm. Reykv., og er sú brtt. í fjórum liðum. Önnur brtt. er komin frá hv. 1. þm. Vesturl. á þskj. 640.

Ég verð að leggja til, að þessar brtt. verði báðar felldar. Og í sannleika sagt kemur mér dálítið á óvart, að þær brtt. skuli koma hér fram, vegna þess, að mér virtist, að í nefndinni væru þessir hv. þm. mjög ánægðir með frv., og þessar brtt. finnst mér ekki svo mikilvægar, að það sé ástæða til þess að láta þær tefja þetta frv., því að öllum hv. þm. hlýtur að vera það sama í huga og mér, að það sé mjög nauðsynlegt að koma þessu frv. áleiðis. En núna er naumur tími til stefnu.

Þetta frv. tók nokkrum breytingum í Nd. frá því, sem það var, þegar það var upphaflega lagt fram. Og þær breytingar voru gerðar skv. óskum utan af landsbyggðinni. Eru þær þess efnis, að nokkur héruð, sem áður voru sérstök læknishéruð, verði ekki sameinuð öðrum læknishéruðum. En þetta eru Súðavíkurhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað.

Þá varð sú breyt. á ákvæðum til bráðabirgða, að áður en núv. Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, sem sameinast nú öðrum héruðum, verði lögð niður og sameinuð þeim læknishéruðum, sem þau eiga að sameinast, þá skuli þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og aðrir læknar njóta í þeim læknishéruðum, sem um getur í 6. gr. frv.

Þetta er að mínum dómi allt til bóta, þar sem með þessu er reynt að koma enn þá lengra til móts við þarfir fólksins í strjálbýlinu en frv. gerði upphaflega ráð fyrir.

Frv. þetta, ef að lögum verður, felur í sér miklar breytingar til bóta fyrir héraðslækna, sem starfa úti um landið í hinum fámennu héruðum, enda er þörfin til úrbóta mjög brýn. Stórbætt launakjör auk margs konar hlunninda ættu að stuðla að því, að ungir og áhugasamir læknar verði fúsari til þess en verið hefur nú um skeið að gerast héraðslæknar úti á landi, og vitanlega hafa allir landsmenn sama rétt til góðrar heilbrigðisþjónustu. Verði frv. að lögum, er stórt spor og mikilvægt stigið í þá átt, að svo megi verða, Ég vil vona það, að hv. þd. stuðli að því.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 640, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég get að mestu leyti tekið undir það, sem hv. frsm. félmn. sagði um það frv., sem fyrir liggur. En mér þykir ástæða til að rifja þetta mál nokkuð upp, vegna þess að snemma á þessum vetri var ég með fyrirspurn til hæstv. heilbrmrh. um það, hvaða ráðstafanir ríkisstj. ætlaði sér að gera, til þess að öll lögákveðin læknishéruð landsins yrðu skipuð héraðslæknum. En þá stóðu málin þannig, að 8 héruð voru læknislaus.

Eins og fram kom í þeim umræðum, tilkynnti hæstv. ráðh., að þetta frv., sem hér er til umr., væri á næsta leiti og yrði lagt fyrir hv. Alþ. þá innan tíðar, og enn fremur, að í þessu frv. mundu verða ýmsar réttarbætur, sem fælu í sér, að læknar mundu meira sækja eftir því að vera úti á landsbyggðinni heldur en til þessa hefði verið. Og eftir að ég hef kynnt mér þetta frv., vil ég leyfa mér að færa þakkir til hæstv. heilbrmrh. og þeirra manna, sem hafa staðið að samningu þessa frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að ég tel, að þar sé verulega komið til móts við þá aðila, sem verið hafa illa settir í þessum efnum á undanförnum árum, og ég vænti þess líka, að þeir menn, sem eiga að starfa eftir þessum lögum, kunni að meta þær ráðstafanir, sem löggjafinn gerir til þess að tryggja þeim betri aðbúð en áður hefur þekkzt víðs vegar á landinu.

Ég er þó þeirrar skoðunar, að sú till., sem hv. 9. þm. Reykv. flytur varðandi það, að aðstoðarlæknar séu 12 í stað 8 í frv., sé til mikils öryggis, vegna þess að við vitum, að nú orðið þýðir ekki að ætlast til þess, að héraðslæknar fái ekki lögákveðinn hvíldartíma. Þessir menn verða ævinlega að vera til staðar og tiltækir undir mjög örðugum kringumstæðum, hvenær og hvar sem er í því umdæmi, sem þeim tilheyrir, og víðar. Það er því lágmarkskrafa, sem hægt er að gera, að það séu til læknar, sem leysa þá af hólmi, þegar þeir eiga að taka sín lögákveðnu frí. Og ég tel, að það verði miklu öruggara með því að það séu 12 aðstoðarlæknar í stað 8, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég er líka sammála því, sem fram kom í vetur, þegar hv. 3. þm. Vestf. kom með till. um það, að ef læknishéruð yrðu læknislaus, þá yrði komið á móts við þá íbúa, sem í þeim héruðum væru, á tvennan hátt: Í fyrsta lagi með því, að ríkið kostaði helming af þeim kostnaði, sem það hefði í för með sér að ná í lækni frá nærliggjandi læknishéruðum. Og í öðru lagi, að ríkið greiddi helming kostnaðar við að koma sjúklingum til sjúkrahúss, ef á þyrfti að halda.

Ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum, þegar ég sá þetta frv., er ég varð þess áskynja, að það var ekkert um þessi efni í frv., einmitt vegna þess að hæstv. heilbrmrh. tók mjög vel undir þessa till. hv. 3. þm. Vestf. Og þessi till. hefur legið fyrir í hv. Nd., en ekki hlotið samþykki

þar, og hef ég tekið hana óbreytta upp. Og ég vænti þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþykkja till. mína á þskj. 640.

Ég tel, að þótt þessi till. verði samþykkt hér í þessari hv. þd., eigi það ekki að verða til þess að tefja þetta mál og það geti hlotið samþykki á þessu þingi, eins og ég veit, að við erum allir sammála um.

Ég vænti svo, að hv. þm. samþykki þá till., sem ég hef hér lagt fram um þessi efni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka hv. heilbr.- og félmn. góða afgreiðslu þessa máls og síðasta ræðumanni fyrir þakksamleg ummæli í minn garð í sambandi við þetta frv. og þá náttúrlega fyrst og fremst þeirra sérfræðinga, sem fyrir mitt tilstilli unnu að undirbúningi málsins.

Mér finnst aðeins ástæða til þess út af brtt. hv. 1. þm. Vesturl. á þskj. 640 að segja nokkur orð. Þessi till., eins og hann sagði réttilega, kom fram í Nd., flutt þar af 3. þm. Vestf. (SE). Ég taldi þar, að till. ætti ekki rétt á sér, m. a. af þeim efnisástæðum, að það getur verið alveg jafnerfitt að sækja lækni í héraði, sem er ekki læknislaust, jafnkostnaðarsamt, ef þannig háttar til og um langa vegalengd er að fara, og till. væri ekki til þess fallin að leysa þennan mikla vanda. Hins vegar gerði ég grein fyrir því, að það hefði lengi staðið til og eiginlega raunverulega verið í endurskoðun lögin um læknisvitjanasjóð, en sá sjóður hefur þann tilgang að aðstoða við dýrar læknisvitjanir, en hefur orðið, við skulum segja, alveg óvirkur á síðari árum, og sú endurskoðun, sem ég nefndi þarna, hefur ekki borið neinn árangur.

Það var samþ. á sínum tíma í þinginu till. í sameinuðu þingi um áskorun til þáv. ríkisstj. um endurskoðun á þessum lögum. Ég hef séð ummæli fyrrv. landlæknis, þess, sem var á undan núverandi landlækni. Hann taldi, að það væri rétt að afnema lögin algerlega og púkka ekki upp á neina endurskoðun þeirra. Og sama sinnis er núverandi landlæknir, dr. Sigurður Sigurðsson. Og þá vakti sennilega fyrir báðum, a. m. k. veit ég núv. landlækni, að þetta mál verði að takast upp á miklu breiðari og öðrum grundvelli heldur en gömlu lögin um læknisvitjanasjóð. Fyrst og fremst í sambandi við tryggingarnar, sem eru orðnar sterkur og stæltur aðili og ættu að geta veitt verulega aðstoð, fyrir utan framlög úr ríkissjóði og þá kannske sveitarsjóðum, sem ég skal ekki segja um á þessu stigi málsins, en yrðu miklu ríflegri og verulegri en áður hefur verið.

Nú hef ég síðan þetta mál var til umr. í Nd. efnt til endurskoðunar á lögunum um læknisvitjanasjóð, eða þessu vandamáli, skulum við heldur segja, með það fyrir augum, að frv. geti legið fyrir næsta þingi. Að þessu máli vinna nú landlæknir og fulltrúinn í heilbrigðismálum í dómsmrn. Ég hef farið þess á leit jafnframt við félmrh., að ráðuneytisstjórinn í félmrn. ynni að þessari endurskoðun með þessum tveimur mönnum, einmitt til þess að félmrn. hefði hönd í bagga með þá tengingu, sem við höfðum rætt um að skapa við tryggingarnar í sambandi við úrlausn þessa máls. Ég vildi því mælast til þess, þegar málið liggur svona fyrir, hvort hv. þm. gætu ekki á það fallizt að draga till. til baka, en ef honum er það samt ekki í mun, þá mundi ég af þessum ástæðum, *sem ég nú hef greint*, telja óráðlegt að samþykkja hana.

Um brtt. á þskj. 588 vil ég segja, að það má segja, að það eru ekki verulegar efnisbreytingar, a. m. k. ekki 1. og 2. till. Þær voru allar ræddar undir meðferð málsins í Nd. og við þá, sem undirbjuggu frv., og þeim þótti ekki ástæða til þess að breyta þarna „ónæmisaðgerðum", að það kæmi í þeirra stað í 8. gr. „lögboðnar ónæmisaðgerðir", og þetta byggist á *öðrum lagaákvæðum. Sannast að segja man* ég ekki í bili, og þó er eins og mig minni, að það sé í erindisbréfum héraðslækna, sem fær alveg úr skorið um þetta, að af þessu getur ekki neinn vafi eða vandræði stafað.

Varðandi það að breyta ákvæði 7. gr., þar sem eru ákvæði um aðstoðarlæknana, þar segir svo, að heimilt sé að greiða úr ríkissjóði fjárhæð, sem svarar árslaunum átta aðstoðarlækna, héraðslækna, þá var því breytt frá upprunalegri *mynd frv. Hjá undirbúningsnefndinni* voru sjö aðstoðarlæknar, það var fjölgað um einn í Nd., og að vandlega athuguðu máli í heilbrmrn. og miðað við læknafjöldann og þann tíma, sem þessir aðstoðarlæknar ættu að grípa inn í í orlofum og hvíldartíma annarra lækna, þá var það að beztu manna yfirsýn talið fullkomlega nægjanlegt að fjölga þeim um einn, upp í átta aðstoðarlækna, og ég fyrir mitt leyti féllst á það við nánari athugun málsins, að *það mundi vera algerlega óþarfi að hafa það* meira, miðað við almennan orlofstíma og eðlilegan hvíldartíma.

Við 13. gr. er efnisbreyting, þar sem gert er ráð fyrir að veita fjárframlag úr ríkissjóði. Það er víst sú grein, sem fjallar um lán í frv. eða ríkislánin. Um það vil ég ekkert annað segja en það, að það væri náttúrlega gott og blessað að geta veitt styrki og fjárframlög til þessa. En það hefur alltaf tvær hliðar og getur verið varasamt, *og ég vildi vara alvarlega* við því að fara út í það í þessu sambandi lengra en gengið er í frv. að veita sérstök lán til þess að stuðla að því, að menn verði héraðslæknar, sérstaklega miðað við önnur hlunnindi frv.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vænti, að það séu með þessu nokkrar skýringar gefnar á brtt., sem fluttar hafa verið. En mér þykir samt vænt um, að skapazt hefur góð samstaða, — þetta eru auðvitað smávægileg atriði, *sem ég hef vikið að*, — það hefur skapazt góð samstaða um málið, og eins og ég hef áður sagt, þá er hitt auðvitað miklu meira, að það komi til með í framkvæmdinni að geta borið árangur og eflt aðstöðu fólksins, sem í dreifbýlinu býr, til þess að njóta sómasamlegrar eða góðrar læknisþjónustu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Að fengnum þeim upplýsingum, sem hæstv. heilbrmrh. hefur gefið hv. þd. um það, að hann hafi nú þegar falið nokkrum mönnum að endurskoða lög um læknisvitjanasjóð, tek ég till. mína aftur, í trausti þess, að sú endurskoðun liggi fyrir þegar á næsta hausti og að það verði ráðin sú bót á þessum málum með þeirri endurskoðun, sem um getur, og hún komi að gagni þegar á næsta þingi, ef það frv., sem þá liggur fyrir, nær samþykki þm.

Ég sé ekki ástæðu til þess að halda til streitu þessu máli nú, ekki sízt þar sem andstaða er gegn því. En ég vænti þess, að það frv., sem fram kann að koma, þjóni sama tilgangi og komið hefur fram í þeirri till., sem ég hef lagt fram hér.

ATKVGR.
Brtt. 588,1 felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 640 tekin aftur.
3.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 588,2 felld með 9:6 atkv.
7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 588,3 felld með 9:7 atkv.
8.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 588,4 felld með 9:4 atkv.
13.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

---

46. Eftirlit með útlendingum.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um eftirlit með útlendingum [57. mál] (stjfrv., A. 64).

Á 14. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Með samningi 12. júlí 1957 gerðu Finnland, Noregur og Svíþjóð samning um afnám vegabréfaskoðunar við sameiginleg landamerki ríkjanna. Í 14. gr. samningsins er gert ráð fyrir, að ríkisstj. Íslands geti gerzt aðili að samningnum. Samningur þessi er þáttur í þeirri viðleitni að greiða fyrir samgöngum og samskiptum milli Norðurlandanna. Upphaf þeirrar samvinnu var samningur, sem gerður var milli Norðurlandanna, annarra en Íslands, í júlímánuði 1952 að tilhlutun norrænu þingmannanefndarinnar. Samkv. þeim samningi voru ríkisborgarar aðildarríkjanna leystir undan skyldu til að hafa vegabréf og sækja um dvalarleyfi við komu til annars norræns ríkis en heimalandsins.

Næsti áfanginn í þessum málum er nýr samningur 1. júlí 1954 milli Norðurlandanna fjögurra, þar sem ríkisborgarar samningsríkjanna eru algerlega leystir frá vegabréfaskyldu við komu til þeirra landa svo og skyldu til að sækja um dvalarleyfi. Ísland gerðist aðili að þeim samningi 1955, sbr. auglýsingu nr. 76 það ár. Norðurlandasamningurinn um afnám vegabréfaskoðunar frá 12. júlí 1957 gengur þeim mun lengra en vegabréfasamningurinn frá 1952 og 1954, að hann heimilar útlendingum, einnig þeim, sem ekki eru norrænir ríkisborgarar, að ferðast frá einu samningsríki til annars um ákveðna löggilta staði án þess að gangast þar undir vegabréfaskoðun. Hvað snertir vegabréfaeftirlit hafa samningsríkin aðeins ytri landamæri, ef svo mætti segja, en það var einmitt talið af norrænu þingmannanefndinni 1952 æskilegt lokatakmark í samvinnu Norðurlandanna á sviði útlendingaeftirlits.

Ísland hefur enn ekki gerzt aðili Norðurlandasamningsins 1957, enda þarf að samræma íslenzka löggjöf um eftirlit með útlendingum löggjöf hinna Norðurlandanna um það efni, áður en til þess kemur. Á 8. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Reykjavík 1960, var einróma samþykkt ályktun þess efnis, að Ísland gerðist aðili Norðurlandasamningsins. Varð sú samþykkt m. a. til þess, að hafizt var handa um endurskoðun laga nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum, svo og reglugerð um það efni. Áður höfðu farið fram viðræður á sameiginlegum fundi fulltrúa frá öllum Norðurlöndunum um nokkur framkvæmdaatriði, sem athuga þyrfti, ef til aðildar Íslands að samningnum kæmi.

Norðurlandasamningurinn um afnám vegabréfaskoðunar snertir aðeins útlendinga, sem eru ekki ríkisborgarar í einhverju samningsríkjanna. Norrænir ríkisborgarar hafa hins vegar, eins og áður segir, öðlazt viðtækt ferðafrelsi á Norðurlöndum með samningnum 1954, bæði milli landanna og innan þeirra.

Meginstefna samningsins frá 1957 er sú, að allir útlendingar geti, þegar þeir eru komnir inn fyrir landamæri eins af Norðurlöndunum, ferðazt frjálst milli hinna landanna án þess að gangast undir vegabréfsskoðun. Að vísu er hverju samningsríki fyrir sig heimilt að prófa við og við á sameiginlegum landamærum, hvort tilskilinn útlendingur hafi tilskilið leyfi, með því að krefja hann um vegabréf og önnur skilríki, en sú heimild mun lítt hafa verið notuð.

Sameining Norðurlanda í eitt vegabréfaeftirlitssvæði hefur eðlilega haft í för með sér ýmsar skuldbindingar þeirra á milli, svo og nána samvinnu um framkvæmd útlendingaeftirlits Skal hér getið nokkurra atriða í þeim efnum.

Meginreglur um vegabréfaskoðun eru í 2. gr.

samningsins. Er þar gert ráð fyrir, að hvert aðildarríki framkvæmi vegabréfaskoðun við hin norrænu útmörk sín. Með norrænum útmörkum er í samningnum átt við landamærin milli norræns ríkis og ríkis utan Norðurlanda, svo og flugvelli og hafnir í norrænu ríki, sem hefur reglulegar eða óreglulegar flug- eða skipasamgöngur við ríki utan Norðurlandanna. Í 2. gr. samningsins er enn fremur ráð fyrir því gert, að öll aðildarríkin noti sams konar skráningarspjöld við eftirlit með því, að útlendingar, sem þurfa staðfestingaráritun, fari frá Norðurlöndum í lok hins leyfða dvalartíma. Sams konar skráningarspjöld skal einnig nota gagnvart þeim útlendingum, sem vísað hefur verið úr einhverju landanna, en mega koma til eins eða fleiri af hinum löndunum. Samningsríkjunum er skylt að tilkynna hvert öðru um breytingar á samkomulagi um áritunarskyldu, sem þau kunna að gera við önnur ríki, sbr. 4. gr. samningsins. Áður en Norðurlandasamningurinn frá 1957 var gerður, máttu útlendingar, sem ekki þurftu staðfestingaráritun í vegabréf, dvelja í þriggja mánaða tíma í hverju Norðurlandanna fyrir sig án þess að fá til þess sérstakt leyfi. Samkv. 5. gr. samningsins er hins vegar ákveðið, að þriggja mánaða tímabilið skuli reiknað sameiginlega fyrir öll löndin. Útlendingur, sem kemur t. d. frá Englandi til Noregs og dvelur þar í tvo mánuði, getur einungis dvalizt í einhverju hinna Norðurlandanna í einn mánuð í viðbót án sérstaks leyfis. Hann getur ekki farið til einhvers hinna Norðurlandanna og byrjað þar nýtt þriggja mánaða tímabil. Útlendingur, sem kominn er í eitt Norðurlandanna, getur ferðazt til hinna án þess að vera háður vegabréfaeftirliti þar. Vegabréfaeftirlitsmenn í hverju landanna verða því að gæta hagsmuna allra samningsríkjanna í senn samkv. 6. gr. samningsins, og meina útlendingi t. d. landgöngu, ef hann fullnægir ekki reglum þess lands, sem hann ætlar til. Synja ber t. d. útlendingi landgöngu í Danmörku, enda þótt hann ætli ekki að dveljast þar, heldur halda beina leið til Svíþjóðar, svo fremi sem ætla má, að hann hafi ekki nægileg fjárráð til framfæris þar í landi. Gildir einu, þótt viðkomandi sýni hinum danska eftirlitsmanni fram á, að hann hafi farmiða til Svíþjóðar og muni hvergi stanza í Danmörku. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að samræma lagareglur í samningsríkjunum um það, hvenær meina beri útlendingi landgöngu samkv 6.. gr. samningsins. Vanræki eitthvert samningsríki skyldur sínar gagnvart hinum samningsríkjunum og lætur hjá líða að synja útlendingi um landgöngu, þar sem það á við, getur það ríki, sem brotið er gegn, sent útlendinginn aftur til þess ríkis, sem veitti honum inngöngu í Norðurlöndin. Ekkert aðildarríkjanna má leyfa útlendingi landgöngu, ef honum hefur verið vísað úr landi af öðru aðildarríki, nema útlendingurinn hafi fengið til þess sérstakt leyfi. Eftirlitsmenn allra ríkjanna verða því að hafa heildarskrá yfir þá, sem vísað hefur verið úr landi í einhverju þeirra.

Enda þótt aðildarríki Norðurlandasamningsins frá 1957 séu ein heild hvað vegabréfaeftirlitið snertir, eru þau það þó ekki á öllum sviðum útlendingaeftirlits. Dvalar- og atvinnuleyfi, sem hvert land gefur út fyrir sig, gilda þannig eingöngu gagnvart því sjálfu. Afleiðing þessa er t. d. sú, að útlendingi, sem ætlar til Svíþjóðar og hefur fengið staðfestingaráritun um dvalarleyfi þar, er óheimil för um Danmörku til að komast til Svíþjóðar nema með leyfi danskra yfirvalda.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir samningnum frá 1957, sem gerður hefur verið, eins og ég sagði, milli Norðurlandanna, annarra en Íslands, ef við teljum það í þeirra hópi. Og það er í framhaldi af þessari norrænu samvinnu, sem ástæða þótti til að endurskoða lögin um eftirlit með útlendingum og þess vegna lagt fram frv. það, sem hér er til umr. Á. s. l. ári í ágústmánuði var Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, Eliasi Eliassyni deildarstjóra í dómsmrn. og Jóni Sigurpálssyni fulltrúa falin endurskoðun laganna um eftirlit með útlendingum, nr. 59 frá 1936, og þeir hafa einnig starfað að endurskoðun reglugerðarinnar þar um, og það allt sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi hinna Norðurlandanna um afnám vegabréfseftirlits við landamæri milli Norðurlandanna frá 12. júlí 1957. Samningurinn er prentaður í íslenzkri þýðingu sem fylgiskjal með frv.

Þessi n. samdi það lagafrv., sem hér liggur nú fyrir, og skal ég gera grein fyrir helztu atriðum þess. Það er nokkru efnismeira en gildandi lög um eftirlit með útlendingum, eða 22 gr. í stað 15 áður. Það verður þó ekki sagt, að það í sjálfu sér geri ráð fyrir stórvægilegum breytingum frá því, sem nú er, ef undan er skilin fyrirhuguð aðild Íslands að Norðurlandasamningunum frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna. Fyrirferð frv. stafar sumpart af því, að það gerir ráð fyrir, að lögfestar verði reglur, sem farið hefur verið eftir í framkvæmd eða áður hafa verið í reglugerð eða fyrirmæli um framkvæmd útlendingaeftirlitsins, og sumpart vegna þess, að nauðsynlegt er að gera breytingar á gildandi lögum um útlendingaeftirlit, ef Ísland gerist aðili að áðurnefndum Norðurlandasamningi.

Norðurlandasamningurinn áskilur, að útlendingalöggjöf aðildarríkjanna sé samræmd, að því er varðar reglur um komu til landsins og brottför, dvöl þar, synjun landgönguleyfis og brottvísun. Hefur þessa verið gætt í ákvæðum 2., 5., 10.—12. og 17. gr. þessa frv. Samkvæmt gildandi reglum ber hverjum þeim, sem kemur til landsins, að gefa sig fram hjá viðkomandi eftirlitsmanni vegabréfa eða hjá lögreglunni, þar sem hann fyrst kemur á land. Aðild að Norðurlandasamningnum felur það í sér, að farþegar, sem koma hingað beint frá hinum Norðurlöndunum, eru ekki háðir vegabréfseftirlitsskyldu. Rétt þykir því að lögfesta heimild fyrir ráðh. til að setja reglur um það, hvenær þeir, sem til landsins koma, skuli gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið. Í íslenzkri löggjöf

er ekkert ákvæði, er mæli fyrir um, hversu lengi útlendingur, sem leystur hefur verið undan skyldu, megi dveljast hér á landi án þess að sækja um dvalarleyfi. Um það atriði hefur verið samið við einstök ríki og þá að jafnaði um 3 mánaða dvalartíma. Í 5. gr. frv. þessa er lagt til, að lögfest verði regla sú, sem áður getur um 3 mánaða dvalartíma, ef miðað er við Norðurlöndin í heild. Enn fremur er þar að finna nánari reglur um útreikning í sambandi við 3 mánaða regluna, þ. e. þegar útlendingur hefur dvalizt í einhverju samningslandanna síðasta missirið. Ákvæðin um synjun landgönguleyfis, sbr. 1. málsgr. 10. gr. frv., eru í samræmi við ákvæði 6. gr. samningsins. Meginbreytingin frá gildandi reglum er sú, að við mat á því, hvort synja skuli útlendingi landgöngu, ræður ekki eingöngu tillitið til íslenzkra hagsmuna, heldur einnig hagsmuna hinna Norðurlandanna.

Í 11. gr. frv. er ráðh. veitt heimild til að vísa útlendingi úr landi, ef þær ástæður eru fyrir hendi, sem raktar eru í 1. málsgr. 10. gr. Ákvæði 12. gr. frv. um heimild lögreglustjóra til að vísa útlendingum úr landi eru í samræmi við lagaákvæði í hinum Norðurlöndunum, sbr. 9. gr. samningsins. Ákvæði 4. og 5. tölul. 2. málsgr. 17. gr. frv. leggja refsingu við tilteknum brotum frömdum í einhverju samningsríkjanna. Byggjast ákvæðin á því, að litið er á Norðurlöndin sem eitt vegabréfseftirlitssvæði.

Í frv. eru nokkur ný ákvæði, sem ekki eru í gildandi lögum. Rétt hefur t. d. þótt að setja ákvæði um útgáfu ferðaskilríkja til útlendinga, sem hafa ekki getað aflað sér slíkra skilríkja með öðrum hætti, sbr. 3. málsgr. 1. gr. Samkvæmt heimild í nefndu ákvæði væri t. d. hægt að gefa út sérstök ferðaskilríki til handa ríkisfangslausum manni, sem hér dveldist, en nyti ekki góðs af alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna.

Þá hefur einnig verið talið eðlilegt að taka upp í frv. almennt heimildarákvæði um, að semja megi við önnur ríki um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi, sbr. 7. gr. Ísland er aðili að einum slíkum samningi, þ. e. samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, sbr. auglýsingu nr. 76 1955. Einnig þótti rétt að kveða á um það í frv., hvernig með skyldi fara, ef útlendingurinn, sem leitaði hér hælis, bæri fyrir sig, að hann væri pólitískur flóttamaður, sbr. 4. málsgr. 10. gr., enda hefur reynt á þetta atriði hér, en um slíkt skort lagafyrirmæli. Refsiheimildin í frv. er víkkuð frá því, sem er í gildandi l., og er látin ná til nokkurra tilvika, sem líklegt væri, að helzt reyndi á í sambandi við eftirlit með útlendingum, sbr. 17. gr. frv. Yfirlýsingar, sem útlendingar kynnu að gefa opinberum aðilum í sambandi við framkvæmd laganna, geta falið í sér upplýsingar um trúnaðarmál. Því þótti rétt til verndar hagsmunum útlendingsins að reisa skorður við því, að almenningur ætti aðgang að þeim upplýsingum, sbr. 19. gr. Samkv. þessu hlýtur það að vera háð mati þeirra, sem um þessi mál fjalla, hverjar upplýsingar verða veittar í einstökum tilfellum.

Við samningu frv. þótti eigi ástæða til að taka upp nokkur ákvæði gildandi l., sem úrelt þykja orðin. Skal þeirra stuttlega getið hér. Skilgreining hugtaksins útlendingur í 1. gr. l. nr. 59 1963 þótti óheppilega orðuð með tilliti til Norðurlandasamningsins um afnám vegabréfaskoðunar, en þar segir: „Í lögum þessum er maður talinn útlendingur eða útlendur, ef ekki er skylt að leyfa honum landvist á Íslandi samkv. landslögum eða þjóðréttarreglum.“ Það þótti ekki sérstök ástæða til að skilgreina hugtakið í sambandi við lög um eftirlit með útlendingum, og er því ákvæðið hér fellt niður.

Í 1. málsgr. 4. gr. l. nr. 59 1936 eru ákvæði um farþegaskrár. Flestar þjóðir hafa fallið frá kröfu um farþegaskrá í því formi, sem áður tíðkaðist og umrætt ákvæði gerir ráð fyrir. Hér á landi hefur um nokkurt skeið verið látið nægja að óska eftir einfaldri nafnaskrá, einkum í sambandi við flug. Er þessi tilslökun, sem ekki hefur þótt koma að sök, í því skyni að greiða fyrir farþegaflutningum í lofti. Með tilliti til þessa er ekki lagt til, að framangreint ákvæði 4. gr. l. nr. 59 1936 sé fellt niður, en nánari reglur um þessi atriði settar í reglugerð.

Í 1. og 2. málsgr. 5. gr. l. nr. 59 1936 eru ákvæði um tilkynningarskyldu útlendinga, sem ekki eiga hér fast heimilisfang, en koma hingað í atvinnuskyni eða til þess að taka hér fasta búsetu. Ekki þykir ástæða til að hafa reglur um þessi efni í lögunum. Hins vegar er lagt til í frv., að ráðh. fái heimild til að setja reglugerð um tilkynningarskyldu útlendinga, sem dveljast hér á landi, sbr. 9. gr. frv.

Í 2. tölul. 1. málsgr. 6. gr. l. nr. 59 1936 er ákvæði um heimild til að meina útlendingi landgöngu, enda telji landlæknir ástæðu til að synja honum um landvist, þótt ekki sé skylt að beita sóttvörnum. Ekki þykir ástæða til að hafa frekari heimild í þessum efnum en greint er í sóttvarnarlögunum, nr. 34 frá 1954, og er því lagt til í frv., að þetta ákvæði verði fellt niður hér.

Í 1. tölul. 1. málsgr. 7. gr. l. nr. 59 1936 er ákvæði um skyldu til að vísa útlendum manni, sem setzt hefur að hér og verður framfærsluþurfi, úr landi. Í 2. tölul. 1. málsgr. 10. gr. er hins vegar gert ráð fyrir, að útlendingi sé meinuð landganga, ef ætla má, að hann hafi ekki nægileg fjárráð sér til framfærslu hér á landi eða eftir atvikum á hinum Norðurlöndunum. Ekki þótti ástæða til að hafa frekari heimildir í þessum efnum, enda má telja það ósanngjarnt að vísa útlendingi úr landi, ef til vill eftir margra ára vammlausa dvöl hér, þótt hann yrði fjárvana t. d. um stundarsakir. Hins vegar mætti nota heimild 4. tölul. 1. málsgr. 11. gr. frv., ef dvöl útlendingsins þætti sérstaklega óæskileg vegna fjármálaóreiðu hans. Framangreindu ákvæði 7. gr. l. nr. 59 1936 mun aldrei hafa verið beitt.

Loks er svo fellt niður ákvæði 1. málsgr. 9. gr. l. nr. 59 1936 varðandi skyldu manns, sem meinuð er landvist, til þess að flytja

skuldalið sitt úr landinu. Ákvæðið getur komið niður á einstaklingum, sem ekkert hafa til saka unnið, og hefur auk þess ekki raunhæft gildi nú á dögum.

Með þessu held ég, að sé gerð nægjanleg grein fyrir þessu frv., auk þeirra skýringa, sem í grg. felast og grg. við einstakar gr. þess, og vil ég því mega leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 439).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni um þetta mál, er þetta frv. samið af n., sem í áttu sæti lögreglustjórinn í Reykjavík, Sigurjón Sigurðsson, deildarstjóri í dómsmrn., Elías Elíasson, og fulltrúi við útlendingaeftirlitið, Jón Sigurpálsson.

Aðalbreytingin, sem felst í þessu frv., sem hér liggur fyrir, frá núgildandi l. um útlendingaeftirlit, er sú, að lagaákvæðin eru færð til samræmis við samning á milli Norðurlandanna um vegabréfaeftirlit við landamæri Norðurlanda, en sá samningur á milli Norðurlandanna er frá árinu 1957 og er prentaður með þessu frv. sem fskj. Það er í 14. gr. þess samnings gert ráð fyrir því, að Ísland geti gerzt aðili að samningnum, og var á fundi Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Reykjavík árið 1960, samþ. ályktun þess efnis, að Ísland gerðist aðili að áðurnefndum samningi. Og með því lagafrv., sem hér liggur fyrir, eiga að vera sköpuð skilyrði fyrir því, að Ísland geti gerzt aðili að þessum Norðurlandasamningi, og löggjöfin um eftirlit með útlendingum færð til samræmis við það. En það má segja, að aðalbreytingin liggi í því, að með þessum samningi eru Norðurlöndin gerð að einu samfelldu vegabréfasvæði, og með þeirri lagabreytingu, sem hér er gerð till. um, mundi Ísland verða einn hluti af því svæði, þannig að útlendingar, þ. e. a. s. menn frá öðrum löndum en Norðurlöndunum, eru þá aðeins háðir vegabréfaskyldu eða eftirlitsskyldu við útmörk þess svæðis, þegar þeir koma til einhvers Norðurlandanna í fyrsta skipti, en eru svo ekki háðir vegabréfaskyldu á milli Norðurlandanna.

Í þessu frv. eru svo aðrar og veigaminni breytingar og lagfæringar frá þeirri núgildandi löggjöf um eftirlit með útlendingum, sem er frá árinu 1936, en það eru yfirleitt ekki mikilvægar breytingar, sem er þar um að tefla, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. En eins og nál. á þskj. 439 ber með sér, hefur allshn. fjallað um þetta frv., haft það nokkuð lengi til athugunar, og hún mælir með því, að það sé samþ., en einn nm., hv. 9. þm. Reykv., tók þó ekki afstöðu til frv. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég tel þá tilhögun mjög æskilega, sem þegar er orðin, að norrænir ríkisborgarar séu leystir undan vegabréfaskyldu, þegar um er að ræða ferðalög frá einu Norðurlandanna til annars. Hins vegar tel ég mig ekki vera reiðubúinn til að viðurkenna samnorræn landamæri út á við hvað vegabréfaskyldu snertir, eins og ákvæði þessa frv. gera þó ráð fyrir. Ef útlendingur annar en Norðurlandabúi fær dvalarleyfi í einu hinna norrænu landa, á hann þar með óheftan aðgang að þeim öllum. Mér finnst, að vafasamt geti verið, að þetta sé réttmætt í öllum tilvikum. Það er alls ekki víst, að útlendingur, sem talinn er æskilegur eða meinlaus í einu hinna norrænu landa og sé það, reynist það, sé um leið meinlaus og hættulaus í öðru Norðurlandanna. Útlendingur, sem fær t. d. dvalarleyfi í Svíþjóð, getur verið óæskilegur á Íslandi og jafnvel hættulegur þar og öfugt. Einnig má hugsa sér þann möguleika, að útlendingur annar en Norðurlandabúi komi sér út úr húsi í einu Norðurlandanna fyrir eitthvað smávægilegt og verði fyrir þær sakir rækur úr því landinu og þar með samkv. frv. úr öllum Norðurlöndum. Ég tel hugsanlegt, að í slíku tilviki geti verið óréttlátt að flæma hann frá öllum Norðurlöndum, þó að hann hafi eitthvað brotið af sér, ef um lítið er að ræða, í einu þeirra. Þá finnst mér einnig vafasamt, að það sé rétt að fela útlendingaeftirliti annarra þjóða að ákveða að nokkru leyti a. m. k., hverjir megi til Íslands koma og hverjir ekki, en það er einmitt ákveðið í þessu frv. Ég er ekki reiðubúinn til þess að samþykkja þetta og vil aðeins gera grein fyrir mínum sjónarmiðum.

Ég vil einnig benda á, að í 7. gr. er gert ráð fyrir, að í samninga við önnur ríki megi setja ákvæði um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi. Hér finnst mér of langt gengið. Ég held, að Alþ. eigi ekki að sleppa úr höndum sér að ákveða slíkt hverju sinni, og gefa þetta laust í eitt skipti fyrir öll. Við höfum þegar gert ýmsa samninga við önnur ríki og önnur ríki en Norðurlönd, og samkv. þessu lít ég svo á, að inn í þá samninga væri stjórnarvöldum heimilt að setja þessi ákvæði um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi og svo um alla nýja millilríkjasamninga, sem gerðir yrðu af Íslands hálfu. Ég tel ekki neina þörf á því, að þetta ákvæði standi í þessum lögum, heldur miklu réttara, að Alþ. fjalli þá um þetta atriði í hverju einstöku tilviki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, ÓlJ, AuA, ÁB, EggÞ, GilsG, GÍG, GTh, HB, JÁ, JÞ, SÓÓ.

AG greiddi ekki atkv.

7 þm. (MJ, PÞ, ÞK, BGuðm, BJ, HermJ, KK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Árið 1963 var þremur mönnum falið að semja ný lög um eftirlit með útlendingum, Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra í Reykjavík, Elíasi Elíassyni deildarstjóra í dómsmrn. og Jóni Sigurpálssyni fulltrúa, og það var sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi hinna Norðurlandanna um afnám vegabréfaeftirlits við landamæri milli Norðurlandanna frá 12. júlí 1957. Og þessi samningur er prentaður með hér í íslenzkri þýðingu og tvö fskj. til nánari skilgreiningar á málinu.

Í 14. gr. þessa samnings er gert ráð fyrir því, að Ísland geti gerzt aðili að samningnum, en hann var gerður milli hinna Norðurlandanna fjögurra, og á 8. fundi Norðurlandaráðs, sem haldinn var hér í Reykjavík 1960, var einróma samþ. ályktun þess efnis, að Ísland gerðist aðili að áðurnefndum samningi. Eins og kunnugt er, hafa Íslendingar undanfarið og frá því 1955 ekki þurft að bera vegabréf, þegar þeir fara til Norðurlanda, en sama regla hafði þá verið tekin upp árið áður milli hinna Norðurlandanna. Það, sem hér er um að ræða, ef Ísland með þessari löggjöf mundi gerast aðili að samningnum, er nokkurs annars eðlis. Það felst í því að auðvelda samgöngur enn milli Norðurlandanna innbyrðis með því að koma á sameiginlegu norrænu vegabréfaeftirlitssvæði, þannig að útlendingar og þá aðrir en Norðurlandabúar eða þegnar Norðurlandanna og Íslands séu ekki háðir vegabréfaeftirlitsskyldu við landamæri milli Norðurlanda, heldur eingöngu við norræn útmörk svæðisins.

Frv. þetta er komið frá Ed., og voru engar breytingar á því gerðar þar og þar af leiðandi enginn ágreiningur um málið í deildinni.

Fyrir utan þau atriði, sem ég nú þegar hef vikið að, felst í löggjöfinni almenn endurskoðun á l. um eftirlit með útlendingum, sem eru frá 1936 og þörfnuðust ýmissa lagfæringa og breytinga, sem ég sé ekki ástæðu til þess að gera sérstaklega grein fyrir hér á þessu stigi málsins, en í grg. er gerð mjög nákvæm grein fyrir hverri einstakri grein, sérstaklega þar sem um nýmæli er að ræða.

Þar sem nú er liðið langt á þing, vildi ég mega mælast til þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, gæti haft nokkurn hraða á um meðferð þess, og ég vænti þess, að ekki verði heldur hér í þessari hv. d. neinn ágreiningur um málið, en nokkru máli skiptir að koma frv. frá sem lögum á þessu þingi. Það stendur fyrir dyrum fundur milli Norðurlandanna, ég held í lok næsta mánaðar, í sambandi við aukin samskipti þeirra í sambandi við útlendingaeftirlit, og væri okkur styrkur að því, að þetta mál hefði þá náð fram að ganga.

Ég vil að svo mæltu leyfa mér að mælast til þess, að málinu að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 618).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um eftirlit með útlendingum, og eru nm. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Frv. þetta, sem er stjfrv., er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. óbreytt.

Eins og hæstv. dómsmrh. tók fram við 1. umr. málsins, er frv. samið af n., sem í áttu sæti þeir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Reykjavík, Elías Elíasson deildarstjóri í dómsmrn. og Jón Sigurpálsson fulltrúi við útlendingaeftirlitið. Er aðalbreytingin, sem í frv. felst, miðuð við gildandi lög frá 1936 um eftirlit með útlendingum, en lagaákvæðin færð til samræmis við samning milli Norðurlandanna um vegabréfaeftirlit við landamæri Norðurlanda, en sá samningur var gerður árið 1957, og er hann prentaður sem fskj. með þessu frv.

Í 14. gr. þessa samnings er gert ráð fyrir, að Ísland geti gerzt aðili að honum, og á fundi Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Reykjavík árið 1960, var samþ. ályktun þess efnis, að Ísland gerðist aðili að áðurnefndum samningi, og með frv. þessu eiga að vera sköpuð skilyrði fyrir, að svo geti orðið og hin íslenzka löggjöf um eftirlit með útlendingum færð til samræmis við það. Með margnefndum samningi milli Norðurlandanna eru öll löndin gerð að einu samfelldu vegabréfasvæði, þannig að útlendingar, þ. e. menn frá öðrum löndum en Norðurlöndum sjálfum, mundu þá aðeins vera háðir vegabréfaskyldu eða eftirlitsskyldu við útmörk þessa svæðis, þegar þeir koma til einhvers Norðurlandanna í fyrsta skipti, en eru síðan ekki háðir vegabréfsskyldu á milli Norðurlandanna innbyrðis.

Í frv. þessu eru svo nokkrar aðrar veigaminni breytingar og lagfæringar frá núgildandi löggjöf um eftirlit með útlendingum, sem miðaðar eru við breyttar aðstæður frá því, að

l. voru sett árið 1936. Tel ég ekki ástæðu til að gera sérstaklega grein fyrir þeim breytingum, enda er í grg. með frv. gerð nákvæm grein fyrir öllum þeim breytingum og nýmælum, sem í frv. felast, miðað við gildandi lög.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, leggur allshn. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 681).

---

47. Húsmæðrakennaraskóli Íslands.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um Húsmæðrakennaraskóla Íslands [186. mál] (stjfrv., A. 500).

Á 71. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa haustið 1942 samkv. heimild í l. nr. 65 frá 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, og l. nr. 60 frá 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og reglugerð, sem gefin mun hafa verið út 1942, nr. 47, um stofnun Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Fyrsti skólastjóri skólans var Helga Sigurðardóttir, en síðan 1961 hefur Vigdís Jónsdóttir, sem áður var skólastjóri húsmæðraskólans á Varmalandi í Borgarfirði, verið skólastjóri skólans. Skólinn var fyrst til húsa í kjallara háskólabyggingarinnar, í 2 ár, árin 1956—1958, starfaði skólinn ekki sökum skorts á hæfu húsnæði, en 1958 var honum fenginn til afnota fyrrverandi rektorsbústaður menntaskólans í Reykjavík í Háuhlíð, og hefur skólinn starfað þar í góðu húsnæði síðan. Þá starfar skólinn og annað hvert ár að Laugarvatni. Fyrsti formaður skólanefndar skólans var Ólöf Jónsdóttir húsmæðrakennari, en síðan 1950 hefur Karitas Sigurðardóttir verið formaður skólanefndarinnar. Auk skólastjórans starfa nú við skólann 2 fastir kennarar og 7 stundakennarar. Frá því að skólinn tók til starfa, hefur hann útskrifað 118 nemendur, en á þessu skólaári eru nemendurnir 13.

Þar eð löggjöfin um Húsmæðrakennaraskóla Íslands er orðin næstum aldarfjórðungsgömul, þótti mér tími til kominn að fá skólanum nýjan lagagrundvöll. Í maí 1962 skipaði ég því n. til þess að semja nýja reglugerð fyrir húsmæðrakennaraskólann, en síðar var starfssvið n. fært út og n. einnig falið að semja till. um nýja löggjöf fyrir skólann. Í n. voru þær Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri skólans, sem var formaður n., Halldóra Eggertsdóttir námsstjóri húsmæðrafræðslunnar og Knútur Hallsson deildarstjóri í menntmrn. Hefur þessi n. samið frv. það, sem hér er nú flutt.

Meginbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir frá gildandi lagaákvæðum, eru þessar: Starfstími skólans er lengdur úr 2½ ári í 3½ ár. Inntökuskilyrðum í skólann er breytt með hliðsjón af núgildandi inntökuskilyrðum í Kennaraskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að fjölga námsgreinum. Og auk þess eru í frv. ýmis fyllri ákvæði um skólann og skólastarfið en eru í gildandi l., og er nánari grein gerð fyrir þessu í grg. með frv., sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja nánar hér. En það vil ég undirstrika, að meginbreytingin, sem yrði á starfsemi skólans, ef þetta frv. næði fram að ganga, er fólgin í því, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að skólinn brautskrái húsmæðrakennara eftir þriggja vetra nám í skólanum og eins sumars nám að Laugarvatni í stað þess að útskrifa nú nemendur sína, húsmæðrakennarana, eftir tveggja vetra nám og eins sumars nám. Tala þeirra, sem útskrifast, mun væntanlega verða hin sama. En skortur á húsmæðrakennurum virðist ekki vera slíkur í bili, að það ætti að hafa nokkra röskun í för með sér, þótt skólinn útskrifi framvegis húsmæðrakennara þriðja hvert ár í stað annars hvers árs. Það, sem vinnst, er mjög mikilvægt, þ. e. a. s. að nemendur skólans fá tækifæri til mun fullkomnari menntunar og íslenzkir húsmæðrakennarar mundu, ef frv. nær fram að ganga, hafa svipað menntunarstig til að bera og húsmæðrakennarar á hinum Norðurlöndunum og þá um leið öðlast nauðsynlegan undirbúning til þess að geta stundað nám í norræna búsýsluháskólanum, sem Ísland eins og hin Norðurlöndin er aðili að. Það er og rétt að láta þess getið, að í raun og veru er námsefni húsmæðrakennaraskólans nú meira en svo, að það rúmist með góðu móti á því námstímabili, sem nemendum er nú ætlað, eða 2½ ár. En auk þess að veita meira svigrúm til þess að nema þær námsgreinar, sem þegar eru kenndar í skólunum, mundu með eins árs lengingu á skólanum skapast möguleikar til þess að bæta við nýjum námsgreinum, sem ýmist eru taldar æskilegar eða óhjákvæmilegar.

Ég leyfi mér því að vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir hv. d., og leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 545).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. með þessu frv., skipaði hæstv. menntmrh. á árinu 1962 n. til þess að semja nýja reglugerð fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Við nánari athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki verða hægt að semja viðunandi reglugerð fyrir skólann að óbreyttum lögum. Hæstv. ráðh. féllst á þetta sjónarmið og fól n. að endurskoða núgildandi lagaákvæði um húsmæðrakennaraskólann, sem er að finna í l. nr. 16 frá 1947, lögum um menntun kennara. Fyrirmyndir sótti n. við samningu þessa frv. til Norðurlandanna, aðallega Svíþjóðar og Danmerkur, og aðalbreytingarnar frá núgildandi lögum eru í því fólgnar í fyrsta lagi, að lengdur er námstími í skólanum úr 2½ ári í 3½ ár. Þá er inntökuskilyrðum breytt með hliðsjón af núgildandi inntökuskilyrðum í kennaraskólann. Í þriðja lagi er fjölgað námsgreinum. Þá eru auk þess ýmis ákvæði fyllri um skólann og skólastarfið en er í núgildandi lögum.

Í aths., sem frv. fylgja, er gerð nánari grein fyrir þeim breytingum, sem lagðar eru til með þessu frv., og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær, enda fylgdi hæstv. menntmrh. frv. úr hlaði við 1. umr. málsins með allýtarlegri ræðu.

Eins og fram kemur á nál. á þskj. 545, hefur menntmn. þessarar hv. d. haft frv. til athugunar, og mælir n. einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. með shlj. atkv., eftir að menntmn. d. hafði einróma mælt með samþykkt þess, og voru engar breyt. gerðar á frv., frá því að það hafði verið lagt fram. Frv. er samið af n., sem menntmrn. skipaði vorið 1962 til þess að endurskoða reglugerðina fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands, en síðar var komizt að raun um, að nauðsynlegt mundi vera að endurskoða lögin sjálf, og er þetta frv. samið af þessari n. Í henni áttu sæti Vigdís Jónsdóttir skólastjóri húsmæðrakennaraskólans, sem var formaður n., Halldóra Eggertsdóttir námsstjóri húsmæðrafræðslunnar og Knútur Hallsson deildarstjóri í menntmrn.

Meginbreytingin, sem frv. mundi hafa í för með sér, ef samþ. yrði, er sú, að skólinn mundi útskrifa húsmæðrakennara eftir 3 vetra nám og eins sumars í stað þess að útskrifa nemendur sína nú eftir 2 vetra og eins sumars nám. Tala þeirra, sem mundu útskrifast, yrði væntanlega hin sama. Skortur á húsmæðrakennurum er hins vegar ekki svo mikill í bili, að það ætti að hafa nokkra röskun í för með sér, þótt skólinn útskrifi framvegis húsmæðrakennara aðeins þriðja hvert ár í stað annars hvers árs, eins og nú á sér stað. Það, sem vinnst við þessa breytingu, er, að væntanlegir húsmæðrakennarar fá tækifæri til fullkomnari menntunar og íslenzkir húsmæðrakennarar yrðu þá á líku menntunarstigi og húsmæðrakennarar á hinum Norðurlöndunum, en þar hefur húsmæðrakennaranám einmitt verið lengt með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir í þessu frv. Íslenzkir húsmæðrakennarar mundu þá einnig öðlast þann undirbúning, sem nú er krafizt til þess að geta fengið að stunda nám á norræna búsýsluskólanum, sem Ísland eins og hin Norðurlöndin á aðild að.

Það er rétt að vekja athygli á því, að námsefni í húsmæðrakennaraskólanum er nú raunverulega meira en svo, að það rúmist með góðu móti á þeim námstíma, sem nemendum er nú ætlaður. Auk þess að veita meira svigrúm til að nema þær námsgreinar, sem þegar eru kenndar í skólanum, skapast við lengingu skólans um eitt ár möguleikar á því að bæta við nýjum námsgreinum, sem ýmist eru taldar æskilegar eða óhjákvæmilegar. Ég vona, að niðurstaðan verði eins hér í hv. Nd. og í Ed., að hv. d. geti orðið sammála um að afgr. þetta frv., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 637).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 686).

48. Menntaskólar (stjfrv.).

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla** [177. mál] (stjfrv., A. 433).

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um fjölgun menntaskóla í landinu. Í gildandi l. um menntaskóla, sem eru frá árinu 1946, segir, að menntaskólar skuli vera tveir, annar í Reykjavík, en hinn á Akureyri, og að stofna skuli hinn þriðja í sveit, þegar fé sé veitt til þess á fjárlögum. Samkv. þessari heimild var menntaskóli stofnaður á Laugarvatni. Eru því nú 3 menntaskólar á Íslandi, auk þess starfrækir Verzlunarskóli Íslands lærdómsdeild, sem brautskráir stúdenta samkv. reglugerð frá 5. nóv. 1942, og enn fremur mun Kennaraskóli Íslands brautskrá stúdenta samkv. nýsettum lögum um þann skóla frá 26. apríl 1963. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að menntaskólar skuli vera 6, þ. e. a. s. að nýr menntaskóli skuli stofnaður í Reykjavík og auk þess skuli stofnaðir heimavistarmenntaskólar á Vestfjörðum og á Austurlandi. Enn fremur er heimilað að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Sú skipan, sem gert er ráð fyrir á menntaskólamálunum í þessu frv., er því sú, að í Reykjavík skuli vera heimangöngumenntaskólar, nú þegar tveir, en síðan eins margir og þörf gerist, en utan Reykjavíkur skuli vera einn menntaskóli í hverjum landsfjórðungi, sunnanlands og norðan, vestanlands og austan, og skuli þeir allir vera heimavistarskólar. Þá er og í frv. heimilað að efna til kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Er menntmrn. þá heimilað að setja reglur um slíkt skólahald, þ. á m. skilyrði um lágmarkstölu nemenda í hverjum bekk. Er þetta bæði gert til þess að létta á húsnæðisþörf sjálfra menntaskólanna og þá fyrst og fremst heimavistarmenntaskólanna, og einnig til þess, að foreldrar þurfi ekki að senda þá unglinga, sem ætla að stunda menntaskólanám, að heiman fyrr en ári síðar en ella, eða þegar deildaskiptingin hefst í menntaskólunum. Reynslan hefur sýnt, að unnt er að halda uppi kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla í framhaldi af gagnfræðaskólanámi, en ógerningur er að halda uppi kennslu í námsefni lærdómsdeildar, máladeildar eða stærðfræðideildar, eða í öðrum deildum, sem stofnaðar kynnu að verða í tengslum við gagnfræðaskóla.

Nauðsynlegt er að marka nú þegar framtíðarstefnuna í menntaskólamálum. Námsefni menntaskólanna og sjálft skipulag þeirra hefur undanfarið verið í gagngerðri endurskoðun. Hvarvetna eru nú að verða miklar breytingar á menntaskólanámi, bæði á sjálfu námsefninu, kennsluaðferðum og deildaskiptingu við námið. Ég hef talið sjálfsagt, að við Íslendingar fylgdumst vandlega með því, sem er að gerast með nálægum þjóðum í þessum efnum, og þess vegna gert ráðstafanir til þess, að námsefnið yrði endurskoðað. Hér er hins vegar um mikið verkefni að ræða, sem taka mun nokkurn tíma, ekki hvað síst vegna þess, að komið hefur í ljós, að samhliða breytingum á menntaskólanáminu er skynsamlegt og eðlilegt að gera vissar breytingar á gagnfræðaskólanáminu og líka háskólanámi, a. m. k. í sumum greinum. Þó mun verða kappkostað, að þessu verki öllu miði eins fljótt áfram og mögulegt er. Hins vegar er engin ástæða til þess að láta lagasetningu um hina ytri hlið menntaskólamálanna, ef svo mætti segja, bíða endurskipulagningar á innri hliðinni eða sjálfu skólastarfinu. Þess vegna flytur ríkisstj. þetta frv., sem ætlað er að marka stefnuna að því leyti, hvar menntaskólar skuli staðsettir í landinu og hvers konar þeir skuli vera, þ. e. a. s. að hversu miklu leyti þeir skuli vera heimangönguskólar og að hversu miklu leyti heimavistarskólar.

Það er fyllilega tímabært að fjölga nú menntaskólunum, bæði heimangönguskólum og heimavistarskólum. Fjölgun menntaskólanemenda hefur verið mjög mikil undanfarin ár og mun þó eflaust verða enn meiri á næstu árum. Raunar tel ég, að það eigi að vera eitt helzta stefnuatriði íslenzkra skólayfirvalda að vinna að því, að æ fleiri unglingar leggi leið sína gegnum menntaskólana, kennaraskólann og tækniskóla, þ. e. láti ekki staðar numið við gagnfræðastigið eða iðnskólana, heldur haldi áfram námi í æðri skólum og séu sem flestir í háskólum.

Erfitt er að spá um það, hversu margir muni óska eftir menntaskólanámi á næstu árum. Nokkrar vísbendingar má þó fá af því, hversu margir nemendur hafa sótt menntaskólana undanfarin ár. 1961 luku 476 nemendur landsprófi með einkunn, sem veitti þeim rétt til inngöngu í menntaskóla eða kennaraskólann, og af þeim héldu 424 áfram námi í menntaskólunum og kennaraskólanum. 1962 luku 525 landsprófi og 504 héldu áfram námi. 1963 luku 560 nemendur námi og 558 héldu áfram námi. Á þessum 3 árum fjölgaði því þeim, sem héldu áfram námi í menntaskólum eða kennaraskól-

anum, um 134. Rektor menntaskólans í Reykjavík hefur talið óvarlegt að gera ráð fyrir því, að menntaskólanemendum í Reykjavík fjölgi um minna en 100 á ári að meðaltali á næstu árum. Samkvæmt upplýsingum skólameistara menntaskólans á Akureyri hefur fjöldi umsókna um skólavist verið nokkuð svipaður allra síðustu ár, en allmikil aukning varð fyrir nokkrum árum, þegar stóru árgangarnir frá síðustu stríðsárunum tóku að komast á menntaskólaaldur. Einnig á Laugarvatni mun fjöldi umsækjenda hafa verið nokkuð svipaður upp á síðkastið. Aðsókn að kennaraskólanum hefur hins vegar farið mjög vaxandi síðustu ár, einkum eftir að nýju lögin tóku gildi.

Ég tel þó rétt að taka fram og leggja á það sérstaka áherzlu, að engum nemanda með fullgildum landsprófsréttindum hefur verið synjað um aðgang að menntaskólanámi. Um þá tvo af menntaskólunum, sem eru heimavistarskólar, þ. e. menntaskólana á Akureyri og á Laugarvatni, er það að segja, að nokkrum umsækjendum hefur þurft að synja um vist í heimavist skólanna árlega. Á Akureyri verður árlega að synja um það bil 20—30 nemendum um heimavist, en nokkuð á annað hundruð nýnemar eru á ári hverju teknir í skólann. Á Laugarvatni hefur venjulega orðið að vísa frá heimavist um 15 nemendum af 50—60 umsækjendum. Allir þeir umsækjendur, sem eiga ekki kost á dvöl í heimavistum á Akureyri eða Laugarvatni, hafa hins vegar átt kost á því að sækja menntaskólana og hafa gert það. Aðsóknin að heimavistunum á Akureyri og Laugarvatni bendir hins vegar greinilega til þess, að þörf sé fyrir fleiri heimavistarskóla, og er það meginástæða þess, að lagt er til í þessu frv., að hinir nýju menntaskólar á Vestfjörðum og Austfjörðum verði einmitt heimavistarskólar.

Ég tel rétt að fara nokkrum orðum sérstaklega um byggingarmál menntaskólans í Reykjavík og fyrirhugaða byggingu nýs menntaskóla í höfuðstaðnum. Byggingarmál menntaskólans í Reykjavík höfðu lengi vafizt fyrir mönnum og verið allmikið deilumál. Núverandi ríkisstj. hefur markað þá stefnu, að menntaskóli skuli framvegis vera á núverandi skólastað við Lækjargötu, en jafnframt skuli byggður annar menntaskóli í Hamrahlíð. Er tilætlunin, að gamli menntaskólinn fái til umráða allt svæðið milli Lækjargötu, Amtmannsstígs, Þingholtsstrætis og Bókhlöðustígs, að frátekinni nokkru belti vegna húsaraðar við Þingholtsstræti, og er nú unnið að skipulagningu þessa framtíðarskólasvæðis. Á þessu svæði hefur þegar verið byggt skólahús, sem raunar er stærra að rúmmáli en gamla skólahúsið, eða 5000 m³, en gamla skólahúsið er 4450 m³. Þetta hús er sérstaklega gert fyrir kennslu í sérgreinum, þ. e. náttúrufræðigreinum, efnafræði, eðlisfræði og fyrir kennslu í tungumálum. Er við það miðað, að í þessu skólahúsi verði hægt að beita nýjustu tækjum og nýjustu aðferðum í þessum kennslugreinum. Kennslustofurnar eru yfirleitt stórar, sumar helmingi stærri en í gamla skólahúsinu, þar eð kennsla í þessum greinum fer að mestu fram sem verklegar æfingar við sérstaklega gerð vinnuborð. Í nánum tengslum við kennslustofurnar eru svo að sjálfsögðu geymslur fyrir kennslutæki og áhöld og jafnframt vinnuherbergi kennara. Stofur með upphækkuðum sætum eru tvær, önnur fyrir rúmlega 50 nemendendur, en hin fyrir 27 nemendur. Í stofum þeim, sem ætlaðar eru fyrir tungumálakennslu, er gert ráð fyrir að koma fyrir tækjum til málakennslu, og þar verður einnig bókasafn og lesstofa. Á neðri hæð hússins eru þrjár stórar kennslustofur, kennarastofa og mörg lítil geymslu- og vinnuherbergi. Á efri hæð eru 4 eiginlegar kennslustofur og stærri fyrirlestrasalurinn, sem rúmar 50—60 nemendur, þar sem m. a. geta farið fram sýningar bæði á kvikmyndum og skuggamyndum við mjög góðar aðstæður. Þá er einnig lítið kennaraherbergi og geymslur. Í kjallara er fyrirhuguð kaffistofa fyrir nemendur, fatageymsla, ýmsar geymslur og vinnustofur og aðstaða fyrir nemendur til ýmiss konar félagsstarfsemi. Síðar er fyrirhugað að byggja á skólasvæðinu stórt leikfimihús og samkomusal.

Um byggingu nýja menntaskólans í Hamrahlíð er það að segja, að unnið er að því að fullgera teikningar af honum. Er gert ráð fyrir því, að skipulag hans verði með nýtízkulegum hætti, þannig að að verulegu leyti verði við það miðað, að stofurnar verði sérkennslustofur og nemendur flytji sig þannig milli kennslustofa eftir því, hvaða kennslu þeir sækja í hverjum tíma, en ekki að kennarar flytji sig milli kennslustofanna eða til nemendanna, eins og nú er aðalreglan. Er að því unnið, að hægt verði að ljúka fyrsta áfanga þessarar byggingar fyrir næsta haust, en í þessum fyrsta áfanga eru 6 kennslustofur og stærð hans um 2300 m³. Eru fjárveitingar fyrir hendi til þess að ljúka þessum áfanga, þannig að kennsla ætti að geta hafizt í hinum nýja menntaskóla í Reykjavík á næsta hausti, ef tekst að ljúka byggingarframkvæmdunum nógu tímanlega.

Um menntaskólann á Akureyri er það að segja, að þótt byggt hafi verið fyrir skömmu heimavistarhús við hann, þá þarf að horfast í augu við það, að sjálft skólahúsið er gamalt timburhús, sem krefst endurnýjunar innan tíðar. Það, sem menntaskólann á Akureyri vanhagar þó mest um, er aðstaða til sérkennslu í raunvísindagreinum. Er nú í undirbúningi athugun á því, með hverjum hætti haganlegast sé að bæta hér úr. Verið getur, að skynsamlegast sé að byggja sérstakt hús fyrir kennslu í þessum sérgreinum, og þyrfti þá að hefja fjárveitingar til þess í næstu fjárlögum. Þá munu og liggja fyrir niðurstöður þeirrar athugunar, sem nú er að hefjast á þessu máli.

Um menntaskólann á Laugarvatni er það að segja, að þegar hefur verið ákveðið að stækka hann í áföngum á 5 árum, þannig að nemendatala tvöfaldist. Nú eru að Laugarvatni um 100 menntaskólanemendur, en gert er ráð fyrir, að þeir geti orðið 200 að 5 árum liðnum. Hefur

verið ákveðið að byggja eitt heimavistarhús á ári næstu 5 ár, hið fyrsta á sumri komanda, hvert um sig fyrir um 20 nemendur. Máladeild og stærðfræðideild menntaskólans á Laugarvatni hafa undanfarin ár ekki verið nema hálfsetnar hvor deildin vegna skorts á heimavistarhúsnæði. Úr þessu verður nú smám saman bætt, þannig að allir bekkir verða fullsetnir og kennslukraftar nýttir að fullu.

Um hina nýju heimavistarskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem ráðgerðir eru í þessu frv., er það að segja, að gert er ráð fyrir að byggja þá í áföngum. Taka verður fullt tillit til þess, að ekki er vandalaust að koma á fót menntaskóla. Veldur því fyrst og fremst kennaraskortur, en nauðsynlegt er, að við menntaskóla starfi vel menntaðir kennarar. Vandalítið er að koma á fót kennslu í fyrsta bekk menntaskólanna, en vandinn byrjar við deildaskiptinguna. Hversu mikinn hraða verður hægt að hafa á við stofnun þessara tveggja heimavistarmenntaskóla, verður að fara eftir aðstæðum og aðsókn að skólunum. Á þessari stundu er það aðalatriðið að marka stefnuna. Síðan fer það eftir þörfinni fyrir skólana, skilyrðum til þess að útvega kennara og fjárveitingum, hversu hröð uppbygging hinna tveggja nýju skóla getur orðið.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstj. í heild fyrir flutning þessa frv. um stofnun nýrra menntaskóla. Veit ég, að aðrir hv. þm. Vestf. munu taka undir þær þakkir.

Með þessu spori hefur verið tekið á þessum þýðingarmiklu málum af stórhug og framsýni. Hinir nýju menntaskólar munu stuðla að nauðsynlegri fjölgun menntamanna og vaxandi hagnýtingu vísinda og tækni á hinum ýmsu sviðum íslenzks þjóðlífs. Vísindin eru í dag ekki aðeins hyrningarsteinn heilbrigðisþjónustu og heilsugæzlu, heldur aflgjafi hvers konar athafnalífs og verklegrar og andlegrar þróunar. Nýir, fullkomnir og myndarlegir skólar gegna þess vegna þýðingarmiklu framtíðarhlutverki í hinu íslenzka þjóðfélagi.

Það er mjög þýðingarmikið, að nýir menntaskólar eiga skv. þessu frv. að rísa og starfa í hinum ýmsu landshlutum. Ég er þess fullviss, að menntaskóli á Vestfjörðum muni verða þar merk menningarmiðstöð til ómetanlegs gagns fyrir þennan landshluta og þjóðina í heild. Ég tel það sérstaklega þýðingarmikið, að skólinn á að verða heimavistarskóli. Það mun eiga sinn þátt í því að stuðla að því, að skólinn verður sóttur af fólki víðs vegar frá af landinu.

Tvær aths. vildi ég leyfa mér að gera við frv. Í fyrsta lagi, að betur færi á því, að það væri beinlínis tekið fram í frv., að menntaskólinn á Vestfjörðum skuli reistur á Ísafirði. Enginn annar staður hefur komið til greina í þessu efni og því rétt að ákveða hann þegar með þessum lögum. Í öðru lagi virðist óþarft og óeðlilegt að taka það sérstaklega fram um menntaskólana á Vestfjörðum og Austfjörðum, að þá skuli stofna, þegar fé sé veitt til þeirra á fjárl. Ég leyfi mér að beina því til hv. menntmn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún geri fyrrgreindar breytingar á frv.

Ég leyfi mér svo að endurtaka þakkir mínar til hæstv. ríkisstj. fyrir flutning þessa merka menningarmáls. Með því er stigið stórt og gæfusamlegt spor í skóla- og menningarmálum Íslendinga.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að lýsa ánægju minni yfir því frv. hæstv. ríkisstj. um breyt. á l. um menntaskóla, sem hér er til umr., og stuðningi við það. Eins og kunnugt er, hef ég á þrem undanförnum þingum borið fram ásamt hv. 4. þm. Sunnl. frv. til breytinga á þessum sömu lögum, og áður en ég átti sæti á þingi, mun hv. 5. þm. Reykv. hafa flutt frv. um fjárveitingar til byggingar annars menntaskóla í Reykjavík. En þessi frv. hafa ekki náð fram að ganga, og síðasta frv. af þessum mun nú vera í öruggri geymslu hjá hv. menntmn. Efni þess frv. er í stuttu máli það, að menntaskólar skuli vera fjórir, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Laugarvatni, en auk þess skuli stofna einn menntaskóla á Austurlandi og einn á Vestfjörðum, þegar fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Þegar efni þessa frv. er borið saman við það, sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., sést auðvitað strax, að þar er í grundvallaratriðum enginn munur. Í frv. hæstv. ríkisstj. segir að vísu í upphafi, að menntaskólar skuli vera 6, en strax í næstu setningu er því bætt við, að menntaskólarnir á Vestfjörðum og Austurlandi skuli byggðir, þegar fé er veitt til þeirra á fjárl., og er þá ljóst, að sama tilhögun er ráðgerð og við hv. 4. þm. Sunnl. höfðum lagt til í okkar frv. Þess vegna segir það sig sjálft, að ég hef fyrir mitt leyti fyllstu ástæðu til þess að fagna flutningi þessa frv. og geri það, eins og ég áðan sagði.

Til viðbótar eru í frv. hæstv. ríkisstj. nokkru fyllri ákvæði um önnur atriði, sem eflaust eru til bóta, og ég efa ekki, að um þau hefði getað náðst samkomulag við okkur flm. frv. á þskj. 63, ef eftir því hefði verið leitað og samstarfsvilji við okkur hefði verið fyrir hendi, t. d. í hv. menntmn. Þar er t. d. gert ráð fyrir því, að heimilt sé að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni, þegar fé verður til þess veitt á fjárl. Sú viðbót er vissulega góðra gjalda verð, enda hefur mér a. m. k. aldrei til hugar komið, að bygging eins skóla til viðbótar hér á þessu svæði væri nokkur framtíðarlausn, heldur vildi ég með flutningi frv. undirstrika hitt, að brýnasta þörfin í menntaskólamálunum væri bygging eins menntaskóla í Reykjavík og að sú framkvæmd mætti ekki undir neinum kringumstæðum dragast.

Þótt hér sé sú breyting gerð, sem ég áðan gat, dettur mér ekki heldur í hug og vafalaust

engum, að með þessu frv. hæstv. ríkisstj. séu menntaskólamálin leyst um alla framtíð. Slíkt getur aldrei átt við um neina lagasetningu og allra síst þá, sem fjallar um menntunar- og menningarmál ungrar og vaxandi þjóðar.

Eins og ég hef áður bent á hér á þessum stað í sambandi við menntaskólamálin, þá eru nemendur menntaskólans í Reykjavík nú um 930 og gamla skólahúsið, sem tekið var í notkun árið 1846, er fyrir löngu orðið of lítið fyrir allan þann fjölda. Þær viðbyggingar, sem reistar hafa verið í grennd við gamla húsið, auka ekki möguleika skólans að neinu marki til þess að taka við fleiri nemendum. Eins og hæstv. menntmrh. áður sagði, er þar fyrst og fremst um að ræða húsnæði, sem gerir kleift að halda uppi viðunandi kennslu í ýmsum sérgreinum, svo sem náttúrufræðigreinum, efnafræði, eðlisfræði og því um líku, en aðstaða til þeirrar kennslu hefur fram að þessu verið mjög óhæg og ekki svarað kröfum tímans. Þrátt fyrir viðbyggingarnar getur því skólinn ekki fjölgað nemendum að nokkru marki. Auk þess hafa skólamenn bent á þá staðreynd, sem nokkuð er rakin í grg. okkar á þskj. 63, að menntaskólinn í Reykjavík sé nú þegar orðinn a. m. k. nægilega stór og því beinlínis rangt að stefna að frekari fjölgun nemenda í honum. Þeir telja margir, þ. e. skólamennirnir, sem látið hafa í ljós álit sitt um þetta, að heppilegasti nemendafjöldi í slíkum skóla sé 500—600, en ýmsir nefna þó miklu lægri tölufjölda nemenda, allt niður í 300—350. Allir munu hins vegar, að ég held, vera sammála um, að 900 sé allt of hátt, jafnvel þótt allar aðstæður væru svo sem bezt verður á kosið. Þessi skoðun um nemendafjöldann kemur m. a. mjög glöggt fram af viðtali, sem dagblaðið Vísir birti í gær við skólastjóra allra menntaskólanna af tilefni þess frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Augljóst er því af þessu, að gamli skólinn getur ekki tekið fleiri nemendur, og ekki heldur er æskilegt, að hann geri það, jafnvel þótt ástæður væru fyrir hendi. Á hinn bóginn fjölgar alltaf þeim ungmennum, sem getu hafa og ástæður til að sækja um inngöngu í menntaskólana, og er þannig sýnt, að bygging nýs menntaskóla er hér knýjandi nauðsyn og raunar orðið of seint að hefja þær framkvæmdir, þar sem full ástæða væri til að létta á þeim skóla, sem fyrir er, og fjölgunarmöguleikar eru nú engir.

Menntaskólinn á Laugarvatni hefur starfað árum saman skv. heimildarákvæði í gildandi lögum, og eru því ákvæði frv. um hann aðeins formbreyting til samræmis við ríkjandi ástand, svo sem einnig var í frv. okkar hv. 4. þm. Sunnl.

Ég hef áður í sambandi við mál þetta lýst viðhorfi mínu til menntaskólabygginga á Austurlandi og Vestfjörðum og skal því fara fljótt yfir sögu um það nú. Að undanförnu hafa hv. Alþingi oft borizt tilmæli frá fólki í þessum byggðarlögum, sem lýsa miklum áhuga og eindregnum vilja fyrir því, að þar megi sem fyrst rísa slíkar menntastofnanir til þess að jafna aðstöðu unglinganna til framhaldsnáms án tillits til þess, hvar á landinu þeir eru búsettir. Þingmenn þessara kjördæma hafa einnig borið fram lagafrv. í samræmi við þessar óskir. Og ég vil segja, að mér finnst það sanngirniskrafa, að íbúar Vestfjarða og Austfjarða verði að þessu leyti settir við sama borð og aðrir landsmenn. Svo hljóta að mínum dómi allir þeir að hugsa, sem í einlægni óska þess, að byggð megi haldast í öllum landshlutum og jafnast, eftir því sem frekast er kostur, en aðstaðan til mennta hlýtur ávallt að verða eitt grundvallaratriði þessa máls.

Ýmsir hafa talið mikil vandkvæði á, að því yrði við komið að starfrækja góða menntaskóla í þessum fámennari landshlutum, einkum vegna þess, að þar verði ekki nægur kostur hæfra kennara. Vel má vera, að við talsverða örðugleika verði að glíma í þessu efni fyrst í stað, en ég trúi því ekki, að þeir séu óyfirstíganlegir, ef raunverulegur vilji er fyrir hendi til að greiða úr þeim. Á það hefur líka verið bent, að þessar sömu röksemdir voru uppi hafðar, þegar fjallað var um stofnun menntaskólanna á Laugarvatni og Akureyri, en vel hefur rætzt úr erfiðleikunum þar, og svo hygg ég, að enn muni fara, þegar til kemur.

Um þörf okkar Íslendinga fyrir bætta aðstöðu til framhaldsmenntunar er óþarfi að fjölyrða, hún er öllum svo ljós og almennt viðurkennd. Þær breytingar, sem eru að verða á þjóðfélagsháttum víðast hvar og þá ekki hvað síst hér á landi, auka þörf okkar á sérmenntuðu fólki í margvíslegum greinum. Við lifum á tíma sérhæfingar, og það, sem einu sinni þótti gott og gjaldgengt, eins og það að vera læknir, lögfræðingur, prestur og auk þess „smiður, kóngur, kennarinn, kerra, plógur, hestur," — það svarar ekki lengur til þeirra hugmynda, sem Íslendingar í dag hafa um nútímaþjóðfélag. Batnandi þjóðarhagur byggist í vaxandi mæli á því, að visindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna miklu frekar en orðið er. Á því byggist einnig fyrst og fremst hlutgengni okkar meðal þjóða. Þess vegna er það nauðsyn að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi þess kost að afla sér þeirrar menntunar, sem er forsenda þess að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar. Menntaskólarnir eru þar nauðsynlegur hlekkur, en jafnframt þarf auðvitað að efla aðrar greinar skólamálanna og þá vitanlega ekki hvað síst háskólans, sem þarf að geta leitt til farsælla lykta þá fræðslu, sem menntaskólanámið er undirbúningur að.

Þegar frv. okkar hv. 4. þm. Sunnl. var hér síðast til umr., fannst mér mega skilja það á máli hæstv. menntmrh., að flutningur þess væri óþarfur, a. m. k. að því er við kæmi nýjum menntaskóla í Reykjavík, þar sem hæstv. ríkisstj. hefði þegar ákveðið að byrja byggingu nýs skólahúss, og var nefndur til staðurinn, þ. e. Hamrahlíð í Reykjavík, þar sem slík bygging hafði áður verið ráðgerð. Ég gat ekki skilið það þá, hvernig slíkt mætti verða, að hæstv.

ríkisstj. gæti ákveðið fjölgun menntaskólanna án lagaheimildar eða hafið byggingu skólahússins án fjárveitingar. Að vísu skal ég viðurkenna, að ég vantreysti ekki þá fremur en nú hæstv. menntmrh. til góðra hluta á sviði menningarmálanna, því að ég veit, að hann hefur skilning á mikilvægi þeirra, enda sjálfur hámenntaður skólamaður. En einmitt vegna þess fannst mér afstaða hans ákaflega undarleg og taldi það ekki bera vott um heppileg vinnubrögð fyrir framgang málsins að neita að afla lagaheimildar eða neita stuðningi við að afla lagaheimildar í því skyni að bæta úr brýnustu þörfinni í þessum efnum, þegar fram var komið á Alþingi frv. í þá átt. Og ég mun af þessu tilefni hafa látið einhver orð falla í þá átt, að ég teldi, að Alþingi ætti ekki að afsala sér því frumkvæði, sem það jafnan hefur haft um skipan skólamála hér á landi. Ég taldi þá og tel enn, að allar meiri háttar breyt. í skólamálunum eigi að fara þannig fram og hljóti fara þannig fram, að Alþingi veiti lagaheimild og ákveði fjárveitingar, en hlutverk hæstv. ríkisstj. sé að gera það, sem Alþingi hefur fyrir mælt, en að ekki sé farið að á hinn veginn, að hæstv. ríkisstj. ákveði sjálf framkvæmdir án afskipta Alþingis. Og ég var satt að segja dálítið ósáttur við hæstv. menntmrh. og stjórnarsinna hér á hv. Alþingi út af þessu. Þeim meiri er ánægja mín nú yfir því að verða þess var, að þessi mun ekki hafa verið tilgangurinn. Það hefur líklega alltaf verið ætlunin að afla lagaheimildar, en hefur bara af einhverjum ástæðum ekki verið talið henta að samþ. fram komið frv. um þetta efni fyrr en nú, að það er borið fram af hæstv. ríkisstj., annaðhvort þetta eða hæstv. ríkisstj. hefur séð að sér og hætt við að ganga fram hjá Alþingi. Hvort veldur, skiptir vitanlega engu máli. Aðalatriðið er hitt, að nú standa vonir til þess, að úrbætur fáist í þessu mjög svo aðkallandi máli og að svo megi skipast, að allir eigi menntaskólanáms kost, sem uppfylla hæfileg skilyrði. Við þurfum á öllu því fólki að halda, sem hefur hæfileika til framhaldsnáms og aðstæður til þess að öðru leyti. Þess vegna fagna ég þessu frv. og óska þess, að það megi fá skjóta og jákvæða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. 11. þm. Reykv. (EÁ) sagði um þetta frv. almennt, og hef engu við það að bæta.

En ég kvaddi mér hljóðs til þess að lýsa sérstakri ánægju yfir því, að með þessu frv., ef að lögum verður, er tekin sú stefna, föst og ákveðin, að stofna menntaskóla á Austurlandi, en stofnun menntaskóla á Austurlandi hefur lengi verið baráttumál Austfirðinga, og við þm. Austf. höfum flutt það málefni oftar en einu sinni hér á hv. Alþingi. Nú vona ég, að úr þessu verði, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið ákvæði um þetta efni upp í menntaskólafrumvarpið. Ég veit, að ég mæli fyrir munn okkar allra þingmanna af Austurlandi, sem stöndum að flutningi frv. um menntaskóla á Austurlandi á öðru þskj., þegar ég lýsi ánægju minni yfir þessu.

Lögfesting menntaskólans á Austurlandi er stór atburður og áreiðanlega þýðingarmikill áfangi í menningarmálum Austurlands, og við vonum, að það muni ekki líða á löngu, unz byrjað verður að framkvæma lögin og koma skólanum upp. Þörfin fyrir menntaskólana vex óðfluga, eins og ýmsir ræðumenn hafa bent á hér í dag, miklu örar en við eigum auðvelt með að gera okkur grein fyrir núna. Og þó að mönnum hafi fundizt á undanförnum árum sem erfiðleikar mundu á því verða að setja á fót menntaskóla á Austurlandi og Vesturlandi, þá hygg ég, að það muni fara í þessum byggðarlögum eins og á Akureyri og í ljós komi, að þeir erfiðleikar eru ekki eins miklir og menn fyrir fram álíta. Ég hef bjargfasta trú á því, að eins fari í þessu tilliti bæði eystra og vestra og fór nyrðra á sínni tíð.

Ég vil svo að lokum taka undir það, sem hv. 2. þm. Vestf. (SB) sagði, að ólíkt væri viðfelldnara að breyta til og ákveða blátt áfram í þessum lögum, að stofna skuli menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi, en að skilyrðisbinda það, eins og gert er í frv., við fjárveitingu í fjárl. Það væri eðlilegra að ganga hreint til verks í þessu, eins og hann benti á, og vil ég taka undir það. En ég endurtek ánægju mína yfir því, að skólastofnun á Austurlandi skuli hafa verið tekin inn í frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur farið fram á það við stjórnarandstöðuna, að hér væri gengið frá ýmsum málum í dag, áður en þinginu væri gefið páskaleyfi, og skal ég ekki eyða tíma hv. þd. með því að halda langa ræðu um þetta mál, aðeins vildi ég segja um það örfá orð.

Hæstv. ríkisstj. hefur tekið þann kost að flytja frv. til laga um menntaskóla og marka þar með nokkra stefnu í þeim málum í næstu framtíð og afgreiða þar með í raun og veru þau þrjú menntaskólafrumvörp, sem nú liggja fyrir þinginu. Ég held, að við flm. þessara frv. höfum ekkert við þessa aðferð hæstv. ríkisstj. að athuga, og raunar get ég tekið undir það, að það hafi verið skynsamlegt úrræði að afgreiða þessi frv. öll þannig með einu. Ann ég hæstv. ríkisstj. þess vel að hafa gert þessi góðu mál að sínum, og skal ég aðeins bæta því við, að það hefði gjarnan mátt nokkru fyrr vera.

Með þessu frv. er því slegið afdráttarlaust föstu, að menntaskólar skuli vera 6, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Vestfjörðum og einn á Austurlandi skv. 1. málsl. 1. gr. Einnig er því slegið afdráttarlaust föstu, að skólarnir á Austurlandi og Vestfjörðum skuli vera heimavistarskólar. Það er í raun og veru nokkuð sjálfsagður hlutur, að slíkir skólar séu heimavistarskólar, en það er ágætt, að það er beint tekið fram í lagagreininni.

En þá kemur að 3. mgr., sem er um það, að menntaskólana á Vestfjörðum og á Austurlandi skuli stofna, þegar fé sé veitt til þess á fjárl.

Ég hafði, þegar ég sá þessa mgr. í frv., hugsað mér að bera fram brtt. um, að þessi málsliður félli niður, þar sem ég kom ekki auga á það, hvers vegna þyrfti að taka það sérstaklega fram um þá, en ekki hins vegar um skólann, sem við átti að bætast í Reykjavík. Ég hefði haldið, að eðlilegast væri, að ekkert „þegar" eða „ef" væri fremur sett um skólana á Vestfjörðum og Austfjörðum heldur en um þann skóla, sem lögin, þessi sömu lög, ákveða, að byggður skuli í Reykjavík. Ég held, að ef þessi mgr. er látin standa í frv., geti það valdið efasemdum og tortryggni, máske alveg að óþörfu, og eins og hv. tveir alþm. hafa þegar tekið fram, þá mun ég eindregið óska þess, að hæstv. ríkisstj. fallist á, að lagaákvörðunin um stofnun þessara skóla verði fortakslaus og ekki teknir út úr skólarnir á Vestfjörðum og Austfjörðum og þeir bundnir því, að fjárveitingar verði sérstaklega til þeirra upp teknar í fjárlögum. Ég fæ ekki betur séð en að slíkt þurfi þá alveg eins um skólann í Reykjavík, og ef ekki þarf að taka það fram varðandi þann skóla, þá ætti þess ekki heldur að þurfa um þessa úti á landsbyggðinni.

Ég beini því þess vegna til hæstv. menntmrh. og þeirrar n., menntmn., sem tekur nú við málinu, að það verði athugað, hvort ekki verði á það sætzt, að sömu ákvæði gildi um alla þessa nýju skóla, sem þarna er ákveðið að stofna skuli skv. 1. mgr. 1. gr.

Að öðru leyti lýsi ég ánægju minni með þetta frv. og mun styðja að því, að þau menntaskólafrumvörp, sem fyrir þinginu liggja, fái afgreiðslu með þessu frv., og tek því jákvæða afstöðu til þess.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti til þeirra ræðumanna, sem talað hafa, fyrir mjög jákvæðar undirtektir undir þetta frv., og mér er ljúft að veita skýringu á fsp. hv. síðasta ræðumanns um það atriði, hvers vegna svo er kveðið á í frv., að nýjan menntaskóla í Reykjavík skuli stofna, en heimavistarskólana á Vestfjörðum og Austurlandi, þegar fé er veitt til þess á fjárl. Það er alveg ástæðulaust að láta þennan orðalagsmismun verða efni nokkurrar tortryggni eða nokkurrar óánægju. Skýringin er einfaldlega sú, að þegar hefur verið veitt fé á fjárl. til menntaskólans í Reykjavík og þess vegna þótti fært að taka þannig til orða, að menntaskóla skuli stofna í Reykjavík, enda má segja, að bygging hans sé raunverulega hafin með framkvæmdaundirbúningi. Hins vegar hefur enn ekkert fé verið veitt á fjárl. til menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi, og eingöngu af þeim sökum þótti, — ég vil jafnvel segja lögfræðilega, — ekki fært að kveða svo á um það, að þá menntaskóla skuli stofna, þ. e. a. s. áður en nokkurt fé er veitt á fjárl. En ríkisstj. hefur gert ráð fyrir því að hafa í sínum fjárlagatill. fyrir næsta ár tillögur um fjárveitingar til stofnunar þessara heimavistarskóla.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þetta frv., m. a. vegna þess, að ég á sæti í þeirri hv. n., sem mun fá það til athugunar, en þar sem mjög langur tími er nú liðinn frá því, að vísað var til þeirrar n. frv. um menntaskóla, vildi ég segja um þetta örfá orð.

Frv. um menntaskóla á Ísafirði, sem við Vestfjarðaþingmenn fluttum snemma á þessu þingi, hefur beðið 5 mánuði í n. án þess að vera tekið þar til afgreiðslu. Þó er það ekki svo, að þetta mál hafi ekki borið á góma á fundum n. Hv. form. menntmn., hv. 5. þm. Vesturl., hefur sýnt fullan vilja í því að leysa það mál, svo að allir geti við unað. Hann hefur látið okkur nm. fylgjast með því, hvað ríkisstj. hygðist fyrir í málinu, og hann hefur verið milligöngumaður okkar nm. við hæstv. menntmrh. um þessi mál, og við höfum beðið og beðið eftir lausn á málinu, að vísu ekki alveg rólegir kannske sumir okkar, en samt beðið eftir því, að till. kæmu frá hæstv. menntmrh.

Nú er það frv. komið fram, og lýsi ég ánægju minni yfir því, hversu vel hefur tekizt til um lausn þessa máls. Ég tek undir það, sem tveir hv. Vestfjarðaþm. hafa hér sagt, að við erum ánægðir með þessa lausn í öllum aðalatriðum og sjáum árangur af því, sem við höfum beitt okkur fyrir bæði nú og á undanförnum árum.

Ég tek líka undir ummæli hv. 2. þm. Vestf. (SB) og hv. 5. þm. Vestf. (HV) um það, að tvö atriði í þessu frv. eru ekki alveg að okkar skapi, enda höfum við rætt um þetta okkar í milli, síðan frv. kom fram.

Fyrra atriðið er það, þar sem segir í frv., að menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi skuli stofna, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. Nú hefur hæstv. menntmrh. gefið skýringu á þessu, sem er sú, að þar sem engin fjárveiting hefur enn verið veitt til slíkra skóla, en hins vegar á fjárl. fjárveiting til menntaskóla í Reykjavík, þá hafi það þótt lögfræðilega séð réttara að hafa þetta svona. En hann lýsir jafnframt því yfir, að hæstv. ríkisstj. muni leggja fram tillögur á næsta þingi, á fjárl. fyrir árið 1966, tillögur um fjárveitingar til þessara menntaskóla. Þar með sýnist mér, að hæstv. ráðh. hafi alveg fallizt á okkar sjónarmið, að þetta sé óþarft í frv. og hann sé okkur alveg sammála um þetta. Ég mun því leggja áherzlu á það í menntmn., að þetta ákvæði sé tekið út, enda engin þörf á því, eftir því sem hefur komið fram í ræðu hæstv. ráðh.

Um hitt atriðið, að það stendur í frv., að reisa skuli menntaskóla á Vestfjörðum, er það að segja, að allir, sem um þetta mál hafa fjallað utan þings og innan, eru sammála um, að þar komi ekki til greina nema einn staður, Ísafjörður, og við erum því algerlega sammála um það, að þarna eigi að standa menntaskóli á Ísafirði, svo að ekki þurfi að koma neinn misskilningur um það, hvar honum er ætlað að vera, og býst ég við, að allir geti fallizt á þá breytingu.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. mennt-

mrh. fyrir lausn þessa máls og jafnframt hv. formanni menntmn., 5. þm. Vesturl., fyrir það, að hann hefur beitt sér vel fyrir því að fá góða lausn á þessum málum á þessu þingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Því miður fannst mér kenna aðeins keims af undanbrögðum í svari hæstv. menntmrh. varðandi þessa aukasetningu: „þegar fé er veitt til þess á fjárl.", varðandi Austfjarða- og Vestfjarðaskólana. Hann vitnaði til þess, að þetta hefði ekki þurft að taka fram varðandi menntaskólann nýja í Reykjavík, af því að það væri þegar búið að veita fjárveitingar til hans í fjárl. Þetta er ekki rétt, hæstv. menntmrh. Ég er hér með fjárl. og í þeim segir: „Til byggingar menntaskólans í Reykjavík." Það er til hins almenna menntaskóla. Það hefur engin fjárveiting verið veitt á fjárl. mér vitanlega til nýs menntaskóla í Reykjavík, enda ekki lagaheimild fyrir honum fyrr en nú með þessu frv., þegar það hefur verið gert að lögum.

Ég held því, að annaðhvort eigi að standa: þegar fé er veitt til þeirra á fjárl. allra saman, ellegar þá að það sé með öllu óþarft að hafa þessa aukasetningu varðandi hina tvo skólana. Og einmitt eftir yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um það, að ríkisstj. sé ráðin í því að veita fé á næstu fjárl. til þessara skóla og ekki síður til Austfjarða- og Vestfjarðaskóla heldur en hinna, þá ætti aukasetningin að mega falla niður. En það hefur ekki fremur verið veitt fé á fjárl. til nýs menntaskóla í Reykjavík heldur en til hinna.

Ég er því þeirrar skoðunar enn sem fyrr, að „þegar" og „ef" eigi ekki fremur við í lagagreininni um Austfjarða- og Vestfjarðaskólana heldur en hina skólana, sem nefndir eru, og mundum við vera miklu sáttari við hæstv. menntmrh., ef hann féllist á, að þetta félli niður.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, eingöngu til að taka það fram, að það er síður en svo, að ég hefði nokkra tilhneigingu til undanbragða í svari mínu, og enn síður til þess að segja ekki satt og rétt um jafneinfalda hluti og hér er um að ræða. Í raun og veru greinir okkur hv. 5. þm. Vestf. ekkert á um efni málsins, þ. e. a. s. til hvaða framkvæmda fé hefur verið veitt. Ástæða þess, að fjárveiting til menntaskóla í Reykjavík er orðuð í fjárl. eins og hún er orðuð, þ. e. a. s. til menntaskólans í Reykjavík, er eingöngu sú, að skv. lögum er starfandi aðeins einn menntaskóli í Reykjavík, og þess vegna er ekki hægt að orða fjárveitingu til menntaskólaframkvæmda í Reykjavík öðruvísi en þannig. En það hefur öllum hv. alþm., fjvn. og öllum hv. alþm., verið ljóst, enda marggerð grein fyrir því í fjvn. og í fjárlagaumr. hér, að hluta þeirrar fjárveitingar, sem um er að ræða, ætti að nota til þess að hefja byggingarframkvæmdir við nýjan menntaskóla í Reykjavík. Um nokkurt skeið var það nokkur spurning, hvort þessi nýi menntaskóli ætti fyrst um sinn að vera hluti af gamla menntaskólanum, þ. e. lúta stjórn gamla menntaskólans, og það mun um þetta, sem nokkur orð hafa fallið milli okkar hv. 11. þm. Reykv. (EÁ) á sínum tíma, þ. e. hvort láta ætti nýjan menntaskóla, sem aðeins starfaði í 5—6 kennslustofum, fá sérstakan skólastjóra, sérstakan rektor og sérstaka skólastjórn, eða hvort hann ætti áfram að vera undir stjórn gamla menntaskólans. Um þetta þurfti að taka sjálfstæða ákvörðun, og það er þegar nokkuð síðan ég tók þá ákvörðun, að þegar nýr menntaskóli tæki til starfa í Hamrahlíð, skyldi hann fá sérstaka skólastjórn, þá skyldi honum verða skipaður sérstakur rektor. En til þess að það væri unnt, var auðvitað nauðsynlegt að lögheimila stofnun annars menntaskóla í Reykjavík. Það var vel framkvæmanlegt að hefja byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík með fjárveitingu, eins og gert hefur verið, vegna þess að sá skóli á að annast menntaskólafræðslu lögum samkvæmt. Hins vegar mundi ekki hafa verið hægt að fá nýjum menntaskóla í Reykjavík sjálfstæða stjórn, þ. e. a. s. gera hann að sjálfstæðri stofnun, nema með lagasetningu, en það er einmitt slík heimild, sem gert er ráð fyrir að æskja með því frv., sem hér hefur verið lagt fram.

Ég vona, að hv. 5. þm. Vestf. taki nú, að gefnum þessum viðbótarskýringum, fyrri skýringu mína á orðalagi frv. gilda, og ég get ekki annað en endurtekið, að ég vona, að þeir menn, sem eru sérstakir áhugamenn um stofnun menntaskóla á Vestfjörðum og á Austurlandi, misskilji á engan hátt það orðalag, sem haft er á frv. varðandi þetta, vegna þess að ástæðan er eingöngu formleg, að það þótti ekki fært að kveða á um skyldu til stofnunar menntaskóla á þessum stöðum, meðan ekkert fé hefði enn verið veitt til þess í fjárl. En það get ég endurtekið, að í till. ríkisstj. til næstu fjárl. munu verða till. um fjárveitingar til heimavistarskóla á Vestfjörðum og á Austurlandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 501).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. um menntaskóla og er einróma sammála um að mæla með samþykkt þess. Telur n., að með þessu frv. sé stigið mikilvægt skref í menntaskólamálunum og með því marki Alþ. stefnuna um það, hvar reisa skuli menntaskóla á næstu árum. Hitt er svo annað mál, sem unnið er að á öðrum vettvangi, hvernig námshögun verði í skólunum.

Menntmn. telur, að gera þurfi nokkrar breyt. á frv. Í fyrsta lagi þykir rétt að ákveða staðsetningu Vestfjarðaskólans á Ísafirði, og er það

samkvæmt eindregnum óskum Vestfjarðaþingmanna hér í deildinni. Í öðru lagi þykir rétt að taka skýrt fram, að hugsanlegur skóli í nágrenni Reykjavíkur, sem mundi verða þriðji skólinn á þessu svæði, þurfi ekki að verða heimavistarskóli, enda mun það ekki hafa vakað fyrir þeim, sem frv. sömdu. Loks þykir ekki ástæða til að taka sérstaklega fram um 3 menntaskólana, að þeir skuli reistir, þegar fé er til þeirra veitt á fjárlögum, þar sem menntmrh. hefur þegar skýrt þinginu frá, að ríkisstj. hyggist gera till. um fjárveitingar til þessara skóla á fjárlagafrv. næsta ár.

Menntmn. hefur haft til umræðu þrjú önnur frv. um menntaskóla, og telur n. þau vera efnislega afgreidd með samþykkt þessa frv.

N. mælir einróma með samþykkt frv. með þeirri breyt., sem er á þskj. 501.

ATKVGR.
Brtt. 501 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 536).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., 28. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það var samþ. við 3. umr. með shlj. atkv. dm., eftir að hv. menntmn. Nd. hafði samróma gert till. um nokkrar smávægilegar breyt. á frv., sem ekki snertu efni þess að neinu meginefni, heldur voru að verulegu leyti formseðlis.

Gildandi lög um menntaskóla eru þannig, að því er varðar tölu menntaskólanna og staðsetningu þeirra, að svo segir, að menntaskólar skuli vera tveir, annar í Reykjavík, en hinn á Akureyri, og að stofna skuli hinn þriðja í sveit, þegar fé sé veitt til þess á fjárl., en þessi lagaákvæði eru frá árinu 1946. Skv. heimildinni í þessum lögum var síðar stofnaður menntaskóli á Laugarvatni, svo að nú eru starfandi í landinu þrír menntaskólar, í Reykjavík, á Akureyri og á Laugarvatni, og eru skólarnir á Akureyri og Laugarvatni heimavistarskólar.

Fyrir nokkru hefur ríkisstj. ákveðið og það hefur verið tilkynnt hér á hinu háa Alþingi, að reistur skuli nýr menntaskóli hér í Reykjavík. Eru fjárveitingar til þess skóla af hálfu Alþingis þegar hafnar, og er verið að ganga frá teikningum þess skóla og framkvæmdaundirbúningur þegar hafinn. Er að því stefnt, að bygging fyrsta áfanga þess skóla hefjist nú á þessu vori, og standa vonir til þess, að byggingu þessa fyrsta áfanga geti verið lokið í haust, þannig að þar geti hafizt kennsla í haust. En eins og lagaákvæðinu er nú háttað, mundi þessi menntaskóli verða hluti af menntaskólanum í Reykjavík. Það tel ég hins vegar ekki heppilegt, heldur rétt að breyta lagaákvæðinu um menntaskóla á þann veg, að menntaskólar í Reykjavík skuli vera tveir, þ. e. að hinn nýi skóli verði sjálfstæður skóli, sem þá að sjálfsögðu mun fá sína sérstöku skólastjórn. Jafnframt því, að þetta er nauðsynlegt, þá þykir eðlilegt að marka framtíðarstefnuna í skólabyggingarmálum menntaskólanna, og við það eru ákvæði þessa frv. miðuð, en í því segir, að menntaskólar á Íslandi skuli vera 6, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði, eins og frv. var breytt í hv. Nd., upphaflega stóð „einn á Vestfjörðum“, og einn á Austurlandi. Jafnframt er kveðið svo á, að menntaskólarnir utan Reykjavíkur skuli vera heimavistarskólar. Jafnframt er heimilað að reisa þriðja menntaskólann í Reykjavík eða nágrenni.

Enn fremur eru í frv. ákvæði um það, að menntmrn. sé heimilt að koma á fót kennslu í námsefni fyrsta bekkjar menntaskóla við þá gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega, en þriðja bekkjar deild menntaskóla hefur um nokkurt skeið verið starfrækt á Ísafirði skv. sérstakri heimild menntmrn. Óskir hafa verið uppi um það frá fleiri stöðum og þá sérstaklega frá Vestmannaeyjum að fá heimild til þess að starfrækja þriðja bekkjar deild menntaskóla við gagnfræðaskólann þar, og má búast við því, að óskum um slíkt fari fjölgandi á næstu árum, og þess vegna þykir rétt að lögfesta almenna heimild til handa menntmrn. til þess að heimila slíka starfrækslu fyrsta bekkjar menntaskólans í tengslum við gagnfræðaskóla, að sjálfsögðu þó að uppfylltum vissum skilyrðum.

Þetta frv. fékk hinar beztu undirtektir í hv. Nd., eins og sjá má af því, að það var samþ. með shlj. atkv., og sama vona ég, að verði niðurstaðan hér í hv. Ed. Með samþykkt þessa frv. má segja, að mörkuð sé framtíðarstefna, sem ætti að geta dugað um nokkurn aldur í byggingarmálum menntaskólanna, þar sem gert er ráð fyrir því, að menntaskólar í Reykjavík, heimagönguskólar, verði þegar tveir á næsta hausti og að hinn þriðji verði reistur í Reykjavík eða nágrenni, þegar þörf fyrir hann kemur í ljós, og að jafnframt skuli verða starfræktir heimavistarmenntaskólar í hinum landsfjórðungunum þremur, á Vestfjörðum, á Norð-

urlandi og á Austurlandi. Er þá gert ráð fyrir því, að skólarnir á Vestfjörðum eða á Ísafirði og á Austurlandi verði byggðir í áföngum og þá að sjálfsögðu eftir því sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Ég leyfi mér svo að endurtaka óskir mínar um það, að þetta frv. fái góðar undirtektir hér í þessari hv. d. og hljóti afgreiðslu nú á þessu þingi, og að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Sjálfsagt fagna því flestir, að með þessu frumvarpi eru gefnar ákveðnar vonir um stórt átak á næstu árum í málefnum menntaskólanna með þeim fyrirheitum, sem frv. felur í sér um stofnun a. m. k. þriggja nýrra skóla og þá væntanlega mjög fullkominna menntaskóla. Og ég er sízt kominn hér upp í ræðustól til þess að lasta þessar fyrirætlanir eða gera lítið úr þeim vonum, sem við þetta frv. er hægt að binda, því að margar af þessum framkvæmdum, sem hér er ráð fyrir gert, eru vafalaus og brýn nauðsyn, og hv. Alþingi virðist almennt vera sammála um nauðsynina.

En þetta fyrirhugaða stórátak, sem hér á að gera á næstu árum, hlýtur líka að leiða hugann að því, hvernig búið er að þeim menntaskólum, sem nú eru starfandi, og hverra aðgerða er þörf til eflingar þeim og til þess að þeir geti þróazt eðlilega á næstu tímum. En ég hygg, að flestum, sem eitthvað þar til þekkja, hljóti að vera það ljóst, að verulegra breytinga og endurbóta er þörf hjá þeim þremur skólum, sem nú eru starfandi. Á sumar þessara nauðsynlegu endurbóta varðandi menntaskólana, sem nú eru starfandi í landinu, er minnzt í grg. með þessu frv., þ. á m. um það, að ákveðið sé að stækka menntaskólann að Laugarvatni í áföngum, sem eiga þó ekki að vera hraðari en það, að það á að taka 5 ár að efla þann skóla, svo að hann geti tekið 100 nemendur til viðbótar. Og það er líka kunnugt um þann skóla, að þar er aðbúnaður nemenda vægast sagt fyrir neðan allar hellur til náms. Má m. a. geta þess, að þar þurfa almennt 4 nemendur að búa í hverju herbergi eða helmingi fleiri en ætlazt er til og heimavistin er byggð fyrir, og þekkja allir, sem í skóla hafa verið, að slíkt eru engin fullnægjandi námsskilyrði, þótt ekki væri annað.

Þá er aðeins með einni setningu minnzt á menntaskólann á Akureyri, og segir þar í grg., að þótt byggt hafi verið fyrir skömmu heimavistarhús við menntaskólann á Akureyri, þá þarf að horfast í augu við, að sjálft skólahúsið er gamalt timburhús, sem krefst endurnýjunar innan tíðar. Að heimavistarhús hafi verið byggt fyrir skömmu við menntaskólann á Akureyri, er nokkuð mikill misskilningur. Ég tel það a. m. k. ekki skamman tíma, að ekkert hefur verið gert fyrir menntaskólann á Akureyri hvað húsakynni snertir síðan á dögum nýsköpunarstjórnarinnar. Þá var sú heimavist byggð. Það tók að vísu nokkuð mörg ár að koma henni upp, en það hefur ekkert átak verið gert í sambandi við húsnæðismál mentaskólans á Akureyri frá því á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, og finnst sjálfsagt mörgum það vera harla langur tími, þar sem um er að ræða eina elztu og virðulegustu menntastofnun þjóðarinnar.

Það er vissulega rétt, eins og segir í grg., að það verður að horfast í augu við þá staðreynd, að ekki verður komizt fram hjá því til nokkurrar lengdar, úr því sem komið er, að gera eitthvert verulegt átak í sambandi við endurbætur á menntaskólanum á Akureyri. Og það er ekki aðeins um það að ræða, að allt skólahúsið, þar sem kennslan fer fram, er orðið mjög gamalt og úr sér gengið og að mörgu leyti niðurnítt, heldur er þannig ástatt, að það nægir alls ekki til þess að svara þeim nauðsynlegu kröfum, sem nú þarf að gera, til þess að kennsla geti farið fram með eðlilegum hætti. Er þar þá alveg sérstaklega um að ræða þau vandkvæði, sem eru í sambandi við kennslu í raunvísindalegum námsgreinum, náttúrufræði, eðlisfræði og slíku, en það má segja, að hvorki er til þess húsnæði né önnur aðstaða, eins og nú er. Þetta ástand hefur að vísu lengi verið óþolandi og ég vil segja alveg frá því fyrsta, að stærðfræðideild var stofnuð við menntaskólann á Akureyri, en þó munu forráðamenn menntaskólans á Akureyri að sjálfsögðu þola það ástand, sem er í þessum efnum, enn þá verr, eftir að byggt hefur verið nýtt hús yfir þessa starfsemi menntaskólans hér í Reykjavík og á sama tíma og fyrirhugað er að byggja marga fullkomna menntaskóla á næstu árum.

En ég veit, að hæstv. menntmrh. er kunnugt um það, enda munu forráðamenn menntaskólans á Akureyri ekki fyrir alllöngu hafa snúið sér sérstaklega til ráðuneytis hans með óskir og kröfur um skjótar úrbætur í þessum efnum, en till. þeirra er sem sagt sú, að fyrsti áfanginn, sem gerður verði til eflingar menntaskólans á Akureyri, verði, að það verði byggt fullkomið hús yfir hinar raunvísindalegu námsgreinar, og þá verði einnig haft í huga, að samkomusalur skólans er orðinn allt of lítill og ófullnægjandi. En varðandi þessa framkvæmd háttar þannig, að sú stóra lóð, sem menntaskólinn á Akureyri hefur, er óskipulögð, og er þess vegna ekki fært að byggja á henni einstakt hús, nema að því sé hugað, hvernig byggingum verður í framtíðinni komið fyrir á skólalóðinni, og það gefur því auga leið, að undirbúningur að þessu eina húsi er miklu meiri af þessum ástæðum heldur en ella væri. Þess vegna mun það vera tillaga forráðamanna menntaskólans á Akureyri og krafa, að nú þegar á þessu vori eða sumri verði séð fyrir nægu fé til þessarar undirbúningsvinnu, þannig að teikningar af skólalóðinni og af þessu fyrirhugaða og alveg bráðnauðsynlega húsi geti legið fyrir strax á næsta vori, þannig að framkvæmdir geti hafizt þá.

Í þessu sambandi vil ég greina frá því, að það mun vera álit allra kunnugra manna á

Akureyri, að viðgerðir á gamla húsinu eða breytingar á því til þess að hola þar niður kennslu í raunvísindalegu fögunum kemur ekki til greina og mundi þegar til lengdar léti verða dýrasta leiðin til þess að bæta þarna úr, og það er álit þeirra, að nýtt hús til þessarar starfsemi sé eina viðunanlega lausnin, sem um er að ræða.

Mér þykir nú hlýða í sambandi við þetta mál og með sérstöku tilliti til þess, að bæði menntaskólinn í Reykjavík hefur fengið mikla fyrirgreiðslu til þess að koma þeim málum, sem ég hef rætt hér um í sambandi við menntaskólann á Akureyri, í viðunanlegt horf og jafnframt er fyrirhugað að byggja marga — ekki bara einn, heldur marga nýja, fullkomna menntaskóla, þá þykir mér hlýða að spyrja hæstv. menntmrh. um það, hvort hann telji ekki, að þá sé einnig kominn tími til þess að gefa ákveðin fyrirheit um það, að allra nauðsynlegustu breytingar og endurbætur á menntaskólanum á Akureyri verði framkvæmdar, svo fljótt sem verða má, og þá á ég við, að málið verði undirbúið á allan hátt tæknilega og fjárhagslega á þessu ári, þannig að framkvæmdirnar gætu hafizt á árinu 1965 og helzt verið lokið á sem skemmstum tíma.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get vel skilið umhyggju hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) fyrir menntaskólanum á Akureyri, sem er sannarlega ein bezta menntastofnun á Íslandi og á allt hið bezta skilið af hálfu ríkisvaldsins. Mér var það og algerlega ljóst, að engin skynsemi og engin sanngirni væri í því að ráðgera byggingu nýrra menntaskóla í tveimur landsfjórðungum á Vestfjörðum og á Austurlandi, án þess að áður eða a. m. k. alveg samhliða væri athugað, hvað þyrfti að gera fyrir þá menntaskóla, sem þegar eru fyrir í landinu.

Hann gat þess, hv. þm., að miklar framkvæmdir hafa undanfarið staðið yfir og er nú lokið að vissum áfanga til við menntaskólann í Reykjavík, þannig að aðstaða hans hefur verið stórbætt frá því, sem áður hefur verið, og nú má fullyrða með góðri samvizku, að þar hefur verið komið á hinni fullkomnustu aðstöðu til kennslu í raunvísindagreinum, þar eð sú nýbygging, sem fyrst og fremst er helguð kennslu í þeim greinum, er að rúmmáli stærri en gamli skólinn og aðbúnaður þar allur hinn fullkomnasti. Jafnframt hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að stækka menntaskólann að Laugarvatni, að vísu í áföngum, þannig að nemendatala hans geti komizt upp í 200 á næstu 5 árum.

En mér var algerlega ljóst, að einnig þyrfti að sinna þörfum og óskum menntaskólans á Akureyri, um leið og þessi framtíðarstefna væri mörkuð, og þess vegna er það, að þegar hafa átt sér stað viðræður milli okkar rektors menntaskólans á Akureyri um, hverjar þarfir þess skóla væru nú brýnastar, og hann lét þá mjög ákveðnu ósk í ljós f. h. menntaskólans á Akureyri, að reist yrði nýtt hús fyrir skólann til þess að bæta aðstöðu til kennslu í raunvísindagreinum, þ. e. a. s. að fylgt yrði líkri stefnu þar og fylgt hefur verið við menntaskólann í Reykjavík. Ég hef fyrir mitt leyti algerlega fallizt á þetta og falið menntaskólanum á Akureyri að undirbúa nú í sumar tillögugerð um slíkar framkvæmdir, bæði að því er teikningar snertir og kostnaðaráætlanir að sjálfsögðu, og hef ég síðan gert ráð fyrir því að gera till. um það í næstu fjárl., að byrjað væri að veita fé til slíkrar framkvæmdar við menntaskólann á Akureyri. Þetta tel ég vera sjálfsagðan hlut, að sé eitt af nauðsynlegustu og fyrstu verkefnunum í menntaskólamálunum, sem þurfi að sinna.

Mér er sem sagt alveg óhætt að gefa þá hiklausu yfirlýsingu, að í sumar mun verða undirbúin bygging nýs húss við menntaskólann á Akureyri, sem fyrst og fremst mun verða ætlað kennslu í raunvísindagreinum við þann skóla, og að næsta Alþingi mun fá til meðferðar tillögur um nokkrar fjárveitingar til slíkrar byggingar, sem ég tel vera bráðnauðsynlega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 629).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á þessu þingi og enn fremur á undanförnum þingum hafa einstakir þm. borið fram frv. um stofnun menntaskóla á Vestfjörðum og á Austurlandi og enn fremur um nýjan menntaskóla í Reykjavík. Þessi frv. hafa ekki haft brautargengi hér á hv. Alþ., þó að öllum sé það ljóst, að aukin menntun er óhjákvæmileg og stúdentafjöldinn fer hraðvaxandi. Það er enn fremur ljóst, að húsakynni menntaskólans í Reykjavík eru orðin allt of þröng, miðað við þann nemendafjölda, sem þar stundar nám. Það er einnig skoðun þeirra, sem hafa beitt sér fyrir, að stofnaðir yrðu menntaskólar á Austurlandi og Vestfjörðum, að það styrki aðstöðu landshlutanna að fá þangað menntastofnanir af þessu tagi. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, hefur ríkisstj. tekið þessi mál upp á þann veg að sameina þau í eitt frv., sem efnislega nær sama marki og þau frv., sem hér er minnzt á. Þetta er vissulega fagnaðarefni, og menntmn. þessarar d., sem hefur fjallað um þetta mál, varð sammála um að leggja til að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

---

49. Lausaskuldir iðnaðarins.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán [191. mál] (stjfrv., A. 516).

Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv., hefur það þótt eðlilegt, þegar verið var að athuga undirbúning að setningu reglugerðar skv. lögunum um breyt. á lausaskuldum iðnaðarins, sem síðasta Alþ. afgreiddi, að breyta svolítið tímamörkum, sem þar voru, en þar var miðað við, að breyting á lausaskuldum iðnaðarins eftir l. frá því í fyrra skyldi miðast við skuldir, sem stofnazt hefðu á árunum 1957—62. Nú hefur tekið nokkuð langan tíma að koma framkvæmd þessa máls í gang. Ég hef lagt mikla áherzlu á það, að reglugerð yrði ekki sett um þetta nema í samráði við bankana, fyrst og fremst Seðlabankann og svo viðskiptabankana, og með það sjónarmið fyrir augum að tryggja þá betur raunhæfa framkvæmd málsins.

Það var sameiginlegt álit þeirra, sem ég átti viðræður við f. h. bankanna, að eðlilegt væri, eins og nú horfir, að taka árið 1963 með, og með þessari breytingu mundi það þýða, að lausaskuldir, sem stofnað hefði verið til á árinu 1963 af sömu sökum og annars er miðað við í lögunum, komi til álita, þegar á að fara að breyta þessum lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Þessi breyting felur að þessu leyti í sér nokkurt hagræði fyrir iðnaðinn.

Aftur á móti hefur það ekki þótt raunhæft við nánari athugun málsins að miða við neitt fyrra mark, hvenær var til skuldarinnar stofnað, og það er í sjálfu sér alltaf nokkurt álitamál, hvenær lausaskuld er til orðin, og þess vegna er það tímamark fellt niður.

Að öðru leyti þarfnast ekki þetta mál sérstakrar skýringar. Ég vil aðeins geta þess, að ég geri mér von um, að það verði nú á næstunni, innan mjög skamms tíma, hægt að gefa út ýtarlega reglugerð um framkvæmdaratriði þessa máls og þá, eins og ég sagði, í samráði við bankana, sem ég hef lagt mikla áherzlu á, að mundi verða tryggari undirstaða undir því en ella væri, að málið fengi raunhæfa þýðingu í framkvæmd.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því frv., sem hæstv. iðnmrh. hefur nú mælt fyrir. Ég vil taka það fram, að ég tel, að sú breyting sem hér er gert ráð fyrir, sé mjög til bóta, því að eins og hæstv. ráðh. gat um, hefur dregizt nokkuð að setja reglur um þessa mjög svo þýðingarmiklu breytingu, sem lögin, sem samþykkt voru í fyrra, gera ráð fyrir á lausaskuldum iðnaðarins, og það er því fullkomlega eðlilegt, að það ár, sem farið hefur til undirbúnings þessarar reglugerðarsetningar eða þessarar fyrirkomulagsákvörðunar, sé tekið með, þegar nú á að fara að vinna að málinu, og enn fremur finnst mér eðlilegt að taka eldri skuldirnar einnig með og raunar sjálfsagt og sjálfsagt athugunarleysi við setningu laganna á sínum tíma, því að þær geta í mörgum tilfellum verið ekki síður þungbærar heldur en þær, sem síðar er stofnað til, svo að ég tel sem sagt, að þetta frv. sé til bóta.

Það er vissulega rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði tekið langan tíma að koma þessu í kring, og ég fagna því þess vegna sérstaklega, að nú skuli málið vera komið á það stig, eins og hæstv. ráðh. upplýsti, að úr þessari breytingu geti orðið, því að nauðsyn á þessum breytingum er mjög brýn.

Það er alkunna, að iðnaðurinn býr við mjög erfið kjör af ýmsum ástæðum, og þar er lánsfjárskorturinn ekki hvað sízt þrándur í götu. Með því stórhækkandi verðlagi, sem verið hefur hér að undanförnu, krefst allur atvinnurekstur stöðugt meira rekstrarfjár, og við vitum, að iðnaðurinn ekki hvað sízt hefur búið við nokkuð skarðan hlut, að því er þetta efni varðar. Ýmislegt fleira kemur til, sem knýr á, að iðnaðurinn fái nú góða úrlausn sinna mála. Eins og hér hefur raunar áður verið vikið að, hafa gerzt ýmsar þær breytingar á þjóðfélagsháttum, sem hafa gert aðstöðu iðnaðarins mjög erfiða: minnkaðir verndartollar, meiri innflutningur og meiri samkeppni erlendis frá frá fyrirtækjum og atvinnugreinum, sem þar búa við betri kjör en við höfum getað búið okkar iðnaði, og þess vegna er hætt við, að hann standi nokkuð höllum fæti, og það er raunar svo, því að mörg iðnfyrirtæki hafa orðið að draga verulega saman rekstur sinn, sum jafnvel loka, eins og alkunnugt er. Erindi mitt hingað var því einungis það að fagna því, að þetta mál skyldi nú vera komið á það stig, sem hæstv. ráðh. upplýsti, að þess megi vænta, að iðnaðurinn njóti nú þeirrar fyrirgreiðslu, sem fyrir löngu var honum ákveðin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 553).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur samhljóða til, að það verði samþykkt. Í fyrravetur var samþ. á Alþ. frv. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, en heimildin var bundin við skuldir, sem stofnað var til á árunum 1957—1962. Framkvæmd þessa máls er nú í undirbúningi, og hefur komið í ljós í ýmsum tilvikum, að það er óeðlilegt og getur verið óréttlátt að binda við þetta tímabil eingöngu, og frv. þetta felur í sér þá rýmkun, að bætt er við árinu 1963 og engin takmörk aftur í tímann.

Nefndin leggur sem sagt shlj. til, að frv. verði samþ. og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins, sem síðasta Alþ. samþykkti, voru afgreidd í maímánuði í fyrra. Það hefur dregizt lengur en æskilegt hefði verið að koma þeim til framkvæmda, en ég hef lagt áherzlu á að hafa samráð við bankana og undir forustu Seðlabankans um reglugerð, sem sett yrði samkv. lögunum og framkvæmdin færi eftir. Þessi reglugerð verður gefin út væntanlega einhvern næstu daga. En við athugun málsins þótti eðlilegt að leggja til þessa breytingu, sem hér er gerð, að miða ekki eingöngu við lausaskuldir, sem stofnað hefur verið til á árunum 1957—1962, eins og l. gerðu ráð fyrir, heldur miða við árslok 1963 og ekkert fyrra mark um það, hvenær til skuldarinnar hefur verið stofnað.

Málið er komið frá Nd., og var fullt samkomulag um það þar. Vildi ég mega leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 638).

Frsm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á síðasta Alþ. voru samþ. lög um breyt. á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Í þeim l. er ákveðið, að iðnlánasjóði sé heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja þeirra, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum laga þar um og hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til þeirra framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á tímabilinu 1957—1962, að báðum árunum meðtöldum. Þessum lögum var ætlað hliðstætt hlutverk og l. um breyt. á lausaskuldum landbúnaðarins í föst lán og ákvæðum um hliðstæð efni í stofnlánadeildarlögunum að því er laut að sjávarútveginum.

Eins og fram kom hjá hæstv. iðnmrh. við 1. umr. þessa máls, hefur síðan verið unnið að samningu reglugerðar og samningagerð við banka og peningastofnanir um þessi efni, og hæstv. ráðh. upplýsti það, að reglugerð væri væntanleg nú á næstu dögum. En við undirbúning þeirrar reglugerðar hefur komið í ljós, að þau tímatakmörk, sem sett eru í l. um, hvenær eigi að hafa verið stofnað til þessara skulda, til þess að þeim yrði breytt á þennan hátt, væru óraunhæf og óeðlileg og hefur því verið flutt stjfrv. það, sem hér liggur fyrir, um að fella niður upphafsár tímabilsins, sem ákveðið er í l. 1957, þannig að einnig skuldir, sem stofnað hefði verið til fyrr, gætu komið til greina í þessu sambandi, og einnig að framlengja hitt takmarkið, árslok 1962, til ársloka 1963.

Iðnn. hefur athugað þetta frv., sem var lagt fram í Nd. og hefur fengið greiðan framgang gegnum þá d. og samþ. þar shlj., og iðnn. hefur orðið sammála um, að þessi breyting sé eðlileg, og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

50. Dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva [192. mál] (stjfrv., A. 517).

Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ríkisstj. hefur gefið fyrirsvarsmönnum dráttarbrauta og skipasmíða fyrirheit um það að styðja þá í ráðagerðum, sem uppi eru til þess að stækka dráttarbrautirnar í landinu, bæði litlar og gamlar dráttarbrautir, sem nú eru ekki nægjanlega vel búnar til þess að sinna viðgerðarþörf hins nýja og stóra bátaflota okkar, og einnig að veita einhvern atbeina, eftir því sem verða má, til þess að þessir aðilar geti hafið skipasmíðar í landinu í ríkari mæli en verið hefur og þá fyrst og fremst stálskipasmíðar, sem verið hafa mjög litlar hér fram til þessa. Þetta frv. er einn liður í því að efna þessi fyrirheit. En eins og kunnugt er og fram kemur í aths., geta dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar, ef þær eru byggðar af sveitarfélögum, komizt undir hafnarlög, þannig að ríkisábyrgðarþörf er ekki sérstök fyrir hendi. Sú almenna heimild, sem þar er í l., yrði notuð. En það eru ýmsir aðilar, sem nú eru með ráðagerðir í þessum efnum, einkafyrirtæki, sem skortir ríkisábyrgð í sambandi við ráðagerðir þeirra, en það verður að ætla, að það mundi greiða allverulega fyrir þeim í sambandi við lánsfjárútveganir.

Ég held, að það þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., það skýrir sig sjálft, en vildi mega leggja til, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 554, 555).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Sigurður Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. hefur komið fram frá hæstv. ríkisstj. Það er áreiðanlega mjög tímabær ráðstöfun að reyna að hlynna eitthvað að atvinnu við dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar, því að á undanförnum árum hefur uggvænlegt ástand myndazt í þessum atvinnugreinum víða um land, sérstaklega hvað viðvíkur skipasmíðunum. Þar kemur ekki eingöngu til greina skortur á stofnfé, heldur og skortur á rekstrarfé handa skipasmíðastöðvunum. Þessi rekstrarfjárskortur hefur m. a. orðið þess valdandi, að mörg hundruð millj. kr. í erlendum gjaldeyri hafa á nokkrum árum verið greiddar fyrir erlent vinnuafl við smíði fiskiskipa. Það hefði auðsjáanlega orðið mikill efnahagslegur ávinningur fyrir þjóðfélagið í heild, ef aðstæður hér heima fyrir hefðu verið þannig, að einhver hluti þessarar upphæðar, þótt ekki væri annað, hefði verið greiddur í vinnulaunum til íslenzkra aðila. Í sambandi við þetta má geta þess, að við byggingu fiskiskipa erlendis er kostnaðarverð skipsins lánað til lengri eða skemmri tíma. Venjulegast er lánað 70% af kostnaðarverðinu til nokkurra ára. En við smíði báta hér á landi verður skipasmíðastöðin að leggja fram allt kostnaðarverð bátsins þangað til 3—6 mánuðum eftir afhendingu hans, þegar fiskveiðasjóðslánið fæst. Sjá því allir, hvílíkur gífurlegur aðstöðumunur felst í þessu milli innlendra og erlendra skipasmíðastöðva. Þessi aðstöðumunur hefur gert það að verkum, að á sumum stöðum á landinu hefur orðið verulegur samdráttur í skipasmíðaiðnaðinum og jafnframt skapazt verri aðstaða til eðlilegs viðhalds bátaflotans á þessum stöðum, þar sem fagmenn, sem vinna við nýbyggingu og að viðhaldi skipanna, flytja burt sakir ónógrar atvinnu.

Það verður því samhliða, sem veittur er greiðari aðgangur að lánsfé til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, að bæta úr þeim aðstöðumun, sem er við byggingu nýrra fiskibáta hér og erlendis. Þennan aðstöðumun má bæta t. d. með því að tryggja eðlileg stofnlán til smíða fiskiskipa innanlands, réttlátari tollaeftirgjöf af efni því, sem nota á til smíðanna, og einnig lækkun á tollum á þeim áhöldum, sem eingöngu eru notuð til smíðanna. Sá mismunur, sem er á kostnaðarverði sambærilegra erlendra og innlendra báta, yrði ekki ýkjamikill, þegar ríkisvaldið væri búið að bæta svo samkeppnisaðstöðu innlendu skipasmíðastöðvanna sem mögulegt er.

Það væri ekki úr vegi að geta þess hér, að í júlíhefti blaðsins Íslenzkur iðnaður, árg. 1964, er að finna upplýsingar um opinberan stuðning við skipasmíðastöðvar í ýmsum löndum og kemur þar fram m. a., að í Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi, Ítalíu og Bandaríkjunum fær skipasmíðaiðnaðurinn mikinn beinan fjárhagslegan stuðning auk annarrar óbeinnar aðstoðar.

En í sambandi við stofnlán til skipasmíða langaði mig til að spyrja hæstv. iðnmrh. um það, hvað líður framkvæmd á þál. frá síðasta þingi um eflingu innlendra skipasmíða, sem flutt var af hv. 11. landsk. þm. Þó að nauðsynlegt sé að hlynna að nýbyggingu skipa innanlands, er hitt atriðið ekki síður mikilvægt, að með samþykkt þessa frv. skapast betri aðstæður til að tryggja fjármagn til stofnlána vegna nýbygginga eða stækkunar dráttarbrauta, er fullnægi þörf þess fiskiskipaflota, sem komið hefur til landsins á undanförnum árum, til viðhalds og endurbóta. Um upphæð lánaábyrgðarinnar hef ég ekkert að athuga, en tel þó, að fljótt muni þurfa að sækja um

heimild til hækkunar á upphæð ábyrgðarinnar.

Að lokum vil ég mælast til þess, að brtt. sú, sem er á þskj. 555 og flutt er af 3. landsk. þm., 5. þm. Reykv. og mér, um hækkun á þeim hluta kostnaðarverðs, er hæstv. ríkisstj. tekur ábyrgð á, úr 60% í 75%, sú till. verði samþykkt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. var fyllilega sammála um afgreiðslu þessa máls efnislega, en við þrír nm. áskildum okkur rétt til að flytja till. varðandi upphæð ríkisábyrgðarinnar, það takmark, sem ríkisábyrgðin miðaðist við.

Það blandast áreiðanlega engum hugur um, að það ber mjög brýna nauðsyn til þess að koma upp hér dráttarbrautum, stækka þær, sem fyrir eru, og skapa aðstöðu til þess, að skipasmíðar geti farið fram hér innanlands, og jafnhliða er það náttúrlega ljóst, að slík mannvirki kosta mikið fé, og það er ekki líklegt, að einstaklingar eða eigendur slíkra mannvirkja, sem ekki væru á vegum bæjarfélaga eða hafnarsjóða, geti staðið undir þeim kostnaði nema að örlitlu leyti, — þeim mikla stofnkostnaði, sem hlýtur að vera við slík mannvirki. Af þeim sökum höfum við leyft okkur að flytja hér brtt. við þetta frv., sem er á þskj. 555, þess efnis, að í staðinn fyrir, að ríkisábyrgðin verði allt að 60%, verði hún 75%. Ég held, að það sé ekki neinn vafi á því, að þær lánastofnanir, sem kynnu að lána til þessara framkvæmda, muni fyrst og fremst gera kröfu til þess, að ríkisábyrgð sé að baki, og muni þá ekki af veita að hafa þessa heimild hærri en 60%. Þá má einnig geta þess, að til ýmissa fjárfrekra framkvæmda, svo sem síldarverksmiðjanna, stærri fiskiskipa, hefur ríkisábyrgðin verið allt að 80 eða 90%, og er ekki óeðlilegt, að ríkisábyrgð til þeirra fyrirtækja, sem hér um ræðir, sé eitthvað í líkingu við það. Og þá má enn fremur geta þess, að slík mannvirki, sem byggð væru á vegum hafnarsjóða, njóta annarra kjara, fyrst og fremst 40% framlags og síðan 60% ríkisábyrgðar. Af þessum sökum leggjum við áherzlu á, að þetta mark, sem í frv. var sett, verði hækkað úr 60% í 75%, en fylgjum þó málinu mjög eindregið að öðru leyti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 555 felld með 18:15 atkv.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ríkisstj. hefur gefið fyrirsvarsmönnum dráttarbrauta og þeirra, sem stunda skipasmíðar hér, fyrirheit um það að verða þeim til liðsinnis í sambandi við ráðagerðir, sem uppi eru um stækkun dráttarbrauta og byggingu skipasmíðastöðva. Safnað var upplýsingum um þetta af hálfu iðnmrn. í sumar, og síðan var málið í athugun bæði hjá Efnahagsstofnun og Seðlabankanum, og það er til þess að efna þessi fyrirheit, sem leitað er eftir heimild fyrir ríkisstj. til þess að mega taka ábyrgð á lánum, og þá miðað við það, að ætla verður, að það gæti orðið mönnum til hagræðis og auðveldað lántökurnar. En á það er einnig að líta, að ríkisstj. hefur almenna heimild í hafnarl. til þess að ábyrgjast lán, þegar dráttarbrautir eru byggðar innan hafnanna, og þá sömu upphæð og hér er farið fram á, 60%, fyrir utan það, að þar leggur ríkið einnig 2/5 fram sem styrk til hafnanna eða óafturkræft framlag.

Mál þetta er komið frá Nd., og þar var samkomulag um afgreiðslu þess. Að vísu kom fram till. þar um að hækka heimildina upp í 75%, en þegar sú till. hafði komið fram, lét ég athuga málið nánar af hálfu Seðlabankans, og niðurstaða hans varð sú, að þetta mundi vera nægjanlegt mark, sem þarna væri sett, 60%, og það er í samræmi við hinar almennu ríkisábyrgðarheimildir fyrir frystihúsin. Bankinn átti viðræður við fyrirsvarsmann Félags ísl. dráttarbrauta um þetta, og hann féllst á það, að það mundi vera rétt metið af hálfu bankans og þyrfti ekki til þeirrar aðstoðar, sem ætlað er að veita, að veita yfirleitt meira en 60% heimild til ábyrgðar.

Ég vil leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 639).

Frsm. (Rafn A. Pétursson): Herra forseti. Mál þetta, sem um er að ræða, er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til byggingarframkvæmda dráttar- og skipasmíðastöðva.

N. hefur samþ. að mæla með samþykkt frv. Þrír nm., Gils Guðmundsson, Helgi Bergs og Hermann Jónasson, hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., ef fram kynnu að koma.

Í frv. segir í 1. gr.: „Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 30 millj. kr. samtals, samkv. nánari ákvörðun ríkisstj., þó ekki meira en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.“

Í aths. við frv. segir, að á s. l. ári hafi ríkisstj. haft forgöngu um að kanna fyrirætlanir og ráðagerðir um byggingu dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. Eins og kunnugt er, hefur hinn mikli vöxtur skipaflotans undanfarin ár leitt til þess, að stækka verður til muna þær dráttarbrautir, sem fyrir eru í landinu, til þess að geta sinnt viðgerðarþjónustu á fullnægjandi hátt.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir framkomu þessa frv. Þau fyrirheit, sem í því felast, eru ánægjuleg viðurkenning viðkomandi þeirri viðleitni íslenzkra skipasmiða og dráttarbrautaeigenda að vekja þann skilning þessu máli viðkomandi, sem þeim hefur þótt á skorta s. l. 20 ár. Hefði sá skilningur, sem hér um ræðir, verið fyrir hendi fyrir 20 árum, hefðu íslenzkar skipasmíðar og íslenzkur skipainnflutningur fallið í annan farveg en verið hefur.

Ég gæti með rökum bent á tugi eða hundruð millj., sem landið hefði getað sparað í erlendum gjaldeyri og hagnazt á á annan hátt, ef málum hefði verið fyrr á árum á annan hátt skipað hér, en það skal hér látið ógert. Því er þó ekki að leyna, að þessi iðnaður og þjónusta hefur átt í vök að verjast mörg undanfarin ár, og kemur þar margt til greina. Einna hæst ber samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar, lánsfjárskort, óhagstæða tollalöggjöf o. m. fl.

Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt frá því, sem það nú er, en ég tel það þó aðeins byrjunarlausn þessara mála, en ekki endanlega. Af þeim ástæðum langar mig til, fyrst ég stend hér á þessum stað, að koma með nokkrar ábendingar, sem ég tel að taka beri tillit til í náinni framtíð.

Ég vil leggja á það höfuðáherzlu, að lánið verði veitt samkv. framkvæmdaáætlun. Í þessari lánaframkvæmdaáætlun þarf að miða lánin við það, að kleift verði að byggja dráttarbrautir og aðstöðu til viðhaldsþjónustu og nýsmíði fiskiskipa í samræmi við nútímakröfur um tækni og vinnuhagræðingu og skapa skipaiðnaðinum eðlilega samkeppnisaðstöðu við erlenda framleiðslu. Stærð nýbygginga á dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum þarf að miðast við skip allt að 400 smálestir. Framkvæmdaáætlun þarf að miða að því, að ný uppbygging fullnægi heildarþörf í næstu framtíð, bæði hvað snertir viðhald og nýsmíði fiskiskipa. Stuðla þarf að skipulegri endurnýjun og aukningu skipaflotans með áætlanagerð og á þann hátt hagnýta að fullu þá innlendu smíðagetu, sem skapast með nýrri uppbyggingu á dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum og vaxandi fjölda verkþjálfaðra manna. Ekki teldist það óeðlilegt, að veitt yrði heimild til að greiða alla tolla af efni og vélum í nýskipasmíði með tryggingavíxlum, á meðan smíðin stendur yfir, enda er tollur greiddur til baka, þegar smíði er lokið. Enn fremur teldi ég það ekki óeðlilegt, að Seðlabankinn greiddi fyrir rekstrarlánum til smíði fiskiskipa innanlands með endurkaupum á víxlum, eins og um útflutningsframleiðslu væri að ræða, enda nýtur skipaiðnaðurinn engrar tollverndar.

Öll þessi atriði mynda þá heild, sem brýna nauðsyn ber til að koma í framkvæmd til þess að skapa eðlileg skilyrði fyrir íslenzkan skipasmíðaiðnað og viðgerðarþjónustu. Það má gera ráð fyrir því, að mjög fljótlega, eftir að skipulag er komið á þessi mál, getum við sjálfir annazt eðlilegt viðhald og eðlilega aukningu okkar eigin skipastóls. Þegar svo litið er til þeirrar staðreyndar, að eftir að við Íslendingar í mörg ár höfum hagnýtt fiskimið okkar og fiskistofna með óskynsamlegum veiðiaðferðum og verðum knúðir til að leggja niður þá villu að byggja útflutningsverðmæti okkar á magni, heldur snúum okkur að frekari verðmætasköpun hráefnisins hér innanlands, þá verður endurnýjun skipastólsins ekki eins ör og hún hefur verið undanfarin ár.

Ég hefði viljað hafa átt þess kost að ræða þessi mál á breiðari grundvelli, en ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar hér um, enda hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 691).

---

51. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum [179. mál] (stjfrv., A. 461).

Á 69. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ísland er, sem kunnugt er, aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og er hlutur Íslands í stofnfé sjóðsins 11¼ millj. dollara, en meginhlut-

verk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að veita þeim aðildarríkjum sínum, sem lenda í tímabundnum greiðslu- eða gjaldeyriserfiðleikum, hagkvæm yfirdráttarlán til þess að vinna bug á þessum tímabundnu erfiðleikum.

Á síðasta aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Tokyó í sept. s. l., var samþ. að auka stofnfé sjóðsins um 25%. Samkv. því á Ísland nú kost á því að auka hlutdeild sína í stofnfé sjóðsins úr 11¼ millj. dollara í 15 millj. dollara, og aukast þá að sjálfsögðu skilyrði Íslands, ef á þarf að halda, til þess að fá hina hagkvæmu aðstoð sjóðsins alveg tilsvarandi.

Ríkisstj. telur einsýnt, að það sé í samræmi við íslenzka hagsmuni að nota sér þá heimild, sem nú er fyrir hendi, til þess að auka hlutdeild sína í stofnfé sjóðsins úr þessum 11¼ millj. í 15 millj. dollara og þar með auka skilyrði sín til hinnar hagkvæmu aðstoðar hjá sjóðnum, ef á henni kynni að þurfa að halda síðar meir. Ef aukning hlutdeildar í stofnfé sjóðsins verður, gilda um það þær reglur, að aðeins 1/4 hluti þarf að greiðast, en hitt kemur fram sem reikningsinnstæða hjá Seðlabanka Íslands. En samkv. l. frá 1961 er Seðlabankinn fyrir hönd Íslands fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þannig að sá 1/4 af aukinni hlutdeild í stofnfé sjóðsins, sem greiða þyrfti, mundi ekki þurfa að greiðast úr ríkissjóði, heldur mundi Seðlabankinn leggja það fé fram.

Það er efni þessa frv. að heimila ríkisstj. að semja um slíka aukningu á hlutdeild Íslands í stofnfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og vona ég, að hv. alþm. séu um það sammála, að það sé í samræmi við augljósa hagsmuni Íslands, að ríkisstj. fái heimild til slíks samnings um þá auknu hlutdeild í stofnfé sjóðsins, sem mundi veita tilsvarandi möguleika á auknum yfirdrætti hjá sjóðnum, ef ríkisstj. telur á slíku þurfa að halda.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 461, n. 508).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um heimild ríkisstj. til handa til þess að auka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Slík aukning kvótans mundi ekki hafa kostnað í för með sér nema að formi til, en skapa hins vegar aukin réttindi til lántöku í sjóðnum, ef slíkrar lántöku kynni af öðrum ástæðum að vera þörf.

Fjhn. hefur haft málið til athugunar, og eins og nál. á þskj. 508 ber með sér, leggur hún einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. með shlj. atkv. hv. dm. og samkv. einróma meðmælum hv. fjhn. d. Efni frv. er það, að í því felst heimild fyrir ríkisstj. til þess að hækka hlutdeild sína í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 11¼ millj. dollara í 15 millj. dollara.

Svo sem kunnugt er, hefur Ísland verið aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá stofnun hans. En hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er m. a. fólgið í því að aðstoða aðildarríki, sem eiga í tímabundnum greiðsluörðugleikum, með því að veita þeim yfirdrátt með mjög hagkvæmum kjörum. En yfirdráttarheimild hvers aðildarríkis stendur í vissu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í stofnfé sjóðsins. Ísland hefur þegar notið mjög verulegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varðandi yfirdrátt, þegar það hefur þurft á honum að halda.

Á síðasta aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Tokyó á s. l. hausti, var samþ. almenn hækkun á hlutdeild aðildarríkjanna um 25%, þ. e. a. s. gefa aðildarríkjunum kost á að auka hlutdeild sína í sjóðnum um 1/4, og færi þá auðvitað réttur aðildarríkjanna til þess að njóta fyrirgreiðslu sjóðsins eftir því, þ. e. hækkaði í sama hlutfalli.

Ríkisstj. hefur talið rétt, að Ísland hækkaði aðild sína í sjóðnum til þess að eiga þar aukinn rétt, enda má búast við því, að næstum öll aðildarríkin geri slíkt hið sama. Samkv. l. frá 1961 um Seðlabanka Íslands var Seðlabankinn gerður fjárhagslegur aðili fyrir hönd Íslands að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Samkv. þeim l. mundi því Seðlabankinn verða að leggja fram það fé, sem aukning í hlutdeild Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mundi gera nauðsynlega, en þær reglur gilda, að hækkun hlutdeildarinnar þarf að greiðast að aðeins 1/4, hitt verður fært Seðlabankanum til skuldar í reikningum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En sem sagt, þennan 1/4 aukningarinnar, sem Ísland á að greiða, mundi Seðlabankinn samkv. l. um

hann inna af hendi, þannig að ríkið sjálft þarf enga greiðslu að inna af hendi.

Ég vona, að hv. Nd. sjái sér einnig fært, eins og hv. Ed., að afgreiða frv. nú á þessu þingi, þótt skammt sé orðið eftir af þingtímanum, og það takist að afgreiða málið samhljóða hér í þessari hv. d. eins og í Ed. Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 461, n. 668).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 712).

---

52. Náttúrurannsóknir.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 5., 8., 9. og 10. fundi í Nd., 22. og 29. okt., 2. og 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Flutningur þessa frv. er nátengdur flutningi frv. um endurskipulagningu íslenzkra rannsóknarmála, sem hv. d. vísaði til 2. umr. og n. í fyrradag. Ég skal fara fáeinum orðum um efni þess.

Árið 1940 var sett heildarlöggjöf um náttúrurannsóknir hér á landi, bæði undirstöðurannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Þegar þau lög voru sett, var engin stofnun til í landinu, sem annazt gæti undirstöðurannsóknir á náttúru Íslands og haft umsjón með þeim. Það var því eðlilegt, að Rannsóknaráði ríkisins væri falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun hefði átt að hafa með höndum, ef til hefði verið.

Í ársbyrjun 1947 var Náttúrugripasafnið hins vegar gert að ríkisstofnun, og jafnframt voru þá ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þeirri ráðstöfun var komið á fót opinberri stofnun, sem að sjálfsögðu ber eins og ríkissöfnum í öðrum löndum að annast um og hafa forustu um almennar rannsóknir eða undirstöðurannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landafræði. Þá hefði í raun og veru verið eðlilegast að endurskoða um leið lögin frá 1940 og breyta þeim í samræmi við breyttar aðstæður. Þetta var þó ekki gert og hefur ekki verið gert enn, þó að nú séu bráðum liðnir tveir áratugir frá því, að náttúrugripasafn tók til starfa sem ríkisstofnun. Fjórum árum síðar, eða 1951, voru sett sérstök lög um Náttúrugripasafn Íslands. Við undirbúning þeirrar lagasetningar kom í ljós, að erfitt mundi reynast að ákveða verkefni Náttúrugripasafnsins með skynsamlegum hætti, þar eð sum af sjálfsögðum hlutverkum þess voru þá þegar með lögum falin öðrum aðila, þ. e. Rannsóknaráði ríkisins. Var þá um það rætt að endurskoða lögin um náttúrurannsóknir frá 1940 og koma þannig á verkaskiptingu milli Rannsóknaráðs ríkisins og Náttúrugripasafns Íslands. Úr því varð þó ekki, og var frv. til l. um Náttúrugripasafn Íslands lagt fyrir Alþingi og síðan samþ., eftir að felld höfðu verið úr frv. ýmis ákvæði varðandi verkefni, sem ekki þótti fært, að falin væru bæði Náttúrugripasafninu og Rannsóknaráði. En ekki varð hjá því komizt, að hlutverk beggja þessara aðila, eins og þau eru nú ákveðin í lögum, væru að nokkru leyti hin sömu. Þetta frv. er flutt til þess að bæta úr þessum annmörkum.

Í frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem vísað hefur verið til n., er gert ráð fyrir því að fella úr gildi lögin frá 1940 og þar með einnig gildandi lagaákvæði um almennar náttúrurannsóknir. Samtímis því, að gerð yrði slík breyting á gildandi lagaákvæðum, var álitið nauðsynlegt að setja einnig ný lög um Náttúrugripasafn Íslands.

Helztu breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum, eru þessar:

Nafni Náttúrugripasafns Íslands er breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands. Verkefni stofnunarinnar er ekki fyrst og fremst að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands, og er því nafnið Náttúrufræðistofnun Íslands talið eðlilegra. Þá eru felld inn í frv. ýmis ákvæði úr l. frá 1940 um náttúrurannsóknir og gert ráð fyrir því, að Náttúrufræðistofnunin taki við verkefnum, sem áður voru í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins. Með þessu móti væru almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúrufræði-

stofnun Íslands og stofnuninni falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga.

Náttúrugripasafn Íslands hefur undanfarin ár að meira eða minna leyti annazt þessi verkefni samkv. ósk Rannsóknaráðs ríkisins. Í gildandi lögum um Náttúrugripasafnið er það talið fremst meðal aðalhlutverka safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að meginverkefni safnsins sé að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins, auk þess sem það á auðvitað áfram að safna náttúrugripum og varðveita þá.

Að svo mæltu legg ég til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 246).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á nokkrum síðustu missirum hefur það orðið Íslendingum ljóst í mjög ríkum mæli, að við lifum nú á nýrri öld vísinda og tækni. Það hefur orðið þeim mönnum ljóst, sem mest hugsa um þetta, að íslenzka þjóðin verður að fylgjast með á þessu sviði, ef hún vill öðlast lífskjör, sem bera má saman við það, sem bezt er annars staðar, og tryggja sér þá menntun og þá framleiðslu, sem þarf til þess, að framtíð þjóðarinnar sé í þeirri mynd, sem við helzt óskum. Það hefur orðið ljóst, að til þess að fylgjast með í vísindum og tækni, til þess að skapa á Íslandi sams konar þjóðfélag, sem er í bernsku annars staðar, verður að gera ný stórátök á tveimur höfuðsviðum, annars vegar á sviði skólamála og fræðslu, hins vegar á sviði vísindarannsókna. Mikið hefur verið um þetta rætt, og virðist svo sem flestir séu sammála hér á landi um það, að vísindarannsóknir verði að efla stórlega á næstu árum og tengja þær atvinnuvegum þjóðarinnar eins og framast er unnt, til þess að hafa af þeim sem mest raunhæft gagn, jafnframt því sem þær efla alla dáð nú eins og áður.

Undirstaða þeirra vísindagreina, sem mestum stökkbreytingum hafa tekið og mestu valda um þessa nýju byltingu, eru náttúruvísindin. Það er nú nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr fyrir hverja þjóð að þekkja land sitt eins vel og framast er unnt, að hafa gert þær rannsóknir, jarðfræðilegar og landfræðilegar, sem byggja má á örugga vitneskju um þróun landsins, um hagnýtt gildi þess og um þau efni, sem í því kunna að leynast. Á sama hátt er það nú nauðsynlegra en nokkru sinni að þekkja góð skil á dýrum, sem lifa í landinu, yfir því eða í sjónum í kringum það.

Á undanförnum áratugum hefur þjóðin átt marga mjög góða fræðimenn á þessu sviði og þeir hafa unnið miklar og verðmætar rannsóknir. Þeir hafa byggt upp meira af áhuga en getu í fyrstu náttúrugripasafn, sem hefur haft mikla þýðingu hér á undanförnum árum. Nú hefur það gerzt á síðustu árum, að nefndir hafa starfað til þess að gera tillögur um skipulag vísinda- og rannsóknamála íslenzku þjóðarinnar. Komið hafa fram frv. um rannsóknarmál, sem legið hafa fyrir Alþingi nú s. l. 3 ár. Jafnframt hefur fylgt frv. það, sem hér kemur til 2. umr., um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Undanfarin tvö þing hefur þetta frv. verið látið kyrrt liggja vegna þess, að hitt frv., um almennar vísindarannsóknir, komst ekki fram, en í raun og veru er það ástæðulaust, þó að skyldleiki sé með frv. Þetta frv. er sjálfstætt mál og mikilsvert mál og því engin ástæða til þess að tefja framgang þess.

Ég vil raunar bæta því við, að hitt frv. er í alvarlegri athugun í n. og í þeirri n. virðist ríkja mjög sterkur hugur á því, að þetta þing líði ekki svo, að það mál verði ekki einnig athugað. Í sambandi við bæði þessi mál er rétt, að hv. þm. geri sér það ljóst, að þetta eru frv., sem eru aðeins um skipulagsmál vísindarannsókna og náttúrufræða. Ef mönnum er alvara með að gera eitthvert átak á þessu sviði á næstu árum, boðar það ekki gott, ef Alþingi Íslendinga þarf að vera meira en þrjú þing að velta fyrir sér skipulaginu og silkihúfunum, sem á þessu sviði eru. Þess vegna verðum við nú að taka rögg á okkur og afgreiða þessi mál bæði.

Ég þarf ekki að fara frekari orðum um efni þessa frv. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Frv. er stutt og einfalt og talar sínu máli, og mér er ekki kunnugt um, að nokkrar deilur hafi verið uppi um efni þess. Það er búið að fá allmikla meðferð, bæði hjá atvinnumálanefnd ríkisins, sem samdi það á sínum tíma, og menntmrn. sendi það háskólanum, sem gerði nokkrar aths., en þó ekki veigamiklar, og var tekið tillit til þeirra, áður en frv. var lagt fram. Menntmn. mælir því einróma með því, að þetta frv. verði látið fram ganga og það verði upphaf að því, að betur verði búið að náttúrurannsóknum og þeirri nýju Náttúrufræðistofnun Íslands í framtíðinni heldur en hingað til, að okkur megi takast að öðlast meiri og betri vitneskju um land okkar og lífið í því, en ég hef fyrir því orð kunnugra, að við höfum heldur dregizt aftur úr í þeim efnum á undanförnum árum og þurfum að taka okkur verulega á til þess að geta sagt, að vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands séu á því stigi, sem þær þyrftu að vera.

Menntmn. mælir einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi aðeins láta í ljós þakklæti mitt til hv. menntmn. fyrir að hafa afgreitt þetta frv. shlj. og vona, að það hljóti einróma

samþykki hinnar hv. d. En jafnframt vildi ég láta í ljós sérstaka ósk mína um það, að n. starfi áfram að afgreiðslu hins málsins, sem hv. frsm. nefndi í ræðu sinni, frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og skili áliti til hv. d. svo tímanlega, að d. og Ed. á eftir vinnist tími til þess að afgreiða málið á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
5.—16. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. kemur frá hv. Nd. og hefur verið samþ. þar að einróma meðmælum hv. menntmn. og með samhljóða atkv.

Ég skal í örstuttu máli gera grein fyrir meginefni þessa frv. Flutningur þess stendur í nánu sambandi við flutning frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. En svo er mál með vexti, að 1940 var sett heildarlöggjöf um náttúrurannsóknir á Íslandi, bæði almennar eða undirstöðurannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Meginkafli þeirra l. fjallar um atvinnudeild háskólans og hagnýtu rannsóknirnar. En þegar þau lög voru sett 1940, var engin stofnun til í landinu, sem gat annazt eða haft umsjón með hinum almennu náttúrurannsóknum. Þess vegna var það ekki nema eðlilegt, að þá væri Rannsóknaráði ríkisins, sem komið var á fót með l. frá 1940, falið að hafa umsjón með hinum almennu náttúrurannsóknum. 7 árum síðar, eða 1947, var Náttúrugripasafnið hins vegar gert að ríkisstofnun, og jafnframt voru þá ráðnir að Náttúrugripasafninu nokkrir fastir ríkisstarfsmenn. Með lagasetningunni 1947 var þannig komið á fót opinberri stofnun, sem eins og öðrum ríkisstofnunum að sjálfsögðu ber að hafa forustu um almennar rannsóknir á sínu sviði, þ. e. á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landafræði. Í framhaldi af þeirri lagasetningu 1947 hefði verið eðlilegt að breyta löggjöfinni frá 1940 og fela hinni nýju ríkisstofnun, Náttúrugripasafninu, umsjón með almennum náttúrurannsóknum í landinu. Þetta var þó látið undir höfuð leggjast og gömlu l. frá 1940 látin haldast.

Nú hefur verið lengi á döfinni endurskoðun á l. frá 1940 um atvinnudeild háskólans og rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og hefur nú fyrir undanförnum tveim þingum legið frv. um gagngera endurskipulagningu á rannsóknum í þágu atvinnuveganna. Í því sambandi hefur verið talið eðlilegt að gera þá breytingu á löggjöfinni um Náttúrugripasafnið, sem í sjálfu sér hefði verið eðlilegt að gera, þegar það varð ríkisstofnun og lög voru sett um þá stofnun. Rannsóknaráð ríkisins, sem skipað hefur verið samkv. l. frá 1940, hefur haft með höndum að forminu til eftirlit með almennum náttúrurannsóknum í landinu, en í reynd hefur það leitað samvinnu við sérfræðinga Náttúrugripasafnsins um framkvæmd þessa verkefnis. Þess vegna hefur þótt eðlilegt, að um leið og löggjöfin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna væri endurskoðuð, væri líka endurskoðuð löggjöfin um Náttúrugripasafn Íslands og þá m. a. þeirri stofnun falið það almenna eftirlit með náttúrurannsóknum, sem nú er samkv. l. í höndum Rannsóknaráðs, en í reynd er að mestu leyti í höndum sérfræðinga Náttúrugripasafns Íslands.

Meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það, að nafninu er breytt úr Náttúrugripasafni Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands, enda veldur núverandi nafn stofnunarinnar nokkrum misskilningi. Af því mætti draga þá ályktun, að aðalverkefni stofnunarinnar væri að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Hins vegar er verkefni stofnunarinnar fyrst og fremst að gera vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, og þess vegna hefur verið talið eðlilegra, að nafn stofnunarinnar væri Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þá eru felld inn í þetta frv. ýmis ákvæði úr l. frá 1940 um náttúrurannsóknir, sem ég gerði að umtalsefni áðan og lúta að almennu eftirliti með eða almennri forustu um rannsóknir á náttúru Íslands. Því er þó haldið sem verkefni Náttúrufræðistofnunarinnar að safna náttúrugripum og varðveita þá og hafa þá til sýnis fyrir almenning.

Þetta er meginefni þessa frv., og ég vona, að svo fari hér í hv. Ed. eins og í hv. Nd., að menn verði sammála um, að ástæða sé til þess að gera þær breytingar á l., sem hér er lagt til, og vona ég, að frv. fái greiða göngu gegnum þessa hv. d. Ég vil enn fremur láta þess getið, að menntmn. Nd. vinnur nú að afgreiðslu frv. um almennar náttúrurannsóknir, og tel ég mega segja, að vonir standi til þess, að n. afgreiði málið innan fárra daga, þannig að framgangur þess verði einnig tryggður á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir, hefur þetta frv. þegar gengið í gegnum Nd. og verið samþ. þar ágreiningslaust. Það er í sjálfu sér ekki ágreiningur um þetta frv., og ég vil láta í ljós þá skoðun af minni hálfu, að þetta frv. sé til

bóta frá þeirri löggjöf, sem nú er, og það sé eðlileg sú breytta skipan, sem í því felst, og það sé eðlileg sú stjórnarskipun, sem gerð er á þessari stofnun. Ég er þess vegna þessu frv. út af fyrir sig meðmæltur.

En það, sem ég vil benda á í sambandi við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d., er það atriði, sem ég sakna í þessu frv., og það atriði er, að það skuli ekki vera að neinu leyti gert ráð fyrir neinum tengslum milli þessarar Náttúrufræðistofnunar og háskólans, og ég sakna þess alveg sérstaklega, þegar horfið hefur verið að því ráði að endurskoða þessa löggjöf og breyta henni til þess betra horfs þó, sem nú hefur verið gert, að það skuli ekki hafa verið athugað gaumgæfilega, hvort ekki væri ástæða til þess að tengja þessa stofnun háskólanum með sérstökum hætti og þá um leið taka upp kennslu í þeim greinum, sem þessari stofnun er sérstaklega ætlað að fjalla um, náttúruvísindum, en á því tel ég mikla þörf. Og ég álít raunar, að það hljóti að koma til þess fyrr en seinna, að það verði við háskólann tekin upp kennsla í þeim greinum, og þá er vitaskuld sjálfsagt, að sú kennsla hlýtur að fara fram að öllu verulegu leyti á vegum eða í sambandi við þessa Náttúrufræðistofnun, eða ég fæ ekki annað skilið. Þess vegna hefði mér fundizt eðlilegt, að það hefði nú strax verið horfið að því ráði að tengja þessa stofnun háskólanum og vinda að því bráðan bug að setja upp vísi að kennslu í þessum greinum. En eins og ég sagði, álít ég af mörgum ástæðum, að á því sé mikil þörf. Stúdentafjöldinn fer hér á landi, eins og annars staðar, mjög ört vaxandi, eins og öllum er kunnugt. Og stúdentafjöldinn við Háskóla Íslands fer mjög vaxandi. Það er t. d. talið, að á s. l. 5 árum hafi stúdentum innrituðum í háskólann fjölgað um 26%. Það hefur verið gerð áætlun um það, hvernig stúdentafjöldinn við Háskóla Íslands, stúdentar innritaðir við Háskóla Íslands, mundi að öllu óbreyttu verða að um það bil 20 árum liðnum, 1983, og það er gert ráð fyrir því, að stúdentafjöldinn, sem er í dag við Háskóla Íslands, 950, verði þrefaldaður að þeim tíma liðnum, 1983. En þá er ekki sérstaklega höfð í huga sú breyting, sem þarf að verða á og nauðsynlega þarf að verða á, sem sé sú að taka upp fleiri kennslugreinar við háskólann, en á því er brýn nauðsyn, bæði til þess að létta að nokkru leyti aðsókn að þeim deildum, sem þegar eru þar fyrir, svo og vegna þess, að þörfin fyrir menntaða menn í ýmsum fleiri greinum kallar að. Og ég sé það einmitt, að í sambandi við þetta frv., sem lagt hefur verið á sínum tíma fyrir háskólaráð, hefur háskólarektor einmitt í sambandi við háskólaráð vakið alveg sérstaka athygli á þessu atriði, og hann segir þar, með leyfi forseta:

„Hins vegar er fullt efni til að minnast hér á þá höfuðþörf, sem á því er að koma á stofn kennslu í náttúruvísindum við Háskóla Íslands. Þegar til slíkrar kennslu verður stofnað, þarf að nýju að endurskoða stöðu safnsins og tengsl þess við háskólann."

Ég vildi aðeins leyfa mér, einmitt í sambandi við þetta mál, að vekja athygli á þessu. Ég geri ráð fyrir því, að úr því sem komið er séu ekki tök á því í sambandi við meðferð þessa máls á þessu þingi að taka upp þvílíka breytingu á því, en þó vil ég nota þetta tækifæri til þess a. m. k. að gefa hæstv. menntmrh. tækifæri til þess að skýra frá því, að ráðagerðir eru uppi í því efni, að hverfa að kennslu í þessum greinum mjög bráðlega. Ef það er meiningin, er auðvitað hægurinn hjá að breyta þessu frv. í samræmi við það. En ég verð að lýsa því sem minni skoðun, að ég hefði talið það eðlilegra og myndarlega í sambandi við þessa lagaendurskoðun, sem hér hefur farið fram, að sporið væri stigið til fulls og gert væri um leið ráð fyrir vísi að kennslu við háskólann í þessum greinum, sem þetta frv. fjallar sérstaklega um.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi ég segja þetta:

Ég er honum algerlega sammála um nauðsyn þess að taka sem fyrst upp kennslu í náttúrufræðum við Háskóla Íslands. Hins vegar tel ég það ekki tímabært að taka um það formlega lagaákvörðun í sambandi við þær skipulagsbreytingar, sem nú er rætt um að gera á skipan íslenzkra rannsóknarmála. Í því sambandi vil ég taka fram, að sú skoðun er í fullu samræmi við skoðun háskólans og Rannsóknaráðs ríkisins og forstöðumanna Náttúrugripasafns Íslands.

Þetta frv. er flutt samkv. ósk forstöðumanna Náttúrugripasafnsins og í samráði við háskólann og Rannsóknaráð ríkisins. Við teljum á þessu stigi eða nú í ár ekki æskilegt né nauðsynlegt að gera aðrar breytingar á gildandi l. en þær, sem felast í þessu frv., og er það algerlega óháð þeirri sameiginlegu skoðun þessara aðila, sem einnig er skoðun mín, að æskilegt sé hið fyrsta að taka upp kennslu í náttúruvísindum og náttúrufræðum við Háskóla Íslands. Ástæða þess, að við teljum ekki æskilegt né nauðsynlegt að kveða á um slíka kennslu í sambandi við þá endurskipulagningu Náttúrugripasafnsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er sú, að varðandi háskólann eru á döfinni aðrar fyrirætlanir um eflingu og aukningu hans, sem taldar eru meira aðkallandi en að hefja þar kennslu í náttúrufræðum. Fyrst og fremst er þar þess að geta, að verið er að koma á fót eðlisfræðistofnun við háskólann, og það er ósk háskólans sjálfs, að allt kapp sé á það lagt, að eðlisfræðistofnunin taki sem allra fyrst til fullra starfa, og fyrir því er fullur vilji af hálfu ríkisstj. að stuðla að því, að svo geti orðið. Þetta er sú rannsóknarstofnun á vegum háskólans, sem allir eru sammála um, að æskilegast sé, að sem fyrst geti tekið til starfa.

Að því er snertir kennsluverkefni háskólans, er um að ræða tvö verkefni, sem háskólinn sjálfur og ríkisstj. telur eðlilegt að leggja megináherzlu á. Annað er að taka innan há-

skólans upp háskólamenntun fyrir framhaldsskólakennara innan heimspekideildar. Um það hafa þegar verið gerðar mjög ýtarlegar áætlanir af hálfu heimspekideildar og háskólaráðs, og vona ég, að þær áætlanir geti komið til framkvæmda innan skamms, og á þeim tel ég raunar vera brýna nauðsyn vegna framhaldsskólanna og íslenzkra skólamála yfir höfuð að tala. En ef þær áætlanir koma til framkvæmda, mun verða fyrir því séð, að íslenzkir framhaldsskólakennarar eigi kost á háskólamenntun hér á Íslandi innan veggja Háskóla Íslands. Þá hefur og af hálfu háskólans verið lögð á það mikil áherzla, að sem fyrst verði unnt að taka upp kennslu til síðari hluta í verkfræði, þ. e. í byggingarverkfræði, og tel ég fyrir mitt leyti mjög æskilegt, að af því geti orðið sem fyrst, og að athugunum á því máli er einnig unnið.

Þetta er hvort tveggja verkefni, sem mér skilst, að allir, sem um hafi fjallað, séu sammála um, að eigi að hafa forgang fram yfir það að taka hér upp kennslu í almennum náttúrufræðum. En þegar þessum verkefnum hefur verið tryggður framgangur, tel ég fyrir mitt leyti tíma vera kominn til þess að hefja alvarlegan undirbúning að því, að hér sé tekin upp háskólakennsla í náttúrufræðum, og þá mundi það að sjálfsögðu gerast á þann hátt, sem hv. þm. einmitt gat um í sinni ræðu, að tengja Náttúrufræðistofnun Íslands háskólanum sem sérstaka rannsóknardeild, sem þá jafnframt yrði kennsludeild. Það er enginn ágreiningur milli okkar hv. 3. þm. Norðurl. v. um það, að að því ber að stefna, að upp verði tekin við Háskóla Íslands kennsla í náttúrufræðum, og ég vona, að milli okkar sé heldur enginn ágreiningur um það, að þótt önnur verkefni séu talin enn brýnni og þess vegna sé lagt kapp á það að hrinda þeim í framkvæmd á allra næstu árum, komi að því innan tiltölulega skamms tíma, að starfssvið háskólans verði einnig víkkað út og eflt að því leyti, að þar verði tekin upp kennsla í íslenzkum náttúrufræðum og þá einmitt á þann hátt, sem hann gat um í sinni ræðu, að sú Náttúrufræðistofnun Íslands, sem nú verður komið á fót, ef þetta frv. verður að l., yrði gerð að háskóladeild *og þá jafnframt að kennsludeild.*

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins ein aths. og þó ekki aths. Hæstv. ráðh. vék að þeim tveim meginverkefnum, sem mest væru talin aðkallandi, og ég efast ekki um, að það sé svo í raun og veru og það muni vera vilji ráðamanna háskólans, að unnið sé að því, að þeim verkefnum verði sem allra fyrst sinnt. En það var einmitt annað af þessum tveim höfuðverkefnum, sem ég hafði sérstaklega í huga, þegar ég vék að þessu hér áðan, sem sé menntun framhaldsskólakennara. Ég hef haldið, að það, sem þar vantaði m. a., væri nám fyrir kennara við framhaldsskóla í þessum greinum, sem hér er um að tefla, og það held ég, að hljóti að verða tekið upp einmitt í sambandi við þá framhaldsskólamenntun kennara, sem ráðgerð er í háskólanum. Og þá er það, a. m. k. frá mínu sjónarmiði fljótt á litið, eðlilegast, að sú kennsla sé tengd þessum stofnunum að einhverju leyti, því að mér kemur varla annað til hugar en að þeir sérfræðingar, sem starfa við þessar deildir og þær stofnanir, sem þarna er um að tefla, verði aðalkennarar einmitt í þessum fræðum varðandi framhaldsmenntun kennara, dýrafræði og landafræði o. s. frv. Þess vegna held ég, að það hljóti raunar að koma að því mjög bráðlega, að það verði tekin upp kennsla í þessum fræðum, einmitt af þessari ástæðu, að það vantar menntun fyrir kennara í þeim, og þess vegna hefði mér þótt ekki óeðlilegt, að það hefði strax verið horfið að því að gera ráð fyrir því, að stofnunin tengdist háskólanum í einhverri mynd.

Það má vel vera, að einhverjir hafi um þetta aðrar hugmyndir, og ég heyrði, að hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því, að slík framhaldskennaramenntun yrði tengd heimspekideild eða þeirri deild, sem annast kennslu í norrænum fræðum. Ég veit ekki, hvort það er nægilega athugað, hvort það eru endilega ástæður til þess að tengja það allt þeirri deild, hvort það gæti ekki allt eins verið eðlilegt að leggja grundvöll einmitt að náttúrufræðideild, náttúruvísindadeild, sem hefði með höndum menntun þeirra kennara, sem ætla að fást við að kenna þessi fræði við framhaldsskóla, menntaskóla og gagnfræðaskóla og aðra þá framhaldsskóla, sem hér er um að tefla. — Það var aðeins þessi aths., sem ég vildi koma á framfæri.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra, að það er enginn grundvallarskoðanamunur milli okkar hv. 3. þm. Norðurl. v. um þá meginstefnu, sem fylgja eigi í þeim málum, sem hér er um að ræða. En ég vildi aðeins bæta einu atriði við það, sem ég sagði áðan um þetta efni, þar eð mér því miður láðist að segja þar söguna alveg alla og það gæti valdið nokkrum misskilningi.

Þegar ég lét þess getið, að ætlazt væri til þess, að háskólamenntun framhaldsskólakennara yrði á vegum heimspekideildar háskólans, á það við framhaldsmenntun kennara í hugvísindagreinum. En ég hefði átt að láta þess getið, að það er tilætlun háskólans og gert í fullu samráði við menntmrn., að framhaldsmenntun kennara í raunvísindagreinum verði á vegum verkfræðideildar. Ástæða þess, að ég gat einungis um hlut heimspekideildar í þessum efnum, er sú, að hennar till. eru þegar fullsamdar, en verkfræðideildin hefur ekki enn lokið sinni tillögugerð um málið. Og ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt í því formi, sem það er nú, og ekki gert ráð fyrir að sameina Náttúrufræðistofnun háskólanum sem kennsludeild, er sú, að ætlunin hefur verið að gera slíkt ekki fyrr en tekin væri upp kennsla í almennum náttúruvísindum við háskólann. Sú

kennsla, sem þar er talin nauðsynleg í sambandi við menntun framhaldsskólakennara, er með góðu móti talin geta farið fram á vegum verkfræðideildar og ekki þörf á að koma upp sérstakri náttúrufræðideild við háskólann til þess að sjá framhaldsskólakennurum fyrir menntun í sínum kennslugreinum. Þess vegna er til þess ætlazt, að sú menntun fari fram á vegum verkfræðideildar. Vona ég, að þessar upplýsingar nægi til þess að skýra það mál, sem hv. þm. vék að í síðustu ræðu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 544).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar alllengi. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 544, sendi n. háskólanum og Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi frv. til umsagnar. Hafa þær umsagnir borizt, og einnig hefur n. borizt erindi frá stjórn Náttúrugripasafnsins.

Því er ekki að leyna, að nokkuð hefur borið á milli í umsögnum þessara aðila og erindum, og hefur það m. a. leitt til þess, að þess hefur verið óskað af einstökum nm. að fá svigrúm til þess að kynna sér til hlítar umsagnirnar og fá tíma til þess að athuga vel málið og rækilega, áður en það yrði afgreitt í n. Hins vegar er orðið það áliðið þingtímans, að n. varð sammála um að mæla með frv. við 2. umr. málsins til þess að þoka því áleiðis, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. við 3. umr. Og eins og fram kemur í nál., mun nefndin hafa málið áfram til frekari athugunar milli umr.

Sé ég ekki á þessu stigi ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 78. og 79. fundi í Ed., 3. og 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 8, 615, 626).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls, hefur menntmn. haft frv. til frekari athugunar milli 2. og 3. umr., en einstakir nm. áskildu sér, þegar málið var afgr. úr n. til 2. umr., rétt til að flytja brtt. við 3. umr. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Í nál. kom það fram, að menntmn. sendi frv. m. a. til umsagnar Háskóla Íslands, og vegna þess að menn töldu sig þurfa að hafa aðstöðu til að kynna sér enn nánar ábendingar og till. háskólans, var málið afgr. úr n. til 2. umr. með þeim áskilnaði, sem ég áður nefndi, einstakra nm. til að flytja brtt. eða fylgja þeim, sem fram kynnu að koma.

Það er rétt, að það komi hér fram, að í umsögn háskólans kemur fram sú skoðun, að heppilegast væri að bíða með afgreiðslu þessa frv., og ég held, að það sé rétt, að ég lesi orðrétt það, sem segir í umsögn háskólans um það atriði, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ekki ráð fyrir neinu sambandi við háskólann og alls ekki vikið að þessu mikilvæga atriði í grg. þess. Með frv. eru veigamiklar undirstöðurannsóknir lagðar til stofnunar utan háskólans. Er það ekki í samræmi við umr. á raunvísindaráðstefnu, sem boðað var til 1961 að frumkvæði menntmrh., en sú ráðstefna taldi eðlilegt, að undirstöðurannsóknir yrðu sem mest faldar háskólanum, og er það einnig sú vísindastefna, sem mörkuð hefur verið af hálfu háskólans. Nýsamdar till. um náttúrufræðikennslu við háskólann til BA-prófa og tilkoma Raunvísindastofnunar háskólans hafa og ásamt öðru breytt aðstöðunni verulega frá ársbyrjun 1961, er háskólaráð fjallaði um drög til ofangreinds frv., og hefur sú þróun leitt til þess, að enn brýnni þörf er á því nú en þá, að heildarlög verði sett hér á landi um undirstöðurannsóknir almennt, svo sem segir í bréfi háskólarektors frá 12. jan. 1961, er fylgir grg. með frv., og mundu lög um náttúrurannsóknir verða einn þáttur þeirra, eins og þar segir. Af hendi háskólans mun næstu daga verða stofnað til samningar á lagafrv., sem varðar Raunvísindastofnun háskólans og raunvísindadeild, og er eðlilegt, að þá fari fram allsherjarathugun á því, hvernig undirstöðurannsóknum verði í heild sinni skipað á hagfelldastan hátt. Væri heppilegast, að beðið væri með afgreiðslu ofangreinds lagafrv., unz þessari athugun er lokið, enda verður það vitaskuld einn þáttur þeirrar athugunar að kanna, hvernig hyggilegt er að haga tengslum milli náttúrugripasafns og háskólans til frambúðar."

Þó að ég skuli ekki hér gera tilraun til þess að vefengja einstök atriði, sem fram koma í umsögn háskólans um þetta atriði, vil ég láta það koma fram, að nefndin taldi ekki rétt að hefta framgang frv., í fyrsta lagi með tilliti til þess, að frv. er í aðalatriðum staðfesting á þeirri skipan þessara mála, sem er í dag og eins og þau hafa þróazt á undanförnum árum, og í öðru lagi er það með hliðsjón af því, að þegar sú athugun og lagasetning fer fram, sem um ræðir í umsögn háskólans, hlýtur eðlilega að verða endurskoðuð löggjöfin um náttúrufræðistofnun og samræmd eða felld inn í slíka heildarlöggjöf, en nefndin taldi, að undirbúningur slíks máls og lagasetning hlyti óhjákvæmilega að taka alllangan tíma.

Háskólinn bendir þá á tiltekin atriði í frv., sem hann teldi æskilegt að breyta, ef af því yrði, að það yrði afgreitt sem lög nú á þessu þingi. Menntmn. hefur tekið upp og flytur hér eina af þeim brtt., og hún kemur fram á þskj. 615, þar sem lagt er til, að 4. gr. frv. falli niður. Þar sem í umsögn háskólans er rætt um 4. gr. og bent á, að hana mætti og væri reyndar æskilegt að fella niður, er til þess vitnað, að þeir, sem njóta opinbers styrks eða fyrirgreiðslu til almennra rannsókna á náttúru Íslands, þurfi að láta í té skýrslu um störf sín, þegar þeir senda inn umsókn um styrki, og segir, að það virðist vera nægileg skýrslugerð í þessu sambandi, og einnig megi hafa það í huga, að niðurstöður rannsóknanna komi yfirleitt fram í formi rita eða tímaritsgreina, og bent um leið á, að Rannsóknaráð virðist hafa litið þannig á, því að samhljóða ákvæði, sem nú er í 6. gr. laga frá 1940, hafi aldrei, svo að vitað sé, verið framfylgt. Þá segja þeir háskólamenn, að vísindalegar rannsóknir séu störf, sem engum sé ljúft að vinna undir lagaskyldu um samvinnu við aðila, sem geti verið allfjarskyldir, þó að hins vegar vísindamenn stofni iðulega til samstarfs af frjálsum vilja, þegar það á við, og fari mjög í vöxt slík samvinna, eftir því sem rannsóknarleiðum fjölgi.

Að þessu athuguðu varð það niðurstaðan í nefndinni að flytja brtt. í þá átt, að 4. gr. frv. félli niður.

Í umsögn háskólans er bent á fleiri breytingar, en menntmn. hefur ekki í heild tekið upp aðrar af þeim till. til flutnings hér á hv. Alþ. Hins vegar áskildu menn sér, eins og áður segir, rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma, og ég sé, að hv. 10. þm. Reykv. (ÓB) hefur tekið upp brtt. þær, sem háskólinn hefur lagt til við 5. gr. frv. Nú get ég að sjálfsögðu ekki lýst yfir afstöðu minna meðnm. annarra til þeirra brtt., þar sem einstakir menn hafa áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, þótt að vísu megi e. t. v. gefa nokkra vísbendingu um þeirra afstöðu það, að þeir eru ekki meðflm. að þessum till., en hvað sjálfa mig snertir vil ég þegar segja það, að ég treysti mér vart til að greiða þeim brtt. atkv. Ef þær verða samþykktar, mundi það jafngilda mjög verulegri breytingu á efni frv., og ástæður get ég einnig tilgreint, hvað mig áhrærir, nokkuð þær sömu og fyrir því voru, að ég taldi ekki heldur rétt að hefta framgang málsins, sem sé að hér er verið að staðfesta það, sem á er komið í þessum efnum, og þá eðlilegt, að það yrði tekið upp síðar til endurskoðunar.

Loks er þess að geta, að frv. hefur komið óbreytt frá hv. Nd. og breyt., svo veruleg sem þarna kynni að verða um að ræða, gæti e. t. v. orðið til þess, að tvísýnt yrði um afgreiðslu frumvarpsins á þessu þingi. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara orðum um þessa brtt., því að hv. flm. mun að sjálfsögðu gera það sjálfur.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 626 við það frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm., sendi háskólaráð menntmn. Ed. álitsgerð um frv. þetta. Var þar óskað eftir því, að ekki yrði að svo stöddu sett slík löggjöf um náttúrurannsóknir, og færð fyrir því þau rök, sem fram komu í ræðu hv. frsm., svo að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau.

Forstöðumenn Náttúrugripasafnsins hafa hins vegar lagt á það ríka áherzlu, að löggjöf af þessu tagi yrði sett, til þess að stofnunin fengi eðlilegan starfsgrundvöll að þeirra áliti.

Ég hef ekki séð mér fært að leggjast gegn því í sjálfu sér með tilliti til þessa, að þessi löggjöf næði fram að ganga. En í grg. háskólans var það tekið fram, að ef frá slíkri löggjöf ætti að ganga, þá væri það þrennt, sem háskólinn óskaði eftir, að breytt yrði. Í fyrsta lagi nafn stofnunarinnar, að það yrði óbreytt frá því, sem nú er, og héti stofnunin Náttúrugripasafn. Í öðru lagi, að til samræmis við það yrði breytt 5. gr. frv., sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar, þannig að þar yrði tekið fram, að aðalverkefni stofnunarinnar væri náttúrugripasafnið, en náttúrurannsóknirnar kæmu þar í annað sæti. Í þriðja lagi var lögð áherzla á það, að 4. gr. frv. félli niður, en efni hennar er að skylda þá, sem við náttúrurannsóknir fást, hverjir sem þeir eru, til að hafa samráð við Náttúrufræðistofnunina, eins og nánar er tiltekið í gr. Um það hefur náðst samkomulag við forstöðumenn Náttúrugripasafnsins, sem undirbjuggu þessa löggjöf, að þessi gr. félli niður. Eins og fram kom hjá hv. frsm., flytur menntmn. sameiginlega till. um það. Þetta telur háskólinn að vísu til bóta, en þó ekki fullnægjandi.

Þær brtt., sem ég flyt hér, ganga þó ekki svo langt að breyta nafni stofnunarinnar þannig, að það verði áfram Náttúrugripasafn. Hins vegar hef ég tekið upp tillögur háskólaráðs um hlutverk stofnunarinnar, þannig að lögð sé megináherzla á það, að hlutverk stofnunarinnar sé að koma á fót náttúrugripasafni, og nánar skilgreint, hvaða skyldum safnið skuli leggja áherzlu á að fullnægja. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að safnið annist náttúrurannsóknir, en þeim er þó nokkru þrengri stakkur sniðinn en í hinu upphaflega frv.

Ég tel rétt, að það komi fram í þessu sambandi, að af Happdrætti háskólans hefur verið varið allmiklu fé til Náttúrugripasafnsins, en happdrættisféð hefur, eins og tilætlun hv. Alþingis var á sínum tíma, þegar til þess var stofnað, runnið fyrst og fremst til þarfa háskólans. Háskólinn telur sig því hafa siðferðilegan rétt til þess að hafa nokkur áhrif á það, hvert sé starfssvið þeirrar stofnunar, sem hann hefur þannig aðallega lagt fram fé til, að komið yrði á fót, og í samræmi við þessar óskir háskólans, sem ég tel sanngjarnt, að orðið sé við, þá hef ég flutt þessar brtt. En

hitt er rétt, sem fram kom hjá hv. frsm., að um þessi atriði er ekki samkomulag við þá, sem unnu að undirbúningi þessa frv., þannig að hver einstakur hv. þdm. verður þá að vega það og meta, hvort hann vill í þessu efni frekar gera til hæfis háskólanum eða Náttúrugripasafninu eða forstöðumönnum þess.

ATKVGR.
Brtt. 615 samþ. með 14:1 atkv.
— 626 samþ. með 9:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 653).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var afgr. í þessari hv. d. með shlj. atkv. samkv. einróma meðmælum hv. menntmn. d. Hv. menntmn. Ed. mælti einnig einróma með frv. og gerði við það eina brtt. um að fella niður 4. gr. upphaflega frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er öllum þeim, er njóta opinbers styrks eða fyrirgreiðslu til almennra rannsókna á náttúru Íslands, að hafa samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og láta henni árlega í té skýrslur um rannsóknirnar."

Menntmn. Ed. lagði til, að þessi gr. yrði felld niður, þar eð ástæðulaust væri að skylda alla til þess að gefa skýrslur til Náttúrufræðistofnunarinnar um starfsemi sína. Þessi brtt. menntmn. Ed. var gerð í samráði við menntmn. Nd. og mig, þannig að segja má, að eins og frv. var afgr. við 2. umr. í hv. Ed., hafi verið alger samstaða um málið. En svo gerist það við umr. í hv. Ed. í gær, að einn hv. þm., 10. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, flytur brtt. við 5. gr., sem fjallar um annað orðalag um verkefni stofnunarinnar. Menntmn. Ed. hafði ekki viljað fallast á þessa brtt. Þess vegna flutti þm. þær einn, og svo fór, að þær voru samþ. í hv. Ed. En þessar brtt. eru mjög gagnrýndar — eða orðalag þeirra — af forstöðumönnum og starfsmönnum Náttúrugripasafnsins, og þess vegna vil ég leyfa mér að flytja brtt. um það að breyta 5. gr., sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar, í upphaflegt horf, og yrði þá 5. gr. eins og menntmn. beggja d. höfðu samþ. samhljóða, að 5. gr. skyldi vera, en það er 4. gr. núna. Við hv. 10. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, höfðum samráð um þetta í gærkvöld, og tjáði hann mér, að ef Nd. héldi fast við sína skoðun á orðalagi upphaflegu 5. gr., núverandi 4. gr., um verkefni stofnunarinnar, þ. e. endurtæki einróma samþykkt sína á upphaflegu orðalagi þessarar gr., þá mundi hann ekki endurflytja brtt. sínar í Ed., þannig að þá ætti frv. víst shlj. samþykki Ed.

Það er alveg nauðsynlegt, að þetta frv. verði afgr. á þessu þingi, vegna þess að samkomulag er orðið um það í hv. Ed. að afgreiða frv. um rannsóknarmálin, en þessi frv. eru nátengd hvort öðru. Verði rannsóknarmálafrv. afgreitt, er skipulag málanna gallað, nema því aðeins að ákvæði þessa frv. fái lagagildi líka. Þess vegna vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. um þetta efni. Ég hef haft samráð um flutning till. við þá af menntmn.-mönnum Nd., sem ég hef náð til nú í byrjun fundar, og hafa þeir allir lýst sig samþykka flutningi till., enda ekki um annað að ræða en að breyta einni frvgr. í það horf, sem þessi hv. d. hafði áður samþ. shlj. (Gripið fram í.) Ég skal lesa upp báðar gr., eins og frv. er núna. Breyt., sem samþ. var í Ed., er þannig, að verkefni stofnunarinnar eru þessi:

„a) Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa, varðveita það og skipuleggja til afnota fyrir vísindamenn á þeim sviðum, sem safnið nær til. b) Að koma upp sýningarsafni, er sé opið fyrir skóla og almenning. Skal safn þetta miðað við það að vera liður í náttúrufræðikennslu skólanna og auk þess stefna að því að glæða áhuga og skilning almennings á náttúrunni. c) Að vinna að rannsóknum og skipulagningu almennra rannsókna á náttúru Íslands, einkum að því er snertir meiri háttar verk, þar sem samvinna við aðrar stofnanir og einstaklinga er æskileg eða nauðsynleg, svo sem kerfisbundin úrvinnsla úr efnivið safnsins, efling safnsins að vísindalegum efnivið, náttúrufræðileg kortagerð og skyld verkefni."

Segja má, að hér sé ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða, og þó er að því leyti efnismunur á þessu, að í upphaflega frv. er gert ráð fyrir því sem aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla. Þetta var talið aðalverkefni stofnunarinnar í upphaflega frv., eins og n. beggja d. mæltu með að þetta yrði. Samkv. brtt. er það gert að aðalverkefni Náttúrufræðistofnunarinnar að koma upp safni, að vera safn, og verður varla á móti því borið, að samhliða því sem nafni stofnunarinnar er breytt úr Náttúrugripasafni í Náttúrufræðistofnun, einmitt vegna þess að meiningin er, að Náttúrufræðistofnunin sé fyrst og fremst vísindaleg rannsóknarstofnun á náttúru Íslands, þá er óneitanlega óeðlilegt að telja það fyrst í verkefnum þessarar stofnunar, að það skuli vera safn, einkum og sér í lagi ætlað að vera safn til leiðbeiningar við kennslu í skólum, t. d. í gagnfræðaskólum. Ég tel því tvímælalaust rétt að breyta frv. í upphaflegt horf og vona, að hv. Nd. standi við fyrri skoðanir sínar í þessu efni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 669) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðeins að fara fram á það, hvort ekki mætti

fresta þessu máli, þangað til dálítið síðar á þessum fundi, svo að mönnum gæfist aðeins meira tóm til þess að athuga málið. Ég vænti, að það sé hægt að afgreiða það eigi að síður í dag, þó að því yrði frestað þangað til nokkru síðar á þessum fundi, umr. ekki lokið, svo að menn gætu borið svolítið betur saman ráð sín.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Fljótt á litið verður ekki séð, að þetta hafi mikla efnisþýðingu. En þó eru hér augljós ágreiningsatriði á bak við. Úr því að forstöðumenn safnsins eru mjög á móti breytingunni, er þá ekki eðlilegast, að menntmn. d. athugi málið til morguns. Þetta getur ekki tekið mikinn tíma hvort eð er í umr. hér, en mér finnst eðlilegt, að þetta sé borið saman og liggi ljóst fyrir, í hverju ágreiningurinn liggur, sem við áttum okkur ekki á í fljótu bragði.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur skv. óskum, sem fram komu hér í d., komið saman til þess að fjalla um þá breytingu, sem hv. Ed. gerði á þessu frv. Breytingin var við 4. gr. frv., sem fjallar um hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skv. breytingunni mundi Náttúrufræðistofnunin fyrst og fremst verða safnstofnun, en skv. upprunalegum texta frv., sem samþykktur var í þessari hv. d., er stofnunin fyrst og fremst náttúrufræðistofnun, sem einnig gegnir því hlutverki að koma upp sýningarsafni. Á þessum fundi varð menntmn. einróma sammála um að halda sér við fyrri texta, þann sem hér var áður samþykktur, og mæla með þeirri brtt., sem hæstv. menntmrh. hefur flutt og er á þskj. 669. Till. er um að færa 4. gr. aftur í sitt upprunalega horf.

ATKVGR.

Brtt. 669 samþ. með 23:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 710).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hafði við 3. umr. þessa máls hér í hv. d. flutt við frv. nokkrar brtt. Þessar brtt. voru í samræmi við óskir og ábendingar háskólaráðs, sem það hafði sent með erindi n. þeirri, sem um málið fjallaði hér í hv. d. Þessar brtt. mínar voru samþ., og ég er hv. d. þakklátur fyrir það og er þess fullviss, að háskólaráð metur þann velvilja og þá tillitssemi í sinn garð, sem fram kom með þessari afstöðu hv. d. Nú sé ég, að hv. Nd. hefur aftur fært frv. í sitt fyrra horf. Það tel ég miður farið. Hins vegar tók ég það fram, þegar ég talaði hér við 3. umr. málsins, að ég hefði skilning á óskum forstöðumanna Náttúrugripasafnsins um það, að sett yrði ný löggjöf um starfsemi stofnunarinnar, og vildi ekki eiga hlut að því, að setning slíkrar löggjafar yrði hindruð, jafnvel þótt ég kynni að verða óánægður með hana í einstökum atriðum. Ef ég nú flytti þessar brtt. mínar að nýju og þær yrðu aftur samþ., yrði málið að koma fyrir sameinað þing, þannig að með tilliti til þess, að þingið á nú aðeins eftir að starfa í 2 daga, má telja lítt framkvæmanlegt að koma þessari löggjöf gegnum þingið, ef svo fer. Með tilliti til þessa svo og fyrrgreindrar afstöðu minnar hef ég ákveðið að flytja þessar till. ekki að nýju við þessa umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 735).

---

53. Víxillög.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933** [166. mál] (stjfrv., A. 374).

Á 60. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í víxillögum, nr. 93 1933, eru ákvæði um, hversu hárra vaxta og hversu hárrar þóknunar sé heimilt að krefjast af víxilskuldurum eftir gjalddaga víxils. Samkv. þessum ákvæðum eru víxilvextir eftir gjalddaga víxils þeir sömu og fyrir gjalddaga auk þóknunar, sem er ½% af víxilfjárhæðinni. Um s. l. áramót ákvað Seðlabankinn almenna hækkun dráttarvaxta, og var það gert sem liður í þeirri viðleitni að auka skilvísi við greiðslu skulda. Eru hinar almennu reglur um dráttarvexti því nú þær, að greiða skuli 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Til samanburðar má geta þess, að nú um árabil hafa gilt ½% dráttarvextir fyrir hvern hálfan mánuð eða byrjaðan hálfan mánuð vegna lána Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, en hjá þeim stofnunum eru hæstu vextir 6½% á ári.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að víxlar eru eitt algengasta skuldabréfaform hér á landi. Ef ákvæði víxillaga, nr. 93 frá 1933, stæðu óbreytt, héldust mun lægri dráttarvextir á víxlum en felast í ákvörðun Seðlabankans um s. l. áramót um dráttarvexti almennt. Þess vegna þykir nauðsynlegt að breyta fyrrnefndum ákvæðum víxillaganna. Ef þetta

frv. verður að lögum, mundu dráttarvextir vegna víxilskulda verða 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana og síðan breytast með breyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti almennt.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 568).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með shlj. atkv. Efni þess er að samræma ákvæði víxillaga um dráttarvexti eða vexti af víxlum, sem lenda í vanskilum, gildandi ákvæðum um vexti af vanskilaskuldum. Skv. ákvæðum víxillaga eru víxilvextir eftir gjalddaga víxils þeir sömu og fyrir gjalddaga auk þóknunar, sem er ½% af víxilfjárhæðinni. Um s. l. áramót hækkaði Seðlabankinn hins vegar vexti af vanskilaskuldum í því skyni að stuðla að aukinni skilvísi við greiðslu skulda. Nú er þannig munur á almennum dráttarvöxtum skv. ákvæðum Seðlabankans og vöxtum af vanskilavíxlum.

Ef þetta frv. yrði að lögum, mundu dráttarvextir vegna víxilskulda verða 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana, og vextir af vanskilavíxlum því í samræmi við aðra vanskilavexti, sem gilda skv. ákvörðun Seðlabankans.

Þetta frv. var upphaflega flutt í nánu samráði við bankana, og vona ég, að hv. Ed. fallist á að samþ. frv. nú á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 12:3 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 663).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, og jafnframt vildi ég leyfa mér að mæla um leið fyrir næsta máli, vegna þess að það er alveg sama eðlis, um breyt. á l. um tékka. Þessi frv. eru bæði flutt eftir ósk Seðlabankans og eru í samræmi við þá stefnu Seðlabankans og bankakerfisins yfirleitt að koma lagi á bæði tékkaviðskipti og víxlaviðskipti, þannig að girða fyrir vanskil, og stefna bæði þessi frv. í þá átt að setja viss viðurlög við slíkum vanskilum. Þetta telja bankarnir hafa mikla þýðingu. Það hefur verið unnið mikið í þá átt að koma þessum málum í réttara horf, og t. d. með tékkaviðskiptin hefur það mjög lagazt. En það þykir vera þörf á því að fá þær heimildir, sem í þessum frv. greinir, og það er sameiginlegt álit fjhn. að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 736).

---

54. Tékkar.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka** [168. mál] (stjfrv., A. 376).

Á 60. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Einnig þetta frv. er flutt í framhaldi af þeirri ákvörðun Seðlabankans um s. l. áramót að nota sér heimild í l. um Seðlabankann að ákveða hæð dráttarvaxta. Í þessu frv. felst

það eitt, að verði það að l., skulu sömu dráttarvextir gilda vegna vanskila tékka og Seðlabankinn hefur ákveðið almennt á hverjum tíma, þ. e. a. s. dráttarvextirnir skulu vera vegna tékkaskulda 1% pr. mánuð eða brot úr mánuði að óbreyttri þeirri ákvörðun Seðlabankans, sem hann tók um s. l. áramót um dráttarvexti almennt, og mundu dráttarvextir af vanskilatékkum þá einnig þannig breytast í kjölfar breyttrar ákvörðunar Seðlabankans um dráttarvexti vegna vanskila.

Ég vil leggja til, að þessu máli verði einnig vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 376, n. 547).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Hv. fjhn. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er eins og hið síðasta, sem ég var að mæla fyrir áðan, komið frá hv. Nd. og var einnig samþ. þar með shlj. atkv. Flutningur þess stendur einnig í sambandi við þá ákvörðun Seðlabankans um s. l. áramót að hækka dráttarvexti í því skyni að stuðla að aukinni skilvísi við greiðslu skulda. Í þessu frv. er lagt til, að teknir verði upp dráttarvextir, sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum að taka hæsta, vegna vanskilatékka, og yrðu þá vextir vegna tékkaskulda 1% á mánuði eða brot úr mánuði að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana. Með þessu móti er komið á nauðsynlegu samræmi á milli vaxta af vanskilatékkum og vaxta af vanskilavíxlum.

Ég leyfi mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn., af því að hinu málinu var vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 12:3 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 664).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 738).

---

55. Listasafn Íslands.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1961, um Listasafn Íslands [196. mál] (stjfrv., A. 541).

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felast tvær smávægilegar breytingar á gildandi l. um Listasafn Íslands. Hin fyrri lýtur að því, með hverjum hætti menningarsjóður skuli greiða Listasafninu það fé, sem honum er ætlað að greiða því, til listaverkakaupa. Í gildandi l. segir, að menningarsjóður skuli af tekjum sínum greiða Listasafninu a. m. k. ½ millj. kr. til listaverkakaupa á ári. En þegar l. voru sett, var þessi upphæð um það bil ⅛ af árlegum tekjum menningarsjóðs. Nú hefur reynslan hins vegar orðið sú, að árlegar tekjur menningarsjóðs eru nokkuð breytilegar frá ári til árs, og þykir því mun eðlilegra, að ákvæðið sé þannig, að menningarsjóður skuli greiða tiltekinn hluta af tekjum sínum árlega til Listasafnsins til listaverkakaupa, þannig að fé hækki og lækki hlutfallslega með breytingum á tekjum menningarsjóðs, og þar sem hlutfallið var ⅛, þegar l. voru sett, þykir eðlilegast að ákveða það nú ⅛.

Síðara atriðið lýtur að því, hverjir skuli vera á kjörskrá við kosningu í safnráð, en samkv. gildandi l. eiga myndlistarmenn að kjósa 3 af 5 meðlimum safnráðsins. Ákvæði gildandi l. um þetta efni eru þau, að á kjörskránni skulu vera meðlimir í þeim myndlistarfélögum, sem starfandi eru, og þannig var kjörskráin höfð, þegar fyrst var kosið til safnráðsins á árinu 1961. Nú hafa viðræður við forustumenn myndlistarmanna hins vegar leitt það í ljós, að hætta gæti verið á því, að ákvæði l., eins og þau eru, gætu reynzt mjög illframkvæmanleg við næstu kosningu í safnráð, sem á að fara fram á hausti komanda. Ég er þeirrar skoðunar, að eins og lagagr. um þetta efni er orðuð, væri t. d. ekki hægt að neita myndlistarfélagi, sem nemendur Myndlista- og handíðaskólans stofnuðu, eða meðlimum slíks félags, sem nemendur Myndlistaskólans stofnuðu, um að vera á kjörskránni, ef þeir stofnuðu myndlistarfélag og óskuðu eftir því, að meðlimir þess yrðu teknir á kjörskrá, vegna þess að í frv. segir ekkert annað en það, að á kjörskrána skuli taka meðlimi í þeim félögum myndlistarmanna, sem starfa. Það vantar m. ö. o. í lögin, eins og þau nú eru, alla skilgreiningu á því, hvað skuli teljast félag myndlistarmanna eða hvaða menn skuli teljast myndlistarmenn. En bæði safnráðið og forustumenn þeirra tveggja myndlistarfélaga, sem nú starfa, eru allir á einu máli um, að þetta lagaákvæði sé ófullnægjandi og ekki sé hægt að efna til annarra kosninga til safnráðs á grundvelli þessara lagaákvæða. Þess vegna er hér lagt til, að þessu verði breytt í þá átt, að á kjörskránni í haust o. s. frv. verði allir þeir, sem nú eru í þeim tveim félögum myndlistarmanna, sem starfandi eru. En þá þarf auðvitað að finna einhverjar reglur fyrir því, hverjum skuli í framtíðinni bæta á kjörskrána. Þessir aðilar, sem ég gat um áðan, safnráðið og forustumenn hinna tveggja félaga, sem nú starfa, eru á einu máli um, að ekki sé hægt að styðjast við þá reglu, sem l. nú byggja á, þ. e. að viðbótarfélagar í þessum tveim félögum eða ný myndlistarfélög skuli eiga rétt á því að fá sína menn á kjörskrána. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að á kjörskrána skuli framvegis bæta þeim íslenzku myndlistarmönnum, sem tvö af eftirtöldum atriðum eiga við um: 1. Að myndlistarmaðurinn hafi átt verk á opinberri listsýningu innanlands eða utan, sem íslenzka ríkið beitir sér fyrir eða styður. 2) Að listamaðurinn hafi a. m. k. einu sinni hlotið listamannalaun af fé, sem Alþ. veitir árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri n., sem Alþ. kýs til þess. 3) Að verk hafi verið keypt eftir listamanninn til Listasafns Íslands, eftir að lög nr. 53 frá 1961, um Listasafnið, tóku gildi. M. ö. o.: ef tvö af þessum þrem atriðum eiga við um myndlistarmann, ber að taka hann á kjörskrá til kosningar á fulltrúa myndlistarmanna til safnráðs.

Um efni þessa frv. hefur verið haft samráð við safnráð Listasafnsins og forustumenn Félags ísl. myndlistarmanna og Myndlistarfélagsins, en þau tvö félög myndlistarmanna starfa nú, og er mér óhætt að segja, að efni frv. hafi stuðning allra þessara aðila. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. sjái sér fært, þótt ekki sé langt eftir þingtímans, að afgreiða þetta frv., og legg því til, að frv. verði vísað að lokinni þessari 1. umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég álít, að það sé til bóta, að með þessu frv. er viðurkenndur jafn réttur Félags ísl. myndlistarmanna og Myndlistarfélagsins. Og ég vænti þess, að það leiði m. a. til þess, að sú viðurkenning verði tekin upp á fleiri sviðum, eins og t. d. þegar valin eru listaverk á sýningar, sem ríkið eða opinberir aðilar standa að einhverju leyti að. Ég viðurkenni einnig, að það sé nauðsynlegt að setja nokkrar reglur um það, hverjir skuli öðlast atkvæðisrétt samkv. þessum nýju l. aðrir en þeir, sem eru nú meðlimir í þessum tveimur félögum. Ég er hálfhræddur um, að þær reglur, sem settar eru um það atriði í þessu frv., kunni að vera helzt til þröngar, og vildi þess vegna beina því til hv. menntmn., sem fær þetta frv. til athugunar, hvort ekki væri ástæða til þess að hafa þær rýmri. En samkv. þessum reglum getur listamaður, sem nú er ekki meðlimur annars hvors þessara félaga, ekki öðlazt atkvæðisrétt, nema hann hafi hlotið opinbera viðurkenningu, þ. e. a. s. hafi tekið þátt í listsýningu, sem ríkið hefur að einhverju leyti staðið að, ellegar hlotið listamannalaun eða Listasafnið keypt af honum listaverk. Nú veit maður það, að hjá öllum þeim aðilum, sem um þessi mál ráða, gætir stundum nokkurrar togstreitu, og það virðist eins og vissar listastefnur verði nokkuð ráðandi um það, hvaða verk eru valin á sýningar eða hvaða verk eru keypt af Listasafninu, og þó að við væntum þess, að slíkt eigi sér ekki stað í framtíðinni, þá sé nokkur hætta á því, að slíkt geti átt sér stað í framtíðinni, og því e. t. v. nokkur hætta á því, að maður, sem er vissulega listamaður og á skilið atkvæðisrétt samkv. þessum l., hafi ekki hlotið þá opinberu viðurkenningu, sem gert er ráð fyrir í þeim þremur atriðum, sem hér eru talin upp, að hann þurfi að hafa öðlazt a. m. k. 2 af þeim til þess að hafa fengið atkvæðisrétt. Ég vildi þess vegna beina því til hv. menntmn., að hún athugaði, hvort ekki væri möguleiki á því að hafa þessi skilyrði fleiri, svo að það væri frekar tryggt, að enginn klíkuskapur gæti orðið þess valdandi, að listamaður, sem á þennan atkvæðisrétt, fái hann, þótt hann hafi ekki orðið þeirrar náðar aðnjótandi, sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 541, n. 590).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntamálanefnd samþykkir frumvarpið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með shlj. atkv. samkvæmt einróma meðmælum hv. menntmn. deildarinnar. Í því felast tvær smávægilegar breyt. á gildandi lögum um Listasafn Íslands.

Í gildandi lögum, sem eru frá árinu 1961, er svo kveðið á, að menntamálaráð skuli árlega greiða Listasafni Íslands ½ millj. kr. til listaverkakaupa safnsins. Þegar lögin voru sett, var ½ millj. kr. sem næst ⅛ hluti af árlegum tekjum menningarsjóðs. Nú hefur reynslan hins vegar sýnt, að tekjur menningarsjóðs eru nokkuð breytilegar frá ári til árs, og þykir þess vegna skynsamlegra að hafa lagaákvæðið þannig, að menningarsjóður skuli árlega greiða a. m. k. ⅛ af tekjum sínum til Listasafnsins til listaverkakaupa í stað þess, eins og segir í gildandi lögum, a. m. k. ½ millj. kr.

Hin breytingin, sem í frv. felst, lýtur að samningu kjörskrár fyrir kosningu þeirra þriggja fulltrúa myndlistarmanna, sem lögum samkvæmt skulu eiga sæti í safnráði Listasafns Íslands. Í l. frá 1961 eru ákvæðin um kjörskrána þannig, að á kjörskrána skuli taka félaga þeirra félaga myndlistarmanna, sem starfa, þegar kosning fer fram, og þannig var þetta, þegar fyrst var kosið í safnráðið haustið 1961. Nú hefur verið á það bent, bæði af hálfu safnráðsins sjálfs og af hálfu forustumanna þeirra tveggja myndlistarfélaga, sem nú eru starfandi hér á landi, þ. e. Félags íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélagsins, að ákvæði þessi séu ekki nógu skýr. Ef t. d. stofnað yrði nýtt félag, sem kallaði sig myndlistarfélag, jafnvel þótt t. d. meðlimir þess væru nemendur í Myndlista- og handíðaskólanum eða einhverjir aðrir einstaklingar, þá mundi skv. ákvörðun laganna, eins og þau eru núna, ekki vera unnt að neita að taka félagsmenn slíks félags á kjörskrá við kosningu í safnráð, og væri slíkt vitanlega óheppilegt. En samkomulag er um það milli safnráðsins og forustumanna þeirra tveggja myndlistarfélaga, sem nú starfa, að í þessum tveim myndlistarfélögum séu nú allir þeir, sem með sanni megi kalla starfandi myndlistarmenn á Íslandi og mundu því að sjálfsögðu verða á kjörskránni næsta haust.

Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að á kjörskránni í haust, — en í haust á að kjósa safnráð í annað sinn, — skuli vera allir þeir, sem nú eru félagar í hinum tveim myndlistarfélögum, Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélaginu, og jafnframt eru sett ákvæði í frv. um það, hvernig kjörskráin skuli geta stækkað á komandi árum, og er gert ráð fyrir því, að á kjörskrána skuli taka myndlistarmenn, ef tvö af eftirtöldum þrem atriðum eiga við um myndlistarmennina: 1) Að þeir hafi átt verk á opinberum listsýningum innanlands eða utan, sem íslenzka ríkið beitir sér fyrir eða styður. 2) Að myndlistarmaðurinn hafi a. m. k. einu sinni hlotið listamannalaun af fé því, sem Alþingi veitir árlega til listamanna af úthlutunarnefnd, sem Alþingi kýs. 3) Að verk hafi verið keypt eftir listamanninn á Listasafn Íslands, eftir að lögin um það tóku gildi. Á kjörskránni í haust mundu þannig verða skv. þessu frv., ef að lögum verður, allir þeir, sem nú eru meðlimir í báðum myndlistarfélögunum, og auk þess þeir aðrir myndlistarmenn, sem tvö af þessum atriðum eiga við um, ef einhverjir kynnu að vera, en það mun ekki vera, eftir því sem lausleg athugun hefur leitt í ljós. Hins vegar eru þessi lagaákvæði, sem ég var að geta um núna síðast, nauðsynleg vegna framtíðarinnar, því að auðvitað verður að vera hægt að stækka kjörskrána, og þá þykir eðlilegra, að sú stækkun fari fram eftir þessari viðmiðun, heldur en hún fari þannig fram, að menn bætist í myndlistarfélögin eða ný myndlistarfélög yrðu stofnuð.

Ég skal að síðustu geta þess, að frv. þetta er flutt að höfðu rækilegu samráði við safnráð Listasafns Íslands og forvígismenn beggja myndlistarfélaganna, sem nú starfa í landinu, Félags íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélagsins, og má því segja, að eining sé um það, að þessar breytingar séu æskilegar, meðal íslenzkra myndlistarmanna.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn., og vildi mjög mælast til þess við hv. menntmn., að hún afgreiddi málið þannig, að það geti hlotið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, vegna þess að miklir erfiðleikar mundu vera á því að haga kosningu til nýs safnráðs skynsamlega á næsta hausti, ef þessi breyting næði ekki fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 541, n. 697).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Fyrir þeim breyt., sem með frv. þessu er lagt til að gerðar verði á lögum um Listasafn Íslands, gerði hæstv. menntmrh. ýtarlega grein við 1. umr. málsins, en breyt. eru í stuttu máli þær, að í fyrsta lagi er lagt til, að Listasafnið fái til listaverkakaupa a. m. k. ⅛ hluta af árlegum tekjum menningarsjóðs, í stað þess, að í núgildandi lögum er þessi upphæð ákveðin í krónutölu, og í öðru lagi er lagt til, að breyt. verði gerð á núgildandi reglum um kosningu í safnráð, sem eru illframkvæmanlegar að óbreyttum lögum. Kosning í safnráð á að fara fram á hausti komanda, og var því af hálfu hæstv. ráðh. lögð rík áherzla á, að frv. yrði afgr. sem lög á þessu þingi.

Menntmn. hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ., en eins og fram kemur í nál. á þskj. 697, undirritar einn nm., 5. þm. Reykn., nál. með fyrirvara.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir fyrirvara mínum. Hann er varðandi það atriði þessa frv. að breyta því ákvæði, að Listasafn ríkisins skuli, eins og nú segir í lögum, fá árlega a. m. k. 500 þús. kr. af tekjum menningarsjóðs til listaverkakaupa, — breyta því í það form, að það skuli vera ⅛ hluti af tekjum menningarsjóðs. Ég skal ekki rekja þessa sögu ýtarlega, en vil aðeins geta þess, að eins og nú er um tekjur menningarsjóðs, þýðir þetta sennilega um 200 þús. kr. hækkun á ári. Ég vil í sambandi við þetta taka fram, að það er enginn efi á því að mínum dómi, að Listasafnið þarf á þessu aukna fé að halda. Það er eðlilegt, að með hækkandi verðlagi á öllum hlutum þurfi það aukið fé til listaverkakaupa. Þau hafa ekki verið meiri en svo fram að þessu, að þau mega sízt við því að minnka. Með tilliti til þess hef ég viljað fylgja málinu, en gat þó ekki skrifað undir nál. án þess fyrirvara, að ég tel þetta mjög miklum örðugleikum bundið fyrir menningarsjóð, þar sem tekjur hans standa í stað. Tekjustofnar hans eru ákveðnir með lögum. Aðaltekjustofninn er 1 kr. af hverjum bíómiða, og það hefur staðið óbreytt síðan 1957, að mjög veruleg breyt. var gerð á l. um menningarsjóð og þessi aðaltekjustofn hans, sem nú er, settur í lög.

Það er vissulega örðugleikum bundið fyrir menningarsjóð að taka á sig aukin fjárútlát að óbreyttum tekjum. Það hlýtur vitanlega að koma niður á öðrum verkefnum sjóðsins, sem eru mörg, og var mörgum bætt við með lögunum frá 1957. En sérstökum örðugleikum mundi það valda að eiga að greiða þetta fé nú á þessu ári, þar sem menningarsjóður gerir fjárhagsáætlun í byrjun hvers árs og hefur fyrir nokkru lokið því fyrir þetta ár, og það mundi verða örðugt fyrir hann, þótt ekki sé um stærri fjárhæð að ræða en þetta, að greiða meira fé til Listasafnsins á árinu 1965 en þær 500 þús. kr., sem settar voru á fjárhagsáætlun skv. þeim lagafyrirmælum, sem gilt hafa og enn gilda. Ég tel, að það væri af þessum ástæðum æskilegt, að hægt yrði að líta þannig á og framkvæma þetta ákvæði, ef að lögum verður, á þann hátt, að þessi breyt. úr 500 þús. kr. framlagi árlega í ⅛ af tekjum menningarsjóðs árlega taki gildi frá og með áramótunum næstu eða frá og með ársbyrjun 1966.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Reykn. (GilsG), vil ég taka þetta fram: Með hliðsjón af því, að menntamálaráð hefur nú þegar, þegar frv. þetta er afgreitt hér á hinu háa Alþ., gert fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og í þeirri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 500 þús. kr. framlagi til Listasafns Íslands, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, tel ég eðlilegt, að þessi lög, ef samþykkt verða, yrðu skilin þannig, að ákvæði þeirra taki til fyrsta heila almanaksársins, sem lögin eru í gildi, þ. e. a. s. að ákvæði þeirra breyti ekki þegar gerðri samþykkt menntamálaráðs um fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár, heldur taki fyrst gildi, þegar menntamálaráð semur fjárhagsáætlun fyrir næsta heilt almananaksár, þ. e. fyrir árið 1966.

Ég mun beita mér fyrir því, að safnráð Listasafns Íslands óski ekki eftir, að þessi ákvæði komi til framkvæmda á þessu ári, þ. e. a. s. sætti sig við ákvæði þeirra laga, sem nú gilda, þ. e. við þá fjárhæð, sem gert er ráð fyrir í þeirri fjárhagsáætlun menningarsjóðs, sem nú er í gildi, og hef rætt þetta mál við formann safnráðsins og forstöðumann Listasafnsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 739).

==========

56. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna [30. mál] (stjfrv., A. 31).

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er nú lagt í þriðja sinn fyrir hið háa Alþingi. Ég hef áður flutt allýtarlega framsöguræðu um það og gert um leið grein fyrir því rannsóknarstarfi, sem nú fer fram á Íslandi. Ég sé því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. nú.

Ég skal þó í fáum orðum gera grein fyrir þeim meginbreytingum á ríkjandi skipulagi íslenzkra rannsóknarmála, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér.

Rannsóknaráð ríkisins, sem stofnað var árið 1939 og aðstoðar atvmrn. við yfirstjórn Atvinnudeildar háskólans, er nú skipuð 3 mönnum eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins verði ráðgjafarstofnun, sem vinni að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann. Aðalverkefni rannsóknaráðs ríkisins eiga að vera efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Það á að hafa samráð við hinar ýmsu rannsóknastofnanir, fá sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknarstarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknarstarfsemina ófullnægjandi, rannsóknarskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknarefni vanrækt.

Þá á ráðið að hafa með höndum athuganir á hagnýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega, gera till. um framlög ríkisins til rannsóknarmála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lögin taka til. Það á að hafa með höndum öflun fjármagns til rannsóknarstarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess milli rannsóknastofnana og rannsóknarverkefna. Það á að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé, semja árlega skýrslu um rannsóknarstarf í landinu og enn fremur stuðla að söfnun erlendra rita og annarra erlendra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknarstörf, tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Enn fremur á það að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga í atvinnuvegunum með kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Verkefni rannsóknaráðs er þannig samkv. þessu frv. fyrst og fremst í því fólgið að vera ráðgjafi ríkisstj. og Alþingis í rannsóknarmálum og aðstoða hið opinbera við mótun stefnu í rannsóknarmálum. Ráðið á hins vegar ekki að hafa með höndum yfirstjórn rannsóknastofnana, eins og nú á sér stað, og er það meginbreytingin frá ríkjandi skipulagi.

Gert er ráð fyrir því, að í rannsóknaráði eigi sæti 17 menn, og eru þeir fulltrúar atvinnuvega, Efnahagsstofnunarinnar, háskólans og Alþingis. Ráðið skal vera ólaunað, en kjósa úr sínum hópi framkvæmdanefnd. Þá er gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð heyri undir menntmrh., sem skipar formann þess og framkvæmdastjóra.

Frv. gerir ráð fyrir því, að á vegum ríkisins skuli starfræktar þessar rannsóknastofnanir: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Meginbreytingin frá ríkjandi skipulagi er sú, að Atvinnudeild háskólans verður lögð niður. Hafrannsóknastofnunin kemur í stað fiskideildar og Rannsóknastofnun landbúnaðarins í stað búnaðardeildar, en í stað iðnaðardeildar koma 2 stofnanir: Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins kemur í stað rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands.

Nú lýtur hver deild Atvinnudeildar háskólans stjórn deildarstjóra undir yfirstjórn rannsóknaráðs og atvmrn. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hver rannsóknastofnun verði sjálfstæð ríkistofnun, sem heyri undir hlutaðeigandi ráðuneyti. Rannsóknaráð á engin afskipti að hafa af stjórn rannsóknastofnananna. Hins vegar er hverri þeirra fengin sérstök stjórn, og auk þess er gert ráð fyrir skipun ráðgjafarnefndar við stofnanirnar. Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera 3 menn, forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefndinni. Stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skal skipuð með sama hætti, þannig að þar eigi sæti forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefndinni. Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu eiga sæti forstjóri stofnunarinnar, búnaðarmálastjóri og maður tilnefndur af tilraunaráði rannsóknastofnunarinnar. Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu eiga sæti 3 menn: forstjóri rannsóknastofnunarinnar, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd. Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins eiga hins vegar að vera 3 menn: forstjórinn, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd. Við allar stofnanirnar er gert ráð fyrir því, að skipa megi ráðgjafarnefndir, ef ósk kemur fram um það frá einum eða fleiri af þeim aðilum, sem gert er ráð fyrir að gefinn sé kostur á að til-

nefna fulltrúa í ráðgjafarnefnd. En tilgangur með heimildinni til að skipa ráðgjafarnefndir er sá að skapa tengsl milli rannsóknastofnananna og hlutaðeigandi atvinnuvega, sem þeim er ætlað að vinna fyrir. Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er ráðgjafarnefndin nefnd tilraunaráð. Ef ráðgjafarnefndin er ekki skipuð, er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi einn stjórnarnefndarmanninn í stað ráðgjafarnefndarinnar.

Gert er ráð fyrir því í frv., að forstjóri stofnunarinnar eigi ávallt sæti í stjórninni og sé formaður hennar, og er það gert til þess að tryggja, að nauðsynleg sérþekking sé jafnan fyrir hendi í stjórn stofnananna, stuðla að festu í framkvæmdastjórn og í því skyni að efla samstarf stjórnar og þeirra, sem í stofnuninni vinna.

Í frv. er lagt til, að í stjórnum allra rannsóknastofnananna séu 3 menn. Er alls staðar gert ráð fyrir því, að forstjóri stofnunarinnar eigi sæti í stjórninni og sé formaður hennar, eins og ég gat um áðan, og alls staðar sé í stjórn einn maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd, ef hún er skipuð, en annars ráðherra. Þriðji stjórnarmaðurinn er skipaður sem hér segir: í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skal fiskimálastjóri eiga sæti, í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins búnaðarmálastjóri, í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skal eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda, og í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skal eiga sæti maður tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi ráðherra skipi helztu starfsmenn rannsóknarmálanna, þ. e. framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, forstjóra einstakra rannsóknastofnana og alla sérfræðinga, en annað starfsfólk ráði hlutaðeigandi stjórnarnefnd. Er þetta í samræmi við þá venju, sem hér tíðkast.

Þá eru í frv. mikilvæg nýmæli um sérstaka fjáröflun tveggja rannsóknastofnananna, þ. e. rannsóknastofnana iðnaðarins og byggingaiðnaðarins. Gert er ráð fyrir því, að iðnfyrirtæki, verksmiðjur og verkstæði greiði gjald, er nemi 2 af þús. af kaupi verkafólks og fagmanna, til þess að standa straum af hluta af kostnaði þessarar rannsóknastofnunar. Undanþegin eru fyrirtæki, sem vinna úr sjófangi og landbúnaðarafurðum, svo og áburðarframleiðsla. Gera má ráð fyrir, að gjald þetta nemi hátt á aðra millj. kr. á ári. Ber brýna nauðsyn til þess að stórefla hér rannsóknir í þágu iðnaðar landsmanna, og má telja, að hér sé um hóflegt gjald að ræða miðað við þann mikla ávinning, sem öflug rannsóknastofnun gæti veitt iðnaðinum. Þá er og gert ráð fyrir því, að af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skuli greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi, og skulu gjöld þessi renna til Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins. Má gera ráð fyrir, að gjald þetta nemi einnig hátt á aðra millj. árlega.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að forustumenn Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna hafa nýlega rætt við mig og skýrt mér frá því, að þeir kynnu að æskja eftir breytingum á þeim greinum frv., sem um þessi gjöld fjalla. Er það einvörðungu um formshlið málsins, sem þeir munu ef til vill gera brtt., þar eð ýmis ný gjöld af þessu tagi hafa verið lögleidd, síðan þetta frv. var samið, svo sem iðnlánasjóðsgjald og launaskatturinn, sem hér er nú til meðferðar á hinu háa Alþingi.

Þessi ákvæði voru upphaflega sett í fullu samráði við forustumenn iðnrekenda og iðnaðarmanna, enda er mikill skilningur á því ríkjandi í röðum þeirra, að bráðnauðsynlegt sé að efla rannsóknir í þágu verksmiðjuiðnaðar og byggingaiðnaðar. Forvígismenn þessara beggja samtaka, iðnrekenda og iðnaðarmanna, tóku skýrt fram, að hugsanlegar brtt. þeirra mundu ekki snerta lækkun gjaldsins, í þeim mundu ekki felast till. um lækkun gjaldsins, heldur einvörðungu um innheimtuaðferð þess.

Þessar eru helztu breytingarnar á skipulagi íslenzkra rannsóknarmála, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég álít mjög nauðsynlegt, að það hljóti nú afgreiðslu hins háa Alþingis. Ef Alþingi sýnist rétt að gera einhverjar breytingar á frv., þá er ríkisstj. til viðræðu um slíkt, en þá tel ég nauðsynlegt, að jafnframt sé haft samráð um breyt. við forstöðumenn þeirra rannsóknastofnana, sem nú starfa, og þá vísindamenn, sem nú starfa í stofnununum. Við undirbúning þessa frv. var einmitt lögð á það sérstök áherzla að hafa sem nánast samstarf við vísindamennina sjálfa, m. a. með því að efna til sérstakrar ráðstefnu vísindamanna í Háskóla Íslands til þess að ræða um rannsóknarmálin.

Allir virðast nú sammála um, að sérhverri þjóð, sem vill bæta hag sinn og auka framfarir og velmegun í landi sínu, sé fátt nauðsynlegra en að efla vísindarannsóknir og tækni. Það, sem fyrst og fremst er nauðsynlegt í því skyni, er að bæta hvers konar tæknimenntun, gera stórt átak til aukinnar vinnuhagræðingar á öllum sviðum atvinnulífsins og veita stóraukið fé til hvers konar vísindarannsókna. Mér er auðvitað ljóst, að þetta frv. fjallar ekki nema um takmarkaðan þátt þess mikla átaks, sem okkur Íslendingum í enn ríkari mæli en flestum nágrannaþjóðanna er nú nauðsyn á í þessum efnum. En sá þáttur, sem þetta frv. fjallar um, er engu að síður mikilvægur. Hér er fyrst og fremst um að ræða skipulagsmál rannsóknanna, en allir, sem þeim málum eru kunnugir, munu vera sammála um, að einmitt það, hvernig rannsóknarmálin eru skipulögð, getur annars vegar haft verulega þýðingu fyrir skilyrði þess að afla fjár til þeirra og hins vegar í því sambandi, hvern árangur aukið fé ber í hagnýtum niðurstöðum. Í þessu frv. er raunar ekki einungis fjallað um bætt skipulag rannsóknastofnananna og rannsóknarmálanna, heldur eru þar einnig athyglis-

verðar till. um auknar fjárveitingar til þessara mála. En þótt hér sé þó fyrst og fremst um skipulagsmál vísindarannsókna að ræða, og ég vona, að hið háa Alþingi sjái sér fært að samþykkja þetta frv. nú á þessu þingi í aðalatriðum, eins og það nú liggur fyrir, þá vil ég samt undirstrika og leggja á það sérstaka áherzlu, að það eitt er ekki nóg. Í kjölfar nýskipunar á skipulagsformi rannsóknanna þarf síðan þegar í stað að koma stóraukið fé til rannsóknarstarfseminnar. Það er nú öruggasta leiðin til aukinna framfara og bættrar farsældar.

Bandarískar rannsóknir hafa leitt í ljós, að um það bil 80—90% af þeirri aukningu, sem orðið hefur á þjóðarframleiðslunni á mann þar í landi á undanförnum áratugum, virðast eiga rót sína að rekja til bættrar tækni, sem nýjar uppgötvanir á sviði vísinda hafa gert mögulega, og bættrar skipulagningar. Athuganir, sem gerðar hafa verið í Svíþjóð, hafa leitt í ljós, að af árlegri aukningu þjóðarframleiðslunnar, sem á síðasta áratug var talin hafa numið 3.7%, má telja 2.2% eða um 3/5 hluta eiga rót sína að rekja til bættrar tækni og skipulagningar. Það er yfirleitt ríkjandi skoðun meðal fræðimanna og stjórnenda fyrirtækja, að bætt tækni og skipulagning hafi á undanförnum áratugum hvarvetna átt miklu meiri þátt í þeirri framleiðsluaukningu, sem orðið hefur, en aukin fjárfesting eða aukinn mannafli við framleiðsluna. En undirstaða tækniframfara er ný þekking, ný tækni, ný efni og nýjar aðferðir, sem eru árangur víðtæks rannsóknarstarfs. Vísindin hafa og gerbreytt daglegu lífi mannkyns og ekki aðeins gert því kleift að stórauka neyzlu sína, heldur hafa þau jafnframt valdið því, að hún hefur gerbreytzt. Það er nú talið, að um helmingur bandarísku þjóðarinnar starfi að framleiðslu vörutegunda, sem voru alls ekki til og ekki hefði verið hægt að framleiða fyrir hálfri öld. Með þessu er auðvitað ekki sagt, að efling vísinda og aukning rannsóknarstarfa sé bókstaflega hið eina, sem máli skiptir fyrir framfarir og hagsæld mannkyns. Aukin menntun er t. d. forsenda þess, að unnt sé að efla vísindi og rannsóknir til frambúðar. Og efling menntunar og vísinda kemur ekki að notum, ef árangurinn er ekki hagnýttur skynsamlega og áherzla lögð á bætta stjórn og skipulagningu í framleiðslu og dreifingu. Þess vegna verður maðurinn að sækja fram á mörgum sviðum samhliða. En eitt hið mikilvægasta er áreiðanlega rannsóknarstarfsemi. Allar menningarþjóðir leggja þess vegna á það mikla áherzlu að efla hvers konar rannsóknarstörf, jafnhliða því sem þær keppa að því að bæta menntun sína.

Á því er enginn vafi, að Íslendingum ber nú að stórauka fjárveitingar til rannsóknarstarfa samhliða eða í kjölfar þess, að skipulag rannsóknarmálanna sé endurbætt. Sérhver króna, sem varið er til nýrra rannsókna, mun bera margfaldan ávöxt, þegar fram í sækir. Það fé, sem varið er til þess að mennta vísindamenn og hvers konar tæknifræðinga og til þess að skapa þeim rannsóknaraðstöðu á hvers konar vísinda- og rannsóknarstöðvum og jafnframt til þess að miðla þekkingu sinni og starfsaðferðum til atvinnulífsins, — það fé, sem til þessa er varið, er áreiðanlega einhver bezta fjárfestingin, sem nú er hægt að efna til í þágu íslenzkra atvinnuvega.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði viðvíkjandi þörfinni á vísindalegum rannsóknum á því sviði, sem þetta frv. fjallar um, og um nauðsynina á fjárveitingum í því skyni. Ég vil um leið, af því að ég átti sæti í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., gera örstutta grein grein fyrir þeim ágreiningi, sem hjá okkur var og nokkuð eimir eftir af í þessu frv.

Sá ágreiningur er fyrst og fremst um stjórnarfyrirkomulag á rannsóknastofnunum. Upphaflega var meiri hl. atvinnumálanefndar á því að taka raunverulega stjórn rannsóknastofnananna undan ríkinu, þannig að það væru hin einstöku samtök og stofnanir í þjóðfélaginu, ekki sízt atvinnurekendasamtök, sem útnefndu stjórnirnar í þessar rannsóknastofnanir og réðu forstjórana fyrir þeim. Ég var einn í minni hl. í þessari nefnd og var andvígur því fyrirkomulagi, sem meiri hl. lagði til. Hæstv. ríkisstj. fór þarna hins vegar nokkuð bil beggja. Hún lagði það til, sem ég álít alveg rétt, að forstjórarnir í þessum stofnunum væru útnefndir af viðkomandi ráðuneytum, eins og er með flestar af okkar stofnunum, sem á svona sviðum starfa, raforkumálastofnuninni og öðrum slíkum. Hins vegar var haldið þessu sérstaka stjórnarfyrirkomulagi að nokkru leyti, og hafa þó verið um það miklar deilur og nokkur átök og nokkrar breytingar, og ég held jafnvel, að það, hve þetta frv. hefur tafizt, hafi að sumu leyti stafað af reipdrætti um fyrirkomulagið í þessum stjórnum, þó að mér sé ekki fyllilega um það kunnugt, en hitt veit ég, að nokkur ágreiningur er þar alltaf um, hverjir skuli skipa þá, sem í þessum stjórnum eigi að vera. Ég verð að segja það, að mín skoðun er, eins og nú er komið, að þegar forstjórarnir eru útnefndir af ríkisstj., sem ég álít rétt, þá eigi raunverulega að afnema þessar stjórnir líka, þær hafi ekkert sérstakt verkefni lengur, þriggja manna stjórnir, þar sem forstjórinn er þar einn af, séu raunverulega bara að gera þetta að bákni, sem sé óþarft, þessar stjórnir séu orðnar þarna milliliður, sem hafi enga raunverulega þýðingu í þessum vísindalegu stofnunum. Hins vegar er gengið út frá eins konar ráðgjafarnefnd í sambandi við hverja af þessum stofnunum. Þessar ráðgjafarnefndir eru ólaunaðar, og þær eru skipulagðar af allmörgum aðilum í þjóðfélaginu, og ég held, að þær geti verið mjög heilbrigðar. Nú er það svo, að eins og í frv. er gert ráð fyrir,

eiga þessar ráðgjafarnefndir víða að útnefna einn mann í stjórnina, þannig að ef þær hafa þetta vald, getur orðið nokkur togstreita um, hvernig slíkar ráðgjafarnefndir séu skipaðar. Um leið og stjórnarnefndirnar sjálfar væru burt felldar og þar með réttur ráðgjafarnefndanna til þess að útnefna nokkurn mann í þær, mundi ekki þurfa að vera að deila um það, hve margir aðilar útnefndu menn í þessar ráðgjafarnefndir, og ég álít, að það væri bezt, að þar væru sem flestir, sem áhuga gætu haft á þessum sviðum, þannig að forstjórar þessara stofnana gætu kallað þessar ráðgjafarnefndir saman, þegar þeim þóknast, og var í upprunalega frv. gert ráð fyrir, að þær kæmu saman tvisvar á ári a. m. k. Þá mundi forstjórinn geta ráðgazt við þessa aðila, hann mundi geta haft þá marga og eins mundi ríkisstj. ráða því, hve margir það væru, þannig að þarna gætu bæði þeir aðilar, sem hefðu sérstakra hagsmuna að gæta þarna, ýmis atvinnurekendasamtök, aðilar af hálfu verkalýðssamtakanna, aðilar, sem hefðu sérstakan áhuga á þessu, eins og í sambandi við landbúnaðinn og samtök bænda og slíkir, — allir þessir aðilar, hvort það væru sérfræðingar, atvinnurekendur, verkamenn, starfsmenn eða aðrir slíkir, þeir hefðu allir saman aðstöðu til þess að láta koma þarna fram ýmsar hugmyndir og gagnrýna frá praktísku sjónarmiði ýmislegt af því, sem forstjóri stofnunarinnar væri að taka sér fyrir hendur. Ég held, að þetta væri mjög gott fyrirkomulag til þess að skapa góð og lifræn tengsl á milli forstjóra svona stofnunar og þjóðfélagsins í heild. Hins vegar held ég, að stjórnarnefndirnar ættu sem slíkar að falla þarna burtu, og ég heyrði það, mér þótti vænt um það, að hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, að sú nefnd, sem þetta færi til, menntmn., gæti athugað þetta frv. með það fyrir augum að breyta því í samráði við hæstv. ríkisstj., og ég held, að það væri mjög gott, að sú nefnd gerði það.

Ég held, að sú breyting, sem frv. hefur tekið í meðferð hæstv. ríkisstj., hafi verið mikið til hins betra frá því, sem frv. meiri hl. var í upphafi, og það eigi af hálfu Alþingis að ganga enn þá lengra á þeirri braut, sem ríkisstj. fór inn á.

Jón Skaftason: Herra forseti. Fyrir rúmum 250 árum skrifaði enskur rithöfundur, Jonathan Swift, bækur um ferðalög Gullivers. Þar má m. a. finna þessa setningu:

„Hver sem gæti látið tvö kornöx eða tvö grös gróa á stað, þar sem áður aðeins greri eitt, væri meiri velgerðarmaður manna og þjóða en allir stjórnmálamenn samanlagt."

Í einni af frægustu ræðum, sem Harold Wilson, foringi brezkra jafnaðarmanna, hefur haldið, þeirri sem hann hélt á síðasta flokksþingi Verkamannaflokksins í Scarborough, þá nýkjörinn foringi flokksins, leggur hann einmitt út af þessari setningu hins enska rithöfundar, sem ég vitnaði til í upphafi máls míns. Hann gerði það til þess að leggja áherzlu á þýðingu vísinda og rannsókna fyrir þjóðarbúskap Breta og velmegun almennings í landinu. Undir 13 ára undanfarandi íhaldsstjórn var svo komið í Bretlandi, að hagvöxtur þar í landi var sá lægsti eða með þeim lægstu í allri Vestur-Evrópu. Harold Wilson sá enga aðra leið færari til þess að rétta við hlut lands síns á þessu sviði en að leggja til að stórefla menntun og hvers kyns rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Flokkur Harolds Wilsons, Verkamannaflokkurinn, setti einmitt þetta atriði sem stefnuskráratriði nr. eitt í þeim kosningum, sem nýafstaðnar eru í Bretlandi, með þeim árangri, sem ég veit, að öllum hv. dm. er kunnur. Harold Wilson situr á forsætisráðherrastóli í Bretlandi, og verður vafalaust mjög lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með því, hvernig hann hyggst endurskipuleggja brezka atvinnuvegi með því að taka í stórauknum mæli vísindi, skipulagningu og tækni í þjónustu atvinnuveganna.

Ég hef nefnt þetta dæmi til þess að undirstrika mikilvægi þess frv., sem hér er nú til 1. umr. í hv. Nd., enda þótt ég viti, eins og raunar hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan, að frv. þetta er ekki svo víðfeðmt, að það nái yfir alla vísindastarfsemi og rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða, hvernig skipuleggja eigi rannsóknarstarfið, til þess að það gefi sem hagnýtasta og bezta raun fyrir atvinnuvegina og landsfólkið.

Mér þykir, til viðbótar þeim upplýsingum, sem komu fram í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, rétt að fara örfáum orðum um sögu þessa máls frá byrjun, því að eins og hæstv. ráðh. tók fram, er mál þetta mjög mikilvægt, og gegnir því furðu, hversu mikill seinagangur hefur verið á gangi málsins, frá því er því var skilað í hendur hæstv. ráðh. af atvinnumálanefnd á árinu 1960, eins og ég mun koma að síðar.

Saga þessa máls er nú nær 10 ára gömul. Hún hófst, er samþykkt var hér á hv. Alþingi till. til þál. þann 20. apríl 1955 um kosningu mþn. til að gera till. um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa landsmanna. N. þessi hlaut nafnið atvinnumálanefnd ríkisins, og skipuðu hana þessir menn: Hermann Jónasson alþm., Magnús Jónsson alþm., Einar Olgeirsson alþm., Eggert G. Þorsteinsson alþm., Davíð Ólafsson alþm., Vilhjálmur Þór bankastjóri og Jóhann Jakobsson verkfræðingur. Í árslok 1956 vék Hermann Jónasson, sem þá var fyrir skömmu orðinn forsrh., úr n., en í stað hans var kjörinn Runólfur Þórarinsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðju ríkisins. Með þessari nefnd að samningu þessa frv. störfuðu svo Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins og Þorbjörn Sigurgeirsson eðlisfræðingur.

Atvinnumálanefndin vann við undirbúning þessa frv. mikið og gott starf. Hún sneri sér til flestra þeirra atvinnugreina, þeirra félaga og þeirra einstaklinga, sem með atvinnurekstur hafa að gera í landinu og ákvæði frv. kynnu

að snerta, og ræddi við þá um undirbúning frv. Í aprílmánuði árið 1960 var svo komið, að meiri hl. atvinnumálanefndar, þ. e. a. s. 6 af 7 nm., lagði fyrir viðkomandi ráðh. fullútbúið frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Atvinnumálanefndin varð ekki alveg sammála um frv. þetta, eins og hv. 3. þm. Reykv. lýsti hér áðan. Hann taldi sig ekki geta átt samleið með meiri hl. n. af ástæðum, sem hann hefur hér greint frá og ég hirði ekki um að endurtaka, en skilaði hins vegar áliti sjálfur, í byrjun janúar 1962, eftir því sem ég bezt fæ séð af þeirri grg., er fylgir frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem var lagt fram hér í desembermánuði 1962.

Í ágústmánuði 1961 var efnt til ráðstefnu í Reykjavík, eins og hæstv. ráðh. vék að örfáum orðum áðan, ráðstefnu raunvísindamanna um rannsóknarmálefni í þágu atvinnuveganna. Ráðstefna þessi var fjölsótt og þótti takast vel. Til grundvallar umræðum á ráðstefnu þessari, sem sótt var af flestum vísindamönnum í raunvísindum hérlendum og raunar fleiri, var álit meiri hl. atvinnumálanefndar. Þessar umr. hafa síðar verið gefnar út í sérstöku bókarformi, sem ég hef m. a. lesið, og ég hygg, að ég geti fullyrt eftir að hafa lesið þá skýrslu, að langstærstur hluti þeirra fundarmanna, sem þessa ráðstefnu sat, hafi í meginatriðum verið algerlega sammála því meirihlutaáliti, sem atvinnumálanefndin hafði sent frá sér til rn. í apríl 1960 og að meginstofni er það frv., sem við erum hér að ræða. Það, sem ég kann því að segja á eftir, er m. a. byggt á þessu áliti raunvísindamanna, sem ég tel, að gerst geti um þetta mál fjallað og þekki bezt til, hvernig mest megi fá út úr og bezt megi haga skipulagi rannsóknarstarfa í þágu atvinnuveganna.

Eftir að raunvísindaráðstefnan hafði fjallað um þetta frv. og sent frá sér álit um það, gerðist það síðar í málinu, að hæstv. menntmrh. fól tveim ágætum mönnum, ráðuneytisstjórunum Gunnlaugi Briem og Birgi Thorlacius, að yfirfara frv. og athuga í leiðinni þær ábendingar og þær umr., sem orðið höfðu á raunvísindaráðstefnunni. Þessir tveir ágætu menn endurskoðuðu frv. og gerðu á því nokkrar breytingar, sem flestar gengu út á að auka áhrif ráðh. og ráðuneyta yfir rannsóknastofnunum frá því, sem atvinnumálanefndin hafði talið skynsamlegt og eðlilegt, og frá því, sem ráðstefna raunvísindamanna hafði talið eðlilegt og skynsamlegt.

Það var loks í desembermánuði 1962, að frv. þetta leit fyrst dagsins ljós hér á hv. Alþingi, þ. e. a. s. nærri 2 árum eftir að meiri hl. atvinnumálanefndar skilaði fullbúnu frv. í hendur hæstv. ráðh. Þá komst frv. aldrei lengra en það, að það fór í n. eftir 1. umr. í annarri deild og sofnaði þar síðan svefninum langa. Síðar var frv. aftur lagt fyrir í marzmánuði s. l., en svo seint á þingtímanum, að útilokað var að fá það samþykkt á því þingi, enda fór svo, að málið var ekki afgreitt á því þingi. Það er því í þriðja skipti nú, sem þetta frv. er lagt fram. Það er óbreytt, eins og það er nú, frá því, sem var í marz s. l., er það var lagt fram, en á því hafa hins vegar verið gerðar nokkrar breytingar og sumar allveigamiklar og geta orkað tvímælis frá þeim till., sem meiri hl. atvinnumálanefndar hafði gert í sínu frv. 1960. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að fara nokkrum orðum um breytingar hæstv. ráðh., því að á hans ábyrgð hljóta þær breytingar að vera settar fram, sem frv. hefur inni að halda, frá því, sem atvinnumálanefndin hafði upphaflega gert ráð fyrir, í þeim tilgangi einum að biðja þá hv. nefnd, sem frv. þetta fær til athugunar, að athuga, hvort það sé öruggt, að þær séu til bóta, hvort þær séu líklegar til þess, að við fáum betri niðurstöður á skipulagningu á rannsóknarstarfseminni heldur en við hefðum fengið, ef frv., eins og meiri hl. atvinnumálanefndar hafði gengið frá því, hefði verið lögfest óbreytt.

Þá vil ég í fyrsta lagi víkja að 1. gr. frv., en þar segir: „Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir menntmrn." Samkv. till. atvinnumálanefndar var gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð ætti að falla undir forsrn. Till. munu einnig hafa komið fram um, að rannsóknaráðið félli undir ríkisstj. alla sem heild, eins og fordæmi munu vera fyrir um hliðstæða stofnun hér í landinu, þar sem um Efnahagsstofnunina er að ræða. Með því að fara aðra hvora þessa leið, tel ég, að væri verið að undirstrika enn betur en gert er með frv., eins og það nú er, mikilvægi verkefnis og starfssviðs rannsóknaráðsins. Og eftir því sem ég fæ nýjustu upplýsingar um frá þjóðlöndum fyrir vestan okkur og fyrir austan okkur, þar sem rannsóknastarfsemin er talin komin einna lengst, þá mun það vera algengast, að nefnd eða ráð svipað því, sem rannsóknaráð ríkisins er hjá okkur, falli undir forsrh. eða jafnvel ríkisstj. sem heild. Ég vil nefna sem dæmi, að Svíar, sem hafa tiltölulega nýja löggjöf um sín rannsóknarmálefni, hafa lagt þessi mál undir forsrh., og þeir hafa gert meira en það, því að í l. sjálfum er gert ráð fyrir því, að forsrh. Svíþjóðar sitji í sjálfu rannsóknaráðinu og sé formaður þess. Þetta gera Svíar til þess að undirstrika, hvað þeir telja verksvið og starfsemi rannsóknaráðsins mikilvæg. Svipað fyrirkomulag, hygg ég, að sé á skipulagi rannsóknarstarfa hjá Dönum, Frökkum og Indverjum og e. t. v. fleiri ríkjum.

Breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., gera ráð fyrir, að rannsóknaráð verði ekki yfirstjórnandi hinna einstöku rannsóknastofnana, eins og kom hér líka fram vel áðan í ræðu hæstv. ráðh., en ég tel einmitt nauðsynlegt og það hafði reynslan sýnt, að taumarnir frá hinum ýmsu rannsóknastofnunum komi allir saman í rannsóknaráði ríkisins, það sé eins konar yfirstjórnandi þeirra 5 rannsóknastofnana, sem 9. gr. frv. ráðgerir, að settar verði á stofn með samþykkt frv. Í þessu sambandi langar mig til og til stuðnings því, sem ég hef

hér fram að færa, að lesa — með leyfi hæstv. forseta — grg. þá, er fylgdi með 1. gr. frv. eins og því var skilað frá atvinnumálanefndinni í des. 1962, en þar segir svo:

„Gert er ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, og er þá átt við, að stjórn stofnunarinnar sé fyrst og fremst í höndum rannsóknaráðs sjálfs, en ekki í höndum ráðuneytis. Að vísu yrði framlag ríkisins til rannsóknaráðs á fjárl., en þess er vænzt, að stofnunin geti fengið framlög annars staðar frá, og yrði ráðstöfun slíks fjármagns í höndum rannsóknaráðs. Í þeim löndum, sem fremst standa um skipulag rannsóknarmála, eins og t. d. Noregi og Hollandi, er það sjálfstæði, sem rannsóknarstarfsemin nýtur, talið einn höfuðkostur þessa skipulags." Enn fremur: „Rannsóknaráð ríkisins heyrir undir forsrh., og var það talið rétt með tilliti til þess, að hinar einstöku rannsóknastofnanir atvinnuveganna heyra hver undir viðkomandi ráðh."

Enn fremur vil ég leyfa mér til rökstuðnings þessu sama atriði að lesa upp úr grg. sama frv. um 3. gr., þar sem segir:

„Gert er ráð fyrir því, að forsrh. sé formaður rannsóknaráðs. Þetta tíðkast nokkuð erlendis meðal þjóða, sem nýlega hafa endurskipulagt rannsóknarstarfsemi sína, eins og t. d. í Frakklandi, Indlandi og Ísrael. Slík skipan skapar nauðsynleg tengsl við ríkisstj. landsins og eykur áhrifavald rannsóknaráðs."

Í 9. gr. frv., þar sem fjallað er um, að á vegum ríkisins skuli starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir, eftir því sem nánar er ákveðið í l. þessum, Hafrannsóknastofnunin, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, — um stjórnir þessara fimm sérstöku rannsóknastofnana gerir frv. ráð fyrir stórauknum áhrifum ráðh. og ráðuneyta um skipan þeirra, eins og glöggt kom fram í þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar um frv. á undan minni ræðu. Þetta er veigamikil breyting frá því, sem meiri hl. atvinnumálanefndar taldi eðlilegast og bezt fyrirkomulag þessara mála. Ég tel þessar breytingar mjög vafasamar og vil biðja þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, að athuga, hvort svo sé ekki. Ég tel, að ríka nauðsyn beri til þess, að rannsóknastofnunum þessum sé fengið eins mikið sjálfsforræði og frekast er unnt, og gæta verði þess, að tengsl þeirra við atvinnuvegina verði sem nánust. Ég tel, að nægjanlegt sé það eftirlit af hálfu ríkisvaldsins með starfsemi þessara rannsóknastofnana, sem það getur fengið með því að skipa formenn stofnananna, og gegnum þær fjárveitingar, sem veittar eru á fjárl. hvers árs til starfsemi þeirra.

57. gr. frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Forstjórar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar skulu halda fund árs-fjórðungslega eða oftar, ef þurfa þykir, til að ræða málefni, sem sameiginleg eru þessum stofnunum. Þeir setja sér fundarreglur."

Mér virðist, að með þessu ákvæði, sem er nýmæli, eða var ekki í till. atvinnumálanefndar, þá sé verið að stofnsetja vísi að nýju rannsóknaráði til viðbótar því, sem fyrir er.

Í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt um starfssvið og verkefni rannsóknaráðs og bent á hættuna, sem því væri samfara að skerða vald þess og sjálfstæði, vil ég bæta því við, að sé rannsóknaráðinu ætlað að starfa eðlilega, hlýtur það að kalla saman iðulega á hverju ári forstjóra hinna ýmsu rannsóknastofnana og raunar fleiri stofnana en um er getið í frv. sjálfu, enda mun sú hafa verið hugsun atvinnumálanefndarinnar, sbr. grg. þá, sem fylgir frv. frá 1962 og ég hef hér vitnað til áður. Þá mundi sjálfkrafa á þeim fundum myndast slík viðræðunefnd rannsóknastofnananna eins og 57. gr. frv. gerir ráð fyrir. Ég tel því grein þessa óþarfa, verði valdsvið rannsóknaráðsins ekki skert frá því, sem það er, enda tel ég skaðlegt að útiloka með l. framkvæmdastjóra rannsóknaráðsins frá því að sitja á slíkum fundi með framkvæmdastjórum hinna ýmsu rannsóknastofnana.

2. mgr. 58. gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Forstjórar þeirra rannsóknastofnana, sem hér eiga hlut að máli, skulu hafa umsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skulu þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota." Atvinnumálanefnd eða meiri hl. hennar gerði hins vegar ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins annaðist þetta verkefni, og tel ég það miklu eðlilegra. M. a. hefur Reykjavíkurborg þegar fyrir nokkru ráðstafað til rannsóknaráðs og raforkumálastjóra nær 50 ha lands að Keldnaholti. Ætlunin hefur verið sú, að þessir aðilar úthluti síðan einstökum rannsóknastofnunum landsskika á þessu svæði, sem þær hafi til óskertra umráða og byggi sjálfar fyrir sig á. Þetta hefur verið gert fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins nú þegar. Ég tel því, að þessari mgr. ætti að breyta, t. d. þannig, að rannsóknaráð ríkisins skuli hafa umsjón með óráðstöfuðu landssvæði og sameiginlegum framkvæmdum í byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skuli þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota. Ég bið hv. n., sem frv. fær til athugunar, að taka þessa ábendingu til velviljaðrar athugunar.

Eins og hæstv. ráðh. gat um hér áðan, er að finna í frv. þessu tekjustofna til skipulagsmála og rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Hæstv. ráðh. upplýsti í ræðu sinni áðan, að hvor þessara tekjustofna um sig mundi gefa tæpar 2 millj. kr. á ári. Ég hafði nú haldið, að það væri dálítið meira, en vafalaust eru það réttar upplýsingar, sem hæstv. ráðh. hefur hér flutt. En í sambandi við þetta vil ég aðeins segja, að mér þykja þeir tekjustofnar,

sem þetta frv. tryggir til rannsóknarstarfa eða skipulagsmála þeirrar starfsemi, allt of lágir. Og ég tel meira en vafasamt, að innheimta eigi tekjur til þess að standa undir starfsemi sem þessari á þann hátt, sem frvgr. tvær gera ráð fyrir. Eins og hæstv. ráðh. vék að, leggja allar þjóðir, sem vilja byggja upp lífskjör í landi sínu, á það meginkapp nú að auka hvers kyns vísindi, hvers kyns menntun, hvers kyns rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Ég hygg, að ég geti fullyrt, að mjög margar þjóðir verji allt frá 1—2% af heildarverðmæti þjóðarframleiðslunnar til rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Þetta mundi svara því, að við Íslendingar legðum til þessara mála milli 150 og 200 millj. kr. á ári. Mörg ríki verja einnig frá 3 upp í 5% af útgjöldum fjárl. hvers árs til þessarar starfsemi, en það mundi svara til þess, að við legðum til þessara mála milli 90 og 100 millj. kr. á ári. Nú skal ég fúslega játa, að mjög mikið af þessum útgjöldum er vegna rannsókna í þágu hervarna viðkomandi ríkja, sem við, sem betur fer, erum lausir við, og þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt að ætlast til þess, að við séum fullir jafningjar um fjárframlög til þessara mála og þessar þjóðir, þar sem útgjöld vegna rannsókna í þágu hervarnanna gleypa kannske fjórðung eða upp undir helming af þeim peningum, sem til þessara mála ganga. En á móti því kemur hins vegar það, að við erum aðeins byrjendur í þessari grein. Flestar menningarþjóðir fyrir vestan okkur og austan hafa um áratugaskeið varið milljónafúlgum, billjónafúlgum til hvers kyns rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, og þeir eru þegar komnir langt á undan okkur. Við megum taka sannarlega mjög vel á, eftir því sem efni og aðstæður leyfa, ef við eigum að geta brúað að nokkru leyti það forskot, sem þær þegar hafa. Ég held því, að þeir tekjustofnar, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að gangi til þessara mála, en upplýsingar um þá er að finna í 55. gr. frv., hrökkvi hvergi til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem þessi starfsemi hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér, eigi að reka hana skynsamlega. Hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan að vísu, að tímabært væri, eins og hann orðaði það, að stórauka fjárveitingar til hvers kyns rannsókna í þágu atvinnuveganna, og vil ég sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hans og vona, að ekki verði á því mikil bið, að við hana verði staðið af þeim, sem með þau mál fara. En eins og ég sagði áðan, gerir frv. ráð fyrir nýjum tekjustofnum. Annars vegar á að leggja á einn nýjan skatt í viðbót við alla þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur áður á lagt, þ. e. a. s. skatt á iðnaðarvinnu í landinu, og samkv. 53. gr. á enn að bæta einum nýjum skattinum ofan á alla þá nýju skatta, sem ég veit ekki, hversu margir eru orðnir á valdaferli hæstv. ríkisstj., en skv. henni á að bæta nýjum skatti á sement og timbur og járn, sem í eðli sínu hlýtur að verka þannig, að hann kemur fyrst og fremst niður á þeim, sem eru að ráðast í það stórvirki að byggja íbúðarhúsnæði yfir sig, eins og ekki væri hlaðið nóg af pjönkum á þá Skjónu af hvers kyns opinberum álögum. Ég vil mjög undirstrika, að ég tel óhæfu að leggja þennan skatt á byggingarefnið. Ég viðurkenni, að það er þörf á auknum tekjum til rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, en ég hygg, að það sé hægt að finna miklu réttlátari skattlagningarleið en þá, sem frv. gerir hér ráð fyrir. Ég get trúað því, að hæstv. ráðh., ef hann talar hér á eftir, segi, þegar ég hef haldið því fram, að hvergi sé nægjanlega nógu langt gengið í fjárveitingum til rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, að hér sé um að ræða enn eitt yfirboð af hálfu framsóknarmanna, sem enginn taki alvarlega. Ef svo færi, að hæstv. ráðh. kynni að svara þessu þannig, þá vil ég fyrir fram leyfa mér að svara þeim ummælum með því að vitna til þess, sem George Brown, varaformaður brezka Verkamannaflokksins, sagði gjarnan, þegar hann var að útlista stefnuskrá Verkamannaflokksins fyrir brezkum kjósendum og þáv. stjórnarflokkur, Íhaldsflokkurinn benti á, að það væri svo sem enginn vandi að benda á ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir, en hvar ætti að fá fé til að ráðast í þessar framkvæmdir, þá var svar Browns í aðalatriðum það, að hann teldi, að þetta væri hægt að tryggja með því að velja verkefnin í réttri röð. Ég tel, að rannsóknir í þágu atvinnuveganna séu verkefni, sem eigi að vera mjög ofarlega á þeim röðunarlista, sem hver ríkisstj. á Íslandi ætti að hafa um opinberar framkvæmdir, og þess vegna tel ég, að vel væri hægt að velja langtum meira fé til þessarar rannsóknarstarfsemi og menntunar heldur en frv. gerir ráð fyrir, og veit ég, að hæstv. ráðh. er mér sammála um það, því að hann upplýsti í ræðu sinni áðan, að engir peningar hefðu ávaxtað sig betur, — það væri reynsla nágrannaríkjanna, sem hann nefndi, — að engir peningar hefðu ávaxtað sig betur en þeir, sem varið hefði verið til þessara mála.

Ég vil svo að endingu aðeins lýsa því yfir, að þrátt fyrir það að ég hafi bent á og reynt að vekja athygli á því, að breytingar þær, sem frv. þetta gerir ráð fyrir frá því, sem það var, er atvinnumálanefndin skilaði því í upphafi, geti mjög orkað tvímælis, þá fagna ég mjög framkomu þessa frv. Ég tel hins vegar, að breyt. séu það vafasamar og gangi gegn þeirri þróun, sem orðið hefur í þessum málum hjá nágrannaríkjum okkar, bæði í austri og vestri, sem hafa endurskipulagt þessi málefni fyrir stuttu, að hv. menntmn. hljóti að skoða það mjög vel og vandlega, hvort þær séu til nokkurra bóta. Hæstv. ráðh. bauð líka upp á áðan, að ríkisstj. væri til viðtals um breytingar á frv., og það er þess vegna, sem ég hef reynt að undirstrika það í ræðu minni núna, að breytingarnar kynnu að vera mjög varhugaverðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði hér áðan.

Í sambandi við þá ráðstefnu, sem haldin var af raunvísindamönnunum, þá er það misskilningur hjá honum, að þeir hafi verið allir á eitt sáttir um það, að stjórnarfyrirkomulag væri bezt með því móti, eins og meiri hluti atvinnunefndar hafði lagt til, að það væru samtök atvinnurekenda, sem hefðu þar öll völd. Það var síður en svo, að raunvísindamenn okkar langaði til þess að heyra undir slíka stjórn eða slík stjórn ætti að ráða því, hverjir þar væru forstjórar. Það kom fram gagnrýni á þessu og var líka send til okkar í atvinnumálanefndinni frá ýmsum aðilum þar. Hins vegar eru skiptar skoðanir um þetta, líka þar, það er rétt að taka það fram.

En það er aðallega eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykn., sem ég vildi gera mjög alvarlega aths. við. Hann talar um þessar rannsóknastofnanir þannig, að það þurfi að tryggja sjálfsforræði þeirra, eins og hann orðaði það, og tengsl við atvinnuvegina. En hvað er það, sem vakti fyrir meiri hl. atvinnumálanefndar, sem hann virðist alveg vera sammála, í sambandi við tillögur þess meiri hl.? Það, sem vakti fyrir með till. meiri hl. atvinnumálanefndarinnar, var raunverulega að tryggja atvinnurekendasamtökunum í landinu valdið yfir rannsóknastofnununum, og það var það, sem ég var á móti. Þetta var rökstutt með því, að þessir atvinnuvegir ættu að leggja fram fé með þeirri skattlagningu, sem gert var ráð fyrir. Ég spurði þá, hvort ekki væri meiningin, að þessir atvinnurekendur fengju að velta því fé yfir á almenning með því að hækka verðið, og það var að vísu gengið út frá því, þegar meiri hl. svaraði, að þeir fengju vafalaust að leggja það á, en hins vegar mundi verða svo frjáls verzlun hér á Íslandi bráðlega, að þeir yrðu að bera þetta sjálfir eða einhvern veginn eigi samkeppnin að geta risið undir því. M. ö. o.: þessar tilhneigingar á árinu 1960 eða fram að því, sem fram komu í atvinnumálanefnd og meiri hl. hennar var svo hrifinn af, voru í ætt við það, sem þá var að koma fram hjá vissum aðilum í þjóðfélaginu, að það ætti að taka frá ríkinu þær stofnanir, sem ríkið hefði, og setja undir einstaka atvinnurekendur. Það var í sama stíl og Einar Sigurðsson, sem hér sat um tíma á þingi með okkur, skrifaði í Morgunblaðið 1959, að það ætti að taka ríkisfyrirtækin og selja þau í hendur samtökum atvinnurekenda. Á sama hátt lagði meiri hl. atvinnumálanefndar til að setja þessar stofnanir ríkisins raunverulega undir atvinnurekendasamtökin í landinu, og það var það, sem ég var á móti. Og ég skoða það ekki sem neitt sjálfsforræði, heldur alveg þveröfugt. Ég álít, að það að setja rannsóknastofnanirnar undir atvinnurekendasamtökin í landinu þýði sama sem að gera þær háðar þeim, það þýði að gefa þessum atvinnurekendum og þeirra samtökum valdið yfir þessum rannsóknastofnunum og það þýði oft og tíðum að gera þær smærri í sniðum en ella mundi vera. Ég treysti ríkinu, hver sem í ríkisstj. er, betur til þess að setja samvizkusama embættismenn, sem stjórna slíku og geta gert það af stórhug og unnið að því, heldur en að þeir einstöku atvinnurekendur og þeirra samtök eigi að ráða því á hverjum tíma, hvaða menn séu ráðnir þarna forstjórar til nokkurra ára. Við þekkjum þann klíkuskap, sem í sambandi við slíkt er, og álítum þess vegna, að það sé heppilegra, að ríkið, eins og það hefur haft með að gera stofnanir eins og Raforkumálastofnunina, sem hefur unnið einna bezt á þessum sviðum af íslenzkum ríkisstofnunum, þá álít ég, að það sé miklu betra að treysta á ríkið í þessum efnum. Og svo er það víðast hvar úti um heim. Hitt er aftur á móti rétt, að það eru ýmsir voldugir auðhringar erlendis, sem hafa voldugar rannsóknastofnanir og vinna þar líka um leið mjög mikil verk fyrir vísindin. Það eru forrík auðhringar, eins og við skulum segja I. G. Farbenindustrie gerði í Þýzkalandi á sínum tíma og aðrir slíkir, sem vissulega hafa unnið að vísu fyrir hernaðinn um leið, en fyrir vísindin líka mjög stór verk. En þeir kosta þetta þá líka sjálfir. En hvert ríki hefur venjulega litið á það sem sitt verkefni, að rannsóknastofnanirnar skyldu heyra undir það, þeim skyldi séð fyrir nægu fé og sem starfsmenn við slíkar rannsóknastofnanir skyldu settir hinir færustu vísindamenn og reynt að gera þeim mögulegt að fá þar sem bezta starfsaðstöðu. Þess vegna held ég, að raunverulegt sjálfsforræði þessara rannsóknastofnana sé einmitt öruggast með því, að þær séu sjálfstæðar ríkisstofnanir, en ekki undir samtök atvinnurekenda gefnar. Tengsl við atvinnuvegina aftur á móti álít ég vera mjög nauðsynleg, og þau álít ég rétt að skapa, eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, með þeim ráðgjafarnefndum, sem þarna er gert ráð fyrir. Og ég vil undirstrika það, að ég álít það mjög nauðsynlegt og mjög stórt spor einmitt fram á við, að rannsóknastofnanir ríkisins hafi gott samband við bæði samtök atvinnurekenda í landinu, samtök verkalýðs og starfsmanna í landinu og samtök áhugamanna og þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta á hverju slíku sviði. Ég álít það mjög heppilegt og álít það alveg nauðsynlegt og var því sammála frá upphafi að hafa það í lögum.

Ég held þess vegna, að það sé sjálfsagt, að menntmn. athugi þessa hluti alla saman mjög vel, líka þær uppástungur, sem hv. 4. þm. Reykn. kom með, og við förum líka vandlega yfir það, sem samþ. var og rætt var á fundi raunvísindamanna í háskólanum og liggur fyrir fjölritað. En það er rétt, að þá komi líka fram þær till., sem þeir vísindamenn hafa gert, sem látið hafa í ljós skoðanir sínar á fyrirkomulaginu á þessu sviði. Það eru sem sé mjög skiptar skoðanir hjá þeim, en þær eru ekki aldeilis allar á þá leið að vera undir samtök atvinnurekenda gefin, eins og var raunverulega tilgangurinn með till. meiri hl. atvinnumálanefndar. Mér þykir satt að segja leitt, að einmitt hv. 4. þm. Reykn., — ég veit ekki, hvort hann hefur talað hér fyrir Framsfl.

eða aðeins fyrir sjálfan sig, — mér þykir það mjög leitt, ef hann tekur afstöðu, sem ég mundi skoða hægra megin við það, sem hæstv. ríkisstj. þó hefur fengizt til að taka. Það væri ákaflega leiðinlegt, ef það yrði nú allt í einu svo, að Framsfl., sem við höfum nokkurn veginn getað treyst á, að væri þó vinstra megin með okkur hér í þinginu frekar en hitt, að hann væri allt í einu farinn að hoppa yfir og taka sér sæti hægra megin. Ég vil þess vegna vona, að hv. þm. Framsfl. átti sig nú á þessu, hvar hann muni eiga að vera, þegar til kemur.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeirri ræðu, sem hv. 3. þm. Reykv. hélt hér áðan.

Í fyrsta lagi, ég sagði aldrei, að þeir fulltrúar, sem voru á raunvísindaráðstefnunni, hefðu allir verið sammála meiri hl. atvinnumálanefndar. Ég sagði, að mikill meiri hl. þeirra hefði verið sammála því, sem meiri hl. atvinnumálanefndar lagði til, og það hygg ég, að sú skýrsla, sem gefin var út um ráðstefnuna sjálfa, sanni gleggst.

Annað atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. vék hér að áðan, var, að ég með þeim ábendingum um þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir frá till. meiri hl. atvinnumálanefndarinnar, væri að leggja allar hinar sérstöku fimm rannsóknastofnanir undir atvinnurekendavaldið í landinu, eins og hefði verið tilætlun meiri hl. atvinnumálanefndarinnar. Nú skal ég ekki segja um, hvað þeim hefur farið á milli í atvinnumálanefndinni, en af sjálfri grg. með frv. því, sem fylgdi frá atvinnumálanefndinni árið 1962, er alveg auðséð, að hér fer hv. 3. þm. Reykv. villur vegar eða hann er þá búinn að gleyma því, sem þá fór fram, því að ég get með einföldum upplestri úr grg., þar sem rakið er, hvernig eigi að skipa stjórnir hinna einstöku rannsóknastofnana, á mjög auðveldan hátt afsannað það, að till. atvinnumálanefndarinnar um skipun stjórna rannsóknastofnananna hafi verið gerð í þeim tilgangi einum að koma þeim undir áhrif og stjórn atvinnurekendavaldsins. Ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þannig t. d. grg. með 12. gr., sem fjallar um Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Þar segir:

„Ráðh. skipar formann stjórnarinnar án tilnefningar, en þrír stjórnarmeðlimir eru tilnefndir af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, sem í eiga sæti fulltrúar flestra stærstu aðila á sviði byggingarmála. Mjög er talið æskilegt, að meðlimir stjórnar stofnunarinnar hafi tæknilega menntun og einkum þekkingu á byggingarfræðilegum störfum. Sjálfsagt virðist, að formaður stjórnarinnar sé verkfræðingur."

En eins og hv. ræðumaður, 3. þm. Reykv. gat um hér áðan, var meiningin með þessum ráðgjafarnefndum að hafa þær mjög fjölmennar, og í þeim áttu ekki einungis að sitja fulltrúar frá atvinnuvegunum, heldur einnig fulltrúar frá samtökum launþega í landinu.

Í 20. gr. frv., eins og atvinnumálanefndin gekk frá því, segir þannig um stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins:

„Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum. Ráðh. skipar einn án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar, en 2 eru frá atvinnuvegunum. Talið er eðlilegt, að iðnaðurinn hafi meiri hl. í stjórninni, enda gert ráð fyrir því, að meginhlutinn af fjármagni stofnunarinnar komi þaðan, og í Félagi ísl. iðnrekenda og Sambandi ísl. samvinnufélaga eru flestallir þeir aðilar, sem mundu leggja stofnuninni til fjármagn. Iðnaðarrannsóknir eru í eðli sínu fyrst og fremst á sviði verksmiðjuiðnaðar."

Ég hygg, að þegar einn af þessum mönnum er skipaður af ráðh. og á að gæta þar hagsmuna ríkisvaldsins og hinn er skipaður af samtökum samvinnumanna í landinu, þar sem félagsmenn eru á milli 30 og 40 þús., þá sjáist það glöggt með upplestri þessarar grg., hversu það er út í bláinn að tala um, að ég hafi verið að mæla sérstaklega fyrir því, að stjórnir rannsóknastofnananna væru settar undir atvinnuvegina eingöngu, og eins og hv. ræðumaður lét að liggja hér áðan, að sú hugsun kynni að búa á bak við, að einhvers konar auðhringir, eins og I. G. Farbenindustri, þýzka fyrirtækið, kynnu að fá ráðið mestu um skipun stjórna þessara rannsóknastofnana. Ég held, að það hafi alls ekki verið meining meiri hl. atvinnumálanefndarinnar, og ég held, að grg. sú, sem fylgir frv. því, sem lagt var fram 1962, afsanni það gersamlega, að svo hafi verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 533, 507, 539).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á þeirri öld tækni og vísinda, sem upp er runnin, þarf hver þjóð, hversu smá sem hún er, að hagnýta sér vísindalegar rannsóknir til að skapa sér þau lífskjör, sem við allir viljum njóta nú á dögum. Um þetta erum við allir sammála.

Hér á landi hafa verið stundaðar hagnýtar rannsóknir fyrir atvinnuvegi í mörg ár. Hins vegar hefur þurft að endurskipuleggja rannsóknarmálin og koma þeim í nútímahorf, þannig að við gætum í framtíðinni hagnýtt okkur rannsóknir í þágu atvinnuvega eins og þarf á þeim breyttu tímum tækni og vísinda, sem við lifum á.

Um langt árabil hafa nefndir starfað að undirbúningi þessarar endurskipulagningar. Eftir að þær luku störfum, kom málið inn í Alþ., og hér hefur það verið síðan 1962. En ekki hefur tekizt að ná því samkomulagi um málið, að hægt væri að afgreiða það. Þegar haft er í huga, að hér er fyrst og fremst um að ræða skipulagningu rannsóknarmála at-

vinnuveganna, verður ljóst, að við megum ekki láta slíkt mál vefjast fyrir okkur öllu lengur. Ef Alþ. vill gera frekari átök í rannsóknarmálum fyrir atvinnuvegina, og það þarf vissulega að gera, verður fyrst að ljúka skipulagsmálunum og koma svo að kjarna málsins. En hversu erfitt sem mönnum kann að reynast að gera upp við sig slík mál sem þetta, megum við ekki dveljast við það öllu lengur.

Menntmn. hefur fjallað um málið í þessum anda. Hún leggur á það mikla áherzlu, að Alþ. taki nú rögg á sig og afgreiði þetta mál. Í n. hafa verið mismunandi sjónarmið, en nm. hafa lagt sig fram um að finna þá sameiginlegu lausn, sem er í till. n., og hafa margir látið niður falla ýmsar hugmyndir sínar til að ná því samkomulagi.

Eins og getur á þskj. 533, var hv. 3. þm. Reykv. andvígur þeirri skipan, sem höfð er á stjórnum rannsóknastofnana, og hann flytur um málið eina brtt., en styður það eindregið, hversu sem henni reiðir af, að því er mér hefur skilizt. Þeir hv. 3. þm. Vestf. og 4. þm. Sunnl. eru andvígir einu atriði í 45. og 53. gr., sem fjallar um fjáröflun, en styðja málið í heild engu að síður.

Brtt. þær, sem menntmn. hefur gert, eru á þskj. 507. Till. eru 37 talsins og 4 prentaðar síður. Ég vil benda mönnum á, að hér er fjallað um 5 rannsóknastofnanir og meginhlutinn af þessu prentmáli er sömu brtt., sem verður að prenta 5 sinnum í ákvæðum við hverja og eina af þessum stofnunum, svo að efni málsins er ekki eins fyrirferðarmikið og við fyrstu sýn kann að virðast. Skal ég nú í stuttu máli gera grein fyrir efni þessara till., sem prentaðar eru á þskj. 507.

Fyrsta brtt. er við 2. gr., um rannsóknaráð. N. leggur til, að fjölgað verði úr 17 í 21 mann í rannsóknaráði. N. telur rétt, að í því séu 7 alþm., en ekki 5, og er það í samræmi við þróun hér á þingi, sem ég þarf ekki að orðlengja um. En vissulega mun það rannsóknaráði til styrks, að allir þingflokkarnir eigi þar fulltrúa og að flokkslegar deilur þurfi ekki í þess mál að dragast. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að í ráðinu verði 5 forstjórar þeirra rannsóknastofnana, sem frv. fjallar um. Áður var gert ráð fyrir, að þessar stofnanir kysu sameiginlega aðeins 3 menn. Loks er gert ráð fyrir, að menntmrh. verði formaður rannsóknaráðs, og þykir það heldur eiga að styrkja aðstöðu ráðsins. Dæmi eru þess í nágrannalöndum, að jafnvel forsrh. hafa farið með slíkt starf, en hér hefur orðið samkomulag um að leggja til, að menntmrh. verði formaður ráðsins.

2. brtt. er við 4. gr. Þar var ákvæði, sem hefði gert ómögulegt fyrir forstjóra stofnananna að komast í framkvæmdanefnd rannsóknaráðs, af því að talið var, að þar kynnu hagsmunir að rekast á. En að athuguðu máli þykir ekki rétt að útiloka þá frá setu í framkvæmdanefnd rannsóknaráðs, og því er brtt. 2 við 4. gr. flutt.

Í brtt. við 6. gr. er gert ráð fyrir, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs þurfi ekki að hafa háskólapróf í raunvísindum, gæti vel verið, að menn með próf í öðrum greinum séu jafngóðir til þess starfs.

4. brtt. er við 11. gr., og kemur þar að fyrstu rannsóknastofnuninni, Hafrannsóknastofnuninni. Segir þar, að í stjórn stofnunarinnar skuli vera 3 menn skipaðir af sjútvmrh. til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Þetta er sú till., sem gerð er um stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar, og eru sams konar till. um allar hinar stofnanirnar síðar í þessu skjali.

Í brtt. 5 segir, að stjórnin eigi að samþykkja, en ekki semja starfsáætlun. Í brtt. 6 segir, að forstjórinn skuli ráða starfslið. Báðar till. eru til að styrkja aðstöðu og ábyrgð forstjóra stofnananna.

7. brtt. er við 15. gr., en hún fjallar um ráðgjafarnefnd fyrir þessa rannsóknastofnun. Menntmn. leggur til, að það skuli ákveðið, að slíkar ráðgjafarnefndir verði við stofnanirnar, en samkv. frv. var það ekki nauðsynlegt, og þurftu tilteknir aðilar að óska eftir því. N. leggur til, að forstjóri viðkomandi stofnunar eigi sæti í ráðgjafarnefnd, en telur ekki ástæðu til þess, að hann sé sjálfkrafa formaður. Þá er gert ráð fyrir, að viðkomandi rn. geti með samþykki stjórnar stofnunarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og sett reglur um, hversu vali nm. skuli hagað. Þessar ráðgjafarnefndir eiga að gegna því hlutverki að skapa föst tengsl á milli rannsóknastofnananna og viðkomandi atvinnugreina. Sést það á því, hverjir eiga að tilnefna þar menn.

Við 17. gr. er bætt nýjum lið varðandi verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar, en það er fiskirækt og allt, sem að henni lýtur, áburður á sjó og fleira slíkt. Og enn fremur er bætt við 5. liðinn rannsóknum á hagkvæmustu gerð fiskiskipa, og er þarna komið nokkuð til móts við sjónarmið hv. 3. þm. Reykv., sem hann raunar flytur í sérstakri tillögu.

Frá 9. brtt. til 13. brtt. er fjallað um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og eru till. efnislega hinar sömu og ég hef lýst.

Frá 14. brtt. til 19. brtt. er fjallað um Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og eru brtt. þar einnig sama efnis og ég hef lýst. Þó er það til viðbótar, að Stéttarsamband bænda fær tvo menn samkv. till. menntmn. í tilraunaráð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. N. þóttu sérfræðingar og tilraunastjórar vera þar of einráðir og rétt, að tveir starfandi bændur kæmu þar til að jafna metin.

20. brtt. er við 38. gr., og kemur þar að fjórðu stofnuninni, Rannsóknastofnun iðnaðarins. Till. um hana eru hinar sömu og ég hef þegar lýst.

Með 25. brtt. er komið að Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, hinni fimmtu og síðustu, og enn eru skipulagstill. þær hinar sömu og ég hef áður lýst.

Kemur þá að lokakafla frv., og má stað-

næmast við 30. brtt., sem er við 54. gr. Þar er lagt til, að ráðh. skuli ákveða deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipa deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar. Þykir rétt, að heimilt sé fyrir ráðh. að ákveða deildaskiptingu og þar með stöður deildarstjóra, eftir því sem verkefni og önnur málefni þessara stofnana þróast og ástæða er til vegna þeirra sérfræðinga, sem þær hafa.

Við 56. gr. er 32. brtt., sem ástæða er til að nefna. Þar er gert ráð fyrir, að húseign atvinnudeildar á lóð háskólans verði ráðstafað í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi. Þetta hús er við hlið höfuðbyggingar Háskóla Íslands, og menntmn. þykir eðlilegt, að það renni til háskólans eða vísindalegrar starfsemi á hans vegum eða kennslu, þegar ríkið sér rannsóknastofnunum atvinnuveganna fyrir öðru betra húsnæði, eins og þegar er byrjað á. Fyrr verður það að sjálfsögðu ekki.

Samkv. 57. gr., sem 33. brtt. fjallar um, eiga forstjórar rannsóknastofnananna að koma saman ársfjórðungslega til að ræða sameiginleg mál. Hér er gert ráð fyrir, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs kalli þá saman og sitji fundi þeirra, og hefur þá hvort tveggja verið gert, aðstaða forstjóranna í rannsóknaráði er verulega styrkt og framkvæmdastjóri rannsóknaráðs fær aftur forsæti á þessum ársfjórðungsfundum, sem þeir halda um sín mál.

34. brtt., við 58. gr., er um yfirumsjón á óráðstöfuðu landssvæði eða sameiginlegum byggingum og tækjum, sem rannsóknastofnanirnar kunna að fá. Er gert ráð fyrir, að rannsóknaráðið hafi þau yfirráð, þar til ákveðnum svæðum eða byggingum er úthlutað til einstakra stofnana. Þá falla öll yfirráð yfir þeim til viðkomandi stofnana.

Loks er brtt. 35 við 63. gr. Þar er lagt til, að samkv. reglugerð megi heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands. Þarna er látið að því liggja, að æskilegt gæti verið að hafa tengsl á milli háskólans og þessara stofnana til að nota krafta góðra vísindamanna. Þótti n. ekki rétt að gera þetta að skyldu og taldi heppilegast, að ráðh. hefði heimild til að setja um þetta ákvæði, enda verður það mjög að fara eftir einstökum mönnum og aðstæðum. Sumir vísindamenn, sem þessar stofnanir kunna að hafa í þjónustu sinni, leggja hug á að kenna eða þurfa að halda uppi kennslu í sambandi við starf sitt. Aðrir þurfa þess ekki og hafa ekki hug á kennslustörfum, og verður að haga því nokkuð eftir aðstæðum.

Ég hef þá farið mjög fljótlega yfir brtt. Kemur þar fram, hvaða skipulagsbreytingar menntmn. hefur orðið sammála um að mæla með. Ég vil ítreka það, að ef íslenzkum rannsóknarmálum á að þoka fram á veg á næstu árum, má Alþ. ekki lengur sitja og velta vöngum yfir skipulagsmálum — silkihúfunum — á þessu sviði. Við skulum því á grundvelli þess samkomulags, sem náðst hefur á milli flokkanna í menntmn., afgreiða þetta mál og taka svo að hugsa um kjarna málsins, hvað við getum gert til þess að hagnýta okkur rannsóknarstörfin betur í framtíðinni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. menntmn. hefur tekið fram, stendur öll menntmn. að þeim brtt., sem fluttar eru, og er öll n. sammála um að mæla með samþykkt frv., þó að smávegis ágreiningur sé um minni háttar atriði. Við hv. 4. þm. Sunnl., sem lögðum fram allmargar brtt. við frv. í n., höfum fengið tekið upp í brtt. meginefni þess, sem við fluttum, og erum við því mjög ánægðir með það. En þó er eitt atriði í þessu frv., sem við getum ekki fallizt á, og því höfum við skrifað undir nál. með fyrirvara. Skal ég gera grein fyrir, í hverju hann er fólginn.

Ákveðið er í 45. gr. frv., svo og 53. gr. þess, að lagðir skuli á nýir skattar til þess að bera kostnað af rannsóknarstarfseminni. Í 45. gr. segir, að leggja skuli á iðnfyrirtæki, verksmiðjur og verkstæði gjald, sem nemur 2 af þúsundi af kaupi starfsfólks hvers slíks fyrirtækis. Þetta er gjald, sem fyrirtækin eiga að greiða, sem nemur þessum hluta af kaupgjaldi, og á að renna til Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Undanþegin þessu gjaldi eru hraðfrystihús, síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi, sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur úr landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla. Þetta er sá skattur, sem á að renna til Rannsóknastofnunar iðnaðarins. En í 53. gr. segir, að af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skuli greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi, og þetta á að renna til starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins. Okkur er það fyllilega ljóst, að þessum stofnunum veitir ekki af þessum tekjum og þurfa auðvitað miklu meira en þetta. En við erum andvígir því að vera sífellt að leggja skatta á fyrirtæki og jafnvel einstaklinga, hvaða nýjung sem er á ferðinni og jafnvel þótt ekki sé um neina nýjung að ræða. Auk þess má benda á, að þarna á að skattleggja til tveggja þessara rannsóknastofnana af fimm. Nú sjá allir, að hinar þrjár rannsóknastofnanirnar þurfa sitt fé engu síður en þessar, og er þó ekki lagt til að skattleggja einn eða neinn til þeirra. Það er því ekki samræmi í þessu. En aðalatriðið er þó hitt, að við erum andvígir því að vera sífellt að fjölga þessum sköttum, það sé hreinlegra og eðlilegra, að ríkið leggi fé til þessara stofnana, eins og það verður reyndar að gera hvort sem er, en vera ekki að þessum sífelldu skattaálögum.

Eins og menn vita, hefur verið talsvert að þessu gert, þessum skattaálögum, að undanförnu. Ég hef alls ekki yfirlit yfir það, hvað þeir eru orðnir margir, skattarnir, á síðustu árum. Ég man þó eftir skatti, sem var lagður á iðnfyrirtæki til iðnlánasjóðs, ég man eftir skatti á ríkisábyrgðalán, og þá held ég, að menn muni eftir launaskattinum á bændur,

sem gengur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Annar launaskattur var lagður á á s. l. ári, sem gengur til húsnæðismálanna. Fyrir þessu þingi liggur frv. um að hækka eignarskatt enn til húsnæðismála, sem er í raun og veru ekkert annað en nýr fasteignaskattur, því að hann lendir á þeim, sem eiga fasteignir í bæjum. Og þá má nú ekki gleyma benzínskattinum, sem er kannske ríflegastur af þeim öllum. Tekin var út úr fjárl. mestöll fjárveiting til samgöngumála á landi, en á lagður skattur á farartæki. Þetta virðist okkur vera farið að ganga alveg úr hófi fram og viljum því ekki samþykkja enn tvo nýja skatta, sem hér er lagt til, að á verði lagðir. Ég óska því eftir því, að hæstv. forseti beri upp sérstaklega þessar tvær gr. frv., 45. gr. og 53. gr., því að við munum greiða atkv. gegn þeim. Að öðru leyti erum við samþykkir þessu frv. með þeim brtt., sem n. flytur, og munum fylgja því.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. formanni og frsm. n. um að leggja áherzlu á, að þetta frv. nái nú fram að ganga. Í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., atvinnumálanefnd ríkisins, var unnið að þessu í mörg ár. Síðan kom þetta frv. hér fyrir Alþ. og er nú búið að vera hér hjá okkur í 3 ár. Og svona má ekki til ganga. Þó er þetta aðeins ramminn utan um þær vísindarannsóknir, sem stofna skal til, og öllum mönnum kemur saman um það, sem vit hafa á þessum málum nú, að vísindin séu sjálf að verða eitthvert allra þýðingarmesta framleiðsluafl í þjóðfélaginu, þannig að það er alveg óhjákvæmilegt, að við reynum að stíga verulegt spor áfram til þess að efla þessa vísinda- og rannsóknarstarfsemi og til þess að skipuleggja hana betur en verið hefur. Með þessu frv., eins og frá því er gengið, er gerð verulega stórfelld tilraun í þessa átt og um leið reynt að tengja saman í sambandi við rannsóknaráð, sem er yfirstjórnin á þessu, ríkisstj., Alþ., háskólann og ýmsar áhugastofnanir í landinu, til þess að skapa sem allra víðtækastan áhuga og skilning á mikilvægi þessara mála. Ég vil þess vegna eindregið skora á, og um það erum við allir sammála í menntmn., — skora á hv. þm. að greiða þessu frv. götu gegnum þingið, þótt nú sé orðið svona áliðið. Það er ekki vegna þess, að menntmn. hafi legið á þessu máli, heldur þvert á móti. Hún hefur unnið ákaflega mikið í þessu máli. Við höfum allir meira eða minna, meðlimir n., útbúið brtt. um þetta mál, rætt þessar brtt. okkar á milli og síðan gert að meira eða minna leyti samkomulag um að falla frá þessum brtt., jafnvel þótt okkar skoðanir væru óbreyttar.

Ég lýsti því hér við 1. umr. málsins, að mín skoðun var sú, að í staðinn fyrir að hafa stjórn fyrir hverri einstakri rannsóknastofnun og þar að auki ráðgjafarnefnd, bæri að fella þessar stjórnir burt og hafa eingöngu ráðgjafarnefndirnar. Ég er á þessari skoðun enn þá. Hins vegar, ef ég ætti að fara að flytja brtt. um þetta, þýðir það svo margfaldar brtt. í sambandi við allar 5 stofnanirnar og brtt. í sambandi við ráðgjafarnefndirnar til þess að gefa þeim öðruvísi aðstöðu, brtt. í sambandi við, hvernig ætti að skipa forstjóra og annað slíkt, að það mundi vera allt of mikill ruglingur, og þess vegna féll ég alveg frá því, án þess að falla frá minni skoðun, að flytja nokkrar brtt. í þessu efni. Hins vegar var í menntmn. tekið ýmislegt tillit bæði til þeirra till., sem ég kom þar með og eins aðrir þm. stjórnarandstöðunnar, þannig að samvinna hefur verið ágæt í n. um að reyna að taka tillit hver til annars á víxl og gera nokkurt samkomulag, sem verða mætti til þess að tryggja það, að allir flokkar þingsins gætu að þessu staðið. Þess vegna hef ég sem sé fallið frá öllum slíkum brtt.

Ég flyt aðeins eina litla brtt. á þskj. 539, sem ég lét líka meðnm. mína vita um, að ég mundi flytja. Hún gengur út á það, að eftir 18. gr. komi ný gr. Í frv. er gert ráð fyrir tveimur rannsóknastofnunum, sem sjávarútvegurinn hefur með að gera. Önnur er Hafrannsóknastofnunin og hin er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ég legg til, að þarna sé sett upp þriðja stofnunin, með því að það sé tekið ákveðið verkefni út úr því, sem Hafrannsóknastofnunin nú hefur, og falli til stofnunar, sem við köllum Tæknistofnun sjávarútvegsins. Það er nú þegar gert ráð fyrir því með samkomulagi, sem gert var í n., að það sé möguleiki á því að gera hin einstöku verkefni eða verksvið, sem um ræðir, að sérstakri deild, þannig að ráðh., í þessu tilfelli sjútvmrh., hefur nú heimild til þess að skapa sérstaka deild, sem hafi með þessi tæknistofnunarmál að gera. Fyrri hluti minnar brtt. er þess vegna aðeins raunverulega ákvæði um, að það skuli setja upp þessa deild. Í öðru lagi er hins vegar seinni hluti till. um það, að á árinu 1967 sé ráðh. heimilt að gera þessa deild að sérstakri stofnun, þannig að ef ráðh. notar þessa heimild, yrðu það þrjár stofnanir, sem heyra undir sjávarútveginn þarna. Það er Hafrannsóknastofnunin, það er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og það er Tæknistofnun sjávarútvegsins, sem hefði þá með að gera allar vísindalegar rannsóknir og tilraunir í sambandi við veiðarfæri, veiðitækni, veiðiskip og annað þess háttar. Eins og menn sjá, er þetta það mikið aðgreint efni frá hafrannsóknunum annars vegar og fiskiðnaðinum hins vegar, að ég tel það mjög eðlilegt, en geng þó ekki lengra í þessu en að leggja til, að það skuli aðeins stofnuð sérstök deild fyrst innan Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir þetta, og það hefur ráðh. raunar samkv. þeim breytingum, sem gerðar voru á síðasta kafla frv., líka heimild til þess að gera, án þess að samþykkt sé gerð um þetta, en hins vegar fái hann heimild til þess að gera þessa deild að sérstakri stofnun. Það varð ekki samkomulag um þetta, en ég vildi engu að síður sýna þessa till., og náttúrlega fylgi ég frv. alveg jafnt, hvernig sem henni reiðir af. En vafalaust tel ég, að það muni verða með tímanum, að þróunin verði í þessa

átt, og það hefur nú e. t. v. gert meira hjá mínum meðnm., að þeir vilji sem minnsta röskun gera á þessu frv., til þess að stofna því ekki í neina hættu, og það skil ég líka vel og hef að mínu leyti viljað stuðla að því, að svo mætti verða.

Ég er sem sé fylgjandi öllum þeim brtt., sem við flytjum hér sameiginlega í menntmn., og fylgjandi þessu frv. í heild og vil eindregið taka undir áskoranir um það, að við gerum mögulegt að koma þessu frv. nú gegnum þingið, þó að svona áliðið sé orðið. Menntmn. hefur lagt ákaflega mikið starf í þetta mál, og ég vona, að það starf megi bera þann árangur, að mönnum þyki þetta frv. nú betra en það upphaflega var, og samkomulag ætti að vera tryggt um það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 507,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,4 (ný 11. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 507,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 507,7 (ný 15. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 507,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 539 felld með 16:9 atkv.
19. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 507,9 (ný 20. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
— 507,10 samþ. með 27 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 507,11 samþ. með 25 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 507,12 (ný 24. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 507,13 samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 507,14 (ný 29. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 507,15 samþ. með 28 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 507,16 samþ. með 29 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 507,17 (ný 33. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 507,18 samþ. með 26 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,19 (ný 36. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 507,20 (ný 38. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 507,21 samþ. með 25 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 507,22 samþ. með 26 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,23 (ný 42. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 507,24 samþ. með 28 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 20:5 atkv.
46. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 507,25 (ný 47. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 507,26 samþ. með 28 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,27 samþ. með 27 shlj. atkv.
49. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
50. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 507,28 (ný 51. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
— 507,29 samþ. með 28 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
53. gr. samþ. með 21:5 atkv.
Brtt. 507,30 samþ. með 27 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 507,31 samþ. með 31 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 507,32 samþ. með 24 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 507,33 (ný 57. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 507,34 samþ. með 22 shlj. atkv.
58. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
59.—62. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 507,35 samþ. með 26 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 507,36 (ný 64. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 507,37 (ný 65. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 558).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var fyrir nokkrum dögum afgreitt þar með shlj. atkv. hv. dm., eftir að menntmn. d. hafði einum rómi gert við frv. allvíðtækar brtt., sem samþ. voru að mestu leyti shlj. Aðeins ein brtt. við frv. kom fram frá einum meðlimi hv. menntmn.,

hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni. Sú brtt. náði ekki fram að ganga, en hún var eina brtt., sem flutt var við frv. að frátöldum þeim brtt., sem öll menntmn. stóð að og allar voru samþ. shlj.

Sökum þess að svo að segja alger samstaða náðist um afgreiðslu þessa mikilvæga máls í hv. Nd., þó að það hafi að vísu ekki orðið fyrr en nú fyrir fáum dögum, leyfi ég mér að vænta þess, að hv. Ed. sjái sér fært að taka málið til sem skjótastrar meðferðar og afgreiða það nú á þessu þingi, þó að mér sé að vísu ljóst, að tíminn til þess að fjalla um svo mikilvægt mál sem hér er um að ræða er ekki orðinn mikill, þar eð gert mun vera ráð fyrir því, að þinglausnir fari fram í miðri næstu viku. En bæði vegna þess, hve rækilegan undirbúning þetta mál hafði fengið, þegar það fyrst var lagt fyrir hið háa Alþ., og svo vegna þess, að Alþ. fjallar nú í þriðja sinn um frv., þó að það hafi að vísu hingað til ávallt verið í hv. Nd., leyfi ég mér nú samt að óska þess eða láta í ljós þá von, að sá rækilegi undirbúningur, sem málið fékk, og sú mikla athugun, sem málið hefur fengið í menntmn. hv. Nd., muni verða til þess að auðvelda hv. Ed. og menntmn. hennar meðferð málsins á þeim skamma tíma, sem eftir er af þingtímanum.

Ég skal, til þess að eyða ekki dýrmætum tíma þingsins, ekki fara mörgum orðum um málið, og þó vil ég freista þess að gera í sem stytztu máli grein fyrir þeim meginbreytingum á ríkjandi skipulagi íslenzkra rannsóknarmála, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér, og skal ég þá greina á milli frv., eins og það upphaflega var lagt fyrir hv. Nd. af ríkisstj., og síðan gera grein fyrir þeim brtt., sem hv. Nd. samþykkti samhljóða í s. l. viku.

Rannsóknaráð ríkisins, sem stofnað var árið 1939 og aðstoðaði atvmrn. við yfirstjórn atvinnudeildar háskólans, er nú skipað þrem mönnum eftir tilnefningu stærstu þingflokkanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins verði ráðgjafarstofnun, sem vinni að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru ekki í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann. Aðalverkefni rannsóknaráðs ríkisins eiga að vera efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Það á að hafa samráð við hinar ýmsu rannsóknastofnanir og fá sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknarstarfsemi í landinu og gera till. til úrbóta, ef það telur rannsóknarstarfsemina ófullnægjandi, rannsóknarskilyrði ófullkomin eða merk rannsóknarefni vanrækt. Þá á ráðið að hafa með höndum athugun á hagnýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, gera till. um framlög ríkisins til rannsóknarmála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til rannsóknastofnana, sem l. taka til. Rannsóknaráðið á að hafa með höndum öflun fjármagns til rannsóknarstarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þessa fjár milli rannsóknastofnana og rannsóknarverkefna. Rannsóknaráðið á að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé, semja árlega skýrslu um rannsóknarstarfsemi í landinu og enn fremur stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknarstörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Enn fremur á rannsóknaráðið að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga í atvinnuvegunum með kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Samkv. frv. á verkefni rannsóknaráðs fyrst og fremst að vera í því fólgið að vera ráðgjafi ríkisstj. og Alþ. í rannsóknarmálum, vera höfuðaðili að mótun opinberrar stefnu í rannsóknarmálum. Ráðið á hins vegar ekki að hafa með höndum yfirstjórn rannsóknastofnana, svo sem nú á sér stað, og er það meginbreyting frá ríkjandi skipulagi.

Í frv. ríkisstj. var gert ráð fyrir því, að í rannsóknaráði ættu sæti 17 menn og skyldu vera fulltrúar atvinnuvega, Seðlabanka, háskólans og Alþ. Ráðið á að vera ólaunað, en kjósa úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd. Gert var ráð fyrir því, að rannsóknaráðið heyrði undir menntmrh., sem skipaði formann þess og framkvæmdastjóra. Þannig voru ákvæði stjfrv.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að á vegum ríkisins skuli starfræktar þessar rannsóknastofnanir: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Meginbreyting frá ríkjandi skipulagi er sú, að Atvinnudeild háskólans yrði lögð niður, Hafrannsóknastofnunin kæmi í stað fiskideildar og Rannsóknastofnun landbúnaðarins í stað búnaðardeildar, en í stað iðnaðardeildar kæmu tvær stofnanir, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins kæmi í stað Rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands.

Nú lýtur hver deild Atvinnudeildar háskólans stjórn deildarstjóra undir yfirstjórn rannsóknaráðs og atvmrn. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hver rannsóknastofnun verði sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyri undir hlutaðeigandi fagráðuneyti, þ. e. a. s. nú eru allar rannsóknastofnanir undir stjórn eins og sama rn., atvmrn., og undir stjórn eins og sama ráðh., en í verkaskiptingarúrskurði forseta hefur menntmrh. eða mér verið falin yfirstjórn Atvinnudeildar háskólans og þar með allra þessara rannsóknastofnana. Í stjfrv., og á það var einnig fallizt af hv. menntmn. Nd., er gert ráð fyrir því, að framvegis komi hver rannsóknastofnun undir stjórn hlutaðeigandi fagráðh., Rannsóknastofnun sjávarútvegsins færi undir stjórn sjútvmrh., stofnun landbúnaðarins undir stjórn landbrh., hinar tvær stofnanir iðnaðarins undir stjórn iðnmrh., en rannsóknaráðið á eftir sem áður

að vera undir stjórn menntmrh. og þó ekki bundið við persónu ákveðins manns, heldur vera undir stjórn menntmrn. og menntmrh., enda eru önnur rannsóknarstörf í landinu á vegum þess rn. og þá fyrst og fremst Háskóli Íslands. Rannsóknaráðið á hins vegar ekki að hafa nein afskipti af stjórn rannsóknastofnana, sem algerlega hverfa undir stjórn hlutaðeigandi fagráðuneyta. Rannsóknastofnunum er hins vegar fengin sérstök stjórn og auk þess gert ráð fyrir skipun sérstakra ráðgjafarnefnda við einstakar rannsóknastofnanir.

Í stjfrv. var gert ráð fyrir því, að stjórnir rannsóknastofnananna skyldu skipaðar eins og ég nú skal lýsa, en einmitt við þetta atriði voru aðalbrtt. hv. menntmn. Nd. Samkv. frv. áttu í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar að vera þrír menn, forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefndinni. Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins áttu að vera með sama hætti forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd. Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins áttu að eiga sæti forstjóri stofnunarinnar, búnaðarmálastjóri og maður tilnefndur af tilraunaráði Rannsóknastofnunarinnar. Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins áttu hins vegar að eiga sæti 5 menn, forstjóri Rannsóknastofnunarinnar, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og tveir menn, sem ráðh. átti að skipa án tilnefningar. Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins áttu hins vegar að vera þrír menn, forstjórinn, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn, sem ráðh. átti að skipa án tilnefningar. Kerfið í uppbyggingu stjórnanna í frv. ríkisstj. var þannig það, að ráð var fyrir því gert, að meiri hl. stjórnanna væri jafnan opinberir starfsmenn, sem skipaðir hafa verið til starfa sinna af ráðh. Í stjfrv. var alls staðar gert ráð fyrir því, að forstjóri stofnunarinnar ætti sæti í stjórninni og væri jafnframt formaður hennar. Var það gert til þess að tryggja, að nauðsynleg sérþekking væri jafnan fyrir hendi í stjórn stofnananna til þess að stuðla að festu í framkvæmdastjórninni og í því skyni að efla samstarf stjórnar og þeirra, sem í stofnuninni ynnu. Í stjfrv. var alls staðar gert ráð fyrir því, að í stjórnum rannsóknastofnana yrðu þrír menn, nema í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins, þar var gert ráð fyrir 5 mönnum. Alls staðar var gert ráð fyrir því, að forstjóri rannsóknastofnunarinnar ætti sæti í stjórninni og væri formaður hennar. Hinir stjórnarmennirnir áttu að vera skipaðir sem hér segir: Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins átti fiskimálastjóri að eiga sæti í stjórninni og enn fremur maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd hlutaðeigandi rannsóknastofnunar. Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins átti búnaðarmálastjóri að eiga sæti í stjórninni og maður tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins áttu að eiga sæti tveir menn tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda og Sambandi ísl. samvinnufélaga og aðrir tveir tilnefndir af iðnmrh., m. a. vegna opinberra iðnfyrirtækja og fyrir iðnrekendur, sem standa utan fyrrnefndra samtaka. En ástæðan fyrir því, að fulltrúum Félags ísl. iðnrekenda og Sambands ísl. samvinnufélaga var fengið sæti í stjórn þessara rannsóknastofnana, er sú, að í frv. eru ákvæði um vissar greiðslur af hálfu iðnaðarins til rannsóknastofnananna. Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins áttu að eiga sæti menn tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna og maður tilnefndur af iðnmrh.

Í frv. var gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi ráðh. skipi alla helztu starfsmenn rannsóknarmálanna, þ. e. framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, forstjóra einstakra rannsóknastofnana og alla sérfræðinga, en annað starfsfólk ráði hlutaðeigandi stjórnarnefnd. Á þessu hefur menntmn. einnig gert breytingu, sem ég skal geta um á eftir.

Þá er að geta þeirra mikilvægu nýmæla í frv. um sérstaka fjáröflun tveggja rannsóknastofnananna, þ. e. Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins. Gert er ráð fyrir því, að iðnfyrirtæki, verksmiðjur og verkstæði greiði gjald, sem nemi 2 af þús. af kaupi verkafólks og fagmanna, til þess að standa straum af hluta kostnaðar Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Undanþegin eru fyrirtæki, sem vinna úr sjófangi og landbúnaðarafurðum, svo og áburðarframleiðsla. Gera má ráð fyrir því, að þetta gjald geti numið hátt á 2. millj. kr. Þar sem brýna nauðsyn ber til þess að stórefla hér rannsóknir í þágu iðnaðar landsmanna og telja má, að hér sé um hóflegt gjald að ræða miðað við þann mikla ávinning, sem öflug rannsóknastofnun gæti veitt iðnaðinum, hafa þessi ákvæði verið sett í frv. Þá er og gert ráð fyrir því, að af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skuli greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi. Skulu gjöld þessi renna til Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins. Má einnig gera ráð fyrir, að gjald þetta muni nema hátt á 2. millj. kr. Þess er einnig rétt að geta hér, — ég mun ekki hafa farið alveg rétt með í upphafi máls míns áðan, að ekki hafi verið ágreiningur í hv. Nd. nema um eina till. frá hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, — það varð einnig ágreiningur um það, hvernig þess fjár, sem þessar tvær rannsóknastofnanir iðnaðarins eiga að fá, skyldi aflað. Fulltrúar hv. Framsfl. lögðu til, að þessar fjárhæðir yrðu ekki innheimtar af iðnaðinum, af iðnfyrirtækjunum, heldur greiddi ríkissjóður tillag til þessara stofnana, sem þessu svaraði a. m. k. Þær till. náðu ekki fram að ganga. Þó að þær hefðu verið felldar, fór eins um flm. þessara till. og hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, að allir aðilar studdu frv., eftir að þessar brtt. höfðu verið felldar.

Ég hef þá gert grein fyrir helztu breytingunum á skipulagi íslenzkra rannsóknarmála, sem þetta frv. gerði ráð fyrir, eins og það var

lagt fram af ríkisstj. fyrir hv. Nd. s. l. haust. Og nú skal ég í örfáum orðum gera grein fyrir þeim brtt., sem hv. menntmn. Nd. stóð samhljóða að og voru samþ.

N. lagði til, að fjölgað væri í rannsóknaráði úr 17, eins og stjfrv. hafði gert ráð fyrir, í 21. Var það samþ. í hv. Nd., að í ráðinu skyldu eiga sæti 7 alþm., en ekki 5, og mun það vera við það miðað, að allir núv. þingflokkar fái fulltrúa við venjulega hlutfallskosningu í Sþ. Þá er og gert ráð fyrir því, að forstjórar allra 5 rannsóknastofnananna eigi sæti í ráðinu, en áður var aðeins gert ráð fyrir 3 fulltrúum rannsóknastofnananna. Þá var samþ., að menntmrh. skuli vera formaður rannsóknaráðsins, en í stjfrv. var gert ráð fyrir því, að hann skyldi skipa formann ráðsins. Þá var sú brtt. og samþ., að forstjórum rannsóknastofnana skyldi heimilað að taka sæti í framkvæmdanefnd rannsóknaráðsins, en eins og ég gat um áðan, er gert ráð fyrir, að ráðið kjósi 5 manna framkvæmdanefnd. Það var fellt niður úr stjfrv., að framkvæmdastjóri rannsóknaráðsins þurfi að hafa háskólapróf í raunvísindum. Menntmn. Nd. taldi menn, sem menntaðir væru í öðrum greinum, einnig geta komið til greina í það starf. En sá, sem nú gegnir því starfi, er háskólamenntaður í raunvísindum, og er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að á starfi hans verði nein breyting.

Ein brtt. er gerð um stjórnir allra rannsóknastofnananna, og það er í rauninni sú meginbrtt., sem hv. Nd. gerði á frv. Það var fellt niður úr frv., að forstjórar stofnananna skyldu jafnan eiga sæti í stjórn þeirra. Sú skipun á stjórnum stofnananna, sem Nd. gerði ráð fyrir, er sú, að einn í þriggja manna stjórninni skuli ávallt skipaður af ráðh. án tilnefningar, annar ávallt tilnefndur af þeirri stofnun, sem næst stendur rannsóknastofnuninni, Fiskifélaginu, Búnaðarfélaginu o. s. frv., og þriðji maðurinn af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, og eru þá allar stjórnir stofnunarinnar skipaðar með hliðstæðum hætti.

Þá gerði Nd. ráð fyrir því, að forstjórar stofnananna skyldu semja starfsáætlanir og leggja fyrir stjórnir stofnananna og forstjórarnir skyldu ráða starfsfólk, en ekki ráðh., eins og gert hafði verið ráð fyrir í stjfrv., og eru sams konar breytingar gerðar um allar stofnanirnar. Veitingarvald á embættum starfsmanna við stofnanirnar er m. ö. o. flutt frá ráðh. eða frá rn. til forstjóra stofnananna.

Þá lagði n. til, að ráðgjafarnefnd skyldi vera við allar rannsóknastofnanirnar, eins og raunar var gert ráð fyrir áður, og að forstjórar stofnananna skyldu ávallt eiga sæti í ráðgjafarn., en ekki stjórnunum, eins og stjfrv. hafði gert ráð fyrir. Hins vegar skyldu þeir ekki verða sjálfkjörnir formenn þeirra. Þá er gert ráð fyrir því, að ráðh. geti með samþykki stjórna viðkomandi stofnana fjölgað í ráðgjafarn. og veitt nýjum aðilum sæti í þeim, ef ástæða þykir til.

Þá er og gert ráð fyrir því í brtt. þeim, sem Nd. samþykkti, að ráðh. geti ákveðið deildaskiptingu rannsóknastofnana og skipað þar deildarstjóra, en brtt. hv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, var einmitt um að lögbinda stofnun einnar slíkrar rannsóknarstofu. N. taldi hins vegar heppilegra að afgreiða þetta atriði í heimildarformi til hlutaðeigandi ráðh.

Þá er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti ráðstafað húseign Atvinnudeildar háskólans í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi, en n. tekur fram í nál. sínu, að um leið og ríkið sjái rannsóknastofnunum fyrir nýju húsrými, en svo sem kunnugt er, hefur bygging rannsóknahverfis þegar verið hafin í Keldnaholti, þá tekur n. fram, að hún telji eðlilegt, að Háskóli Íslands fái þetta hús til sinna afnota, enda stendur það á háskólalóðinni í miklu nábýli við aðalbyggingu háskólans.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs geti kallað forstjóra stofnananna saman til funda til að ræða um sameiginleg málefni, og að síðustu, að sérfræðingar rannsóknastofnananna geti kennt við Háskóla Íslands, og er heimilt að skipa þeim málum með reglugerð.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir frv., eins og það upphaflega var flutt, og þeim breyt., sem það hefur tekið í meðferð hv. Nd. Í þessu frv. er fyrst og fremst talað um skipulagsmál rannsóknanna, en allir, sem eru þessum málum kunnugir, munu vera sammála um, að einmitt það, hvernig rannsóknarmálin séu skipulögð, geti haft verulega þýðingu, m. a. fyrir skilyrði til þess að afla fjár til þeirra og hins vegar og ekki síður fyrir það, hvern árangur aukið fé beri í hagnýtum niðurstöðum. Þó er rétt að geta þess, að í frv. er ekki einungis fjallað um bætt skipulag rannsóknastofnananna og rannsóknarmála yfirleitt, heldur eru þar einnig athyglisverðar till. um auknar fjárveitingar til þessara mála.

Ég vil að svo mæltu, herra forseti, leyfa mér að ítreka þá ósk, sem ég bar fram í upphafi máls míns, að hv. Ed. sjái sér fært að afgr. þetta mál á þeim skamma tíma, sem þingið á eftir að starfa, vegna þess að það er bjargföst sannfæring mín, að samþykkt þessa frv. mundi verða íslenzkri rannsóknarstarfsemi hin mesta lyftistöng, en um það munu allir vera sammála, að fátt eða ekkert er nú nauðsynlegra í íslenzku þjóðlífi, svo sem raunar annars staðar meðal allra þjóða, en að efla rannsóknarmál, að taka vísindi og tækni í sívaxandi mæli í þágu íslenzkra atvinnuvega. Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í sambandi við þetta mál nú við 1. umr.

Eins og hæstv. menntmrh. gat um í framsöguræðu sinni, þá er skammt til loka Alþ. að þessu sinni, sennilega um það bil aðeins vika til þinglausna, og það verður vissulega

að teljast miður farið, að Ed. skuli ekki eiga kost á að fjalla um þetta mikilvæga mál nema örfáa daga á mesta annatíma þingsins, ef það á annað borð á að koma þessu máli í gegn og gera það að lögum nú. Ég verð að segja, að mér þykir þetta mjög miður farið, því að hér er um að ræða fjölþætt frv., sem snertir marga aðila, og þar koma fram vissulega mörg álitamál, eins og raunar má ráða af því, hversu seint hefur gengið að fjalla um þetta mál í hv. Nd. En þetta mun vera þriðja þingið, sem málið liggur fyrir þeirri d., og það er fyrst nú undir þinglok í þriðja skipti, sem skriður hefur komizt á málið og það kemur loksins til Ed.

En þrátt fyrir það, þó að tíminn sé mjög naumur og þar af leiðandi örðugt að fjalla um þetta stóra og fjölþætta mál á þann hátt, sem æskilegastur hefði verið fyrir þessa d. og þá n., sem fær málið til meðferðar, þá vil ég lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég tel málið svo mikilsvert og svo mikið fengið með afgreiðslu þess í því formi, sem það nú er, að ég mun gera mitt til þess, að það nái fram að ganga á þessum skamma tíma. Það hefur vissulega skort hér heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þann ramma, sem slíkum rannsóknum þarf að vera sniðinn, og þó að eitt og annað kunni að orka tvímælis í sambandi við þetta frv., þá er svo mikið unnið að mínum dómi, að ég fagna því út af fyrir sig, að þessi skriður er þó kominn á málið.

Ég mun ekki fara að ræða hér einstök atriði, hvorki þau, sem ég hefði e. t. v. tilhneigingu til þess að gera aths. við, né atriði, sem ég tel að hefðu gjarnan átt að vera í þessu frv. Ég býst við að hafa tækifæri til þess í n. En eins og ég sagði áðan, mun ég þrátt fyrir það, þó að mér finnist þetta allt of skammur tími fyrir d. til að fjalla um svona stórmál, gera mitt til þess, að málið nái fram að ganga, og ég veit, að aðrir Alþb.-þm. í d. eru á sama máli.

Ég kvaddi mér nú hljóðs ekki sízt til þess að undirstrika það, að þetta eru í rauninni vinnubrögð, sem ekki ættu að endurtaka sig, að stórmál liggur mjög lengi hjá annarri d. og síðan gefst ekki kostur nema á örfáum fundum á mesta annatíma til þess fyrir síðari d. að fjalla um málið. Þetta ætti ekki að þurfa að endurtaka sig, og það er sem sagt til eftirbreytni framvegis, eins og þar stendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 558, n. 628).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég get í upphafi alveg tekið undir þau orð hv. 5. þm. Reykn., sem hann lét falla við 1. umr. málsins, að hann harmaði það, að d. gefst ekki meira tóm en raun er á til að fjalla um það mikilvæga og viðamikla mál, sem hér er um að ræða. Eins og nál. menntmn. á þskj. 628 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði afgr. til 2. umr., en einstakir nm. hafa þó fyrirvara um einstakar gr. frv. og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Ég hygg, að það hafi verið almenn skoðun nm., þegar málið var afgr., að þó að n. harmaði það að vísu, að henni hefði ekki gefizt meiri tími til að athuga málið, þá er hv. þdm. kunnugt um, að þetta er þriðja þingið í röð, sem þetta frv. liggur fyrir, og þar sem nauðsyn er, að einhver löggjöf verði sett um þetta efni, kemur vart annað til greina en frv. verði afgreitt nú, þó að n. hafi lítill sem enginn tími gefizt til þess að athuga málið svo sem æskilegt er.

N. hafa borizt ýmis erindi og tilmæli um breytingar á einstökum gr. frv. og jafnvel allviðtækar breytingar, en ekki verður unnt, hvað sem öðru líður, ef málið á að afgreiða á þessu þingi, að koma til móts við slíkt nema að litlu leyti. En n. mun þó á milli 2. og 3. umr. halda fund um þessi mál og athuga, hvaða breytingar kleift muni að gera á frv., þannig að það hindri ekki framgang málsins á þessu þingi.

Ég vil ljúka orðum mínum með því að endurtaka það, að ég harma það og hygg, að það sé skoðun okkar allra, sem í menntmn. eigum sæti, hve lítill tími okkur hefur gefizt til að athuga málið, og málið hefur ekki fengið þá athugun í n., sem vert væri. En með tilliti til allra aðstæðna töldum við rétt að afgreiða málið á þeim grundvelli, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er mjög margþætt, og eins og frsm. hefur tekið fram, gafst menntmn. þessarar d. lítill tími til þess að athuga þetta mál. Eigi að síður eru allir nm. ásáttir um að greiða fyrir því, að málið í heild nái fram að ganga. En í nál. er tekið fram, að einstakir nm. hafi fyrirvara um einstakar greinar og áskilji sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Ég vil leyfa mér að lýsa því, að ég ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni, hef þann fyrirvara, að við viljum fella úr frv. 45. gr. og 53. gr. þess. Í 45. gr. er mælt svo fyrir, að til greiðslu kostnaðar við Rannsóknastofnun iðnaðarins skuli leggja á og innheimta hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum sérstakt gjald, 2‰ af útborguðu kaupi hvers slíks fyrirtækis til verkafólks og fagmanna. Og í 53. gr. er svo fyrir mælt, að af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skuli greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi, og þessi gjöld renni til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins. Í þessum gr. eru því ákvæði um nýja og sérstaka skattálagningu í þessu skyni. Þó að þessi ákvæði verði felld niður úr frv., fær löggjöfin staðizt og getur orðið framkvæmd eigi að síður. Breytingin yrði aðeins sú, að bein framlög úr ríkissjóði til þessara mála yrðu hærri sem þessu sérstaka skattgjaldi nemur, ef það yrði fellt niður.

Þar sem þetta er 2. umr. málsins og atkvgr. við 2. umr. er miðuð við, að einstakar gr. séu bornar upp hver í sínu lagi, ef verkast vill, teljum við ekki þörf á að flytja um þetta brtt., heldur mælumst við til þess við hæstv. forseta, að hann hagi atkvgr. þannig, að þessar tvær gr., 45. gr. og 53. gr., verði bornar upp hvor út af fyrir sig, þannig að atkvgr. fáist um þau efnisatriði alveg sjálfstætt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—44. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 12:5 atkv.
46.—52. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
53. gr. samþ. með 12:6 atkv.
54.—65. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 558, 680, 693).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég hafði boðað í framsöguræðu minni við 2. umr. málsins, flytur menntmn. nokkrar brtt. við frv.

Í fyrsta lagi eru þá brtt., sem n. flytur sameiginlega á þskj. 693. 1. brtt. er um það, að fjölgað verði í ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, þannig að tveimur aðilum verði þar bætt við, Stéttarsambandi fiskiðnaðarins og fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. N. þótti eðlilegt, að báðir þessir aðilar fengju þar fulltrúa. Stéttarsambandið mun ekki hafa verið stofnað fyrr en eftir að gengið var frá lagafrv. þessu, og var það því eðlilega ekki með í upptalningunni í 24. gr., en n. þótti sjálfsagt og eðlilegt, að þessi samtök fengju þarna aðild að, og sömu skoðunar er n. hvað snertir fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambandsins.

Önnur brtt., við 29. gr., er aðeins leiðrétting, því að n. sú, sem gegnir svipuðu hlutverki og ráðgjafarnefndin, sem hér er um að ræða, heitir hvað snertir Rannsóknastofnun landbúnaðarins tilraunaráð, og þurfti því auðvitað að leiðrétta þetta.

Þá eru brtt. við 33. gr. um það, að fjölgað sé í tilraunaráði landbúnaðarins. Það er til þess að koma til móts við óskir þeirra aðila, sem hlut eiga þar að máli. Þar sem allar þessar stofnanir eða n. eru ólaunaðar, mundi það ekki hafa í för með sér nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þó að í þeim sé fjölgað.

Þá hefur n. leyft sér að flytja skrifl. brtt. þess efnis, að aftan við 54. gr. bætist: „Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal ráðh. heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi sannað vísindalega hæfni sína á annan hátt.“ Þessa till. flytur n. sem skrifl. brtt. N. var sammála um, að eðlilegt væri að setja ákvæði um menntunarkröfur til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Bæði er þetta trygging fyrir betri starfskröftum fyrir þessar stofnanir, og í öðru lagi mundi það auðvelda þeim sérfræðingum og öðrum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, að fá launakjör í samræmi við menntun sína, ef ákveðin fyrirmæli eru um það í l., að ákveðnar kröfur skuli gera í þessu efni. Á það var bent í n., þegar hún ræddi þessa brtt., sem hún hefur orðið sammála um að flytja, að eðlilegt væri að geta hér einnig um doktorspróf. Það varð þó ofan á að sleppa því, en rétt er að það komi fram, að auðvitað eru þessi ákvæði hugsuð sem lágmarkskröfur, þannig að þar sem doktorspróf er yfirleitt talið hærri háskólagráða en meistarapróf, kemur auðvitað ekki til mála annað en að túlka þetta þannig, að þeir, sem doktorspróf hafa, fullnægi auðvitað umræddum skilyrðum. Ef ekki koma fram aths. við þessa skoðun, þá taldi ég, að það mundi taka allan vafa af í þessu efni, að þessa skilnings n. sé getið og það komi fram í Alþingistíðindum.

Ég vil þá leyfa mér að biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir því, að þessi till. megi koma hér til umr. og atkvgr.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni við 2. umr., hefur n. haft mjög skamman tíma til að athuga það viðamikla mál, sem hér er um að ræða, og er því ekki hægt að ræða það í einstökum atriðum. En það er þó eitt atriði, sem ég hef rekið mig á og tel svo mikilvægt, að ég get ekki látið hjá líða, að því sé hreyft hér, og langar mig í því sambandi að beina ákveðinni fsp. til hæstv. menntmrh., sem hér er staddur. Í 2. tölul. 8. gr. segir svo, þar sem talin eru upp verkefni rannsóknaráðs ríkisins:

„Athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar till. um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.“

Þannig hljóðar þessi 2. tölul. Nú er að vísu talað hér um athuganir, en ekki rannsóknir, og í því, að hér er notað annað orð en rannsóknir, felst e. t. v., að það sé annað, sem haft er hér í huga. En ef athuganir eru túlkaðar sem rannsóknarstarfsemi, mundi í þessu felast það, að rannsóknaráði ríkisins sé ætlað að hafa með höndum sjálfstæða rannsóknarstarfsemi. Nú gerir frv. að öðru leyti ráð fyrir því, að rannsóknarstarfsemin sé falin öðrum einstökum stofnunum, sem undir ráðið heyra, svo sem nánar er tilgreint í þessum l. Spurningin er þá sú, hvort þetta beri að túlka þannig, að rannsóknaráði sé ætlað að hafa á höndum sjálfstæða rannsóknarstarfsemi. Ef svo væri, kynni það að reynast á við þá rannsóknarstarfsemi, sem aðrar stofnanir hafa með höndum, og grípa inn í þær á miður heppilegan hátt. Þetta teldi ég óheppilegt og vildi því gjarnan

beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hver sé skoðun hans á því, hvernig þetta eigi að vera í framkvæmdinni.

Þá vil ég að lokum geta þess, að á þskj. 680 flytur hv. 5. þm. Reykn. sérstaka brtt. Um hana hafa aðrir nm. óbundnar hendur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju verða við tilmælum um að svara í örfáum orðum þeirri fsp., sem hv. frsm. menntmn. beindi til mín varðandi skilning á 8. gr. og 43. gr. frv.

Það hefur aldrei verið tilætlun ríkisstj. eða þeirra, sem að samningu þessa frv. hafa staðið, að verkefni rannsóknaráðs rækjust á nokkurn hátt á rannsóknarverkefni hinna einstöku rannsóknastofnana, og einmitt með hliðsjón af því er annað orðalag á þessum lið 8. gr. um verkefni rannsóknaráðs en notað er um verkefni hinna einstöku rannsóknastofnana. Það verður að sjálfsögðu hlutverk einstakra rannsóknastofnana að annast þær tæknirannsóknir, sem eru á verksviði hlutaðeigandi stofnunar. Hins vegar er eðlilegt að telja það verkefni rannsóknaráðsins að láta fara fram almennar athuganir t. d. á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega, enda er gert ráð fyrir því, að till. um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, séu sendar rannsóknaráðinu, og segir í 8. gr. í framhaldi af þessu, með leyfi hæstv. forseta: „Og skal það (rannsóknaráðið) beita sér fyrir því að framkvæma tæknilega og þjóðhagslega athugun þeirra, ef það telur þess þörf.“ Það mundi þá að sjálfsögðu verða tæknilegt viðfangsefni hinna einstöku rannsóknastofnana að framkvæma þær tæknilegu eða þjóðhagslegu athuganir, sem um er að ræða, en hins vegar verkefni rannsóknaráðsins að fjalla um till., sem fram koma, að gera sjálft till., fá nýjar hugmyndir eða gera till., sem það síðan beinir til hinna einstöku rannsóknastofnana, og þá fylgjast með, hvernig þær inna þessi verkefni af höndum. Þetta er og í fullkomnu samræmi við meginhlutverk rannsóknaráðsins að hafa heildaryfirlit yfir alla rannsóknarstarfsemi í landinu og gefa Alþ. og ríkisstj. á hverjum tíma sem gleggst yfirlit yfir það, í hverju rannsóknarstarfsemin er fólgin, og gera till. um aukningu og eflingu rannsóknarstarfseminnar í heild.

Þetta vona ég, að sé nægilegt til skýringar á því, hvað fyrir höfundum og flytjendum frv. hefur vakað, hvað þetta atriði snertir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 715) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég fór um það nokkrum orðum við 1. umr. þessa máls, að mér sýndist svo, að þessi hv. d. ætti þess helzt til litinn kost að fjalla um þetta margþætta og yfirgripsmikla mál svo sem skyldi og afgreiðsla menntmn. á því gæti ekki verið slík sem æskilegt væri, þegar um stór og viðamikil mál er að ræða eins og þetta er. Ég skal nú ekki bæta miklu við það, sem ég sagði þar um, en vil aðeins ítreka það, að þetta hefur vitanlega komið á daginn. Þetta er mjög óviðunandi, að mál eins og þetta, sem legið hefur 3 þing fyrir hv. Nd., vaknar loks til lífsins, ef svo má segja, þegar mjög skammt er eftir af þingtíma, og hér verður, ef það á að ná fram að ganga, að afgreiða það með algerum hraða á þeim tíma, sem má kalla hina síðustu og verstu daga Alþ., eins og vinnubrögðum er háttað nú.

Ég flyt við þetta frv. aðeins eina brtt. og hefði þó e. t. v. verið ástæða til að flytja fleiri. Ég stend hins vegar að brtt. þeim, sem n. flytur í heild, og hefur hv. frsm. n. gert grein fyrir þeim.

Ég ætla aðeins að fara örfáum orðum um þá brtt., sem ég flyt við frv. Ég hef áður oftar en einu sinni, bæði í sameinuðu Alþ. og hér í þessari hv. d., rætt um það mál, sem brtt. mín fjallar um, nauðsyn þess að koma hér á fót sérstakri tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins. Till. mín er sú, að á eftir 18. gr. frv., þar sem fjallað hefur verið um Hafrannsóknastofnun, komi ný gr. þess efnis, að eitt af verkefnum Hafrannsóknastofnunar fyrst um sinn skuli vera það að hafa með höndum tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, enn fremur að hafa með höndum upplýsingastarfsemi um þessi efni, og ég legg til, að þetta verkefni verði fyrst um sinn falið sérstakri deild innan Hafrannsóknastofnunarinnar. Síðan legg ég til, að ráðh. verði heimilt á árinu 1967 eða þá síðar að gera þessa deild að sérstakri og sjálfstæðri stofnun, Tæknistofnun sjávarútvegsins, og hún hafi þá fyrrgreind verkefni og verði þá nánar kveðið á með reglugerð um ýmisleg atriði varðandi þessa stofnun, svo sem ráðgjafarnefnd hennar.

Ég er sannfærður um, að hér er um mikið nauðsynjaverk að ræða, að leggja grundvöll að slíkri tæknistofnun. Að vísu hafa verið tekin inn í þetta frv. í hv. Nd. nokkur þau atriði, sem mín till. fjallar um, en eins og frv. er nú, er ráð fyrir því gert, að Hafrannsóknastofnunin hafi þau verkefni með höndum, án þess að þar sé um að ræða sérstaka d., sem sinni þessum nauðsynjaverkefnum. Ég er sannfærður um, að hitt er miklu hentugra og líklegra til árangurs, að þegar verði lagður grundvöllur að því, að þetta verði sjálfstæð stofnun. En meðan þetta mál er að þróast upp í það, gæti ég hugsað mér, að hentugt væri, að tæknistofnunin eða tæknirannsóknirnar verði í höndum sérstakrar deildar innan Hafrannsóknastofnunarinnar.

Það er enginn efi á því, að þörfin á þessari starfsemi, þörfin á því, að sérmenntaðir menn í þessum greinum taki þau mál, sem þarna er um að ræða, föstum tökum, þörfin á því, að verulegu fé sé varið til þessara margþættu og nauðsynlegu rannsókna, er mikil. Ég er ekki

í neinum efa um það, að slík tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins mundi skila þjóðarbúinu miklum verðmætum á skömmum tíma, og hver sem verða örlög þessarar till. minnar, er ég þess viss, að það líður ekki langur tími, þangað til slík stofnun sem hér um ræðir hlýtur að komast á fót.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er hv. síðasta ræðumanni alveg sammála um, að þau verkefni, sem hann gat um og hefur flutt till. um, að yrðu hlutverk sérstakrar deildar innan Hafrannsóknastofnunarinnar, eru mjög mikilvæg. En þar sem ég veitti því athygli, að hv. menntmn. hefur ekki tekið þessa till. upp, og þess vegna má búast við því, að hún nái ekki fram að ganga, vildi ég samt sem áður láta eftirfarandi getið:

Ég tel, að þó að till. nái ekki fram að ganga, sé það, sem hún felur í sér, í raun og veru verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar, og vitna þar til 6. tölul. í 17. gr., en þar segir, að meðal verkefna Hafrannsóknastofnunarinnar séu tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa, og í 18. gr. segir, að eitt af 4 verksviðum Hafrannsóknastofnunarinnar séu veiðitæknirannsóknir. Og með sérstakri hliðsjón af því, að skv. 54. gr. frv. er ráðh. heimilt að ákveða deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipa deildarstjóra, að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar, með hliðsjón af því, að ráðh. getur heimilað deildaskiptingu, hygg ég, að óhætt sé að lýsa því yfir, að ráðh. muni, þegar tímabært þykir, gera þessa starfsemi að sérstakri deild í Hafrannsóknastofnuninni, því að enginn vafi er á því, að hér er um mjög mikilvæg verkefni að ræða.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram, til þess, ef till. næði ekki fram að ganga, að það yrði ekki túlkað þannig, að það sé eitthvert vanmat á mikilvægi þeirra verkefna, sem hv. ræðumaður fjallaði um í ræðu sinni.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur lýst skilningi sínum á nauðsyn þess, að þessum verkefnum í þágu sjávarútvegsins sé sinnt. Það, sem kann að greina á, er þá það, með hverjum hætti þessum verkefnum verður bezt sinnt í von um verulegan árangur. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé að öllu leyti eðlilegast, að stefnt sé að því nú þegar frá upphafi, að hér verði um að ræða sjálfstæða stofnun með sérstakri yfirstjórn, en get mjög vel fallizt á það, að þetta þróist í einum eða tveimur áföngum og byrjunarskrefin verði stigin innan Hafrannsóknastofnunarinnar, en þó þannig, að það verði sérstök deild, sem hefur þessi verkefni með höndum þegar frá upphafi, því að það er vitanlega tvennt ólíkt, tvenns konar menntun, sem til þarf að sinna þessum verkefnum, annars vegar þeim meginrannsóknum, sem Hafrannsóknastofnuninni eru ætlaðar, þ. e. a. s. rannsóknum á fiskigöngum og hafinu og lífinu þar, og hins vegar á fjölmörgum tækniatriðum. Ég legg því á það mjög ríka áherzlu, ef hv. deild kæmist að þeirri niðurstöðu að athuguðu máli að fallast ekki á till. mína, að stefnt verði að því í áföngum, eins og þar er lagt til, að slík tæknistofnun komist á fót, en innan Hafrannsóknastofnunarinnar í fyrstu, þangað til þróunin hefur sýnt, að hin leiðin er sú endanlega og rétta, þegar fram í sækir.

ATKVGR.
Brtt. 680 felld með 10:9 atkv.
— 693,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 693,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 693,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 715 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 87. fundi í Nd., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 716).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er hingað komið aftur frá Ed., sem gerði á því nokkrar breyt. Þessar breyt. eru ekki um nein af meginefnisatriðum frv. Þar sem tími er mjög af skornum skammti, hef ég valið þann kost að ráðgast við menntmn.-menn hvern fyrir sig um afstöðu þeirra, til þess að þurfa ekki að bíða eftir fundi. Hafa þeir allir látið í ljós þá skoðun, að þeir geri ekki athugasemd við breyt. Ed., og get ég því mælt eindregið með því, að þessi hv. d. samþykki frv., eins og það er það komið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

---

57. Ljósmæðralög.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 [193. mál] (stjfrv., A. 523).

Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þegar var til athugunar og undirbúnings í rn. frv. til l. um hreppstjóra, sem þetta þing hefur haft til meðferðar, kom einnig til álita, að breyta þyrfti ljósmæðral., sérstaklega varðandi þau ákvæði, sem lúta að launum ljósmæðra. Það hefur því miður dregizt lengur en ég hafði

talið æskilegt að koma þessu frv. á framfæri, en efni þess er í aðalatriðum það að færa ljósmæðral. til samræmis við þau ákvæði, sem fólust í frv. til hreppstjóralaga á sínum tíma, og verður að telja, að það hafi verið eðlileg ráðstöfun og að sumu leyti ekki ósambærileg og hafi áður verið nokkurt samræmi á milli þessara launaflokka, ef svo mætti segja. Það hefur að vísu komið til álita að gera meiri breytingar á löggjöfinni, en þótti samt sem áður ekki tímabært, enda liggja ekki fyrir þær till. frá sýslunefndum og sýslumönnum, sem æskilegt væri, áður en til skipulagsbreytingar á umdæmum ljósmæðranna kæmi, sem þó hefur verið nokkuð til athugunar.

Ég vil mega leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 548).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og hefur samþykkt einróma að mæla með því, að það nái samþykki. Nál. er prentað á þskj. 548.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég verð að segja um þetta frv., að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með það, mér finnst það ganga allt of skammt, og það, sem ég var að vonast til með þessu frv., var það, að sveitarfélögin losnuðu við að greiða hluta af launum ljósmæðra. En eins og frv. er nú, munu sveitarfélög verða að greiða mikinn meiri hl. af launum ljósmæðra, meira en ríkissjóður. Ég mun því við 3. umr. málsins leggja fram brtt. við frv. Ég mun því ekki gera meiri aths. við frv. að sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 523, 566).

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 566, eins og ég skýrði frá við 2. umr. þessa máls hér í hv. d., að ég mundi gera. Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er sú, að mér sýnist, eins og gert er ráð fyrir launakjörum ljósmæðra með þessu frv., sé það engin bót frá því, sem áður hefur verið, svo að máli skipti, og ljósmæðralaunin verði eftir sem áður þannig, að það fáist ekki konur til að vinna við þessi störf. Í þessum till. mínum, sem eru um 50% hækkun launa frá frv., sýnist mér svo í hóf stillt, að það séu þau lægstu laun, sem hægt sé að bjóða ljósmæðrum fyrir þeirra störf. Ég treysti því þess vegna, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt., og frv., ef að l. yrði, mætti þá að einhverju gagni verða, sem ég sé ekki að verði, eins og það er nú.

ATKVGR.
Brtt. 566 felld með 16:15 atkv.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Því miður hefur orðið dráttur á að leggja þetta frv. fyrir þingið, en það var í undirbúningi um leið og frv. um hreppstjóral., sem á öndverðu þingi var lagt fram. Ég vona, að það komi samt sem áður ekki að sök og enginn ágreiningur sé um málið. Efni þess er að breyta ljósmæðralaununum þannig, að það verði launahækkanir til samræmis við það, sem ákveðið var í frv. um hreppstjórana. Það hefur að vísu komið til álita að gera meiri breytingar á löggjöfinni um skipun þessara mála, en þótti ekki tímabært að svo stöddu og látið sitja við að færa laun ljósmæðranna til samræmis við aðrar launabreytingar, eins og gerð er nánari grein fyrir í grg. — Ég vildi mega mælast til þess, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 729).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þær breytingar, sem með þessu frv. er lagt til, að gerðar verði á ljósmæðral. frá 1933, eru einungis varðandi launakjör ljósmæðra. Eins og greinir í aths. við frv., eru þessar breytingar í samræmi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á l. um hreppstjóra og nýlega hafa verið samþykktar hér á þingi, en laun þessara tveggja hópa eru byggð á nokkuð svipuðum reglum, þ. e. a. s. lágmarkslaun miðuð við ákveðna íbúatölu í umdæmi, en hækka svo við það, sem fram yfir er þessa ákveðnu íbúatölu, fyrir hverja 10 íbúa.

Eins og segir í frv., hafa ljósmæðralaun fram til ársins 1963 hækkað í samræmi við almennar launahækkanir, sem orðið hafa hjá opinberum starfsmönnum, en eftir að launaákvæði kjaradóms komu til framkvæmda, voru

þau aftur hækkuð um 15%, og er það sama hækkun og þá var einnig látin gilda um hreppstjóralaun. Það er rétt að taka það fram, að þessi laun ljósmæðra eru fyrir það að skuldbinda sig til þess að gegna ljósmæðrastörfum. Að auki kemur að sjálfsögðu greiðsla fyrir hvert skipti, sem hún annast sængurkonu, tekur á móti barni, og koma að sjálfsögðu tekjur af slíku til viðbótar hinum föstu launum.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nm. áskildu sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég hef ekki orðið vör við það meðal þskj., sem útbýtt hefur verið, að neinar slíkar brtt. hafi fram komið. Einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., var fjarverandi, þegar málið var afgr. í n., en eins og áður segir, lagði n. til, að frv. væri samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 755).

---

58. Bann við okri.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. [167. mál] (stjfrv., A. 375).

Á 60. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Flutningur þessa frv. stendur í beinu sambandi við flutning þess frv., sem ég var að mæla fyrir í hv. d. áðan. Í 13. gr. gildandi l. um Seðlabankann frá 1961 er svo fyrir mælt, að bankastjórn Seðlabankans sé heimilt að ákveða hámarksvexti samkv. l. um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Nokkur vafi þykir þó leika á, að þessi heimild Seðlabankans taki til ákvörðunar dráttarvaxta, sem öðrum en innlánsstofnunum væri heimilt að áskilja sér, og gæti þetta haft það í för með sér, að einstakar innlánsstofnanir tækju ólíkar fjárhæðir í dráttarvexti og aðrir skuldareigendur gera. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að tekin verði af öll tvímæli um það, að Seðlabankinn hafi þá heimild, sem ætlazt var til, að hann fengi ótvírætt, til þess að ákveða dráttarvexti í samræmi við gildandi lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375, n. 667).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar. Tvö önnur frv. hafði n. áður afgreitt og d. til hv. Ed. svipaðs eðlis, þ. e. a s. frv. til l. um breyt. á l. um tékka og um breyt. á víxillögum. Hér er um að ræða sams konar breytingu á lögunum um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og mælir n. með því, að vísu einn hv. nm. með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Flutningur þessa frv. stendur í nánu sambandi við tvö önnur frv., sem ég fyrir helgina mælti fyrir í þessari hv. d. og eru komin hingað frá hv. Nd., þar sem þetta frv., eins og hin tvö, hafði verið samþ. með shlj. atkv. að fengnum einróma meðmælum hv. fjhn. Nd. En þetta frv., eins og hin tvö, sem fjölluðu um breyt. á l. um víxla og tékka, stendur í sambandi við þá ákvörðun Seðlabankans um s. l. áramót að ákveða hækkun á dráttarvöxtum í því skyni að stuðla að aukinni skilvísi við skuldagreiðslur.

Í l. um bann við okri, dráttarvexti o. fl. frá 1960 er vísað varðandi hæð dráttarvaxta í lagaákvæði um Seðlabankann frá 1957, nú frá 1961, nema í þeirri gr., sem fjallar um dráttar-

vextina, og kynni því að leika einhver vafi á því, hvort vaxtaákvörðun Seðlabankans varðandi dráttarvexti tæki einnig til þeirra tilvika, sem um er fjallað í okurlögunum, að því er dráttarvexti snertir. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta, hefur Seðlabankanum og bönkunum öllum þótt öruggara, að þetta frv. væri flutt, til þess sem sagt að enginn vafi léki á því, að dráttarvaxtaákvörðun Seðlabankans samkv. núgildandi l. taki einnig til þeirra tilvika, sem við er átt í dráttarvaxtagrein okurl. — Að svo mæltu vil ég leyfa mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375, n. 728).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í ákvæðum 5. gr. l. nr. 58 frá 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., er kveðið svo á, að greiði skuldari eigi skuld sína á réttum tíma, sé hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareigandanum í dráttarvexti af henni einum meir af hundraði en heimilað er í 1. gr. sömu laga, þ. e. a. s. þarna er sett sú regla, að dráttarvextir skuli almennt eða vanskilavextir vera 1% hærri en þeir vextir, sem voru á skuldinni, áður en hún var eindöguð eða komin í vanskil. Hins vegar segir svo í l. um Seðlabanka Íslands, að Seðlabankinn hafi heimild til þess að ákveða hámarksvexti, og það hefur ekki þótt frá lagalegu sjónarmiði nægilega skýrt, hvaða regla ætti að gilda um dráttarvextina, hvort það væri regla laganna um bann við okri, dráttarvexti o. fl. um, að dráttarvextir skuli vera 1% hærri en aðrir vextir, eða hvort Seðlabankinn hafi skv. lögum Seðlabankans, 13. gr., heimild til þess að ákveða þessa dráttarvexti, án þess að honum séu settar fastar reglur um það, hvernig hann ákveður þá. Í þessu frv. felst það að setja ótvíræðar reglur um, að það sé Seðlabanki Íslands, sem ákveði, hvað skuli vera hæstu leyfilegu dráttarvextir á hverjum tíma, enda er það svo, að Seðlabankinn fer með ákvörðunarvald um fjárhæð vaxta, og þess vegna ekki óeðlilegt, að hann hafi einnig þetta vald til að ákveða dráttarvexti, og þá er jafnframt tekinn af allur vafi um lagalegan ágreining í þessum efnum.

Þessu máli var vísað til fjhn., og n. hefur mælt með því, að frv. verði samþ., en tveir nm. voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins, eins og sést á nál. á þskj. 728.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 756).

---

59. Bankavaxtabréf.

Á 75. fundi í Nd., 29. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa [197. mál] (stjfrv., A. 549).

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á sinni tíð var veðdeild Landsbanka Íslands ein helzta lánastofnun þjóðarinnar, sem lánaði fé til húsbygginga. Hún gaf út flokka bankavaxtabréfa, sem hún síðan afhenti húsbyggjendum og þeir komu í verð og öfluðu sér þannig fjár til húsbygginga sinna. Nú hafa breyttar aðstæður í íslenzku efnahags- og fjármálalífi fyrir löngu dregið mjög úr starfsemi veðdeildar Landsbanka Íslands og önnur fjáröflunarform komið í staðinn fyrir starfsemi hennar. Gildandi lög um veðdeildina eru frá árinu 1945. Þó hefur svo farið, að veðdeildin hefur alltaf öðru hverju gefið út nokkur bankavaxtabréf, sem hafa reynzt ýmsum húsbyggjendum t. d. gagnleg við að leysa úr fjárhagsvandræðum sínum. En nú er svo komið, að þær heimildir, sem Landsbankinn hefur til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa samkv. l. frá 1945, eru þrotnar og mundi því Landsbankinn ekki geta haldið áfram að gefa út nein bankavaxtabréf, ef þessi heimild yrði ekki endurnýjuð. Það hefur að vísu ekki kveðið mikið að því á undanförnum árum, að Landsbankinn hafi gefið út slík bankavaxtabréf veðdeildar sinnar, en alltaf hefur þó eitthvað að því kveðið, og þykir rétt, að Landsbankinn hafi slíkar heimildir áfram. Þess vegna er í þessu frv. lagt til, að veðdeild Landsbankans sé heimilað að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, allt að 100 millj. kr., og eru lagaákvæðin um þetta efni í öllum aðalatriðum alveg samhljóða þeim reglum, sem um langt skeið undanfarið hafa gilt um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans. Einu frávikin frá eldri l. eru fólgin í því, að nú er gert ráð fyrir því, að viðskmrh. ákveði, að höfðu samráði við Seðlabankann, hvenær hverjum lánaflokki skuli lokið. Og enn frem-

ur er gert ráð fyrir því, að ábyrgð ríkissjóðs á vaxtabyrði deildarinnar verði framvegis einföld ábyrgð í samræmi við nýrri lagaákvæði um ábyrgð ríkissjóðs. Enn fremur eru ákvæði um vexti að sjálfsögðu færð til samræmis við núgildandi löggjöf um vaxtaákvörðunarheimild Seðlabankans.

Með þessu vona ég, að efni þessa frv. sé að fullu skýrt, og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 549, n. 666).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar. Hún mælir með samþykkt þess. Hér er um að ræða sams konar heimild fyrir veðdeild Landsbankans og oft áður hefur verið veitt, þ. e. a. s. um stofnun nýs flokks bankavaxtabréfa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það var afgreitt samhljóða að fengnum meðmælum hv. fjhn. deildarinnar.

Eins og kunnugt er, var útgáfa bankavaxtabréfa af hálfu veðdeildar Landsbanka Íslands um áratugi helzta aðstoð við húsbyggjendur, til þess að þeir fengju fé til byggingarframkvæmda. Á undanförnum árum eða áratugum hefur útvegun fjár til fasteignakaupa og bygginga beinzt inn á aðrar brautir, þannig að hlutverk veðdeildar Landsbanka Íslands er nú miklu minna en það var áður um áratugaskeið. Engu að síður er ávallt einhver eftirspurn eftir bankavaxtabréfum af hálfu húsbyggjenda, ekki hvað sízt til þess að standa straum af kostnaði við viðhald og endurbætur á húsum, og hefur bankastjórn Landsbanka Íslands óskað eftir því að hafa áfram skilyrði til þess að gefa út bankavaxtabréf og veita þeim, sem eftir kaupum þeirra kynnu að óska, aðstoð á þennan hátt. En l. um veðdeild Landsbanka Íslands, þar sem er fólgin heimild um útgáfu bankavaxtabréfa, eru frá árinu 1945, og nú alveg nýlega er svo komið, að bankinn hefur að fullu notað allar heimildir, sem í þessum 20 ára gömlu l. eru til þess að gefa út bankavaxtabréf, og hefur þess vegna óskað eftir því, að þessi heimild yrði endurnýjuð. Ef þetta frv. næði ekki fram að ganga, gæti bankinn t. d. í sumar ekki gefið út nein ný bankavaxtabréf til þeirra, sem eftir kaupum slíkra bréfa kynnu að óska. Það er að vísu ekki mikið um það, en nokkuð er þó um það, og mjög eðlilegt, að bankinn hafi slíkar heimildir áfram. Þess vegna hefur þetta frv. verið flutt að mjög eindreginni ósk stjórnar Landsbanka Íslands, en í því felst heimild til veðdeildar bankans um að gefa út bankavaxtabréf allt að 100 millj. kr. Þær reglur, sem um útgáfu þessara bréfa er ætlað að gilda, eru nákvæmlega þær sömu og undanfarna áratugi hafa gilt um þessa útgáfustarfsemi veðdeildar Landsbanka Íslands á bankavaxtabréfum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 549, n. 730).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., hefur veðdeild Landsbanka Íslands nú að fullu notað þær heimildir, sem hún hefur til útgáfu bankavaxtabréfa, en bankavaxtabréfin hafa til skamms tíma verið undirstaða þeirra lána, sem veitt hafa verið á vegum deildarinnar. Eins og einnig kemur fram í grg., eru það ýmsir aðilar, sem þörf hafa fyrir fasteignaveðslán, sem lítt hafa aðgang að öðrum lánum en þeim, sem veitt eru á vegum veðdeildarinnar.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar og fallizt á þau rök, sem hníga að því, að réttmætt sé að setja slíka löggjöf, og eins og nál. á þskj. 730 ber með sér, mælir hún einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 757).

60. Lántaka til vegaframkvæmda.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku til vegaframkvæmda [199. mál] (stjfrv., A. 551).

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var alltaf ráð fyrir því gert, að afla þyrfti heimilda til lántöku vegna vegaframkvæmda. Það er í fyrsta lagi vegna Reykjavíkurbrautar, í öðru lagi Siglufjarðarvegar, í þriðja lagi Múlavegar og í fjórða lagi Ólafsvíkurvegar við Enni, viðbót við þá heimild, sem var fyrir hendi. Þessum vegi hefur nú verið lokið, en það vantaði 3 millj. kr. lánsheimild, til þess að hægt væri að ljúka veginum, og er nú farið fram á það hér. Hér er farið fram á nokkru hærri heimildir en gert var ráð fyrir, að kostnaður væri við hvern veg fyrir sig. Í vegáætlun var gert ráð fyrir 4 millj. kostnaði við Múlaveg, en hér er farið fram á lánsheimild upp á 4.5 millj. Í Siglufjarðarveg var gert ráð fyrir 12 millj., en lánsheimildin er miðuð við 13 millj. Það var gert ráð fyrir, að við að steypa Reykjanesveg væri kostnaður 110.6 millj., en hér er miðað við 115 millj. Þetta er gert í öryggisskyni, ef kostnaðurinn skyldi hækka eitthvað vegna kauphækkana eða annars kostnaðarauka, og getur það ekki komið að sök, þó að heimildin sé nokkuð rífleg miðað við þá kostnaðaráætlun, sem fyrir liggur. Samkv. þessu er hér farið fram á lánsheimild upp á 135.5 millj. kr., sem þarf að afgreiða, áður en þessu þingi lýkur.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. veiti því athygli, að í vegáætluninni var gert ráð fyrir kostnaði við að ljúka Reykjanesbrautinni frá Kúagerði og að Njarðvíkum, 62.5 millj. kr. Hins vegar var áætlun um kostnað við að steypa veginn 110.6 millj. Nú hefur verið horfið að því ráði að steypa veginn frá Kúagerði að Fitjum og malbika þaðan til Njarðvíkur, en það er vegarkafli, sem alltaf er verið að taka upp, vegna þess að það er inni í kauptúninu. Þetta verður miklu dýrara fyrir það, að steypt er heldur en malbikað, en að athuguðu máli þótti eðlilegt að steypa veginn með tilliti til þess, að það hefur nú þegar verið steyptur verulegur kafli af veginum og þessi vegur hefur þá sérstöðu, að það verður tekið umferðargjald til þess að standa undir töluverðum hluta af kostnaðinum.

Hins vegar er ég sannfærður um það, að aðrar hraðbrautir hér í kringum Reykjavík, Austurvegur, Vesturlandsvegur og aðrar hraðbrautir, verða eftirleiðis malbikaðar, vegna þess að það er ódýrara og það verður kallað hratt eftir framkvæmdum, og ég geri ekki ráð fyrir, að á þeim vegum verði tekið umferðargjald.

Ég tel, að það sé rétt stefna, sem Reykjavíkurborg hefur tekið upp, þ. e. að hraða malbikun yfir sem stærst svæði, eins og við höfum greinilega séð á s. l. ári, þ. e. að fá slétt slitlag á sem flestar götur, og við getum ekki beðið eftir því árum saman lengur, að fjölförnustu vegir t. d. Austurvegur og Vesturlandsvegur upp að Álafossi og síðan upp í Kollafjörð, þeir komi með varanlegt slitlag. Þetta er svo mikill sparnaður á sliti og benzíni, að það hefur verið reiknað út, að þetta gæti munað allt að 4000 kr. á hvern bíl á ári, ef hann ekur eftir sléttum malbikuðum eða á holóttum malarvegum, og þess vegna er það, að það hlýtur að verða niðurstaðan að hraða því að koma slitlagi á sem víðast. Og það gengur betur, það verður öruggara og hefur verið reiknað út, að þegar til lengdar lætur, þá hefur orðið jafnvel meiri sparnaður í því að malbika. En eins og ég sagði, Reykjanesbrautin hefur þá sérstöðu, að það hefur þegar verið steyptur verulegur hluti af henni, og það er fyrirhugað að taka þar umferðargjald, sem naumast verður komið við annars staðar.

Ég vildi svo, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 3. umr. og hv. fjhn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir því, að hæstv. samgmrh. mundi leggja til, að þetta mál færi í samgmn., þar sem ég á ekki sæti, og ætlaði þess vegna við þessar umr. að vekja athygli n. á örfáum atriðum. Nú hefur ráðh. lagt til, að þetta fari til fjhn., þar sem ég hef tækifæri til að fjalla um málið, og ég skal því ekki fara um það mörgum orðum á þessu stigi.

Það eru ekki nema fáeinar vikur síðan hv. Alþ. afgr. þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968. Í þeirri vegáætlun er kafli um þær framkvæmdir, hraðbrautir, landsbrautir og þjóðbrautir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Til þeirra er heimilað að verja ákveðnum upphæðum, sem þar eru tilteknar, enda verði fjár aflað með lántökum, og það frv., sem hér liggur fyrir, er, að því er mér skilst, borið fram af því tilefni. Ég vildi þess vegna vekja athygli á því, að mér virðist, að það sé ekki fullt samræmi milli þeirra talna, sem heimilaðar eru í vegáætluninni, og þeirra talna, sem eru í þessu lánsheimildarfrv. Mér telst svo til, eins og hæstv. ráðh. gerði að nokkru leyti grein fyrir áðan, að þessi mismunur eigi sér tvenns

konar rætur. Annars vegar þær, að það er gert ráð fyrir því, að lántökurnar verði nokkuð rúmar, vegna þess að nú þegar séu komnar til sögunnar hækkanir, síðan þessar áætlanir voru gerðar á síðasta hausti, eins og raunar er getið um í grg., og svo enn fremur hitt, að nú hafi verið ákveðið að steypa Reykjanesbrautina í staðinn fyrir að malbika.

Þegar þáltill. um vegáætlun var samþ. hér fyrir nokkrum vikum, voru þær tölur, sem inn í hana voru teknar, miðaðar við það, að Reykjanesbrautinni yrði lokið eða slitlaginu frá Kúagerði til Keflavíkur yrði lokið á þessu ári og það yrði malbikað. Framkvæmdaheimild vegáætlunarinnar nær því aðeins til tæpra 70 millj. kr., og sú framkvæmdaheimild, sem í vegáætluninni felst, að gera megi fyrir lánsfé í þessum vegi á árinu, er 62 millj., og það er það, sem það kostar að malbika þennan spotta, en nægir auðvitað engan veginn til þess að steypa hann. Mér mundi þykja æskilegt, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því nú, hvort hann telur, að sú upphæð, sem tiltekin er í vegáætlun, sé ekki takmarkandi fyrir það, sem hann getur látið gera í þessum vegi á árinu.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þeim sjónarmiðum, sem komu fram hjá hæstv. ráðh. í sambandi við gerð varanlegs slitlags á fjölförnustu vegina. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann telur, að taka eigi upp sömu stefnu og hann telur Reykjavíkurbæ hafa tekið upp á síðkastið, að leggja meiri áherzlu á, að eitthvað sé hægt að komast yfir, heldur en að gera það með þeim allra vandaðasta hætti, sem steinsteypa er. Ég er á sömu skoðun og ráðh. um þetta efni. Ég tel, að ef við ætlum okkur að steypa þessar brautir yfirleitt, þá muni okkur verða of seint og lítið ágengt, enda mjög vafasamt, þó að ég skuli ekki á þessu stigi leggja dóm á það, að það sé tæknilega réttlætanlegt að fara þá dýru leið, þar sem hún muni ekki í framtíðinni jafnast af lækkuðum viðhaldskostnaði.

Nú upplýsir hæstv. ráðh., að það hafi verið ákveðið að steypa þennan hluta Reykjanesbrautar, sem gert var ráð fyrir að malbika, þegar vegáætlunin var afgreidd, og færir þau rök fyrir því, að það sé réttlætanlegt, af því að þegar sé búið að steypa alllangan kafla af leiðinni annars vegar og hins vegar að taka eigi vegatoll, sem muni jafna þennan mismun. Ég ætla mér ekki hér að efna til neinna umr. um það, hvort þessi ákvörðun sé í sjálfu sér skynsamleg eða ekki, en mig langar til í þessu sambandi að fá það upplýst betur en gert hefur verið, hvað kostnaðarmunurinn er mikill, hvað fljótt er gert ráð fyrir, að vegatollurinn jafni það, hvað gert er ráð fyrir, að hann geti orðið mikill á ári hverju og hvað hann eigi að vera hér.

Mér virðist, að af þessu, sem virðist hér koma fram, hljótum við að draga nokkurn lærdóm. Við höfum gert ráð fyrir því að framkvæma vegaframkvæmdir í landinu samkv. 4 ára áætlun. Sú 4 ára áætlun, sem nú er í gildi, er líklega ekki nema 4 vikna gömul, en hún virðist þegar orðin í ýmsum atriðum úrelt. Hæstv. ráðh. telur eðlilegt, að lántökurnar miðist við það, að vegáætlunin sé orðin úrelt vegna verðhækkana, enda eru lántökuheimildirnar 10% eða tæplega það hærri en gert er ráð fyrir í vegáætlun. Í öðru lagi er vegáætlun orðin úrelt sökum þess, að ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni skera niður 20% af ríkisframlaginu. Og í þriðja lagi virðist hún vera orðin breytt að því er lýtur að þeim veigamikla vegi, Reykjanesbrautinni, sem er mesta og dýrasta vegaframkvæmd, sem við fáumst nú við.

Mér hefði þótt vænt um það, ef hæstv. ráðh. hefði viljað láta í té svör við þeim spurningum, sem ég hef beint hér til hans, ef hann kynni að hafa þau handbær. Ef svo er ekki, þá kæmi að sama gagni að fá þau í n. En mér þætti fróðlegt að fá nánari grg. hæstv. ráðh. fyrir því, hvernig hann telur framkvæmdaheimildum vera háttað í sambandi við Reykjanesbrautina og þá breytingu, sem orðið hefur á þeim áætlunum, síðan vegáætlunin var samþykkt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Vegáætlunin er vitanlega ekkert úrelt, þó að hér sé í einu atriði gert ráð fyrir að breyta henni. Vegáætlunin er þingsályktun, sem hv. Alþ. hefur afgr. Þessari þál. er nefnilega hægt að breyta með lögum, en ekki með öðrum hætti, og ef hv. Alþ. vill ekki samþ. ábyrgðarheimild það háa, að hægt verði að steypa Keflavíkurveg, þá verður það vitanlega ekki gert. En með l. er hægt að breyta þál., jafnt vegáætlun sem öðrum þál., og vegáætlun verður ekki breytt með öðrum hætti en með l. Þess vegna eru þessar 62.5 millj. ekki bindandi, ef Alþ. ákveður að hækka þessa upphæð með l. Um niðurskurð á vegafé, þá lá það fyrir, áður en vegáætlunin var afgreidd, að 47 millj. kr. framlagið, sem á fjárl. er, yrði lækkað um 20%. Þessu var lýst yfir í hv. fjvn., og fjvn. bókaði það, að framkvæmd á þessum niðurskurði skyldi þannig hagað, að vegamálastjóri hefði samráð við þm. viðkomandi kjördæma, og ég vænti þess, að vegamálastjóra takist að fá upplýsingar hjá hv. þingmönnum um það, hvernig þeir vilji haga niðurskurðinum í kjördæmunum. Og ég hef bent á það, að niðurskurðurinn og framkvæmd hans, það eru tvö atriði: Annars vegar það, hvort eigi að skera niður, og ég get vel skilið stjórnarandstöðuna og reyndar alla þm., að þeir eru á móti því, að niðurskurðurinn sé gerður, 20% af þessum 47 millj., en það er staðreynd. Svo er hins vegar framkvæmdin. Úr því að það er ákveðið, að þetta skuli gert, þá hljóta þm. að reyna að finna út það skásta í framkvæmdinni, þannig að það lá allt saman fyrir.

Kostnaðarmismunurinn á að steypa og malbika, það hefur verið fullyrt, að hann mundi nema á milli 40 og 50 millj. kr., eins og kom fram í vegáætluninni, þar sem dæmunum var

stillt upp, annars vegar 62.5 millj. og hins vegar 110 millj., ef hann væri steyptur. Það lá fyrir.

En hin spurningin, um það, hversu langan tíma tæki að borga þennan mismun með vegtollinum og hvað hann þyrfti að vera hár, þær tölur hef ég nú ekki nákvæmlega hérna hjá mér og vil þess vegna ekki hafa þær yfir að þessu sinni, en ég tel sjálfsagt, að n. fái útreikning um það, — alveg sjálfsagt.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða að svo komnu meira um þetta, en endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég tel forsvaranlegt, að þrátt fyrir mína stefnu, sem ég heyrði að hv. 6. þm. Sunnl. er alveg sammála, að við eigum að leggja áherzlu á að fá slitlag sem víðast, þá vil ég samt sem áður leggja til, að Keflavíkurvegurinn verði steyptur, með tilliti til þess, að það hefur þegar verið steyptur helmingurinn af veginum og það er ákveðið að taka umferðargjald. Það er sérstaða, sem alveg réttlætir það að ljúka veginum með þeim hætti, sem byrjað var á að gera.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann ætlar að láta n. í té þær upplýsingar, sem ég var að biðja um, og það er því ástæðulaust af mér að halda hér áfram umr. um þetta atriði. En mig langar aðeins til að koma á framfæri einni eða tveimur aths. við það, sem hæstv. ráðh. var nú að segja.

Hæstv. ráðh. segir réttilega, að vegáætluninni sé hægt að breyta með lögum, og það er þá e. t. v. athugandi, hvort það þarf ekki að gera einmitt það. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, breytir ekki vegáætluninni í neinu. Það heimilar aðeins lántökur. Vegáætlunin segir til um, hve miklar framkvæmdirnar skuli vera, og ef lántökurnar verða meiri en framkvæmdirnar, þá gengur bara af til síðari tíma, svo að í sambandi við þetta kemur til athugunar, hvort ekki þarf að taka um leið fram í lögunum, að það breytist þá líka framkvæmdaheimildin.

Í öðru lagi upplýsti hæstv. ráðh., að upplýsingarnar um 20% niðurskurðinn hafi legið fyrir hv. fjvn., þegar hún afgreiddi vegáætlunina. Þetta þykja mér vera merkilegar upplýsingar, sem komu mér alveg á óvart, vegna þess að ég skil ekki, hvers vegna fjvn. þá afgreiðir til þingsins till. um vegáætlun, sem hún veit að er í rauninni með röngum tölum. Þetta finnst mér vera mjög einkennilegt, og þessar upplýsingar komu mér á óvart. Mér þykir það mjög miður, að fjvn. skuli hafa gert þá hluti þannig og skapað með því erfiðleika, sem, eins og hæstv. ráðh. gat um, eru nokkrir við að skera þetta niður aftur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að við verðum nú að líta svo á, að þegar ríkisstj. ber fram frv. um lántökuheimild til þess að ljúka Reykjanesbrautinni eins og öðru, þá felist í því ákvörðun um að framkvæma verkið með þeim hætti, ef lánsheimildin verður veitt, þannig að ég held, að hv. 6. þm. Sunnl. fallist nú á það að athuguðu máli, að ríkisstj. væri ekki að fara fram á þessa lántökuheimild, þessa hærri lántökuheimild, nema því aðeins að í því felist ákvörðun um framkvæmd á þennan hátt. Það liggur alveg í augum uppi. (**HB:** Á þessu ári?) Vitanlega á þessu ári. Það er ekki farið fram á lántökuheimild til annarra framkvæmda með þessu frv. heldur en sem eiga að vinnast á þessu ári.

Og svo verð ég að segja það, að mér þykir mjög leitt, að hv. 6. þm. Sunnl. skyldi ekki hafa fengið upplýsingar um það a. m. k. frá sínum flokksmönnum í fjvn., að talað var um niðurskurð á 47 millj., áður en vegáætlunin var samþykkt. Ég get tekið undir það, að mér þykir það slæmt, að hann skyldi ekki hafa fengið að vita það.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur verið bent á það við þessa umr., að það er ekki samræmi í þeim tölum, sem settar eru í þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku til vegaframkvæmda, og þess, sem í vegáætluninni stendur. Hæstv. ráðh. segir, að þessi mismunur gagnvart Reykjanesbraut stafi að mestu leyti af því, að nú hafi verið ákveðið að steypa veginn, en á tímabili hafi verið ráðgert að malbika hann.

Hæstv. ráðh. segir enn fremur, að það sé hægt að breyta vegáætlun með lögum. Ég skal ekki fullyrða neitt um það. En ekki væri óeðlilegt að líta þannig á, eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Sunnl. (HB), að vegáætlunin takmarki framkvæmdirnar, en ef tekið verði hærra lán, þá bíði hluti af því fé til næsta árs, þeirra framkvæmda, sem þá yrðu gerðar.

En það er annað, sem ég vildi leyfa mér að benda á. Ef samræmi væri á milli talna í þessu frv. og vegáætluninni, þá mundi ekki óeðlilegt, að þm. litu þannig á, að þetta frv. væri einungis staðfesting á því, sem efnislega hefði verið ákveðið, þegar vegáætlunin var sett. En ef farið verður að breyta tölum til einstakra framkvæmda, og hæstv. ráðh. segir, að það sé opið að breyta vegáætluninni með lögum, þá sýnist ekki óeðlilegt, að það geti komið til athugunar að bæta inn nýjum vegum, hækka lán, sem ákveðin eru í vegáætluninni, til annarra vega en þeirra, sem í þessu frv. greinir. Ef það má breyta vegáætluninni um einstaka vegi, með lagafrv. sem þessu, þá hlýtur það einnig að vera opin leið að breyta fleiri atriðum vegáætlunarinnar á sama hátt, og ég vildi gjarnan, að þetta yrði athugað í þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Þá hefur það enn fremur blandast inn í þessar umr., að fyrirhugað sé að skera niður um 20% ríkisframlag til vegaframkvæmda á þessu ári, og hæstv. ráðh. segir, að fjvn. hafi verið gert þetta kunnugt, áður en vegáætlunin var sett. Ég hef heyrt um þessar ráðagerðir, og ég geri ráð fyrir því, að það sé út af fyrir sig rétt, að fjvn. hafi haft hugmynd um, að ríkisstj. stefndi að þessu.

Nú er það álitamál, hvernig þessi niðurskurður verður framkvæmdur eða hve víðtækt valdsvið ráðh. er í því efni. Ég hef heyrt talað um, að það ætti að vinna að því þannig, að þingmenn kjördæmanna í samráði við vegamálastjóra og e. t. v. ráðh. reyndu að ná samkomulagi um, að einstökum verkum, sem ákveðin eru í vegáætluninni, yrði frestað, en ekki þannig, að það yrði lækkuð fjárveiting til hverrar einstakrar framkvæmdar sem þessum niðurskurði nemur.

Nú hygg ég, að það sé álit a. m. k. sumra manna, sem vanir eru stjórnsýslu og bera gott skyn á lögfræðileg efni, að með ráðherraúrskurði eða stjórnarráðstöfun sé ekki hægt að breyta vegáætlun, samþykki þingsins, á þann hátt að fresta algerlega einstökum framkvæmdum, taka einstakar framkvæmdir út úr og fresta þeim, eins og ég hef heyrt talað um, að í ráði væri, hitt muni fremur standast, að lækka fjárveitingu eða draga af fjárveitingu til hverrar framkvæmdar sem þessu nemur. Ég skal ekki fullyrða um þetta, en að sjálfsögðu hlýtur það að koma til athugunar. Og ég vil enn fremur benda á það og leggja á það áherzlu, að í fjárl., sem þessi stjórnarákvörðun mun vera grundvölluð á, segir orðrétt þannig, með leyfi hæstv. forseta, að „ríkisstj. er heimilt að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárl. fyrir árið 1965.“ Þessi heimild nær einungis til þess að fresta til ársins 1956. En nú er þessu þannig varið um vegáætlunina, að það var búið að raða niður bæði fjárveitingunum og einstökum verkum árið 1966, 1967 og 1968, og þá virðist ekki geta orðið í þessu sambandi nema um tvennt að velja, annaðhvort að raska vegáætluninni til frambúðar, þ. e. a. s. sú röskun, sem nú yrði í sambandi við niðurskurðinn, segði til sín einnig við framkvæmdir næstu ára, eða hitt, sem mér þykir eðlilegra, að um leið og ákveðið yrði að fresta til ársins 1966 tilteknum framkvæmdum í vegagerð, þá sé um leið raunverulega gefið fyrirheit um það af hæstv. ríkisstj. að auka ríkisframlagið til vegaframkvæmda í sambandi við fjárl. fyrir árið 1966 sem þeim niðurskurði nemur, er kann að eiga sér stað á þessu ári. Með því móti væri hægt að vinna þetta upp aftur á árinu 1966. En ég sé ekki, að það verði hægt með öðru móti, þar sem búið er fyrir fram að ákveða tekjurnar og raða niður einstökum verkum í vegaframkvæmdum næstu ár.

Ég vil því beinlínis gera ráð fyrir því, að í sambandi við þetta tal hæstv. ráðh. og ákvörðun hæstv. ríkisstj. um að fresta vissum verkum í vegaframkvæmdum felist það fyrirheit, að það verði bætt upp og framkvæmdir auknar sem því nemur á árinu 1966 með sérstöku framlagi á fjárl. þess árs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 631, 644).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þessu til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku til vegaframkvæmda var vísað til fjhn. Í frv. þessu felst heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka innlent eða erlent lán, að upphæð allt að 135½ millj. kr., til fjögurra tilgreindra þjóðvega, sem eru sundurgreindir í frv., en þar af er langmestur hlutinn ætlaður til framkvæmda við Reykjanesbraut, 115 millj. kr.

Þessi fjárhæð, sem þarna er ætlað að taka að láni, er, eins og reyndar hefur fram komið við 1. umr. málsins, mun hærri en gert var ráð fyrir í vegáætluninni, sem nýlega var samþ. hér á Alþingi, en ástæðan til þess er, eins og kunnugt er, sú, að það hefur verið ákveðið að steypa þann kafla af veginum, sem eftir er, en í vegáætluninni var gert ráð fyrir, að hann yrði malbikaður. Það mun hafa komið fram af hálfu hæstv. samgmrh. í umr. um vegáætlunina, að það væri ekki búið að taka fullnaðarákvörðun um það, hvort heldur vegurinn yrði steyptur eða malbikaður, en sú upphæð, sem sett var inn í vegáætlunina, var miðuð við kostnað við að malbika veginn. En vissulega hefði verið eðlilegra, að þessi fyrirvari hefði verið settur inn í áætlunina sjálfa.

Þá hefur þessi upphæð einnig hækkað nokkuð vegna breytts verðlags, þar sem þær fjárhæðir, sem greindar voru í vegáætluninni, voru miðaðar við kostnaðaráætlanir, sem gerðar voru á síðasta ári, en hafa nú hækkað.

Eins og greinir í nál., kvaddi n. vegamálastjóra á sinn fund og fékk hjá honum ýmsar upplýsingar varðandi ráðstöfun þessa lánsfjár. Hann gat þess m. a., eins og reyndar kom fram við 1. umr. málsins, að það væri fyrirhugað að taka vegarskatt á Reykjanesbraut eða Keflavíkurvegi, og hann skýrði enn fremur frá því, að sú breyting, sem nú hefur verið ákveðin og fólgin er í því að steypa veginn allan í stað þess að malbika hann og hefur auðvitað mjög aukinn kostnað í för með sér, 45—50 millj. kr., að sú breyting mundi leiða til þess, að vegartollurinn yrði hækkaður og af hækkun vegartollsins mundi þessi upphæð nást öll í framtíðinni.

Þá er rétt að taka einnig fram, að fyrirhugað mun vera, að af þessari fjárhæð, 135 millj. kr., verði hægt að ná 27 millj. af sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. nýlega samþ. lögum hér á Alþingi um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka innlent lán.

Fjhn. hefur, eins og nál. á þskj. 631 ber með sér, samþ. að mæla með frv., en þrír nm., þ. e. a. s. hv. fulltrúar Framsfl. og Alþb. í n., hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 644, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 644 og vildi segja um hana nokkur orð. Ég flutti að vísu brtt. við vegáætlunina ásamt tveim þm. Vestf., en þær brtt. voru allar felldar, eins og að venju lætur. Ég mundi ekki hafa flutt fleiri brtt., ef það hefði ekki staðið alveg sérstaklega á. Það er komið á daginn, að vegasambandið er ekki þýðingarlítið fyrir afskekkt héruð. Það hefur komið á daginn núna í vetur, þegar veðráttan hefur verið svo sem hún hefur verið og hafísinn hefur komið að landinu. Með því vegasambandi, sem þegar er í innhluta Strandasýslu, hefur í vetur lengst af verið fært bæði með farþega og þungavörur, en við norðurhluta sýslunnar eða Árneshrepp er ekkert vegasamband, eins og þm. er kunnugt. Í marga mánuði hefur verið ófært nema nokkra daga til hafna í allri sýslunni, og sambandið í lofti hefur ekki verið til staðar heldur, vegna þess að flugvöllurinn á Gjögri hefur verið ófær lengst af síðustu mánuðina. Til Árneshrepps, til og frá hreppnum, hafa því verið lokaðar allar leiðir í lofti, á sjó og á landi. Svo heppilega vildi til, og það var alveg sérstakt lán, að fyrir rúmri viku svignaði ísinn dálítið frá, þannig að það var hægt að senda skip norður með vörur, og ef þessi sérstaka heppni hefði ekki verið með, þá var neyðarástand yfirvofandi, vegna þess að það skorti nauðsynlegustu vörur bæði fyrir menn og málleysingja.

Eftir þessa reynslu tel ég, að Alþingi geti ekki komizt hjá því að veita fé til þess að leggja þennan stutta vegarspotta, sem tengir Árneshrepp við innhluta sýslunnar. Það kostar einar 2 millj.

Sýslunefnd Strandasýslu hefur setið á fundi undanfarna daga, og hafa þar vegamálin verið rædd og þetta sérstaka ástand, sem skapazt hefur um norðurhluta sýslunnar. Sýslunefndin hefur gert samþykkt, sem oddviti sýslunefndar hefur sent öllum þm. Vestf., og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þessa samþykkt.

„Sýslumaðurinn í Strandasýslu.

Hólmavík, 29. apríl 1965.

Á aðalfundi sýslunefndar Strandasýslu þetta ár var samþykkt eftirfarandi:

Eftir að hafa kynnt sér hina nýju fjögurra ára áætlun um framlag til þjóðvega í Strandasýslu samþykkir sýslunefndin eftirfarandi þingmönnum og vegamálastjóra til athugunar:

Sýslunefndin lýsir yfir algerri vanþóknun sinni á ákvörðun vegamálastjórnar og Alþingis um framlög til þjóðvega í Strandasýslu næstu fjögur árin, eins og þau eru ákveðin á fjögurra ára áætlun þeirri, sem liggur fyrir. Telur hún, að réttur Strandasýslu sé svo hrapallega fyrir borð borinn, miðað við vegaþarfir sýslunnar og miðað við önnur héruð, að ekki má láta því ómótmælt. Þess vegna skorar fundurinn á vegamálastjórnina og þingmenn Vestfjarðakjördæmis að taka til rækilegrar endurskoðunar framlög ríkisins til þjóðvega í Strandasýslu hin næstu fjögur ár og hafa fullkomna hliðsjón af eftirfarandi atriðum: Það ástand, sem nú hefur skapazt vegna hafíssins á Húnaflóa og fyrir Norðurlandi, ætti að minna á einangrun fólksins í Árneshreppi, meðan það ekki kemst í vegarsamband. Það er því augljóst, að ekki hefur verið minni þörf á að útvega lánsfé til að geta lokið þeim kafla, sem þarf til þess að tengja saman vegarsambandið á Vestfjörðum, heldur en það fé, sem varið er til Reykjanesbrautar. Það er því krafa Strandamanna, að á einhvern hátt verði séð fyrir því, að þarna komist á vegarsamband þegar á þessu sumri. Skorar fundurinn á þm. Vestfjarðakjördæmis að láta sýslunefnd Strandasýslu vita, áður en yfirstandandi Alþingi er lokið, hvort þessum málum verði sinnt eða ekki."

Menn mættu nú halda, að þessir menn væru þannig gerðir, að þeir stilltu lítt orðum sínum í hóf, þegar þeir athuga þessa fundarsamþykkt. En ég get fullvissað hv. alþm. um það, að sýslunefndin er skipuð mönnum, sem vita vel, hvað þeir segja, og kunna að stilla orðum sínum í hóf, en með því að hafa það í huga, þá sést, hvílík alvara fylgir þessum orðum, sem ég las upp, og kemur greinilega fram í fundarsamþykktinni.

Þrátt fyrir þessar kröfur, sem gerðar eru í samþykktinni um auknar vegabætur í Strandasýslu, hef ég ekki tekið upp nema eina tillöguna, till., sem fjallar um það að tengja saman vegina í innsýslunni og norðursýslunni. Ef það hefði verið til staðar nú, hefðu ekki verið nein vandræði með flutninga norður í Árneshrepp og fólk, sem þarf að komast þaðan t. d. sökum veikinda, hefði getað farið þann veg.

Ég get sagt ykkur það, að um tíma, þegar leit út fyrir, að það ætlaði að verða alvarlegur skortur og var orðinn alvarlegur skortur á ýmsum nauðsynjavörum, þá stóðum við, sem vorum að reyna að koma vörum þangað, í stöðugu sambandi við hreppsbúa og ríkisstj., sem heimilaði að senda varðskip til þess að brjóta leiðina norður og leiðbeina öðru skipi. Þá kom til orða að senda flugleiðis matvörur, vegna þess að það væri yfirvofandi skortur, en völlurinn reyndist ófær, og það var engin leið til á sjó, landi eða í lofti norður eða þaðan, algerlega lokaður heimur.

Ég veit, að það reynist oft til lítils að bera fram brtt. En ég vil satt að segja vona, að í þessu tilfelli beri það árangur. Ég sé ekki, hvernig þingið getur gengið fram hjá þeirri staðreynd og þeirri reynslu, sem staðreyndirnar hafa fært okkur upp í hendurnar, að þessi hluti af landinu er algerlega lokaður frá öðrum landshlutum og ófært þangað og þaðan, hvað sem í skerst.

Ég vil satt að segja vona, að þrátt fyrir þær venjur, þær ríku venjur, sem við höfum að fella brtt. frá minni hl., þá sýni þó deildin núna í þessu tilfelli þá röggsemd að samþ. brtt. mína. Sú fjárhæð, sem þarf til þess að rjúfa einangrun Árneshrepps, svarar til andvirðis

myndarlegs einbýlishúss í Reykjavík, stærri er nú upphæðin ekki. Og það er ekkert undarlegt, þegar teknar eru að láni milljónir í brautir nálægt Reykjavík til þess að byggja upp nýja vegi, þar sem vegir eru fyrir, þó að þessu fólki finnist það vera æðilítið um það hugsað og það næstum því yfirgefið, þegar það er ekki hægt að fá einar 2 millj. til þess að tengja saman vegina í norðurhluta og innri hluta sýslunnar.

Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð.

ATKVGR.
Brtt. 644 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí var frv. tekið til 3. umr. (A. 551, 644).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 644 felld með 10:9 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. Hún er að vísu ekki komin úr prentun, svo að ég get ekki nefnt númer á því þskj., en þessa brtt. flyt ég nú þegar við 1. umr. í þeim tilgangi, að hv. fjhn., sem væntanlega mun fá þetta frv. til athugunar, taki hana til athugunar fyrir 2. umr. Hún er samhljóða till., sem hv. 1. þm. Vestf. (HermJ) flutti í Ed., en náði þar ekki samþykki.

Eins og hv. þm. er kunnugt um, er Árneshreppur í Strandasýslu einangraður frá vegakerfi landsins. Það er kafli frá Veiðileysufirði til Selvíkurhöfða í Reykjarfirði, sem er vegleysa og veldur þessari einangrun. Það mun vera um 11½ km vegalengd, sem alveg vantar veg, en 5 km hálfgerður vegur. Vegamálastjóri áætlaði á s. l. ári, að þessi vegarkafli mundi kosta eitthvað um 3 millj. kr. með núverandi verðlagi. Fjárveiting til þessa vegar er á núgildandi vegáætlun tæplega 1 millj. Það vantar því um 2 millj. kr., ef ljúka ætti þessum vegarkafla á þessu ári, en fjárveitingar á gildandi vegáætlun gera ráð fyrir, að veginum verði meira að segja ekki lokið á næstu 4 árum, og vantar nokkuð á það.

Nú hafa þau tíðindi gerzt á þessum vetri, sem hv. þm. er vel kunnugt um, að hafís hefur lagzt að landinu allt frá Ströndum á Vestfjörðum um Norðurland og Austurland. Á Ströndum liggur enn hafísinn við land, firðir eru fullir enn af ís og siglingar ófærar, eins og er og hefur verið lengi. Ekki hefur verið unnt að komast á sjó til Hólmavíkur, Drangsness, Bjarnarfjarðar, Djúpavíkur, Gjögurs og Norðurfjarðar um langan tíma. Af þessum höfnum, sem ég nefndi, eru í Árneshreppi Djúpavík, Gjögur og Norðurfjörður. Í hreppnum eru íbúar um 260.

Síðasta skip til Árneshrepps, áður en ísinn lokaði siglingaleiðum þangað, var Skjaldbreið, sem kom til Norðurfjarðar 28. febr. Síðan hefur þetta hérað verið algerlega einangrað, að sjálfsögðu einangrað á landi, þar sem enginn er vegurinn þangað, einangrað á sjó vegna ísalaganna, og engar flugsamgöngur eru þangað, nema þegar unnt er að fljúga smáflugvél og lenda á litlum og ófullkomnum sjúkraflugvelli á Gjögri.

Þannig hefur þetta ástand verið í tvo mánuði eða frá 28. febr. til 28. apríl. Þá brýzt varðskipið Óðinn gegnum ísinn að Gjögri með björg fyrir menn og skepnur. Var þá orðinn skortur þar heima fyrir, sérstaklega á fóðurbæti, en einnig á sumum tegundum matvæla. Landhelgisgæzlan og áhöfn Óðins sýndi frábæran dugnað og dirfsku við að koma þessum vörum að landi, og má segja, að það hafi verið hreinasta tilviljun, að þetta tókst.

Nú er ástandið orðið aftur hið sama, eftir því sem oddviti hreppsins sagði mér í gær, engin leið að komast að landi, og við það bætist, að flugbrautin á Gjögri er nú, eins og stendur, ónothæf.

Það er ekki að undra, þó að Strandamenn fyllist ugg, ef ætlunin er, að þeir eigi að búa fleiri vetur við það öryggisleysi og við þær hættur, sem af hafís kunna að stafa. Sýslunefnd Strandasýslu hefur skrifað Vestfjarðaþingmönnum bréf, og er sýslunefndinni allmikið niðri fyrir. Þetta bréf er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi sýslunefndar Strandasýslu þetta ár var samþykkt eftirfarandi:

Eftir að hafa kynnt sér hina nýju fjögurra ára áætlun um framlög til þjóðvega í Strandasýslu samþykkir sýslunefndin að senda vegamálastjórninni og þingmönnum Vestfjarðakjördæmis eftirfarandi:

Sýslunefndin lýsir yfir algerri vanþóknun sinni á ákvörðun vegamálastjórnar og Alþingis um framlög til þjóðvega í Strandasýslu næstu fjögur árin, eins og þau eru ákveðin í hinni fjögurra ára áætlun, og telur, að réttur Strandasýslu sé svo hrapallega fyrir borð borinn miðað við vegaþarfir sýslunnar og miðað við önnur héruð, að ekki verði látið ómótmælt. Þess vegna skorar fundurinn á vegamálastjórnina og þingmenn Vestfjarðakjördæmis að taka til rækilegrar endurskoðunar framlag ríkisins til þjóðvega í Strandasýslu hin næstu fjögur ár og hafa þá til fullkominnar hliðsjónar eftirgreind atriði:

1) Það ástand, sem nú hefur skapazt vegna hafíssins í Húnaflóa og fyrir Norðurlandi, ætti

að minna á einangrun fólksins í Árneshreppi, meðan ekki kemst þar á vegarsamband. Það er því augljóst, að ekki hefði verið minni þörf á að útvega lánsfé til að geta lokið þeim kafla, sem eftir er, en annars staðar á Vestfjörðum, en af því lánsfé er Strandasýsla algerlega afskipt. Er því krafa Strandamanna sú, að á einhvern hátt verði séð fyrir því, að þarna komist á vegarsamband þegar á þessu sumri. Skorar fundurinn á þingmenn Vestfjarðakjördæmis að láta sýslunefnd Strandasýslu vita, áður en yfirstandandi Alþingi er lokið, hvort þessum málum verði sinnt eða ekki.

2) Hér er um svo smánarlega upphæð að ræða á vegáætlun, að nærri heggur algerri útstrikun. Lágmarkskrafa er því, að þjóðbrautin til Hólmavíkur verði fullgerð á næstu fjórum árum."

Undirskrift er: Sýslumaður Strandasýslu, Björgvin Bjarnason.

Brtt. mín, sem ég flyt nú við þessa umr., er til þess að verða við áskorun sýslunefndar Strandasýslu um að rjúfa einangrun Árneshrepps með vegagerð nú í sumar. Ég legg til, að hæstv. ríkisstj. verði heimilað að taka 2 millj. kr. lán í þessu skyni, en með því má telja, að bjargað verði byggðarlaginu frá hættum af hafís, ef þessi vegur kemst á, — þeirri hættu, sem hefur ógnað þeim eftirminnilega nú í vetur og gerir enn. Ég ætla, að Alþingi hafi jafnan komið til hjálpar, þegar tjón hefur orðið vegna náttúruhamfara eða mikil hætta stafar af slíku. Ég mun því ekki trúa því fyrr en í fulla hnefana, að Alþingi bregðist ekki vel við þessari tillögu.

Á vegáætlun, sem nýlega hefur verið samþ. hér á hæstv. Alþingi, er m. a. hækkun á lánsheimild til Reykjanesbrautar á þessu ári, sem er 62½ millj. kr. Á þessu frv. er lagt til, að sú lánsheimild sé hækkuð um 52½ millj. eða upp í 115 millj. kr. Mér er ekki kunnugt um, að nein andstaða sé gegn þessu hér á hv. Alþingi, og þykir mér sennilegt, að þessi till. hæstv. ríkisstjórnar verði samþykkt með samhljóða atkvæðum.

En á ég þá að trúa því, að Alþingi ætli sér að fella till. um tveggja milljón króna lánsheimild til viðbótar til þess að bjarga heilu byggðarlagi með 260 íbúum?

Ég óska þess sérstaklega, að hv. fjvn. athugi rækilega ástæðurnar fyrir því, að þessi till. er flutt, ástæðurnar fyrir því, að sýslunefnd Strandasýslu sendir svo alvarlegt bréf sem ég hef hér lesið upp.

Herra forseti. Ég tek þessa till. aftur til 2. umr. en mun þá að sjálfsögðu flytja hana í annað sinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 723 og 727, 699).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 723, hefur fjhn. þessarar hv. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. frá hæstv. ríkisstj. um heimild til lántöku til vegaframkvæmda. Alls vill stjórnin fá heimild til að taka 135.5 millj. kr. að láni til vegaframkvæmda. Stærsta upphæðin, 115 millj., er vegna Reykjanesbrautar, en það er ætlað, að þá upphæð þurfi til að fullgera veginn. Mér skilst, að ríkisstj. þyrfti í raun og veru að fá dálitlu hærri heimild til lántöku til Reykjanesbrautar, ef hún vill ljúka þeirri vegagerð á þessu ári. Skv. upplýsingum vegamálaskrifstofunnar voru föst umsamin lán til Reykjanesbrautar 130.9 millj. í árslok 1964, en áður hefur Alþingi veitt lántökuheimildir í fjárl. fyrir 1963 og 1964 fyrir u. þ. b. 82.9 millj. Þannig var við síðustu áramót búið að taka 48 millj. kr. lán til vegarins umfram lagaheimildir. Samgmrn. segir, að Íslenzkir aðalverktakar hafi lánað þetta fé.

Þegar stjórnin lagði fyrir þingið nú fyrir skömmu frv. um heimild til að taka innlent lán, þá gaf hún þær upplýsingar, að hún hefði í hyggju að verja 27 millj. af því láni til vegagerða. Ef þessi upphæð verður notuð til lántöku vegna Reykjanesbrautar, vantar þó enn heimild fyrir um 21 millj. til Reykjanesbrautar, til þess að vegagerðinni verði lokið á þessu ári. Og við teljum rétt í minni hl. fjhn., að þessari upphæð verði bætt við frv. til leiðréttingar á því. Við höfum ekki flutt enn þá till. um það, en viljum benda hæstv. samgmrh. á það, að þetta ætti hann að gera til leiðréttingar á sínu frv.

Þá bendum við á, að 4. töluliður 1. gr. frv. er alveg óþarfur og má falla niður. Þar ræðir um lántöku til Ólafsvíkurvegar um Enni. En það er upplýst, að þessari vegagerð er lokið, og enn fremur, að umrætt lán, 3 millj., var tekið af innlenda láninu, sem ríkið tók beint á árinu 1964 skv. heimild frá Alþingi. Stjórnin hefur því áður fengið heimild til þessarar lántöku og notað hana, og þess vegna er aldeilis óþarft að koma nú með þennan lið inn í þetta nýja frv. Þessu vil ég einnig beina til hæstv. stjórnar, hvort hún vill ekki flytja till. um að fella þennan lið niður.

Nyrzta sveitin í Strandasýslu er Árneshreppur. Þar er dugmikið fólk, sem leggur sig vel fram við framleiðslustörfin, en það býr við mikla samgönguerfiðleika, meiri en flestir aðrir landsmenn. Það mun vera þar lítill flugvöllur, sem hægt er að nota fyrir litlar vélar, en veg vantar þangað, og því verða allir flutningar á fólki og vörum að og frá sveitinni að fara fram á sjó, og skipagöngur þangað eru strjálar.

Í vetur rak hafís að norður- og austurströnd landsins, sem kunnugt er, og í 2—3 mánuði hefur ísinn lokað skipaleiðum til hafnanna í Strandasýslu. Þetta hefur valdið íbúum Árnes-

hrepps miklum örðugleikum, þar sem þeir eru ekki í sambandi við þjóðvegakerfi landsins og geta því ekki fengið nauðsynjar sinar með bifreiðum.

Talið er, að 2 millj. kr. framlag vanti, til þess að hægt sé að tengja Árneshrepp við akvegakerfið. Það er lífsnauðsyn fyrir íbúa sveitarinnar að fá veginn þangað, til þess að þeir séu ekki algerlega útilokaðir frá umheiminum, þó að hafísinn loki leiðum um hafið, eins og orðið hefur á þessu ári. Þessar 2 millj. eru hreinir smámunir í samanburði við þá stóru upphæð, sem ráðgert er skv. þessu frv. að taka að láni til vegagerðar annars staðar á landinu, aðallega til Reykjanesbrautar.

Þegar frv. þetta var til meðferðar í hv. Ed., bar hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, fram brtt. um, að inn í það væri bætt heimild til 2 millj. kr. lántöku vegna vegagerðarinnar norður í Árneshrepp. Svo undarlega fór í þeirri þd., að þessi sanngjarna till. var felld. Hún hefur nú verið tekin upp til flutnings hér í deildinni af hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, og er á þskj. 699.

Við umr. um málið í fjhn. lýstu fulltrúar stjórnarflokkanna sig andvíga brtt. um veginn í Árneshrepp. Þeir færðu fram þá ástæðu, að samgmrh. hæstv. væri á móti þessu, og úr því að hann var á móti till., þá töldu þeir sig líka þurfa að standa gegn henni. Svo er nú það.

Till. kemur nú til atkv. hér í deildinni. Hér eiga sæti 12 stuðningsmenn ríkisstj. fyrir utan fjárhagsnefndarmennina og ráðherrana sjálfa. Og nú vaknar sú spurning, hvort allir þessir 12 muni hlýða kalli ríkisstj. eins og stjórnarflokksmennirnir í fjhn. og greiða atkv. gegn þessu mikla hagsmunamáli fólksins í Árneshreppi. Skyldu þeir allir vera svo helteknir af þeim hjartans ís, sem Hannes Hafstein kvað um forðum, að þeir greiði atkv. gegn 2 millj. kr. lántöku til vegagerðar inn í afskekkta byggðarlagið í Strandasýslu, á sama tíma sem þeir rétta upp hendurnar með því, að 115 millj. kr. verði teknar að láni til þess að ljúka lagningu steinsteypta vegarins frá höfuðborginni til Keflavíkur? Við sjáum, hvernig þeir haga sér í málinu, innan lítillar stundar, og Alþingistíðindin munu geyma frásögn af framkomu þeirra í málinu.

Ég vil svo, herra forseti, óska þess, að nafnakall verði haft um brtt. á þskj. 699, og ég vil að lokum geta þess, að við í minni hl. fjhn. mælum með þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v., sem ég vildi mega leiðrétta hér í sambandi við brtt. þá, sem hann flytur við veg í Árneshreppi, Strandasýslu. Við athuguðum þetta mál við hæstv. samgmrh. Og það, sem ég sagði í n., var, að ráðh. hefði talið, að þetta mundi ekki mögulegt. Hins vegar yrði litið til þessa vegar, eftir því sem ástæða væri til, en alls ekki, að hann væri á móti þessu máli sem slíku.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál, en vil vekja athygli á meðferð vegamála hér á hv. Alþingi. Um áramótin 1963—1964 voru afgreidd hér ný vegalög, þar sem gert var ráð fyrir því að semja vegáætlun til 4 ára. Og þeir hæstv. stjórnarsinnar hafa gert stundum tilraun til að hæla sér af því, að allt annað yrði nú að vinna að þessum málum framvegis, þegar búið væri að undirbyggja þau vel og unnið væri eftir fastgerðri áætlun, er væri til 4 ára. Og fyrir samkomulag hér í þinginu fékkst því breytt á þann veg, að endurskoða skyldi þessa áætlun á 2 ára fresti í staðinn fyrir 3 ára fresti.

Nú hefur á þessu þingi, sem nú er senn að ljúka, verið lögð fram fyrsta 4 ára áætlunin. Hún var lögð fram um miðjan desember og var svo tekin til meðferðar í febrúar. Þegar hún hafði legið hér í hv. Alþ. í 3 mánuði, kom ríkisstj. og embættismennirnir með verulegar breytingar á þessari áætlun, vegna þess að hún var orðin úrelt. Verðlagsbreytingar fyrir áhrif söluskattshækkunar ríkisstj. höfðu gert það að verkum, að það þurfti að endurskoða vegáætlunina eftir 3 mánuði. Þessi áætlun var síðan samþ. á hv. Alþ. Það mun hafa verið í apríl, sem það var gert, en hún var ekki búin að vera í gildi — sennilega búið þó að staðfesta hana, þegar inn í fjvn. voru sendar till. til breytinga á 4 ára áætluninni. Hæstv. ríkisstj. hafði nefnilega þóknazt að lækka fjárveitingu á fjárlögunum um 20%, og nú var gerð till. um að breyta því í vegáætluninni. Þegar þetta mál kom til meðferðar í fjvn., var meðferð þess mótmælt og sýnt fram á það með rökum, að það væri ekki hægt að framkvæma það á þann hátt, sem lagt var til. Meiri hl. n. óskaði eftir fresti í málinu, og það hefur ekki verið tekið til meðferðar síðan og gert ráð fyrir, að fjvn. hafi lokið störfum. Ég lít því svo á, að hæstv. ríkisstj. hafi fallið frá þessari ákvörðun sinni um að lækka vegaféð, enda er engin heimild í vegáætluninni til niðurskurðar, eins og hugsað var af hendi hæstv. ríkisstj.

Það liðu ekki nema 1 eða 2 vikur frá þessu, þangað til hæstv. ríkisstj. bar fram hér frv. á Alþ. til breyt. á vegáætluninni. Þetta frv. er nú til meðferðar hér í hv. d. í dag, og það er byggt á því, að hún hafi um tíma hugsað sér að malbika Keflavíkurveginn, en upphaflega var áætlunin miðuð við, að hann yrði steyptur. Nú eru það engin ný sannindi og vissu allir, þegar farið var að steypa Keflavíkurveginn, að hann yrði dýrari en malbikun, en hitt vissu menn líka, að steinsteypan er varanlegri en malbikunin, og þess vegna var horfið að því ráði í upphafi, að vegurinn skyldi steyptur, en ekki malbikaður. Ekki veit ég, hvað olli þessu afturhvarfi hæstv. ríkisstj. í vetur, en hún hefur snúizt á nýjan leik í einn hring og kemur nú fram með brtt. við vegáætlun með þessu lagafrv.

Það eru fleiri vegir, sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir að breytt verði fjárveitingu til eða lántökuheimild til á vegáætluninni, og samt hef-

ur vegáætlunin ekki staðið í 4 mánuði. Svo heldur hæstv. ríkisstj., að hún geti samið um vegáætlun til 4 ára, þegar hún getur ekki einu sinni látið hana standa breytingalausa í 4 vikur, hvað þá 4 mánuði. Þetta sýnir á vissan hátt vinnubrögð hæstv. ríkisstj., og hún þarf ábyggilega að læra verulega miklu meira í vinnubrögðum, áður en hún getur látið sér detta í hug að láta samþ. áætlun til 4 ára. Á þessu vildi ég vekja athygli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það mun vera þannig með flesta, að þeir þurfa ýmislegt að læra. En hræddur væri ég um það, að ekki væri gott að fara í kennslustund til hv. 3. þm. Vesturl., hvorki hvað vegamál snertir né annað.

Hv. þm. segir, að það sé engin heimild til þess að fresta vegaframkvæmdinni. Það hefur verið ákveðið að lækka 47 millj. kr., sem eru í fjárl., um 20%. Þetta var fjvn. tilkynnt. Þetta hefur hv. þm. verið tilkynnt, og í fjvn. hefur það verið bókað, að ætlazt er til, að þm. kjördæmanna hafi samráð við vegamálastjóra og ráðuneytið um það, hvaða framkvæmdum verði frestað. Það er því ekkert um annað að ræða heldur en það, að þessar 47 millj. verða lækkaðar um 20%. Það hefur verið ákveðið, og þýðir ekkert fyrir hv. 3. þm. Vesturl., sem á sæti í fjvn., að koma hér og láta sem svo, að hann viti ekki um, að þetta hefur verið ákveðið.

Hv. þm. talar um það, að vegáætlunin sé úrelt, af því að nú sé farið fram á lántökuheimild, og þessi lántökuheimild er með ríflegra móti, aðeins hærri en gert er ráð fyrir í vegáætluninni. Nú er það svo, að vegáætlunin er gerð samkv. þál. frá Alþingi. En sjálfsagt hefur hv. 3. þm. Vesturl. ekki dottið það í hug, að þessi ályktun, vegáætlunin, væri óbreytanleg með lögum frá Alþ. Vegáætluninni verður vitanlega ekki breytt nema með lögum frá Alþ. En hingað til hefur alltaf þótt fært að breyta ályktunum Alþ. með lögum. Ekki svo meira um það, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði.

Það má segja, að það sé mjög vinsamlegt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að benda vegamálastjórninni á, að það vanti nú reyndar hærri lántökuheimild en farið er fram á. En ég vil þá geta þess til skýringar á því, sem ég ætla, að hv. 1. þm. Norðurl. v. reyndar viti, hafi fengið upplýsingar hjá ráðuneytisstjóranum í samgmrn. um það, að þessi 21 millj., sem hv. þm. talar um, það eru bráðabirgðalán hjá Aðalverktökum, og það hefur skeð fyrr, að það hefur ekki verið leitað lánsheimildar fyrir bráðabirgðalánum. En það er ætlunin að athuga það fyrir haustið, þegar vitað verður nákvæmlega, hvað mikið er um að ræða, því að þessar 115 millj., sem farið er fram á til að ljúka Keflavíkurveginum, eru áætlunarupphæð. Vonandi þarf ekki að nota það allt, og þegar lokið er við að steypa veginn, þá er vitað, um hve háa upphæð er að ræða, og þá verður vitanlega gengið frá lánsheimildum fyrir öllu, sem að láni hefur verið tekið, um leið og bráðabirgðalánunum verður breytt í föst lán. Það er þess vegna ekki ástæða til að hækka lántökuheimildina frá því, sem farið er fram á með þessu frv. Út af fyrir sig er ekkert nema eðlilegt, þó að hv. þm. benti á þetta, úr því að hann kom auga á það, en vegamálastjórnin ætlar sér ekki að taka lán án heimildar eða láta þau standa án heimildar.

Um Ennisveginn er það að segja, að það er engin ástæða til þess að breyta frv., en það mun rétt vera, að þessi heimild, sem hér er farið fram á, er óþörf, vegna þess að það var önnur heimild fyrir hendi, en það getur nú ekkert sakað, þótt þessi heimild sé látin vera með. Það tekur ekki að breyta frv., því að það verður ekki meira lán tekið í þennan veg, sem lokið var að byggja á s. l. ári.

Um Keflavíkurveginn er það að segja, að á tímabili var til athugunar að malbika það, sem eftir var af honum. En það er staðreynd, að talsverður hluti þessa vegar hefur þegar verið steyptur. Þessi vegur hefur þá sérstöðu, að það er ætlað að taka umferðargjald á veginum, og eftir atvikum þótti þá eðlilegt að ljúka við veginn á þann hátt, sem byrjað hefur verið á, þótt það sé mín skoðun, að aðrar hraðbrautir muni verða malbikaðar. Ég tel, að það sé rétt stefna, sem Reykjavíkurborg hefur tekið upp, að reyna að komast yfir sem lengsta vegi og fá gott slitlag á þá. Þannig sparast slit og eyðsla á ökutækjum, og ef við ætlum að steypa Vesturlandsveginn og Austurveginn og aðra fjölfarna vegi, verðum við vitanlega miklu lengur að bíða eftir því að fá traust slitlag á þá heldur en með því að malbika. Ég ætla einnig, að það verði erfitt að koma því við að taka umferðargjald af öðrum vegum, og þess vegna hefur Keflavíkurvegurinn algera sérstöðu.

Um brtt. hv. 3. þm. Vestf. á þskj. 699, sem er samhljóða till., sem hv. 1. þm. Vestf. flutti í hv. Ed., er það að segja, að það þykir ekki eðlilegt að samþykkja þessa till. í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða. Það er ekki vegna þess, að það vanti skilning á vandamálum þeirra, sem búa þarna vestur á Sröndum. Og ég hygg, að það megi segja, að það verði athugað, á hvern hátt megi koma til móts við þessa menn, sem vissulega eru einangraðir og illa staddir vegna ísins. Það er miður smekklegt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að vera að tala um, að það verði nafnakall um þessa till., það sjáist í Alþingistíðindunum í framtíðinni, hverjir hafi verið á móti því að rétta hjálparhönd til þeirra, sem illa eru staddir. Í þessu felst nokkurs konar hótun. En ég hygg, að hv. þm. standi það nú alveg af sér og það sé alveg eftir að reyna á það, hverjir standi raunverulega með þeim, sem þarna búa, eða á móti. Og víst er það, að Strandamenn munu spyrja að því í dag: Hvernig stendur á því, að okkur vantar veg? Hvernig stendur á því, að það er ekki búið að leggja veg til okkar? Hvernig stendur á því, að það var ekki farið að tala um það, fyrr en núv. ríkisstj. kom til valda? Þeir munu spyrja að því, og ég geri

ráð fyrir því, að Strandamenn muni eiga eftir að þreifa á því, hverjir standa með þeim í verki og hverjir eru það helzt í orði.

Ásgeir Pétursson: Herra forseti. Mig langar til þess að gera aðeins stutta aths. í sambandi við þessar umr. og leyfi mér að vitna til ræðu hæstv. ráðh. um það, hvort það væri æskilegra að steypa vegi eða malbika þá. Sannleikurinn er sá, að þetta mál er búið að vera mikið til umr. víða, bæði í blöðum og hér á Alþ. og meðal verkfræðilega menntaðra manna. En ég held, að það hafi ekki verið nægilega oft og ekki kannske nægilega öfluglega bent á þá staðreynd, að það á ekki og má ekki vera neitt hjartans mál eins eða neins, hvort jafnþýðingarmiklar framkvæmdir í landinu og varanleg vegagerð eiga að vera gerðar með einhverjum tilteknum hætti. Það er aðeins ein raunhæf og skynsamleg aðgerð til þess að skera úr um það, hvort betra sé að malbika vegi eða steypa þá. Hún er sú, að það fari fram verkfræðileg og fjárhagsleg rannsókn á því, hvort betra sé. Að henni lokinni geta hv. alþm. eða hæstv. ríkisstj. eða aðrir þeir aðilar, sem um þetta fjalla, tekið sínar ákvarðanir. Það væri ákaflega dýrt spaug að hefja vegagerð á Íslandi, varanlega vegagerð, og láta það vera einhverjum tilviljunum háð, hvaða aðferð verður við það notuð. Ég vil aðeins í þessu sambandi benda á það, að stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur boðizt til þess við aðra opinbera aðila að taka þátt í þeim kostnaði, sem af því mundi leiða, að slík fræðileg rannsókn færi fram. Og það er vonandi, að menn muni sameinast um að láta þá rannsókn fara fram hið fyrsta, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að einungis í kjölfar slíkrar rannsóknar er hægt að taka skynsamlegar ákvarðanir.

Það hefur sýnt sig á erlendum vettvangi, þar sem hafa verið gerðar rannsóknir á því, hvort betra sé að steypa vegi eða malbika þá, að þegar til lengdar lætur, eftir kannske aðeins nokkur ár, 2—3 ár, er ódýrara að hafa steypt vegi heldur en að hafa malbikað þá, og það er þá aðeins spursmál um fjármagn og vexti af því. Er þess að vænta, að það muni koma í ljós eftir rannsókn á Íslandi, að það muni ekki líða langur tími, þangað til það hafi beinlínis borgað sig að hafa þá aðferð, sem ég drap á fyrst.

Ég vek athygli á þessu hérna, ekki vegna þess í sjálfu sér, að það skipti meginmáli í sambandi við umr. um þetta mál, heldur vegna hins, að þetta hefur borið á góma og ég tel þetta vera mjög mikilvægt atriði upp á framtíð vegagerðar á Íslandi, e. t. v. eitt þýðingarmesta atriði allra þeirra, sem til álita koma.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér neitt málþóf eða ræða frekar um framkvæmd hæstv. ríkisstj. á vegamálunum og vegáætluninni. Það mál er svo ljóst, að það þarf ekki frekar skýringa við. En í sambandi við það, sem ég sagði um niðurskurðinn til vegamálanna, vil ég taka eftirfarandi fram:

Hæstv. ráðh. sagði, að vegáætlunin væri ekki þannig úr garði gerð, að hún væri óbreytanleg. Það er rétt. En hann sagði líka, hæstv. ráðh., að það væri hægt að breyta henni með lögum. Ég endurtek, að það er ekkert atriði í vegáætluninni, sem heimilar niðurskurð á þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í henni. Vegáætlunin byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar samkv. III. kafla vegal. nr. 71 30. sept. 1963, að árið 1965—1968 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkv. eftirfarandi vegáætlun."

Það er engin heimild til þess að breyta þessu nema með því að breyta sjálfri vegáætluninni. Þess vegna flytur hæstv. ríkisstj. nú lagafrv. til þess að breyta þeim atriðum, sem hún telur sjálf, að verði að breytast, og eins þyrfti að verða um þessar 47 millj. kr., ef það ætti að koma til framkvæmda niðurskurður á þeim árið 1965.

Ég vil því undirstrika þetta: Það mál hefur aldrei verið afgreitt í fjvn. Það er engin heimild í vegáætluninni til niðurskurðar, og til þess að fá heimild verður að samþykkja lög hér á Alþ., sem breyta vegáætluninni frá því, að Alþ. gekk frá henni. Þess vegna mótmæli ég öllum aðgerðum í þá átt að skera niður þá vegáætlun, sem samþ. var af Alþ. 2. apríl 1965, og tel, að hæstv. ríkisstj. hafi enga heimild til þess, nema Alþ. samþykki þá heimild.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. segir, að nokkuð af lánunum til Reykjanesbrautar hafi verið bráðabirgðalán. Þetta kemur ekki heim við fyrri upplýsingar stjórnarinnar. Í till. til vegáætlunar, sem lögð var fram fyrr á þessu þingi, er á bls. 32 gerð grein fyrir framkvæmdum við hraðbrautir, og þar er rætt um kostnað við lagningu Reykjanesbrautar, hver hann verði orðinn um áramótin 1964—1965, og síðan segir: „Fjár til þessara framkvæmda hefur verið aflað svo sem hér segir: Föst umsamin lán 130.9 millj." Þarna segir, að þetta séu föst umsamin lán, en ekki bráðabirgðalán. Enda fékk ég þær upplýsingar hjá ráðuneytisstjóra samgmrn., að það væru fastir samningar um þessi lán frá Íslenzkum aðalverktökum.

Hæstv. ráðh. segir út af því, sem ég hélt fram, að það vantaði þarna rúmar 20 millj. í lántökuheimild vegna Reykjanesbrautar, til þess að þeir gætu tekið það lán, sem talið er, að þurfi til að ljúka henni á þessu ári, að það kæmi ekki að sök. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, sem hann á þó að vita og hlýtur að vita, að ríkisstj. er ekki heimilt að taka lán nema samkv. heimildum frá Alþ. Það kemur einnig fram í okkar nál., minni hl., að ríkisstj. hafi ekki enn farið fram á neina heimild til lántöku til vega á Vestfjörðum, sem hún skýrði þó frá fyrir ekki löngu á Alþ., að ætti að taka

og meðal annars sé gert ráð fyrir í vegáætluninni, að það verði unnið að nokkru af þeim framkvæmdum 1965. Stjórnin hefur bara ekki fengið neina heimild til þessarar lántöku, sem hún ætlar að framkvæma einhvers staðar erlendis, að því er okkur skildist.

Hæstv. ráðh. viðurkennir, að 4. tölul. 1. gr. frv. ætti ekki þar að vera, það sé búið að taka þetta lán. En hann telur samt enga ástæðu til að leiðrétta skekkjur í stjórnarfrv., þær megi gjarnan vera. Það er trúlega ekkert einsdæmi, að það komi þar inn villur, menn eru ekkert að kippa sér upp við það. Hann telur hins vegar ekki eðlilegt að samþykkja brtt. hv. 3. þm. Vestf. um veginn í Árneshrepp. Það telur hann ekki eðlilegt, þó að hitt megi standa, heimild til lántöku í veg, sem búið er að veita áður og búið er að taka lán til. Hann virtist undrast það, að Strandamenn skyldu ekki vera búnir að fá akfæran veg eftir endilangri sýslunni, þegar núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda. Það var mikið átak að gera vegi um Strandasýslu. Hún er löng og vogskorin, og það fór mikið fjármagn til vegabóta í Strandasýslu fyrir daga núv. ríkisstj. En það var vitanlega í þeirri sýslu eins og öðrum á landinu, að það var ekki að fullu lokið vegaframkvæmdum þar, og það þarf enginn að undrast það, og það er vitanlega til þess ætlazt, bæði af Strandamönnum og öðrum, að það verði eitthvað haldið áfram með vegagerðir þar, þó að ný ríkisstj. kæmi hér á landi seint á árinu 1959.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér þykir ákaflega leiðinlegt, hvað hv. 3. þm. Vesturl. þykist vita lítið í dag. Það stendur við það, sem ég sagði, að vegáætluninni verður ekki breytt nema með lögum. Það er alveg rétt. Það er engin heimild í vegáætluninni til þess að lækka framkvæmdir. En það er heimild í 22. gr. fjárl. fyrir árið 1965 fyrir ríkisstj. til þess að fresta framkvæmdum á árinu, og ég er alveg sannfærður um það, að hv. 3. þm. Vesturl., sem er fjvn.-maður, veit um þessa heimild, þó að hann hér í dag þykist ekkert vita, og mér finnst þetta ekki sæmilegt og alveg ástæðulaust, ekkert á því að græða fyrir hv. þm., ekki nokkurn hlut, tilgangslaust.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. er við sama heygarðshornið og vitnar nú hér í till. til vegáætlunar, þar sem sagt er, að umsamin og föst lán til Reykjanesbrautar séu 130.9 millj. kr. Það er rétt, það stendur þarna. Eigi að síður er hluti af þessu bráðabirgðalán til örstutts tíma frá Aðalverktökum, og það er það, sem á að breyta. Það á að breyta þessum lánum í lengri lán, og það á að afla heimildar fyrir því, sem vantar á vegaframkvæmdirnar, þegar það liggur fyrir í haust, eftir að búið er að steypa veginn, hve mikið vantar. Það verður gert, og það getur hv. þm. verið alveg viss um, að það er ekki gert ráð fyrir að brjóta þar lög.

Hv. þm. talar um, að mér sýnist ekki ástæða til að leiðrétta skekkjur. Ég sé ekki, að þó að það sé fengin þarna heimild til Ennisvegar, sem er óþörf, geti nokkurn hlut sakað eða neinu breytt, þótt það standi í frv. Það er engin ástæða til þess. Sú skekkja er algerlega saklaus og engum að meini, og ég hafði haldið, að hún væri ekkert að meini hv. 1. þm. Norðurl. v. heldur.

Svo vil ég taka undir með hv. þm. um það, að það er erfið vegagerð á Vestfjörðum og Ströndum og kannske eðlilegt, að það sé ekki öllu lokið. En ég vil þó vekja athygli á því, að það er ekki langt síðan farið var fram á lánsheimild til vegaframkvæmda á þessum stað. Það var ekki fyrr en framsóknarmenn hv. voru farnir úr ríkisstj. og farið var að gera kröfur á hendur núv. stjórn, og ég hef mikla samúð með þeim á Ströndum og annars staðar, þar sem erfitt er um vegaframkvæmdir, að það verði nú hægt að hjálpa þeim.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Brtt. mín við þetta frv. á þskj. 699 um 2 millj. kr. lánsheimild til að rjúfa einangrun Árneshrepps hefur nú fengið athugun í hv. fjhn. Stjórnarsinnar í n. eru andvígir till., en minni hl. n., þrír hv. þm., vill samþykkja hana. Þessi till. er, eins og ég gat um áður, flutt í samræmi við bréf sýslunefndar Strandasýslu, sem prentað hefur verið sem fskj. með nál. minni hl. n. Þar skorar sýslun. á hv. Alþ. að heimila lánsfé til þessa vegarkafla, sem um getur í þessari brtt. minni, vegarkafla til að rjúfa þá einangrun, sem vegaleysið skapar Árneshreppi. Sýslun. er ekki að biðja um neinar gjafir. Hún krefst þess eins, að þessi vegarkafli verði lagður nú í sumar, sem á að leggja hvort sem er á næstu árum, ekki er farið fram á annað. Hún krefst þessarar fyrirgreiðslu til þess að afstýra ógnun, sem af hafís hefur nú í vetur stafað fyrir Árneshrepp og getur ógnað á komandi vetrum. Þessari liðveizlu ætla stjórnarsinnarnir að neita, um leið og allir alþm. samþykkja 115 millj. lánsheimild til byggðarlags, sem aldrei hefur af hafís haft að segja. Þetta er frammistaða stjórnarflokkanna í þessu máli.

Hæstv. samgmrh. fór að afsaka sig hér áðan, hvers vegna hann væri á móti till., en það er hann, sem fyrirskipar, að till. skuli felld. Hann segir, að það sé ekki eðlilegt að samþykkja svona till. Af hverju er það ekki eðlilegt? Er þá eðlilegt að samþykkja 115 millj. kr. til Reykjanesbrautar? Já, það er eðlilegt, segir hann. Hann segir, að þessi andstaða sé ekki af neinu skilningsleysi. Nei, skilningurinn er svo glöggur, að það er með öllu óeðlilegt, óverjandi, að Árneshreppur fái vegasamband! Svo góður er skilningurinn hjá honum og hans mönnum í garð þessa héraðs. Hann spyr, hvers vegna vanti þarna veg. Ætli það mætti ekki spyrja um marga vegi og vegarkafla í landinu, ef því væri að skipta? Mætti þá ekki alveg eins spyrja, hvers vegna hefur vantað rafmagn nú að undanförnu? Það vantar þennan vegarkafla m. a. fyrir það, að felldar hafa verið till. okkar stjórnarandstæðinga þing eftir

þing um fjárveitingar í vegi. Hæstv. ráðh. segist hafa mikla samúð með þessu fólki. Ja, hún er ekki lítil. Hún er svo mikil, samúðin hans með þessum 260 íbúum Árneshrepps, að þeir skulu ekki fá þennan vegarkafla í sumar. Það er niðurstaðan af þeirri afstöðu, sem hann og hans menn hafa tekið til þessarar brtt. Ég tel það alveg furðulegt, að þannig skuli vera hægt að segja mönnum fyrir verkum hér á Alþ., sem fram kemur í þessu máli.

ATKVGR.
Brtt. 699 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, SJóh, VH, HS, SP, IG, LJós, SE, SkG, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EÁ.

nei: EmJ, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, ÁP, EI, SB.

6 þm. (EOl, GeirG, JSk, RA, ÞÞ, AJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 759).

---

61. Kjarasamningar opinberra starfsmanna.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. til bráðabirgða á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna [203. mál] (stjfrv., A. 620).

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af ríkisstj. eftir sameiginlegri beiðni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og samninganefndar ríkisstj. um kjaramál. Það er um að breyta nokkrum frestum varðandi kjarasamningana og er ýtarlega gerð grein fyrir því í grg. frv.
Ég vænti þess, að um þetta mál geti orðið fullkomin samstaða, en þess er óskað af báðum aðilum, að frv. geti orðið að l. á þessu þingi.
Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál um þetta litla mál, sem hér liggur fyrir, en efni þess er, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir, að framlengja fresti þá, sem greinir í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, fresti til samningagerðar, sáttaumleitunar og kjaradómsmeðferðar. Í lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er svo mælt, að uppsögn skuli gerð í síðasta lagi sjö mánuðum fyrir gildistöku nýs kjarasamnings og skuli þá samningur hefjast, þ. e. a. s. að samningar eiga í síðasta lagi að hefjast 1. júní. Síðan er gert ráð fyrir því skv. lögunum, að sáttasemjari taki deiluna til meðferðar innan mánaðar, þ. e. a. s. 1. júlí, ef ekki næst samkomulag, og sú sáttameðferð fyrir sáttasemjara getur tekið allt að einum mánuði, en síðan fer málið til kjaradóms, og hann hefur svo einn mánuð til meðferðar málsins, en hann á að hafa, ef til kemur, kveðið upp sinn úrskurð 1. sept.
Það má að vísu segja, að þessir frestir og þessi tímamörk, sem þarna eru sett, séu í skemmsta lagi, a. m. k. sá frestur, sem kjaradómi er settur til þess að kveða upp sinn úrskurð. En ég vil minna á, að þessi ákvæði eru ekki sett út í bláinn, því að það var tekið fram, ef ég man rétt, í grg., sem fylgdi frv. að kjarasamningum opinberra starfsmanna, að þessi tímamörk varðandi samningagerðina, sáttasemjarameðferðina og kjaradómsmeðferðina, væru sett með það fyrir augum, að niðurstöður gætu legið fyrir svo snemma, að það væri hægt að taka tillit til þeirra við undirbúning fjárl. og meðferð fjárlfrv., og þess vegna gert ráð fyrir því í l., að ákvörðun um launakjör starfsmanna liggi fyrir í síðasta lagi 1. sept., en þá er hægt að taka tillit til þeirrar breytingar, sem þar af kann að verða, við samningu fjárl. Eftir því frv., sem hér liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir því að framlengja þessa fresti þannig, að úrskurður kjaradóms sé ekki upp kveðinn fyrr en 1. des.
Mér er ekki ljóst, hvað hefur breytzt, frá því að þessi ákvæði voru sett í kjarasamningalögin. Þá var talið nauðsynlegt, að það lægi fyrir ákvörðun um launakjörin svo snemma, að það væri hægt að taka tillit til þeirra við samningu fjárl. Nú er það alveg auðsætt, þegar ákvörðun á ekki að liggja fyrir fyrr en 1. des., að þá er ærið lítið svigrúm til þess að taka tillit til þess við fjárlagameðferð, því að ef vel ætti að vera, þá ætti vissulega fjárlagameðferð að vera langt komið 1. des.
Mér sýnist þess vegna hér vera stigið spor aftur á bak, þar sé hringlandaháttur á, og þetta vera óheppilegt skipulag, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Að vísu virðist gert ráð fyrir því, að það standi aðeins til bráðabirgða og eigi aðeins við í þetta skipti.
Það væri þess vegna í rauninni fróðlegt að heyra, hverjar skýringar eru á því, að nú er gerð þessi undantekning frá þessum almennu reglum. Nú hygg ég, að það sé flestra manna mál, að það megi búast við því, að það verði allveruleg hækkun á launakjörum opinberra

starfsmanna, hvort sem sú hækkun verður með samningum eða það sem líklegra má nú telja kannske, að samningar náist ekki og málið þurfi að fara til kjaradóms, og þá er það næsta óheppilegt, að það liggi ekki fyrir fyrr en 1. des., hver sú hækkun verður. En það hygg ég, að flestir séu sammála um, að það hljóti að verða mjög veruleg hækkun einmitt á launum opinberra starfsmanna, eins og allt er í pottinn búið og eins og þeirra aðstaða hefur breytzt á þeim tíma, sem kjarasamningar þeirra hafa verið í gildi, og m. a. vegna þess líka, að það hefur við meðferð þeirra skattalaga, sem hér eru til meðferðar, ekki verið tekið neitt sérstaklega tillit til þeirra. Það hefði sjálfsagt vel verið hægt að hugsa sér það, að með lagfæringum á skattalögunum hefði verið hægt að ganga eitthvað til móts við opinbera starfsmenn, þannig að þeir hefðu getað komizt af með minni hækkun en ella, en út í það skal ég ekki fara lengra.

Þetta frv. er sagt flutt skv. beiðni og með samkomulagi stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og samninganefndar ríkisstj., og þar sem svo er, þá sé ég ekki ástæðu til að vera á móti þessu. Það má segja, að stjórn bandalagsins sé dómbærust um það, hvað hentar í þessu efni, og ég læt það þá kyrrt liggja og mun fylgja þessu frv., því að ég hef ekki ástæðu til að rengja, að það sé rétt, sem þar um er sagt, að stjórn bandalagsins sé þessu samþykk. Hitt er annað mál, að ég skil ekki þær hvatir, sem liggja til þess, að hún leggur þessar breytingar til, því að ég get ekki skilið, að ekki hafi verið og ekki muni vera nægur tími til samninga, því að samninga má vitaskuld byrja þegar í stað, þar sem vitað er og fyrir liggur, að samningum hefur verið sagt upp.

Ég verð að segja það, að mér finnst sá frestur, sem hér er gert ráð fyrir í sambandi við þessa ákvörðun, heldur óheppilegur á ýmsa lund. Það er verið að bollaleggja um það í aths. við þetta frv., að n. sé að endurskoða lögin um kjarasamninga og frv. um það efni verði lagt fyrir næsta Alþingi. Þar af gæti leitt, að það yrði lagt fram frv. um þetta efni og kannske afgreidd ný lög um þetta efni, áður en nokkur ný ákvörðun um laun væri tekin. Ég hefði talið hitt heppilegra, að það hefði legið fyrir ákvörðun um launakjörin, áður en það væri stofnað til nýrrar lagasetningar um þetta.

En sem sagt, sjálfsagt hefur stjórn bandalagsins eitthvað fyrir sér í þessu efni, þó að ég fái ekki komið auga á það, hver rök mega liggja til þess, að þessi háttur er nú hafður á, og ég verð að segja það eins og er, að mér finnst hálfgert undansláttarbragð að þessu frv. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess, að opinberir starfsmenn þurfi að bíða þess kannske til 1. des. að vita, hvers þeir mega vænta um sín launakjör á næstu tveim árum, í stað þess að núgildandi lög gera ráð fyrir því, að þeir viti það þó í síðasta lagi 1. sept. Hvað á þessi frestur að þýða? Það fæ ég ekki skilið. En eins og ég áðan sagði, þá vil ég ekki fyrir mitt leyti fara að beita mér á móti þessu, úr því að það er samkomulag um þetta við stjórn bandalagsins, en ég vildi ekki samt láta þetta mál fara hér alveg þegjandi fram hjá mér.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í kjarasamningalögunum er gert ráð fyrir, að kjaradómur hafi kveðið upp sinn úrskurð í síðasta lagi 1. sept. ár hvert, og það er alveg rétt frá skýrt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) um þau rök, sem lágu til þess tímamarks, sem sagt, að unnt væri að taka tillit til úrskurðar kjaradóms við samningu fjárl., og það sjónarmið er alveg óbreytt enn í dag. Að þessu leyti get ég alveg fallizt á það, sem hv. þm. hafði fram að færa um það atriði.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er hins vegar sú, að það eru eindregin tilmæli frá þeim aðilum báðum, sem fjalla um þessa samninga, og byggt á því, að undirbúningurinn sé það tímafrekur, að frestirnir séu í það knappasta.

Ég hafði ekki gert till. um það, að málið færi til n., en þar sem komið hafa fram aths. út af málinu, þá held ég, að það sé rétt, að fulltrúar þeirra n. tveggja, sem standa þarna að samningaviðræðum, geri þingnefnd grein fyrir þeim ástæðum, sem liggja til þeirrar beiðni, sem þeir hafa borið fram við þing og stjórn, og legg því til, að frv. sé vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 620, n. 662).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til athugunar, og þó að ekki yrði að vísu af því, sem talað var um á fundi hér í gær, að formenn samninganefndar hæstv. ríkisstj. og formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja mættu á fundi n. og veittu upplýsingar um þessi mál, taldi n. sig hafa sannreynt, að það væri eindregin ósk beggja þessara aðila, að frestir þeir, sem ákveðnir eru í núgildandi l., væru lengdir. En það leiddi til þess, að n. taldi ekki undir neinum kringumstæðum rétt að sporna á móti því, og hún leggur einróma til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. tók mjög vel og drengilega í þá málaleitun, sem ég bar hér fram í gær, að það væri leitað eftir rökum fyrir þeirri málaleitun, sem felst í þessu frv., og í því skyni gerði hann það að till. sinni, að málinu væri vísað til n. með það fyrir augum, að fjhn. gæti haft tal af fyrirsvarsmönnum þessara aðila og fengið fram þau rök, sem liggja til þess, að það er gert

ráð fyrir því, að samningum og ákvörðun um launakjör opinberra starfsmanna sé frestað svo mjög sem í þessu frv. greinir. Ég verð að láta í ljós vonbrigði yfir þeim vinnubrögðum, sem hv. frsm. n. lýsti hér áðan.

Ég tók það skýrt fram í máli mínu hér í gær, að ég vefengdi ekki á nokkurn hátt það, sem í grg. frv. sagði, að það væri ósk og samkomulag beggja aðila að fá þessa fresti. En í grg. var ekki tekið fram, hvaða ástæður lægju til þeirra óska. Þó að við viljum gjarna fara eftir óskum þessara aðila, er ekki til mikils mælzt, að það komi fram, hvaða ástæður liggja þar á bak við. Það hefði þess vegna verið það minnsta að mínu áliti, sem hægt hefði verið að gera, að fjhn. hefði eftir það, sem á undan var gengið, og eftir því sem hæstv. fjmrh. sagði boðað fyrirsvarsmenn þessara aðila á fund og leitað eftir upplýsingum um þetta atriði. Mér finnst það ekki til of mikils mælzt, að opinberir starfsmenn fái vitneskju um það, á hverju það byggist, að þeir eiga að bíða eftir því þangað til 1. des. að fá ákvörðun um, hver launakjör þeirra eiga að vera 2 næstu árin. Það má vel vera, að hv. fjhn. hafi afsökun sína í því, að á hana hlaðast nú mál og hún hafi ekki undan við að afgreiða þau. En það er í sjálfu sér engin afsökun.

Ég segi enn og aftur það, sem ég sagði í gær, að ég efast ekkert um, að það sé samkomulag á milli þessara aðila um þetta. Og ég fyrir mitt leyti tek það til greina á þann hátt, að ég mun greiða þessu frv. atkv. En það hefði verið það allra minnsta, að það hefði fengizt fram, hvaða rök liggja til þess, að þessi háttur er hafður á, ekki sízt vegna þess, að þessi málsmeðferð, sem þarna er ráðgerð, stangast alveg berum orðum á við það, sem talið var nauðsynlegt í aths. við frv. um kjarasamninga á sínum tíma, að það lægi fyrir a. m. k. 4 mánuðum fyrir áramót hver launakjörin yrðu, til þess að það væri hægt að taka tillit til þess í ákvæðum fjárlaga. En nú á að vera hægt að taka tillit til þess 1. des., þegar fjárlög ættu, ef allt væri með felldu, að vera afgreidd eða í öllu falli að vera komin langleiðis.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Út af ummælum síðasta ræðumanns vil ég í fyrsta lagi taka það fram, að ein af ástæðunum til þess, að fjhn. gat ekki kallað þá aðila, sem hér áttu hlut að máli, á sinn fund, var sú, hve mjög hún er störfum hlaðin. Við sátum á samfelldum fundi í morgun frá kl. 9—12. Fyrir okkur lágu 7 mál, sem öllum var rekið á eftir að afgreiddi yrðu, og meðal þeirra stórmál. (Gripið fram í.) Ég efast um, að það hefði verið hægt að fá þessa menn til þess að fara á fætur um miðja nótt, hvort sem við hefðum talið það eftir okkur eða ekki. En meðal þeirra mála, sem n. hafði til meðferðar, voru stórmál eins og virkjunarmálin og skattamálin.

Ég hygg, að það hafi verið skoðun nm., að þegar svo stóð á eins og nú, að fyrir lá, að báðir aðilar óskuðu eindregið eftir því að fá þennan frest, þá væri, hvað sem öðru liði, rétt að verða við því, en í öðru lagi vorum við svo vel settir, að í n. á sæti einn úr samninganefnd hæstv. ríkisstj. um kjaramál opinberra starfsmanna, hv. 9. landsk., og hann gaf okkur þær upplýsingar, sem mér komu a. m. k. ekki á óvart, að ein af meginástæðunum til þess, að bandalagið óskaði einnig eftir þessum fresti, er sú, að þeir hafa till. sínar ekki tilbúnar. Það tekur mjög langan tíma, og á því hef ég skilning, af því að ég er kunnugur þessum málum frá fornu fari, að samræma kröfur allra þeirra óteljandi starfsstétta, sem þar eiga hlut að máli. Að því er ég bezt veit, mun þetta hafa verið meginástæðan fyrir því, að frestsins er óskað. En hvað sem því líður, þá var það skoðun okkar, að hv. Alþ. bæri ekki að hindra það, að þessi frestur væri veittur, úr því að fyrir lá, að báðir aðilar óskuðu eftir því.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. vil ég gefa hér nokkrar skýringar á þessu, þar sem ég á sæti í samninganefnd ríkisins og á einnig sæti í þeirri n., sem er að endurskoða lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Reynslan frá 1963, þegar heildarsamningar voru fyrst gerðir, sýndi þá, að þessir samningar eru mjög flóknir og tímafrekir, og það var þess vegna mat beggja aðilanna nú, að þessir frestir, sem voru í lögunum eins og þau eru í dag, og hér er verið að breyta með þessu frv., væru of skammir, og það var einnig skoðun kjaradóms, að fresturinn, sem honum er ætlaður til þess að fjalla um málið, ef málið skyldi þurfa þangað að fara, væri líka of skammur. Þar við bættist svo, að það var líka álit beggja aðila, að sumarmánuðirnir yrðu ódrjúgir til samningagerðar. Ég get reyndar bætt því við, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á að skila kröfum sínum fyrir 1. júní n. k., og ég vissi, að bandalagið hafði ætlað sér að skila kröfunum í marz eða apríl, þannig að þá þegar væri hægt að byrja samningaviðræður. En þetta hefur reynzt miklu umfangsmeira og erfiðara fyrir bandalagið, að koma þessum kröfum saman, og eftir því sem ég bezt veit, þá munu þær ekki koma fram fyrr en síðustu dagana í maí, og hafa þeir þó haft sig alla við að reyna að pressa þetta af fyrir réttan tíma.

Þegar l. voru sett, var, eins og réttilega kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., þessi dagsetning miðuð við það, að launakjörin lægju fyrir, áður en fjárlög kæmu til kasta Alþ. Nú er það að vísu svo, að það geta orðið skv. lögum breytingar á kjörum opinberra starfsmanna, skv. 7. gr. kjarasamningalaganna, að mig minnir, þegar almennar launabreytingar verða hjá öðrum stéttum þjóðfélagsins, og þær breytingar geta átt sér stað út af fyrir sig hvenær sem er á árinu, eins og átti sér stað um áramótin, er samið var um 6.6% hækkun, sem átti að gilda aftur fyrir sig frá 1. okt. Jafnvel þó að hægt væri, sem er út af fyrir sig æskilegt,

að hafa þessa kjaraákvörðun tilbúna, áður en fjárlög verða lögð fram, þá felst ekki nein trygging í því fyrir þingið eða fjvn., að þetta séu þau laun, sem komi til með að gilda allt árið 1966, því að þar geta orðið breytingar á samkv. 7. gr., og auk þess er auðvitað alltaf sá möguleiki fyrir hendi, sem maður verður að vænta, að málið fari ekki fyrir kjaradóm. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi, og þá ætti þetta að vera nokkuð tímanlegt. En sem sagt, það var mat aðilanna, að það væri nauðsynlegt að lengja þessa fresti, m. a. til þess að geta þá gert ýtarlega tilraun til þess að ná samkomulagi og forða því, að málið fari í kjaradóm, það væri þýðingarmeira atriði en hitt, hvort þessi kjaraákvörðun yrði tilbúin 2—3 mánuðum fyrr eða síðar. — Þetta held ég, að séu ástæðurnar fyrir því, að þeir voru sammála um þessar breytingar, að þeir treystu sér ekki til að semja á þessum tíma, sem ætlaður var.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 620, n. 724).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar. Eins og kunnugt er, eru l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna í endurskoðun, og vinnur að því n., sem í eiga sæti fulltrúar frá báðum aðilum. Frv. þetta er staðfesting á samkomulagi, sem þegar hefur verið gert um tiltekin atriði, sem miða að því að framlengja samningsaðgerðir eða fresti til samningsaðgerða, sem reynslan hefur þegar sýnt, að eru of stuttir. Fjhn. er sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 760).

---

62. Landsvirkjun.

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um Landsvirkjun [201. mál] (stjfrv., A. 589).

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur verið alllengi í smíðum og grg., sem því fylgir, og miklar rannsóknir hafa fram farið, áður en ríkisstj. tók ákvörðun um að flytja frv. í því formi, sem það er nú.

Við Íslendingar höfum oft talað um það, að við eigum ýmsar auðlindir, og hefur þá helzt verið talað um jarðhitann, vatnsföllin, gróðurmoldina og fiskimiðin. Og við höfum ekki í ríkum mæli getað hagnýtt okkur þessar auðlindir. Að vísu stefnir þetta allt í rétta átt. Við höfum ræktað landið og við erum á leið með að reka landbúnaðinn með nýtízku hætti. Við höfum hagnýtt okkur fiskveiðar og fiskiðnað og tileinkað okkur nýtízkutækni á því sviði. Við höfum notað jarðhitann að nokkru leyti, m. a. með því að hita upp húsin, og sparað þannig mikinn gjaldeyri. Við höfum einnig um nokkurt skeið virkjað vatnsföll, þótt ekki sé hægt að segja, að það hafi enn orðið í stórum stíl. Það má segja, að það séu tvær aðalvirkjanir hér á landi, það er Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin. Sogið var fyrst virkjað samkv. l. frá 1933 og fyrstu virkjun þar lokið 1937. Þetta var vitanlega mikið átak miðað við þann tíma og miðað við þann fjármagnsskort, sem þá ríkti í landinu, og miðað við það, að atvinnuvegir landsmanna voru miklu fábreyttari þá en nú. Síðan hefur verið bætt við virkjunum við Sogið, þannig að það er fullvirkjað. Laxá í Þingeyjarsýslu hefur verið virkjuð og ýmsar smærri vatnsvirkjanir hafa verið gerðar um landið, þannig að nú nálgast

það að vera um 100 þús. kw, sem er virkjað hér á landi, en það er nærri því að vera 2% af vatnsafli, sem er virkjanlegt með hægu móti, en ekki nema 1½% af vatnsafli, sem talið er vera virkjanlegt og mundi svara kostnaði að virkja miðað við þá samkeppni, sem enn er fyrir hendi um virkjun vatnsafls. Til þess að hagnýta auðlindir landsins þarf mikið fjármagn, og það er ekki nema eðlilegt, að við höfum búið við fjármagnsskort. Miðað við það, að atvinnuvegir landsmanna hafa fram á síðustu áratugina verið reknir með frumstæðri tækni, og miðað við, að fámenni sé hér í landi, en mikið, sem þarf að gera og framkvæma á stuttum tíma, þá er eðlilegt, að hér hafi verið fjármagnsskortur, og má vitanlega reikna með því, að það verði einnig um sinn, þótt miklar breytingar hafi orðið á því á seinni árum, að fjármagnið hefur aukizt og möguleikarnir til þess að komast yfir fjármagn hafa batnað.

Það frv., sem hér er um að ræða, er til komið eftir miklar og nákvæmar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á síðustu árum á vegum raforkumálaskrifstofunnar. Vatnasvæðið fyrir Suður- og Suðvesturland hefur verið rannsakað, þ. e. Þjórsársvæðið og Hvítársvæðið í Árnessýslu, og á Norðurlandi Laxársvæði í Þingeyjarsýslu og Jökulsársvæðið á Fjöllum. Ýmsir staðir hafa verið rannsakaðir til þess að fá samanburð á þessum málum. Það eru 52 staðir, sem hafa verið rannsakaðir meira og minna, á Þjórsársvæðinu 19 staðir, Hvítársvæðinu 18 staðir, Jökulsársvæðinu 3 staðir, Laxársvæðinu 7 staðir og öðrum svæðum 5 staðir, samtals 52 staðir. Það er talið, að það sé unnt að virkja á 90 stöðum í landinu, en þeir staðir eru vitanlega mjög misjafnir, sumir dýrir og aðrir hagstæðari, og þá er vitanlega fyrst lagt til að virkja það, sem er hagstæðast og bezt. Við höfum tæplega efni á öðru, og geri ég ráð fyrir, að allir hv. alþm. verði sammála um, að það beri að taka það fyrst, sem er hagstæðast. En menn þurfa að sannfærast um það, áður en einhver ákveðinn staður er samþykktur, að rannsóknirnar, sem að baki liggja, hafi verið þannig unnar, þannig gerðar, að eðlilegt sé að byggja á þeim.

Helztu virkjunarstaðir, sem til greina koma eftir þessa nákvæmu athugun, eru 10. Þótt 52 staðir hafi verið rannsakaðir nákvæmlega, er tæplega um meira en 9—10 staði að ræða, sem kemur til greina nú á næstunni að virkja. Það hafa verið gerðar nákvæmar kostnaðaráætlanir um þessa staði, og auk þess hefur Andakilsárvirkjunin látið rannsaka Kláffoss í Hvítá í Borgarfirði án íhlutunar raforkumálastjórnarinnar. Virkjun Kláffoss bendir til, að það megi gera þar hagstæða virkjun, en hún er lítil og kemur naumast til greina að taka hana fyrir fyrr en á seinna stigi. Aðrir staðir, sem koma til greina, eru Brúará, Búrfell, Hveragerði hér sunnanlands og fyrir norðan Dettifoss og Laxá.

Í frv. því, sem hér hefur verið útbýtt meðal hv. alþm., er tafla, þar sem sjá má kostnaðarmismun á hinum ýmsu virkjunum. Þessi tafla er á bls. 15 og er prentuð sem fskj. með frv. og þarf í rauninni ekki útskýringa við. Ef virkjað er við Búrfell, 1. áfangi 105 þús. kw, kostar hver virkjuð kwst. 10.3 aura, hvert virkjað kw 8300 kr. Séu virkjuð 70 þús. kw í fyrsta áfanga kostar hver kwst. 12.9 aura, eða 10500 kr. hvert kw. Sé Búrfell hins vegar fullvirkjað, kostar hver kwst. 8.6 aura, en meðalverð í virkjuninni er um 7400 kr. Séu hins vegar athugaðir aðrir staðir til samanburðar á þessari töflu, kemur það í ljós, að þeir eru allmiklu óhagstæðari, og í sambandi við þetta frv. ætla ég að halda mér við virkjunarstaði hér á Suður- og Suðvesturlandi, og eftir að við höfum lesið þessa töflu, kemur það í ljós, að Búrfell sé langhagstæðast. Hvort sem við virkjum það án alúmíníumsverksmiðju, 70 þús. kw, eða fullvirkjum 210 þús. kw við Búrfell, verður Búrfellsvirkjun miklu hagstæðari.

Með þessu frv. er lagt til, að heimilað verði að virkja 210 þús. kw. Það hefur verið rætt um það að gera samninga við Svisslendinga um alúmíníumverksmiðju, ef þeir samningar eru fáanlegir, samningar, sem við getum gengið að. Af því leiðir, að við virkjum með öðrum hætti en annars væri, í 1. áfanga 105 þús. kw miðað við það, að reist væri strax 30 þús. tonna alúmíníumverksmiðja, sem tæki þá um helminginn af þessari virkjun í 1. áfanga. Síðar, ef samningar fást við Svisslendingana, er gert ráð fyrir, að alúmíníumverksmiðjan yrði stækkuð upp í 60 þús. tonn. Væri þá búið að virkja upp í 210 þús. kw og alúmíníumverksmiðja af þeirri stærð tæki rúmlega helminginn af Búrfellsvirkjuninni fullvirkjaðri.

Nú er ekkert vitað um það enn þá, hvort samningar fást um alúmíníumverksmiðjuna. Samningarnir eru ekki komnir á það stig, að við getum nokkuð fullyrt um það. En þá er sá möguleiki að virkja við Búrfell með öðrum hætti, og þá verður fyrsti áfanginn 70 þús. kw og hver kwst. 12.9 aurar. Í smávirkjunum hér á landi er reiknað hins vegar með, að meðalverð sé 20 aura kwst., t. d. hér í Soginu, og er því ljóst, að um allmikinn verðmismun er að ræða.

Það hefur verið gerð áætlun um rekstrargjöld í sambandi við virkjunina, og kemur í ljós, að stórvirkjun upp í 210 þús. kw verður vitanlega ódýrust í rekstri, og liggur það í augum uppi. Það hefur verið gerður samanburður á rekstrargjöldum hinna ýmsu virkjana eða valkosta, sem fyrir hendi eru, og er gert ráð fyrir, að til ársloka 1975 mundu notendur spara um 100 millj. kr., — ef ráðizt væri í Búrfellsvirkjun í stað smávirkjana og 60 tonna alúmíníumbræðsla væri fyrir hendi til þess að kaupa rúmlega helming orkunnar, mundu sparast 100 millj. kr. til ársloka 1975 eða að meðaltali 14 millj. kr. á ári, en það svarar til að vera 19% af áætluðum gjöldum Sogsvirkjunarinnar 1965. Á árunum 1976—1983 eru árleg útgjöld 22.5 millj. kr. hærri í kosti B 1, þ. e. án alúmíníumverksmiðju. Við þann mun ber að bæta verðmæti þeirra 170 plús 60, sem

sagt 230 millj. kwst., sem Búrfell hefur umfram smávirkjanir í árslok, sbr. töflu 4 og 5, sem prentaðar eru með frv. En ef þessi orka væri metin á 5 aura kwst., sem er mjög lágt, hækkar framangreindur 22.5 millj. mismunur á ári í 34 millj. kr., en þetta jafngildir á árunum 1976—1983, að notendur spari sér 335 millj. kr. til viðbótar áðurnefndum 100 millj., sem ég nefndi á árunum 1969—1975. Og auk þess má benda á, að smávirkjanaleiðin gefur á árunum 1969—1975 um 66 megavött og 485 millj. kwst. á ári, sem kosta 780 millj. kr., eða 11800 kr. kw eða 161 eyri kwst. í stofnkostnaði. En sé Búrfellsleiðin valin, fást hins vegar 84 megavött og 720 millj. kwst. á ári fyrir 740 millj. kr., sem kosta 8800 kr. kw eða 103 aura kwst. í stofnkostnaði. Þetta er ákaflega mikill munur í stofnkostnaði, og sýnist ljóst vera, að ekki komi til mála að hugsa sér smávirkjanaleiðina, þegar þessi samanburður liggur fyrir. Og þegar við tölum um stofnkostnað við Búrfell, er meðtalinn kostnaðurinn við gastúrbínustöð og það, sem talið er nauðsynlegt að hafa til vara vegna ístruflana og bilana í stöðinni og hugsanlegra bilana á línum.

Ég var að tala áðan um Búrfellsvirkjun án alúmíniumbræðslu, og hér á bls. 19 er prentuð með tafla, sem sýnir, hvernig sú útkoma er, og er niðurstaðan sú, að Búrfellsvirkjun án alúmíniumbræðslu sé erfið fyrstu árin, en samanborið við smávirkjanir er hún miklu betri, þegar fram í sækir, eða sem svarar 360 millj. kr. á 16 árum. Og einnig það sýnir, að jafnvel þótt ekki fáist samningar um alúmíniumverksmiðju, er Búrfellsleiðin það langhagstæðasta, svo framarlega sem menn treysta því, að þeim rannsóknum, sem liggja að baki þessum fullyrðingum, megi treysta. En mér kemur ekki annað til hugar en svo megi vera, með því að okkar færustu menn hafa unnið að þessum málum mörg undanfarin ár og auk þess hefur erlent firma, sem þekkt er á alþjóðlegum vettvangi, Engineering Harza Company International, unnið að þessum málum, og þetta firma er viðurkennt og þekkt, þannig að Alþjóðabankinn lánar út á mannvirki, sem þetta fyrirtæki skrifar upp á, og þess vegna er það mikils virði fyrir okkur. Þótt við eigum góða verkfræðinga, sem við að sjálfsögðu getum treyst, eru þeir ekki þekktir á erlendum vettvangi, og það er þess vegna mikils virði fyrir okkur, að þetta heimsþekkta firma er tilbúið að skrifa undir þessar áætlanir og samþykkja þær.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. hafi nú, þótt frv. sé ekki lengi búið að vera í þeirra höndum, lesið frv. með athygli og fskj. og séu þess vegna orðnir allkunnugir þessum málum, auk þess sem alþm. fengu allir í haust skýrslur um þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið um þetta mál. Og ég reikna þess vegna alls ekki með, að nokkur efist um, að að þessum málum hafi verið unnið með eðlilegum hætti og fullkominni samvizkusemi.

Það hefur verið skrifað nokkuð um þessi mál, og það hefur komið fram, að sérfræðingar hafi ekki að öllu leyti leyti verið sammála. Sérstaklega hefur einn verkfræðingur, Sigurður Thoroddsen, talað um ístruflanir í Þjórsá og talið, að ísinn væri mikið vandamál. Það hefur að vísu verið vitað áður, að ísrek er í Þjórsá, að ístruflanir geta komið í vissum árum. Eigi að síður hefur Sigurður Thoroddsen sagt í mín eyru, og ég hef sagt, að ég mundi hafa það eftir honum vegna þess, sem hann hefur áður um þetta skrifað, að þrátt fyrir þessi ísvandamál væri virkjun við Búrfell það hagstæðasta, sem við gætum ráðizt í, eins og sakir stæðu. Og mér fannst þetta út af fyrir sig ákaflega mikils virði. Það er eðlilegt, að menn geri sér grein fyrir vandanum. Það geta orðið ístruflanir. Það hafa farið fram mælingar í Þjórsá um 10 ára skeið, og það hefur komið í ljós, að þetta ísvandamál á 10 árum mundi nú ekki leiða til þess, að það þyrfti marga daga að nota varastöðvarnar. En varastöðvarnar þurfa að vera til, bæði vegna ísvandamálsins og vegna hugsanlegra bilana, sem gætu komið upp í stöðinni, og vegna hugsanlegra línubilana og vegna varastöðvanna verður látið duga að byggja aðeins eina línu, en annars væri ekki talið forsvaranlegt annað en þær væru tvær miðað við svona stóra virkjun.

Eins og fyrr getur, er gert ráð fyrir, að virkjunarkostnaður við Búrfell, miðað við 210 þús. kw virkjun, verði meira en helmingi lægri en miðað við smávirkjanirnar. Og ef við lítum á Sogið, sem talið hefur verið mjög hagstætt, sjáum við á töflu, sem prentuð er hér með frv. á bls. 34, að hver kwst. í Soginu kostar um 20 aura, en í Búrfelli miðað við fullvirkjun ekki nema 3.6 Þegar virkjuð hafa verið 150 þús. kw við Búrfell, er gert ráð fyrir að gera miðlun í Þórisvatni. En þegar sú miðlun er fengin, er talið, að ísvandamálið verði mun minna. Það er líka vitað, að fyrir ofan Búrfell eru ýmsir virkjunarstaðir, t. d. við Hrauneyjarfoss og í Tungnaárkrók. Þessir staðir eru taldir hagstæðir til virkjunar, en rannsóknum er ekki komið það langt þar, að það verði fullyrt um það, hvað kwst. kosti. Í Þjórsá allri er talið vera talsvert á 2. millj. kw, sem mætti virkja með góðu móti eða fjórði partur af virkjanlegu vatnsafli á landinu. Sérfræðingar telja þó, að þrátt fyrir marga virkjunarstaði í Þjórsá verði Búrfellsvirkjun það hagstæðasta, sem við eigum yfir að ráða.

Með frv. er prentaður kafli úr skýrslu Harza, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa hér lokaorðin, þ. e. niðurstöður þessa firma:

„Þær athuganir, sem yfirlit er gefið um í skýrslunni, hafa leitt í ljós, að Búrfellsvirkjun er tæknilega viðráðanleg og ekki er um nein óvenjuleg byggingartæknileg vandamál að ræða. Enn fremur, að virkjun í þeim virkjunarstigum, sem gert er ráð fyrir, er framkvæmanleg og hefur ekki í för með sér tviverknað. Miðað við orkuspá fyrir Suðvesturland, mun ekki vera þörf á aukningu raforkuvera umfram þessa virkjun fram til ársins 1975, þegar

frá er talin hin sérstaka vatnsaflsþörf hinnar fyrirhuguðu alúmíníumverksmiðju. Á grundvelli verkfræðilegra athugana og áætlana vorra um virkjun vatnsafls á Íslandi undanfarin 7 ár, höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé og rökrétt að velja Búrfell sem næsta virkjunarstað til að nægja orkuþörf Suðvesturlands."

Þetta eru lokaorð hins erlenda firma og eru skoðanir verkfræðinga þess firma, sem hér hafa starfað, og eru þær í samræmi við skoðanir íslenzkra verkfræðinga, sem um þessi mál hafa sérstaklega fjallað. Það sýnist því vera öruggt, að þær rannsóknir, sem hér er vitnað til, hafi verið þannig framkvæmdar, að á þeim megi byggja, og þess vegna er frv. flutt og þessi ákvörðun tekin að leggja nú fyrir Alþingi frv. um það að virkja við Búrfell allt að 210 þús. kw virkjun.

Þetta frv. er nefnt frv. til laga um landsvirkjun, og það væri kannske eðlilegt, að einhverjir spyrðu: Hvers vegna landsvirkjun? Það er vitanlega vegna þess, að það er fyrirhugað, að landsvirkjunin, sem nú hefst með Búrfellsvirkjuninni, haldi áfram að virkja ýmis fallvötn til nota fyrir landsmenn, ekki aðeins hér á Suður- og Suðvesturlandi, heldur jafnvel um landið allt, og þess vegna er gert ráð fyrir því, að Norðlendingar eigi þess kost að gerast aðilar að landsvirkjuninni.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. og borgarstjórn Reykjavíkur setji á stofn virkjanafyrirtæki, sem nefnist Landsvirkjun, og að ríkið og Reykjavíkurborg verði sameignaraðilar og eigi sinn helminginn hvor. Þetta sýnist vera eðlilegt framhald af því, sem hefur verið undanfarið í sambandi við virkjun Sogsins. Nú þegar Sogið er fullvirkjað, á Reykjavíkurborg helming og ríkið helming þessara virkjana. Með því að ríkið og Reykjavíkurborg sameinist nú um þetta fyrirtæki og leggi eignir Sogsins í fyrirtækið, verður fyrirtækið mun sterkara en annars hefði orðið. Notendurnir eru flestir hér í Reykjavík og þess vegna eðlilegt, að Reykjavík sé aðili. Með því að ríkið tryggi sér helming í fyrirtækinu, ætti hagsmunum annarra, sem utan Reykjavíkur búa, að vera borgið.

Og þá er tilgangur Landsvirkjunarinnar skv. 2. gr. að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar, að yfirtaka eða kaupa með samningum orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki í sama skyni, að selja raforku í heildsölu til héraðsrafmagnsveitna, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um raforkusölu til slíkra iðjufyrirtækja, að annast áætlunargerð um nýjar rafstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæðum Landsvirkjunarinnar.

Og skv. 3. gr. Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjuninni. Sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunarinnar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir. Verkefni á orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar skilgreint í reglugerð.

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar er hér Suðurland og Suðvesturland allt frá Hvammsfirði og austur um Vestur-Skaftafellssýslu, svo langt sem rafmagn frá samveitum verður tengt þar austur um. Það er nú talað um hér í grg. til Víkur, en hitt er vitað, að Skaftfellingar fyrir austan Mýrdalssand óska eftir að fá rafmagn austur þangað, og svo framarlega sem einkastöðvarnar þar verða lagðar niður, sýnist það vera mögulegt án of mikils kostnaðar að leggja línu þangað austur til hinna þéttbýlu sveita fyrir austan sand. Þess vegna væri réttara að segja, þótt þetta orðalag hafi komið inn í grg.: allt austur að Skeiðará.

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum svo og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Soginu og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

Ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir þær og réttindi, sem greinir í 4. gr. Í sameignarsamningi aðila um Landsvirkjun skal gerð nánari grein fyrir þessum framlögum og endurskoðuðu bókfærðu verði þeirra. Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 50 millj. kr. gegn framlagi frá Reykjavíkurborg jafnháu. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð frá sjöunda rekstrarári að telja samkv. nánari ákvörðun.

Þá er 6. gr. um að heimila að virkja upp í 210 þús. kw raforkuver, og 7. gr.: til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, sem fer með raforkumál, áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum. Hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðh. þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti að hinum nýju fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðh. krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Þá er það stjórn Landsvirkjunar. Hún skal skipuð sjö mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn hlutfallskosningu og borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá. Ríkisstj. og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega sjöunda manninn, og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun odda-

mannsins, skal hann skipaður af hæstarétti. Varamenn jafnmargir skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtími stjórnar skal vera sex ár. Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar og starfskjör stjórnarmanna skulu sett í reglugerð.

Og þá er það 9. gr. Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra. Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra þann, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og skal hann eiga sæti á og stjórna fundum. Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna. Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra verða sett með reglugerð.

Þá er 10. gr. um endurskoðun, sem sýnist vera sjálfsögð og eðlileg.

11. gr. kveður á um, hvernig raforkuverð skuli fundið. Stjórn Landsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverð við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að geta jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Þetta ákvæði er dálítið annars eðlis en er í gildandi Sogslögum, þar sem þar er kveðið svo á, að raforkuverð skuli vera kostnaðarverð að viðbættum 5%. Hér er þessi 5% hemill ekki hafður á, heldur hins vegar gert ráð fyrir því, að raforkuverðið miðist við það, að eðlilegur arður fáist af því fjármagni, sem bundið er í fyrirtækinu, og að fyrirtækið geti lagt á eðlilegan hátt í sjóði til þess að byggja sig upp og til þess að ráðast í nýjar framkvæmdir, þannig að það geti lagt eitthvert fjármagn fram frá eigin hendi á móti þeim lántökum, sem verða að eiga sér stað. En það má hins vegar segja, að þótt þessi 5% séu ekki með sem hemill, þá sé hemill fyrir hendi, og hann er sá, að Efnahagsstofnunin á að reikna þetta út og gera till. til stjórnarinnar, og það, að raforkuverið vegur alltaf þungt í vísitölunni og í dýrtíðinni, og þess vegna mun það sjónarmið jafnvel alltaf vega þyngra en hagsmunir fyrirtækisins beinlínis að halda raforkuverðinu niðri til hagsmuna fyrir allan almenning og til þess að það verði ekki allt of þungt í vísitölunni til þess að hífa hana upp.

Þá er hér einnig ákvörðun um það, að Landsvirkjun geri orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver, innan þeirra marka, sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið. M. ö. o.: Það má ekki selja til einstakra iðjufyrirtækja raforku á það lágu verði, að það gæti orðið til þess að gera raforkuverð til almennings dýrara en annars hefði orðið, og sýnist vera eðlilegt, að það megi gera beina samninga við iðjufyrirtæki, sem kaupa raforku í svo stórum stíl eins og 100 millj. kwst. á ári. Við getum tekið t. d. áburðarverksmiðjuna, sem notar 145 millj. kwst. á ári, Við gætum hugsað okkur sementsverksmiðjuna, að hún færi einnig yfir þetta mark, a. m. k. ef hún verður stækkuð, þannig að þótt alúmíníumverksmiðja yrði byggð, yrði hún ekki eina fyrirtækið, sem kæmi til greina að fá sérsamninga, heldur a. m. k. áburðarverksmiðja og sennilega sementsverksmiðjan, ef hún verður stækkuð, sem hlýtur að verða gert.

Þá er gert ráð fyrir því samkv. 12. gr., að Landsvirkjun sé heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni, en fyrirtækið getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Þó þarf Landsvirkjun ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir eru minna en sem svarar 10 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili.

Samkv. 13. gr. er gert ráð fyrir því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisstöðva Landsvirkjunar. Þetta er nýmæli að fella niður tolla af vélum og tækjum til Landsvirkjunar. Þetta er stefna, sem hlýtur að verða ráðandi ekki aðeins við þessa virkjun, heldur einnig aðrar virkjanir, sem á eftir koma, og í frv. því, sem hér var útbýtt í dag um Laxárvirkjun, er sams konar ákvæði. Og ég held, að það hljóti að vera eðlilegt sjónarmið að fella niður tolla til þessara mannvirkja. Það hlýtur að verða til þess, að raforkuverðið lækkar til alls almennings í landinu, og ætti miklu frekar að vera fagnaðarefni en getsakir um það, að þetta ákvæði sé sett inn til þess að geta selt alúmíníumverksmiðjunni ódýrt rafmagn, eins og ég sá einhvers staðar skrifað í blaði í dag. Raforkan er orðin svo mikill þáttur í daglegu lífi þjóðarinnar, að það hlýtur að verða keppikefli að fá sem ódýrasta raforku til heimilisþarfa og til hvers konar iðnaðar, og tollarnir eru vitanlega það mikil upphæð í svona orkuveri, að það getur haft talsverð áhrif á verð raforkunnar. Ég hygg þess vegna, að þegar það mál er skoðað niður í kjölinn og alveg öfgalaust, muni það nú ekki valda ágreiningi á milli hv. þm.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóði verði heimilað að lána Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. setur. Innlent fjármagn er þess vegna gert ráð fyrir að nemi með eignum Sogsvirkjunarinnar, lántöku hjá ríkissjóði, framlagi ríkissjóðs og framlagi Reykjavíkurborgar talsvert á 7. hundrað millj. krónur.

Skv. 15. gr. er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun

tekur til Búrfellsvirkjunar, að fjárhæð allt að 1204 millj. kr. eða 28 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstj. ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar. Eins og hv. þm. hafa vitanlega séð á fylgiskjölum, sem fylgja frv., er gert ráð fyrir því, að byggingarkostnaður fyrirtækisins nemi talsvert á annan milljarð króna, og þess vegna er eðlilegt, að ábyrgðarheimildin sé bundin við þessa upphæð, sem miðast við þessa stóru virkjun.

Þess má geta, að talið er mjög líklegt, að hagkvæmt lán fáist erlendis og þá helzt hjá Alþjóðabankanum til þessarar virkjunar, og hjálpar það til, að hagur þjóðarinnar út á við hefur farið batnandi, að Íslendingar eiga nú gjaldeyrisvarasjóð, sem nemur 1600 millj. kr., og að traust þjóðarinnar út á við hefur batnað hin síðari ár, en þetta er vitanlega sú stærsta upphæð eða stærsta heimild, sem leitað hefur verið eftir í einu af íslenzka ríkinu.

Þá er gert ráð fyrir samkv. 16. gr., sem er ekki nýtt í lögum, að Landsvirkjun sé undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarfélögum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Samkv. 17. gr. er gert ráð fyrir því, að eigendur Laxárvirkjunar geti, þegar þeir ákveða, sameinazt Landsvirkjun. Náist ekki samkomulag milli eigenda Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um eignarhlutdeild aðila og nýjan sameignarsamning, skulu dómkvaddir menn meta eignir hvors fyrirtækis fyrir sig, og fer þá eignarhlutdeildin eftir því mati. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi, er ríkisstj. heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taki að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins.

Það er þannig, að ef eigendur Laxárvirkjunar vildu nú þegar sameinast Landsvirkjun, mundi ríkissjóður verða í minni hluta, vegna þess að eins og sakir standa, þá á ríkissjóður aðeins 35% af Laxárvirkjuninni. Ef Laxárvirkjun hins vegar sameinast Landsvirkjuninni, eftir að Laxárvirkjunin hefur verið stækkuð, eignast ríkissjóður samkv. lögum helming í Laxárvirkjun, og þá gætu orðið helmingaskipti áfram milli ríkisins annars vegar og Laxárvirkjunar og Reykjavíkur hins vegar, án þess að ríkissjóður legði Landsvirkjun til nokkurt nýtt framlag. Það þykir sjálfsagt að hafa þetta ákvæði í l., til þess að ríkissjóður haldi alltaf helmingi í Landsvirkjuninni, þótt eigendur Laxárvirkjunar komi inn í fyrirtækið.

Þá er hér samkv. 17. gr. ákvæði um stjórnarskipun, eftir að eigendur Laxárvirkjunar hafa komið inn í fyrirtækið, þannig að eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun skuli aðilar skipa sjö menn í stjórn fyrirtækisins í hlutfalli við eignarhlutdeild, þó þannig, að allir aðilar eigi a. m. k. einn mann í stjórn þess. Þetta ákvæði tryggir það, að eigendur Laxárvirkjunar mundu alltaf eiga einn mann, jafnvel þótt hlutur þeirra væri ekki það stór, að hann samkv. útreikningum tryggði það.

Ráðh. skipar formann úr hópi þingkjörinna fulltrúa, og fer hann með tvö atkvæði við atkvgr. stjórnarinnar, ef heimild í l. mgr. til að tryggja ríkissjóði helmingseign hefur verið notuð, en ella með eitt atkvæði. Þetta ákvæði tryggir það jafnframt, að um leið og ríkissjóður heldur alltaf helmingseign í fyrirtækinu, þá haldi hann einnig helmingsatkvæðum, ef um ágreining verður að ræða í fyrirtækinu, og þykir þetta ákvæði sjálfsagt til þess að tryggja ríkissjóð, en þetta ákvæði er nú eins og segja mætti aðeins teoretískt, en tæplega, að það gæti komið til framkvæmda slíkur ágreiningur sem hér er hugsaður.

Þá er samkv. 18. gr. gert ráð fyrir, að ráðh. geti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkv. lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fari eftir lögum nr. 61/1917.

19. gr. Mál, er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun, falla undir ráðh. þann, sem fer með raforkumál.

Og 20. gr. Við gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. júlí 1965. Frá þeim tíma fellur niður núverandi umboð stjórnar Sogsvirkjunar, en hin nýja stjórn Landsvirkjunar kemur að öllu leyti í hennar stað. Stjórn Landsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaraðila reglugerð fyrir fyrirtækið, þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá, sem fer með raforkumál. Setningu reglugerðar og yfirfærslu allra eigna og skuldbindinga í hendur hins nýja fyrirtækis skal lokið fyrir 31. des. 1965, en þá falla úr gildi lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, lög nr. 26 23. apríl 1951 og lög nr. 67 24. apríl 1954, um viðauka við þau lög, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við þessi lög.

Það má segja, að það hafi e. t. v. verið óþarfi að eyða löngu máli í það að lesa upp frv., en það þótti mér nú nauðsynlegt, um leið og gerðar voru nokkrar skýringar á ákvæðum hinna ýmsu greina.

Það er nauðsynlegt að fá þetta frv. lögfest nú, áður en þingi lýkur, til þess að mögulegt verði að skipa þessu nýja fyrirtæki stjórn og að stjórnin geti farið að undirbúa framkvæmdir, gera útboð á mannvirkjum og hefja undirbúningsframkvæmdir. Það er gert ráð fyrir því, að ef virkjuð verða 70 þús. kw í fyrsta áfanga, geti virkjunarframkvæmdum verið lokið í árslok 1968. Verði hins vegar virkjuð 105 þús. kw í fyrsta áfanga og samningar hafi tekizt við alúmíníumverksmiðjuna, er gert ráð fyrir því,

að virkjuninni verði ekki lokið fyrr en á miðju ári 1969. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að í árslok 1968 verði fullgerð ein vélasamstæða, þannig að það mætti þá í árslok 1968 veita raforku frá þessari nýju virkjun til almenningsnota hér um Suður- og Suðvesturland.

Ég hef lesið um það, að það ætti að vera óhæfilegur dráttur á virkjunarframkvæmdum og virkjunarundirbúningi, það væri kominn orkuskortur og þetta væri mjög bagalegt. Satt er það, það er kominn orkuskortur, en drátturinn á virkjunarrannsóknum er eðlilegur. Til þess þurfti tíma, og til þessara rannsókna varð að vanda. Og það er ekki langt síðan allir okkar sérfræðingar urðu tvímælalaust sammála um það, að við yrðum nú þegar að hverfa frá smávirkjanaleiðinni. Það voru til sérfræðingar allt fram á síðustu mánuði, sem töldu, að það væri hugsanlegt, að við ættum fyrst að ráðast í smávirkjanir og síðan að stefna að stórvirkjun. En ef við hefðum nú farið að virkja Hveragerði, Brúarfoss eða Kláffoss, hafði það vitanlega kostnað í för með sér. En það, sem gerir okkur erfitt fyrir með stórvirkjun, það er, ef virkjað verður án alúmíníumverksmiðju, þ. e. að þá vantar notendur fyrir orkuna fyrstu árin. Og þess vegna er nauðsynlegt og væri sérstaklega nauðsynlegt, ef ekki væri gerður alúmíníumsamningur, að byggja upp markaði fyrir orkukaupin, áður en ráðizt er í virkjunina. Og einhvern tíma verður að byrja á því að fara í þá virkjun, sem hagstæðust er. Það verður þá að taka á sig óþægindi um árabil með því að nota raforku frá dísilstöðvum og lítið eitt dýrari raforku fyrstu árin, eftir að stórvirkjunin væri gerð, ef það yrði án alúmíníumverksmiðju, á meðan verið er að byggja markaðinn upp, en hitt liggur tvímælalaust fyrir, að virkjun við Búrfell án alúmíníumverksmiðju mundi spara notendum 360 millj. kr. miðað við það, að farið væri í smávirkjun. Þetta liggur alveg fyrir. Hitt liggur svo einnig fyrir, að ef gerður væri hagstæður samningur um alúmíníumverksmiðju, verður raforkan talsvert ódýrari en raforka frá Búrfelli án alúmíníumverksmiðju. En ég ætla ekki að fara að gera alúmíníummálið hér að umtalsefni í sambandi við þetta frv. meira en orðið er.

Frv. fer fram á heimild til þess að virkja allt að 210 þús. kw. Og framkvæmdum við virkjunina, áfangaskiptum verður hagað eftir því, hvort alúmíníumverksmiðja verður með eða verður það ekki. Ég geri ráð fyrir því, að á næsta hausti liggi það ljóst fyrir, hvort við eigum kost á samningum, sem við teljum hagstæða. En það ætti ekki að breyta neinu um það, að þetta frv. er jafntímabært, hvort sem alúmíníumsamningur verður gerður eða ekki. Það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það, að við þurfum nú þegar að hefja undirbúning að framkvæmdum með því að kjósa fyrirtækinu stjórn, svo að hún hafi sumarið fyrir sér til þess að gera undirbúningsráðstafanir. Og það liggur nú tvímælalaust fyrir, hvar hagstæðast er að virkja, og þetta frv. er flutt til þess að fá heimild í því skyni. Og með því, að undirbúningsframkvæmdir geti hafizt nú þegar á þessu vori, er gert ráð fyrir, að virkjun verði lokið eða það langt á veg komið í árslok 1968, að notendur fái rafmagn frá virkjuninni. Þess vegna verður að brúa bilið á þessum tíma til ársins 1968, og það má vitanlega gera með því að byrja á að byggja upp varastöðvarnar, sem þurfa að koma hvort sem er og verða fyrir hendi hvort sem er. Það þarf því ekki að kasta peningum í stofnkostnaðinn, þótt virkjuninni verði ekki lokið fyrr en þetta, en vitanlega verður rafmagnið á þessu tímabili eitthvað dýrara, ef til þess þarf að grípa að nota dísilstöðvar á vissum tímum ársins.

Þar sem þetta frv. liggur nú hér fyrir með prentuðum fskj., sem gefa ýtarlegar skýringar á málinu, tel ég ekki að svo komnu nauðsynlegt að fjölyrða meira um málið. Það er sjálfsagt, að þetta mál fari í n. og n. eigi þess kost að leita sér upplýsinga hjá sérfræðingum um þau atriði í frv., sem þarfnast nánari skýringa. Og ég tel, að það sé eðlilegt, að þetta mál fari til fjhn. frekar en iðnn., því að hér er um mikið fjármál að ræða. Ég vildi mælast til þess, að hv. n. reyndi að flýta störfum eins og unnt er, um leið og ég tel þó sjálfsagt, að hún hafi tíma til að leita sér upplýsinga, eftir því sem hún telur nauðsynlegt. En það er vitað, að það er stefnt að því að ljúka þingi í næstu viku, og æskilegt, að það megi takast. Hv. Alþ. getur ásakað raforkumálastjórnina fyrir að leggja frv. svona seint fram. En ég verð að segja það, að það eru afsakanir fyrir hendi um það, að það tókst ekki fyrr, þær afsakanir, að málið hefur verið í undirbúningi og athugun alveg fram á þetta og núna síðasta hálfan mánuðinn verið í prentsmiðjunni.

En hvað sem því líður, legg ég til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þetta frv., sem hérna liggur fyrir, felur í sér tvennt: Í fyrsta lagi felur það í sér heimild til nýrrar virkjunar, og í öðru lagi felur það í sér ákvæði um að koma á fót nýrri stofnun, nýju skipulagi á virkjunarmálum, og ýmis ákvæði í því sambandi. Ég skal fyrst fara nokkrum orðum um fyrra atriðið og drepa að lokum á þá stofnun, sem hér er lagt til, að sett sé á laggirnar.

Það er sannarlega ekki vonum fyrr, að hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. um nýja virkjun. Það hefur engin meiri háttar virkjun verið ákveðin í landinu, síðan ráðizt var í Efrafallsvirkjunina í Sogi fyrir einum 7—8 árum. Sú virkjun, Efrafallsvirkjunin, kom í gagnið á árinu 1960 og hún var og er 27 þús. kw að aflstærð. Það afl svarar til aukningar raforkunotkunarinnar, sem hér verður á markaðinum á um það bil 3 árum. Sú bót, sem við fengum á okkar raforkumálum af þeirri virkjun, náði því ekki lengra en til ársins 1963 eða svo. En svo var fyrir að þakka, að eftir var að fullnýta Írafoss og raunar Ljósafoss líka, og Írafosshlutinn hefur nú verið tekinn í gagnið. Þar eru 16 þús. kw. En nú á miðju ári 1965 er þetta eðlilega vegna

þess, hvernig aukningunni á markaðinum er hagað, uppurið, og samt eru a. m. k. 3 eða 3½ ár, þangað til þess er að vænta, að sú virkjun, sem er lagt til að ráðast í, verði komin í notkun. Það er, eins og hæstv. ráðh. raunar nefndi í ræðu sinni hér áðan, þegar skortur á raforku. Áburðarverksmiðjan fær ekki þá orku, sem hún þarf á að halda, sem leiðir til þess, að hún hefur nú tekið upp á því að flytja ammoníak inn. En neytendur verða að vísu ekki þessa orkuskorts varir sökum þess, að það eru auknar toppstöðvarnar til þess að mæta aflþörfinni, og nú er um það bil verið að taka í notkun stóra viðbót í Elliðaártoppstöðina og önnur í undirbúningi. Þannig er reynt að breiða yfir rafmagnsskortinn og leysa úr honum með þessum hætti, sem í okkar vatnsorkuríka landi getur ekki talizt okkur hagkvæmur, og þó á hann að sjálfsögðu eftir að verða meiri, áður en úr rætist með þeim nýju virkjunum, sem nú eru fyrirhugaðar.

Þess vegna er það ekki seinna vænna, að frv. af þessu tagi kemur fram. Það hefði raunar þurft að gerast miklu fyrr. Mér telst svo til, að í árslokin 1968, þegar 70 þús. kw stöð við Búrfell ætti að komast í gagnið, verði raunverulegur orkuskortur, sem verður leyst úr með toppstöðvum og með skömmtun á orku til Áburðarverksmiðjunnar, orðinn svo mikill, að hann svari til allt að 50 þús. kw afls.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að dráttur á rannsóknum hefði verið algerlega eðlilegur og það hefði þess vegna ekki verið hægt að leggja fram þetta frv. fyrr. En þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvort ekki hefði þá verið jafneðlilegt að gera aðrar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir orkuskort. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þeir erfiðleikar, sem við mundum eiga við að fást í sambandi við 70 þús. kw stöð við Búrfell, mundu vera þeir, að það vantaði notendur í upphafi. Ég gæti vel trúað því og hef ástæðu til þess að segja það, þó að ég skuli ekki eyða tíma í að færa rök fyrir því núna, að sá skortur á notendum verði minni en hæstv. ráðh. heldur nú. Sannleikurinn er sá, að 70 þús. kw virkjun fyrir okkur Íslendinga nú á síðari hluta 7. tugs 20. aldarinnar er í sjálfu sér engin ósköp. Það er ljóst, að með tilliti til þess, hvernig orkumálum okkar er komið, þarf nú að ráðast í allstóra virkjun. Smáar virkjanir af stærðinni 20 þús. kw eða 30 þús. kw leysa ekki þann vanda, sem við stöndum nú frammi fyrir. Sogið er nú fullvirkjað. Það var á sínum tíma ákaflega hentugt fyrir okkur, eins og okkar raforkumarkaði var háttað á undanförnum áratugum. Þar fengum við góð skilyrði til þess að virkja í áföngum, sem hentuðu okkur sæmilega. Nú er það búið, nú er Sogið fullnotað, og ég geri ráð fyrir því, að flestum, sem undanfarin ár hafa hugsað um þessi mál, hafi þótt sem nú væri fram undan að ráðast í annað fljót, aðra á, og Þjórsá hefur í mínum huga jafnan verið eðlilegt framhald af Soginu. Hins vegar hafa verið um það skiptar skoðanir til skamms tíma, með hverjum hætti ætti að taka á Þjórsá, hvar ætti að byrja og hvaða heildaráætlun ætti að fylgja um virkjun Þjórsár. Niðurstöðurnar af þessum athugunum eru nú þær, að raforkumálastjórnin og sérfræðingar hennar hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að Búrfell sé eðlilegasta byrjunin á virkjun Þjórsár.

Það eru ýmsir svartsýnismenn, sem hafa miklað fyrir sér þessa framkvæmd. Maður hefur séð því haldið fram, að okkur mundi vera ofvaxið að ráðast í virkjun Búrfells eða virkjun Þjórsár eða aðrar virkjanir af þeirri stærð, sem þarna er um að ræða, nema stórauka orkumarkaðinn í landinu með því að taka inn í landið orkufrekan iðnað. Ég álít, að þessi skoðun, sem ekki sízt hefur komið fram hjá ýmsum fylgismönnum hæstv. ríkisstj. og sem betur fer — ég segi honum það til hróss — kom ekki fram hjá hæstv. ráðh. hér áðan, þessi skoðun er hættuleg og alvarleg. Við eigum að gera okkur það ljóst, Íslendingar, að okkar verkefni í raforkumálum og öðrum málum fara vaxandi, eftir því sem okkur vex fiskur um hrygg. Raforkumarkaðurinn í landinu tvöfaldast á 10 ára bili, og það er því síður en svo óeðlilegt, að virkjanirnar, sem við ráðumst í, geri það a. m. k. líka. Markaðurinn tvöfaldast á 10 ára bili, eins og ég sagði, sem þýðir, að hann rétt tæplega þrefaldast á 15 ára bili. Fyrir 15 árum var ráðizt í virkjun í Soginu, Írafossvirkjun. Hún var niðursett afl 31 þús. kw, en virkjunin að öllu leyti öðru en niðursetningu seinustu vélasamstæðunnar miðuð við 46 þús. kw. Þetta mundi ég segja, að hafi verið á þeim tíma ákaflega hliðstætt átak og við erum að tala um núna. Fyrir 30 árum, þegar fyrst var ráðizt í að virkja Sogið, voru virkjuð þar 15 þús. kw. Síðan eru liðin 30 ár, og samkv. reglunni hefur raforkumarkaðurinn áttfaldazt, en þá er að því að gá, að á þessum tíma var enginn raforkumarkaður fyrir. Það ætti þess vegna ekki að dyljast neinum, að þar var virkilega um mikið átak að ræða í okkar raforkumálum.

Sama kemur í ljós, ef litið er á peningahliðina í sambandi við þessar virkjanir, sem hér er verið að nefna. Ég hafði ekki tök á að fá upplýst um byggingarkostnað virkjananna, en ég hef tekið upp úr l. þær lánsheimildir, sem veittar voru í sambandi við þessar virkjanir. Í sambandi við byrjun Sogsins var heimilað að taka 7 millj. kr. lán. Það var þá réttur helmingur fjárlagaupphæðarinnar. Þegar ráðizt var í Írafoss um 1950, var heimilað að taka 153 millj. kr. lán, og þá voru fjárl. rétt um 300 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir því í sambandi við þetta að taka 1200 millj. kr. lán, sem ekki nær því að verða þriðjungur af þeim fjárl., sem nú eru í gildi.

Með þessu er ég ekki að gera lítið úr þeirri framkvæmd, sem hér er gert ráð fyrir að ráðast í. En ég vil vekja athygli manna á því, að það er ekki rétt að láta að því liggja, að hér sé eitthvert það verkefni á ferðinni, sem við höfum ekki, Íslendingar, skilyrði til þess að ráða við einir í okkar þágu. Þetta er eðlileg framkvæmd til þess að tryggja raforku hér suð-

vestanlands, án alls tillits til þess, hvort einhvern tíma kynni að koma að því, að raforkumarkaðurinn yrði stækkaður með orkufrekum iðnaði. Orkufrekur iðnaður mundi nefnilega í sjálfu sér ekki breyta öðru um þessa framkvæmd en því, að áfangarnir mundu komast örar í framkvæmd, það mundi fyrr verða lokið við þessa framkvæmd, en þá væntanlega um leið skapaður fjárhagslegur grundvöllur fyrir annarri. Ég geri ráð fyrir því, að það gæti vel verið hagkvæmt fyrir þróun raforkumálanna í landinu, að raforkumarkaðurinn væri stórlega aukinn, en ég sé ekki, að það ráði neinum úrslitum um viðhorfið til þess máls, sem hér liggur fyrir.

Um hagkvæmni þeirrar virkjunar, sem hér er lagt til að fara í, virðist eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, ljóst, að hún komi bezt fram, þegar á líður virkjunina í seinni áföngum hennar. Með því að orkufrekum iðnaði yrði komið á fót, kæmi fyrr að því, að menn næðu þessu hagkvæma raforkuverði, en á hinn bóginn yrðu líka þeir möguleikar, sem í Búrfelli eru, fyrr tæmdir. Þess vegna lít ég svo á, að þetta frv. beri að metast út frá því sjónarmiði einu, hvernig það mætir orkuvandamálum veitusvæðisins. Alþ. hefur ekkert ákveðið um orkufrekan iðnað, eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., og gerir það ekki með því að samþ. þetta frv. Það hefur ekki heldur, hv. Alþ., á þessu stigi neinn grundvöll til þess að taka endanlega ákvörðun í því máli. Hún verður væntanlega tekin í réttu sambandi og þá á öðrum forsendum, nefnilega þeim, hvort menn nota það þannig, að í slíkum iðnaði sé fólgin hagkvæm viðbót við atvinnulíf landsmanna og viðunandi samningur að öðru leyti við þá aðila, sem þar eiga hlut að máli. En að tengja þessi mál saman á þeim grundvelli, að við ráðum ekki við sæmilega myndarlega virkjun að öðrum kosti, eins og fram hefur komið í umr. um þetta mál hvað eftir annað á opinberum vettvangi, álít ég vera skammarlegar úrtölur, sem ekkert mark sé á takandi.

Mér hefur fundizt, að þetta þyrfti að segja, vegna þess að það skín víða í gegnum grg. þessa frv. og jafnvel gegnum einstakar greinar þess, að menn gera eins og ráð fyrir því, að slíkum orkufrekum iðnaði yrði komið hér á fót. En ég tel ekki tímabært í sambandi við þetta frv. að ræða það mál, enda engin þörf á því. Það liggur ekki fyrir.

Það er eðlilegt, að sú spurning vakni í sambandi við þessa virkjunarheimild, hvort ekki séu aðrar virkjanir hagkvæmari en Búrfellsvirkjun. Hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir því í sambandi við þær skýrslur, sem liggja fyrir í grg. þessa frv. og annars staðar, að hann telji Búrfellsvirkjun 70 þús. kw hagkvæmari en hinar svokölluðu smávirkjanir, og um það er ekkert að villast eftir þeim plöggum, sem liggja fyrir. En þær svokölluðu smærri virkjanir, sem til greina koma, að því er upplýst er, eru þrjár. Það er Hveragerði, Efstadalsvirkjun og Kláffoss. Þessar virkjanir til samans eru ekki meira en það, sem við þurfum bara á allra næstu árum. Mér virðist þess vegna, að það sé alveg ljóst, að með þeim geti ekki eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, verið hagkvæmt að leysa raforkumál Suðvesturlands. Þær skýrslur, sem fyrir liggja frá hæstv. raforkumálaráðh. og raforkumálastjóra, virðast mér taka af öll tvímæli um þetta, og það er ekki auðvelt fyrir okkur hér, fyrir hv. alþm., að vefengja tæknilegar niðurstöður þeirra sérfræðinga, sem um þetta hafa fjallað. Til þess höfum við að sjálfsögðu ekki skilyrði. A. m. k. hef ég enga tilhneigingu til þess. En það er hins vegar sjálfsagt og rétt að hlusta á gagnrýni, sem fram kemur á þeim frá öðrum mönnum, sem ástæða er til að hlusta á í slíku sambandi.

Það hefur verið mikið rætt um ísvandamálið í Búrfellsvirkjun, og ég ætla ekki að eyða löngu máli í að spjalla um það hér. En því nefni ég það aðeins, að mönnum hefur verið það ljóst, að gera þyrfti ráðstafanir ofan við virkjunina til þess að koma í veg fyrir, að ísvandamálið yrði óviðráðanlegt eða illviðráðanlegt. Það hefur verið gagnrýnt, að ekki hafi verið tekið tillit til nægilega mikilla framkvæmda af slíku tagi í 1. áfanga virkjunaráætlunarinnar. Þess vegna tek ég eftir því, þegar frv. kemur nú fram, að þá hafa verið færðar til allmiklar fjárhæðir í áætluninni frá seinni áföngum til hinna fyrri áfanga verksins, sem þýðir þá væntanlega það, að sérfræðingarnir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að ástæða væri til þess að gera ráð fyrir meiri framkvæmdum í þessu skyni á fyrsta stigi en upprunalega var áætlað að þyrfti og upprunalega var gert ráð fyrir að nægði að gera á síðara stigi. Þetta er út af fyrir sig gott. Að vísu er það fjárhagslega óhagkvæmt að þurfa að eyða meiri peningum í upphafi. En ef menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri nauðsynlegt til þess að tryggja virkjunina, er að sjálfsögðu gott, að það sé gert. Sá sérfræðingur, sem gagnrýnt hefur þessa virkjun og sérstök ástæða er til að hlusta á, er Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, sem enginn vefengir, að er meðal okkar færustu sérfræðinga á þessu sviði. Hann hefur látið í ljós þá skoðun, að ráðstafanir til að fyrirbyggja ísvandamálin væru nauðsynlegar, meiri og á fyrra stigi en upprunalega var gert ráð fyrir. Með þeim breytingum, sem nú hafa verið gerðar á virkjunaráætlununum, virðist mér, að hafi verið komið til móts við gagnrýni hans, og er það vel. En það eru ástæður til þess að vekja athygli á því, að þessi gagnrýnandi, Sigurður Thoroddsen, hefur upplýst það, eins og fram kom, að vísu með dálitið ónákvæmu orðalagi hjá hæstv. ráðh., að hann telji, að þrátt fyrir það, þótt þessar ráðstafanir séu teknar inn í áætlunina, verði Búrfellsvirkjun samt meðal hagstæðustu virkjana, sem við eigum kost á. Þannig held ég, að orðalagið hafi verið hjá þessum sérfræðingi, og á þetta finnst mér sérstök ástæða til

þess að hlusta, vegna þess að þarna er um að ræða mann, sem veit, hvað hann er að tala um, og í mínum huga vegur yfirlýsing hans mjög þungt í þessu máli. Ég vil þess vegna lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeirri stefnu í virkjunarmálum suðvestanlands, sem fram kemur í þessu frv., þó að einstök atriði frv. þurfi að sjálfsögðu að athuga.

Ég kem þá að því að ræða hitt meginatriði þessa frv., sem er stofnun Landsvirkjunarinnar. Ég skal ekki verða mjög langorður á þessu stigi um einstök atriði í einstökum gr. frv., sem mér finnst ástæða til þess að nefna á þessu stigi. Þessi hluti málsins olli mér sannast að segja dálitlum vonbrigðum. Það var einn málglöggur maður, sem vakti athygli mína á því í gær, þegar við vorum að skoða þetta frv., að Landsvirkjun væri skrifuð með stórum staf, og dró af því þá réttu ályktun, að þetta væri eiginnafn, svona svipað eins og Landssmiðjan, en það segði í sjálfu sér ekkert um það, hvort þetta væri landsvirkjun, hún bara hét það. Landsvirkjunin á vonandi eftir að verða landsvirkjun, þ. e. a. s. eftir að verða það fyrirtæki, sem veitir öllum landsmönnum rafmagn, en eins og þetta frv. liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir öðru í meginatriðum en að þessi Landsvirkjun taki við hlutverki Sogsvirkjunarinnar, og síðar er gert ráð fyrir því, að Laxárvirkjunin geti einnig komið inn í þetta.

En það eru fleiri aðilar, sem reka virkjanir hér á þessu svæði og á því svæði, sem hlýtur að verða svæði Landsvirkjunarinnar í nálinni framtíð, það er t. d. Andakílsárvirkjunin. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að mönnum hefur ekki þótt það henta, að hún væri líka hluti af þessu.

Ég sé, að það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv., að það fari í rauninni fram nú á þessu stigi nein endurskoðun á yfirstjórn okkar raforkumála og virkjunarmála og rafveitumála, sem mér virðist þó vera fullkomin ástæða til þess að skoða í sambandi við svona aðgerðir eins og hér er um að ræða. Raforkulögin eru 20 ára gömul, og slíkan lagabálk þarf auðvitað að endurskoða öðru hverju í ljósi þeirra aðstæðna, sem á hverjum tíma skapast.

Það er gert ráð fyrir því, að Landsvirkjunin geti selt raforku í heildsölu til héraðsrafveitna, til rafmagnsveitna ríkisins og til iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafveiturnar og rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um slíka orkusölu. Ég skil þetta þannig, að Landsvirkjunin eigi ekki bara að vera framleiðandi, heldur líka heildsali. En þeir eru fleiri heildsalarnir í raforku. Rafmagnsveitur ríkisins, sem þá kaupa af Landsvirkjuninni, eru ekki smásali, þær eru líka heildsali. Svo koma smásalar þar undir. Þessir smásalar eru svo einstakar rafveitur í kauptúnunum. Mér virðist, að með þessum hætti sé málið kannske gert flóknara en þörf væri á og æskilegt væri. Mér virðist, að í þessu sambandi væri æskilegt, að þessi mál öll væru skoðuð. Ég geri mér ljóst, að það er æskilegt að afgreiða þetta frv., áður en þessu þingi lýkur. Það er nauðsynlegt að afgreiða heimild til aukinnar raforkuframleiðslu, áður en þessu þingi lýkur, að sjálfsögðu, og það er kannske enginn tími til þess að fást við þessa hluti, en það þyrfti eigi að síður að gera það fljótlega.

Mér virðist, að ýmsum hafi verið gert ákaflega mishátt undir höfði með þessum hætti, sem hér er gert ráð fyrir, og hefur raunar einnig verið þannig, meðan Sogsvirkjunin var við lýði. Reykjavíkurbær kaupir sína raforku af Landsvirkjuninni, er gert ráð fyrir, en Keflavík og Selfoss, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, stærri bæir, sumir geta kannske keypt hjá Landsvirkjun, aðrir hjá rafmagnsveitum ríkisins, af því að hún þarf í sínum háspennulínum að flytja til þeirra orku. Er þetta ekki óþarflega flókið?

Í þessu frv. er ekki heldur að finna nein ákvæði um stefnuna í verðdreifingarmálum. Það eru ekki ákvæði um það t. d., að það skuli vera verðjöfnun á rafmagni, eins og oft hefur þó verið látið í ljós af ýmsum aðilum, og ég held meira að segja, að ég fari rétt með það, að þar á meðal raforkumálastjóri hafi látið í ljós þá skoðun, að það væri eðlilegt. Slík ákvæði er ekki að finna og ekki einu sinni jöfnun á heildsöluverðinu. Mér virðist þó, að það væri full ástæða til í sambandi við mál eins og þetta, að menn gerðu sér a. m. k. grein fyrir þeim þáttum málanna.

Í 6. gr. þessa frv. felst sú virkjunarheimild, sem um er að ræða í frv., en á eftir henni kemur 7. gr., og hún virðist mér þurfa dálítillar athugunar við. Þar segir: „Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.“ Til byggingar nýrra aflstöðva. Hvað er þá átt við með þessu? Í 6. gr. er heimiluð bygging þeirrar aflstöðvar, sem hér er um fjallað, og 7. gr. er ákaflega óljós og almenn, því að ekki getur það verið meiningin að fella með þessu úr gildi raforkulögin að því er lýtur að því, sem segir í 1. gr., að ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Réttur sá, sem ríkinu er þannig áskilinn, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til, enda mun nú líklega meiningin með þessari gr. vera önnur. Það mun vera átt við það, eða ég vona, að það sé átt við það, að til einstakra framkvæmda innan þess ramma, sem 6. gr. heimilar, þurfi leyfi ráðh. En þá virðist mér, að æskilegt væri, að þessi ákvæði væru skýrari og e. t. v. í þessari gr. tekið nánar fram um það, hvernig þessari framkvæmdaáætlun skuli háttað.

Ég vil aðeins benda á það, þó að það skipti ekki miklu máli, að mér virðist 8. gr. rekast algerlega á við 17. gr. Það mun vera gert ráð fyrir því, að 8. gr. falli úr gildi, þegar 17. gr. kemur til framkvæmda, en það væri þó viðkunnanlegra, að það væri einhvers staðar vísað til þess, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það.

En í 11. gr. eru nokkur atriði, sem mér virðist ástæða til þess að fara um örfáum orðum. Þar segir, að stjórn Landsvirkjunar ákveði

að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar heildsöluverð Landsvirkjunarinnar á raforku.

Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að stjórn Landsvirkjunar leiti tillagna Efnahagsstofnunarinnar. Hæstv. ráðh. lét að því liggja hér rétt áðan, að þetta mundi vera gert sérstaklega til þess að halda verði á raforku niðri, og er sjálfsagt að taka þá yfirlýsingu til greina. Þar segir svo, að raforkuverðið skuli miðað við það, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, svo að það geti með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægilega raforku. Í þessu er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, fólgin nokkur stefnubreyting í verðlagningu raforku í landinu, og ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt að fara inn á þá braut, að raforkukerfið geti safnað þannig fé, að það geti endurnýjað sig með eðlilegum hætti með þeim lántökumöguleikum, sem á hverjum tíma eru.

Svo segir í greininni: „Landsvirkjunin gerir orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver innan þeirra marka, sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.“

Nú er það þannig, að eins og málum er háttað, er hér aðeins eitt iðjufyrirtæki, sem notar yfir 100 millj. kwst. á ári, en það er áburðarverksmiðjan, sem notar í kringum 140 milljónir kwst., ef hún getur fengið þær, sem því miður er nú ekki alltaf. En við hana ætti þá þetta ákvæði. En auk þess finnst mörgum, að hér skjóti upp kollinum hugmyndin, sem ég drap á áðan, að hér hafi menn það í huga að gera innan skamms stóran raforkusölusamning til stórs notanda. Nú er málum þannig háttað, að til þess að það geti orðið, þarf svo margvíslegar heimildir frá Alþingi, að af þeirri ástæðu þarf sjálfsagt ekki að gera aths. við þetta fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir. Það þarf svo margvíslegar aðrar heimildir frá Alþingi. En eigi að síður mundi mér finnast eðlilegt, að það yrði skoðað og athugað, hvort ekki væri eðlilegt, að raforkusölusamningar af því tagi, þar sem í hlut ættu stórir erlendir aðilar, ættu að fá staðfestingu á því eins og aðrir samningar um önnur efni, sem hugsanlega yrðu gerðir við slíka aðila.

Síðasta setning þessarar gr. hljóðar svo þannig: „Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“ Hér er ákvæði, sem augljóslega er sett í þeim tilgangi að vera okkur áminning þess, að þó að einhvern tíma yrði farið út í það að selja útlendingum mikla raforku, mætti það ekki kosta það, að við hér heima þyrftum að kaupa dýrari orku í staðinn. Af þessari ástæðu tel ég það fyllilega réttmætt að hafa þetta ákvæði þarna, því að þótt Alþ. fái slíka samninga til meðferðar, þá er setning eins og þessi tímabær og góð áminning að hafa þarna. En þó er nú svolítill galli á gjöf Njarðar, og hann er sá, að með þessu ákvæði í lögum efast ég um, að áburðarverksmiðjan hefði getað fengið þá orkusölusamninga, sem hún hefur haft undanfarin ár. Menn geta náttúrlega haft sínar skoðanir á því, hvort æskilegt sé að greiða fyrir landbúnaðinum með því, að þjóðfélagið leggi til óhemju ódýrt rafmagn til áburðarframleiðslu, og ég skal ekki fara frekar út í það að sinni, en ég vildi vekja athygli á því, að ég er ekki frá því, að við ættum að hafa þetta atriði í huga, þegar við skoðum þessa síðustu setningu 11. gr., þó að ég sé ekki með því að segja, að gr. eigi ekki fullan rétt á sér, a. m. k. gagnvart öðrum.

Í 13. gr. er ákveðið að fella niður tolla af innfluttum vörum til virkjananna. Ég er samþykkur því, að þetta sé gert. En hér kemur enn einu sinni nýtt undantekningarákvæði í þessum efnum. Af hverju eigum við sífellt að vera með undantekningarákvæði í þessum efnum, þegar við rekum okkur á það hverju sinni, sem gera á eitthvert myndarlegt átak í framkvæmdum, annaðhvort til þess að framleiða vörur til að keppa á útlendum mörkuðum eða til þess að framleiða raforku fyrir okkur sjálfa eins og í þessu tilfelli, — þegar við rekum okkur alltaf á það, að það er ekki hægt að halda því áfram að leggja háa tolla á innfluttar vörur til nauðsynlegustu framkvæmda af þessu tagi? Ég hef svo oft gert þetta að umræðuefni í ýmsu sambandi og ekki síst í sambandi við umr. um tollamál, sem hér hafa orðið, að ég vil ekki sitja mig úr færi að vekja athygli á þessu líka núna í þessu sambandi, þegar enn einu sinni kemur svona berlega í ljós, að þetta er ekki hægt. Það verður að endurskoða ákvæði tollskrárinnar um tolla á vélum og tækjum og fjárfestingarvörum hliðstæðum vörum þessum. En þar sem þetta er ákveðið núna í 13. gr. sem enn eitt og nýtt undantekningarákvæði, — við munum eftir kísilgúrverksmiðjunni í fyrra, — þá geri ég ráð fyrir því, að menn geri sér það ljóst, að ef þetta er nauðsynlegt í sambandi við virkjunina, er það nákvæmlega sama nauðsynlegt í sambandi við línulagnir og annað það, sem áhrif hefur á raforkuverðið í landinu. Það er ekki virkjunarkostnaðurinn einn.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira að sinni. Þetta frv. fer nú til n. og það þarf þar að fá ýtarlega athugun. Hér er um stórt mál að ræða. Ég vil fagna því, að það er loksins komið fram frv. um nýja virkjun. Það hefði stefnt í hreint öngþveiti, ef það hefði dregizt lengur. Það er þegar orðinn vandi á höndum, eins og hæstv. ráðh. hefur sjálfur upplýst hér og ég líka, að það er orðinn orkuskortur og á eftir að verða meiri, áður en þetta kemst í gagnið. Og það er að sjálfsögðu margt að athuga í sambandi við þetta frv., og það er gott og ánægjulegt, sérstaklega eftir þá frammistöðu, sem hæstv. ríkisstj. hefur sýnt í raforkumálum á sínum ferli hingað til, að hún skuli nú leggja til virkjun og tillögur hennar, þegar þær loks-

ins koma fram, skuli vera með sæmilega myndarlegum og viðunandi hætti að meginvirkjunarstefnu til.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Áður en ég vík beint að því frv., sem hér liggur fyrir, þykir mér ástæða til að fara nokkrum orðum um starfshætti hæstv. ríkisstj. og í því sambandi um vinnubrögð og vinnuskilyrði Alþingis, sem bókstaflega leiðir af þessum starfsháttum. Ég nefni þetta ekki eingöngu vegna þess stóra og viðamikla frv., sem verið er að leggja fram nú, þegar svo sem vika er til þingslita, heldur nefni ég það vegna þess, hvernig vinnubrögðum hefur verið háttað á þessu Alþingi, frá því að það hófst hinn 10. okt. s. l.

Ég skal ekki nota langan tíma til þess að rifja þetta upp, enda er það hv. alþm. harla kunnugt, að í upphafi þings eru lögð fram nokkur stjórnarfrv. og þeim er fljótlega vísað til n. Síðan má segja, að líði októbermánuður og nóvembermánuður í verkleysu að verulegu leyti hjá Alþ., og það er ekki fyrr en kemur að jólum, að tekinn er dálítill sprettur, aðallega til þess að afgr. fjárl. og eitthvað fátt annað, sem hæstv. ríkisstj. fannst ástæða til, söluskatt og eitthvað fleira, sem henni fannst ástæða til, að afgreitt væri, áður en jól og áramót færu í hönd.

Snemma í febrúar hófst síðan þinghaldið að nýju, eða svo átti það a. m. k. að heita. Það hefði mátt ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði nú notað þennan biðtíma eftir föngum til þess að undirbúa mál, sem hún hugðist fá afgreidd á þinginu, en því var því miður ekki að heilsa. Nú hófst að heita mátti sama starfsleysið hjá Alþingi og í upphafi þings, vika leið eftir viku, án þess að stórmál, sem ýmist höfðu verið boðuð eða vitað var, að ætlunin var að leggja fyrir þingið, kæmu fram. Febrúarmánuður kvaddi á þennan hátt og marzmánuður sömuleiðis. Alþingi sat, ég vil segja oft aðgerðalítið.

Síðustu dagana fyrir páska var svo dálítið lífsmark hér á hv. Alþingi, fáein mál hlutu afgreiðslu. En nú hina síðustu daga og vikur, eftir að þingslit hafa verið ráðgerð, ég hygg hinn 13. þ. m., þá er því líkast sem þingið sé að færast í kaf í nýjum stjórnarfrv. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg prentar dag og nótt og skjölin hlaðast hér upp, og nú sá ég í dag, að prentsmiðjan hefur engan veginn við, því að það er farið að fjölrita stjórnarfrv. líka. Mér telst svo til, að síðustu tæpar þrjár vikurnar hafi verið lögð hér fram hvorki meira né minna en annaðhvort 11 eða 12 ný stjórnarfrv. Sumt af þessu eru stórir bálkar, sem vissulega þyrfti tíma til þess að kanna, ef ætti að gera það eins og ástæða væri til, og mér er ekki grunlaust um, að eitthvað af stjórnarfrv. sé jafnvel ókomið enn.

Og ég vil nú aðeins spyrja: Hvernig ætlast hæstv. ríkisstj. til þess, að Alþingi geti á eðlilegan hátt fjallað um málin, þegar þau berast ekki fyrr en þetta og ofan á þessi nýju stjórnarfrv. bætist það, að mál, sem jafnvel hafa verið fyrir þingnefndum og einhverra hluta vegna hafa legið þar í salti, eru loksins að rakna við og koma t. d. til síðari d., þegar svo sem vika er eftir af þingtíma, jafnvel stórmál, langir bálkar, fjöldi greina? Ég veit ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlast til þess, að Alþingi geti, þegar slík og þvílík vinnubrögð eru viðhöfð, fjallað um mál á þann hátt, sem þinginu ber og því sæmir. Ég sé ekki betur en að með þessu sé hæstv. ríkisstj. að gera Alþingi nær ómögulegt að standa þannig að afgreiðslu mála eins og ætlazt er til af þinginu og það eigi að innleiða þau vinnubrögð, að Alþingi hafi í rauninni lítið annað að gera en að segja já og amen við því, sem hæstv. ríkisstj. þóknast að leggja fyrir það. Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla harðlega þessum og þvílíkum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj., sem ég tel algerlega óhæf. Ég fæ ekki séð, að þingheimur geti tekið því með algerri þögn og þolinmæði, að þannig sé á rétt Alþingis gengið, rétt Alþingis til þess að kanna mál, til þess að afla nauðsynlegrar vitneskju, til þess að fjalla um þau í sæmilegu tómi.

Eins og ég sagði áðan, þá segi ég þetta ekki aðeins vegna þessa eina máls, sem hér er á dagskrá, en mér finnst, að þetta hátterni að láta Alþingi sitja nær aðgerðarlaust langtímum saman, en ætlast svo til, að það flaustri af fjölda mála undir þinglok, það nái ekki neinni átt. Þetta er að vísu ekki alveg nýtt fyrirbrigði hér á hv. Alþ., þetta er nokkuð gamall ósiður, en hann er stöðugt að færast í aukana, og ég held, að aldrei hafi keyrt eins um þverbak og nú.

Það frv., sem hér liggur fyrir til umr. og ég skal nú víkja að, er eitt af þeim stóru málum, sem boðað hafði verið og vitað var, að Alþingi kæmi til með að fjalla um, enda er það fyrir löngu orðið ljóst, að þörf var aðgerða í raforkumálum okkar. Og hér er um að ræða mál, sem er vissulega ekkert smámál á okkar mælikvarða, og væri vissulega full ástæða til þess, að Alþingi hefði getað haft sæmilega rúman tíma til þess að kanna slíkt mál, því að þetta frv. um Landsvirkjun, sem hér liggur fyrir, hefur að geyma ýmis ákvæði, sem eru sum hver nýmæli og önnur, sem fjalla um stórframkvæmdir og miklar fjárhagslegar skuldbindingar. Í fyrsta lagi hefur þetta frv. að geyma ákvæði, sem gera mjög verulega breytingu á skipulagsmálum íslenzkra vatnsvirkjana. Í öðru lagi hefur það inni að halda nýmæli um eignaraðild helztu rafvirkjana hér á landi, bæði þeirra, sem þegar eru komnar, og væntanlega þá helztu virkjana í framtíðinni. Í þriðja lagi veitir þetta frv., ef að lögum verður óbreytt, ríkisstj. heimild til að reisa allt að 210 þús. kw raforkuver við Búrfell í Þjórsá, en þetta er stórum meiri raforka en öll sú raforka samanlögð, sem hefur verið beizluð á Íslandi fram á þennan dag. Sú raforka mun vera um 120 þús. kw. Í fjórða lagi heimilar frv. ríkisstj. að taka eða ábyrgjast lán til þessara framkvæmda, byrjunarframkvæmda, sem nema að fjárhæð rúmum 1200

millj. kr., nánar tiltekið 1204 millj. Í fimmta lagi eru í þessu frv. ákvæði um nýja viðmiðun raforkuverðs til almennra nota, og þar er í rauninni um að ræða grundvallarbreytingu frá þeim ákvæðum eða þeim venjum, sem gilt hafa um það efni. Í sjötta lagi er hér lagt til að taka upp þá nýbreytni að fella niður aðflutningsgjöld af efni og tækjum og vélum til hinnar fyrirhuguðu virkjunar. Og í sjöunda lagi er ráð fyrir því gert, að verulegur hluti hinnar væntanlegu raforku frá Búrfellsvirkjun kunni að verða seldur erlendum aðila, sem hyggst reisa hér alúmíníumverksmiðju. Það er í fyrsta lagi vitað, að miklar umr. og langvinnar hafa farið fram um þetta mál, og jafnframt skín það mjög í gegn, sérstaklega í grg. þessa frv., að þetta er ætlunin og það liggur á bak við, og það er einnig vitað í þessu sambandi, að því aðeins munu samningar um slíka raforkusölu fást við hið erlenda fyrirtæki, að um verði að ræða sölu á raforku á tiltölulega lágu verði og til langs tíma.

Ég hef hér aðeins vikið að nokkrum þeim atriðum, sem mér virðist í tiltölulega fljótu bragði, að séu einna stærst í þessu frv. og mestrar athygli og athugunar verð. Margt er vitanlega ótalið, enda er skammt síðan þetta frv. sá hér dagsins ljós, og þar af leiðandi hefur ekki gefizt mikill tími til þess að athuga það enn sem komið er, eins og ástæða væri vissulega til.

Það blandast ekki neinum hugur um, að nýjar framkvæmdir í virkjunarmálum eru orðnar næsta aðkallandi. Það liggur þegar fyrir athugun á því, að árleg aukning orkunotkunar fyrir íslenzkar þarfir einvörðungu er nú að ná því að vera um 10 þús. kw á ári, og þessi orkunotkun fer býsna ört vaxandi. Eins og fram hefur komið og síðasti hv. ræðumaður skýrði frá í ræðu sinni, þá eru nú liðin sjö eða átta ár síðan síðast var hafizt handa um vatnsaflsvirkjun hér á landi, og það er þess vegna staðreynd, að það er yfirvofandi skortur og raunar þegar orðinn skortur á rafmagni fyrir íslenzka notendur þess, og sá skortur hlýtur að fara ört vaxandi á næstu árum. Það hefur því vissulega dregizt lengur en góðu hófi gegnir að ráðast í nýjar virkjanir eða nýja virkjun með þarfir okkar Íslendinga fyrir augum. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur ekki — eða það hefur dregizt hjá henni að hafa það frumkvæði í þessum málum, sem hefði mátt ætlast til af henni, og ég held, að ástæðan sé nokkuð augljós, þegar málið er skoðað dálítið. Hún er sú, að nokkuð mörg síðustu missiri hefur hæstv. ríkisstj. verið á linnulausum spretti við að leita uppi erlenda aðila, sem væru fáanlegir til þess að koma hér upp orkufrekum iðnaði, aðila, sem vildu kaupa rafmagn á föstu verði til langs tíma, og þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. ekki linnt á sprettinum, að svo virðist sem hún hafi ekki trú á því, að við Íslendingar getum ráðizt í virkjun, stórvirkjun, sem væri okkur sjálfum hagkvæm. Fram til þessa höfum við þó getað leyst okkar raforkumál sjálfir, en nú hin allra síðustu missiri virðist allt í einu vera svo komið, að íslenzk stjórnarvöld telji okkur þetta ofviða. Það hefur komið fram hvað eftir annað í skrifum stjórnarblaðanna og í opinberum umr. stjórnarliða, að þeir telja okkur þetta nánast ofviða og þess vegna þurfi að leita eftir því, að aðilar, sem mundu koma hér upp stóriðju, erlendir aðilar, keyptu svo og svo mikið af því rafmagni, sem virkjað yrði í næstu virkjun. Og það er einmitt vafalaust vegna þessarar kenningar, sem ég tel hreina meinloku, að rannsóknum síðustu ára á virkjunarmöguleikum hefur fyrst og fremst verið beint að því, hvar hagkvæmast yrði að virkja með þessa sölumöguleika til erlends aðila fyrir augum, og þetta hefur vafalaust dregið úr því, að þetta mál væri tekið fyrir á þann veg, að leitað væri beinlínis og eingöngu að lausn eða svari við þeirri spurningu, hvernig okkur hentaði bezt að leysa raforkumál okkar sjálfir, t. d. miðað við raforkuþörf okkar, áætlun um raforkuþörf okkar næstu 10—15 árin, svo að hóflega langt tímabil sé tekið.

Ég ætla, að þetta frv. og ýmis fskj. þess beri þess nokkurn vott, að í þessum rannsóknum, sérstaklega nú upp á síðkastið, hefur verið einblínt nokkuð mikið á þetta, hvað hentast sé með þá virkjun fyrir augum, sem væri til þess fallin að selja verulegan hluta orkunnar til erlends fyrirtækis. Og það er vitað og raunar viðurkennt, að ýmsir virkjunarmöguleikar aðrir hafa verið afgreiddir með hálfgerðu hraði, af því að þeir samrýmdust ekki þeim hugmyndum, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið með um sölu á orku til alúmíníumverksmiðju.

Ég veit það vel, að í þeim áætlunum, sem fylgja þessu frv. er því slegið algerlega föstu, að Búrfellsvirkjun verði okkur Íslendingum hagkvæmust, þegar til lengdar lætur, þó að aðeins yrði um það að ræða, að orkan yrði seld íslenzkum kaupendum, og ég skal út af fyrir sig ekki draga í efa, að þessi niðurstaða sé rétt, ég hef engin skilyrði til að vefengja það. En þó er rétt að gera sér þess grein, að aths. og það alvarlegar aths. hafa verið gerðar við þessar áætlanir um Búrfellsvirkjun af sérfróðum mönnum á þessum sviðum, og það hefur verið vefengt, að svo nákvæmar rannsóknir hafi legið fyrir um virkjunarkostnað, að traustar niðurstöður séu þegar fengnar.

Ég skal játa það, að ég hef enga sérþekkingu til þess að dæma neitt um slík mál sem þessi, og ég býst við, að enginn hv. alþm. né hæstv. ráðh. hafi það, og ég skal ekki draga það í efa, að sú niðurstaða sé rétt, að Búrfellsvirkjun verði okkur Íslendingum hagkvæmust, þegar öll kurl koma til grafar. En það er þó engin ástæða til að láta eins og sú gagnrýni hafi ekki komið fram frá ábyrgum mönnum og sérfróðum í þeim efnum, að eitt og annað í sambandi við virkjunarmál Búrfells sé ekki fullrannsakað eða fullkannað enn þá, og er þá sérstaklega á það bent, að ísmyndun og ísskrið sé mjög mikið í þessari á, og er talað um, að það geti truflað rafmagnsframleiðslu þar tilfinnanlega. Og það mun nú, að ég hygg, orðið almennt viðurkennt af öllum sérfræðing-

um og þá jafnframt sérfræðingum hæstv. ríkisstj., að þarna sé atriði, sem gefa þarf fullkominn gaum, og að gera verði ráð fyrir því, að grípa þurfi til jafnvel kostnaðarsamra aðgerða til þess að draga úr þessari hættu. Það er þess vegna ljóst, að vissulega hefði það verið æskilegt, að enn þá fyllri og ég vil segja traustari rannsóknir hefðu legið fyrir um Búrfellsvirkjun, áður en ákveðið væri að ráðast í hana. Hér er um svo mikið og kostnaðarsamt mannvirki að ræða, að það er ekki viturlegt að taka um það lokaákvarðanir, áður en niðurstöður t. d. um lausn ísvandamálsins eru fengnar. En jafnvel þótt niðurstaðan verði sú, að Búrfellsvirkjun reynist hagkvæmust og ódýrust allra þeirra virkjunarmöguleika, sem nú eru fyrir hendi, og það má vel vera, að þetta sé og verði svo, þá tel ég það eðlilegt og raunar sjálfsagt frá mínu sjónarmiði, að virkjunarheimild sú, sem gefin yrði í þessari löggjöf, miðist við þarfir Íslendinga sjálfra og við þarfir þeirra einna. Það er vitanlega fjarri öllum sanni, að við Íslendingar getum ekki virkjað fallvötnin okkar til okkar eigin þarfa nú og í framtíðinni, alveg eins og við höfum áður gert á undanförnum áratugum stig af stigi, eftir því sem þörfin óx. Að vísu þurfum við að beizla raforku í sívaxandi mæli, og þess vegna verðum við að leggja í stórvirkjanir og það vafalaust fyrr en síðar. En það er efalaust, að þjóðinni hefur vaxið svo fiskur um hrygg, og við trúum, að svo verði áfram, að hún er fær um að leysa þennan vanda, þó að engir annarlegir hlutir komi til. Og þó að stundum sé látið í veðri vaka, að við séum nú allt í einu ekki orðnir færir um þetta og þess vegna sé nauðsynin svo brýn að fá erlenda stóriðju inn í landið til þess að hjálpa okkur að virkja, þá er það nú svo, að jafnvel í því frv., sem hér liggur fyrir, kemur nú a. m. k. á einum stað það fram, að hæstv. ríkisstj. er ekki, sem betur fer, svo vantrúuð á möguleika okkar sem maður skyldi halda af öllum þeim miklu blaðaskrifum stjórnarflokkanna um þessi virkjana- og alúmínmál, sem við höfum lesið undanfarin missiri, en í aths. við lagafrv. segir svo á einum stað: „Að hefja virkjun í stórám landsins er að vísu mikið átak, en þó tæplega meira nú en fyrsta virkjun í Sogi var á sínum tíma.“ Ég endurtek: „En þó tæplega meira nú en fyrsta virkjun í Sogi var á sínum tíma.“ Að mínum dómi er þetta alveg rétt, og í rauninni má það teljast fullgilt svar við þeirri staðhæfingu, sem maður hefur oft heyrt sér til sárrar raunar, að við séum ekki lengur um það færir að leysa okkar eigin virkjunarmál sjálfir án þess að tengja þá lausn við vægast sagt hæpna draumóra um blessun þess að fá hingað alúmínverksmiðju erlends auðfélags.

Frá mínu sjónarmiði er spurningin ekki sú, hvort við Íslendingar eigum að virkja, hún er ekki heldur sú, fyrir hverja við eigum að virkja. Hún er einfaldlega þessi: Hvaða kostur er beztur í virkjunarmálum með tilliti til þarfa okkar Íslendinga einna? Eru þeir kostir, sem fyrir hendi eru, einhverjar af þeim hagfelldustu smærri virkjunum í fyrsta áfanga, sem kannaðar hafa verið og undirbúnar allverulega, í fyrsta áfanga, segi ég, meðan verið er að vinna tíma til að ganga frá fullnaðarrannsóknum á virkjun Búrfells og leysa þau tæknilegu vandamál, sem þeirri virkjun eru samfara? Eða er það fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar með orkuþörf okkar Íslendinga einna fyrir augum? Ef svo er, sem ég skal ekki út af fyrir sig vefengja, að þetta sé bezti kosturinn og ódýrasta virkjunin, þá væri um að ræða 70 þús. kw virkjun, sem tekin yrði fyrir sem fyrsti áfangi í þarfir okkar Íslendinga sjálfra.

Ég hygg, að sérfróðir menn um virkjunarmál og þá sérstaklega um þau ísvandamál, sem ég hef rætt nokkuð um, séu mjög sammála um það, að þetta ísvandamál sé ekki mjög alvarlegt á fyrsta áfanga virkjunar, en það fari vaxandi við stærri áfanga þessarar virkjunar. Ég hygg, að það sé rétt og almennt viðurkennt, að svo sé. Og m. a. þess vegna dettur mér ekki í hug að neita þeim möguleika, að Búrfellsvirkjun fyrir okkur sjálfa og eina geti verið hagkvæmasti og sé hagkvæmasti möguleikinn, sem við eigum í virkjunarmálum. En jafnvel þótt Búrfell yrði fyrir valinu og allt annað væri útilokað og ekki talin þörf á að bíða frekari rannsókna, þá tel ég ástæðulaust með öllu að veita að svo komnu máli virkjunarheimild fyrir stærri virkjun en þeirri, sem við teldum eðlilegt og hagkvæmt að ráðast í nú á þessu stigi til þess að fullnægja eigin orkuþörfum nokkur næstu árin.

Eins og ég sagði áðan, þá hefur hæstv. ríkisstj. einblínt nokkuð fast við allan undirbúning þessa máls á þann möguleika að fá hingað erlendan auðhring til þess að setja upp alúmínverksmiðju, svo að hægt yrði að selja honum raforku, og ég hygg, að vegna þessarar áráttu hæstv. ríkisstj. hafi hún ekki sinnt því verkefni, a. m. k. ekki að neinu ráði, svo að fram hafi komið, sem ég hefði nú talið eðlilegt og sjálfsagt, sem einu af undanförum nýs áfanga í virkjunarmálum og ekki sízt stórs áfanga á okkar mælikvarða, en það er að kanna og láta kanna sem bezt alla þá möguleika, sem kynnu að finnast til aukinnar orkusölu handa íslenzkum aðilum, möguleika sem, m. a. af því að þeir eru ókannaðir, er ekki hægt að fullyrða neitt um nema kynnu a. m. k. að vera okkur eins hagkvæmir eða jafnvel hagkvæmari en sú orkusala til alúmínverksmiðju, sem mest hefur verið talað um. Hefur til að mynda farið fram nokkur viðhlitandi rannsókn á því, hvort ekki sé hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði og frá sjónarmiði þeirra einstaklinga, sem það mál snertir, að nota rafmagn í miklu stærri stíl, í stórum stíl vil ég segja, til þess að hita upp hús? Hve mikið hefur verið rannsakað, hve mikið raforka til hitunar má kosta, til þess að hún geti þó með árangri keppt við olíu og verið hagkvæmari en olía? Ég veit, að ýmsir líta svo á, að raforka til upphitunar mætti kosta þó nokkuð miklu meira en það orkuverð er, sem rætt er um til alúmínbræðslu, og yrði hún þó ódýrari en olía. Hafa farið fram

nokkrar verulegar rannsóknir á því, hvaða iðnfyrirtæki það eru, þ. á m. ef til vill einhver efnaiðnaður, sem Íslendingar sjálfir gætu komið upp og mundi þurfa á að halda raforku í nokkuð ríkum mæli? Ég er hræddur um, að það hafi ekki verið gert mjög mikið til að kanna þessa hlið málanna til neinnar hlítar a. m. k.

Ég ætla nú ekki á þessu stigi málsins að fara langt út í þá sálma að ræða um hugsanleg skipti þessarar fyrirhuguðu Landsvirkjunar við alúmínverksmiðju. En þar sem þetta frv. og þó sérstaklega grg. þess og sum fskj. bera þess öll merki, að það er stefnt af hálfu hæstv. ríkisstj. að slíkum viðskiptum og fyrirhugað, að stórvirkjun verði að verulegu leyti byggð í hennar þágu, þykist ég ekki geta látið hjá liða að gera við það efni örfáar aths.

Það er vitað og upplýst, að í ráði er að semja við þetta fyrirtæki, ef af verður, um fast raforkuverð til langs tíma, og það hefur verið rætt í því sambandi um raforkuverð, sem er miklu lægra en til greina getur komið, að raforka verði seld íslenzkum aðilum. Því er haldið fram, að það raforkuverð, sem um hefur verið rætt í sambandi við alúmínverksmiðju, sé eitthvað hærra en beint kostnaðarverð þess hluta virkjunarinnar, sem samsvaraði orkukaupum fyrirtækisins, en sú útkoma er fengin — mér liggur við að segja með dálítið óvenjulegum og jafnvel undarlegum hætti.

Það er þá í fyrsta lagi, eins og fram hefur komið hér í þessum umr. og frv. ber með sér, að allar áætlanir um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar eru byggðar á því, að felld verði niður öll innflutningsgjöld á vélum og efnivörum til þessarar virkjunar. Ef þetta væri ekki gert, mundi mega reikna stofnkostnað virkjunarinnar um 20% hærri en nú er áætlað. Hins vegar er hér um að ræða algert nýmæli í virkjunarmálum okkar. Það hefur ekki gerzt áður, að felld hafi verið niður innflutningsgjöld vegna virkjana, og óneitanlega vekur það athygli, vil ég segja, að það skuli fyrst gert nú, þegar í ráði er eða a. m. k. mjög er um það rætt að selja erlendu auðfélagi raforku í mjög stórum stíl. Það er þá fyrst sem uppi eru till. um það að reikna ekki með innflutningsgjöldum, þegar raforkan er verðlögð. Nú skal ég út af fyrir sig ekki mæla því í gegn, að horfið verði að þessu ráði, ef ríkið sjálft og Íslendingar einir ættu hér í hlut. Það er út af fyrir sig ekki óskynsamlegt, þegar um slíkar stórframkvæmdir í almannaþágu er að ræða, og látum þá vera, þó að Reykjavíkurborg fengi í sinn hlut sem eigandi Landsvirkjunar að hálfu þessa eftirgjöf tolla af hálfu ríkisvaldsins. En þegar selja á erlendu auðfyrirtæki verulegan hluta raforkunnar, skiptir vitanlega miklu máli, hvort í sambandi við útreikninga á raforkuverði, kostnaðarverði raforku, er heldur sleppt eða reiknað með um 20 hundraðshlutum raunverulegs kostnaðarverðs.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, að í þessu frv. er farið fram á heimild, eins og þar segir, til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar. Ég held, að í þessum orðum sé það beinlínis viðurkennt, að sú gagnrýni, sem höfð hefur verið uppi um hættu á ísmyndunum þarna á þessu svæði, sé eða geti a. m. k. verið rétt. Enginn veit nú, hverjar ráðstafanir reynast nauðsynlegar eða kynnu að reynast nauðsynlegar í þessu sambandi, né hvað þær koma til með að kosta, og það er óneitanlega hætt við, að svo geti farið, að þær raski eitthvað og jafnvel meira en lítið þeim kostnaðaráætlunum, sem nú liggja fyrir, og þeim kostnaðaráætlunum, sem verðtilboðið til hins erlenda alúmínhrings yrði byggt á, eins og nú horfa málin.

Í þriðja lagi vil ég benda á það, að kostnaður við það að virkja 105 þús. kw er í dag áætlaður rúmlega 1200 millj. kr., eftir að innflutningstollar hafa þó verið felldir niður. Hér er vitanlega og eðlilega miðað við verðlag í landinu í dag eða nú um þessar mundir. En það er vitað, að framkvæmdum við þessa stórvirkjun verður ekki lokið fyrr en í árslok 1968 í fyrsta lagi, og ef stærra er virkjað en 70 þús. kw, þá sennilega ekki fyrr en á miðju ári eða eftir mitt ár 1969, þ. e. a. s. tæpum 4 eða 4½ ári eftir að sú áætlun er gerð, sem hér er miðað við og hér liggur fyrir. Hins vegar held ég, að engum detti það í hug, þegar miðað er við fengna reynslu og við ástandið eins og það er í dag, að byggingarkostnaður standi í stað hér á landi næstu 4—5 árin. Að undanförnu hefur byggingarkostnaður hækkað um 10% á ári eða því sem næst. Nú er að vísu ekki nema hluti af þeim virkjunarkostnaði, sem hér um ræðir, byggingarkostnaður, sem byggingarvísitala og kaupgjaldsvísitala hefði áhrif á, því að um það bil helmingur kostnaðarins mun vera innfluttar vélar. En væri nú svo afskaplega fjarri lagi samt, miðað við reynsluna og miðað við ástandið eins og það er í dag, að reikna með svo sem 15—20% heildarhækkun byggingarkostnaðar á því tímabili, sem hér er um að ræða, heildarhækkun kostnaðar við að reisa þetta mikla raforkuver? Ég held, að þetta þurfi að taka með í reikninginn og það þurfi í rauninni engan spámann til þess að sjá það, að með samningum, sem væru eitthvað líkir því, sem um hefur verið rætt í sambandi við sölu á raforku til alúmínverksmiðju, færi svo, að sú sala færi fram langt undir framleiðslukostnaðarverði, þegar allt væri tekið með í reikninginn og öll kurl kæmu til grafar.

Það eru örfá atriði önnur, sem ég vildi gera lítils háttar að umtalsefni. Ég vil þá vikja að því, að í sambandi við ákvörðun á orkuverði er ætlunin samkv. þessu frv. að fara inn á algerlega nýjar brautir. Allt fram til þessa hefur rafmagnsverð til almannaþarfa hér verið framleiðslukostnaðarverð að viðbættu mjög litlu álagi, jafnvel aðeins 5% álagi, ef ég man rétt. Það má sjálfsagt til sanns vegar færa, að þetta kunni að vera í lægsta lagi og ekki ástæða til að hafa álagið svo lágt, að raforku-

verin geti ekki safnað einhverjum sjóðum. En nú virðist fyrirhugað að gera á þessu gerbreytingu. Í 11. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar ákveður að fengnum till. Efnahagsstofnunarinnar heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku."

Þetta eru að vísu dálítið rúm ákvæði, og fer mjög eftir því, hvernig þeim er beitt, hversu til tekst um ákvörðun rafmagnsverðsins. En það er þó lögð á það allrík áherzla, að nú sé ætlunin að fara að safna í allgilda sjóði til þess að standa að einhverju eða töluverðu leyti straum af síðari virkjunum. Ég teldi vafasamt að gera þarna á mjög mikla og stórvægilega breytingu, og ég held, að það mundi ekki vera heppilegt og verða mörgum örðugt, ef þessi stefnuyfirlýsing, sem ég vil svo orða, væri framkvæmd mjög bókstaflega og ákveðið að safna í stóra sjóði þegar eftir 1. áfanga, eftir að náð hefur verið 1. áfanga stórvirkjunar, því að ég fæ þá ekki betur séð en að rafmagnsverð hlyti við það að hækka mjög verulega og íslenzkum rafmagnskaupendum yrði þá á næstu árum, eftir að slík virkjun væri komin á, ekki einungis gert að standa undir kostnaði af virkjuninni sjálfri, heldur einnig að svo og svo miklu leyti af væntanlegum kostnaði við næstu virkjun eða virkjanir þar á eftir. Verði svo raforkan til erlendrar alúmínverksmiðju jafnhliða seld jafnvel undir framleiðslukostnaðarverði, mundi sú spegilmynd, sem af þessu fengist, ekki vera sérstaklega glæsileg.

Ég vil að lokum fara fáeinum orðum um landsvirkjunarhugmyndina, eins og hún kemur fram og er mótuð í þessu frv. Ég tel það alveg vafalaust, að það hafi mikið til síns máls og sé að mörgu leyti, líklega flestu leyti, hagkvæmt að tengja sem mest orkuveitur, með því næst vafalaust bætt nýting orkunnar í flestum tilfellum og aukið öryggi og afleiðing slíkra samveitna er því eðlilega sú, að einn aðili eða fáir og helzt þegar fram í sækti einn aðili eigi og reki raforkuverin. Og samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, skal það vera virkjunarfyrirtækið Landsvirkjun, eign ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem annast þetta hlutverk á mjög þýðingarmiklu svæði landsins nú þegar, og möguleikar eru á því, að það nái síðar víðar um land og jafnvel um land allt. Þetta tel ég, að sé í sjálfu sér rétt og eðlileg stefna, að koma á smám saman og með eðlilegum hætti slíkri samveitu eða landsveitu. Hins vegar tel ég það allt hæpnara, hvort hér eigi að gilda einhver helmingaskiptaregla frá upphafi milli ríkisins og Reykjavíkurborgar, en fyrir því er gert ráð í frv., eins og þegar hefur verið rakið. Þessi helmingaskipti taka jafnt til eignarhluta í Landsvirkjun og svo til stjórnar hennar, og svo hnífjöfn eiga þessi skipti að vera, að hlutlaus aðili á að skipa oddamann í stjórn fyrirtækisins, ef ekki næst um hann samkomulag. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta fyrirkomulag sé ekki eins heppilegt og hitt að stefna að því, að ríkið sjálft og eitt eigi og reki landsveituna og landsvirkjunina fyrirhuguðu. Ríkið tekur hvort eð er á sínar herðar allar ábyrgðir vegna fyrirtækisins. Það veitir því mikilvæg tollfríðindi o. s. frv. Og það er stefnt að því, að landsveitan geti orðið og verði þjónustufyrirtæki fyrir verulegan hluta landsins eða jafnvel landið allt, og með tilliti til alls þessa virðist mér, að flest mæli með því, að hin fyrirhugaða landsveita verði ríkiseign eingöngu, en ekki sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar.

Að síðustu vildi ég aðeins vekja athygli á því, að þrátt fyrir ýmsar fróðlegar skýrslur og grg., sem fylgja þessu frv., virðist mér sitthvað óljósara en skyldi og eitt mikilvægt atriði sé ég ekki betur en skorti algerlega, og það er rekstrarkostnaðaráætlun yfir allt þetta mannvirki til nokkurs tíma, t. d. fyrstu 10 árin, sem það kynni að starfa eða kæmi til með að starfa. Hér er vissulega ekki um neitt smáfyrirtæki að ræða, og það væri vitanlega full ástæða til þess, að slík rekstrarkostnaðaráætlun lægi fyrir og það enda þótt hafa yrði um hana alla eðlilega fyrirvara í sambandi við verðlagsbreytingar. Þetta frv. þarf vissulega að athugast vel. Það er margþætt. Það hefur að geyma ýmis nýmæli, og sum eru þess eðlis, að þau orka tvímælis. Þess vegna er það miður en skyldi, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa séð sér fært að leggja málið fyrir Alþ. nokkru fyrr en raun hefur á orðið. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi einhverjar afsakanir í þeim efnum, en þó býst ég nú við, að meginástæðan sé sú, að hún hefur verið að eltast við draumóra sína um alúmínverksmiðju helzt til lengi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 589, n. 700, 702 og 708, 701, 703, 709).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. um Landsvirkjun. Svo sem öllum er kunnugt, hefur tími til athugunar þess verið harla naumur, en fjhn. fékk til viðtals aðaltrúnaðarmenn ríkisins í sambandi við raforkumál, þá raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra, og ræddi við þá ýmis atriði málsins. Hæstv. landbrh. gerði grein fyrir því við 1. umr., hvað í þessu frv. fælist í einstökum atriðum, og frv. fylgir auk þess mjög ýtarleg grg., þar sem einstök atriði þess eru skýrð.

Meginkjarni málsins er það, að lagt verði nú í að gera stærra átak í raforkumálum þjóðarinnar en nokkru sinni áður hefur verið gert og stefnt að því að virkja í mjög stórum stíl. Hvaða leið nákvæmlega verði valin, er ekki á þessu stigi auðvelt að segja, vegna þess að það er háð ýmsum öðrum atriðum varðandi orkunotkun, en um það atriði er ekkert sérstaklega fjallað í þessu frv., heldur aðeins miðað við, að virkjunin verði það stór, að það rúmi þann möguleika, ef síðar þykir henta af Alþ. að ákveða svo, að sérstakri stóriðju verði komið á laggir til þess að hagnýta orku frá þessari virkjun og með því leggja grundvöll að því, að hægt sé að virkja í stærri stíl og á hagkvæmari hátt en ella hefði verið.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema tilefni gefist til, að rekja málið nánar í einstökum atriðum, aðeins gera grein fyrir því, að n. varð ekki sammála um afstöðu til málsins, þar eð samkomulag náðist ekki um ýmsar brtt., sem fram komu í n. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fluttar eru á sérstöku þskj. Þær breyt. eru ekki veigamiklar og í rauninni engar efnisbreyt., heldur aðeins til þess að skýra nánar viss atriði frv., sem ýmsum þótti orka tvímælis, þannig að það yrði ljóst, að ekki væri gert ráð fyrir því, án þess að sjálfsögðu að undangengnum samningum, eins og raunar frv. gerir ráð fyrir, að frekari orkuver verði tengd við Landsvirkjun, án þess að sérstakar ákvarðanir verði teknar um það efni. Þetta þótti ýmsum aðilum nauðsynlegt, að væri skýrt betur, sérstaklega þeim aðilum, sem sumir vildu halda, að þetta gæfi Landsvirkjuninni viðtækari heimildir en í rauninni felst í frv., en breyt. miða allar að því, að það verði ljóst, að það sé ekki um neitt slíkt að ræða, og þykir því meinlaust að taka þessa breyt. hér inn.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að ræða um þau grundvallaratriði, sem menn skildi á um að öðru leyti í n. Svo sem hv. þdm. er ljóst, miða brtt. 2. minni hl. að því, að það verði útilokað, að hægt verði að hagnýta þessa landsvirkjun til stóriðju, heldur að hún verði eingöngu miðuð við almenna notkun hér innanlands og án þess að neitt nýtt komi til, og er það að sjálfsögðu grundvallarmismunur á sjónarmiðum. Í hinu tilfellinu eru ýmsar breyt., sem eru þess eðlis, að það eru ekki talin tök á því með neinu móti að taka þau inn í þetta mál. Það skal hins vegar skýrt tekið fram, að þó að það felist ekki beint í þessu frv., þá felur nafn þess það í sér, að það er stefnan, að áfram verði unnið í þá átt, að hér verði um raunverulega landsvirkjun að ræða. Það er gert ráð fyrir því í frv. um Laxárvirkjun, að heimild sé til tengingar hennar við Landsvirkjun, og jafnframt er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að með tímanum, þegar orkuver landsins verða tengd saman, verði að því stefnt að gera þetta að heilsteyptu og samræmdu fyrirtæki með aðild þeirra, sem þá kynnu að koma til greina. Þetta er ekki auðið að gera nú í þessu frv. Eins og það er upp byggt með sérstöku samkomulagi milli ríkisstj. og borgarstjórnar Reykjavíkur, þá þyrftu að koma til miklu víðtækari breyt. varðandi stjórn og skipulag þessara mála, enda er það ljóst, að þetta verður að vinnast í áföngum, og enn er ekki fyrir hendi sá skilningur hjá ýmsum orkuveitum, að þessi stefna sé æskileg, sem m. a. kemur fram í því, sem ég áðan sagði, að þær leggja sumar hverjar sérstaka áherzlu á, að það verði ótvírætt, að inn á þeirra verksvið verði ekki farið með þessu frv.

Það er till. meiri hl. fjhn., herra forseti, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem fluttar eru af meiri hl. n. á þskj. 701.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál verður varla rætt svo hér á hv. Alþ., að ekki sé mótmælt harðlega þeirri málsmeðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur í frammi varðandi slíkt stórmál sem hér er á ferðinni. Hitt er að sönnu ekkert einsdæmi um þetta mál, heldur velflest mál, sem verið er nú að afgreiða hér síðustu þingdagana, að þm. er ekki gefinn neinn kostur á að kynna sér málin, fá um þau réttar upplýsingar, ræða þau, fjalla sómasamlega um þau í þingnefndum né bera sig saman um afgreiðslu þeirra á þingflokkafundum. Hverjum þskj.-bunkanum af öðrum hefur verið dengt á borðin hér í hv. þd., sumum að lesmáli á við þykkar bækur, en þm., sem flestir sitja á nefnda- og þingfundum frá morgni til kvölds, er ekki einu sinni gert fært að lesa þau, áður en þess er krafizt af þeim, að þeir afgr. þau með atkvgr. Grunur minn er sá, að það sé ekki orðið fátítt nú orðið, að hv. þm. hafi alls ekki lesið þau lagafrv., sem þeim er gert að samþ., eða jafnvel viti alls ekki um aðalefni þeirra. Þetta er ljótt til frásagnar, en því miður sönn lýsing á því, hvernig hæstv. ríkisstj. misbýður virðingu Alþ. og lítillækkar stuðningslið sitt sérstaklega, því að þar ofbjóða mönnum auðvitað engu síður vinnubrögðin en stjórnarandstöðunni, þó að þar verði menn að bera harm sinn í hljóði yfir þessum vinnubrögðum eða þá bak við vandræðaleg bros, þegar úr öllu hófi keyrir. Þessi vinnubrögð koma svo auðvitað harðast niður á þeim málum, sem eru stærst í sniðum og mikilvægust og jafnframt flóknust og krefjast mestrar athugunar, upplýsinga og þekkingar, málum eins og því, sem hér er til umr. Þm. hefur að vísu gefizt tóm til að lesa þetta frv. og e. t. v. grg., a. m. k. þeim, sem hafa getað fórnað til þess matmálstímum eða einhverju af svefntíma sínum. En um nokkra viðhlítandi athugun hefur þó ekki getað verið að ræða. Hér er um svo margvíslega málþætti að ræða og flókna, að færum sérfræðingum hefði ekki veitt af a. m. k. vikutíma til þess að komast sæmilega niður í þeim og geta myndað sér einhverja sómasamlega, rökstudda skoðun á öllum málsatriðum, en til þessa verks hafa okkur þm. verið ætlaðar klukkustundir, en ekki dagar.

Ég tel mér skylt við þetta tækifæri að mót-

mæla þessum vinnubrögðum. Þetta, sem ég hef nú sagt, hefði þó verið sök sér, ef sá örstutti tími, sem hefur verið til þess að athuga þetta frv., hefði verið notaður af ráðh. og sérfræðingum hæstv. ríkisstj. til þess að ganga sem maður undir manns hönd til þess að upplýsa okkur, sem erum algerir leikmenn í þessum málum, um málið. En því hefur sízt verið að heilsa. Menn heyrðu hér við 1. umr. ræðu hæstv. raforkumálaráðh. Ég spyr hv. þdm.: Hver fræddist af henni? Ég held, að það hafi áreiðanlega enginn verið. Þar var ekki um annað að ræða en tætingslegan upplestur á frvgr. og smáglefsum úr grg. Það var það eina, sem hann hafði fram að færa. Þar mátti með sanni segja, að blindur leiddi blindan, þar sem þessi hæstv. ráðh. fór fyrir liði sínu í þessu máli. Sjálfsagt veit hæstv. ráðh. þó mikið um þetta mál, en honum tókst þó að leyna þeirri þekkingu sinni mjög vandlega við þessa umr. málsins. Við þessa frammistöðu sína hefur hæstv. ráðh. svo bætt að láta sérfræðinga sína neita að gefa þingn. upplýsingar, sem allir vita þó að liggja fyrir, og síðast á fundi hv. fjhn. í gærkvöld var enn farið fram á það að fá þessar upplýsingar, þ. e. a. s. um rekstraráætlun þess fyrirtækis, sem hér á að stofna til, og hæstv. fjmrh. innti samráðh. sinn, sem nú er orðinn, um þetta þegar miðnætti var að nálgast í gærkvöld og allur tími var að verða þrotinn, en það var algert nei. Hér var þó um plagg að ræða, sem ég hef upplýsingar um, að hafi verið lagt fyrir borgarráð Reykjavíkur, en þingn., sem á að fjalla um þetta mál, og hv. þd. virðast vera settar skör lægra en meðlimir borgarstjórnar Reykjavíkur í þessu máli, og þykir mér það miklum tíðindum sæta.

En sérfræðingarnir, sem voru kvaddir á fund fjhn., eins og hv. frsm. gat um, var þá ekki gott til þeirra að leita um upplýsingar varðandi frv.? Ég ætla mér a. m. k. ekki að hæla því. Ég fékk þar a. m. k. ekki nein viðhlítandi svör við þeim spurningum, sem ég lagði fyrir þá, og fór ekki fróðari af þeirra fundi, nema þá um það, hversu þetta mál er allt illa undirbúið og hversu reynt er, að því er virðist af ráðnum hug, að leyna bæði þing og þjóð réttum upplýsingum, sem varða miklu um ákvarðanir í þessu máli, sem hér er á ferðinni. En ég kem nánar að þessu síðar í sambandi við ýmis málsatriði, en sný mér þá að því að gera grein fyrir því, hvernig þetta mál horfir við frá mínu sjónarmiði og miðað við þá athugun, sem ég hef á stuttum tíma verið að reyna að gera, og þá jafnframt miðað við þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, og jafnvel ekki síður þær upplýsingar, sem bæði mig og líklega alla nema einhverja útvalda skortir til þess að geta kveðið upp úr um öll atriði varðandi þetta mál.

Mér sýnist, að stærstu atriðin í sambandi við þetta frv. séu fjögur. Það er í fyrsta lagi það, að ákveðið er óafturkallanlega, að Búrfell við Þjórsá verði valið sem virkjunarstaður til þess að leysa, a. m. k. á næstu áratugum, raforkuþörf Suður- og Suðvesturlands. Í öðru lagi, að heimiluð verði þegar í stað svo stór virkjun, að mögulegt verði að gera orkusölusamning við erlendan auðhring vegna alúmíníumbræðslu. Í þriðja lagi að taka upp algerlega nýja skipan í raforkumálum þjóðarinnar í framtíðinni, þ. á m. um yfirstjórn þeirra mála, sem nú er að verulegu leyti með þessu frv. tekin úr höndum Alþingis, ríkisstj. og raforkumálastjórnar og fengin í hendur borgarstjórnar Reykjavíkur. Í fjórða lagi, að ný stefna er tekin upp varðandi verðlagningu á raforku og stefnt að því að selja Íslendingum raforku jafnvel á þreföldu kostnaðarverði, um leið og verið er að vinna að því að gera samninga um að selja erlendum aðilum meginhluta orkunnar frá hinni nýju virkjun undir kostnaðarverði. Er þá rétt að snúa sér að því að athuga hvert þessara stóru atriða í sambandi við þetta mál, eftir því sem tök eru á, og það er þá fyrst staðarvalið.

Það er vissulega rétt, sem fram hefur komið, að það átak, sem nú á að gera í orkumálum þjóðarinnar, er stórt, eftir kyrrstöðutímabil, sem að margra dómi er orðið of langt í okkar raforkumálum, og eftir að orkumarkaðurinn er orðinn það stór, að raunverulega er komið þar í algjör þrot og málunum aðeins bjargað með varastöðvum, sem eru dýrar í rekstri og óhentugar, þegar til lengdar lætur. En það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., og því voru gerð sérstaklega góð skil hjá hv. 6. þm. Sunnl. (HB) við 1. umr. málsins, að þetta átak sé alls ekki stærra en ýmis önnur, sem við höfum gert í orkumálum okkar á undanförnum árum og áratugum, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna. Það hefur yfirleitt verið um að ræða að tvöfalda þá orku, virkja og tvöfalda þá orku, sem áður var fyrir hendi, og stundum meira. Þannig hefur það verið á virkjunarsvæði Sogsvirkjunarinnar, þannig hefur það verið á virkjunarsvæði Laxárvirkjunarinnar, og yfirleitt hefur þróunin verið sú í þessum málum, að orkan hefur verið tvöfölduð á um það bil 10 árum. Hér er þó ekki a. m. k. víst, að um það sé að ræða að tvöfalda orkuna við það, sem hún er, og strax frá því sjónarmiði séð er hér ekki um stærra átak en áður hefur verið að ræða. Og þegar tekið er tillit til annarra aðstæðna, svo sem orkumarkaðarins, sem fyrir hendi er, og bætts efnahags þjóðarinnar, sést enn betur, sem ég ætla ekki að fara nánar út í, að hér er ekki um neitt risavaxnara skref að ræða en ýmis þeirra, sem áður hafa verið stigin.

Það er í raun og veru sérstök ástæða til þess að gefa þessum samanburði gaum, m. a. þeim, sem hv. 6. þm. Sunnl. gerði hér við 1. umr. um þetta, og þá er rétt að hafa það í huga í sambandi við alúmíníum-vitleysuna, sem hæstv. ríkisstj. hefur fengið á heilann í staðinn fyrir raforkumálin, að við höfum ekki, þrátt fyrir alveg sambærileg átök í raforkumálunum á undanförnum áratugum, þurft að gera nokkrar samhliða efnahagslegar aðgerðir, sem á nokkurn hátt hafa verið annarlegar, í sambandi við þau átök né höfum við heldur

þurft að sæta neinum afarkostum varðandi lánskjör eða annað því um líkt, og því verður naumast trúað öðru en slíkt sé enn mögulegt, þar sem um sambærilegt átak og sambærilegar framkvæmdir er að ræða við hinar fyrri. Og sízt ætti það að vera hald þeirra manna, sem mest guma af því nú síðustu árin, að traust þjóðarinnar hafi farið stórbatnandi út á við, að svo sé komið, að við þurfum nú að sæta einhverjum annarlegum kostum í sambandi við lánskjör og annað því um líkt, ef við ætlum að virkja til okkar eigin þarfa.

En engu að síður, þó að allur þessi samanburður sé réttur, er það samt sem áður ljóst, að hér er um geysistórt fyrirtæki að ræða á okkar mælikvarða og sjálfsagt það stærsta, sem við höfum reist fram að þessu, og byrjunarframkvæmdir mundu varla verða mikið undir 1 milljarði kr., þó að framkvæmdirnar væru miðaðar við þarfir Íslendinga einna, og þess vegna er það, að það er auðvitað ákaflega mikilvægt, að valin sé hagstæðasta virkjunarleiðin, sem fyrir hendi er, jafnvel þó að við síðar þurfum að fara aðrar virkjunarleiðir, sem væru að einhverju leyti dýrari, og mætti út frá því sjónarmiði segja, að það skipti kannske ekki höfuðmáli, hvort endilega sú langódýrasta virkjun væri fyrst valin. Gefur það auðvitað auga leið, að sú virkjun, sem við ráðumst í fyrst, hefur lengstan starfstíma og þannig myndast auðvitað hagnaður af því að velja hagstæðustu leiðina, og þá kemur spurningin í sambandi við þetta frv.: Er Búrfellsvirkjun hagstæðasta virkjunin nú miðað við þarfir okkar Íslendinga, og er þessi virkjun svo traustlega undirbúin, að fullsannað sé, að hún komi ein til greina? Það er sjálfsagt strax hægt að fullyrða, að það er samdóma skoðun, sem mikið tillit ber að taka til, allra sérfræðinga, að virkjun við Búrfell sé ein hagkvæmasta virkjunin, ef ráðizt er í virkjanir í stórám landsins. En það er líka jafnljóst, að ýmsar aðrar virkjanir, sem til greina geta komið til þess að leysa raforkuþarfir þjóðarinnar allra næstu framtíð, eru einnig mjög hagstæðar, og þannig er t. d. um svonefndar smávirkjanir, sem þó eru stórvirkjanir að eldra mati, sem nú eru algerlega fullrannsakaðar og fyrir liggja alveg óyggjandi upplýsingar um, að engin vandkvæði eru á að virkja. Þannig er t. d. um þær virkjanir, sem teknar eru inn í ýmsar samanburðartöflur í grg. þessa frv. og fleiri plöggum, sem þm. hafa fengið í hendur um þetta, um virkjanir eins og Kláffoss í Borgarfirði, um virkjun við jarðgufustöð í Hveragerði og um virkjun í Brúará við Efstadal, en þessar 3 virkjanir samanlagðar mundu verða um 65 megawött, eða því sem næst jafnstórar samanlagt og fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar yrði til innlendra nota, en hann er talinn vera 70 megawött. Og þegar athuguð er hagkvæmni virkjunarstaðarins, hefur það verið svo að undanförnu, að það hefur fyrst og fremst verið miðað við þessar virkjanir annars vegar og hins vegar við Búrfellsvirkjun eða þessar virkjanir að einhverju leyti og síðan Búrfellsvirkjun, og það er þess vegna rétt að athuga þennan samanburð, svo mikið sem úr honum hefur verið gert, nánar og reyna að gera sér grein fyrir því, hversu traustur sá samanburður er, sem hefur verið gerður af sérfræðingum ríkisstj. í þessu máli.

Í grg. svokallaðrar tækninefndar, sem er dags. í okt. 1964, eru lokaorð þeirrar grg. á þá leið, að þegar litið sé til 15 ára, segir orðrétt þar, að ég held, að niðurstaðan sé sú, miðað við forsendur, að virkjun við Búrfell jafnhliða alúmíníumbræðslu spari 800 millj. kr. samanborið við smávirkjanaleiðina og um 400 millj. kr. samanborið við Búrfellsvirkjun án alúmíníumbræðslu. Þetta er á bls. 5 í þessari grg., en smávirkjanaleiðin, sem þarna er talað um, var á þá leið, að fyrst yrði virkjað í Hveragerði, þá Ljósafoss, þá Kláffoss og þá Efstadalsvirkjun í Brúará og loks Búrfellsvirkjun, þ. e. a. s. þá Búrfellsvirkjun án alúmíníumbræðslu.

Eftir að þessi skýrsla birtist mönnum og er farið var að athuga hana, þá varð fljótlega ljóst, að þessi samanburður var alrangur og boldi raunar ekki, að við honum væri ýtt með litlafingri, því að með því að breyta röðinni á smávirkjunum og gera augljósar leiðréttingar á skekkjum lækkaði mismunurinn strax úr 800 millj. kr. í 400 millj. kr.

Ef til vill var útreikningurinn sjálfur réttur reikningslega, en forsendurnar rangar, og eins og kunnugt er, þá er hægt að reikna út hvaða hluti sem maður vill reikna út og vill fá út, ef nægilega vitlausar forsendur eru settar inn í dæmið. Það var sem sé auðsætt af þessum samanburði, að óskhyggja ráðamannanna réð um útkomuna. Það var talið bráðnauðsynlegt að sanna það, að Búrfellsvirkjun hentaði til alúmíníumvinnslu og að hún væri jafnframt sú eina, sem kæmi til greina fyrir Íslendinga. Þetta varð að fara saman til að fullnægja óskhyggju hæstv. ríkisstjórnar.

En þessar blekkingar, sem þarna voru hafðar í frammi í sambandi við 800 millj. kr. sparnaðinn, voru svo auðsæjar, að fljótlega var horfið frá þeim. Og það má sjá núna í grg. frv., ef við flettum upp á bls. 18, að tækninefndin, eða a. m. k. sérfræðingar ríkisstj., — ég geri ráð fyrir, að þeir hafi verið þeir sömu, það er ekki ástæða til, að ríkisstj. skipti um svo ágæta sérfræðinga, — þá segir í grg. á bls. 18, að á árunum 1969—1975, „til ársloka 1975, spara notendur þannig um 100 millj. kr., ef ráðizt er í Búrfellsvirkjun með 60 þús. tonna alúmíníumbræðslu í stað smávirkjana eða að meðaltali rúmar 14 millj. kr. á ári, en það er 19% af áætluðum gjöldum til Sogsvirkjunar," o. s. frv. Síðan segir: „Á árunum 1976—1983 eru árleg útgjöld 22.5 millj. kr. hærri en í kosti B. 1. Við þann mun ber að bæta verðmæti þeirra 170 + 60 = 230 Gwh, sem Búrfell hefur umfram smávirkjanir í árslok 1975 (sjá töflu 4 og 5). Sé þessi orka metin á 5 aura kwst., sem er mjög lágt, þá hækkar

framangreindur 22.5 millj. kr mismunur á ári í 34 millj. kr. Þetta jafngildir, að á árunum 1976—1983 verði notendur fyrir um 335 millj. kr. meiri útgjöldum vegna viðbótarorku áranna 1965—1975, ef smávirkjanaleiðin er farin, og kemur sú upphæð til viðbótar við áðurnefndar 100 millj. kr. frá árunum 1969—1975."

Þarna er sem sagt reiknað með því, að sparnaðurinn, sem í okt. s. l. var talinn 800 millj., verði ekki nema 435. Og nú er það strax alveg auðséð af öðrum vinnubrögðum tæknifræðinga um þessi mál, og ég hef reyndar leitað upplýsinga um það hjá svo fróðum mönnum, að þeirra umsögn verður varla vefengd um það, að í slíkum samanburði er aldrei tekin með umframorka, eins og þarna er gert, en þarna er farið að meta umframorku, sem engin vissa er fyrir, hvort er seljanleg eða ekki, þannig að mismunurinn lækkar þá strax við það um 34 millj. og er þá kominn í 401 millj. eða réttan helming af því, sem þetta var í október. Geta allir af þessu séð, hvað þessir útreikningar hafa verið traustir þá. Og varla hefur þessi breyting stafað af því, að vatnsföllin hafi breytt sér eða nokkrar aðstæður þar. Og ótrúlegt er, að það sé svo miklu óhagstæðara, eins og af því er látið, hvað það sé hagstætt fyrir okkur að setja upp alúmíníumvinnslu, að samanburðurinn breytist svona til óhagræðis fyrir stórvirkjunarleiðina, þegar farið er að reikna með 60 þús. tonna alúmíníumbræðslu eða jafnvel 66 þús. tonna í staðinn fyrir 30 áður. Varla getur það verið ástæðan, — eða hvað?

Þá kemur spurningin um það, hvort samanburðurinn nú sé orðinn það góður og traustur, að við getum svo að segja blindandi trúað því, að hann eigi ekki enn eftir að breytast, t. d. á næstu 4—5 mánuðum, eins og hann hefur verið að breytast núna að undanförnu.

Um greinargerðirnar, sem frv. fylgja, vil ég segja það, að fyrir mig með þeim tíma, sem ég hef haft til þess, er ekki nokkur leið til þess að átta sig á þeim öllum, eða lesa þær niður í kjölinn. En af svona smákönnunum, sem reynt hefur verið að gera á því, hve mikið samræmi er í útreikningunum og hvað þeir eru traustvekjandi, þá fullyrði ég, að það sé engin ástæða, nema síður sé, til þess að fulltreysta nú frekar en áður þeim útreikningum, sem hér eru sýndir.

Ég ætla aðeins að leyfa mér að nefna um þetta örfá dæmi, og tel ég þó víst, að þau séu miklu fleiri, vegna þess að það hafa alls ekki, eins og ég sagði, verið nein tök á því að gera sér fulla grein fyrir öllum þeim tölum, sem við erum þarna mataðir á og eigum að gleypa viðstöðulaust.

Eins og ég sagði áðan, var á s. l. hausti, fyrst og fremst í samanburðarútreikningum, reiknað með 30 þús. tonna alúmíníumveri, sem urðu 60 þús. tonn síðar, og er víðast hvar reiknað með því.

Á bls. 17 í töflu 3 er gert ráð fyrir því, að afköst bræðslunnar geti farið í 66 þús. tonn á ári, sem þýðir skv. nýjustu upplýsingum, eins og þar segir, að hver keraröð eða potline þarf 63 megavött í stað 55 og 505 millj. kwst. í stað 470, sem tækninefnd reiknaði með. Þ. e. a. s. orkuþörfin hjá fyrirtækinu hefur þannig aukizt úr 470 millj. kwst. í 505 millj. kwst.

Þetta er aðeins lítið dæmi um vinnubrögð tækninefndarinnar og nákvæmnina, sem er í öllum útreikningunum. Og eins og ég sagði, þá lýsir þessi nákvæmni sér allt í gegnum þau plögg, sem hér liggja fyrir.

Ég vil nefna annað lítið dæmi. Það er reiknað með því núna, ef alúmíníumverið verður reist, að af 210 megavöttum fái Íslendingar 84 megavött, 126 eiga að fara til alúmíníumvinnslunnar.

Í töflu 1 í grg. er orkuvinnslan, miðað við fyrsta stig, 105 megavött, reiknuð 850 millj. kwst., en á bls. 19 er reiknað með, að þessi orkuvinnslugeta sé 910 millj. kwst. Miðað við 210 megavött, þá er reiknað með, að þessi orkuvinnslugeta sé, — það eru nú þrjár útgáfur af því, hvað orkuvinnslugetan sé, miðað við 210 megavött, því að á bls. 15 er hún reiknuð 1635 millj. kwst., á bls. 6 er hún reiknuð 1700 og á bls. 20 1730. Það er engu líkara en þeim, sem sömdu grg., hafi vaxið ásmegin, eftir því sem leið á hana, um getu fyrirtækisins. Þetta er enn eitt dæmið um nákvæmnina, sem lýsir sér í þeim plöggum, sem við höfum hér fyrir okkur.

Það er svo enn eitt dæmið um það, hvernig tækninefnd hefur unnið, sem ég ætla annars ekki að fara langt út í, að eftir að tækninefnd hafði skilað áliti sínu í okt. s. l. og m. a. fullyrt, að það væri hagkvæmasta lausnin í raforkumálum Norðlendinga, að lína yrði lögð frá Búrfelli og Laxá yrði ekki virkjuð fyrr en eftir að mig minnir 20 ár, gerði einn af þeim mönnum, sem störfuðu í tækninefndinni, skömmu síðar útreikninga fyrir Laxárvirkjunastjórn nánar á þessu atriði og sannaðist fyrir tilstilli hans, að miklu hagkvæmara var fyrir Norðlendinga að leysa sín raforkumál með því að virkja tiltölulega smáa virkjun í Laxá en að þiggja rafmagn gegnum línu yfir hálendi Íslands frá Búrfellsvirkjun.

Ég verð strax að segja það, að þessar nýju skýrslur eru sízt til þess fallnar að vekja mikið traust, og raunar ekki frekar en hinar fyrri, sem nú hefur verið gerbreytt í mörgum atriðum.

En lítum þá ofurlítið nánar aftur á þá virkjunarkosti, sem fyrir hendi eru. Eins og ég sagði áðan, er skv. þessum útreikningum, sem nú eru gerðir, mismunurinn á hagkvæmni Búrfellsvirkjunarinnar miðað við alúmíníumbræðslu og smávirkjanaaðferðina talinn 400 millj. kr. En aftur er þessi mismunur annars vegar á smávirkjanaleiðinni og Búrfelli án alúmíníumbræðslu reiknaður 360 millj. kr. á 16 árum. — Það er á bls. 19 í grg. En þar segir þó, að það megi bæta smávirkjanaleiðina með millileið, þ. e. a. s. með því að taka aðeins tvær þeirra fyrst, en síðan Búrfellsvirkjun, en ekki þrjár, eins og gert er ráð fyrir í samanburðin-

um. Og það er líka auðsætt strax og þarf ekki fagmann til, að þessa leið má einnig bæta, kannske ekki stórkostlega, en eitthvað, með því að breyta röðinni á virkjununum, því að hagkvæmasti virkjunarkosturinn er alls ekki tekinn fyrst, heldur sá, sem er nokkru óhagstæðari.

En inn í þennan samanburð vantar sitt af hverju. Það vantar sitt af hverju inn í dæmið, til þess að það sé fullreiknað, og það eru alls ekki teknar allar þær forsendur, sem ber að taka tillit til.

Það er þá fyrst að nefna, sem ekki er kannske ýkja stórvægilegt, en kynni þó að vega nokkuð, — ég þori ekki að nefna neinar tölur í því sambandi, — að það er auðvitað greinilegur kostur við smávirkjanaleiðina, að þær koma hver um sig miklu fyrr að gagni heldur en stórvirkjun við Búrfell, og spara þannig dýra orkuframleiðslu með varaaflstöðvum, sem annars verður að nota í sívaxandi mæli, a. m. k. um næsta þriggja ára skeið. En það vantar þá líka kannske það, sem er þýðingarmest í þessu sambandi, að allar virkjanir, sem verða virkjaðar eftir Búrfellsvirkjun og eftir smávirkjanaleiðina, verða dýrari. Það er samróma álit manna, að þessar virkjanir, sem teknar eru hér í samanburði, annars vegar Búrfell og hins vegar smávirkjanirnar, séu hagkvæmustu og ódýrustu virkjanirnar, sem við eigum nú kost á. En hitt liggur líka fyrir, að á næstu 20 árum þurfum við að virkja til okkar eigin þarfa einhvers staðar á milli 300 og 400 megavatta virkjanir auk Búrfellsvirkjunar, og er þá auðsætt, að ef við höfum eytt dýrmætasta vatnsaflinu til þess að selja það útlendingum undir kostnaðarverði, verður óhagræði að því, þegar til lengri tíma er litið. En allur samanburður, sem gerður er hér, er aðeins gerður til 15 ára, og áreiðanlega er sá tími valinn einmitt með tilliti til þess, að hann sýnir sem laklegasta útkomu fyrir aðrar leiðir en þær, sem hæstv. ríkisstj. þykir passa fyrir sína pólitísku stefnu í orkumálum.

Þá er þess einnig að geta, að í þessum samanburði öllum er ekki talinn, a. m. k. nema þá að mjög litlu leyti og jafnvel alls ekki, ýmislegur kostnaður, sem samfara er Búrfellsleiðinni, t. d. ekki sá, sem leiðir af olíunotkun í varastöðvar, ef um teljandi truflanir verður að ræða í rekstri Búrfells, en við því búast margir. En við skulum gera ráð fyrir því í bili a. m. k., að útreikningarnir séu í öllum aðalatriðum réttir, þ. e. a. s. þessir útreikningar, sem sýna það, að við spörum á því að velja Búrfell frá 360 millj. kr. til 400 millj., þ. e. a. s. að útreikningarnir séu réttir miðað við það, að forsendurnar séu réttar, og skulum við ganga út frá því. En þá er nauðsynlegt líka að athuga vel, hvort þær forsendur, sem sérfræðingarnir gefa sér, eru að öllu leyti óyggjandi. Og svar mitt við því a. m. k. er neitandi. Forsendurnar, sem útreikningarnir eru byggðir á, eru ekki traustvekjandi. Og er það þá fyrst til að nefna, að enginn veit nú með nokkurri vissu, hvað Búrfellsvirkjunin, búin þeim mannvirkjum, sem þar þarf að reisa, til þess að rekstur hennar sé tryggur, hvað þessi mannvirki kosta, og ástæðurnar fyrir því, að þetta liggur ekki fyrir nú í dag, eru m. a. þær, að einn liðurinn, sem getur orðið mjög stór í virkjunarkostnaðinum, er enn á rannsóknarstigi og meira að segja þannig á rannsóknarstigi, að rannsóknir eru komnar mjög skammt á veg, en þarna á ég við ísvandamál. Það er kunnugt, að lengi vel létu ríkisstj. og það fyrirtæki, sem hún hefur aðallega stuðzt við í öllum áætlunum varðandi þessar framkvæmdir, Harza, yfirleitt svo sem ísvandamál væri ekki til í Þjórsá. En ég sé það nú, þótt ég hafi ekki haft tíma til annars en fletta örlítið þeirri stóru bók upp á mörg hundruð blaðsíður, sem er skýrsla fyrirtækisins um virkjunina, að þeir eru komnir nú á aðra skoðun, og ég get ekki betur séð en það álit, sem þeir hafa þar á ísvandamálinu, sé mjög svipað því, sem Sigurður Thoroddsen hefur látið í ljós. En Harza nefnir einmitt í þessari skýrslu sinni, að e. t. v. sé ísvandamálið meira í Þjórsá en í nokkurri annarri á veraldar, og það er kunnugt, að Sigurður Thoroddsen hefur einnig haldið þessu fram í ræðu og riti. Sigurjón Rist vatnamælingamaður raforkumálastjórnarinnar, sem er allra manna kunnugastur því, hvernig vatnsföllin, sérstaklega í óbyggðunum, haga sér, hefur sagt, að rekstrartruflanir í Búrfellsvirkjun mundu geta átt sér stað 6—7 mánuði á ári, og í skýrslu Harza segir, að ísvandamálið sé vandamál, sem geti staðið meira en hálft árið. Það er ekki ýkjalangt síðan það kom fram t. d. í Morgunblaðinu, að það væri hrein kommúnistísk skemmdarstarfsemi að ræða um ísvandamálið í Þjórsá, og Morgunblaðið, aðalmálgagn ríkisstj., jós auri á Sigurð Thoroddsen fyrir að hafa rætt þetta vandamál og bent á það og taldi, að það væri allt af annarlegum hvötum sprottið. En eftir að þetta trúnaðarfyrirtæki hæstv. ríkisstj. hefur tekið orð Sigurðar Thoroddsens upp nú í sinni síðustu skýrslu varðandi þetta mál, virðist auðsætt, að þessar aðvaranir Sigurðar Thoroddsens um þetta hafi ekki verið með öllu ástæðulausar, enda er greinilegt á frv. sjálfu, að jafnvel ríkisstj. gerir sér nú ljóst, að þetta vandamál er fyrir hendi, því að í 6. gr. er ákveðin heimild jafnhliða virkjuninni til þess að reisa önnur mannvirki ofan við virkjunina sjálfa til þess að tryggja vatnsrennsli og rekstur virkjunarinnar, þótt ekki sé tiltekin til þess nein ákveðin upphæð. Tilvist vandamálsins er sem sagt viðurkennd, en hins vegar til kostnaðarins við að ráða bót á vandamálinu er ekki tekið tillit, annaðhvort lítið eða helzt alls ekki neitt.

Eins og ég sagði, er vandamálið viðurkennt í 6. gr. frv., en þar segir: „Landsvirkjun er heimilt“ að reisa Búrfellsvirkjun „og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.“ Hér er sem sagt vissulega viðurkenning á þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram á virkjunartilhögunum þeim, sem fyrirhugaðar eru og enn hefur ekki verið breytt varðandi

Búrfellsvirkjun. En rökrétt afleiðing af þessari viðurkenningu hefði auðvitað átt að vera sú að leggja niður fyrir sér, hverjar ráðstafanir þyrfti að gera, og gera grein fyrir kostnaði við þær og taka tillit til hans við skýrslugerðina og útreikningana. En þetta hefur ekki verið gert. Hér hafa verið starfandi norskir sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum í ísvandamálum, og þeir fóru ekki dult með það, a. m. k. í einkaviðræðum, að þeir teldu virkjunartilhöguninni, sem var fyrirhuguð og er enn fyrirhuguð, ábótavant og meira að segja svo ábótavant, að það kæmi ekki til mála að ætla sér að framkvæma hana án þess að gera ráðstafanir ofan við ána til þess að tryggja rekstur inn jafnframt. Og auðvitað fer það svo, að ef þetta vandamál er slíkt sem full ástæða er til að trúa, verður þetta vandamál leyst. Spurningin er bara, hvað það kostar, en það verður gert. En af hverju er þá ekki gerð gangskör að því að komast að því, hver kostnaðurinn við þessar ráðstafanir er, eða eru e. t. v. gerðar einhverjar áætlanir um það? Það bendir sumt til þess, að þessar áætlanir séu fyrir hendi, þó að þeim sé leynt enn, því að það segir m. a. í bréfi Harza, sem fylgir í grg., að notkun varastöðva, nógu stórra til að tryggja stöðuga orku frá kerfinu, sé miklu hagkvæmari en að koma upp vatnsmiðlun ofar í ánni í þessu skyni. Ef þetta heimsþekkta og viðurkennda fyrirtæki, sem hæstv. raforkumálaráðh. sagði, að þetta fyrirtæki væri, getur fullyrt, að notkun varastöðva til þess að tryggja stöðuga orku frá kerfinu sé miklu ódýrari en að koma upp vatnsmiðlun ofar í ánni, hlýtur fyrirtækið að hafa gert sér grein fyrir því, hvað þessi miðlunarmannvirki kosta. Viðmiðun hlýtur að hafa verið fyrir hendi, þannig að böndin berast að því, að einhverjar áætlanir hafi verið um þetta gerðar.

Í bréfi firmans Harza segir enn fremur:

„Módeltilraunir, sem stefna að því að finna endanlegt fyrirkomulag á inntaks- og stíflumannvirkjum í Þjórsá, eru nú framkvæmdar í Noregi. Niðurstöður af þessum tilraunum munu liggja fyrir eftir nokkra mánuði, og verður þá hægt að halda áfram verkfræðilegri lokakönnun þessara mannvirkja.“

Þarna er aftur á móti því slegið föstu, að tilraunir, sem sé verið að gera til þess að reyna að finna einhverja endanlega lausn, séu enn þá í gangi og það sé ekki hægt að halda áfram verkfræðilegri lokakönnun, eins og segir þar, nema árangur þessara módeltilrauna liggi fyrir. Það mætti nú kannske spyrja, hvort það sé ekki full ástæða til þess að gagnrýna það, að eftir að undirbúningur hefur staðið í 3—4 ár, sé ekki enn búið að kanna, svo að vitað sé, hvernig mannvirkin eigi að vera, og vita þar með, hvað þau kosta í raun og veru, að vita, hvort þau muni verða rekstrarhæf, ef kular í veðri, og að vita um rekstraröryggi virkjananna. Mér er kunnugt um það, að borgarráð Reykjavíkur kallaði norsku sérfræðingana á sinn fund og fékk umsögn þeirra um þetta mál, en svo brá aftur á móti við, að þegar ég spurði sérfræðinga ríkisstj. að því á fundi fjhn., hvort álits norsku sérfræðinganna hefði verið leitað og hverjar till. þeirra hefðu verið varðandi ísvandamálið, fengust engin svör við því. Einu svörin, sem ég fékk, voru þau, að þeir hefðu verið að tala um, að það þyrfti að þrengja farveg Þjórsár, þeir hefðu verið að tala um það, það voru ekki þeirra till., og þótt ég spyrði a. m. k. fimm sinnum um þetta sama atriði, fékk ég annaðhvort þetta eða engin önnur svör.

Í samanburðarskýrslum, sem fylgja frv., er nú tekinn með stofnkostnaður gastúrbínanna á Hvaleyrarholti. En olíukostnaður vegna ístruflananna er, eins og ég sagði áðan, ekki tekinn með, nema þá að óverulegu leyti, en það mun vera gert á sama hátt og í skýrslu tæknifræðinganna, og er þar sennilega stuðzt við skýrslu, sem fylgir frv. og heitir „Áhrif ískrapa á rekstur Búrfellsvirkjunar.“ En þessi skýrsla er byggð á hreinum ágizkunum um veðurfar við virkjunina, enda þótt það hafi farið fram mælingar núna í allan vetur eða eftir að þessi skýrsla var gerð, sem hefði mátt styðjast við, og er vitað um það, að krap- og ísmyndanir eru miklu meiri en gert er ráð fyrir í skýrslunni. Ég veit ekki, hvort þetta er gert af hroðvirkni eða hvort það er gert viljandi til þess að sýna fram á með villandi upplýsingum, að ístruflanirnar séu minni en þær eru í raun og veru.

Í grg. segir svo enn fremur um þetta atriði: Eftir að miðlun er fengin úr Þórisvatni, þá ætti reikningslega séð allur orkuskortur að vera úr sögunni. — Engu að síður er gert ráð fyrir nokkrum orkuskorti, eftir að miðlun er fengin. Mér er nú spurn: Hvað er reikningslegur orkuskortur? Og hvað stoðar það okkur í raun og veru, eftir að þessi virkjun væri fullgerð, þó að orkuskorturinn hefði áður verið reiknaður út, ef veðurfarið uppi í óbyggðunum gerist öðruvísi en sérfræðingar, sem ekki hafa einu sinni litið á skýrslu um veðráttu og áhrif þess á vatnasvið Þjórsár, hafa gert ráð fyrir? Hverju erum við bættari með það, þó að enginn reikningslegur orkuskortur verði fyrir hendi, ef girðing, trégirðing, sem á að gera meðfram Þjórsá, og einhverjar smátilfæringar til þess að færa rennsli saman í færri kvíslar, ef það dugir ekki gegn íslenzkri veðráttu? Hverju erum við þá bættari, þó að reiknað hafi verið út af mönnum, sem ekki hafa einu sinni viljað nota forsendur, sem fyrir hendi eru, að enginn reikningslegur orkuskortur sé fyrir hendi? En það verður þó að segjast, að miðað við annað er það virðingarvert, að hér er aðeins talað um reikningslegan orkuskort. Raunverulegur orkuskortur kann að vera fyrir hendi fyrir því. Og það má svo sjá af því, hve tæpt stendur í sambandi við ístruflanir, ef þeirri mannvirkjagerð er haldið fram, sem nú er fyrirhuguð, að uppistaðan er engin eða svo til engin, og lónið, það litla lón, sem þarna er ofan við, mun tæmast á einni til tveimur klukkustundum, ef þurrð verður á vatni í ánni.

Það er full ástæða til þess að ætla, að inn í þá útreikninga, sem hér liggja fyrir okkur, séu ekki tekin atriði, sem mjög verulegu máli skipta í sambandi við bæði samanburð á öðrum virkjunum og þá sérstaklega um kostnað af þeirri virkjun, sem hér er um að ræða. Auðvitað er það svo, að þau mannvirki, sem gera þarf í sambandi við ísvandamálið, eru hluti af Búrfellsvirkjuninni og það ber að reikna með þeim í stofnkostnaði í verðútreikningum og öllum öðrum samanburðum, sem gera þarf í þessu sambandi. Meðan þetta liggur ekki fyrir, að þessi kostnaður hafi verið tekinn inn, þá er sá samanburður, sem frv. byggir á, rangur og ekkert á honum byggjandi.

Í sambandi við störf norsku sérfræðinganna, sem ekki mátti segja okkur neitt um í fjhn., sem að gagni mátti koma, þá vil ég aðeins bæta því við, að fréttir hafa borizt af því, að módeltilraunirnar í Noregi séu alls ekki í samræmi við það, sem útreikningarnir ætlast til, og kemur þar með í ljós, að útreikningar, sem ekki eru byggðir á staðreyndum, koma að litlu haldi. Ísinn í módelinu, virkjunarmódelinu og aðstæðumódelinu, hefur ekki viljað hlíta þeim útreikningum, sem áður hafa verið gerðir. Og það hafa komið í ljós í sambandi við módeltilraunirnar nú þegar vandamál, sem enginn gerði sér grein fyrir áður, m. a. vandamál, sem hafa leitt af sér algera stöðvun á vatnsrennslinu í módelinu, sem er nákvæm eftirlíking af öllum staðháttum, og mundi því undir ákveðnum forsendum alveg eins eiga sér stað þar. En þessum upplýsingum erum við leyndir. Þegar þess er nú gætt, svo að við hverfum enn að samanburðinum við smávirkjunarleiðina, að aðgerðirnar til þess að leysa ísvandamálið mega ekki kosta meira en 165 millj. kr., til þess að það fari að hallast á hinn veginn, að allir útreikningar, eins og þeir eru upp gefnir hér, sýni það, að smávirkjunarleiðin fyrst, Búrfell síðan, sé betri leið, þá fer nú að sjást að mínu viti, hvað allur samanburður er hæpinn, ekki sízt þegar þess er gætt, — það mun vera lausleg ágizkun, — að uppistaða við Sultartanga, sem margir telja, að sé eina lausnin á ísvandamálinu við Búrfell, kostar 700 millj.

Á þessari stundu get ég ekki annað en spurt, hvers vegna slíkt ofurkapp er lagt á það að leyna erfiðleikunum og gera alla útreikningana hagstæðari Búrfellsvirkjun og þá sérstaklega með alúmíníumbræðslu heldur en nokkur rök eru fyrir, og yfirleitt að bera ekki annað á borð fyrir okkur en útreikninga, sem ekki fá staðizt eða a. m. k. sem enginn veit, hvort fá staðizt. Og ég verð að viðurkenna, að ég á ekki nema eitt svar við þessari spurningu, og það er það, að alúmíníumbræðsluna á að reisa, við hinn erlenda auðhring á að semja, hvort sem það er hagstætt fyrir okkar virkjunarmál eða ekki, hvort sem því fylgir hagstæðasta lausnin á virkjunarmálum okkar eða ekki. Áður hefur því þó verið haldið fram, að ein höfuðástæðan til þess, að við þyrftum að ráðast í það að semja við erlenda auðhringi um alúmíníumbræðslu, væri sú, að það væri nálega eina leiðin til þess að virkja hagstætt fyrir okkur sjálfa.

Mér sýnist, að allt það, sem ég hef nú sagt og ég veit sannast um þetta mál, sýni, að það er a. m. k. mjög hæpið, að ekki sé meira sagt, það er ekki djúpt tekið í árinni, að þarna sé um nokkurn slíkan hagnað að ræða.

Þetta, að alúmíníumverksmiðjuna á að reisa, við alúmíníumhringinn á að semja, með hvaða kostum sem verða fyrir hendi, það verður í raun og veru enn ljósara, þegar 6. gr. þessa frv. er skoðuð. Þar er gert ráð fyrir að heimila nú þegar virkjun allt að því, sem kallað er fullvirkjun Búrfells, 210 megavött, þó að vitað sé, að nú um sinn höfum við ekkert að gera með slíka virkjun og Landsvirkjunin gefur þess vegna ekki neina heimild til þess, nema því aðeins að ákveðið sé að nota raforkuna til þarfa annarra en Íslendinga, og þó lýsir hæstv. raforkumrh. því yfir við 1. umr. málsins, að val Búrfells sé algerlega óháð alúmíníumbræðslunni og samningum við alúmíníumhringinn. Að vísu hafa bæði blöð flokks hans og ræður t. d. frá landsfundinum, sem flestar hafa verið prentaðar orðrétt í Morgunblaðinu, bent til þess, að Sjálfstfl. a. m. k. hafi ákveðið, að hér skuli koma alúmíníumver, hvaða samningar sem eru í boði. Þar hefur enginn fyrirvari verið á hafður. Það hefur verið sagt, það er ákveðið, að alúmíníumbræðsla verði reist hér. Og ég hlýt að spyrja í þessu sambandi: Hvers vegna er verið að heimila það nú á þessu stigi málsins að virkja 210 megavatta virkjun, ef aðeins á að virkja fyrir íslenzka aðila, sem vitað er, að að svo komnu máli þurfa ekki meira en 70 megavött, eða 1. stig þessarar virkjunar? Við skulum ekki blanda alúmíníumbræðslunni allt of mikið inn í þetta mál, þó að það sé óhjákvæmilegt að minnast á hana í þessu sambandi. Við skulum segja, að það eigi að standa opið að semja við alúmíníumhringinn, við skulum segja það. En hvers vegna þarf þá endilega að ganga út frá því sem gefnu í sambandi við þetta frv., að þessir samningar verði gerðir? Er ekki nægilegt, úr því að þarf að leggja samninginn við alúmíníumhringinn fyrir Alþ., að æskja þá þeirrar heimildar, sem svo nauðsynleg er í sambandi við virkjunina? Er það kannske svo óskapleg fyrirhöfn að koma þá um leið með aukna heimild til handa Landsvirkjun til þess að virkja upp í 210 megavött, þegar það liggur fyrir, hvaða samninga er hægt að gera við hinn erlenda auðhring? Hvernig stendur á, að svona mikið liggur á? Við skulum meira að segja slá því föstu, að það sé út af fyrir sig af öðrum ástæðum en þessum gott og hagkvæmt fyrir okkur, að hér verði reist alúmíníumver og samið við Swiss Aluminium um þá framkvæmd, en þá kemur spurningin: bætir það samningsaðstöðuna við hinn erlenda auðhring, ef því er strax slegið föstu, að þetta eigi að koma við hvaða kjör sem fáanleg eru? Ég held, að hér sé beinlínis efnt til þess, að það sé verið að spilla allri samningsaðstöðu við alúmíníumhringinn með þessu ákvæði, sem við höfum ekkert með að gera, ef það er rétt, ef

það er ekki falsið eitt hjá hæstv. ráðh., að val Búrfells sé óháð ákvörðuninni um alúmíníumbræðslu. Ég held, að samningsaðstaða okkar við þann erlenda auðhring, sem hér á hlut að, — til þess að hún yrði sæmileg, þá þyrftum við einmitt núna að geta sannað hringnum, að við gætum virkjað sjálfir á hagstæðan hátt fyrir okkur, alveg án tillits til þess, hvort samningarnir verði gerðir eða ekki, þannig að það verði ekki notað sem klemma á okkur í samningunum, að við getum ekki framkvæmt slíkt. Við þyrftum nú þegar að geta sannað það, að við gætum fengið lán til þess að virkja 70 megavött í Þjórsá. Við hefðum þurft að hafa um það svör frá Alþjóðabankanum, að við gætum fengið slík lán, án þess að samið væri við alúmíníumhringinn, til þess að við gætum mætt honum í samningum alveg sjálfstæðir og óháðir og værum á engan hátt tilneyddir til þeirra samninga, sem ríkisstjórnin vill að séu gerðir. En þannig hefur ekki verið staðið að þessu máli, og þannig er ekki meiningin að standa að því. Það hefur ekkert komið fram í greinargerðum um þetta mál, sem bendir til þess, að það hafi verið svo mikið sem ýjað í þá átt við Alþjóðabankann að lána til virkjunar á Íslandi, nema alúmíníumbræðslu yrði komið á um leið. Og hvernig stendur á þessum vinnubrögðum, ef það er ekki meining hæstv. ríkisstj. að taka hvaða kostum sem í boði eru af hálfu alúmíníumhringsins?

Og ég verð svo að segja það í sambandi við þetta mál og með tilliti til þeirrar skýrslu, sem hæstv. iðnmrh. og ríkisstj. hefur lagt hér fram á Alþ. um gang samningaviðræðna við Swiss Aluminium, að það væri vissulega ekki vanþörf á því að bæta samningsaðstöðuna þar. Mér sýnist, að það sé gert ráð fyrir því núna á þessu stigi málsins, að það eigi að selja orkuna undir kostnaðarverði, og ég ætla ekki að fara langt út í það, og eins og ég sagði, ég ætla ekki að ræða um alúmíníumverksmiðjuna meir en þörf er á í sambandi við þetta mál. En ég get þó ekki stillt mig um að sýna fram á það, að samkv. áætlunum, sem fylgja frv., er ráð fyrir því gert, að 2109 megavatta virkjun kosti nú, miðað við verðlag 1965, því að í bréfi Harza segir, að kostnaðaráætlanirnar ættu að duga út árið 1965, þá kostar 21 megavatta orkuver 1690 millj. Ég held, að það væri afskaplega varlegt og raunar langt frá því að vera fullnægjandi að gera ráð fyrir því, að á virkjunartímabilinu hækki framkvæmdakostnaðurinn að meðaltali um 20%, þá er virkjunarkostnaðurinn kominn upp í 2023 millj. kr. Samkv. þeim útreikningum og venjulegum útreikningsreglum með réttum 10% fjárfestingarkostnaðar yrðu 202.3 millj. kr. þá árlegur kostnaður Búrfellsvirkjunar. Ef við gerum ráð fyrir því, að alúmíníumhringurinn noti 60% af því, ætti hann að greiða, ef honum væri seld orka nákvæmlega á kostnaðarverði, 121.3 millj. kr., en annars staðar í grg. segir, að hann eigi að greiða sem fast gjald, a. m. k. á því viðmiðunartímabili, sem hér um ræðir, um 104 millj. Hreint tap af orkusölunni við hringinn, miðað við rekstur Búrfellsvirkjunarinnar, og það er það eina, sem kemur til greina í þessu sambandi, yrði þá 17 millj. kr. á ári. Á 25 árum yrðu það 425 millj. kr. Og þar að auki er um það að ræða, að þarna yrðu gefin vatnsréttindi, — vatnsréttindi, sem íslenzka ríkið hefur meira að segja þurft á sínum tíma að borga stórfé fyrir og áreiðanlega væru nú fólgin í geipileg verðmæti. Ég held, að þarna séu landsréttindi einnig, og þarna er ekki heldur gert ráð fyrir þeim árlega kostnaði, sem stafar af því, sem ég gat um áðan, að við þurfum sjálfir að kynda varaaflstöðvar með rándýrum efnum til þess að mata alúmíníumhringinn á raforku við þessu líka bærilega verði í hvert skipti sem truflanir verða á rekstri Búrfellsvirkjunar vegna ístruflana og annars slíks. Og svo er þess að gæta, sem ég reyndar kom inn á áðan, að þarna er verið að selja ódýrasta aflið. Síðar verðum við að virkja á þeim tíma, sem alúmíníumverksmiðjan starfar, miklu dýrara afl, og það furðulega er í sambandi við þetta mál, sem ég get ekki alveg látið hjá líða að benda á, að hugsanlegar breytingar á rafmagnsverðinu eiga ekki að vera í samræmi við það, hvað við þurfum að virkja dýrt, eftir að Búrfell hefur gengið til þurrðar. Þá er ekki hækkað rafmagnið frá Landsvirkjuninni til alúmíníumhringsins á grundvelli þess aukna rekstrarkostnaðar, sem óhjákvæmilega verður þá hjá Landsvirkjuninni. Nei, á bls. 5 í grg. hæstv. ríkisstj. segir, að rafmagnsverðið muni haldast óbreytt fyrstu 15 árin, en breytist þá í samræmi við áorðnar breytingar á rekstrarkostnaði Búrfellsvirkjunar. Ef þetta er ekki prentvilla í frv., ef þarna á raunverulega að standa Búrfell, — það stendur að vísu tvisvar sinnum, svo að það eru litlar líkur á, að það sé prentvilla, — þá fæ ég ekki betur séð en þarna sé verið að finna viðmiðun, sem mundi lækka verðið til hringsins, a. m. k. eftir að afskriftatímanum á Búrfellsvirkjun er lokið, því að þá hlýtur rekstrarkostnaður hennar stórkostlega að lækka, og ég vil nú nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðh.: Er þetta prentvilla, sem stendur hér á bls. 5 um þetta, eða á þetta svona að vera?

Það kom svo fram í sambandi við samninganna til frekari rökstuðnings því, að ekki veiti af því að bæta samningsaðstöðuna í sambandi við þetta frv., það komu að mínu viti mjög athyglisverðar upplýsingar fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv. hér í umr. í gær í Sþ., sem m. a. sýndu þann samanburð, að meðan þessi sami auðhringur á í Noregi að borga alla tolla af efnivöru, hráefni, þá á allt hér að vera tollfrjálst. Meðan hringurinn á í Noregi að byggja vegi og hafnir, sem hann þarf til sinna nota, eiga Íslendingar að kosta það hér sjálfir. Meðan alúmíníumhringurinn er skyldugur í Noregi til þess að kaupa allar efnivörur og þjónustu, þó að hún sé 10—25% hærri þar en þeir geta annars staðar fengið, þá eru þeir skyldugir til þess að gera það. Hér verða Íslendingar í sömu tilfellum að sæta algerlega heimsmarkaðsverði og færa sönnur á það, að enginn bjóði lægra. Í Noregi þarf alúmíníumhringurinn að byggja

íbúðir fyrir allt starfsliðið, en hér á ekki um neitt slíkt að vera að ræða og sérstaklega tekið fram, að ekkert slíkt komi til greina. Í Noregi þarf hringurinn að byggja sérstakt sjúkrahús fyrir þessa einu verksmiðju fyrir starfsfólk sitt og greiða sjúkrasamlögunum norsku stórfé, m. a. af því að vinnan er talin óhollari en flest önnur vinna. Hér er um ekkert slíkt að ræða. Og síðast, en ekki síst, Norðmenn fá í hreinar gjaldeyristekjur af þessu fyrirtæki milli 500 og 600 millj. ísl. kr. á ári, en hér á Íslandi er hæsta talan, sem nefnd er af hæstv. ríkisstj. og hefur verið sýnt fram á, að er fölsuð, 350 millj. kr., en er sennilega ekki meira en 150—200 millj. og kannske ekki það. Þetta sýnir það auðvitað ásamt öðru, að þó að menn væru í hjarta sínu á því, að hér ætti að semja við alúmíníumhringinn, hér ætti að koma upp alúmíníumbræðsla, þá vantar samningsaðstöðuna til þess að geta gert þá samninga, eins og áreiðanlega eru möguleikar á að gera, ef vel væri á málunum haldið. Ég vil svo bæta því aðeins við í sambandi við þetta atriði, að ég tel, að hérna þurfi líka að hindra það, við þekkjum orðið það vel vinnubrögð íslenzkra stjórnarvalda fyrr og síðar í sambandi við samninga við erlenda aðila, að það verður enginn sakaður fyrir það, þó að hann hafi alltaf vissar grunsemdir í sambandi við það, og ég held, að það sé nauðsynlegt nú að hindra það, að það geti átt sér stað, að ríkisstj. ráðist t. d. í slíkar framkvæmdir í raforkumálum okkar algerlega á grundvelli þess, að samningur verði gerður við alúmíníumhringinn, og ég held, að það þurfi að hindra það, að slík aðstaða geti komið upp, að Alþ. verði stillt upp fyrir gerðum hlutum, sem síðar verkuðu sem nauðung gagnvart því, þegar ákvörðun um alúmíníumsamninginn yrði tekin.

Ég tel mig hafa rökstutt tvennt með því, sem ég hef nú sagt, þ. e. a. s. í fyrsta lagi, að það sé engin ástæða til og engin skynsamleg rök fyrir því út frá íslenzkum hagsmunum séð, að Búrfellsvirkjun verði að svo stöddu heimiluð stærri en 700 megavatta virkjun. Og í öðru lagi hef ég sýnt fram á, að þeim samanburði, sem gerður er á smávirkjanaleiðinni og Búrfellsleiðinni, sé ekki á nokkurn hátt treystandi og þess vegna beri að breyta 6. gr. frv. á þá lund, eins og ég legg til, að auk þess sem heimildin nái til 70 megavatta stöðvar við Búrfell, nái hún einnig til smávirkjunarleiðarinnar, þannig að Alþ. verði ekki neytt til þess nú, meðan málið er á rannsóknarstigi, að taka ákvörðun um það, hvor leiðin verður heldur valin, heldur verði sú ákvörðun tekin, þegar rannsóknir eru fullgerðar og ekki um neitt annað að villast lengur í þessu sambandi. Það yrði svo að sjálfsögðu opið, þó að mín till. yrði samþ., hvor leiðin yrði farin, og það yrði einnig opið, hvort farið yrði í eina, tvær eða þrjár smávirkjanir, áður en ráðizt yrði í Búrfellsvirkjun. Og þar sem mín till. er aðeins um að leggja þetta vald í hendur hæstv. ríkisstj. að athuguðu máli, hlýtur það að vera af einhverjum annarlegum hvötum, ef hún beitir sér mjög gegn því, að till. mín um þetta efni verði samþ.

Þá kem ég að því atriði þessa frv., sem varðar nýja stefnu í raforkumálum. Með frv. er gert ráð fyrir því, að Landsvirkjunin yfirtaki meginhluta af yfirráðum í raforkumálum þjóðarinnar. Það er horfið frá því sjónarmiði, sem réð við setningu raforkulaganna um, að virkjanirnar, okkar stóru virkjanir og smærri virkjanir einnig, yrðu smátt og smátt þjóðnýttar og það yrði yfirleitt ekki ráðizt í virkjunarframkvæmdir nema af ríkinu sjálfu og ekki heldur í aðalorkuveitu, og þar var gert ráð fyrir því, það var stefnan í sambandi við raforkulögin, þegar þau voru sett, að það var þjóðnýtingarstefna á orkuverunum og aðalorkuveitunum og öll yfirstjórnin átti að vera í höndum löggjafarvaldsins, ríkisvaldsins og þeirra, sem það skipaði til. En með þessu frv., sem hér er á ferðinni, og ákvæðum þess er horfið að því ráði að gera Reykjavíkurborg í fjölmörgu, sem mestu máli skiptir og reyndar öllu í sambandi við orkumálin á því svæði, sem þarf á að halda meginhlutanum af allri raforku, sem þjóðin getur framleitt, jafnvaldamikla og ríkið. Henni er m. a. fengið í hendur neitunarvald um allar frekari framkvæmdir í raforkumálunum, sbr. 12. gr. frv., og borgarstjórn Reykjavíkur þarf yfirleitt að samþ. allt, sem máli skiptir að gert sé í rakorkumálunum í framtíðinni, meðan þessi skipan helzt. Í samræmi við þetta er svo sett inn ákvæði í 3. gr. frv. um það, að það séu aðeins peningaleg rekstrarsjónarmið fyrirtækisins, sem eigi að ráða því, í hvaða framkvæmdir er ráðizt fyrir dreifðari hluta á orkuveitusvæðinu, en hvorki er þar gengið út frá þörfum einstakra sveitarfélaga né út frá því, hvað þjóðhagslega er hagkvæmast. Það er aðeins fjármálasjónarmið bisnessfyrirtækis, sem á að ráða. Allt þetta er geysileg stefnubreyting frá því, sem hefur verið ráðandi í raforkumálum þjóðarinnar á undanförnum árum og áratugum.

Í sambandi við þetta aukna vald Reykjavíkur í raforkumálum þjóðarinnar verð ég að segja, að það vald, eins og gert er ráð fyrir að það verði samkv. frv., er undir öllum kringumstæðum óeðlilegt, en þó alveg sérstaklega óeðlilegt og fráleitt, ef það á að vera verksvið Landsvirkjunar, sem maður verður að trúa eftir öllum yfirlýsingum hæstv. ríkisstj., ef það á að vera verksvið Landsvirkjunar að verulegu leyti að selja raforku til erlendra aðila. Ég held, að jafnvel þeir, sem út af fyrir sig teldu það ekkert fráleitt, að við gerðum orkusölusamninga við erlend fyrirtæki, hljóti margir hverjir að vera þeirrar skoðunar, að þar ætti ríkið sjálft eitt að koma til greina. En það er ekki annað sýnt en borgarstjórn Reykjavíkur eigi að vera jafnvaldamikill aðili um allt, sem að þessu lýtur, eins og ríkið, þ. á m. að vera algerlega jafnvaldamikill aðili í sambandi við alla orkusölusamninga. Ég heyrði hæstv. iðnmrh. lýsa því yfir seint í umr. í gær-

kvöld í hv. Sþ., að auðvitað yrði það stjórn Landsvirkjunarinnar, sem gerði orkusölusamninginn. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að þrátt fyrir það, þótt það verði stjórn Landsvirkjunar, sem gerir orkusölusamninginn í fyrstunni, sé hann lagður fyrir Alþ. til staðfestingar og Alþ. fái tækifæri til þess að fjalla þannig um málið. En ég get þó ekki betur séð en það verði í síðasta skipti, sem það gerist, því að önnur ákvæði frv. fela það í sér beinlínis, að allir orkusölusamningar eigi að gerast af stjórn Landsvirkjunar, og hvergi settur sá varnagli, að um það gildi sérstök ákvæði, þótt um erlenda aðila sé að ræða. Ef þessi er ekki meiningin, sem ég held þó að hljóti að vera og er raunar viss um eftir þessa yfirlýsingu hæstv. iðnmrh. í gærkvöld, þyrfti auðvitað að taka af allan vafa um þetta efni og setja inn gr. í frv., eins og ég geri ráð fyrir, um það, að ef gerðir eru samningar við erlenda aðila, þurfi samþykki Alþ. að koma til. Við ræddum þetta á fundi fjhn. í gærkvöld. Þessi breyting mun hafa verið rædd við hæstv. ráðh. og hann harðlega neitað henni. Það getur auðvitað ekki þýtt nema eitt, það, að um orkusölusamninga í framtíðinni við erlenda aðila á borgarstjórn Reykjavíkur að vera jafnrétthá Alþ. Það er svo auðséð, bæði af ákvæðunum um eignaraðildina og ekki síður um það, hvernig velja á stjórn fyrirtækisins, að það er meiningin ekki aðeins að koma miklum völdum í hendur borgarstjórnar Reykjavíkur, heldur um leið og jafnvel miklu frekar að koma öllum tökum í þessum málum í hendur Sjálfstfl., a. m. k. um verulega framtíð. Þannig var staðið að öllum ákvæðum um stjórnarkjör og annað, sem eiga að tryggja það, að Sjálfstfl. hafi hreinan meiri hl. í stjórn og geti algerlega ráðið þessu fyrirtæki um langan aldur, og það er kannske miklu veigameira atriði frá þeirra hálfu, sem að þessu frv. standa, heldur en það, hvort Reykjavík er gefin þarna stór aðild eða ekki. Þetta stangast óneitanlega nokkuð á við það, sem hæstv. raforkumálaráðh. sagði hér við 1. umr. málsins, að Landsvirkjunin ætti að vera fyrirtæki allrar þjóðarinnar, þar ættu þess vegna að sitja fulltrúar allra flokka og ef ríkisstj. tilnefndi í stjórnina, væri það alveg öruggt, að hún mundi tilnefna þá úr þremur flokkum, þá þrjá fulltrúa, sem í henni ættu að vera af hálfu ríkisstj. Þetta voru orð og ummæli hæstv. ráðh. En ég er anzi hræddur um, að önnur muni verða raunin á, enda er beinlínis þannig að þessu staðið, að það geta í raun og veru, það er varla fræðilegur möguleiki á því, að aðrir eigi þarna aðild en tveir stærstu flokkarnir, og eins og nú standa sakir Framsfl. þó aðeins í gegnum kjör á Alþ., þ. e. a. s. Sjálfstfl. getur auðveldlega eignazt þarna mikinn meiri hluta og miklar líkur á því, að með þessu fyrirkomulagi geti hann haldið þeim meiri hl. a. m. k. um alllangt skeið, ef hrun hans verður ekki því meira. Ég er alveg sammála því, sem kom hér fram í ræðu hæstv. ráðh., að svona fyrirtæki, sem er stórt, þjóðin á mikið undir því og þar sem landsmenn allir eiga mikið undir því, þá eiga ákvæðin m. a. um stjórn að vera þannig, að þau tryggi aðild helzt allra þeirra flokka, sem eitthvert verulegt fylgi eiga með þjóðinni. En það er ekki meiningin. Þarna er meiningin að hafa möguleika á því að útiloka alla nema stærstu flokkana og jafnvel flesta nema fulltrúa Sjálfstfl. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, að á þessu sé gerð breyting og látið reyna á það, hver hugur fylgdi máli, þegar hæstv. raforkumálaráðh. viðhafði sín ummæli um þetta hér við 1. umr. málsins.

Það er auðséð, og er ég þá kominn að síðasta þætti þessa máls, sem ég ætla nú að ræða, að ein stærsta breytingin, sem nú á að gera í sambandi við þetta frv., er að taka á upp nýja stefnu í verðlagsmálum raforkunnar. Í 11. gr. segir, að stjórn Landsvirkjunar, þ. e. a. s. Sjálfstfl., ákveður að fengnum till. Efnahagsstofnunarinnar heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverð vera við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku. Þetta kann kannske í fljótu bragði að virðast ekki fela í sér neina sérstaka ákvörðun um það, með hvaða hætti raforkan verður verðlögð hér á næstu tímum. En engum getur þó dulizt það, að hér er um mikla breytingu að ræða frá þeim meginreglum, sem gilt hafa um þetta efni fram að þessu. Eins og kunnugt er, eru þau ákvæði í virkjunarl. og ég held raforkul., að verðlagningu á raforku á að miða við það að greiða árlega tilfallandi kostnað og greiða 5% í varasjóð, þ. e. a. s. á að vera kostnaðarverð að viðbættum 5%. Og ef þeirri reglu væri fylgt varðandi Landsvirkjunina, mundi það þýða, að við ættum að sjálfsögðu virkjunina skuldlausa eftir 25 ár og einnig álitlegan varasjóð. En í staðinn fyrir þessi ákvæði, sem fylgt hefur verið fram að þessu og fyrst og fremst hafa miðazt við þetta, þ. e. a. s. greiða niður áfallandi kostnað virkjananna og eignast þær skuldlausar á 10—20 árum, er nú meiningin að hverfa að því ráði að koma á stórfelldri auðsöfnun á kostnað almennings í landinu og raforkunotenda. Þetta verður að vísu kannske ekki fullkomlega ljóst af orðalagi greinarinnar, en það verður fullljóst af öðrum upplýsingum um það, hvað ráðgert er í þessum efnum.

Á fundi fjhn. spurðum við um það, hvaða áætlanir lægju fyrir um reksturinn, því að í slíkum rekstraráætlunum, sem eru til og raunar hljóta að vera til og hljóta að vera eitt af því fyrsta, sem gert er í sambandi við undirbúning að stofnun svona fyrirtækis, er auðvitað gengið út frá einhverjum ákveðnum hlutum í þessum efnum. Og það kann vel að vera, að ástæðan til þess, að okkur er neitað um það að fá rekstraráætlun, sé sú, að það eigi að

leyna þeim fyrirætlunum, sem uppi eru um raforkuverðið, fyrirætlunum um það að stórhækka raforkuverðið frá því, sem nú er, og selja raforkuna á margföldu kostnaðarverði við það, sem verður. Einu upplýsingarnar, sem við fengum um þetta, voru þær, að rafmagnsveitustjóri ríkisins sagði, að hann teldi það vera eðlilegt, að þegar í næstu virkjun yrði ráðizt, þ. e. a. s. að 10 árum liðnum, ættum við 30% af kostnaði við næstu virkjun. Þegar þess er nú gætt, að þarna er um tvöföldun raforkukerfisins að ræða og við eigum á 10 árum að geta staðið undir þessum kostnaði, sjá allir, að hér er um stórkostlega fjármuni að ræða. Ég hef því miður ekki reiknað nákvæmlega út, hvað þetta þýðir, en mér sýnist, að þetta muni þýða gífurlega og áður algerlega óþekkta auðsöfnun í landi okkar. Þó að við höfum ekki fengið þessar áætlanir, sem ættu að geta varpað nokkru ljósi á það, hver stefnan á að vera í þessum efnum, hef ég fengið upplýsingar um það frá fyrstu hendi, að samkv. þeim áætlunum, sem lagðar hafa verið fyrir borgarráð Reykjavíkur, er gert ráð fyrir því, að raforkuverðið verði 27 aurar við stöðvarvegg, þ. e. a. s. um 40% hækkun frá því, sem verðið er núna frá stöðvarvegg við Sogið, en verðið núna frá Sogsvirkjuninni er miðað við 20 aura frá stöðvarvegg. Þessi áætlun um verðið til íslenzkra neytenda mun vera miðuð við þær áætlanir, sem nú eru að vísu orðnar úreltar, sem telja kostnaðarverðið frá stöðvarvegg við Búrfellsvirkjun 8.6 aura, og sést þá, að hér er um rúmlega þreföldun að ræða á því raunverulega kostnaðarverði, og væri þá rökrétt að hugsa sér, að ef þessi kostnaður yrði nú eftir allt saman, þegar búið væri að leysa ísvandamálið og annað í Þjórsá, 13—14 aurar, hækkaði verðið til innlendra notenda að sama skapi. Þetta væri algerlega óraunhæft að hugsa sér, og sýnist mér koma til mála, að verðið væri orðið fjórfalt til fimmfalt við fyrra kostnaðarverð. Það getur auðvitað verið fullkomið álitamál, hvort stefnan í þessum málum hefur verið algerlega rétt hjá okkur og hvort nægilega hefur verið lagt fyrir í sambandi við virkjunarframkvæmdir. En ég vil þó benda á það, að með þeirri stefnu, sem ríkt hefur í þessum málum, hafa öll orkuver okkar í landinu reynzt traust og góð fyrirtæki, sem fullkomlega hafa staðið fyrir sínu, getað staðið við allar skuldbindingar sínar og getað fram að þessu endurnýjað sig með eðlilegum hætti. Og ég tel enga sérstaka ástæðu til þess að taka upp þá stefnu, að sú kynslóð, sem nú er í landinu og komin á miðjan aldur, skulum við segja, og hefur byggt upp allt landið úr niðurníðslu og skilað því að öllu leyti betra til næstu kynslóðar en það var, svo að hrein bylting hefur orðið, að hún þurfi að taka þær kvaðir ofan á aðrar að borga raforkuverðið einnig fyrir næstu kynslóðir, ekki aðeins fyrir sjálfa sig. Ég er það bjartsýnn um hag þjóðarinnar á komandi árum, að ég held, að næstu kynslóðir verði alveg færar um að borga sitt rafmagn sjálfar og það sé engin ástæða til þess í sambandi við slíka virkjun sem þessa að taka upp þá stefnu í verðlagningarmálinu, sem mundi þýða það, að á næstu 20 árum mundi verða tekið í hreinan gróða af því fyrirtæki af landsmönnum, af almenningi, af lífskjörum hans og af atvinnurekstrinum í landinu um 2 milljarðar kr., a. m. k., kannske miklu meira. En áætlunin, sem lögð var fyrir borgarsjóð Reykjavíkur, var um það, að hreinn gróði átti að skila sér á 20 árum um 1700 millj. kr.

Vegna tímaskorts við athugun á þessu frv. hefur ekki verið aðstaða til þess að gera till. um þær gerbreytingar, sem nauðsynlegar hefðu verið á þessu frv., og hef ég þess vegna valið þann kost í málinu að miða aðeins till. mínar við allra nauðsynlegustu breytingar á veigamestu atriðunum. Till. mínar stefna sem sagt að því í fyrsta lagi, að ótímabær ákvörðun verði ekki tekin nú um virkjunarstaðinn og ekki heldur um virkjunarstærðina, heldur verði valið lagt í hendur fyrirtækisins og ríkisstj., þegar nauðsynlegar forsendur eru fyrir hendi. Í öðru lagi geri ég till., sem miða að því, að hindrað verði flokkseinræði Sjálfstfl. yfir fyrirtækinu og yfir orkumálunum í næstu framtíð, og í þriðja lagi till., sem miða að því, að komið verði í veg fyrir stórfellda og ástæðulausa hækkun á raforkuverði með gerbreyttri stefnu í verðlagningarmálum. Ágreiningurinn um þessi þrjú atriði veldur því fyrst og fremst, að ég get ekki staðið að samþykkt frv., eins og það nú er, en legg hins vegar til eftir atvikum, að það verði samþykkt að þeim brtt. samþykktum, sem ég flyt. Þetta þýðir þó alls ekki, að ég telji till. mínar vera neina allsherjarbót á frv. og að ég að þeim samþykktum sé alveg ásáttur um fyrirkomulag raforkumálanna, eins og það er ákveðið í þessu frv. Mín skoðun er sú, að alger þjóðnýting, a. m. k. á öllum aðalorkuverum og aðalveitum, sé bráðnauðsynleg í náinni framtíð og jafnvel alls dreifikerfisins líka, enda hefur sú þróun mála orðið víðast um heim á síðari tímum og m. a. í flestum eða öllum löndum Vestur-Evrópu. Með samþykkt þessa frv. er ekki aðeins horfið í bili frá þessari stefnu með því að stórauka hlutdeild annarra aðila en ríkisins í eignarhaldi og í stjórn orkumálanna, því að þessi breyting mun sérstaklega vegna hinna miklu framkvæmda, sem nú eru fram undan, torvelda síðar nauðsynlega yfirtöku ríkisins á eignum og mannvirkjum, þegar heilbrigðari stefna verður tekin upp en nú er ráðandi og sérhagsmunir einstakra flokka verða ekki látnir sitja í fyrirrúmi fyrir þjóðarhagsmunum.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Við 1. umr. ræddi ég þetta mál allýtarlega og get því að mestu látið mér nægja að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. Það er líka þannig, að í meðferð hv. fjhn. á þessu máli hafa ekki komið fram það miklar viðbótarupplýsingar, að tilefni gefist til þess að ræða málið í neinu nýju ljósi, og það er bezt að segja það eins

og er, að meðferð fjhn. á stórmáli eins og þessu hefur verið þannig, að það er til lítils sóma. Um það er þó ekki fyrst og fremst að sakast við n., heldur er það ríkisstj. og hæstv. raforkumálaráðh., sem ber ábyrgð á þeim vinnubrögðum, sem um hönd eru höfð, þar sem mál eins og þetta er lagt fyrir þingið, þegar vika lifir þingtímans, og þó að það sé þá búið að vera á ferðalagi milli ýmissa annarra stofnana og aðila, en eins og kunnugt er, hefur frv. t. d. legið fyrir bæjarráði Reykjavíkur alllengi, áður en hv. alþm. fá að sjá það. Að ætla báðum deildum þings eina viku rúma til þess að afgreiða mál af þessu tagi, er alveg fráleit meðferð á svona stórmáli. En þessi seinagangur á flutningi málsins er raunar í fullu samræmi við frammistöðu hæstv. ríkisstj. í raforkumálum á undanförnum árum.

Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins, að ég er samþykkur þeirri stefnu í virkjunarmálum Suðvesturlandssvæðisins, sem lýsir sér í þessu frv. með till. um það, að virkja skuli Þjórsá við Búrfell, og það erum við í 2. minni hl. fjhn. Ég ræddi þessa hlið málsins sérstaklega ýtarlega við 1. umr. og sé ekki ástæðu til þess að fara mjög út í það nú.

Hins vegar eru einnig í þessu frv. fólgin ákvæði um skipun raforkumálanna, stofnun svonefndrar Landsvirkjunar og fjölmörg ákvæði í sambandi við það, og að þeim atriðum hafði ég gert mér vonir um, að athuganir fjhn. mundu fyrst og fremst beinast. En starf fjhn. í þessu máli var, eins og vonlegt er við þau skilyrði, sem ég áðan var að lýsa, vonbrigði. Eigi að síður er það ljóst, að á frv. eru ýmsir verulegir ágallar. Og við höfum, hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, flutt á þskj. 709 ýmsar brtt., sem miða að því að lagfæra nokkra af þessum ágöllum.

Okkur virðist, að meginágalli frv. sé sá, að hér er um að ræða landsvirkjun í orði meira en á borði. Ég geri ráð fyrir því eftir ummælum hæstv. raforkumálaráðh. og ýmsu, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, að menn vilji gjarnan stefna að því, að hér geti orðið um að ræða landsvirkjun í raun og sannleika, en það skortir mikið á, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, leggi grundvöll að því. Við í 2. minni hl. álítum, að það sé nauðsynlegt nú þegar að styrkja frv. að þessu leyti, þannig að það komi greinilegar fram, að það sé stefna þess, að Landsvirkjun nái sem fyrst til allrar þjóðarinnar og það verði til þess að jafna aðstöðu manna í raforkumálum um land allt.

Að svo mæltu skal ég snúa mér að því að gera grein fyrir þeim einstöku brtt., sem við flytjum, og mun þá rekja þær í þeirri röð, sem þær koma fyrir í frv., og má ekki skilja það þannig, að í þeirri röð, sem atriðin eru nefnd, felist neitt mat á þeirri þýðingu, sem við leggjum í þau.

Í 2. gr. frv. er gerð grein fyrir tilgangi Landsvirkjunarinnar. Sá tilgangur er þar skilgreindur í 4 liðum. Nú liggur fyrir brtt frá meiri hl. fjhn., sem ég geri ráð fyrir, að flutt sé í samráði við hæstv. raforkumálaráðh., um að fella niður einn af þessum liðum og taka hann upp á öðrum stað í frv. lítið breyttan, og liggur einnig fyrir till. um það frá þessum sama meiri hl., að í 3. tölulið þessarar gr. komi orðin „rafmagnsveitur sveitarfélaga“ í staðinn fyrir héraðsrafmagnsveitur. Mér er ekki fyllilega ljóst, — fyrir því hefur ekki verið gerð grein, — hvort hér er um að ræða orðalagsmun aðeins eða hvort hér er raunverulega um meiningarmun að ræða. Þar sem stendur héraðsrafveitna hafði ég skilið, að það merkti rafveitur sveitarfélaga, eins og þarna á að setja í staðinn, en ekki héraðsrafveitna ríkisins t. d. Felur þessi breyting í sér það, að þær séu á einhvern hátt undanskildar? Um þetta vildi ég gjarnan fá skýringu hæstv. ráðh.

En okkar brtt. við þessa grein lýtur ekki að þessum atriðum, þótt ég nefni þau svona í framhjáhlaupi, heldur lýtur hún að 4. tölul. þessarar gr., en þar stendur, að það sé tilgangur Landsvirkjunarinnar að annast áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Fram að þessu hefur það í samræmi við raforkul. verið hlutverk raforkumálaskrifstofunnar að annast verkefni af þessu tagi. Hér er gert ráð fyrir því, að þessi verkefni séu tekin undan þeirri stofnun og lögð undir þessa nýju Landsvirkjun, og þar sem hér er um að ræða áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á langþéttbýlasta svæði landsins, þar sem gera má ráð fyrir, að raforkunotkun og raforkuuppbyggingin verði um langan aldur langmest, sýnist mér, að í þessu sé fólgin mjög veruleg breyting. Ég hafði hins vegar talið það ákaflega nauðsynlegt, að þær áætlunargerðir, sem framkvæmdar kunna að verða á vegum Landsvirkjunarinnar, séu ekki algerlega slitnar úr samhengi við aðra þá áætlunargerð, sem fram fer á vegum þeirrar stofnunar, sem þetta hlutverk hefur haft fyrir landið allt og á hér eftir væntanlega að hafa það fyrir það svæði, sem utan landsvirkjunarsvæðisins liggur. Og við höfum þess vegna talið nauðsynlegt að flytja brtt. um þennan lið, sem tryggi það, að það haldist þó a. m. k. tengsl og samvinna um þessi efni milli Landsvirkjunarinnar og raforkumálastjórnarinnar, og brtt. okkar er sú, að 4. liður verði orðaður þannig: „að annast í samvinnu við raforkumálastjóra áætlunargerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunarinnar.“

Þá flytjum við einnig brtt. við 3. gr. Í 3. gr. kemur á mjög greinilegan hátt fram sá andi þessa frv., sem okkur finnst einna ógeðfelldastur. Í 2. málsl. þessarar gr. segir: „Sýni áætlanir fyrirtækisins“ (fyrirtækið er að vísu ekki með stórum staf, en það er átt við Landsvirkjunina), „að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuveitum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins.“ Í þessum setningum birtist sá skiln-

ingur, að það séu áætlanir Landsvirkjunarinnar um það, hvort það sé henni fjárhagslega hagkvæmt að tengja við sig önnur svæði, sem ráða skuli úrslitum um það, hvort svo verði. Auðvitað liggur það í hlutarins eðli, að það tengir enginn nýja notendur inn á kerfi Landsvirkjunarinnar, nema um það séu gerðir samningar og um það sé samið, að orkusala skuli fara fram, enda stendur í framhaldi af þessu, sem ég hef lesið: „Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.“ Þetta ákvæði er í sjálfu sér eðlilegt og nauðsynlegt, en sá andi, sem fram kemur í þeim málslið, sem ég fyrr las, er á þann veg, að mér virðist ekki, að Alþ. geti með neinu móti á það fallizt.

Það hlýtur að eiga að vera verkefni Landsvirkjunarinnar að verða smátt og smátt landsvirkjun og það sem fyrst, sem útvegi rafmagn handa þjóðinni, fullnægi raforkuþörf landsmanna allra. Og jafnframt álítum við fulltrúar Framsfl. í fjhn., að það sé tímabært að koma á einu raforkuverði um allt land, enda kom sá skilningur fram hjá fjhn.-mönnum öllum, að söluverð Landsvirkjunarinnar á raforku ætti að verða það sama um allt land, þótt ekki væri ákvæði um það í frv. Við teljum hins vegar, að eðlilegt sé, að um það séu ákvæði í þessum l., og við leggjum þess vegna til, að 3. gr. orðist svo, 1. málsl. er óbreyttur þannig: „Starfsemi Landsvirkjunarinnar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun,“ en síðan komi: „Það er einnig verkefni Landsvirkjunar að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur eftir nánari ákvörðun Alþ. Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skal gilda um allt land.“

Þannig leggjum við til, að 3. gr. hljóði í samræmi við þær meginreglur, sem ég hef verið að gera tilraun til þess að gera grein fyrir. En við teljum, að það beri að stefna lengra í því að greiða fyrir dreifbýlinu í sambandi við raforku og verðlag hennar, og við leggjum því til, að á eftir 3. gr. komi ný gr., sem fjallar um verðlagsmál þeirra, sem taka við orkunni af Landsvirkjuninni, og leggjum við til, að sú grein verði svo hljóðandi:

„Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera það sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar gr.“

Hér er ekki um að ræða verðjöfnun, eins og menn sjá, heldur það, að ríkissjóður leggi fram fé til þess að útvega þeim, sem verr eru settir í þessu efni, raforkuna á sambærilegu verði við aðra.

Samkv. upplýsingum, sem fram komu í fjhn., hefur það verið reiknað út, að kostnaður af þessu fyrir ríkissjóð muni ekki verða nein ósköp, þegar litið er á þær tölur, sem nú velta gegnum þann kassa, en sjálfsagt mun þetta þó skipta nokkrum tugum millj.

Næsta brtt., sem við flytjum, er við 7. gr. frv. 1. málsl. Í 7. gr. frv. segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og raforkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, sem fer með raforkumál. Síðan segir:

„Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðh. þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðh. krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.“

Þessi gr. að undanskildum 1. málsl. er samhljóða ákvæðum í raforkul., og þess vegna er sá hluti gr. í rauninni óþarfur. En 1. málsl. felur í sér töluvert mikla nýjung. Eftir þeim skýringum, sem fengust í fjhn., ber að skilja þennan málsl. þannig, að úr gildi séu felld þau ákvæði raforkul., að til byggingar nýrra aflstöðva og meiri háttar orkuveitna þurfi samþykki Alþ. Fram að þessu hefur það verið mál Alþ. að taka slíkar ákvarðanir, en með þessum ákvæðum, sem hér er um að ræða, ef samþykkt yrðu, afsalaði Alþ. sér því verkefni í framtíðinni í hendur ráðh. Við teljum ekki eðlilegt, að með samþykkt þessa frv. séu gerðar verulegar grundvallarbreytingar á raforkul., þó að ég á hinn bóginn skuli taka það fram, eins og ég gerði við 1. umr. málsins, að ég get vel trúað því, að það sé tímabært að taka þann lagabálk, raforkul., til endurskoðunar. Þau eru orðin nær 20 ára gömul. Það hefur margt skeð á því tímabili og mikilsverð reynsla fengizt í raforkumálum, og væri full ástæða til þess að taka þau til skoðunar. En meðan sú athugun fer ekki fram, getum við ekki fallizt á, að einstökum þýðingarmiklum atriðum raforkul. sé breytt með löggjöf eins og þessari, án nokkurs samhengis við önnur ákvæði raforkulaganna og skipan þeirra mála í heild. Þess vegna leggjum við til, að þessi 1. málsl. 2. gr. falli niður. Við leggjum ekki til, að gr. öll falli niður, þó að það hefði hins vegar haft sömu þýðingu, vegna þess að síðari hl. hennar er í raforkul., en þau ákvæði mega þá gjarnan vera í tvennum lögum. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli.

Ég kem þá að brtt. þeim, sem við flytjum við 11. gr. 11. gr. frv. er mjög þýðingarmikil gr., sem verður að gefa góðan gaum að. Í þeirri gr. er lögð ný grundvallarstefna í verðlagsmálum raforkukerfisins í landinu. Fram að þessu hafa verið í gildi ákvæði um það, að raforkuverð skuli miðað við raunverulegan framleiðslukostnað að viðbættri tiltölulega lágri prósentu, sem að mínum dómi og auðvitað margra annarra, þar með sjálfsagt þeirra, sem samið hafa þetta frv., hefur verið of lág til þess, að í raforkukerfinu gætu myndazt þeir sjóðir, sem þörf er á að verði til.

Hitt er auðvitað jafnnauðsynlegt, að þegar skipt er um stefnu í þessum málum, þannig að sjóðsmyndun geti átt sér stað, sé farið í það svo hóflega, að ekki verði snögg breyting á og allt í einu sé tekið að hlaða upp sjóðum, sem gera það að verkum, að raforkuverðið verði óeðlilega hátt á næstu árum. Þetta þarf auðvitað að framkvæmast með hófsemi og fullkomnu tilliti til hagsmuna hinna almennu raforkunotenda líka. En ég get vel fellt mig við þessa stefnubreytingu og er henni samþykkur með þeim fyrirvara, að framkvæmdin verði með skynsamlegum hætti. En hjá hverjum liggur þá það vald að framkvæma þetta með skynsamlegum hætti? Í þessari 11. gr. segir: „Stjórn Landsvirkjunarinnar ákveður að fengnum till. Efnahagsstofnunarinnar heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku.“ Það er sem sagt gert ráð fyrir því að leggja það algerlega í vald stjórnar þessa fyrirtækis, sem ríkið einu sinni hefur alls ekki meiri hluta í, hvert verð skuli vera á raforku í landinu eða á orkuveitusvæði Landsvirkjunarinnar, sem er langstærsta raforkusvæði landsins. Við verðum að gera okkur það ljóst, að stjórn þessa fyrirtækis, sem hefur það hlutverk að sjá hagsmunum þess borgið, tekur sínar ákvarðanir út frá öðrum sjónarmiðum en þeim, sem ég tel nauðsynlegt, að hér komi einnig til greina. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að hér er um einokunarfyrirtæki að ræða, sem eðli málsins samkvæmt hefur ekki og getur ekki haft samkeppni. Og þegar um fyrirtæki er að ræða af því tagi, virðist mér nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi einhverja möguleika á því að stemma stigu við, að verðið sé spennt upp úr öllu valdi. Ég treysti t. d. hæstv. raforkumálaráðh. mjög vel til þess að sjá um, að svo verði gert, en samkv. þessu frv., ef að l. verður, hefur hann ekki heimild til þess. Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir því í þessu frv., að ráðh. skuli staðfesta gjaldskrá fyrirtækisins. Þó getur ekki ein einasta héraðsrafveita úti um land gefið út gjaldskrá, nema ráðh. staðfesti hana og hún sé birt í Stjórnartíðindum með undirskrift hans. Þetta virðist mér, að nái ekki neinni átt. Við flytjum þess vegna brtt. um það, að á eftir 1. mgr. þessarar gr. bætist þessi setning: „Ráðh. sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Landsvirkjunar.“ En áður en að þessu kemur, er ein smávægileg, en kannske ekki alveg þýðingarlaus breyting, sem við gerum líka till. um, og hún er í upphafi þessarar gr.

Þannig var, að við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. raforkumálaráðh. grein fyrir því, að ástæðan til þess, að Landsvirkjunin skyldi fá till. Efnahagsstofnunarinnar, áður en hún ákvæði heildsöluverð á raforku, væri sú, að Efnahagsstofnuninni væri ætlað að koma á framfæri við þessa stjórn skoðunum um það, hvaða áhrif breyting á rafmagnsverðinu hefði á verðlagið í landinu, vísitölu o. s. frv., þannig að þau sjónarmið, sem er nauðsynlegt, að þarna komi einnig til greina, — hagsmunir raforkunotendanna, — fengju þá a. m. k. að komast á framfæri. Þegar þessi sjónarmið, sem þarna komu fram frá hæstv. ráðh., eru höfð í huga, virðist okkur, hv. 1. þm. Norðurl. e. og mér, að það væri eðlilegra, að sú stofnun, sem fjallar um verðlagsútreikninga, vísitölureikninga og annað slíkt, kæmi þarna við sögu, nefnilega hagstofan, en ekki Efnahagsstofnunin, sem er í rauninni ekkert annað en afgreiðsluskrifstofa hjá hæstv. ríkisstj., en er ekki sjálfstæð stofnun með lögum eins og hagstofan er. En að sjálfsögðu væri þá ekki óeðlilegt, einmitt af því að svona er háttað, að hæstv. ráðh. hefði samband við Efnahagsstofnunina um þessi mál, þegar hann þarf að staðfesta gjaldskrá virkjunarinnar, eins og við leggjum til.

Síðasta brtt. okkar er við síðari mgr. þessarar gr. Í þessari mgr. segir, að Landsvirkjunin geri orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver innan þeirra marka, sem segir í 2. gr. Í sjálfu sér sjáum við ekki neinn sérstakan tilgang með þessari setningu. Síðan er haldið áfram: „Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjunin leyfi ráðh. þess, sem fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“ Þessi mgr. virðist okkur afar ófullkomin og væri mikil þörf á að bæta hana. Okkur virðist 1. málsl. hennar alveg óþarfur, og við leggjum til, að gr. orðist svona:

„Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþ.“

Þegar inn er komið ákvæðið um það, að samþykki Alþ. komi til, virðist okkur, að síðasti málsl. gr. sé ekki nauðsynlegur, og legg ég því til, að gr. orðist svona eins og ég hef lesið. Þegar við tölum um iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, kemur tvennt upp í hugann. Annars vegar það eina fyrirtæki, sem nú er hér í landinu, sem notar svona mikla raforku, nefnilega Áburðarverksmiðjan. Verðlagning á rafmagni til Áburðarverksmiðjunnar er í rauninni stórpólitískt mál. Sú verðlagning hefur áhrif á landbúnaðarvöruverð, þ. e. á verðlagið, eins og við allir þekkjum. Okkur virðist þess vegna ekki óeðlilegt, að Alþ. fjalli um það, hvernig orka er verðlögð til Áburðarverksmiðjunnar. Hitt, sem kemur upp í hugann í þessu sambandi, er það umtal, sem nú er um orkufrekan iðnað, en í sambandi við það — a. m. k. það tilfelli, sem nú er rætt um — virðist ekki sérstök ástæða til að fara út í efni þessarar gr., þar sem fyrir liggur þegar frá hæstv. ríkisstj. yfirlýsing um það, að hugsanlegir orkusölusamningar við slíkt fyrirtæki mundu verða lagðir fyrir Alþ. hvort eð er. En að sjálfsögðu veit maður ekki, hvað kynni að ske síðar í þeim efnum, og alla vega virðist mér það eðlilegt, ekki síst með tilliti til þess, sem ég sagði um Áburðarverksmiðjuna, að endanlegt ákvörðunarvald í þessu efni, þegar um svona mikla orkusölu er að ræða, sé í höndum Alþingis.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem við í 2. minni hl. n. flytjum á þskj. 709, skal ekki lengja ræðu mína meira. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að meðferð málsins er við þau skilyrði, sem hæstv. ríkisstj. hefur búið Alþ., ekki fullnægjandi og raunar tæplega viðunandi. Við höfum allir hv. þm., sem um þetta mál höfum fjallað, t. d. í fjhn., reynt að gera okkar bezta á þessum stutta tíma til þess að finna einhvern botn í því spurningaflóði, sem kemur upp í hugann í þessu sambandi, en það er takmarkað, hvað hægt er að gera. Þessu frv. var, eins og menn muna, útbýtt hér á mánudaginn, tekið fyrir til 1. umr. á þriðjudag, og er nú, að því er mér skilst, meiningin hjá hv. meiri hl. að reyna að afgreiða frv. frá þessari d. í dag. Þó að frv. sé ófullkomið, og því þurfi að breyta, og þó að undir hælinn sé lagt, hvað af þeim leiðréttingum, sem við í minni hl. höfum lagt til, nái fram að ganga, vil ég þó enda þessi orð mín með því að láta í ljós þá von mína, að sú Landsvirkjun, sem hér er stofnað til og óneitanlega er merkilegt skref í sögu raforkumála okkar, megi verða okkur landsmönnum öllum til hagsbóta og megi verða til þess að flýta fyrir því, að landsmenn njóti allir raforku á hagkvæmum kjörum og að atvinnulíf og lífnaðarhættir manna megi batna, eins og þeir hafa gert, við sívaxandi orkuframleiðslu og orkunotkun, en eins og kunnugt er, þá leiða bættir lífnaðarhættir af sér stóraukna orkunotkun. Það er reynsla allra þjóða og okkar líka, og ég vona, að þetta skref, sem hér er stigið, þótt ófullkomið sé, verði þjóðinni til farsældar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún hefur unnið af alúð við það að afgreiða þetta frv. Það hefur verið kvartað undan því, að það sé ófullkomið. Það hefur verið kvartað undan því, að tíminn væri naumur til þess að gera sér grein fyrir svo viðamiklu máli. Vitanlega er þetta frv. á einhvern hátt ófullkomið, eins og öll mannaverk og líklega flest frv., sem lögð eru fyrir hv. Alþ., og eins og flest lög, sem eru afgreidd frá Alþ. Ekkert er talið svo úr garði gert, að það megi ekki betrumbæta, og þess vegna er öðru hverju verið að breyta l., vegna þess að reynslan sýnir, að það má betur fara en í upphafi var gert. Og ég efast ekkert um, að þannig verður það með þetta frv., að þegar til reynslunnar kemur, þykir að sjálfsögðu nauðsynlegt að breyta einhverjum ákvæðum þessara l. En aðalatriðið er það, að hv. Alþ. hefur nú notað tímann til þess að kynna sér þetta mál og að baki þessa frv. liggur mikil vinna. Það hefur verið mikið unnið að virkjunarrannsóknum í landinu á undanförnum árum, og ég held, að það megi ásaka ríkisstj. frekar fyrir eitthvað annað en það, að hún hafi sýnt tómlæti í því. Það hefur verið varið miklum fjármunum til þess að gera sér grein fyrir því, hvað er hagkvæmast og hvað er bezt til virkjunar í landinu. Og að þeim niðurstöðum fengnum hefur það verið valið, sem nú er um að ræða, að virkja við Búrfell, og lengi voru sérfræðingar ekki á einu máli um það, hvar hentugast væri að virkja. Einn af okkar ágætu verkfræðingum, sem er vanur og sjálfsagt er að hlusta á, Sigurður Thoroddsen, var í fyrstu vonlítill um, að það væri heppilegt að ráðast í Þjórsárvirkjun vegna ísvandamálsins. En við enn nánari athugun hefur Sigurður látið í ljós, að þrátt fyrir ísvandamálið verði virkjun við Búrfell það hagstæðasta, sem við nú höfum völ á. Og þegar sérfræðingar okkar líta þannig á, höfum við ekki á öðru að byggja, og mér leiddist að hlusta á það hér áðan hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., hvernig hann hagaði orðum sínum um þessa sérfræðinga okkar. Sennilega hefði hann viljað undanskilja og hefur kannske undanskilið Sigurð Thoroddsen. En við verðum að treysta því, að það, sem sérfræðingar okkar og aðrir leggja til í þessu efni, sé það hagstæðasta. Og skýrslur, sem eru prentaðar hér með frv., virðast vera alveg ótvíræðar í þessu efni. Ég ætla ekki að fjölyrða um það eða fara nánar út í þau efni, en ef við eigum að ganga fram hjá sérfræðingunum og bera það á borð, að þeir fari með blekkingar, jafnvel vísvitandi, neiti upplýsingum og staðreyndum fyrir hv. Alþ., eins og jafnvel gefið hefur verið í skyn, þá finnst mér, að umr. sé komin á það stig, sem ekki ætti að vera. En ekki meira um það, það hefur verið lagt til að gera nokkrar breytingar á frv., og það er eðlilegt að ræða þær nokkuð.

Hv. 6. þm. Sunnl. gerði grein fyrir brtt., sem hv. 2. minni hl. ber fram á þskj. 709, og það getur vitanlega orkað tvímælis, hvort sumar þessara brtt. eru til bóta eða ekki, — ég segi: orkað tvímælis. Mér virðist ekki, að þær séu til bóta, og má vera, að það sé vegna þess, að ég hef ekki gert mér nægilega grein fyrir því. En í sambandi við þá brtt., sem hv. minni hl. flytur við 2. gr., þar sem er spurt að því, hvort það eigi að taka undan raforkumálaskrifstofunni og slíta algerlega úr tengslum rannsóknir og áætlanagerðir á milli Landsvirkjunar og raforkumálaskrifstofunnar, þá vil ég aðeins segja það, að það er alls ekki meiningin og landsvirkjunarstjórn annast ekki áætlanagerð á öðrum virkjunum en þeim, sem hún ætlar sér að ráðast í, og örugglega verður það í sambandi við raforkumálastjórnina, enda ekki hjá því komizt, þar sem raforkumálastjórnin liggur með margs konar fróðleik og gögn vegna þeirra rannsókna, sem þegar er búið að vinna, og það má þess vegna segja, að það er alls ekki ætlazt til, að þetta samband sé slitið.

Við 3. gr. er gerð einnig brtt. og þar er gerð till. um, að það verði eitt og sama raforkuverð. Ég er sannfærður um, að að því kemur, að það verði verðjöfnun á rafmagni, með hvaða hætti sem það verður. Það er vitanlega hægt að gera á tvennan hátt. Það er hægt að framkvæma það með því að borga úr ríkissjóði með þeim rafveitum, sem bera sig verst. Það er hægt að gera það með því að hækka orkugjaldið hjá þeim rafveitum, sem standa bezt að vígi. En ég hygg, að jafnvel þótt hv. alþm.

væru á einu máli um, að það ætti að koma á verðjöfnun, eigi það ekki heima í þessu frv. Um það þyrftu að koma önnur lög, og ég held, að við ættum að athuguðu máli að geta orðið sammála um, að það eigi betur heima í sérstökum l. en þessum l., jafnvel þótt menn teldu það tímabært og væru sammála um, að þetta ætti að koma.

Við 7. gr. er einnig gerð brtt., þar sem talað er um, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi leyfi ráðh., en áður hafi þetta verið í höndum Alþ. Þetta hlýtur að halda áfram að koma til Alþ., því að venjulega eru slíkar framkvæmdir gerðar fyrir lánsfé og það þarf lánsheimildir. Þess vegna hlýtur þetta að koma áfram í einu eða öðru formi til Alþ.

Og síðan er brtt. við 11. gr., og er það verðlagningin á raforkunni. Það er rétt, að þarna er brugðið út frá því, sem verið hefur. Eins og allir vita, hefur verið ákveðið, að raforkan skyldi seld með kostnaðarverði frá Sogsvirkjun að viðbættum 5%. Flestir eru nú á þeirri skoðun, að þarna hafi verið of þröngur stakkur sniðinn og ekki hægt að byggja upp fyrirtækið eins og nauðsyn bar til. En það er ekki meiningin með 11. gr., þótt hún sé orðuð eins og hér, að raforkuverðið verði látið rjúka upp úr öllum skorðum, því að raforkuverðið heldur áfram að hafa áhrif á efnahagsmálin og efnahagskerfið. Raforkuverðið verkar það þungt í vísitölunni, að því hlýtur að verða stillt í hóf. Það er sagt: Hvernig á þessi bremsa að verka, þar sem þetta er sett í hendur landsvirkjunarstjórnar? Hún á að setja verð á raforkuna eftir að hafa fengið till. frá Efnahagsstofnuninni, en ekki samkv. till. Efnahagsstofnunarinnar. — Þá er því til að svara, að fulltrúar ríkisstj. í landsvirkjunarstjórn eru nú fyrir hendi og Efnahagsstofnunin og fulltrúar ríkisstj. og formaður stjórnarinnar, sem að einhverju leyti ætti að vilja þjóna hagsmunum efnahagskerfisins, þótt borgarstjórnarfulltrúarnir gerðu það ekki, sem er nú ekki ástæða til að ætla að þeir vilji ekki, þá held ég, að það sé óþarft að gera því skóna, að þessar bremsur haldi ekki sæmilega. Það er vitanlega hreint matsatriði, hvort það ætti að vera hagstofan eða Efnahagsstofnunin, sem reiknar þetta út. Því er vitanlega alveg eins vel borgið hjá hagstofunni eins og Efnahagsstofnuninni. En það hefur verið sett Efnahagsstofnunin inn í frv. Hv. 6. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að hún væri sjálfstæð stofnun. Það er rétt, hagstofan er ekki sjálfstæðari stofnun, en Efnahagsstofnunin annast útreikninga fyrir ríkisstj. og er nokkurs konar deild í stjórnarráðinu, og þess vegna er nú ekkert óeðlilegt, þótt hún annist þetta.

Um verð á raforku til iðjufyrirtækja, þá hefur verið minnzt hér á Áburðarverksmiðjuna. Þegar orkusölusamningurinn til Áburðarverksmiðjunnar var gerður á sínum tíma, var hann ekki lagður fyrir Alþ., en tókst vel á milli Sogsstjórnar og stjórnar Áburðarverksmiðjunnar og Áburðarverksmiðjan fékk lágt orkuverð, vegna þess að það var gert ráð fyrir, að hún notaði mest umframorkuna, og hefur þetta gefizt vel. Og vitanlega eru það ekkert síður hagsmunir neytenda í þjóðfélaginu en bænda, að áburðarverðinu verði stillt í hóf, og er þess vegna nauðsynlegt, að Áburðarverksmiðjan geti fengið ódýra orku áfram, eins og áður.

Alúmíníumverksmiðjan er ekki á dagskrá í dag, hún var það í gær, en það hefur kannske af eðlilegum ástæðum blandazt hér dálítið inn í málið, en eins og hv. 6. þm. Sunnl. sagði hér áðan, er það vitað mál, að verði gerður orkusölusamningur við hugsanlega alúmíníumverksmiðju, verður sá samningur lagður fyrir Alþ., þannig að það þarf ekkert að óttast um það, ef til slíkra samninga kemur.

Hv. meiri hl. hefur gert hér smávægilegar breytingar, og hv. 6. þm. Sunnl. gerði fsp. um það, hvort hér væri aðeins um orðabreytingar að ræða eða hvort það væru efnisbreytingar. Ég held, að það séu nú í rauninni ekki efnisbreytingar, en ástæðan til þess, að þessar orðalagsbreytingar voru gerðar, eru óskir nokkurra rafveitustjóra. Þeir telja sig öruggari um það að hafa orðalagið rafveitna sveitarfélaga en héraðsrafmagnsveitna, en þetta þýðir það sama, og hvort orðið sem hefði verið notað gaf það heimild til þess, að sveitarafveiturnar gætu fengið millilliðalaust keypta raforku í heildsölu frá Landsvirkjuninni, og það er það, sem fyrir þeim vakir. En ég hef rætt við þessa rafveitustjóra, og þeir eru ánægðari með þetta orðalag og telja sinn rétt betur tryggðan með því en eins og var, og þess vegna er þessi breyting gerð.

Eins var það, að það fór í taugarnar á þeim, þegar talað var um í 2. gr. frv., eins og það var upphaflega orðað, að yfirtaka með samningum orkuver, það væri beinlínis tilgangur. Þess vegna var 2. liður 2. gr. felldur niður og þessu orðalagi breytt og bætt við 3. gr., þannig að Landsvirkjun er heimilt í samningum að kaupa orkuver. En ég tel, að þarna sé ekki heldur um neina efnislega breytingu að ræða, því að þegar sagt er: að yfirtaka með samningum, þá verður það ekki gert nema semjist um það. En þessar breytingar eru gerðar eftir óskum rafveitustjóra.

Hv. 1. minni hl. hefur einnig flutt brtt., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti, og ég verð að segja það, að mér finnst ekki hægt að fallast á þær. Þegar hv. þm. leggur til, að heimild um virkjun sé aðeins bundin við 70 þús. kw, þá veit ég ekki, hverju hann er að fullnægja, nema þá að tryggja það, að það sé engin orka aflögu til annarra en landsmanna sjálfa. En jafnvel þótt ekki semjist við Swiss Aluminium, kemur að því, að við þurfum að virkja upp í 210 þús. kw við Búrfell. Ef ekki verður samið um alúmíníumverksmiðju, byrjum við að virkja 70 þús. kw, og það verður hagstæðara að prjóna þar við, t. d. 35 þús. kw í einum áfanga, ef þetta er aðeins fyrir landsmenn sjálfa, heldur en fara að virkja smávirkjun, hvort sem það er Kláffoss, Hveragerði eða Brúará. Þess vegna er það, að þegar það er viðurkennt af sérfræðingum okkar, að virkjun við Búrfell sé það hag-

stæðasta, verður heppilegast fyrir okkur að halda okkur að því að virkja þar 210 þús. kw, en þegar því er lokið, kemur vitanlega til athugunar, hvort það á að fara í smávirkjanir, þær beztu, sem fyrir hendi eru, eða hvort það reynist hagstæðara að virkja t. d. við Hraun-eyjafoss eða Tungnaárkrók, en þar má gera stórvirkjanir, en rannsókn um það er ekki það langt á veg komið, að hægt sé að segja til um, hvað þessar virkjanir mundu kosta, eða hvort Laxárvirkjunarstjórnin gengur inn í Landsvirkjunina og verður lagður strengur norður og þá kannske virkjað fyrir norðan næst, eftir að búið er að virkja 210 þús. kw í Þjórsá. En aflið í Þjórsá einni er nokkuð á aðra millj. kw og virkjunarstaðirnir alls ekki kannaðir allir eins og vera skyldi til þess að fullyrða í dag um það, hvað næst verður hagstæðast. En eitt ættu menn að vera sammála um, að það verður hagstæðast fyrir okkur, eftir að við erum búnir að virkja 70 þús. kw, þótt það verði þannig farið að, að halda áfram þangað til fullvirkjað er við Búrfell. Þess vegna þurfum við ekki í dag heimildir til smávirkjana, um leið og við ætlum okkur að fara að virkja við Búrfell, og hvað sem um ísvandamálið er að segja, liggur það fyrir frá sérfræðingum okkar, að virkjun við Búrfell sé það hagstæðasta.

Það hefur verið talað um, að hv. alþm. hafi ekki fengið nægilegar upplýsingar í hv. fjhn., og eru mér það mikil vonbrigði, þar sem sérfræðingar voru þar kallaðir til til þess að gefa upplýsingar, sem fyrir hendi eru. Og ég efast ekki um, að þeir hafi svarað því, sem máli skipti, og ég efast ekki um, að þessir ágætu alþm., sem hér hafa talað og kvartað um að hafa ekki fengið svör við spurningunum, — ég held, að þeir hafi nú, þessir ágætu nm. og aðrir hv. alþm. gert sér gleggri grein fyrir hlutunum en þeir jafnvel vilja vera láta og fengið svör.

Það hefur verið kvartað undan því, að það liggi ekki fyrir rekstraráætlanir, að því sé neitað að gefa alþm. upplýsingar um það, sem fulltrúar í borgarstjórn hafi, og í tilefni af þessu ræddi ég við Eirík Briem í dag og spurði hann að því, hvar sú áætlun væri, sem fulltrúar í borgarstjórn hefðu fengið. Það vissi hann ekki um, hann vissi ekki um, hvaða áætlun það væri. Ég hringdi þá í borgarstjórann í Reykjavík, Geir Hallgrímsson, og hann sagði, að Hjörleifur Hjörleifsson, sem er framkvstj. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, hefði gert lauslega rekstraráætlun, og það var sú áætlun, sem fulltrúar í borgarstjórn fengu. Sú áætlun var ekki gerð á vegum raforkumálastjórnarinnar, og sú áætlun var vitanlega mjög lausleg, því að hvernig á að gera nákvæma rekstraráætlun, meðan ekki er vitað, með hvaða raforkuverði á að reikna? Það er vitanlega vel hægt að búa til dæmi og búa til forsendur og gera upp dæmið út frá því og hugsa sem svo: Ef rafmagnið kostar þetta, ef við seljum rafmagn t. d. á sama verði eftir að búið er að virkja og það kostar nú frá Sogsvirkjun, er útkoman þessi. Ef við t. d. hækkuðum það um 5%, 10% eða 15%, er útkoman þessi. Það er hægt að setja svona dæmi upp, og Eiríkur Briem setti upp hérna dæmi, sem vitanlega er mjög lauslegt og ekki hægt að byggja á því nema að takmörkuðu leyti, en hann segir hér: Séu virkjuð 70 þúsund kw og án alúmíníumverksmiðju, þá væri hægt að leggja í sjóð eins og Sogsvirkjunin gerir núna, þ. e. 18.5 millj. 1966, 22.5 millj. 1967, 26 millj. 1968, 27 millj. 1969, þá er virkjunin komin í gagnið, 15.5 millj. 1970, 12.5 1971, 0.5 1972, 12.5 1973, 25.5 1974 og 24 millj. 1975, þannig að með 70 þús. kw virkjun er hægt að leggja í sjóð árlega nokkuð svipað og gert hefur verið hjá Sogsvirkjun án þess að hækka rafmagnið. En hagur þessarar virkjunar batnar svo, þegar frá líður, þannig að 1976 kæmu 33.5 millj., 1977 57.5 millj. og 1978 74.5 millj., 1979 77 millj. og 1980 90 millj., þannig að eins og sagt hefur verið er Búrfellsvirkjun, 70 þús. kw, mjög hagstæð, ef litið er á 15—16 ár, þannig að það eru 360 millj., sem það gefur meira á 15—16 ára tímabili heldur en smávirkjanirnar. Og þess vegna er það, að Búrfellsvirkjun án alúmíníumverksmiðju er betri en smávirkjanirnar, og það þurfum við ekki að deila um, af því að tölurnar tala alveg um það. En það, sem mestu máli skiptir, er það, að þrátt fyrir þessa lauslegu áætlun, sem ég er hér með og er áreiðanlega ekki lauslegri eða lakar unnin af Eiríki Briem en af Hjörleifi Hjörleifssyni, er það, að við höfum hér í frv., fskj., sem fylgja frv., áætluð rekstrarútgjöld og við höfum hér í fskj., sem eru prentuð með frv., alveg ákveðið, hvað kwst. kostar á hverju virkjunarstigi og hvað virkjað kw kostar, og það eru vitanlega fastir punktar, sem hægt er að byggja á. Úr því að við vitum, hvað kostar að virkja hvert kw og hvað hver kwst. kostar, eigum við að geta gert okkur grein fyrir því, hvað er hagkvæmast. Ég held, að það sé hægt með einni óþekktri frekar en tveimur að fá nokkuð rétta útkomu úr dæminu, einmitt að byggja á þessum föstu punktum, og þess vegna er það, að ég vænti þess, þegar hv. alþm. athuga málið alveg ofan í kjölinn, að þeir sannfærist um, að ríkisstj. eða raforkumálastjórnin hefur ekki viljað leyna upplýsingum, hefur engu að leyna, heldur óskar eftir því að leggja spilin á borðið. Og þess vegna er það heldur leiðinlegt, þegar hv. 4. þm. Norðurl. er að gefa það í skyn, að ríkisstj. hafi löngun til þess að blekkja í þessu máli og halda leyndum upplýsingum. Ég vænti þess, að hv. þm. meini ekki það og ósjálfrátt hafi þetta komið í sambandi við alúmíníummálið, sem var honum svo ríkt í huga.

En í sambandi við þessa virkjun og þetta frv. finnst mér alls ekki ástæða til þess að ræða alúmíníummálið. Þetta frv., ef að lögum verður, gerir það að vísu mögulegt að selja raforku til annarra en landsmanna sjálfra, ef það er virkjað fljótt svo stórt. En það er alveg öruggt, að það verður ekki gerður orkusölusamningur við alúmíníumverksmiðju nema að leggja hann fyrir Alþ. og gefa hv. Alþ. tæki-

færi til að segja sitt um það, og það er alveg öruggt, að ríkisstj. hefur ekki ákveðið að gera samning við Swiss Aluminium. Ríkisstj. hefur leitað eftir samningum og ríkisstj. hugsar sér að leita eftir því, hvort hugsanlegt væri að fá hagstæða samninga, og afstaða manna, hvort sem þeir eru í ríkisstj. eða ekki, til þessa máls hlýtur að mótast af því, hvort við eigum kost á samningum, sem eru okkur samboðnir, sem geta verið þjóðinni til hagnaðar. Það er það, sem hlýtur að ráða afstöðu Íslendinga í þessu máli. Þess vegna finnst mér það undarlegt, ef einhver vill segja í dag: Ég er með því að semja við Svisslendinga, — eða: ég er á móti því að semja við Svisslendinga. — Ég held, að það hljóti að vera eðlilegast að segja: Afstaða mín fer eftir því, hvernig samninga við getum fengið. — Og ég hafði eiginlega vænzt þess, að þannig væri einnig með hv. 4. þm. Norðurl. e., að hann væri ekki fyrir fram ákveðinn, heldur vildi bíða og sjá, hvers konar samninga menn eiga kost á að fá. Ég held, að það sé alveg skakkt ályktað hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að aðstaða okkar til samningaumleitana sé verri við það, að við höfum heimild til þess að virkja stærra heldur en smærra. Það er alveg öfugt, það breytir engu í þessu máli.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira. Ég veit, að hv. alþm. hafa kynnt sér þetta mál, og ísvandamálið er viðurkennt, að það sé fyrir hendi. En það, sem mestu máli skiptir, er það, að sérfræðingar okkar allir, sem við höfum talað við, telja, að þrátt fyrir ísvandamálið sé þetta hagstæðasti virkjunarstaðurinn, og norsku sérfræðingarnir, sem hér hafa verið, og oft hefur verið vitnað í, hafa sagt í mín eyru, að þrátt fyrir ísvandamálið sé engin ástæða til annars en að hefjast handa, því að það sé leysanlegt og þá vitanlega með hætti, sem gerir ekki þessa virkjun óhagstæðari en svo, að það sé þrátt fyrir þetta það bezta, sem völ er á.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður. Ég hef áhuga á því eins og fleiri, að þessi fundur þurfi ekki að dragast úr hömlu, en það eru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. ráðh., sem þó verða því færri sem hann hafði raunverulega minna að segja um mína ræðu og í raun og veru ekkert, sem hnekkti nokkru, sem máli skipti í því, sem ég sagði.

Hann var að tala um, hæstv. ráðh., að ég hefði verið með leiðinlegar getsakir í garð okkar ágætu sérfræðinga, sem við verðum allir að treysta og trúa, því að annað væri ekki sómasamlegt af okkar hálfu. Ég neita því alveg, að ég hafi verið með nokkrar getsakir í þeirra garð. Ég taldi upp 5 eða 6 atriði, sem sýndu greinilega, vægast sagt, afskaplega mikla ónákvæmni, hvernig áætlanirnar hefðu verið að breytast frá mánuði til mánaðar, jafnvel svo stórfelldir hlutir eins og samanburðarviðmiðanir breyttust úr 800 millj. í 400 millj. frá því í október þangað til í maí, og fleira taldi ég upp af svipuðu tagi, sem ég ætla ekki að endurtaka. Við þessu hafði ráðh. engin önnur svör heldur en þau, að við yrðum að trúa sérfræðingunum. En ég vil bara spyrja hann: Hvaða fullyrðingum þeirra eigum við að trúa, þeim sem þeir fluttu í gær eða þeim sem þeir flytja í dag? En mig undrar það í sjálfu sér ekki, þó að hæstv. ráðh. gæti ekki gert miklar aths. við þetta, því að ég held, að það hafi ekki verið beint þægilegt.

Þá reyndi hæstv. ráðh. að skýla sér á bak við Sigurð Thoroddsen um það, að Búrfell væri tvímælalaust með hagstæðustu virkjunum þrátt fyrir allt ísvandamálið. Ég hef nú ekki heyrt Sigurð Thoroddsen segja þetta, og hef ég þó rætt þetta mál við hann, og ég get upplýst það, sem ég fór með hér áðan, að samkv. þessum tölum, sem hér eru bornar fyrir okkur, mætti ísvandamálið ekki kosta meira en 165 millj. til þess að fara að hallast á þá hliðina, að smávirkjanaleiðin væri betri. Þessa tölu hef ég frá Sigurði Thoroddsen, og ég kalla það í hæsta máta lítilmannlegt, ef farið er að skýla sér á bak við Sigurð Thoroddsen í þessu máli eftir allt, sem á undan er gengið. Hitt veit ég, að er skoðun Sigurðar og er raunar skoðun allra, sem um málið hafa fjallað, að Búrfellsvirkjun er hagstæð virkjun. En hvort hún er hagstæðari en aðrar leiðir, sem koma nú til greina, getur enginn fullyrt fyrr en þeim rannsóknum er lokið á ísvandamálinu, sem nú standa yfir.

Ég efast ekkert um, að ísvandamálið er leysanlegt, en hvað það kostar, liggur bara ekki fyrir núna. Ég hef heldur aldrei fullyrt það, að svokölluð smávirkjanaleið, þó að þar sé minnst á munum greinilega eftir öllum samanburði, sé hagstæðari. Till. mín gengur ekki heldur út á það, að hún sé farin undir öllum kringumstæðum, heldur aðeins ef frekari rannsóknir sýna, að hún sé hagkvæmari. Þess vegna geri ég þá brtt., að einnig sé heimilað að fara í smávirkjanir, þegar nauðsynlegum undirbúningi og athugun er lokið, ef sýnt er, að það sé hagkvæmara að gera það fyrst. Síðar yrði svo auðvitað farið í Búrfellsvirkjunina, þegar þeim væri lokið.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með það, að við hefðum ekki fengið allar upplýsingar frá sérfræðingunum, og vildi raunar vefengja það, að svo hefði verið. Þær upplýsingar, sem var þarna sérstaklega um að ræða og við báðum um, voru varðandi ísvandamálið, voru um það, hvert væri nákvæmlega álit norsku sérfræðinganna á þeirri virkjunartilhögun, sem lægi fyrir, og hverjar breytingar þeir teldu nauðsynlegar. Við fengum engin bein svör við þessu. Við spurðum einnig um rekstraráætlunina. Það er í fyrsta skipti nú, sem gerð er tilraun til þess að svara þessari spurningu. Og samkv. upplýsingum hæstv. ráðh., hefur aðeins annar aðilinn af þeim, sem ætla sér að byggja upp þetta fyrirtæki, haft þá fyrirhyggju að gera slíka áætlun,

þ. e. a. s. borgarráð Reykjavíkur. Ég hef aldrei fullyrt neitt um það, hver hafi verið látinn gera þessa áætlun, og mér er alveg sama, hvort sá sérfræðingur heitir Pétur eða Páll. En ég veit það, að sú áætlun, sem fjallað var um í borgarráði Reykjavíkur, er sú áætlun, sem allar þessar hugleiðingar byggjast á, og þaðan hef ég það, að það sé meining þeirra aðila, sem eiga að standa að þessu fyrirtæki, borgarstjórnarinnar í Reykjavík og þá væntanlega hæstv. ríkisstj., að það eigi að selja raforkuna frá stöðvarvegg, miðað við kostnaðarverð 8.6, miðað við lægstu áætlun, sem hugsanlega getur komið út úr þessu, á 27 aura eða meira en þrefalt kostnaðarverð, á sama tíma og á að selja alúmíníumhringnum, ef úr samningum við hann verður, á í hæsta lagi tæpa 11 aura. Þessu til viðbótar höfum við svo yfirlýsingu rafmagnsveitustjóra, sem er einn helzti ráðunautur ríkisstj. í þessum málum, að það sé a. m. k. hans skoðun, — ég hygg, að það sé af meiri varfærni, að hann sagði sína skoðun, en ekki skoðun ríkisstj., — að það ættu að vera a. m. k. til í handraðanum 30% næst, þegar við þurfum að virkja okkar vatnsföll og tvöfalda það raforkukerfi, sem fyrir er. Og það væri fróðlegt að fá þær tölur frá hæstv. ráðh., hvað það kostar, t. d. 70 eða 210 megawatta virkjun frá Búrfelli, hvað verðið þurfi þá að vera. Ég hef ekki haft tíma til að reikna það dæmi, en ég hygg, að út úr því mundu koma aðrar tölur en þær, sem hann hefur látið Eirík Briem matreiða fyrir sig til þess að koma hér með fyrir okkur á síðustu stundu.

Ég vil svo aðeins lýsa ánægju minni yfir því, sem hæstv. ráðh. sagði um það, að ríkisstj. hefði raunverulega ekki gert neinn samning við alúmíníumhringinn enn þá. Ég vil fagna því, ef það er rétt. En vill þá ekki hæstv. ráðh. í sambandi við þessar umr. gefa yfirlýsingu um, að það verði hvorki fyrr né síðar notað sem röksemd um það, að Alþingi hafi gefið nokkra viljayfirlýsingu varðandi alúmíníummálið, þó að ákveðið sé nú að virkja 210 megawött? Ég veit ekki, hvort hann vill gera það. Ég mundi a. m. k. meta það nokkurs, ef hann vildi gefa slíka ótvíræða yfirlýsingu. En óneitanlega fannst mér vera ofurlítið ósamræmi í þessu og aftur því, sem hann sagði, að auðvitað væri eina ástæðan fyrir því, að heimildina yrði að binda við fullvirkjun, en ekki 70 megawött, að þá yrði ekkert afgangs handa öðrum en Íslendingum. Ef þetta er ekki yfirlýsing um það, að það eigi að virkja 210 megawött með tilliti til alúmíníumhringsins, veit ég ekki, hvað það er.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það er aðeins aths. út af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan um brtt. okkar í 2. minni hl. Hæstv. ráðh. sagði, að þessar till. orkuðu tvímælis, og honum sýndist þær ekki sérlega til bóta, en bætti þó við, að það mætti vera, að hann hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir þeim. Mér virðist þessi setning ákaflega táknræn fyrir þau vinnubrögð, sem um hönd eru höfð á Alþ. þessa dagana, að hæstv. ráðh. tekur afstöðu til till., en finnst eðlilegt að bæta því við, að hann hafi e. t. v. ekki gert sér nægilega grein fyrir þeim. Er þá ekki rétt að taka sér svolítinn frest til þess að gera sér grein fyrir þeim? Að öðru leyti vil ég segja þetta um aths. hæstv. ráðh.:

Um fyrstu brtt. okkar sagði hann, að það væri alls ekki meiningin, að það skyldi ekki vera full samvinna milli Landsvirkjunar og raforkumálastjórnarinnar um þessar áætlanagerðir. Raforkumálastjórnin mundi eftir sem áður hafa með höndum slíka starfsemi utan svæðis Landsvirkjunarinnar, og Landsvirkjunin mundi aðeins fjalla um þessi mál á sínu svæði, og samvinna milli þessara aðila væri sjálfsögð. Mér virðist, að það liggi í augum uppi, að það sé eðlilegt að taka það fram í l. Mér virðist þetta þess vegna vera sterk meðmæli með þeirri till., sem er í 1. tölul. á þskj. 709.

Ummæli hæstv. ráðh. um þær till., sem við gerum í tölul. 2 og 3 um verðlagningarmál og samræmingu verðlags, voru á þá lund, að ég skildi ráðh. þannig, að hann væri samþykkur þeirri stefnu, sem þær fela í sér, en hins vegar taldi hann þær ekki eiga heima í þessu frv. Ég mun því skilja það svo, ef hann greiðir atkv. gegn þessu, að hann muni þá beita sér fyrir því, að flutt verði frv. hið fyrsta og þá væntanlega í upphafi næsta þings til þess að koma í kring þeirri stefnu, sem þær fjalla um.

Um brtt. okkar við 7. gr. sagði hæstv. ráðh., að það skipti ekki svo miklu máli, þótt samþykki ráðh. nægði til meiri háttar framkvæmda í raforkumálum í stað Alþ. fram að þessu, vegna þess að þetta þyrfti hvort eð er að koma fyrir Alþingi í einhverju formi, vegna þess að það þyrfti þó væntanlega lánsheimildir til þess að gera slíka hluti. En ef þetta þarf að koma til Alþ. hvort eð er, er þá ekki eðlilegt að halda því formi, sem verið hefur á þessu? Mér virðist það.

Aths. hæstv. ráðh. við till. okkar við 11. gr. skildi ég ekki og gat ekki gert mér grein fyrir þeim. Ráðh. segir, að sjálfsagt verði raforkuverði haldið niðri vegna þess, að það hafi svo mikil áhrif á vísitölu. Og þessi bremsa á raforkuverði verði til við það, að ríkið eigi fulltrúa í stjórnarnefnd Landsvirkjunarinnar, hvað sem líði trausti manna á því, að fulltrúar Reykjavíkurborgar hafi áhuga á því að halda lágu verðlagi. Þetta þarf ekki að fara mörgum orðum um. Það liggur auðvitað í augum uppi, að ef það eru hagsmunir ríkisvaldsins að hafa áhrif á þetta raforkuverð, er eðlilegt, að till. okkar um það, að ráðh. staðfesti þessa gjaldskrá eins og allar aðrar gjaldskrár rafveitna í landinu, er eðlileg og ekki bara eðlileg, hún er sjálfsögð. Ég á mjög erfitt með að skilja þá afstöðu hæstv. ráðh., að hann vilji ekki fallast á þetta.

Ég skal svo fara örfáum orðum um þær brtt., sem hv. 1. minni hl. fjhn. flytur og mér virðast sumar a. m. k. til bóta. Hv. 4. þm. Norðurl.

e., sem í þessum minni hl. er, flytur brtt. við 3. gr., sem við flytjum einnig töluvert umfangsmiklar breytingar við, og að þeim brtt. okkar felldum mundi ég telja brtt. hans til mikilla bóta og mundi greiða þeim atkv. Við 6. gr. gerir hv. þm. einnig brtt., þar sem hann leggur til, að einnig verði heimilað að ráðast í hinar svokölluðu smávirkjanir. Ég hef lýst þeirri stefnu minni og gert grein fyrir henni við 1. umr. þessa máls, að ég tel rétt að fara nú í Búrfellsvirkjun. Ef eitthvað alveg óvænt skyldi koma upp á lokastigi þeirra athugana, sem nú fara fram, þannig að nauðsynlegt yrði að fara einhverja millileið í þessum málum, er réttast að gera sér grein fyrir því, að undirbúningur þessara svokölluðu smávirkjana er ekki á því stigi, að verkið við þær yrði hafið í sumar hvort eð er, og þá gæti það komið til kasta Alþ. í haust, og ég tel þess vegna, að þessi partur þessarar till. sé óþarfur. Í þessari till. er einnig fólgin takmörkun á þessari 210 þús. kw virkjun, þannig að það skuli aðeins heimilt að virkja 70 þús. kw. Það er skoðun mín, að þetta verk verði að skipuleggjast og áætlast í heild, hvort sem það er framkvæmt á 5 árum eða 10 árum eða 12 árum. Miðað við þær orkuáætlanir, sem fyrir liggja um orkunotkun á þessu svæði í framtíðinni, þá yrði fullvirkjun þessarar virkjunar lokið í okkar eigin þágu eftir svona 12—13 ár. Ég mundi telja ákaflega óhyggilegt annað en að skipuleggja það verk allt í einu. Hitt vil ég taka fram, eins og fram hefur komið hér, að í þessu felst auðvitað engin afstaða til hins svokallaða alúmíníummáls, sem þessu er óskylt á þeim grundvelli, sem fyrir liggur, að hér eigi að ráðast í þessa virkjun, hvort sem nokkuð verður úr slíku eða ekki.

Þriðja till. hv. þm. fjallar um að fjölga í stjórn Landsvirkjunar upp í 9 menn, án þess að hlutföll raskist milli aðila frá því, sem í frv. er, og ég mundi telja þá till. til bóta. Hins vegar hef ég gert grein fyrir skoðunum mínum á verðlagningarstefnunni almennt, og ég óttast, að sú till., sem er í a-lið 4. tölul. þarna um, að það skuli miðast við kostnaðarverð plús 7%, sé of þröng, og ég treysti mér ekki til þess að fylgja þeirri till., — b-liðurinn hins vegar er að nokkru leyti í samræmi við þá till., sem við flytjum um það, að meiri háttar orkusölusamningar yfirleitt skuli háðir samþykki Alþ. Þar sem sú till. er viðtækari, sem við flytjum um þetta efni, geri ég ráð fyrir, að hún komi fyrst til afgreiðslu, en að henni felldri mundi ég styðja þessa.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins örlítið. — Hv. síðasti ræðumaður, 6. þm. Sunnl., kvartaði undan því, að hann hefði ekki skilið mínar skýringar á 11. gr., og er ég hræddur um, að það sé tilgangslaust fyrir mig að reyna að koma þannig skýringum á framfæri, sem nægja honum, og eins og ég sagði áðan, eru þessar brtt. hv. framsóknarmanna þannig, að þær orka tvímælis. Þær eru ekki það veigamiklar, að þær hafi afgerandi áhrif á þetta frv. Hitt finnst mér, að það sé bara hógværð að viðurkenna það, að þær geti orkað tvímælis, og hvort t. d. hagstofan eða Efnahagsstofnunin á að vera þarna aðili eða ekki, hver getur fullyrt um það, hvort er betra, og ekki heldur, þótt við frestuðum afgreiðslu málsins.

Um það að hafa samband við raforkumálastjóra og raforkumálaskrifstofuna, þá er sannfæring mín, að þannig hafi alltaf verið ætlazt til, en ég tel þess vegna, að það megi vel samþykkja þann lið brtt., til þess að það orki ekki nokkurs tvímælis, því að það hefur aldrei vakað annað fyrir og er alveg augljóst mál, að þetta samband hlýtur að eiga að vera.

Annars held ég, að það sé ástæðulaust að vera að endurtaka það, sem ég reyndi að skýra áðan, en hefur kannske ekki tekizt nægilega vel að sumra áliti. En ég vil þó taka fram í sambandi við verðjöfnun á raforku og endurtaka það, sem ég sagði, ég tel, að þetta hljóti að koma. En ég get ekki gefið nein fyrirheit um það, að það verði flutt frv. um það í haust. Þetta er mál, sem þarf að athuga, og þetta kemur fyrr eða seinna, en tímaáætlun um það hef ég ekki í dag, og ég vil ekki, að það sé einhver misskilningur uppi um það, að ég hafi gefið einhver fyrirheit um, að slíkt frv. yrði flutt í haust. E. t. v. verður það, en yfirlýsingu um það get ég ekki gefið. Og í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var hér að tala um, að hann legði ákaflega mikið upp úr því, að ég tæki fram eða öllu heldur endurtæki það, að samþykkt þessa frv., — ég get gert það fyrir hv. þm., — að samþykkt þessa frv. hefur vitanlega engin bindandi áhrif á alúmíníummálið. Það er algerlega óskylt. Sá þm., sem greiðir því atkv. að virkja upp í 210 megawött í Þjórsá, er vitanlega alveg óbundinn af alúmíníummálinu, ef það kemur fyrir Alþ. í haust.

Auður Auðuns: Herra forseti. Vegna þess að hér í umr. hefur borið á góma upplýsingar, sem sagt er, að fyrir hafi legið í borgarráði í Reykjavík í sambandi við þetta mál, en eðlilega hefur málið verið þráfaldlega rætt þar, vildi ég segja nokkur orð. Ég er að vísu óviðbúin að svara þessu ýtarlega, því að mér hefur ekki gefizt tóm til að athuga þau mörgu gögn, sem þar lágu fyrir eða við borgarráðsmenn fengum afhent, og bera þau saman við þau plögg, sem við höfum fengið hér í þinginu, hvort það hafi verið eitthvað annað og meira, sem við höfum fengið, en vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði um, að þar hefði verið lögð fram rekstraráætlun, veit ég ekki, hvort hann kann að eiga við það, sem ég held, að ég fari rétt með, að fjármálafulltrúi Rafveitunnar mun hafa lagt þar fram gamla áætlun, þar sem gert var ráð fyrir línu norður og fjórum virkjunarstigum, og hefur verið orðin líklega um það bil ársgömul, þegar þetta var, og orðin úrelt, þar sem hún var byggð á öðrum for-

sendum en nú er gert. Ef ég skildi hann rétt, talaði hann um, að áætlað væri, að rafmagnsverðið í Reykjavík til neytenda þyrfti að verða þrefalt. (**Gripið fram í:** Það er frá stöðvarvegg.) Frá stöðvarvegg — heildsöluverðið yrði að vera þrefalt hærra en alúmíníumverksmiðjan mundi kaupa það á. Ég hef alveg misskilið hv. þm. Ég hélt, að hann hefði gert þar samanburð á því verði, sem alúmíníumverksmiðjan hugsanlega mundi þurfa að greiða fyrir rafmagnið og hins vegar þeir aðrir, sem kaupa það til notkunar og þá á heildsöluverði. Ég skal þá ekki fara lengra út í það, úr því að ég hef misskilið hv. þm., en sú ályktun, sem hann minntist á, að hefði verið lögð fram í borgarráðinu, gæti e. t. v. verið þetta plagg, sem var í rauninni þegar orðið úrelt, þegar það var lagt fram þar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 701,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 709,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 709,2 felld með 10:7 atkv.
— 703,1 felld með 10:8 atkv.
— 701,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 709,3 felld með 10:7 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 703,2 felld með 12:3 atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 709,4 felld með 10:8 atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 703,3 felld með 10:9 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 703,4.a felld með 10:3 atkv.
— 703,4.b felld með 10:7 atkv.
— 709,5.a felld með 10:8 atkv.
— 709,5.b felld með 10:9 atkv.
— 709,5.c felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, GilsG, HB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, BergS, ÁB.
nei: KS, ÚS, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, RP, AuA, RJ, SÓÓ.
1 þm. (GTh) fjarstaddur.
Brtt. 703,5 tekin aftur.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
17.—21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 718).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Flestar brtt., nánar tiltekið allar nema ein lítil leiðréttingartill., sem fluttar voru af minni hlutum fjhn. við 2. umr. þessa máls, náðu ekki samþykki.

Við 3. gr. þessa frv. komu fram brtt. frá báðum minni hlutunum. Brtt. 2. minni hl., mín og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), stefndu að því að gera ákvæði þessa frv. víðtækari, að því er lýtur að því, að Landsvirkjun veiti landsmönnum öllum þjónustu, og einnig um verðlagsatriði. Þessar till. voru felldar, og till. frá 1. minni hl., sem hneig nokkuð í sömu átt, að því er fyrra atriðinu viðvék, var einnig felld.

Það, sem mér virðist fyrst og fremst athugavert við þessa gr., er það, að í gegnum hana skín mjög sterklega, eins og hún er orðuð, sá andi, að það séu hagsmunir fyrirtækisins Landsvirkjunar, sem einir skuli ráða, hvaða framkvæmdir er lagt í á þess vegum.

Ég vildi nú leyfa mér við þessa umr. að leggja fram litla brtt. við 3. gr., sem dregur úr þessum tón, sem mér finnst ógeðfelldur. Till. er fólgin í því að breyta 2. málsl. 3. gr., sem hljóðar svona: „Sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins.“ Á þessari setningu yrði sú breyting, að það væru ekki áætlanir „fyrirtækisins“ endilega, heldur þær áætlanir, sem um þetta eru gerðar, t. d. af raforkumálastjórn eða öðrum, sem þarna kæmu til athugunar, og ekki aðeins það, hvort það sé „fjárhagslega“ hagkvæmt, sem í þessu tilfelli mundi þá fyrst og fremst vísa til fyrirtækisins, heldur einnig hvort það sé hagkvæmt almennum hagsmunum.

Till. er því þannig, að orðið „fyrirtækisins“ í þessu sambandi falli niður og orðalagið að öðru leyti breytist þannig, að „fjárhagslega“ falli einnig niður og þetta hljóði þá: „Sýni áætlanir, að hagkvæmt sé að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins.“ Orðalag till. er þá þannig, að orðið „fyrirtækisins“ í fyrstu setningu 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. falli niður og í stað „fjárhagslega sé hagkvæmt“ komi „hagkvæmt sé“.

Ég leyfi mér að leggja þessa brtt. fram og afhenda hana hæstv. forseta og biðja um, að hann leiti fyrir henni afbrigða.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég tel, að þessi till. spilli á engan hátt 3. gr. frv. og meiningin í gr. sé þannig óbreytt, að það verður því aðeins ráðizt í nýjar framkvæmdir, að þær séu hagkvæmar, og þó að sleppt sé „fyrirtækinu“ beinlínis þarna úr, þar sem segir: „Sýni áætlanir fyrirtækisins“, heldur bara „sýni áætlanir“, þá breyti það ekki neinu, og því ónauðsynlegri var nú þessi till., þar sem búið var beinlínis að samþykkja, að áætlanir skyldu gerðar í samráði við raforkumálastjórn. En þrátt fyrir það getur þetta ekki neinu spillt og ekki heldur þótt orðið „fjárhagslega“ sé fellt í burtu, því að eftir stendur „hagkvæmt“, og þess vegna get ég mælt með því, að þessi till. verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 719) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 719 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Ed. (A. 720).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var afgr. frá Ed. án nokkurra teljandi breyt. Hv. alþm. hafa kynnt sér frv., þar sem það hefur legið fyrir þinginu í nokkra daga. Hefur þegar verið mikið um það rætt og ritað, og gæti ég þess vegna stytt mál mitt við þessa framsögu. Eigi að síður verður ekki hjá því komizt að fara nokkrum orðum um aðalatriði málsins.

Undanfarin ár hafa farið fram víðtækar rannsóknir á virkjunarstöðum landsins, þeim helztu, sem til greina koma. Lengi vel voru menn ekki á einu máli um það, hvað hagstæðast væri að gera. Rannsóknirnar hafa sérstaklega beinzt hér sunnanlands að Þjórsár- og Hvítársvæðinu og norðanlands að Dettifoss- og Laxársvæðinu. Margir staðir hafa verið athugaðir, 52 allnákvæmlega, en sérstaklega eru það 9 staðir, sem virðast koma til greina, og hafa verið gerðar allýtarlegar áætlanir um þá.

Á Þjórsársvæðinu eru það 19 staðir, sem voru sérstaklega rannsakaðir, Hvítársvæðinu 18, Jökulsársvæðinu 3, Laxársvæðinu 7 og á öðrum stöðum 1. En þessir 9 staðir, sem helzt koma til greina og hafa fengið nákvæma athugun, eru jarðgufustöð í Hveragerði, Andakílsárvirkjun hefur látið framkvæma áætlun við Kláffoss í Borgarfirði, þá hefur verið gerð ýtarleg athugun á Brúará, ýtarleg rannsókn við Búrfell, ýtarleg rannsókn við Dettifoss, ýtarleg rannsókn á ýmsum virkjunarstigum í Laxá, og hafa þessir virkjunarstaðir verið bornir saman til þess að gera sér grein fyrir því, hvað hentugast er.

Á bls. 15 í fskj. þessa frv. er tafla, sem sýnir nákvæmlega kostnað við hina ýmsu virkjunarstaði. Þar er tilgreint, hvað hver virkjuð kwst. kostar, þar er tilgreint, hvað hvert virkjað kw kostar, og með því að kynna sér þessa töflu fæst nokkuð gott yfirlit um það, hvaða virkjun er hagstæðust.

Þá er einnig á bls. 18—19 í þessum fskj. gerður samanburður á hinum ýmsu valkostum, sem fyrir hendi eru, annars vegar nokkrar smávirkjanir og hins vegar Búrfellsvirkjun, eftir því á hvaða stigum er virkjað.

Í töflunni, sem ég áðan nefndi, kemur fram, að í Þjórsá er hægt að virkja í fyrsta áfanga 70 þús. kw, og kostar þá hvert virkjað kw 10500 kr., en hver kwst. 12.9 aura. Með því að virkja 70 þús. kw í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir, að virkjað verði aðeins fyrir almenna notkun, þ. e. fyrir innanlandsnotkunina. En væri hins vegar gerður samningur um orkusölu til alúmíníumverksmiðju, væri virkjað í fyrsta áfanga 105 þús. kw, og þá kostar kwst. 10.3 aura og hvert virkjað kw 8300 kr. Þegar Búrfell er fullvirkjað upp í 210 þús. kw, kostar hver kwst. 8.6 aura og virkjað kw 6700 kr. og er þar með það langódýrasta, sem völ er á að virkja hér á landi, a. m. k. af því, sem rannsakað hefur verið.

Það þykir eðlilegt og sjálfsagt að fá heimild til þess að virkja við Búrfell allt að 210 þús. kw, þó að það sé ekki vitað, hvort úr samningum verður um alúmíníumverksmiðju. Verði ekki samningar gerðir um alúmíníumverksmiðju og orkusala bundin við hana, er Þjórsá eigi að síður það hagkvæmasta, sem hægt er að virkja hér fyrir Suður- og Suðvesturland allt frá Hvammsfirði og austur um Vestur-Skaftafellssýslu. 70 þús. kw virkjun verður að vísu dálítið erfið fyrstu árin, en sé litið yfir lengra árabil, 15—16 ár, þá vinnast á því 360 millj. kr. samanborið við það að ráðast í smávirkjanirnar, eins og sumir hafa viljað leggja til. En þegar 70 þús. kw virkjunin er orðin of lítil vegna almenningsnotkunar og íslenzks iðnaðar, er einnig ódýrast að bæta við vélasamstæðu, 35 þús. kw, og prjóna þannig við þessa virkjun áfram, þangað til fullvirkjað er upp í 210 þús. kw. Virkjunin endist vitanlega lengur með þeim hætti, ef landsmönnum einum, þeirra iðnaði og almenningsnotkun er aðeins til að dreifa, en verði orkusala bundin við alúmíníumverksmiðju upp í 60 þús. tonna framleiðslu á ári, mundi fullvirkjað Búrfell endast til ársins 1975.

Hér á landi er nú aðeins virkjað, eins og kunnugt er, um 2% af virkjanlegu vatnsafli. Talið er, að virkjanlegt vatnsafl sé 4 millj. kw af því afli, sem er hagkvæmt að virkja, og auk þess allmiklu meira eða a. m. k. 1 millj. kw, sem er erfiðara til virkjunar.

Talið er, að um næstu aldamót þurfi landsmenn, ef ekki er um stóriðju að ræða, 500—600 kw til eigin nota, og má af þessu sjá, að af miklu er að taka í orkumálum okkar, hvort sem litið er á vatnsvirkjanirnar einar, og þá ekki síður, ef reiknað er með því að virkja jarðgufu, eins og tæknilega er álitið hagkvæmt, a. m. k. þar sem vatnsaflið er ekki fyrir hendi.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir samvinnu ríkisins og Reykjavíkurborgar, og má segja, að það sé beint framhald af því, sem verið hefur um virkjun Sogsins. Ríkið og Reykjavíkurborg eiga Sogsvirkjunina sameiginlega, sinn helminginn hvor aðili. Hér virðist því vera beint framhald á því, sem verið hefur, og út af fyrir sig eðlilegt að haga málunum þannig, ekki sízt vegna þess, að íbúar Reykjavíkurborgar eru meira en helmingur af þeim notendum, sem koma til með að nota landsvirkjunina, a. m. k. meðan hún er ekki víðtækari en gera má ráð fyrir nú næstu árin. Og jafnvel þótt hér verði um eiginlega landsvirkjun að ræða, þannig að hinar ýmsu veitur verði tengdar saman, má reikna með því, að

sá fjöldi, sem býr hér í Reykjavík, verði alltaf að helmingi til við þá, sem geta notað þessa eiginlegu landsvirkjun.

Kwst. frá Sogi og Laxá kostar nú um 20 aura, en eins og sjá má á þeim fskj., sem fylgja þessu frv., er gert ráð fyrir, að kwst. í Búrfellsvirkjun kosti 8.6 aura. Hér er því um mikinn verðmun að ræða og dæmi um það, hversu miklu hagkvæmara það er að virkja tiltölulega stórt heldur en smærra. Þó hefur það verið svo, að virkjun í Sogi hefur verið talin og verður að teljast hagkvæm, þrátt fyrir þennan samanburð.

Tilgangur Landsvirkjunar er sá að virkja, starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á orku til almennings og iðnaðar, eins og í 2. gr. frv. segir. 2. gr. frv. var lítillega breytt í Ed., þannig að 2. tölul. gr. var felldur niður og fluttur í 3. gr. með smávægis orðabreytingum. Þessi brtt., sem samþ. var í Ed., er á þskj. 701, og breyt. voru gerðar eftir óskum nokkurra rafveitustjóra utan af landi, sem telja, að þetta orðalag henti betur og tryggi rafveiturnar úti á landi betur en upphaflegt orðalag frv. Það var því orðið við þeim óskum, enda ekki að sjá, að það hafi spillt frv. að neinu eða tilgangi þess. Önnur brtt. við 3. gr. var samþ. í Ed. frá fulltrúum Framsfl. Það er aðeins, eins og hv. þm. geta séð, sem hafa þskj. fyrir framan sig, orðalagsbreyting, sem ekki breytir á neinn hátt meiningu gr. og spillir ekki tilgangi hennar.

Skv. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að eignir Sogsins gangi inn í Landsvirkjunina, og gerir það vitanlega fyrirtækið sterkara, þar sem eignir Sogsins eru allverulegar og hafa verið lauslega metnar um 400 millj. kr.

Þá gerir 5. gr. ráð fyrir því, að lagt verði fram stofnframlag, 50 millj. kr. frá hvorum aðila, til þess að tryggja fjárhagslega stöðu fyrirtækisins.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir heimild til þess að virkja upp í 210 þús. kw.

Þá gerir 7. gr. ráð fyrir því, að leyfi ráðh. þurfi til þess að ráðast í byggingu nýrra aflstöðva eða aðalorkuveitna. Í hv. Ed. var að því fundið, að þessu ákvæði hefur verið breytt frá gildandi lögum, þar sem gert er ráð fyrir í þeim, að leyfi Alþ. þurfi á hverjum tíma. En jafnvel þótt Alþ. sé ekki nefnt í þessari grein, heldur aðeins talað um ráðherraleyfi, verður ekki virkjað eða ráðizt í fjárfrek fyrirtæki, án þess að Alþ. komi til. Það verður að leita heimildar til lántöku og ábyrgðar Alþ., til þess að hægt sé að ráðast í þessi fyrirtæki, og þess vegna er ekki ástæða til að finna að því, þó að Alþ. hafi á þessu stigi verið fellt úr.

8. gr. kveður á um, að 7 manna stjórn verði í landsvirkjunarfyrirtækinu. Sameinað Alþ. kýs 3 menn með hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs 3 og eignaraðilar koma sér saman um 7. manninn. Verði ekki samkomulag, skipi hæstiréttur 7. manninn, sem jafnframt sé formaður. Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár, og varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

9. gr. kveður á um ýmis framkvæmdaatriði, eins og sjá má, 10. gr. um endurskoðun og 11. gr. um verðlagningu raforkunnar.

Það kom fram í hv. Ed., að menn voru ekki alveg á einu máli um það, hvort það væri heppilegasta leiðin í sambandi við verðlagninguna, sem hér er lagt til, en að athuguðu máli held ég, að engin ástæða sé til annars en sætta sig við þessi ákvæði. Það er gert ráð fyrir því, að Efnahagsstofnunin geri útreikninga um það, hvað eðlilegt verð er á raforkunni á hverjum tíma, og landsvirkjunarstjórn ákveði svo verðið að fengnum till. Efnahagsstofnunarinnar.

Það verður eftirleiðis væntanlega eins og hingað til þannig með raforkuna, sem almenningur notar mjög mikið, að hún vegur þungt í vísitölunni, hefur áhrif á dýrtíðina, og það verður þess vegna eftirleiðis eins og hingað til talið nauðsynlegt að stilla raforkuverðinu í hóf. En þetta er breyt. frá gildandi lögum að því leyti, að í Sogsvirkjunarlögunum er ákveðið, að raforkuverðið skuli miðast við kostnaðarverð að viðbættum 5%. Reynslan hefur sýnt, að kostnaðarverð að viðbættum 5% er of lítið, til þess að fyrirtæki geti byggt sig upp, til þess að það geti safnað nauðsynlegum sjóðum, til þess að það geti innt af höndum það hlutverk, sem því er ætlað, þ. e. að safna nokkru fjármagni, til þess að hægt sé að virkja og leggja fram eigið fjármagn á móti því lánsfé, sem vitanlega alltaf verður að fá, þegar ráðizt er í virkjun. Þetta ákvæði er þannig nokkru rýmra. En það leiðir af sjálfu sér, að það eru bremsur á eigi að síður, sem tryggja það, að raforkuverðinu verður að stilla í hóf, þ. e. að hafa hagsmuni almennings fyrir augum, að líta á efnahagsmálin og áhrif raforkuverðsins á þau, og þá vitanlega einnig að líta á hag fyrirtækisins, sem á að starfa og kröfur eru gerðar til, að fullnægi orkuþörfinni á hverjum tíma.

Þá er gert ráð fyrir, að Landsvirkjun geri orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver innan þeirra marka, sem 2. gr. tilgreinir, en til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst., þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, sem fer með raforkumál, og mega slíkir samningar að dómi ráðh. ekki hafa þau áhrif, að raforkuverðið geti þeirra vegna orðið hærra til almennings en annars hefði orðið, þannig að með þessu er tryggt, að ekki verði gerðir það óhagstæðir samningar við slík fyrirtæki, að það leiði til hækkunar á raforkuverðinu. Eins og nú er, er aðeins um eitt fyrirtæki að ræða, sem notar meira en 100 millj. kwst. á ári, það er Áburðarverksmiðjan. Hún notar, ef hún fengi fulla orku, um 145 millj. kwst. Það var á sínum tíma gerður hagstæður samningur fyrir báða aðila við Áburðarverksmiðjuna, þótt orkuverðið til Áburðarverksmiðjunnar væri miklu lægra en til annarra fyrirtækja, en ég sagði hagstæður fyrir báða aðila vegna þess, að Áburðarverksmiðjunni væri ætlað að nota umframorkuna og

topporkuna, sem markaður hefði ekki verið fyrir, ef Áburðarverksmiðjan hefði ekki verið kaupandi að orkunni.

Ef sementsverksmiðjan verður stækkuð, sem vonandi verður, þá gæti að því komið, að hún notaði einnig meira en 100 millj. kwst. Önnur innlend fyrirtæki sjáum við ekki á stundinni, en vonandi rísa þau upp. En ef alúmíníumverksmiðjan kæmi, þá notar hún vitanlega mörgum sinnum meira en þetta, en þá er það ákveðið, að orkusölusamningur, sem yrði gerður við hana, verði lagður fyrir Alþingi, þannig að greinin ætti að þessu öllu athuguðu að fullnægja óskum alþm. og tryggja það, sem ætlað er að tryggja með henni.

Þá er 12. gr., sem heimilar Landsvirkjun að taka lán og kveður á um það, hvað stjórn fyrirtækisins má ganga langt í skuldbindingum á hverjum tíma án þess að leita heimildar fyrir því.

13. gr. kveður svo á, að tollar skuli gefnir eftir af efni og vélum til virkjunarinnar, og er það vitanlega nýmæli í lögum, en hlýtur að vera öllum fagnaðarefni, sem vilja fá ódýra orku, því að tollar til Búrfellsvirkjunar mundu nema mörgum tugum milljóna, ef ekki hundruðum milljóna, og hefur þetta því veruleg áhrif á stofnkostnað virkjunarinnar og áhrif á orkuverðið, en hér er gengið inn á nýja braut og stefna mörkuð, sem hlýtur að gilda ekki aðeins við þessa virkjun, heldur og við aðrar virkjanir, sem á eftir kunna að koma.

Skv. 14. gr. er ríkissjóði heimilað að lána Landsvirkjuninni 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. ákveður.

Og skv. 15. gr. heimilast ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Landsvirkjun 1204 millj. kr. eða sem svarar 28 millj. dollara. Gert er ráð fyrir, að erlent lán fáist til þess að byggja þetta fyrirtæki upp, og hafa viðræður farið fram við Alþjóðabankann, og standa vonir til, að Alþjóðabankinn veiti lán í þetta fyrirtæki, ekki sízt vegna þess að staða Íslands út á við er nú orðin þannig, að Ísland hefur traust hjá alþjóðlegum lánastofnunum.

16. gr. er almenns eðlis. Hún er um skatta og annað, sem sjálfsagt þykir að hafa í lögum, og hliðstætt því, sem hefur verið í lögum áður.

Þá er 17. gr., sem gerir ráð fyrir því, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjuninni og að Laxárvirkjun geti sameinazt Landsvirkjuninni strax, ef norðanmenn óska, eða síðar, ef henta þykir. Hér liggur fyrir Alþingi frv. um Laxárvirkjun, heimild til þess að virkja í Laxá, ef norðanmenn að athuguðu máli vilja það heldur en að sameinast Landsvirkjun, og þá er gert ráð fyrir því, að ef Laxárvirkjun sameinast Landsvirkjuninni, áður en ríkið á helming í Laxárvirkjuninni, þá geti ríkið lagt fram fé til þess að tryggja áfram helmingseign í Landsvirkjuninni, en eins og nú er, þá á ríkið aðeins 35% í Laxárvirkjuninni, en Akureyrarkaupstaður 65%, en við næstu stækkun í Laxárvirkjun gerist ríkið eigandi að helming, og ef sameiningin verður ekki fyrr en það hefur skeð, þá verður ríkið eigandi að Landsvirkjuninni að helmingi af sjálfu sér, án nokkurra sérstakra aðgerða. Það er gert ráð fyrir því, að eftir að Laxárvirkjun hefur sameinazt Landsvirkjun, þá verði áfram 7 manna stjórn fyrirtækisins í hlutfalli við eignahlutdeild, þó þannig, að allir aðilar eigi a. m. k. einn mann í stjórn, og með því er Laxárvirkjun tryggður a. m. k. einn maður, og ráðh. skipar formann úr hópi þingkjörinna manna, en formaður hafi tvö atkv., og er þannig tryggt, að ríkið hefur einnig helming atkvæðamagns í fyrirtækinu, eftir að þessi breyting hefur á orðið.

Þá er 18. gr., sem er almenns eðlis, og sams konar og er t. d. í Sogsvirkjunarlögunum. 19. gr. er einnig almenns eðlis, svo og 20. gr., sem ekki þarf skýringa við.

Það er gert ráð fyrir því, að ef virkjuð verða aðeins 70 þús. kr. kw í fyrsta áfanga, þá verði virkjuninni lokið í árslok 1968. Verði hins vegar virkjað stærra, er gert ráð fyrir, að virkjuninni ljúki ekki fyrr en á miðju ári 1969, en að í árslok 1968 verði fullbúin ein vélasamstæða, þannig að það verði unnt að fá orku frá virkjuninni um áramótin 1968—1969, þótt fullnaðarvirkjun verði ekki komin.

Niðurstöður rannsóknanna liggja fyrir, og á þeim er þetta frv. byggt, og það sýnist þess vegna ekki vera vandi að velja, eins og komið er. Það hefur verið talað um ísvandamálið, og það neitar því enginn, að það er nokkurt vandamál. Það hefur alltaf verið vitað, að í íslenzkum ám og þá sérstaklega jökulám hefur verið ísrennsli. Sérfræðingar eru sammála um það, að þrátt fyrir ísinn sé Búrfellsvirkjun það hagstæðasta, sem við höfum. Hér hafa verið norskir sérfræðingar, sem athugað hafa þessi mál. Þeir hafa að vísu sagt: Þessum rannsóknum er ekki að fullu lokið. — En okkar dómur er sá, að það verði ekki um svo mikið vandamál að ræða, að það sé af þeim ástæðum ástæða til að fresta framkvæmdum við þessa virkjun. Gunnar Sigurðsson, sem hefur haft með þessi mál að gera á vegum raforkumálastjórnarinnar, hefur gefið mér skýrslu um þessi mál og tilgreint hér nokkur atriði, sem þarf að framkvæma í sambandi við ísinn. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég aðeins drepa hér á nokkuð úr þessari skýrslu. Gunnar Sigurðsson segir:

„Stífla og inntaksmannvirki eru þannig gerð, að hægt verður að skola ísnum um stíflu og áfram niður Þjórsá, þannig að ísinn safnist ekki fyrir við inntak og stífli rennslið til stöðvarinnar. Nú er verið að rannsaka þetta með módeltilraunum í rannsóknarstöð við Tækniháskólann í Þrándheimi, og þó að þeim sé enn ekki lokið, þá er þegar ljóst, að þær muni bera tilætlaðan árangur.

Það er gert ráð fyrir að minnka það ísmagn, sem berst að inntaksmannvirkjunum, með ráðstöfunum ofar í ánni. Í áætlunum er gert ráð fyrir görðum til að loka álum í ánni og minnka kæliflöt hennar á fleiri máta. Og enn fremur

er reiknað með snjógirðingu til að draga úr snjófoki í ána.

Miðlun verður gerð í Þórisvatni til að auka rennslið í Þjórsá, þegar vatnslítið er í ánni.

Gert er ráð fyrir að draga sem mest úr krapamyndun í vatnsvegum virkjunarinnar með því að hafa vatnshraðann það lágan, að lagnaðarís myndist á veituskurði og aðrennslisskurði virkjunarinnar.

Lokur og ristar verða hitaðar þannig, að ís myndist ekki á þeim og hindri eðlilega notkun þeirra."

Þessi skýrsla er alllöng og hirði ég ekki að svo komnu að lesa meiri úr henni, en þeir, sem um ísvandamálið hafa fjallað, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé vel yfirstíganlegt, og í áætluninni um virkjunina er gert ráð fyrir kostnaði, sem af ísvandamálinu leiðir. Þá er gert ráð fyrir þeim kostnaði í áætluninni, sem leiðir af varastöðvum og og nokkru leyti rekstri þeirra, áætluðum rekstrartíma, en varastöðvarnar þurfa að vera til, ekki aðeins vegna ístruflana, heldur einnig vegna bilana, sem kynnu að koma upp í stöðinni, og einnig það, að vegna varastöðvanna dugir ein lína frá virkjuninni, en þyrftu annars að vera tvær. En með þessu öllu er reiknað í þeim áætlunum, sem fram hafa farið.

Ég hef hér stiklað aðeins á stóru í stóru máli, en vegna þess að hv. alþm. hafa kynnt sér málið og um það hefur verið mikið skrifað, þá tel ég ekki við þessa 1. umr. ástæðu til að hafa framsöguna lengri. Ég tel, að það sé aðalatriði þessa máls, að á bak við það liggja ýtarlegar rannsóknir færustu manna og að sérfræðingarnir eru sammála um, að þrátt fyrir ístruflanir, sem geta orðið, þá er þetta hagstæðasti virkjunarstaðurinn.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hygg, að engum muni blandast hugur um það, að ekki geti verið annað en samkomulag um, að nauðsynlegt sé nú að ráða fram úr virkjunarmálum, a. m. k. hér á Suðvesturlandi, til alllangrar frambúðar, og að um nauðsyn þess að virkja nú verði ekki deilt. Raforkuþörfin vex mjög óðfluga, og yfirlit síðustu tíu ára sýnir, að raforkunotkunin hefur á því tímabili fyllilega tvöfaldazt. Sérfræðingarnir segja okkur, að þessi þróun muni halda áfram, þannig að á næstu tíu árum þurfi jafnmikla orku til viðbótar eins og alla þá orku, sem fyrir er í landinu nú virkjuð, svo að hér er um sýnilegt stórmál að ræða, sem nauðsynlegt er að ráða bót á, eins og ég sagði, og alls ekki vonum fyrr, að hæstv. ríkisstj. leggi fram tillögur sínar til úrlausnar því.

Sagið er nú fullvirkjað, eins og hæstv. ráðh. nefndi, og raforkuskortur í Reykjavík á næsta leiti. Ég hygg, að sú raforka, sem fyrir hendi er, muni aðeins duga fram á árið 1967, og þó er hún raunar þegar orðin of lítil, ef haft er í huga, að Áburðarverksmiðjan mun ekki hafa fengið allt það afl, sem hún hefur óskað og gæti tekið við.

Ég veit, að þessi mál hafa verið til athugunar nokkuð langan tíma og margir staðir hafa komið til greina við fyrstu sýn. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því hér áðan, og við höfum fengið aðgang að því í fskj. með frv. um Landsvirkjun, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tala langt mál um það, hverjir þeir séu, en þeir sérfræðingar, sem starfað hafa að þessum málum, hafa lagt í það mikið verk og tekið þá alla til athugunar og öll þau vandamál, sem þar koma fyrir, hvert á sínum stað.

Nú er upplýst, að til athugunar á Búrfelli í Þjórsá eða virkjun þar hafi þegar verið varið 35—40 millj. kr., þannig að augljóst er, að hér er ekki um órannsakað mál að ræða. Það hefur verið mikið rannsakað, og það hafa að vísu komið fram talsverðir örðugleikar á virkjun þarna, en þó alls ekki meiri en svo, að þeir sérfræðingar, sem álit gefa og prentað er með frv., og þeir, sem komið hafa til viðtals við fjhn. beggja d., þegar sameiginlegur fundur var haldinn um málið, þeir telja þá ekki óyfirstíganlega, og samhljóða álit þeirra er það, að Búrfellsvirkjun, þrátt fyrir þau vandkvæði, sem játað er, að séu þar fyrir hendi, sé hagkvæmasta virkjun, sem völ er á hér á Suðvesturlandi a. m. k., jafnvel á öllu landinu.

Þessi skoðun kemur glögglega fram, t. d. af áliti raforkumálastjóra, sem prentað er sem fskj. 2, og niðurstöðuna er að finna á bls. 19, þar sem segir, með leyfi forseta, að „niðurstaðan er, að Búrfellsvirkjun án alúmíníumbræðslu sé erfið fyrstu árin samanborið við smávirkjanir, en ólíkt betri, þegar fram í sækir, eða sem svarar 360 millj. kr. á sextán árum. Að sjálfsögðu má fara millileið og reikna með t. d. tveimur smávirkjunum í stað þriggja, áður en ráðizt er í Búrfellsvirkjun, og bætir það smávirkjanaleiðina. Á hinn bóginn mundi sú millileið ekki létta byrjunarörðugleika Búrfellsvirkjunar það mikið, að ekki sé réttara að ráðast í hana strax, ef nægileg lán eru fáanleg."

Til rannsókna á virkjunarmöguleikum hefur enn fremur verið leitað til erlends fyrirtækis. Það er bandarísk fyrirtækið Harza, sem starfað hefur að þessum rannsóknum hér allmörg undanfarin ár. Niðurstöðu þess er að finna á bls. 41 í aths. með frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli verkfræðilegra athugana og áætlana vorra um virkjun vatnsafls á Íslandi undanfarin sjö ár höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé og rökrétt að velja Búrfell sem næsta virkjunarstað til að fullnægja orkuþörf Suðurvesturlands."

Á áliti þessara sérfræðinga, sem unnið hafa að rannsóknum virkjunaraðstöðunnar hér, byggjum við framsóknarmenn hér á Alþingi þá afstöðu okkar að vera því fylgjandi, að nú sé ráðizt í virkjun Búrfells. Við teljum, eða a. m. k. tel ég fyrir mitt leyti, að við höfum ekki að-

stöðu til þess að rengja það álit, sem þessir sérfræðingar eftir miklar og viðtækar rannsóknir hafa látið frá sér fara. Aðrir sérfræðingar hafa bent á, að þarna væri við erfiðleika að etja. Það er játað, en um leið upplýst af raforkumálastjóra, að þeir séu ekki meiri en svo, að þrátt fyrir þá sé hann fullviss um það, að Búrfellsvirkjunin sé hagstæðasta leiðin.

Um það frv., sem hér hefur verið lagt fyrir hv. Alþingi, er sitthvað að segja. Ég tel, að á því mætti gera og þyrfti að gera ýmsar lagfæringar til þess að það kæmi að fullu gagni í því atriði, sem því er ætlað að leysa, og það er að verða landsvirkjun. Frv. er kallað: „Frv. til l. um Landsvirkjun," og það leiðir vitanlega hugann að því, að það sé rafmagnsþörf landsins alls, sem þessu fyrirtæki er ætlað að sinna og leysa.

Í 3. gr. frv. er fjallað um hlutverk Landsvirkjunar. Við meðferð málsins í hv. Ed. var gerð sú breyting á 3. gr., að í stað þess, að áður sagði: „Sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar" o. s. frv., hljóðar greinin nú þannig: „Sýni áætlanir, að hagkvæmt sé að leggja aðalorkuveitur" o. s. frv. Hæstv. raforkumálaráðh. minntist á þessa breytingu hér og taldi hana smávægilega orðalagsbreytingu. Þar er ég ekki á sama máli. Ég tel, að þetta sé mikilsverð efnisbreyting, eigi að vera það og sé það eftir orðanna hljóðan. Með þessari breytingu, með því að fella það niður, að það þurfi að vera fjárhagslega hagkvæmt að dómi fyrirtækisins að ráðast í þau verkefni, sem þar eru nánar skilgreind, þá er nú horfið frá því gróðasjónarmiði, sem einkenndi þetta frv. í upphafi, og að því, að frv. og fyrirtækinu sé ætlað að leysa raforkuþörf landsins alls til frambúðar. Að vísu teldi ég, að þessa grein þyrfti að orða öðruvísi og enn þá ákveðnar, og ég geri ráð fyrir því að flytja um það brtt., ef ekki verður gengið að því í n., en ég tel þó, að hér hafi orðið mikilsverð og góð breyting á frv. í meðferð þess á Alþingi, og það ber að geta þess, sem vel er gert. En Landsvirkjun ætti að stefna að því að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og að reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur eftir nánari ákvörðun Alþingis.

Á frv., þegar það var til meðferðar í Ed., hefur enn fremur verið gerð sú breyt. við 2. gr., að þar er samráði við raforkumálastjórn bætt við. Ég tel einnig, að það sé til mjög mikilla bóta, að það eigi ekki að vera stjórn Landsvirkjunar ein, sem hefur úrslitavald um það, hvaða virkjanir verði ráðizt í og hvaða veitur verði tengdar, en ég tel þó, að lengra beri að ganga í þessu og undirstrika það, að það sé Alþingi, sem hér eftir eins og hingað til ráði stefnunni í raforkumálum. Hæstv. ráðh. sagði, og ég tel það mikils virði, að það væri meining sín og þeirra, sem að frv. stæðu, að sú tilhögun yrði áfram, eins og verið hefur, að Alþingi marki stefnuna, en mér finnst, að úr því að það er allra skilningur, þá sé rétt að orða það þannig, að það geti ekki farið á milli mála, hver tilgangurinn með frv. er.

Í sambandi við þetta mál er enn fremur ástæða til þess að minna á, að í mörg ár hefur það verið stefnuskráratriði og baráttumál Framsfl. hér á hv. Alþingi, að skipun raforkumálanna yrði með þeim hætti, að verð á raforku væri hið sama um allt land. Þetta mál hlýtur að vakna til nýrrar endurskoðunar nú, þegar stórt átak, stærsta átak, sem nokkru sinni hefur verið gert í virkjunarmálum landsins, er til umr. á hv. Alþingi.

Ég tel, að hér sé um sanngirnismál að ræða, og ef menn meina eitthvað með því, sem þeir tala um, að það beri að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þá er hér einstakt tækifæri fyrir þá, sem ráða, til þess að hrinda í framkvæmd einhverjum hluta af þeirri hugsjón sinni, því að það er og hlýtur að hafa áhrif, stórkostleg áhrif, eins og hæstv. raforkumrh. sagði, á tilkostnaðinn við að lifa, hvert raforkuverðið er. Enn fremur getur það í mörgum tilfellum algerlega haft úrslitaáhrif um það, hvort fólk helzt við í sínu byggðarlagi, hvort það hefur aðgang að ljósi og hita frá rafmagni eða það þarf áfram að búa við frumstæðari hætti í þessum efnum.

Talað er um, að það sé ekki hægt að tengja þetta mál, sama verð á raforku um allt land, við frv. um landsvirkjun, og það þurfi nánari athugunar við. Það má vel vera, að það kosti einhverja athugun, en ég á ekki von á, að sú athugun verði látin fara fram nú, frekar en verið hefur undanfarin öll þessi ár, nema það komi yfirlýsing frá Alþingi um, að það vilji, að þessi mál séu tekin til athugunar, og það vilji, að stefnt sé að því, að sama raforkuverð gildi um allt land, svo að ef menn eru ekki tilbúnir til þess að orða þau fyrirmæli eða reglur, þá er þó a. m. k. hægt að setja inn í þetta mál, að stefnt skuli að þessu lokamarki, og ég tel, að það væri rétt fyrir hv. Alþingi að gera það nú við meðferð málsins hér.

Mönnum hefur ekki alveg komið saman um það, hversu stórt bæri að virkja nú í Búrfelli, og hafa komið fram brtt. á hv. Alþ. í Ed. um að takmarka heimildina nú við minni virkjun, t. d. 70 þús. kw. Það er skoðun mín hins vegar, að raforkuþörfin aukist svo ört hér, að við verðum, áður en mjög langt um líður, þurfandi fyrir alla þá orku, sem hægt er að fá úr Búrfelli, og þess vegna sé ekki rétt að takmarka stærðina nú á þessu stigi. Það er líka augljóst, að við verðum að stefna að því að fullvirkja Búrfell, frekar en að fara í aðrar virkjanir jafnframt því, vegna þess að verulegur hluti af ávinningnum við að virkja þennan stað umfram aðra liggur einmitt í því, hvað stærri virkjun þar er miklu hagkvæmari, þannig að það viðbótarafl, sem fæst, eftir að byrjað er að virkja, það er svo tiltölulega miklu ódýrara og miklu hagkvæmara að virkja það. Þess vegna tel ég, að með hliðsjón af þessu tvennu sé ekki ástæða til þess að takmarka heimildina í lögum. Vitaskuld verður ekki notað meira

af þeirri heimild en þörf er fyrir hverju sinni, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að vera að flytja brtt. um það.

En í sambandi við þetta er rétt að koma að því, að ýmsir aðilar hafa endilega viljað tengja rafvirkjunarmálið við annað mál, við stóriðju á Íslandi, og þá alveg sérstaklega stóriðju, sem framkvæmd er fyrir erlent fjármagn. Ég vil taka það skýrt fram og undirstrika það, að ég tel, að hér sé um tvö óskyld mál að ræða. Ef samningsviðræður við útlenda aðila leiða til jákvæðs árangurs, þá verður vitanlega að virkja stærra en annars mundi. En þá fyrst, þegar sýnt er, að hagstæðir samningar náist og samningar, sem Alþ. hefur fallizt á, þá fyrst verður virkjað með hliðsjón af alúmíníumvinnslu erlendra aðila. Ég tel, að það sé svo augljóst mál, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum, að allir samningar þess eðlis séu ógildir og markleysa, fyrr en Alþ. hefur fyrir fram gefið heimild til þess að gera þá. Ég hefði talið rétt, að Alþ. undirstrikaði þennan skilning sinn með því að breyta 11. gr. frv. um Landsvirkjun í þá átt, að þar sé þetta skýrum stöfum sagt, t. d. einhvern veginn svona: Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meir en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþ. — Og ég geri ráð fyrir því að flytja brtt. í þá átt, ef ekki fæst samstaða um það í fjhn. við stjórnarmeirihl. að taka þessa brtt. þar inn.

Í 11. gr. frv. er enn fremur fjallað um raforkuverðið og fyrirmæli um það, hvernig raforkuverð skuli ákveðið. Þar segir, að raforkuverðið skuli við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og einnig að stefnt skuli að því, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgöngum til þess að það geti með eigin fjármagni, eins og þar stendur, og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægilega raforku.

Hér er brugðið nokkuð á annað ráð en hingað til hefur tíðkazt um verðlagningu frá raforkuverum ríkisins og Reykjavíkurborgar, þar sem um sameign hefur verið að ræða, svo sem verið hefur um Sogsvirkjunina. Í gildandi l. er raforkuverðið þaðan ákveðið framleiðslukostnaðarverð að viðbættum 5%. Sú stefnubreyting, sem hér er boðuð, er rökstudd með því, að þau 5%, sem Sogsvirkjunin hafi haft umfram framleiðslukostnað, hafi ekki nægt henni til að mynda neina sjóði til áframhaldandi virkjunar, þannig að hún sé nú fjárvana og allt fjármagn, sem þurfi til virkjunar, verði að fá að láni, og það sé skynsamlegt að breyta þessu og leyfa virkjununum að safna sjóðum.

Það getur út af fyrir sig verið skynsamleg afstaða að selja raforku með einhverju því verði, að nokkur sjóðsmyndun geti orðið. Það má vel vera, að 5% álag sé of lítið. Ég hef ekki aðstöðu til að dæma um það. En augljóslega hlýtur að vera hægt að tiltaka prósentuna eitthvað hærri, þannig að tryggt væri, að sjóðsmyndun gæti átt sér stað, án þess að raforkuverðið væri algerlega ótakmarkað af hendi Alþ. eða laganna.

Mér finnst, að fyrirtæki, sem hleypt er inn á jafnstóran markað og hér er um að ræða, allan raforkumarkað Suðvesturlands og víðar, þegar frá líða stundir, það sé ekki rétt stefna að veita því einkaaðstöðu til þess sjálft að verðleggja framleiðslu sína, að það eigi að koma til einhver annar aðili, sem hafi um það að segja, hvað raforkuverðið skuli vera. Og ég hefði viljað gera það að tillögu minni sem lágmarkstryggingu, lágmarkshemil í þessu sambandi, að gjaldskrá þessarar nýju Landsvirkjunar yrði eins og aðrar gjaldskrár að hljóta staðfestingu raforkumrh. Það tel ég algert lágmark og með því að nokkru leyti tryggt, að það verði fjallað um það mál annars staðar en í stjórn fyrirtækisins, og þannig verði tryggt, að það gróðasjónarmið, sem ef að líkum lætur verður nokkuð ráðandi í stjórn svona fyrirtækis, hafi ekki eitt úrslitavaldið um það, hvað fólk þarf að borga fyrir rafmagnið á því svæði, sem Landsvirkjun tekur yfir. Það hlýtur að vera hægt, eins og ég sagði áðan, að gera sér grein fyrir, hvaða álagsprósentu slíkt fyrirtæki þyrfti að fá til þess að safna tilteknum sjóðum á tilteknu tímabili. Ég er viss um það, að áætlun um þetta hefur verið gerð, en þrátt fyrir tilmæli fjhn.-manna á sameiginlegum fundum deildanna hefur þessi áætlun ekki enn þá verið sýnd okkur. Ég tel það miður farið. Ég tel, að það sé ekki rétt af hæstv. ríkisstj. og einstökum ráðh. að halda fyrir alþm., þeim sem sérstaklega eru til þess kjörnir að fjalla um tiltekin mál, upplýsingum, sem skipta máli um það, sem er til meðferðar.

Ég minnist þess sérstaklega, að fyrir örfáum dögum var verið að afgreiða hér frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka innlent lán, sem átti að ganga til þess að framkvæma framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj. fyrir árið, sem nú er að líða, og nokkrir þm. báru fram, að því er mér finnst, þá sjálfsögðu ósk, að þeir fengju nokkru nánari skilgreiningu á því, til hvers ætti að nota það fjármagn, sem hér var um að tefla, og báðu um það í n. og eins hér á hv. Alþ. að fá að sjá þessa framkvæmdaáætlun. Þessu var neitað, og við urðum að taka afstöðu til málsins án þess að hafa séð hana. En nokkrum dögum síðar var þessari sömu áætlun útbýtt hér á hv. Alþ. Þá kom það berlega í ljós, að hún var til, eins og vitanlega lá í augum uppi, því að það er ekki hægt að fara fram á lánsheimild til tiltekinnar framkvæmdar, án þess að hafa sjálfur gert sér grein fyrir, hvað á að gera. Svona stirfni finnst mér ástæðulaus, og ég vildi óska þess, að það yrði þá á næsta þingi, það verður tæplega á þessu, tekin upp önnur vinnubrögð í þessu efni og þm. gefinn kostur á að kynna sér þær áætlanir, sem fyrir hendi eru og frv. byggjast að nokkru leyti á og skipta máli um afgreiðslu þeirra.

Í 13. gr. frv. er það nýmæli, að við virkjun Landsvirkjunarinnar við Búrfell skuli fella niður aðflutningsgjald og söluskatt af efni, tækj-

um og vélum til virkjunarinnar og til eldsneytisafistöðva Landsvirkjunarinnar. Hér er einnig farið inn á nýja braut. Hér á að fella niður þau aðflutningsgjöld, sem allar aðrar virkjanir hafa fram að þessu orðið að greiða.

Ég get vel látið mér detta það í hug, að þetta sé ekki óskynsamleg leið til þess að halda niðri raforkuverði í landinu, og ef hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að gera það með þessu móti, þá er það vitanlega ekkert síður hægt en með einhverju öðru móti, sem mundi kannske verða fyrirhafnarmeira í framkvæmd. En jafnsjálfsagt er þá auðvitað hitt, að allar virkjanir, sem virkjaðar verða hér eftir, njóti þessara sömu réttinda, og í frv. um Laxárvirkjun, sem lagt hefur verið fyrir samtímis frv. um Landsvirkjun, þá er þetta líka svo, þar er gert ráð fyrir því, að Laxárvirkjun þurfi ekki að greiða þessi aðflutningsgjöld. En þetta styður vitanlega enn þá frekar þá kröfu, sem ég lýsti hér áðan, að raforkuverðið um allt land verði jafnt, vegna þess að með þessu, með niðurfellingu aðflutningsgjalda á stórri virkjun á Suðvesturlandi er vitanlega tekið úr sameiginlegum sjóðum allra landsmanna fjármagn til þess að lækka raforkuverðið hér. Þess vegna er það beinlínis hluti af því máli, sem hér er til meðferðar, að jafna raforkuverðið einmitt nú, og allt tal um það, að slík ákvæði eigi ekki heima í þessu frv., er hreinn fyrirsláttur. Það á einmitt heima hér. Það er einmitt verið að lækka aðflutningsgjöldin á tiltekinni virkjun fyrir stórt landssvæði á kostnað allra landsmanna, og ég tel það sanngirnismál, að móti því verði þeim, sem ekki búa við þessi kjör, hjálpað til þess að fá raforku við því sama verði og við hér sunnanlands eigum kost á. Og ég tel, að þetta eigi ríkissjóður að gera og honum beri skylda til þess, og ég tel, að hann geti það alveg eins vel, eins og að sjá af þeim tekjum, sem ríkissjóður mundi annars fá af aðflutningsgjöldum þessara véla og tækja. Og hér er um miklu minni fjárhæð að ræða en þessa niðurfellingu. Ég þori ekki að fullyrða, af því að ég hef ekki reiknað, svo að öruggt sé, hversu miklu það mundi nema, hvað það mundi kosta ríkissjóð mikið að greiða þann mismun, sem yrði við það, að allir fengju raforkuna við sama verði og við Reykvíkingar fáum hana eða komum til með að fá hana frá Landsvirkjuninni. En ég fullyrði, að það er aðeins brot af þeim aðflutningsgjöldum, sem samkv. 13. gr. frv. er ráðgert að fella niður.

Ég skal ekki, herra forseti, vera að lengja þessar umr. Málið er, eins og hæstv. ráðh. sagði, nokkuð rætt, bæði hér á hv. Alþ. og eins manna á meðal og í blöðum, og skal ég því láta þessi orð nægja nú við 1. umr. Ég vil aðeins draga saman það, sem ég sagði, að ég tel, að á grundvelli þeirra rannsókna, sem farið hafa fram, sé tryggt, að Búrfellsvirkjun sé hagkvæmasta leiðin, sem völ er á, og þess vegna beri að virkja við Búrfell, og ég vil undirstrika það, að með því er engin afstaða tekin til annarra mála og ekki nein afstaða til svokallaðs stóriðjumáls með erlendu fjármagni, því að áður en slíkur samningur er gerður, hlýtur samþykki Alþ. að liggja fyrir, enda segir svo berum orðum í skýrslu ríkisstj. um það mál á bls. 12, að ríkisstj. muni gefa þm. kost á að fylgjast með framvindu málsins, en leiði samningar til árangurs, má vænta þess, að samningur um raforkusölu til hins erlenda fyrirtækis og aðstöðu þess að öðru leyti hér á landi verði lagður fyrir Alþ. seint á þessu ári. Það er því hafið yfir allan vafa, að hér er um tvö mál að ræða, og ég mæli fyrir mitt leyti með því, að við Búrfell sé virkjað, en tek ekki þar með neina afstöðu til stóriðjumálsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hér hefur verið bent á, er mjög vafasamt, að rétt sé að kalla þá virkjun, sem fyrirhuguð er samkv. þessu frv., landsvirkjun, þ. e. a. s. virkjun, sem er fyrirhuguð fyrir allt landið. Mér sýnist, að hvort tveggja frv. og eins þær upplýsingar, sem fengizt hafa frá þeim, sem unnið hafa að undirbúningi þessa máls, bendi til þess, að hér sé beinlínis fyrirhugað að ráðast í virkjun fyrir Suðvesturland, efna til nýs fyrirtækis hér syðra, sem sé ætlað það verkefni að framleiða og selja raforku á þessu svæði, en teygja sig ekki til annarra landshluta nema eftir því sem þessu fyrirtæki þykir hagkvæmt fyrir sig. Í 3. gr. frv. er á það minnzt, eins og þar stendur, að sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Þetta ákvæði ber það með sér, að það á að leggja til grundvallar áætlanir og hagsmuni þessa fyrirtækis, sem hér á að efna til, þegar ákvörðun verður tekin um það, hvort rétt sé, að þessi virkjun verði tengd á einn eða annan hátt til annarra orkuveitusvæða en svæðisins hér suðvestanlands.

Á sameiginlegum fundi fjhn. þessarar d. og Ed. var nokkuð rætt um þessi atriði og m. a. við raforkumálastjóra. Og þar voru lagðar fram fsp. um það, hvernig menn litu á það atriði, ef málin bæri þannig að, að raforkumálastjóri landsins og raforkumálaráðh. teldu hagstæðast frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð að leysa raforkuþarfir orkuveitusvæðis fyrir utan þetta svæði eða einhvers annars landshluta á þann hátt, að það orkuveitusvæði eða sá landshluti yrði tengdur Landsvirkjúninni, hvort þeir litu þá svo á, að samkv. þessum l. gætu raforkumálaráðh. og raforkumálastjóri fengið því ráðið, að þessi leið, sem að þeirra dómi væri þjóðhagslega hagstæðust, yrði valin. Raforkumálastjóri svaraði á þá lund, að hann hefði alltaf hugsað sér það, að slík leið yrði farin. En það kom skýrt fram í þessum umr., að þetta er þó ekki hægt að gera samkv. ástæðum þessa frv., nema báðir eignaraðilar að þessu fyrirtæki, sem hér er gert ráð fyrir að mynda, þ. e. a. s. Reykjavíkurborg annars vegar og ríkið hins vegar, fallist báðir á það, að þetta verði gert. Og þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að það verði hagsmunir þessa fyrirtækis, sem eiga að ráða um það, hvort þessi

leið yrði farin eða önnur. Af þessum ástæðum höfum við Alþb.-menn bent á það, að það sé rétt í þessu tilfelli að breyta ákvæðum þessarar lagagr. á þá lund, að það yrði alveg ótvírætt tekið fram, að ef raforkumálaráðh. og raforkuráð ríkisins teldu, að hagstæðast væri að leysa raforkuþarfir annarra orkuveitusvæða eða annarra landshluta með því að tengja þau við þessa virkjun, þá ætti slíkt að vera heimilt, en ekki að miða þetta eingöngu við ákvörðunarvald eigenda þessarar svonefndu Landsvirkjunar. En það gefur vitanlega auga leið, að það er mjög hætt við því, að þeir, sem eiga þetta fyrirtæki, þ. e. a. s. Reykjavíkurborg og ríkið að jöfnum hluta, kunni að segja frá sínu sérstaka hagsmunasjónarmiði séð, að þeir óski ekki eftir því, að raforkuþarfir annarra landshluta verði leystar með tengingu við þetta orkuveitusvæði, ef það yrði til þess, að þá gengi fyrr upp sú ódýra orka, sem þeir eiga þarna sérstakan rétt til. En einmitt þetta sjónarmið sker í rauninni alveg úr um það, hvort hægt er að kalla þá virkjun, sem hér stendur nú til að efna til, landsvirkjun, sem eiginlega landsvirkjun, skrifað með litlum staf, eða hvort hér á aðeins að flagga tilteknu nafni, sem heitir Landsvirkjun, þó að það sé aðeins virkjun fyrir tiltekinn landshluta.

Það er svo málefni út af fyrir sig, hvort það þykir rétt, eins og raforkumálum okkar er nú komið, að fara þá leið, að ríkið og Reykjavíkurborg efni til nýs fyrirtækis hér suðvestanlands, sem sé fyrst og fremst hugsað fyrir þetta svæði. Ég tel, að sé þetta meiningin, eins og mér sýnist skína alveg greinilega út úr orðalagi á frv., eigi réttir aðilar að láta þetta koma ótvírætt fram, að þetta sé fyrst og fremst virkjun hér fyrir tiltekinn landshluta, það sé verið að leysa hagsmunamál þess landshluta, en aðrir landshlutar eigi hér ekki hlut að máli nema eftir því, sem eigendur þessa fyrirtækis telja hagkvæmt fyrir sig að skipta sér af málefnum þeirra.

Þetta frv. markar að verulegu leyti að mínum dómi breytta stefnu í raforkumálum landsins. Með raforkul., sem sett voru á Alþ. 1946, var í rauninni ákveðin sú stefna, að ríkið skyldi yfirtaka framkvæmdir í okkar raforkumálum á komandi árum. Raforkul. frá 1946 marka þessa stefnu strax í 1. gr., sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp. En 1. gr. raforkul. er svo hljóðandi:

„Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. mgr., verður ekki framseldur, nema samþykki Alþ. komi til. Við gildistöku þessara l. er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðh. er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdir innan 6 mánaða frá gildistöku l., og setur ráðh. þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra."

Þessi ákvæði og önnur fleiri í raforkul. frá 1946 eru alveg ótvírætt um það, að þá var tekin upp sú stefna, enda allmikið rædd hér á Alþ., að nú ættu Íslendingar að fara inn á þá braut að láta ríkið sjálft hafa með höndum framkvæmdir í okkar raforkumálum eða þá halda áfram að því leyti til, sem um væri að ræða framhaldsframkvæmdir við fullvirkjanir á þeim fallvötnum, sem byrjað var að virkja af einstaka sveitarfélögum, eins og m. a. Reykjavíkurborg, þá héldi ríkið áfram hlutdeild sinni í þessum orkuverum, en upp frá setningu l. yrði það fyrst og fremst ríkið. Það væri því í rauninni ekki óeðlilegt nú, þegar fyrirhugaðar eru stórframkvæmdir í raforkumálum þjóðarinnar og gert er ráð fyrir því að ráðast í stærri og meiri lántökur í sambandi við þessi mál, að nú yrði gert ráð fyrir því, að það yrði ríkið sjálft, sem stæði að þessum framkvæmdum. En nú bregður svo einkennilega við, að skrefið er stigið til baka frá því, sem stefnan var mörkuð 1946, og nú er að vísu nafnið notað, talað um landsvirkjun, en þá er hér um að ræða sérstakt fyrirtæki Reykjavíkurborgar og ríkisins. Gert er að vísu ráð fyrir miklum framkvæmdum og dýrum, en hér er um fyrirtæki þessara aðila að ræða, og það er gert á svo jöfnum grundvelli, að þar er ekki gerður neinn munur á valdi eða aðstöðu íslenzka ríkisins og Reykjavíkurborgar. Svo nákvæmlega er þetta allt upp sett í frv., að þar sem gert er ráð fyrir 7 manna stjórn, hefur íslenzka ríkið rétt á þrem fulltrúum og Reykjavíkurborg öðrum þrem, og ef þessir jafnréttháu aðilar geta ekki komið sér saman um oddamanninn, skal hæstiréttur skera úr um, hver þessi maður á að vera, því að ekki má viðurkenna það, að íslenzka ríkið sé gráðunni hærra í þessum tilfellum heldur en Reykjavíkurborg. Og síðan er það geirneglt í þessu frv., að það má ekki ráðast í eina eða neina breytingu, sem teljandi er á þessari Landsvirkjun, eftir að beinum stofnkostnaði er lokið, án þess að til komi ekki aðeins samþykki stjórnarinnar, heldur tveggja eigenda þessa fyrirtækis, þ. e. a. s. Reykjavíkurborg verður að samþykkja það fyrir sitt leyti. Þetta álít ég út af fyrir sig ranga stefnu í okkar raforkumálum. Ég held, að það hefði einmitt átt að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð var 1946, og í rauninni er það mín skoðun, að þörfin einmitt fyrir að velja þá leið, sem þá var ákveðin, sé miklum mun meiri nú en hún var 1946.

En það er í miklu fleiri greinum, sem gert er ráð fyrir því með þessu frv. um Landsvirkjun að umturna okkar gildandi raforkul. Samkv. raforkul. hefur það verið ákveðið sérstakt verkefni raforkumálastjóra ríkisins og með honum að nokkru leyti raforkuráðs að gera áætlanir um nýjar raforkuframkvæmdir fyrir landsmenn, fylgjast rækilega með öllum aðstæðum í þeim málum. En nú er hins vegar samkv. þessu frv. gert ráð fyrir því að taka þetta úr

höndum raforkumálastjóra og hans stofnunar og það jafnframt ákveðið, að það verði stjórn þessa nýja fyrirtækis, sem á að hafa með höndum áætlunargerðir um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á þessu orkuveitusvæði. Og þegar á það hefur verið minnzt, hvort menn gætu þó a. m. k. ekki fallizt á það, að þessar áætlanir og tillögugerð í þessum efnum skuli gerð í nánu samráði og samstarfi við raforkumálastjórn ríkisins, þykir það ekki heldur fært. Fyrirtækið áskilur sér þennan rétt, eða þannig hef ég skilið það. — Nei, það ber að leiðrétta þetta. Ég sé, að Ed. hefur breytt þessu, en á þeim fundi, sem ég mætti á sameiginlegum nefndarfundum fjhn. beggja d., fékkst þetta ekki afgreitt. En ég sé, að það hefur orðið ofan á í Ed. að fallast á það, að þessar áætlunargerðir skuli þó gerðar í samvinnu við raforkumálastjóra, og er það til bóta, þó að það sé mín skoðun, að þetta eigi að vera verk hans og hans stofnunar, en ekki slíks fyrirtækis sem þessa, sem hér er gert ráð fyrir að setja á fót.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í þessu frv. að taka upp breytta stefnu varðandi verðlagningu á raforku til almenningsnota. Skýr lagafyrirmæli hafa gilt um verðlagningu á raforku, þar sem gert hefur verið ráð fyrir því, að raforkan skuli vera seld frá orkuverunum með framleiðslukostnaðarverði að viðbættum 5%. En nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að stjórn þessa nýja fyrirtækis, sem nefnt er Landsvirkjun, skuli hafa rétt til þess að ákveða raforkuverðið eftir því, sem hún telur vera hagkvæmast og bezt fyrir sig. Að vísu er um það rætt, að áður en stjórn Landsvirkjunar ákveður raforkuverðið, skuli hún hafa fengið till. Efnahagsstofnunarinnar. Það breytir auðvitað engu um hennar vald. Valdið er hennar alveg tvímælalaust samkv. orðalagi 11. gr. frv. Efnahagsstofnunin hefur þarna aðeins tillögurétt, sem ég út af fyrir sig met ekki ýkjamikils í þessu tilfelli, enda er það yfirlýst, að ætlunin sé að breyta hér um verðlagningarreglur frá því, sem áður hefur verið, og það á þann hátt, að fyrirtækið taki til sín mun meiri álagningu en hingað til hefur verið leyfð samkv. l., og það er afsakað með því, að ætlunin sé að safna sjóðum, sem síðan eiga að duga til þess að ráðast í nýjar virkjunarframkvæmdir. Af þessu hlýtur auðvitað það að leiða, að rafmagnsverð hlýtur að hækka til almennings í landinu frá því, sem þurft hefði að vera.

Þetta voru nokkur almenn atriði varðandi ákvæði frv. og það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir að taka upp í sambandi við þessa svonefndu Landsvirkjun. En meginefni frv. snýst um það að veita þessu fyrirtæki heimild til þess að reisa nýtt raforkuver í Þjórsá við Búrfell, sem næmi allt að 210 þús. kw í afli. Og það fer ekki dult, að það er ætlunin með því að ráðast í þessa stórvirkjun, að fyrirhugað er að selja mikinn hluta þessarar orku til útlendinga, sem hér tækju þá upp atvinnurekstur í okkar landi. Hins vegar hefur það komið hér fram, að verði aðeins virkjað fyrir Íslendinga sjálfa á þessum stað, mundi fyrsti áfangi virkjunarinnar ekki verða nema sem næmi 70 þús. kw, en síðan haldið áfram þrep af þrepi, eftir því sem hagstætt væri frá sjónarmiði landsmanna. Ýmsar töflur fylgja grg. þessa frv., sem ætlað er að sanna, að þessi stærð af virkjun við Búrfell sé hagstæðasta virkjunin, sem hægt sé að ráðast í á Íslandi, og einnig það, að einmitt af því að hún sé svona hagstæð, skapi hún möguleika til þess að gera orkusölusamning við alúmíníumverksmiðju, sem hér yrði reist. Það má vel vera, að hagstæðast sé fyrir Íslendinga að ráðast í næstu virkjun fyrir sinn innanlandsraforkumarkað í Þjórsá við Búrfell. Það er mjög líklegt, að svo sé, jafnvel þó að fyrsti áfanginn yrði aðeins 70 þús. kw. Hins vegar sýnist mér, að þær upplýsingar, sem fram hafa komið um framkvæmdakostnað við þessa virkjun, séu enn þá svo ónákvæmar, að það sé mjög erfitt að segja um það, hvort þetta væri í raun og veru hagstæðasta leiðin.

Upplýsingar, sem gefnar hafa verið um áætlaðan virkjunarkostnað, eru mjög ósamhljóða. Fyrir nokkrum mánuðum fengum við alþm. skýrslu um þessi mál, og þar var gerð grein fyrir því, að orkuver af stærðinni 105 þús. kw í Þjórsá við Búrfell mundi kosta 1050 millj. kr. Og ýmsir útreikningar og áætlanir voru síðan gerð út frá þessari tölu. Nú nokkrum mánuðum síðar fáum við aðra áætlun, sem segir, að slík aflstöð á þessum stað mundi ekki kosta 1050 millj. kr., heldur mundi hún kosta 1300 millj. kr. Og í sömu upplýsingum var okkur gefið upp, að öruggt afl úr þessari virkjun, sem hægt væri að selja til alúmíníumverksmiðju, heildaraflið, sem væri örugglega hægt að fá úr þessari virkjun, væri 850 kwst. á ári. Nú fáum við hins vegar skýrslu, sem segir, að úr þessari sömu eða sams konar virkjun á þessum sama stað sé öruggt afl upp á 910 kwst. Þannig hrökkva þessar upplýsingar fram og til baka og virðist oft skakka tugum milljóna. Ég verð því að segja það, að mér finnst erfitt að treysta til fullnustu þeim talnalegum upplýsingum, sem liggja nú fyrir í grg. þessa frv. Nú er okkur sagt, að við það sé miðað, verði fullvirkjað við Búrfell afl, sem nemur 210 þús. kw, þá sé ráðgert að selja um 60% þessarar orku til alúmíníumverksmiðju á verði, sem nemur 10¾ úr eyri hverja kwst. Í skýrslu þeirri, sem ríkisstj. hefur lagt hér fram á Alþ. varðandi stóriðjumálin og þá sérstaklega alúmíníummálið, segir á bls. 24, að fulltrúar Alþjóðabankans hafi látið uppi þá skoðun, að þetta raforkuverð, 10¾ aurar fyrir kwst., mætti telja viðunandi af Íslands hálfu, eins og það er orðað þar, en mjög hagstætt fyrir alúmíníumfyrirtækið. Þetta voru orð, sem fulltrúar Alþjóðabankans höfðu, þegar fyrir lágu útreikningar um það, að 105 þús. kw raforkuver kostaði 1050 millj. Þá var það dómur bankans, að það mætti kannske segja, að orkuverðið, 10¾ úr eyri fyrir kwst., væri viðunandi fyrir Íslendinga, en mjög hagstætt fyrir alúmíníumverksmiðju. Auðvitað hafa fulltrúar bankans sagt

þetta miðað við þá tölu, sem þá lá fyrir í grg. um stofnkostnað virkjunarinnar. En nú liggja fyrir tölur, sem lagðar eru fram hér í þessu frv. og eru mun hærri. Á öðrum stað í þessari skýrslu segir einmitt varðandi viðræðurnar við fulltrúa Alþjóðabankans, þar sem var verið að falast eftir lánum til þess að ráðast í þessa framkvæmd, á bls. 25 í skýrslu ríkisstj., orðrétt á þessa leið: „Ef raforkuverð frá Búrfellsvirkjun ætti að nálgast 2.5 mills, þ. e. a. s. 10.75 aura kwst., mættu árlegir vextir og afborganir varla fara yfir 8% á ári.“ Allt miðað við þann stofnkostnað, sem þá var reiknað með. Nú segir hins vegar í grg. þessa frv., að ekki þyki fært að reikna með minni útgjöldum í sambandi við stofnkostnað vatnsvirkjana eins og í þessu tilfelli en 9.2%. Ég ætla, að þetta ásamt svo með því, þegar okkar kunnustu sérfræðingar í virkjunarmálum láta það fara frá sér, að þeir telji engan vafa vera á því, að þetta fyrirhugaða raforkuverð, 10¾ úr eyri fyrir kwst., sé raunverulega undir framleiðslukostnaðarverði, einnig miðað við þær áætlanir, sem liggja fyrir, þá sýnist mér, að þessar fullyrðingar þeirra raunverulega staðfesti það, sem kemur fram í skýrslu ríkisstj. og hefur komið fram frá fulltrúum þess banka, sem ætlað var að lána til fyrirtækisins. Ég held því, að það sé óhætt að slá því föstu, að salan á raforkunni frá þessu fyrirtæki, þar sem gert er ráð fyrir því að selja sem nemur 60% af framleiðslu orkuversins raunverulega á undirverði miðað við þann áætlaða byggingarkostnað, sem nú liggur fyrir, sé út af fyrir sig ekki mjög girnileg. En svo er annað, sem kemur hér enn til og gerir þetta þó enn verra, en það er það, að það getur ekki leikið vafi á, að þessi áætlaði byggingarkostnaður hlýtur að falla í reynslunni. Byggingarkostnaðurinn mun fara fram úr áætlun. Þessi byggingarkostnaður hefur verið miðaður við verðlag á árinu 1964, en síðan hafa orðið umtalsverðar hækkanir á verðlagi, bæði kaupi og öðru verðlagi, og gert er ráð fyrir því, að þessar byggingarframkvæmdir standi yfir um þriggja ára tímabil, — og dettur nokkrum manni í hug, að verðlag hækki ekki eitthvað talsvert á næstu þremur árum? Og er það nokkur goðgá að reikna með því, að þegar áætlanir eru gerðar upp á fullar 1700 millj. kr., eins og hér er gert í sambandi við fullvirkjun við Búrfell, muni þær áætlanir kannske vera eitthvað undir raunverulegum byggingarkostnaði miðað við margfalda reynslu okkar af slíkum áætlunum? Ég fyrir mitt leyti efast ekkert um það, að byggingarkostnaður þessa mannvirkis hlýtur að verða miklum mun meiri en áætlanir eru nú gerðar um.

Ég held, að þeir, sem gert hafa þessar áætlanir, hafi augljóslega flaskað á því, sem skýrsla ríkisstj. ber greinilega vott um, að því er slegið föstu í upphafi málsins, að til þess að grundvöllur eigi að fást til raforkuviðskipta við alúmíníumverksmiðjuna, megi framleiðslukostnaður okkar á raforku ekki vera hærri en 8.6 aurar á kwst. við stöðvarvegg. Þessu er beinlínis slegið fram í upphafi þeirrar skýrslu, sem ríkisstj. sendi frá sér um þetta mál. Þetta var grundvöllurinn, enda er hvað eftir annað að því vikið, að ef eigi að ráðast í vissar öryggisráðstafanir við virkjunina, sem mundu kosta viðbótarfé, útiloki það möguleikann til þess að selja raforku til alúmíníumverksmiðjunnar. En það er líka greinilegt, að aðstaða okkar manna gagnvart fulltrúum alúmíníumverksmiðjunnar hefur verið afskaplega veik frá byrjun. Lengi vel halda fulltrúar alúmíníumverksmiðjunnar sér við það, að þeir geti ekki borgað meira fyrir raforkuna en 8.6 aura eða 2 millj. Síðan fallast þeir á það, að þeir skuli borga 2½ mills eða 10.75 aura. En ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að það þarf að afsaka þessa upphæð einnig, vegna þess að hún er greinilega lægri en Norðmenn fá fyrir sína raforku, sem þeir selja þessu sama fyrirtæki nú á þessum tíma, því að þeir selja raforkuna fyrir 3 mills eða um 13 aura kwst. En þá eru strax afsakanir á reiðum höndum og á það er bent, að ástæðurnar til þess, að Íslendingar verði að sætta sig við lægra raforkuverð til fyrirtækisins en Norðmenn og reyndar einnig lægri skattgreiðslu, eins og fram kemur í skýrslunni, séu þær, að gert sé ráð fyrir því, að hér verði aðeins byggð verksmiðja, sem á að afkasta 30 þús. tonnum á ári, en í Noregi sé hins vegar um 60 þús. tonna verksmiðju að ræða. En nú, þegar alúmíníumhringurinn fór upp í 10.75 aura fyrir kwst., er hann kominn upp í 60 þús. tonna verksmiðju, og þessar afsakanir eru þar með fallnar. Ég tel því, að það bendi allt til þess, að raforkusala með þessum hætti, sem hér er ráðgerð frá þessu nýja fyrirtæki, sé vægast sagt lítið ábatasöm.

Á sameiginlegum fundi fjhn. þessarar d. og Ed., þar sem þetta mál var rætt, voru raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins spurðir um það, hvað mundi kosta mannvirki ofan við virkjunina, sem gætu gert virkjunina sæmilega örugga í rekstri. Og þar var það svar gefið, að ef ætti að ganga frá þessum mannvirkjum á þann hátt, sem almennt væri talið nokkuð tryggilegt, mundu slíkar framkvæmdir kosta 700 millj. kr., svo að augljóst er, að það getur skollið á okkur viðbótarstofnkostnaður og hann ekki svo lítill, bæði vegna vissra öryggisráðstafana, sem við teldum að þyrfti að gera til þess að gera virkjunina öruggari en hún er annars, og eins vegna umframkostnaðar við bygginguna. En hins vegar er alveg ljóst, eins og ég hef vikið að, að raforkan yrði seld samkv. þessari áætlun á svo lágu verði, að þar er ekki upp á neitt aukaverð að hlaupa fyrir slíkum ófyrirséðum kostnaði. Þá hefur einnig verið á það bent, að það er vitanlega óhjákvæmilegt að reikna með því, að talsvert þurfi að grípa til varaaflstöðva, ef tryggja á þann orkusölusamning, sem gert er ráð fyrir að gerður verði við alúmíníumverksmiðjuna, og rekstur varaaflstöðvanna yrði á kostnað Íslendinga, en þá kostar miklum mun meira að framleiða hverja kwst. af rafmagni, og ef notkun þessara varaaflsstöðva yrði talsvert

mikil, eins og okkar fróðustu menn í þessum efnum búast við, mundi aukakostnaðurinn af því einnig falla á okkur Íslendinga og gera virkjunina þeim mun óhagstæðari.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði, að í þeim áætlunartölum, sem upp væru gefnar um stofnkostnað þessarar virkjunar, væri gert ráð fyrir kostnaði vegna ísvandamálsins. Um þetta var rafmagnsveitustjóri ríkisins spurður á hinum sameiginlega fundi fjhn. Nd. og Ed., og hann svaraði því til, að það væru fyrirhugaðar ákveðnar, mjög smávægilegar ráðstafanir í þessum efnum, sem til framkvæmda mætti telja, og þegar hann var spurður um það, hvað þær mundu kosta, sagði hann, að kostnaður við þær mundi nema 3—4 millj. kr., eða sem sagt sem engu nemur í þessu tilfelli, af því að það er ekki gert ráð fyrir því í þessum kostnaðartölum, að gerðar verði neinar þær ráðstafanir til að forðast ísvandamálið, sem teljandi eru. Ég heyrði einnig að hæstv. ráðh. vildi láta orð að því liggja, að þær módeltilraunir, sem nú væru gerðar í Noregi einmitt til þess að kanna sérstaklega ísvandamálið, það mætti telja alveg víst, að þær heppnuðust og þannig mundi finnast lausn á þessu vandamáli.

Það kom einnig fram á þessum sameiginlega fundi fjhn. Ed. og Nd., að rafmagnsveitustjóri ríkisins upplýsti það, að hann væri alveg nýlega búinn að eiga símtal við Noreg, þar sem fyrstu tilraunir hefðu átt sér stað með þetta módel, og hann flutti n. þau skilaboð, að að vísu hefði tekizt að koma ísnum fram hjá, en það hefði bara farið allt of mikið vatn, svo að það væri með öllu útilokað að hafa það fyrirkomulag, sem þarna hefði verið ráðgert, og þyrfti nú að byggja upp á nýtt. Sem sagt fyrstu tilraunir við vandann hafa mistekizt, því að vitanlega þekkja það allir, að það er hægt að koma ísnum fram hjá með því að veita burt svo að segja öllu vatninu, en þá verður líka lítið eftir til þess að framleiða orku, og í því liggur vandinn í þessu tilfelli eins og öðrum hliðstæðum. Það má vitanlega ekki eyða allt of miklu af rennsli árinnar, ef ekki á að verða skortur á afli.

Nei, það er síður en svo, að það liggi fyrir, að ísvandamálið sé leyst. Það hefur þvert á móti komið fram við allar athuganir, sem fram hafa farið fram til þessa varðandi þetta sérstaka vandamál, að vandamálið liggur fyrir og það er ekki enn búið að finna lausn á því, og við vitum ekkert, hvað það kemur til með að kosta að leysa vandann. En með kostnaði af að leysa þann vanda er ekki reiknað í þeim áætlunum, sem hér liggja fyrir, og það verður ekki hægt að koma kostnaðinum af slíkum viðbótarframkvæmdum yfir á orkusöluna til hins stóra kaupanda, sem ætlar að kaupa fyrir fram 60% af orkunni. Það er hinn aðilinn, Íslendingar sjálfir, sem eiga að fá 40%, sem verða að standa undir öllum þessum óvissu útgjöldum, útgjöldunum, sem stafa af umframkostnaði, umframáætlun, kostnaðinum, sem stafar af rekstri varaaflstöðva vegna truflana, og kostnaðinum við það að leysa ísvandamálið.

Það getur því vitanlega hæglega farið svo, sýnist mér, að það orkuverð, sem Íslendingar sjálfir verða við að búa a. m. k. fyrstu 15—20 árin, meðan fastur orkusölusamningur er við alúmíníumverksmiðjuna, komi hún hér til, geti það raforkuverð orðið mun hærra en Íslendingar hefðu getað aflað sér eftir öðrum leiðum. Vitanlega er hægt að segja eins og hæstv. ráðh. sagði hér, að ísvandamálið er yfirstíganlegt. Það efast ég ekki heldur um. Ísvandamálið er yfirstíganlegt. Við slík ísvandamál hafa Íslendingar glímt við marga aðra virkjunarstaði, og ísvandamálin hafa verið leyst. En það bara kostar peninga að leysa þau, og af því hefði gjarnan átt að gera sér grein fyrir þessu, áður en ákveðið var að selja meginhlutann af orkunni með fyrirframsamningi til langs tíma.

Þessum atriðum, sem ég hef nú minnzt á, er í rauninni ómögulegt annað en að gera sér grein fyrir, þegar er ráðgert að ráðast í fyrirtæki, sem er stærra en nokkurt annað fyrirtæki, sem Íslendingar hafa ráðizt í, dýrara í stofnkostnaði og á margan hátt áhættusamara. Íslenzka ríkið á að standa fyrir lántöku eða ábyrgjast lán fyrir tiltekið fyrirtæki, og það er vitanlega ekki forsvaranlegt fyrir alþm. annað en að gera sér fulla grein fyrir því, hvað er líklegast að verði um rekstur þessa fyrirtækis. Er það áhættusamt fyrir ríkisheildina? Leysir það mikinn vanda landsmanna sjálfra? Tryggir þessi framkvæmd okkur ódýrari orku en við mundum geta tryggt okkur eftir öðrum leiðum? Í þessum efnum er það, sem við í minni hl. í stjórnarandstöðunni segjum eðlilega fyrst af öllu: Hvað er að segja um rekstraráætlun fyrir þetta mikla fyrirtæki? Það hlýtur þó að hafa verið gerð rekstraráætlun. Menn ráðast ekki í fyrirtæki upp á 1700 millj. án þess að hafa gert sér einhverja grein fyrir því, hvaða tekjur fyrirtækið ætti að hafa. Ég veit, að það liggur nokkurn veginn fyrir samkv. því, sem upp hefur verið gefið, hversu miklar tekjur geta komið til þessa fyrirtækis frá alúmíníumverksmiðjunni. En við verðum líka að áætla, hvað komi inn miklar tekjur til fyrirtækisins fyrir hinn hluta raforkunnar, sem við ætlum að selja landsmönnum. Við vitum það af fenginni reynslu, að ekki seljum við strax á fyrstu árunum alla orkuna, eitthvað talsvert verður þar eftir umfram. En þegar við alþm. biðjum um þessa rekstraráætlun, getum við ekki fengið hana. Við sjáum hins vegar í öðrum skýrslum, sem hér hafa komið fram á Alþ. frá ríkisstj., að fulltrúar Alþjóðabankans segja á vissu stigi umr., að þeir telji, að þessi greiðsla frá hinum stóra orkukaupanda, alúmíníumverksmiðjunni, sé svo lítil, a. m. k. fyrstu árin, að það sé mjög óþægilegt fyrir bankann að lána þessu fyrirtæki, meðan greiðslurnar séu ekki meiri. Og þá er reynt að fara þá millileið að láta alúmíníumverksmiðjuna borga aðeins hærra verð fyrstu árin, en þeim mun lægra verð en 10.75 aura síðari árin, því

að meðaltalsverðið fyrir hverja kwst. á að vera fast, 10.75 aurar.

Hvernig stendur á því, að það er verið að fela fyrir okkur þessa rekstrar- og greiðsluáætlun, sem hlýtur að liggja fyrir, því að það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að koma þannig hér fram fyrir okkur alþm., að hún láti í það skína, að hún hafi staðið svo að þessu máli, að hún hafi ekki einu sinni gert greiðsluyfirlit í sambandi við slíkt fyrirtæki sem þetta, að hún hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvað má búast við miklum tekjum til fyrirtækisins á 1. rekstrarári, á 2. rekstrarári o. s. frv. Auðvitað hafa þessar áætlanir verið gerðar, og við eigum rétt á því að fá þær, og við förum fram á það að fá að sjá þessar áætlanir.

Ég veit, að sá tími, sem Alþ. hefur hér til þess að afgreiða þetta stórmál, er orðinn mjög skammur. Það eru í rauninni aðeins eftir 2 starfsdagar hjá Alþ. að þessu sinni, þar sem fyrirhugað er, að þingslit verði á miðvikudaginn. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að leggja slíkt stórmál sem þetta fyrir Alþ. á þann hátt, sem gert er, að hvorki n. né einstökum þm. geti gefizt kostur til eðlilegrar athugunar og fullnægjandi athugunar á slíku máli sem þessu. Ég veit, að það vilja ýmsir fleiri ræða hér þetta mál, og skal því stytta mál mitt að þessu sinni. Málið fer til n., sem ég á sæti í, og gefst mér því kostur á að fjalla þar um málið og ræða um málið aftur hér við 2. umr.

Ég vil aðeins segja það, að það er hin almenna afstaða okkar Alþb.-manna til þessa máls, eins og það liggur hér fyrir, að við álítum, að þær heimildir, sem ætlað er að veita til virkjunarframkvæmda skv. þessu frv., eigi að miðast við þarfir Íslendinga sjálfra og það eigi því ekki á þessu stigi málsins að hafa heimildina til virkjunar við Búrfell í Þjórsá nema sem nemur 70 þús. kw, en það er það, sem ætlað er, að yrði fyrsti áfanginn, ef virkjað væri fyrir Íslendinga sjálfa. Auðvitað yrði ráðizt í þennan áfanga með það í huga, að síðar yrði haldið áfram og fullvirkjað yrði á þessum stað fyrir Íslendinga sjálfa. Við álítum einnig rétt að veita heimild til þess að velja aðra virkjunarstaði, sem miðaðir eru við þarfir Íslendinga sjálfra, ef nánari athugun á málinu leiddi til þess, að þeir staðir væru hagkvæmari sem fyrsta leið.

Við erum á móti því að veita að þessu sinni heimild til virkjunarframkvæmda í Þjórsá, sem nema 210 þús. kw, vegna þess að við álítum, að það bendi allt til þess, að ætlunin sé að nota þá heimild til þess að ráðast í framkvæmdir, sem eru miðaðar við hagsmuni allt annarra en Íslendinga sjálfra og eru mjög miklar líkur til að mundu leiða af sér ókjör fyrir okkur Íslendinga. Við munum væntanlega flytja hér svipaðar till. um þetta mál og við fluttum í Ed., en ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fara nánar út í þau einstöku atriði að þessu sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, að ég hef sjálfur átt sæti í landsvirkjunarnefnd, skipaður af hálfu ríkisstj., og í Sogsvirkjunarstjórn, sem þetta mál fjallar um. Ég vil leyfa mér alveg sérstaklega að taka undir þá hörðu gagnrýni, sem hv. 5. þm. Austf. hefur komið hér með á þetta frv. Sannleikurinn er, að það er fullkomið hneyksli að ætla að setja svona frv. í gegn og setja það í gegn á síðustu dögum þingsins. Þetta er eitt af þeim málum, sem Alþ. á virkilega að fá tækifæri til þess að geta fjallað um og á að vera hægt að ræða lið fyrir lið, ekki síst þegar þannig er að þessu máli unnið, að við, sem höfum t. d. átt sæti í stjórn Sogsvirkjunarinnar, átt sæti í raforkuráði, átt sæti í landsvirkjunarnefnd, höfum aldrei fengið þau gögn, sem við höfum beðið um í sambandi við þessa hluti, og ég er viss um, að af þessum stofnunum hefur aldrei verið um þetta mál rætt. Ég er þeirrar skoðunar, sem hér kom fram, sérstaklega hjá hv. 5. þm. Austf., að hér sé verið að framkvæma algera stefnubreytingu frá því, sem var ákveðið með l. frá 1946, sem voru raunverulega þjóðnýtingarlög í sambandi við raforkuna. En nú er verið að reyna að stefna með öllu þessu meira yfir í að gera þetta þannig, að það sé sem óháðast ríkinu sjálfu, þótt ríkið eigi þarna að vera að hálfu leyti eigandinn. Ég vil enn fremur undirstrika það, að það væri algerlega rangt að afgreiða þetta mál frá Alþ. öðruvísi en svo að heimila ríkisstj. aðeins 70 þús. kw virkjun og hana því aðeins, að það sýndi sig, þegar þetta er fullkomlega rannsakað, að það væri hægt að ráða við þessi ísvandamál, en að hafa hins vegar möguleika, ef það sýndi sig, að það yrði ekki mögulegt, að geta lagt í aðrar smærri virkjanir, meðan verið er að ganga frá því til fullnustu, hvort hægt væri að leggja í Þjórsá. Ég skal viðurkenna hitt, að Búrfell mundi vera langbezti virkjunarstaðurinn, svo framarlega sem ísvandamálið er fullleyst.

Þá er stefnubreyting viðvíkjandi álagningunni. Í gömlu l. um Sogsvirkjunina var bundið við 5%, og það var gert vegna þess, að það var gengið út frá því, og það var á sama árinu, sem l. um Sogsvirkjunina voru sett og raforkul., þá var gengið út frá því, að þetta ætti fyrst og fremst að vera þjónusta við almenning, en ekki fyrirtæki, sem fyrst og fremst ætti að vera til auðsöfnunar og gróða. Og það er sú stefnubreyting, sem hér er framkvæmd, að það á að reyna að losa þetta sem mest úr tengslum við ríkið, gera það að fyrirtæki, sem eigi að vera sem allra sjálfstæðast, þannig að það þurfi sem minnst tillit að taka til almennings, en sem mest tillit til hins að safna auði.

Þá er eitt atriðið, þótt það sé ekki mjög stórt, sem ég vildi benda alveg sérstaklega á í sambandi við þetta og er týpískt fyrir það, hvernig reynt er að losa þetta sem mest undan því beina eftirliti ríkisins og gera þetta eins og að hálfgerðu einkafyrirtæki. Það hefur alltaf verið svo í sambandi við raforkul., að það hefur

verið falið sérstaklega í 8. og 9. gr. í raforkul. raforkumálaskrifstofunni að undirbúa áætlanir. Þegar þessi lög voru lögð fyrir, var meiningin að fela Landsvirkjuninni þetta. Það var gerð ofurlítil breyting á þessu í Ed. En hvað þýðir raunverulega sú breyting á 3. gr.? Hún þýðir, að raunverulega raforkumálaskrifstofan og Landsvirkjunin vinna að nokkru leyti sama verkið. Þ. e. a. s., það virðist vera meiningin, að Landsvirkjunin, sem á að vera óbundin af öllum launakjörum ríkisins og öðru slíku, eigi að hafa þarna ýmiss konar aðstöðu, kannske líka til þess að láta menn vinna fyrir sig bara eftir reikning og annað slíkt til þess að geta framkvæmt þannig ýmsa hluti, sem gera aðeins þetta að öllu leyti hvað alla starfsháttu snertir að miklu meiri einkarekstri og að nokkru leyti skapar þarna alveg tvöfalt kerfi hjá ríkinu. Eftir að þessi lög væru samþykkt, er jafnt hægt á raforkumálaskrifstofunni eftir sem áður að vinna að undirbúningi við ýmsar raforkuveitur, það er greinilegt, þetta er í 8. og 9. gr., og þar er heimild til þess sama í sambandi við landsvirkjunarlögin. M. ö. o.: það er verið að reyna að svipta raforkumálaskrifstofuna vissum þætti af hennar verkefnum, sem hún hefur unnið fyrir ríkið og hefur unnið vel, og það er með þessu alveg sláandi út frá Parkinsonslögmálinu verið að reyna að koma upp enn þá fleiri fyrirtækjum, enn þá dýrari fyrirtækjum og enn þá vitlausari fyrirtækjum í sambandi við þetta. Þegar Sogsvirkjunin var stofnuð, þótti rétt að hugsa út frá því sjónarmiði að reyna að spara fyrir ríkið og reyna að spara fyrir Reykjavíkurbæ í þessum efnum. Þess vegna fannst Sogsvirkjuninni það rétt að fela Rafmagnsveitu Reykjavíkur reikningshald og alla stjórn á þessu fyrirtæki og það var aldrei neitt aðskilið. Núna aftur á móti, þegar þetta landsvirkjunarfrv. er lagt fyrir, er gengið inn á þá braut, að það á endilega að vera sjálfstætt fyrirtæki, sem þarna er rekið, sem nálgist það sem allra mest að vera eins og hálfgert einkafyrirtæki í rekstri. Ég álít þetta algerlega rangt. Það var vel hægt og ætti enn þá að setja inn í þessi landsvirkjunarlög, að það væri heimild til þess, a. m. k. fyrir ráðh. og fyrir stjórn Landsvirkjunarinnar, að fela raforkumálaskrifstofu ríkisins að annast stjórnina á þessu fyrirtæki. Hvaða ástæða er til þess að fara að mynda sérstakt fyrirtæki um þetta? Það er engin ástæða til þess. Raforkumálaskrifstofan getur að öllu leyti gert þetta. Þetta er gert beinlínis með það fyrir augum að skapa alls konar aðstöðu þarna í, sem ég að svo komnu máli ætla ekki að fara nánar út í, en kemur kannske betur fram, þegar þetta fyrirtæki byrjar að starfa, eins og þarna er lagt til.

Þá vil ég í sambandi við ísvandamálið leggja áherzlu á, að sú skýrsla, sem hér er með fskj. 5 frá Gunnari Sigurðssyni, þó að nafn raforkumálastjóra standi þar á, það er ekki rétt skýrsla, og ég vil óska eftir því, að fjhn. alveg sérstaklega rannsaki þá skýrslu og fái aðrar skýrslur um þetta efni, sem þegar hafa legið fyrir borgarráði Reykjavíkur, og það er hart, að hér skuli boðið upp á það, að alþm. skuli samþykkja lög um þessa hluti án þess að fá að rannsaka til fulls alla þá hluti, sem þarna eru og hafa komið fram.

Hér hefur verið spurt að því, hvernig standi á því, að rekstraráætlun fáist ekki. Ég bað um slíka rekstraráætlun, þegar ég var í þessari landsvirkjunarnefnd ríkisins, og gat aldrei fengið hana. Af hverju er hún þetta leyndarplagg? Af hverju fæst ekki reiknað með því, að þær aðstæður, sem var upplýst áðan að þyrfti að skapa til þess að gera þetta öruggt, mundu kosta um 700 millj. kr.? Og af hverju fæst ekki reiknað út, hvernig framleiðslukostnaðurinn yrði á raforkunni frá Búrfellsvirkjuninni, þegar þetta væri allt saman tekið með? Er verið alveg vísvitandi að reyna að blekkja þm., þegar verið er að setja þetta frv. í gegn? Er vísvitandi búið að neita okkur um upplýsingar, sem verið hafa í öllum þeim stofnunum ríkisins, sem hafa undirbúið þetta? Hvers konar frágangur er á þessum hlutum? Ég býst við, að það sé talað eitthvað betur við Alþjóðabankann og aðra slíka, en það er þó þessi stofnun hér, Alþingi Íslendinga, sem á að gera út um þessi mál.

Þetta vildi ég aðeins segja til þess að taka undir það, sem hér hefur þegar komið fram. Ég álít það fullkomið hneyksli, hvernig á að setja þetta mál gegnum þingið nú, og ég álít, að það geti þó ofurlítið orðið til þess að bæta úr því, ef fjhn. væri gefið tækifæri til þess að fá að athuga þetta mál nú almennilega, en ekki virðist heldur eiga að gefa neinn tíma til þess. Svona mál á ekki að setja í gegnum þingið á svona stuttum tíma. Það er ósköp vel hægt að framlengja þingið. Það er búið að hanga það lengi aðgerðalaust vegna sleifarlags ríkisstj., vegna þess að hún hefur ekki komið þeim frv. frá sér, sem hún þurfti að koma frá sér, bæði skattal. og þessum, en svo er heimtað af Alþ., að þetta sé allt saman afgreitt á 1—2 dögum. Hæstv. ríkisstj. er með slíkri aðferð að gera þingið að druslu í sínum höndum. Hennar eigin þm., hennar stjórnarstuðningsmenn sitja ekki einu sinni til þess að hlusta á nein rök eða reyna að skapa sér einhverja sjálfstæða hugmynd um það, sem hér er verið að gera. Og svo veit maður eftir á, að þegar hneykslin koma í ljós, sem svona afgreiðsla veldur, þá er reynt að þyrla upp slíku ryki fyrir almenning, að hann fái aldrei hugmynd um, hvers konar hneyksli það eru, sem hér hafa verið gerð. Það hefur verið rætt hérna nokkrum sinnum um það núna, hvernig farið var með áburðarverksmiðjuna, þegar hún var sett í gegn 1949, á síðustu dögum þingsins líka. Það er smáræði — og hefur þó verið slæmt — í samanburði við það, sem nú er verið að reyna að gera. Þess vegna vildi ég aðeins hér, fyrst þetta mál hefur komið allmikið við þær n. og stjórnir, sem ég hef verið í, mótmæla þessari afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 720, n. 745, 747 og 750, 751).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. N. hefur athugað frv. m. a. á tveim fundum sameiginlegum með fjhn. hv. Ed., en þangað komu raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins og gáfu n. þær upplýsingar, sem nm. óskuðu eftir. N. hefur klofnað um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, eins og fram kemur á þskj. 745, að málið verði afgreitt óbreytt eins og það kom frá Ed., sem gerði á því örlitlar breytingar. Ég tel ekki ástæðu til þess hér að fjölyrða um málið. Hæstv. raforkumálaráðh. hefur við 1. umr. þess bæði hér í þessari hv. d. svo og í hv. Ed. gert málinu þau skil, sem ástæða er til, og legg ég því til fyrir hönd meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um að reisa stóra rafstöð í Þjórsá við Búrfell, og þar er einnig að finna till. um heimild til ríkisstj. til að ábyrgjast lán til þessarar virkjunar, allt að 1204 millj. kr. Ef af framkvæmdum verður, verður þetta stærsta átak, sem gert hefur verið hér á landi í virkjunarmálum. Og víst er þess þörf, notkun rafmagns fer ört vaxandi og raforkuskortur yfirvofandi.

Á þskj. 747 liggur fyrir nál. frá 1. minni hl. fjhn. Í honum eru hv. 11. þm. Reykv. og ég. Við mælum með þessu frv. Við byggjum álit okkar á umsögn sérfræðinga, sem fylgja aths. með frv. Þeir telja stórvirkjun Þjórsár heppilegustu lausnina í rafmagnsmálum í þetta sinn.

Hér er stórt og þarft mál á ferð, en frv. þetta er þó gallagripur á ýmsan hátt. Það kemur mönnum ekki á óvart, þegar þess er gætt, að það er borið fram af núv. hæstv. ríkisstj. Þessa galla þarf að laga, en til þess gefst allt of naumur tími, þar sem stjórnin hefur fleygt málinu inn í þingið á allra síðustu dögum þess. Sú meðferð á þessu þýðingarmikla máli er óafsakanleg með öllu.

Frv. gerir ráð fyrir, að orkuverið við Þjórsá verði 210 þús. kw. Þetta er stór rafstöð. Segja má, að fullnægjandi hefði verið að veita nú heimild til að ráðast í 1. áfanga væntanlegrar virkjunar og ábyrgð fyrir láni, sem hefði verið nægjanleg til þeirrar framkvæmdar, þar sem Alþ. hefði getað veitt viðbótarheimildir, jafnskjótt sem þörf var fyrir stækkun virkjunarinnar. Við flytjum þó ekki till. um takmörkun á heimildum, hvorki til virkjunar né ríkisábyrgðar fyrir láni, þar sem við gerum ráð fyrir, að fram komnar upplýsingar sérfræðinga um, að hagkvæmt sé að stefna að fullvirkjun Þjórsár við Búrfell, séu réttar, og þótt þær framkvæmdir geti tekið alllangan tíma, þar sem hraði þeirra hlýtur að fara eftir orkuþörfinni. En það skal skýrt fram tekið, að þó að við mælum nú þegar með ríkisábyrgð fyrir allri þeirri upphæð, sem nefnd er í 15. gr. frv., og með heimild til þeirrar stóru virkjunar, sem um ræðir í 6. gr. þess, teljum við með öllu óheimilt að gera samning um raforkusölu til útlends fyrirtækis, án þess að sérstök lög um það hafi áður verið sett á Alþingi. Það teljum við heimildarlaust með öllu að gera slíkan samning án þess.

Allar meiri háttar framkvæmdir í raforkumálum hér á landi hafa verið gerðar af ríkinu eða með aðstoð þess. Þegar einstök bæjar- eða sveitarfélög hafa ráðizt í virkjanir fallvatna, hafa þau undantekningarlaust notið ríkisábyrgða til tryggingar lánum, sem þau hafa tekið til framkvæmdanna, og oft einnig beinnar aðstoðar ríkisstj. við útvegun lánsfjár. Með slíkri aðstoð ríkisvaldsins var komið upp virkjunum við Sogið, sem eru stærstu mannvirki þeirrar tegundar hér á landi. Og enn er það íslenzka ríkið, sem veitir ábyrgð og útvegar lánsfé erlendis til væntanlegrar Þjórsárvirkjunar samkv. frv., sem hér liggur fyrir.

Í sambandi við þetta stóra mál er skylt að taka til íhugunar, hvernig séð er fyrir raforkuþörf fólksins, sem býr í öðrum héruðum. Þar hafa verið reist nokkur raforkuver af ríkinu og önnur með aðstoð þess, og síðustu 10 árin hefur verið unnið að dreifingu rafmagnsins um kauptún og sveitabyggðir. Enn eru þó hátt á annað þús. sveitabýli á landinu, sem hvorki hafa rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum, og enn hafa ekki verið teknar ákvarðanir um framhald raflínulagna um sveitirnar, þótt telja megi, að nú sé um það bil lokið framkvæmd þeirrar 10 ára rafvæðingaráætlunar, sem unnið hefur verið eftir síðasta áratuginn. Þm. Framsfl. hafa lagt fram till. á síðustu þingum um, að gerðar yrðu áætlanir um rafvæðingu allra byggða og heimila á landinu, og yrðu þær áætlanir miðaðar við, að því verki yrði lokið fyrir árið 1969. Stjórnarflokkarnir hafa staðið gegn þessum till. Till. um þetta efni var enn borin fram af framsóknarmönnum tímanlega á þessu þingi, og enn varð ágreiningur um málið í þn., sem fékk till. til athugunar. Stjórnarflokkamennirnir í n., sem eru þar í meiri hl., hafa ekki annað fram að færa í þessu þýðingarmikla máli en till. um, að Alþ. vísi því til ríkisstj., sem hefur sýnt óskiljanlega tregðu í því að fallast á slíka áætlunargerð. Enn er því allt í óvissu um framkvæmdir. Raforkuráð er einn af þeim aðilum, sem á að fjalla um þetta mál, en þar eru engir fundir haldnir tímunum saman. Þar eru stuðningsmenn ríkisstj. í meiri hl. og bera ábyrgð á aðgerðaleysinu.

Það fólk, sem enn er án rafmagnsins, hefur lengi beðið þess með mikilli eftirvæntingu að fá vitneskju um, hvers það má vænta í þessu lífshagsmunamáli. En frá stjórnarvöldunum heyrist hvorki hósti né stuna. Frá þeim heyrist

ekkert um fyrirætlanir þeirra, og allt bendir til þess, að núv. ríkisstj. hafi svo takmarkaðan áhuga á að ljúka rafvæðingu sveitanna, að þær framkvæmdir dragist úr hófi fram. Af þessu hafa menn áhyggjur, sem vonlegt er. Ætla má, að ekki séu fleiri en 5% landsmanna, sem enn eru án raforku frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Það er ósæmilegt með öllu að láta þetta fólk verða lengi enn utan við ljósið og ylinn, sem rafmagnið veitir. Þjóðfélaginu ber skylda til að ljúka rafvæðingunni á allra næstu árum, og það er vel framkvæmanlegt, ef nægur vilji er til þess. Það er lítið fjárhagslegt átak fyrir þjóðina. Og fólkið, sem enn er án rafmagnsins, á heimtingu á því að fá nákvæma vitneskju um það án frekari tafar, hvenær þörf þess fyrir rafmagnið verður fullnægt. Sú vissa, ef veitt verður, getur forðað því, að mörg vel nothæf býli og jafnvel heil byggðarlög leggist í eyði.

Svo að segja allir landsmenn, sem nú njóta rafmagnsins, hafa fengið þau hlunnindi með atbeina ríkisins. Og enn er það ríkið, sem á að útvega lánsféð til þeirrar stórvirkjunar, sem um ræðir í þessu frv., og taka á sig ábyrgð á greiðslu þess. Það er því eðlilegt, að í sambandi við þetta mál verði tekið til íhugunar, með hvaða kjörum landsmenn fá rafmagnið frá þeim aflstöðvum og orkuveitum, sem ríkið hefur komið upp eða veitt óhjákvæmilega aðstoð til að koma upp. Í fjhn. komu fram upplýsingar um þetta atriði frá yfirmönnum raforkumálanna. Rafmagnsveitustjóri ríkisins skýrði okkur frá því, að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins mundi nú vera um það bil 30% hærra en heildsöluverð frá Sogsvirkjuninni, sem ríkið á að hálfu leyti. Og hann gizkaði á, að söluverð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins sé nú um það bil 40—50% hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þessi verðmismunur þarf að hverfa. Ríkið er stærsti raforkuframleiðandi og raforkusali landsins. Það á helming Sogsvirkjunarinnar og rafstöðvar í öllum landsfjórðungum. Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá raforkuverzlun ríkisins. Þetta er réttlætismál. Því flytjum við brtt. við frv. um, að inn í það verði bætt nýrri gr., sem mælir svo fyrir, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til notenda skuli vera það sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Enn fremur að ríkissjóður skuli greiða þann halla, sem verða kann á rekstri rafveitna ríkisins vegna þessarar breytingar. Þetta er 2. brtt. á þskj. 747.

Sumir kunna að segja, að þetta ákvæði eigi ekki heima í frv. um Landsvirkjun, en það er misskilningur. Með þessu frv. er stefnt að því, að ríkið gerist enn stærri raforkuframleiðandi og rafmagnssali en áður, og þá er fyllilega tímabært að setja í lög, að ríkið selji öllum landsmönnum þessar nauðsynjar með sama verði. Fleiri rök hníga að því, að einmitt nú eigi að setja þetta í lög. Við 1. umr. um þetta mál vakti hv. 11. þm. Reykv. athygli á fyrirmælum 13. gr. frv., þar segir svo, að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt á efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, en þetta er nýmæli í l. Engar upplýsingar liggja fyrir um þær fjárhæðir, sem ríkissjóður gefur Landsvirkjuninni eftir með þessu ákvæði frv., en þar er vitanlega um stórfé að ræða. Og sú eftirgjöf á ríkisgjöldum styður mjög þá till., að um leið verði ákveðið, að ríkið leggi fram fé til lækkunar á rafmagnsverði í öðrum landshlutum, en af vélum og efni til raforkuvera og orkuveitna, sem þar hefur verið komið upp, hafa ætíð verið greidd full aðflutningsgjöld samkv. landslögum.

Ég vil þessu næst gera grein fyrir öðrum brtt. okkar hv. 11. þm. Reykv., sem við flytjum á þskj. 747.

1. brtt. okkar er við 3. gr. frv. Í henni er rætt um verkefni Landsvirkjunar. Þar vantar skýr fyrirmæli um, að fyrirtækið eigi að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna. Sú stofnun, sem ber það stóra heiti, Landsvirkjun, á að vera þjónustufyrirtæki fyrir alla þjóðina. Geri hún það ekki, kafnar hún undir nafni, og til þess að ákveða þetta verkefni virkjunarinnar leggjum við til í 1. brtt. okkar, að 3. gr. frv. orðist á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Það er einnig verkefni Landsvirkjunar að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur eftir nánari ákvörðun Alþ. Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skal gilda um land allt.“

Það var svartur blettur á frvgr., þegar hún var lögð fyrir þingið. Þar kom fram blákalt peningasjónarmið. Þar var sagt, að ef áætlanir fyrirtækisins sýni, að það sé fjárhagslega hagkvæmt að leggja orkuveitur frá landsvirkjun út fyrir Suðvesturlandið, skuli það heimilt, annars ekki. Ekkert vikið að því, að fullnægja beri þörfum manna fyrir rafmagn. Hv. Ed. bar gæfu til að þvo þennan ljóta blett af gr. að verulegu leyti. Eins og hún er nú orðuð, má lesa það út úr henni, að gróðasjónarmiðið eigi ekki að ráða, a. m. k. ekki eingöngu. En þrátt fyrir mikilsverða lagfæringu í Ed. þarf að gera betur, og því flytjum við okkar till., þá er ég las hér áðan.

Upphaf 7. gr. frv. er þannig: „Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, sem fer með raforkumál.“ Samkv. raforkul. á Alþ. að taka ákvarðanir um byggingu stærri rafstöðva. Það fyrirkomulag viljum við láta haldast og leggjum því til í 3. brtt. okkar, að 1. málsl. gr. falli niður. Af því mundi það auðvitað leiða, að þessi ákvæði raforkul. héldust í fullu gildi.

Þá eru loks brtt. okkar við 11. gr. frv. Í fyrri mgr. eru fyrirmæli um ákvörðun raforkuverðs frá Landsvirkjuninni. Samkv. því á Landsvirkj-

unin sjálf eða stjórn hennar að ákveða verðið á rafmagninu, sem hún selur. Í l. um Sogsvirkjun er ákveðið hámarksverð á rafmagni. Það er ekki í þessu frv.

Ríkið heldur uppi kostnaðarsömu verðlagseftirliti. Það eru margir ríkislaunaðir menn, sem ákveða m. a. útsöluverð á títuprjónum, vasaklútum og öðrum slíkum varningi. En samkv. frv. þessu á einkasölufyrirtækið, sem verzlar með rafmagn, sem almenningur þarf að kaupa og borgar mikið fyrir, að fá sjálfdæmi um söluverð þess. Ekki er hægt að segja, að samræmið sé gott í verðlagningarmálunum hjá hæstv. ríkisstj. Við flytjum till. um, að ráðh. raforkumála skuli staðfesta gjaldskrá Landsvirkjunar.

Síðari mgr. 11. gr. frv. er ekki síður íhugunarverð en sú fyrri. Þar kemur fram mjög varhugaverð stefna. Því hefur verið haldið fram af lærðum mönnum og leikmönnum í þessum efnum, að einn höfuðkosturinn væri sá við stórar virkjanir, að frá þeim gæti almenningur fengið ódýrara rafmagn en frá litlum aflstöðvum. Og trúlega er þetta rétt. En ég fæ ekki betur séð en að með ákvæðum mgr. sé strikað yfir vonir manna um lægra raforkuverð, sem þeir ættu að geta notið vegna þess, hve Þjórsárvirkjunin er stór. Í gr. er m. a. rætt um orkusölusamninga til langs tíma við stóriðjufyrirtæki. Líklega gægist þarna fram draumur ríkisstj. um orkusölusamning við útlent fyrirtæki, og síðan segir í niðurlagi mgr.: „Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“

Þarna segir, að stóru samningarnir megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið. M. ö. o.: raforkuverðið til almennings má vera jafnhátt og það hefði orðið án orkusölu til stórra iðjufyrirtækja, aðeins ekki hærra. Þetta væri hægt að framkvæma þannig, að hin stóru iðjufyrirtæki hafi ein hagnaðinn af því, hve virkjunin er stór, og aðrir ekki. Við teljum ekki rétt að samþykkja þessa mgr., eins og hún liggur fyrir. Því leggjum við til, að hún falli niður, en í hennar stað komi ný mgr., sem verði þannig orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Til orkusölusamninga við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþingis.“

Þetta er síðasta brtt. okkar á þskj. 747.

Herra forseti. Ég hef lokið að ræða um brtt. okkar, sem skipum 1. minni hl. fjhn. Ég vil að síðustu bera fram þá ósk, að væntanleg framkvæmd samkv. þessu frv. verði þjóð vorri til hagsbóta. Það er von mín, að m. a. vegna þessarar framkvæmdar verði vel séð fyrir rafmagnsþörf heimilanna næstu áratugi og að íslenzkur iðnaður, sem rekinn er af íslenzkum mönnum, geti þar fengið nægilegt afl til að knýja sínar vélar.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég mun nú gera grein fyrir brtt. mínum við frv. í stuttu máli. Mér þykir einsýnt, að það sé tilgangslítið að halda hér uppi löngum umr. eða leggja hér fram fsp., sem mættu verða eitthvað til upplýsinga í þessu mikla máli. Það þykir ekki lengur vera tími til þess að standa þannig að afgreiðslu málsins, að hægt sé að veita þær upplýsingar, sem um er beðið, eða fá þær umr. fram hér, sem mættu verða til þess að skýra málið. Ég vek aðeins athygli á því, að þrátt fyrir ítrekaða beiðni hefur fjhn. ekki getað fengið rekstraráætlun fyrir þetta virkjunarfyrirtæki. Mjög lauslegar upplýsingar, sem þar voru gefnar og áttu að koma í stað rekstraráætlunar, eru fjarri því að geta svarað þeim spurningum, sem svarað hefði verið með eðlilegri rekstraráætlun, en það hefur sem sagt ekki fengizt fram, að slík rekstraráætlun yrði lögð á borðið. Það sama er að segja um greiðsluáætlun, sem þó skiptir mjög miklu máli í sambandi við þetta mikla fyrirtæki, hvernig greiðslum þess muni verða háttað fyrstu árin, þegar búast má við talsvert þungum gjöldum hjá fyrirtækinu og meiri útgjöldum en tekjum af raforkusölu. Upplýsingar um þetta hafa ekki heldur fengizt. Það sama er að segja um upplýsingar varðandi ráðgert raforkuverð frá fyrirtækinu. Þær upplýsingar hafa ekki heldur fengizt. Og eins og hér hefur komið fram í umr., er augljóst, að byggingaráætlanir, sem fyrir liggja, eru mjög á reiki og erfitt á þær að treysta.

Á þskj. 751 flyt ég fimm brtt. Þær eru sömu till. og þm. Alþb. fluttu um þetta mál í Ed.

1. brtt., sem er við 3. gr., miðar að því að ákveða það skýrt og skilmerkilega, að þessi Landsvirkjun eigi að vera raunveruleg landsvirkjun, en ekki aðeins virkjun fyrir tiltekinn landshluta, en það teljum við Alþb.-menn að sé eðlilegt, að þessu mikla fyrirtæki verði ætlað það verksvið að ná til landsins alls.

2. brtt. mín á þskj. 751 miðar að því að takmarka heimildina samkv. 6. gr. frv. um stærð orkuversins við 70 þús. kw aflstöð sem fyrsta áfanga að fullvirkjun Þjórsár við Búrfell. En það hefur komið hér fram, að verði virkjað á þessum stað fyrir Íslendinga sjálfa, mundi 1. áfangi virkjunarinnar verða af þessari stærð. Í þessari till. leggjum við einnig til, að Landsvirkjunin fái heimild til að ráðast í aðrar virkjanir, minni, en fleiri, ef nánari athugun málsins bendir á, að hagkvæmara væri að hverfa að því ráði.

3. brtt. mín er um breytingar á stjórn fyrirtækisins, að stjórnarnm. verði fjölgað úr 7 í 9. Ég tel, að hér sé um svo mikið fyrirtæki að ræða, að það sé eðlilegt, að það séu 9 menn í stjórn þess og t. d. að öllum flokkum hér á Alþ. og í borgarstjórn sé gefinn alveg ótvíræður réttur til þess að eiga fulltrúa í þessari stjórn.

4. brtt. mín á þskj. 751 er um verðlagningarákvæðin í frv., en þar legg ég til, að sama regla verði látin gilda áfram um verðlagningu á raforku frá raforkuveri þessu eins og verið hefur um raforku frá Soginu, þó hækkuð nokkuð, þannig að heimiluð verði 7% álagning í stað 5%, sem verið hefur Og í þessari till. er

einnig d-liður, um það, að orkusölusamningar við erlenda aðila skuli háðir samþykki Alþingis.

5. till. er svo aðeins til samræmingar við till. 3 á þskj.

Fengjust þessar brtt. samþykktar, ynnist það, að því yrði í fyrsta lagi slegið föstu, að þessi Landsvirkjun væri þá fyrirhuguð sem virkjun fyrir landið allt. Í öðru lagi væri því slegið föstu, að virkjunin væri ætluð fyrir þarfir landsmanna einna. Og í þriðja lagi væri því slegið föstu, að í meginatriðum skyldu sömu reglur gilda áfram um verðlagningu á raforku frá raforkuveri eins og gilt hafa að undanförnu. Þetta tel ég mikilvægustu ákvæðin, sem þyrftu að fást fram í sambandi við afgreiðslu þessa frv.

Ég vil svo ekki, eins og tíma er orðið háttað nú, lengja frekar umr. um þetta mál, en tel miklu skipta, að þessar till., sem ég flyt á þessu þskj., nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 747,1 felld með 20:13 atkv.
— 751,1 felld með 16:7 atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 747,2 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, GeirG, SJóh, VH, HS, SP, IG, JSk, LJós, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ.
nei: EI, EmJ, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, SI, AJ, BF, BBen, ÁP, BGr.
SÁ, SvJ, SB greiddu ekki atkv.
4 þm. (EOl, PS, RA, BP) fjarstaddir.
4.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 751,2 felld með 22:4 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 747,3 felld með 19:14 atkv.
7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 751,3 felld með 21:7 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 751,4.a felld með 18:5 atkv.
— 747,4.a felld með 20:12 atkv.
— 747,4.b felld með 20:14 atkv.
— 747,4.c felld með 20:15 atkv.
— 751,4.b felld með 20:16 atkv.
11.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 751,5 tekin aftur.
17.—21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 761).

---

63. Laxárvirkjun.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um Laxárvirkjun [202. mál] (stjfrv., A. 611).

Á 80 fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um heimild til l. um Laxárvirkjun, er í megindráttum byggt á núverandi l. um Laxárvirkjun, l. nr. 54 25. maí 1949, sbr. l. nr. 64 25. maí 1950, um breyt. á þeim lögum. Breytingarnar, sem gerðar eru frá gildandi l. um Laxárvirkjun, miða einkum að því að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að unnt sé að stækka vatnsaflsstöðvarnar við Laxá við Brúar eins og orkuþörfin á Norðurlandi gefur tilefni til. Er í megindráttum gert ráð fyrir í frv., að Laxárvirkjunin verði sá aðili á Norðurlandi, sem eigi og reki þau raforkuver, sem þörf er á á svæðinu, og eigi jafnframt og reki aðalorkuveitur um Norðurland til að tryggja samræmda og hagkvæma framleiðslu og dreifingu á raforku á þessu svæði. Til skýringar á frv. að öðru leyti vísast til þeirra aths., sem með frv. eru prentaðar og hv. alþingismenn væntanlega hafa fyrir sér.

Samkv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Laxárvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar og rétt sé að breyta þeim eignarhlutföllum, þegar næst verður hafin aukning vatnsaflsstöðvar í Laxárvirkjun. En eins og kunnugt er, á ríkið nú 35% eignarhluta í virkjuninni, en Akureyrarkaupstaður ⅔, 65%, en gert er ráð fyrir, að með næstu virkjun aukist eignarhlutur ríkisins þannig, að það verði helmingaeign á staðnum.

Samkv. 2. gr. er stefnuyfirlýsing um tilgang Laxárvirkjunar, og beina yfirlýsingu um þetta efni er að finna í gildandi l. um virkjunina. Megintilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði og selja raforku til dreifiveitna. Í 2. mgr. er því lýst yfir, að það sé verkefni Laxárvirkjunar að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands og til Austurlands, þegar henta þykir.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um málið. Það liggur fyrir og er tekið fram í 4. gr., að ráðgerð stækkun er um 12 þús. kw. Það er miðað við orkuþörfina á næstu árum, en Sigurður Thoroddsen hefur gert nákvæma áætlun um kostnað við þessa stækkun. Gerir Sigurður Thoroddsen ráð fyrir, að 12 þús. kw virkjun kosti 160 millj. kr. og er það án nýrrar línu til Akureyrar, gert ráð fyrir, að gamla línan geti flutt þessa orku. Hins vegar hefur einnig verið reiknað út, hvað 22 þús. kw virkjun mundi kosta, og er gert ráð fyrir, að hún kosti 294 millj., og er þá reiknað með, að ný lína hafi verið byggð til Akureyrar. Í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir heimild til þess að virkja

meira en 12 þús. kw og þykir það nægilegt að sinni, enda tæplega gerandi ráð fyrir því, að á heimildum standi til þess að virkja, eftir því sem þörf er á, ef Norðlendingar eða eigendur Laxárvirkjunar telja það hagkvæmara að virkja við Laxá heldur en ganga sem fyrst inn í Landsvirkjun og leggja línu frá Búrfelli norður í Eyjafjörð, en lína frá Búrfelli norður í Eyjafjörð, sem flytur 30 þús. kw, er áætlað, að kosti um 90 millj. kr. En eins og gert er ráð fyrir í landsvirkjunarfrv., geta Norðlendingar valið um þessa tvo kosti, þ. e. að gerast aðilar að Landsvirkjuninni nú þegar eða að notuð verði heimild, sem ætlað er að gefa samkv. þessum l. um virkjun Laxár. Og það er vitanlega nýmæli og stefnubreyting að gera ráð fyrir því, að í stað þess að virkja á Austurlandi verði lögð lína frá Laxárvirkjuninni austur, og sömuleiðis, að í stað þess að virkja strax í Skagafirði verði lögð lína frá Akureyri til Norðvesturlandsins.

Ég geri ráð fyrir því varðandi orðalagið í 2. gr. þessa frv., 2. mgr., að ýmsir hv. þm. vildu gera aths. við hana, og ég verð að viðurkenna, að eftir að hafa lesið frv. nægilega vel yfir, þá sýnist mér, að það sé þörf á að breyta orðalaginu, þar sem segir í 2. mgr.: „Sýni áætlanir stjórnar Laxárvirkjunar og eigenda hennar, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðurlands, Skeiðsfossvirkjunar og Austurlands, skal það vera í verkahring Laxárvirkjunar að leggja og eiga slíkar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum.“ Það væri, að mér sýnist, eðlilegt að breyta þessu, því að ef það reynist ekki hagkvæmt að leggja þessar orkuveitur frá Laxá austur og vestur, frá sjónarmiði Laxárvirkjunarstjórnar, þarf eitthvað annað til að koma. Hins vegar er enginn vafi á því, að frá sjónarmiði raforkumálastjórnarinnar er það hagkvæmara að leggja þessar veitur heldur en að virkja smávirkjanir á fyrrgreindum stöðum. Þetta mál þarf að athuga í hv. fjhn. og mun ég gera ráðstafanir til þess, að raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri hafi eitthvað um það að segja. En þess má geta, að það eru til lög nr. 16 frá 1956, sem heimila að leggja veitu frá Laxá til Austurlands og veitu frá Akureyri til Norðvesturlands, þannig að sú hugmynd um að gera þetta er ekki alveg ný af nálinni, þótt ekki hafi úr framkvæmdum orðið. En ég man eftir því, að 1954 eða 1955, þegar rætt var um að virkja Grímsá á Austurlandi, var mikið um það rætt, að það væri heppilegra að leggja línu frá Laxárvirkjun austur, en þá sóttu Austfirðingar það fast að fá sérvirkjun. En ég gæti bezt trúað því, að Austfirðingar litu þannig á nú, að það væri aðalatriðið að fá nægilega orku frekar en það, hvort þeir fá virkjun heima hjá sér eða ekki, og þannig held ég, að sjónarmið manna hljóti að verða eftirleiðis, það verði það, sem spurt er um: fáum við nægilega orku og fáum við orkuna á sanngjörnu verði? — en ekki hvaðan aflið kemur. Og þess vegna er það, að þeir, sem hafa mest með þessi mál að gera, hafa sannfærzt um það, að það hljóti að vera rétta stefnan að virkja á hinum hagkvæmustu stöðum og tengja svo hinar ýmsu veitur saman, þannig fái landsmenn öruggasta orku og þannig verði verðið jafnast og ódýrast.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Þetta frv. um Laxárvirkjun kemur með sömu skyndingu fyrir Alþ. og ýmis önnur frv. frá hæstv. ríkisstj. á þessum síðustu starfsdögum þingsins. Sum þessara frv. virðast þannig að útliti, að þau séu tæplega fullburða, þótt síðborin séu. Þau þyrftu því nákvæma hjúkrun í nefndum, sem kalla mætti í þessu sambandi vöggustofur eða hjúkrunardeildir þingsins. En þær eru þannig settar, þessar hjúkrunardeildir, að þær hafa ekki ráðrúm til að veita nauðsynlega hjúkrun, enda fréttir maður það nú, að einstök frv., jafnvel þótt þau hafi komið fram fyrir nokkru, séu að gefa upp öndina á þessu þingi. Og það var þess vegna, sem við nm. úr fjhn. greiddum atkv. á móti því að taka á móti einu þessu blessaða barni í okkar n. Og þó mundi ég sízt hafa á móti því, að það frv. næði fram að ganga.

Mér skilst, að þetta frv. um Laxárvirkjun hafi þó þrátt fyrir nauman undirbúning verið borið undir stjórn Laxárvirkjunarinnar og hún hafi ekkert verulegt við frv. að athuga. Það tel ég mikilsvert. Frv. er í meginatriðum byggt á l. frá 1949 um Laxárvirkjun, eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, og það er samræmt þeirri stefnu, sem hafin er með frv. um Landsvirkjun. Markmiðið er landsveita, og ég hef síður en svo við það að athuga. Laxárvirkjunin á að vera slík veita á sínu svæði, hliðstæð því, sem Landsvirkjunin hér syðra á hennar svæði.. En auðvitað er Laxárvirkjunin miklu minni í sniðum, enda minna við hana haft, að því er þetta frv. snertir.

Landsvirkjunarfrv. fylgja miklar áætlanir. En það er ekki haft fyrir því að láta þessu frv. fylgja slíkar grg. Ég sakna þess, og ég veit, að aðrir eru á sama máli, jafnvel þótt hæstv. ráðh. bætti nokkuð úr því áðan í framsöguræðu sinni með því að segja frá einstökum atriðum úr áætluninni. Það er gert ráð fyrir því, að tvöfalda megi virkjun þá, sem fyrir er í Laxá við Brúar. Og það er gert ráð fyrir framlögum og öðrum stuðningi af ríkisins hálfu, sem ég vænti, að sé í svipuðu hlutfalli við tilkostnað og eignarhluta eins og er af ríkisins hálfu gagnvart Landsvirkjuninni hér syðra. Vissu um það hef ég þó ekki, af því að áætlunarútreikninga vantar. En hvenær má ráðast í stækkun virkjunar fyrir norðan? Það er ekkert um það í frv. né grg., svo að ég hafi fundið. Mér er sagt, að í blaði fyrir nokkrum dögum hafi hæstv. raforkumálaráðh. talað um, að það yrði ekki fyrr en eftir 4 ár. Nú standa þannig sakir, eftir því sem ég veit bezt, fyrir norðan,

að raforka sú, sem þar er framleidd, er fullnýtt. Það er komið í toppinn, og ef Norðlendingar eiga að bíða í 4 ár eða þangað til búið er að virkja við Búrfell, fer ekki hjá því, að það verður rafmagnshungur. Nú vildi ég biðja hæstv. ráðh. að upplýsa, hvort það er ætlun hæstv. ríkisstj. að ætla okkur, sem búum á orkusvæði Laxárvirkjunar, þetta hlutskipti. Við erum þannig gerðir, að við viljum ógjarnan vera hornrekur.

Annars vil ég fyrir mitt leyti gera það, sem í mínu valdi stendur til að greiða fyrir framgangi þessa frv. Hæstv. ráðh. minntist þó á galla í 2. gr. Ég hef merkt þar við og geri það ekki að umræðuefni. Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því, að það yrði bætt úr þeim ágöllum, sem þar eru fyrir hendi.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. um Laxárvirkjun er flutt samhliða hinu stóra frv. um Landsvirkjun og er sniðið í samræmi við þá stefnu, sem kemur fram í frv. um Landsvirkjun. Landsvirkjunarfrv. hefur nú verið hér til 1. umr. í þessari d. og afgr. til n. Við þá umr. var sú stefna, sem kemur fram í þessum málum, rædd nokkuð almennt, og ég ætla mér ekki að fara að endurtaka það, sem þá kom fram. En ég tel þó rétt að víkja nokkuð að einum þætti þessara mála eða í þeirri stefnu, sem kemur fram í þessum frv., bæði til þess að vekja nokkuð fyllri athygli á þeim þætti málsins heldur en gert hefur verið í d., og ég tel mig hafa ástæðu til þess að víkja að þessum þætti, vegna þess að í þessu frv. um Laxárvirkjun er með vissum hætti vikið að raforkumálum Austurlands, en þessi þáttur, sem ég ætla að gera að umtalsefni, er um skipulag og yfirstjórn raforkumála og sambandið, eins og mér virðist það verða á milli raforkumálaskrifstofunnar annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar, eins og frv. liggur fyrir.

Þegar raforkulögin voru sett fyrir um það bil 20 árum, var sú stefna mörkuð í löggjöfinni, að það væri ríkisstofnun, sem færi að mestu leyti með framkvæmd raforkumála, þegar undan er skilin Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, og um dreifingu raforkunnar og orkuveitur úti um land væri það ríkisstofnun, raforkumálaskrifstofan, sem hefði þær framkvæmdir á hendi með umsjá raforkuráðs, sem er þingkjörin n., undir yfirstjórn ráðh., en síðan ætti ráðh. að leita heimildar hjá Alþ. hverju sinni, sem ný orkuver væru reist eða meiri háttar orkuveitur lagðar.

Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að færa þessum orðum stað með því að vitna beinum orðum í nokkur ákvæði raforkulaganna. Í 1. gr. raforkul. segir svo:

„Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. mgr., verður ekki framseldur, nema samþykki Alþ. komi til. Við gildistöku þessara l. er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðh. er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og grg. um framkvæmdir innan 6 mánaða frá gildistöku l., og setur ráðh. þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra. Enn fremur er ráðh. heimilt að fengnum till. raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafmagnsþörf sinni, ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsveitur geta ekki eða óska ekki að láta rafaflið í té."

Í 3. gr. segir: „Ríkisstj. setur á stofn og starfrækir rafmagnsveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðh., sem fer með raforkumál."

Í 7. gr. segir enn fremur: „Engum nema rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakílsárvirkjun selja héraðsrafmagnsveitum sínum og rafmagnsveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga og reka eða eiga í smíðum samkv. 1. gr." — Þ. e. a. s. fyrir 20 árum, þegar raforkul. voru sett, þetta er nú innskot frá mér. — „Réttur sá, sem rafmagnsveitum ríkisins er áskilinn samkv. 1. mgr., verður ekki framseldur, nema samþykki Alþ. komi til."

Í 8. gr. segir enn fremur: „Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt yrði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjóri ráðh. till. sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Till. sínum til ríkisstj. lætur raforkumálastjóri fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, grg. um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum."

Í 9. gr. segir: „Nú telur ráðh. að fengnum till. raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþ. og gerir jafnframt till. um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað."

Og enn í 53. gr., þar sem rætt er um raforkuráð, er það berum orðum tekið fram, að eitt af verkefnum raforkuráðs sé það, að ráðinu skuli sendar til athugunar og umsagnar till. raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitur og till. ríkisstj. til Alþ. um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum.

Ég hef vitnað hér í allmörg ákvæði raforkulaganna til þess að færa sönnur á það, að það er stefnan, sem mótuð var með raforkul. fyrir um það bil 20 árum, að ríkisvaldið hafi bæði yfirstjórn raforkumálanna og beiti sér fyrir öllum meiri háttar framkvæmdum að þessu leyti. Og stefnan, sem leggja á til grundvallar samkv. anda raforkul. um útfærslu raforkukerfisins og aukningu orkunnar, virðist mér vera sú, að það eigi að leggja til grundvallar orkuþörf þeirra héraða eða landshluta, þar sem framkvæmdir eru gerðar.

Ég fæ ekki séð, að með þessum frv. sé ætlazt til að fella raforkul. úr gildi eða breyta þeim, ég hef ekki komið auga á það. En hins vegar er í þessum frv. mótuð sú stefna að koma upp nýrri stofnun. Landsvirkjun, sem á að vera sjálfstæður réttaraðili, er hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og sjálfstæða stjórn. Auðvitað lýtur hún yfirstjórn ráðh., eins og aðrar stofnanir, en ég fæ ekki séð, að hún eigi að vera í beinum tengslum eða undir yfirstjórn raforkuráðs eða raforkumálastjóra. Þegar málin horfa svo, er full ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig sambandið verður í reynd milli þessara stofnana. Nú segir í 1. gr. í frv. um Landsvirkjun, að Reykjavíkurborg og ríkið eigi hvort um sig helming fyrirtækisins, og stjórn fyrirtækisins á að vera skipuð í samræmi við þessi eignahlutföll. Nú held ég, að það sé rétt, að ríkið eigi vatnsréttindin í Þjórsá, og enn fremur eru ákvæði í frv. um það, að ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjunin tekur, að fjárhæð 1204 millj. kr. Ríkið á að vera í sjálfskuldarábyrgð fyrir eiginlega nær öllu lánsfénu. Þegar á þetta er litið, virðist ekki vera óeðlilegt, að ríkinu hefði verið ætluð meiri íhlutun í stjórn fyrirtækisins en frv. gerir ráð fyrir. En ég fæ ekki betur séð en að þessi nýja stofnun, Landsvirkjun, eigi beinlínis að sellast inn á það verksvið, sem raforkumálaskrifstofan hefur nú samkv. raforkul. Í 2. gr. frv. er talað um, að Landsvirkjun eigi að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar, yfirtaka með samningum orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum, selja raforku í heildsölu til héraðsrafmagnsveitna, rafmagnsveitna ríkisins o. s. frv., og enn fremur að annast áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar. En þetta orkuveitusvæði er í grg. ráðgert austan úr Skaftafellssýslu og allt vestur á Snæfellsnes, og á þessu svæði mun verða framleiddur mikill meiri hluti af allri þeirri orku, sem landsmenn nota, a. m. k. á næstu árum. Og í 3. gr. frv. um Landsvirkjun er beinlínis tekið fram, að starfsemi Landsvirkjunar skuli í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun, en sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Ég fæ ekki séð samkv. þessu frv., að í hvert sinn, sem ráðizt er í meiri háttar orkuveitu eða stækkun eða byggingu á nýju orkuveri, þurfi að leita heimildar Alþ. eins og þó hefur verið gert samkv. raforkul. um þær framkvæmdir, sem raforkumálaskrifstofan hefur á hendi fyrir ríkisins hönd. Mér sýnist, að það eitt eigi að nægja, að fyrirtækið meti það, hvort slíkar framkvæmdir séu fjárhagslega hagkvæmar fyrir það, og leggja grg. fyrir ráðh. og með samþykki hans sé málið afgreitt. En þessi þáttur mála er með þessu dreginn úr höndum Alþ. umfram það, sem verið hefur. Þá er einnig eftirtektarverður sá munur, sem er á þeim anda, sem kemur fram í raforkul. um nýjar orkuveitur, þar sem í raforkul. er það sem aðalatriði, að áður en hafizt er handa um að reisa eða kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til. Það er grundvallaratriði í raforkul. að meta þörf þess landshluta, sem framkvæmdirnar eiga að ná til, fyrir aukna orku. En tilsvarandi grundvöllur samkv. þessu frv. er, að sýni áætlanir fyrirtækisins, þ. e. a. s. Landsvirkjunar, að fjárhagslega sé hagkvæmt, þ. e. a. s. fyrir það, fyrirtækið, að leggja aðalorkuveitur o. s. frv., skuli það gert eða leitað samþykkis ráðherra fyrir því. Það virðist vera, að gróðasjónarmið fyrirtækisins sé sett ofar en orkuþörf þess landshluta, sem til greina kemur. Ég vildi vekja athygli á þessari stefnu, því að mér sýnist hún vera næsta athugunarverð.

Þá vil ég í framhaldi af þessu segja örfá orð um raforkumál Austurlands og af því tilefni, að eitt ákvæði í frv. um Laxárvirkjun snertir þessi mál á Austurlandi.

Í 2. gr. frv. um Laxárvirkjun er ákvæði alveg hliðstætt því, sem ég var að tala um í Landsvirkjunarfrv., þar sem segir:

„Sýni áætlanir stjórnar Laxárvirkjunar og eigenda hennar, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðfossvirkjunar og Austurlands, skal það vera í verkahring Laxárvirkjunar að leggja og eiga slíkar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum.“

Í 5. gr. þessa frv. er enn fremur ákvæði um það, að fyrirtækið, þ. e. Laxárvirkjun, geti ráðizt í byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna, en til þess þurfi leyfi ráðh., og áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Laxárvirkjun senda ráðh. þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum og lýsingu á þeim o. s. frv. Það var vakin athygli á því í umr. um Landsvirkjun af hv. 6. þm. Sunnl., að mig minnir, að ákvæði í því frv., sem að þessu lúta, munu væntanlega eiga við þá áfanga, sem til greina komi við Þjórsárvirkjun samkv. frv., en varla eigi að skilja þau svo víðtækt, að í þessu felist

heimild til þess að koma upp nýjum aflstöðvum við önnur vatnsföll. Ég tek eftir því, að í grg. Laxárvirkjunarfrv. segir um þetta ákvæði: „Frvgr. er sama efnis og 5. gr. l. nr. 54 1949 og þarfnast ekki skýringa.“ Ég hef veitt því eftirtekt, að orðalagið á frvgr. er með nokkuð öðrum hætti en í þeirri lagagr., sem hér er tekin til samanburðar, því að sú lagagr., sem hér er tekin til samanburðar, er svona, með leyfi hæstv. forseta: „Áður en byrjað er á nýju verki eða aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðh. uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu á þeim.“ En það væri fróðlegt að fá skýringar hæstv. ráðh. á því, hver skilningur hans er á þessu ákvæði í 5. gr. landsvirkjunarfrv.

Raforkumál Austurlands voru á sínum tíma leyst með Grímsárvirkjun, að svo miklu leyti sem hún fullnægir orkuþörf þess landshluta. En Grímsárvirkjunin skilar ekki nægilegri orku, bæði vegna þess, eins og frá öndverðu var vitað, að vatnsmagnið er nokkuð breytilegt í Grímsá, en eigi síður vegna hins, að orkuþörfin á Austurlandi hefur aukizt stórkostlega á undanförnum árum og er í hröðum vexti, ekki sízt vegna þess mikla síldariðnaðar, sem þar hefur risið upp og er enn að aukast. Að því er ég ætla, mun orkuþörfin á Austurlandi á þessu ári vera metin af þeim mönnum, sem bezt yfirlit hafa yfir þessi mál, um 6 þús. kw, en Grímsárvirkjunin fullnægir ekki nema í mesta lagi helmingi þess afls og stundum miklum mun minna en helmingi. Til viðbótar Grímsárvirkjuninni verður því að starfrækja dísilstöðvar í kaupstöðunum og kauptúnunum austanlands. Þegar rafrokumál Austurlands eru á þessu stigi, virðist það vera fullkomlega tímabært, að nú þegar á þessu ári eða a. m. k. á næsta ári verði gert átak með einhverjum hætti til þess að auka þá raforku frá vatnsaflsvirkjun, sem fjórðungurinn getur haft yfir að ráða. Það er langt síðan þeir, sem eru í forsvari fyrir Austfirðingafjórðung, bæði hér á þingi og heima í héraði, komu auga á þetta mál og þessa aðstöðu Austurlands. Og það munu liggja fyrir þegar frá árinu 1956 lög, frá 20. febr. 1956, þ. e. a. s. lögin voru afgreidd á þingi 1955, þótt þau væru ekki staðfest fyrr en eftir áramótin, heimildarlög bæði um virkjun Grímsár, sem þegar hefur komið til framkvæmda, og samkv. þessum l. er ríkisstj. heimilt að láta leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdalshéraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands. Og í þessum l. er lánsheimild til þess að hjálpa til að standa straum af kostnaði við verkið. Sú fjárhæð, sem þar stendur, alls 134 millj. kr., til þeirra verkefna, sem í þessum l. greinir, er að sönnu orðin of lág tölulega nú á viðreisnartímum, en frá þessu var gengið á sínum tíma á árinu 1955. Og um það leyti sem þessi lög voru sett var birt tilkynning opinberlega frá raforkumrn. Ég skal taka fram, að það var ekki núverandi hæstv. raforkumálaráðh., heldur fyrirrennari hans, sem gegndi embætti raforkumálaráðh. 1955, sem lét birta þessa tilkynningu, sem ég skal nú leyfa mér að lesa:

„Ákvarðanir hafa verið teknar um helztu virkjana- og veituframkvæmdir á árinu 1955 samkv. l. nr. 52 1954 um viðauka við raforkulög. Á Austurlandi verður hafizt handa um virkjun Grímsár í 2400 kw orkuveri, sem gert verður við Grímsárfoss, og í beinu framhaldi af þessari virkjun verður lögð raflína milli Laxárvirkjunar og Egilsstaða, sem tengir saman veitusvæði Austurlands og Norðurlands.“

Það vantar því ekkert á af hálfu Alþ. um lagaheimildir, að þessi lína væri nú komin austur á Hérað. En það hefur orðið nokkur dráttur á framkvæmdum, og þegar þessi dráttur var tekinn að verða nokkur langur, var á Alþingi 1960 gerð þál. um raforkumál Austurlands. Hún er afgreidd frá þinginu 27. marz 1961, eftir áramótin, og sú ályktun er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara heildarathugun á því, hvernig raforkuþörf Austurlands verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt. Verði m. a. tekin til athugunar tenging orkusvæða Austurlands og Norðurlands, virkjun Lagarfoss og virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði.“

Ég tel víst, að hæstv. ráðh., sem skipað hefur það sæti nú um 5 ára skeið, sé vel kunnugt um þessar samþykktir Alþ., sem ég hef nú gert hér að umtalsefni. Og það væri fróðlegt, og ég vildi gjarnan óska þess, að hann nú við þessa umr. gerði grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem hann hefur látið gera eða hefur í huga til þess að auka orkuna eða bæta aðstöðu Austurlands í sambandi við raforkuna á grundvelli þeirra samþykkta þingsins, sem fyrir liggja, og í samræmi við raforkulög, því að allar þessar samþykktir, sem síðan hafa verið gerðar, eru grundvallaðar á raforkul. og grundvallaðar á því, að raforkumálastjórnin, raforkumálaskrifstofan hafi á hendi og beiti sér fyrir þessum framkvæmdum vegna Austfirðinga. En nú sé ég það, að þegar þetta frv. um Laxárvirkjun kemur fram, segir í frv. berum orðum, að sýni áætlanir stjórnar Laxárvirkjunar og eigenda hennar, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja þaðan orkuveitur, m. a. til Austurlands, skal það vera í verkahring Laxárvirkjunar að leggja og eiga slíka raforkuveitu. Mér sýnist þetta orðalag svo afdráttarlaust, að það verði naumast skilið á annan veg, eins og það stendur í frv., en þann, að Laxárvirkjunin hér eftir, verði þetta samþ. óbreytt, eigi að hafa þetta verkefni á hendi, það sé á hennar verksviði. En ég vil þó beinlínis vænta þess að fá að heyra skilning ráðh. á þessu ákvæði. Er það skilningur ráðh., eins og mér sýnist orðalagið benda til, að eldri lagaákvæði, sem ég hef rakið, verði talin fara í bága við þessi lög, sem nú verða sett, og þau eigi að víkja fyrir þeim ákvæðum, sem kæmu inn í þessi hin nýju lög? Ef þetta er rétt, yrðu Austfirðingar þannig settir í sambandi við þetta mál, að þeirra orkuþörf

ætti að fullnægja af stofnun, þar sem þeir eiga enga íhlutun um stjórn, stofnun, sem er að nokkru leyti stjórnað af fulltrúum, sem ríkisstj. skipar, ekki einu sinni Alþ. kýs, heldur ríkisstj. skipar, og að öðru leyti af fulltrúum, sem Akureyrarbær tilnefnir. Austfirðingar hafa þá ekki lengur sömu aðstöðu og áður að leita til alþm., sem eru fulltrúar fyrir þennan landshluta, og láta þá sækja sín mál við ríkisstofnun. Þeir ættu þá hér eftir að sækja sín mál við stofnun norður á Akureyri, þar sem þeir eiga sjálfir engan mann í stjórn. Og eins og orðalagið á frvgr. er, á ekki að leggja til grundvallar orkuþörfina á Austurlandi, þegar ákveðið er að leggja þessa línu, heldur það, hvort það er fjárhagslega hagkvæmt fyrir Laxárvirkjun, fyrir þá stofnun, sem á að framkvæma þetta verk.

Þessa breytingu munu Austfirðingar ekki geta sætt sig við, og ég vil nú vænta þess, að hæstv. ráðh. skýri frá því í þessum umr., hvað hann hefur gert til þess að framkvæma þær samþykktir Alþ., sem ég hef hér gert að umtalsefni og Austurland snerta, hverjar hans fyrirætlanir eru um aukningu á raforkunni á Austurlandi, en ég endurtek það, að Grímsárvirkjunin skilar nú um það bil helmingi og oft minna en helmingi af þeirri orkuþörf, sem fyrir hendi er á Austurlandi, nú þegar á þessu ári, en er þó í örum vexti, m. a. vegna þess mikla síldariðnaðar, sem þar er í uppbyggingu. Ég tók eftir því, og ég vil að síðustu segja hæstv. ráðh. það, að ég fagnaði þeim ummælum hans hér í framsöguræðunni, að hann virðist sjálfur hafa komið auga á, að það þurfi að gera breytingu á þessum ákvæðum frv., sem ég hef sérstaklega gert að umtalsefni. Ég fagna þessum ummælum hans, og ég vona, að um það megi takast samvinna í meðferð og athugun málsins í n. og áður en það er afgreitt hér í þinginu, að færa þetta í það horf, sem Austfirðingar mundu geta unað við.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða virkjunarmálin hér almennt, hvorki Landsvirkjunarmálið né Laxárvirkjunarmálið. En ég vildi aðeins leyfa mér í sambandi við þetta mál við þessa umr. og vegna þeirra ummæla hæstv. ráðh., að gert væri ráð fyrir því að fullnægja raforkuþörf Norðurlands vestra með því að leggja línu frá Laxárvirkjun, minna á það, að fyrir Nd. liggur frv. á þskj. 432 um virkjun Svartár í Skagafirði. Það frv. er flutt af öllum þeim þm. Norðurl. v., sem sæti eiga í Nd., og er einnig flutt í samráði við okkur þm. þess kjördæmis, sem eigum sæti í þessari hv. d. Það frv. er flutt samkv. eindreginni ósk sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar.

Það frv. er um virkjun Svartár í Skagafirði eða nánar tiltekið Reykjafoss í Svartá. Flutningur þess byggist á ýtarlegum athugunum, sem fram hafa farið á þeim virkjunarstað. Þær athuganir hafa gert nú síðast þeir Steingrímur Jónsson fyrrv. rafmagnsstjóri, einn fróðasti maður um þessi efni hér á landi, og Ásgeir Sæmundsson iðnfræðingur. Og það fylgir með þessu frv. sem fskj. grg. þeirra um þessa Reykjafossvirkjun. Í þessari grg. sinni taka þeir m. a. það fram, að framkvæmdastjórn væntanlegrar Reykjafossvirkjunar hafi fengið Knút Otterstedt rafveitustjóra á Akureyri til þess að gera kostnaðarsamanburð á mismunandi leiðum til orkuöflunar fyrir Norðvesturland. Og leiðirnar, sem hann athugar, eru aukning dísilvéla, tenging við Laxárvirkjun og virkjun Svartár við Reykjafoss. Ég skal nú ekki fara út í það að rekja neitt nánar þessa grg. þeirra og álitsgerð, sem er mjög fróðleg og að mínu viti mjög vel gerð, en ég tek það þó fram, að ég hef að sjálfsögðu mjög takmarkað vit á þessum efnum, sem þarna er um fjallað. En ég vil aðeins, vegna þess hve naumur tíminn er, leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp niðurstöður þessara mætu manna. Þeir segja:

„Niðurstöður þessara athugana eru því þær, að virkjun Svartár við Reykjafoss sé hagstæðasta lausnin á orkuöflunarþörf Norðvesturlands næstu árin. Notkun dísilvéla er dýrari leið og óheppileg vegna olíukaupa og olíuflutninga. Tenging við Laxá er einnig dýrari leið en virkjun Svartár og gefur ekki héraðinu sömu tekjur af orkuöfluninni og skapar ekki verðmæti í héraðinu sjálfu. Öryggi notenda er einnig minna með línu yfir Öxnadalsheiði."

Þetta voru orð þeirra. Og til viðbótar og rökstuðnings þessari niðurstöðu eru svo birtar ýmsar töflur með útreikningum. Út í þær skal ég ekki nánar fara, en þetta vildi ég láta koma fram. Ég er að sjálfsögðu með Laxárvirkjun og tel sjálfsagt, að það frv. með þeim breytingum, sem réttmætar þykja um Laxárvirkjun, nái hér fram að ganga, og mun fylgja því. En ég vildi um leið taka fram, að það er með því fororði af minni hálfu, að með því vil ég ekki á neinn hátt loka leiðinni fyrir Reykjafossvirkjun í Skagafirði. Ég álít, að það verði að líta á það mál og athuga, með hverjum hætti, ódýrustum og hagkvæmustum fyrir íbúa Norðurl. v., raforkuþörf þeirra verði leyst. Og ef það verður álitið, að það sé með virkjun Reykjafoss, ber vitaskuld að fara þá leið. Og ég mundi álita það mjög eðlilegt og sanngjarnt, að í sambandi við þessi virkjunarmál, sem hér eru á ferðinni, verði líka einmitt litið á þetta frv., sem liggur að vísu ekki hér í þessari hv. d., heldur fyrir Nd., og það athugað um leið.

En sem sagt, aðalatriðið var þetta, að ég vildi ekki láta það líta svo út, að ég með mínu atkv. eða fylgi við þetta mál, Laxárvirkjun, á nokkrurn hátt sleppti af þeim kosti eða möguleika, sem fyrir hendi er varðandi Reykjafossvirkjun.

Í sambandi við þetta Laxárvirkjunarfrv., úr því að ég stóð upp, vildi ég benda á eitt atriði. Og það er varðandi skipun stjórnarinnar til athugunar fyrir n. Í 6. gr. Laxárvirkjunarfrv. er sagt, að stjórnin skuli skipuð 5 mönnum, 3

skuli skipaðir af bæjarstjórn Akureyrar, en 2 af ríkisstj. Ég vil benda á það, að ef samræmi á að vera í þessu og í Landsvirkjunarfrv., á að kjósa þessa tvo fulltrúa ríkisins af Alþ., en ekki skipa þá af ríkisstj., því að svo er ráð fyrir gert í Landsvirkjunarfrv. Þá er eðlilegt, að sami háttur sé hér á hafður, að fulltrúar ríkisins, sem eru kosnir í Laxárvirkjunarstjórn, séu kosnir af Alþ., en ekki skipaðir af ríkisstjórninni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara mikið út í þessi mál nánar við þessa umr. Málið fer í n., og þar verða gefnar nákvæmar skýringar á ýmsum atriðum, sem óskað hefur verið eftir, og tel ég því ekki ástæðu til þess að fara nákvæmlega út í málið við þessa 1. umr. Öðru máli er að gegna við 2. umr., þegar málið kemur úr n., ef þá verður enn óskað eftir svörum, vegna þess að upplýsingar hafa ekki fengizt nægilegar í sambandi við nefndina.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. minnti á það, að eftir mér hefði verið haft í blaði, að ekki mundi verða byrjað á Laxárvirkjun fyrr en eftir 4 ár. Mér hnykkti við, þegar ég sá þetta í blaðinu, og kannaðist ekki við, að ég hefði sagt þetta, vegna þess að það hefur ekkert verið um það rætt eða ákvörðun um það tekin í ríkisstj., hvenær þessi virkjun mundi byrja fyrir norðan, ef ákvörðun yrði tekin um það og heimildin notuð, sem ætlað er að gefa með þessu frv. En það er áreiðanlega einhver misskilningur í því, og ekki dettur mér í hug að ætla, að blaðamaðurinn hafi vísvitandi komið með þessa fullyrðingu, en ég hef aldrei sagt það, vegna þess að það hefur engin ákvörðun verið um það tekin. Og það er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði hér, það er raforkuskortur á Laxárveitusvæðinu. Úr því hefur verið bætt með dísilvélum, og það er vitanlega hreint reikningsdæmi, hvort það borgar sig að bæta úr því með dísilvélum enn um skeið eða hefjast handa sem allra fyrst með virkjun. Þetta vildi ég taka fram að gefnu tilefni, og mér hnykkti við og var mjög óánægður með þetta, þegar þessi fullyrðing kom í blaðinu.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um aðstoð og fyrirgreiðslu í sambandi við það, sem gert er ráð fyrir með Laxárvirkjunarfrv. Ég ætla, að það sé algerlega í samræmi við það, sem er í Landsvirkjunarfrv., lántökuheimildir eru í samræmi við kostnaðinn, aðstoð ríkissjóðs á að vera einnig hlutfallslega hin sama, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður láni 20 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. ákveður, en í Landsvirkjunarfrv. er gert ráð fyrir 100 millj. Hér er sýnilega nokkuð hærra hlutfall fyrir Landsvirkjun heldur en Laxárvirkjunina. Og í sambandi við tollaeftirgjöf er einnig sama ákvæði og í Landsvirkjunarfrv. Um það, hvernig stjórn fyrirtækisins er skipuð, hvort þessir tveir menn eru skipaðir af ríkisstj. eða kosnir af Alþ., þá er það rétt, að til þess að það verði samræmi, ættu þeir að vera kosnir af Alþ., og tel ég, að það sé vel til athugunar. Ég ætla þá, að því, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, ætti að vera að nokkru svarað.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, minnti hér á frv. um virkjun Reykjafoss í Skagafirði, og er það eðlilegt, því að það frv. liggur fyrir, og það er einnig rétt, að miðað við smávirkjanir sýnist þetta vera nokkuð hagstæð virkjun. Strax þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. ræddi um þetta mál við mig og óskaði eftir að flytja það, sagði ég honum, að ég amaðist ekkert við, að málið væri flutt. Það ætti að sýna það, og það ætti að gera nákvæman samanburð á því, hvort væri hentugra að virkja Svartá eða fá streng frá Akureyri. Það virðast nú vera nokkrar fullyrðingar í sambandi við þau fskj., sem prentuð eru með frv. um það, að það sé hagstæðara að virkja en að fá streng. En ég hygg, að raforkumálastjóri sé á annarri skoðun, og ég tel sjálfsagt, að hann geri fulla grein fyrir því. Ég hef lagt fyrir hann að leggja fram grg. um það því máli til stuðnings, sem hann fullyrðir rétt vera, að það sé hagkvæmara að leggja streng heldur en að virkja í Svartá.

Nú benti ég á það hér í fyrri ræðu minni, að 2. gr. þessa frv., Laxárvirkjunarfrv., þyrfti að athuga nánar, og ég sé ekki, að þó að það væri heimilað í Laxárvirkjunarl. að leggja streng frá Akureyri til Norðvesturlandsins, þyrfti það á nokkurn hátt að loka leiðinni fyrir því, að Svartá væri virkjuð. Það væri jafnt möguleiki á því að velja þann kostinn, sem hagkvæmari er, og það tel ég sjálfsagt, að verði gert, og fá alveg úr því skorið hreinlega af kunnáttumönnum, þannig að ekki sé um það að villast.

Hv. 4. þm. Austf. flutti hér alllanga ræðu og ræddi um raforkul. og þessi tvö frv., Laxárvirkjunarfrv. og Landsvirkjunarfrv., og skildist mér á honum, að þessi frv., ef þau verða að l., upphefji að ýmsu leyti raforkul. Það má segja það á vissan hátt, að svo miklu leyti sem þessi lög eru framkvæmd. Það er sagt í 2. gr. Landsvirkjunarfrv., að það sé stefnt að þeim atriðum, sem nánar eru tilgreind, og það er enginn vafi á því, að það tekur langan tíma að ná því, sem þeirri löggjöf er ætlað, og kannske næst það aldrei nema að nokkru leyti, þannig að raforkulögin verða vitanlega ekki í gildi, nema því aðeins að Landsvirkjunarlögin yfirtaki allt það, sem raforkulögunum var ætlað að gera, en það held ég, að hljóti að líða mjög langur tími og áratugir, áður en það gæti átt sér stað.

Ég skil það, að hv. 4. þm. Austf. hefur áhyggjur af raforkuskorti á Austurlandi, því að hann er vissulega fyrir hendi. Hv. þm. spyr um það, hvað raforkumálastjórnin hafi gert til þess að tryggja raforku á Austurlandi og raforkumálastjórnin hafi vitanlega vitað um heimildarlög til þess að leggja línu frá Laxá austur að Egilsstöðum, vitað um þál. frá 1961, sem samþ. var einnig um þetta efni. Þetta er alveg rétt, þetta er allt saman vitað. Nú gerist það, að Grímsárvirkjunin skilar minna afli en ætlað var, þegar ráðizt var í virkjunina. Og það gerist annað,

sem er vissulega ánægjulegt fyrir Austurland og fyrir þjóðina alla, að það hefur orðið mikil gróska í atvinnulífinu á Austurlandi hin síðari ár og raforkuþörfin vaxið mjög ört þess vegna. En þetta mál hefur verið leyst með dísilafli, þannig að þótt Grímsá hafi ekki skilað meiru en þetta, þá hafa raforkumál Austurlands verið leyst með dísilvélum að undanförnu, og nú s. l. ár mun olíueyðsla hafa numið um 1½ millj. kr. á Austurlandi vegna dísilvéla. Þetta sýnist vera há upphæð, en áreiðanlega eru það ekki vextir eða fyrning af því, sem leiðsla frá Laxá til Austurlands mundi kosta. Ég skil það, að Austfirðingar vilja annaðhvort fá vatnsaflsvirkjun hjá sér eða línu frá Laxá, og þeir eiga annað hvort að fá, en ég hygg, að það sé ekki eðlilegt að ásaka raforkumálastjórnina um aðgerðarleysi í raforkumálum þessa landshluta, þótt enn hafi ekki verið virkjað þar til viðbótar, og þótt enn hafi ekki verið lagður þessi strengur, vegna þess að það er verið að vinna upp raforkumarkað. Raforkumarkaðurinn fram að þessu hefur verið það lítill, að það hefði ekki svarað kostnaði fram undir þetta a. m. k. að leggja línu eða virkja.

Ég hygg því, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að raforkumálastjórnin hefur skilning á þessu og vill, að Austurland verði ekki sett hjá, og það er einmitt þess vegna, sem ég vakti athygli á því, að 2. gr. þessa frv. þyrfti að umorða að nokkru leyti, og varð ég var við, að hv. þm. var ánægður með, að skilningur var fyrir því.

Hv. þm. talaði um stjórn Laxárvirkjunar, að Austfirðingar mundu ekki eiga neina hlutdeild í henni. En þó er það nú svo, að ef hluti þessarar stjórnar yrði þingkjörinn, 2/5 þingkjörnir og oddamaðurinn ráðinn með samkomulagi beggja eignaraðila, þá vitanlega gætu Austfirðingar ekki sagt, að þeir ættu enga hlutdeild í stjórninni. Ég skal viðurkenna, að það horfir öðruvísi við, ef ríkisstj. skipaði tvo menn, og þegar var verið að semja frv. um Landsvirkjun, datt sumum í hug, að það væri eðlilegt, að ríkisstj. skipaði þessa þrjá menn. Ef svo hefði verið, hefði ég talið sjálfsagt, að þessir þrír menn væru skipaðir af þremur flokkum, og ef það hefði verið gert einu sinni í fyrstu, hefði sá siður haldizt, vegna þess að stjórn fyrirtækja eins og svona virkjunar verður að vera alhliða og sjónarmið allra flokka koma fram í slíkri stjórn. Þetta eru þjóðarfyrirtæki, og það væri hreinn misskilningur, ef einhver einn flokkur ætlaði sér að taka þar öll völd. Ég teldi það ekki heilbrigt og ekki á neinn hátt eðlilegt. En það er nú annað mál.

Ég ætla að láta þessi fáu orð nægja við þessa umr., en að sjálfsögðu verð ég hér viðstaddur, þegar málið kemur til 2. umr. Ég vil taka það fram, eins og í gær í sambandi við Landsvirkjunarfrv., að þetta frv. þarf að verða að lögum á þessu þingi eins og það. Tíminn er takmarkaður. En með góðum vilja og dugnaði n. hygg ég nú, að það megi takast að fá þessi mál afgreidd, þótt tíminn til þingloka sé væntanlega ekki langur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 611, n. 704, 705, 706).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson fjmrh.): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, og mælir n. sameiginlega með því, að það verði samþ. Hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. öðrum en þeim, sem n. flytur sameiginlega, og í samræmi við þá afstöðu hefur einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., flutt eina brtt. við málið.

Frv. þetta er útbúið í samráði við stjórn Laxárvirkjunarinnar og Akureyrarkaupstað og felur í sér þá heimild, að Laxárvirkjunin fái rétt til þess að virkja viðbótarvirkjun í Laxá, ef henta þykir og nánari athuganir leiða í ljós, að það sé heppilegasta lausnin á raforkumálum nyrðra. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að við Laxárvirkjunina verði tengdar línur til Austurlands og til Norðvesturlands, eftir því sem henta þykir og ef þær athuganir leiða í ljós, að þær leiðir séu heppilegri en sérstakar virkjanir á þessum stöðum.

Þær brtt., sem n. flytur sameiginlega, eru efnislega á þann veg, að í fyrsta lagi vantar í upptalningu í 1. gr. nokkuð af mannvirkjum, sem Laxárvirkjunin á, og það er gert ráð fyrir að taka það upp í gr., til þess að gr. verði tæmandi.

Í öðru lagi þótti nauðsynlegt að umorða nokkuð 2. mgr. 2. gr., til þess að það yrði ekki eingöngu á valdi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, heldur einnig ríkisstj., að taka ákvörðun um það, hvort orkuveitur yrðu lagðar frá Laxá til Austurlands og Norðurlands vestra, sem að sjálfsögðu er þó gert ráð fyrir, að verði að gerast með samningum við Laxárvirkjun.

Og í þriðja lagi er tekið upp sama orðalag um réttindi og skyldur starfsmanna Laxárvirkjunar og er í 1. um Landsvirkjun og hafði aðeins af gáleysi fallið niður úr frv. um Laxárvirkjun.

Varðandi brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. er hún í sama anda og brtt. hans um ákvörðun á verðlagi frá Landsvirkjun, og tel ég fyrir mitt leyti, án þess að n. hafi formlega tekið afstöðu til þeirrar brtt., að ekki sé auðið að fallast á till., þar sem ekki sé séð fyrir því með henni, að nægilega tryggur grundvöllur sé fenginn undir rekstur Laxárvirkjunarinnar og eflingu hennar. Það er, eins og hv. þm. er kunnugt, haft opið með sérstöku ákvæði í frv. um Landsvirkjun, að Laxárvirkjunin geti, ef hún óskar þess og þegar hún óskar þess, orðið sameigandi að Landsvirkjuninni, hvort sem það verður án tengingar eða með tengingu við Búrfellsvirkjun, og það hlýtur að koma til athugunar, áður en endanlega verður afgert um það, hvort

í Laxárvirkjun verður ráðizt með því að virkja strax í Laxá, þegar til kemur, eða með því að leysa það í bili með olíutúrbínum. Það er atriði, sem að sjálfsögðu verður á ákvörðunarvaldi Laxárvirkjunarstjórnar, og skal ég ekki um það ræða hér. Það skiptir ekki meginmáli í sambandi við þetta frv. En frv., eins og það er orðað, er í samræmi við vilja Laxárvirkjunarstjórnar og bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og gert ráð fyrir áframhaldandi samvinnu á svipuðum grundvelli og nú er, en þó þannig, að ríkið verði helmingaeigandi að þessari virkjun, en það er raunar það sama og gert er ráð fyrir í núverandi l. um Laxárvirkjun, að þegar næst verður virkjað í Laxá, breytast hlutföllin úr 35% á eignarhluta ríkisins í 50%, þannig að hér er í rauninni ekki annað en verið að staðfesta það, sem nú er gert ráð fyrir í lögum.

Að svo mæltu, herra forseti, vil ég mæla með því fyrir hönd n., að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem n. flytur sameiginlega, en tel ekki auðið að mæla með því, að brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. verði samþykkt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. gat um, hefur verið haft samráð við stjórn Laxárvirkjunar um þetta frv., og hefur verið orðið við óskum stjórnar Laxárvirkjunarinnar um flest, sem máli skiptir í sambandi við efnisatriði frv. Það hafa að vísu ekki verið teknar til greina allar ábendingar stjórnarinnar, en ég tel, að það, sem á það skortir, sé ekki svo veigamikið, að ástæða sé til að flytja um það sérstaka brtt. nú, þar sem þessi heimild mun nægja okkur norðanmönnum í bili a. m. k. Ég á sæti í stjórn Laxárvirkjunarinnar og var ekki sammála, þegar það mál var rætt þar, um þá grein, sem kveður á um það, hvernig verðlagningu skuli hagað, og hef flutt brtt. um það, sem er alveg samhljóða þeirri brtt., sem ég flyt um sama efni varðandi frv. um Landsvirkjun, og sé ekki ástæðu til að rökstyðja þá till. núna, þar sem ég hef gert það áður í ræðu um Landsvirkjunina. Ég vil aðeins segja það varðandi ummæli hæstv. fjmrh. um þetta atriði, að það sé ekki hægt að verða við þessari till. eða samþykkja hana, vegna þess að það muni ekki fást nægilega tryggur grundvöllur fyrir rekstri fyrirtækisins með þessu, að við höfum frá því að fyrst var virkjað við Laxá búið við þau verðlagningarákvæði, sem ákveðin eru í l. um Laxárvirkjunina, að raforkan er seld á kostnaðarverði, þ. e. a. s. þá er átt við verð, sem skapast af því, að allar greiðslur virkjunarinnar, bæði afborganir og vextir af lánum, eru teknar með inn í kostnaðinn auk venjulegs kostnaðar og annars viðhalds og síðan bætt við 5%. Þetta hefur fullkomlega dugað okkur í áratugi, síðan fyrst var virkjað við Laxá, ekki aðeins dugað til þess, að fyrirtækið hefur getað staðið við allar sínar skuldbindingar, heldur tvisvar sinnum ráðizt í það að tvöfalda orku sína, svo að mér sýnist ekki, að það sé nú nein ástæða til þess að breyta þessari verðlagningarreglu svo stórkostlega sem hér er fyrirhugað, enda þótt ég óttist þetta ákvæði í sjálfu sér miklu minna varðandi Laxárvirkjunina heldur en Landsvirkjunina, því að ég hef þá trú á norðanmönnum, að þeir muni gæta sín í þessum efnum, og þegar öllu er á botninn hvolft, þá er úrslitavaldið í höndum stjórnar virkjunarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 705,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 705,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 705,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 706 felld með 9:3 atkv.
8.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 717).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 10. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 717 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um Laxárvirkjun var flutt í Ed. og hefur fengið afgreiðslu þar. Smávegis breytingar voru gerðar á 2. gr. frv., og eru þær prentaðar á þskj. 705. Þetta eru nánast aðeins orðalagsbreytingar, en meiningin sú sama.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er öllum megindráttum að núgildandi l. um Laxárvirkjun fylgt, en með frv. er ætlazt til, að heimilað verði að virkja til viðbótar í Laxá 12 þús. kw virkjun, sem gert er ráð fyrir, að kosti um 160 millj. kr., án línu til Akureyrar. Verði hins vegar virkjuð 23 þús. kw virkjun þar, kostar hún 294 millj., en þá er komin þar í ný lína, þar sem gamla línan er ekki talin geta flutt svo mikið. Það er álit Laxárvirkjunarstjórnar, að fyrst um sinn sé nóg að virkja 12 þús. kw, og er því heimildin miðuð við það. Þessi virkjun er ekki mjög hagstæð, en þó með betri virkjunum af minni stærðinni og eru ýmsir bæði í bæjarstjórn Akureyrar og Laxárvirkjunarstjórn, sem telja eftir atvikum hentugra að virkja til viðbótar við Laxá nú þegar

frekar en að ganga inn í Landsvirkjunina og gerast aðilar í henni strax og fullnægja þá orkuþörfinni á Akureyri með dísilvélum, þar til raforka fengist þaðan. Um það skal þó ekkert fullyrt, hvort þessi heimild verður notuð, um 12 þús. kw virkjun, eða hvort Norðlendingar ganga strax inn í Landsvirkjunina, eins og heimilt er.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að heimila einnig Laxárvirkjunarstjórn að leggja streng frá Laxárvirkjun til Austurlands og einnig að leggja streng frá Akureyri til Norðvesturlands. Þetta er aðeins heimild, og er sá möguleiki vitanlega fyrir hendi eftir sem áður að taka til nánari athugunar, hvort unnt er með hagkvæmari hætti að leysa raforkumál Norðvesturlands fyrst um sinn með því að virkja Svartá, eins og lagt hefur verið til, en enn hefur ekki fengizt nákvæmur úrskurður um það, hvort það muni vera hagstæðara að virkja þar heldur en að leggja streng. Raforkumálastjóri hefur verið að vinna að því að gera þennan samanburð, en skýrsla frá honum um þetta atriði liggur ekki enn fyrir, og bíður það þess vegna síns tíma. Sama máli gegnir með strenginn frá Laxá austur, að það er vitanlega mögulegt þrátt fyrir þessa heimild að halda áfram athugunum um raforkumál Austurlands, hvort mögulegt væri að leysa þau með öðrum og heppilegri hætti, en fróðir menn telja, að það muni naumast vera.

Gert er ráð fyrir, að stjórn Laxárvirkjunar skipi 5 menn, 2 verði kosnir af bæjarstjórn Akureyrar, 2 skipaðir af ríkisstj. og 1 kosinn af eignaraðilum, og nái þeir ekki samkomulagi, skipi hæstiréttur, það er sama ákvæði og er í Landsvirkjunarfrv. Eins og nú er, á ríkissjóður 35% í Laxárvirkjun, en Akureyrarkaupstaður 65%, en eftir næstu stækkun við Laxá gerist ríkið eigandi að helmingi.

Um tollaeftirgjöf er sama ákvæði og í Landsvirkjunarfrv. Er og gert ráð fyrir því, að ríkissjóður láni Laxárvirkjun 120 millj. kr. með kjörum, sem fjmrh. ákveður, og er það nokkru hærra hlutfall en gert er ráð fyrir, að ríkissjóður láni Landsvirkjun. Þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi Laxárvirkjun til óafturkræft framlag, 5 millj. kr., gegn jöfnu framlagi Akureyrarkaupstaðar.

Ég tel ekki ástæðu til við þessa 1. umr. að fara fleiri orðum um þetta mál, en vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 717, n. 746, 749).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Í grg., sem fylgir frv. um Laxárvirkjun, er tekið fram, að það sé að meginstofni til byggt á gildandi löggjöf. Lagt er til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar:

Þegar tímabært þykir að dómi ríkisstj. að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðsfossvirkjunar og Austurlands, er Laxárvirkjun heimilt með nánara samkomulagi við ríkisstj. í hvert sinn að leggja þessar aðalorkuveitur og selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir. Með þessu ákvæði er veitt heimild til stækkunar orkuveitusvæðis Laxár. Ákvörðun um þetta atriði kemur stjórn virkjunarinnar til með að taka, eftir að ríkisstj. hefur tekið málið upp. Framkvæmdir allar eru háðar því skilyrði, að náðst hafi samkomulag við aðila um raforkuverð.

Laxárvirkjun er heimilað að reisa allt að 12 þús. kw raforkuver í Laxá við Brúar, einnig eldsneytisstöðvar, sem fyrirtækið telur rétt, að komið verði upp.

Til þess að standa undir kostnaði við þessar framkvæmdir, sem þegar hafa verið áætlaðar, er ríkisstj. heimilað að taka lán allt að fjárhæð 160 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt og endurlána fé Laxárvirkjun. Auk þess er ákveðið, að ríkið láni Laxárvirkjun 20 millj. kr. með þeim kjörum, sem ráðh. ákveður. Einnig er gengið út frá því, að ríkissjóður leggi Laxárvirkjun til óafturkræft framlag allt að 5 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá Akureyrarkaupstað. Öll þessi ákvæði um fjáröflun byggjast á þeirri staðreynd, að virkjunin hefur ekki haft aðstöðu til þess að leggja til hliðar fé til nývirkjunar. Verður því að taka til lánsfjár og beinna framlaga eigenda virkjunarinnar. Stjórn Laxárvirkjunar ákveður að fengnum till. Efnahagsstofnunar heildsöluverð á raforku. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Að því skal stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku. Með þessu ákvæði á að tryggja það, að fyrirtækið eigi nægilegt eigið fé til stækkunar og framkvæmda, þegar þar að kemur. Raforkuver þurfa að fá lán til langs tíma og með hagstæðum kjörum, þar sem hagnaður þeirra hlýtur að koma á mörgum árum. En hvaða fyrirtæki fær slík kjör, nema um verulegt eigið fé sé að ræða? Rammi 6. gr. Laxárvirkjunarl. var of þröngur varðandi þetta atriði, þar sem þar var tekið fram, að virkjunin seldi Rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði að viðbættum 5%. Af þessu ákvæði leiddi það t. d., að virkjunin gat ekki ráðizt í jafnnauðsynlegar framkvæmdir og aðgerðirnar við Mývatnsósa nema tryggja sér lánsfé til þeirra. Vegna þessa drógust framkvæmdir öllum til tjóns. Í þessu sambandi verður að hafa það í huga, að notendur raforkunnar verða að greiða kostnaðinn

við öflun hennar. Ákvæði um hámarksverð verða þeim því ekki til hagsbóta, ef þau stangast á við raunveruleikann.

Þá verður kjörtímabil Laxárvirkjunarstjórnar nú 6 ár í stað 3 áður. Gengið er út frá, að aðilar komi sér saman um oddamann, 5. manninn í stjórnina, eftir að þeir eiga virkjunina að helmingi hvor. Náist hins vegar ekki samkomulag milli aðila, skipar hæstiréttur oddamanninn. Oddamaður skal vera formaður stjórnarinnar.

Að lokum er svo sú breyting, að felld skuli niður aðflutningsgjöld og söluskattur af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisstöðva, sem Laxárvirkjun kann að reisa á Akureyri.

Ég hef nú í örfáum orðum gert grein fyrir breytingum á löggjöfinni um Laxárvirkjun. Segja má, að meginatriði þeirra séu, að nú er aflað heimildar til allt að 12 þús. kw nývirkjunar, heimild er fengin fyrir fjáröflun, heimild gefin til þess að færa orkuveitusvæðið mjög mikið út, ef hagkvæmt þykir, og ákvæðunum um verðlagningu raforkunnar breytt í það raunhæfa horf, að virkjunin geti sjálf lagt verulegt fé af mörkum til nýrra framkvæmda.

Stjórn Laxárvirkjunarinnar hafði tækifæri til þess að kynna sér frv. og nýmæli þess, áður en það var lagt fram á Alþ., og í öllum atriðum, a. m. k. í öllum meginatriðum, var hún því samþykk, svo sem fram kemur í bókun stjórnarinnar á fundi, sem haldinn var 6. þ. m.

Í rúmlega 25 ár hafa orkuverin við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu séð Akureyrarkaupstað fyrir rafmagni. Byggðir Eyjafjarðar og Suður-Þingeyjarsýslu fá og þaðan orku, svo að Laxárvirkjunin nær nú til svæðisins frá Dalvík og allt austur að Tjörnesi. Það var á árunum 1938 og 1939, að Akureyrarbær réðst einn í það stórvirki að beizla að nokkru afl Laxárinnar við Brúar. Þá var augljóst, að vegna sívaxandi rafmagnsnotkunar væri Glerárstöðin orðin gersamlega ófullnægjandi. Beinn voði var fram undan, ef ekki fengist aukin raforka. Athuganir höfðu verið gerðar á ám í nágrenni bæjarins, en engin þeirra þótti álitleg til virkjunar. Voru þá rannsökuð fjarlægari fallvötn, m. a. Goðafoss, en Laxá var að lokum valin sem hentugasta fallvatnið, m. a. vegna jafnrennslis árinnar og góðra aðstæðna til framhaldsvirkjunar. Eins og kunnugt er, fellur Laxá úr Mývatni, sem liggur um 280 m yfir sjávarmál. Árfarvegur er um 34 km að lengd og meðalrennsli um 35 kúbikmetrar á sek. Árni Pálsson verkfræðingur gerði áætlun um virkjunina á sínum tíma, en erlent verkfræðifirma sá um allar framkvæmdir.

Með fyrstu virkjun Laxár fengust 1500 kw, sem var álitleg aukning, þegar á það var litið, að Glerárstöðin gamla framleiddi ekki yfir 300 kw. Orkan var þannig fimmfölduð í einum áfanga. Akureyringar stóðu einhuga að þessari framkvæmd, eftir að hún var ákveðin, en ekki mun þó vera hallað á neinn, þó að sagt sé, að undirbúningur og framkvæmdir hafi fyrst og fremst mætt á páv. bæjarstjóra, Steini Steinsen verkfræðingi, og Knúti Otterstedt rafveitustjóra. Störf þessara merku manna í þágu raforkumála okkar Norðlendinga verða þeim seint þökkuð.

Þegar ráðizt var í Laxárvirkjunina var sýnt, hvert stefndi í atvinnumálum Akureyrar, að bærinn mundi fyrst og fremst byggja afkomu sína á fjölþættum iðnaði. Öllum var því ljóst, að næg raforka fyrir hóflegt verð var ein helzta forsendan fyrir vexti og viðgangi bæjarfélagsins og til að tryggja, að möguleikar væru jafnframt fyrir hendi til aukningar hennar með hagkvæmum hætti. Árið 1944 var bætt við nýrri vélasamstæðu. Vélahúsið hafði verið byggt fyrir tvær samstæður upphaflega, þannig að orkuframleiðslan náði 4500 kw. Ekki leið þó á löngu þar til í ljós kom, að enn þurfti að auka raforkuna. Iðnaðurinn var í örum vexti á Akureyri, jafnt og þétt fjölgaði býlunum, sem fengu rafmagn, og með vaxandi fiskvinnslu þörfnuðust sjávarplássin enn meiri orku. Strax á árinu 1946 var því farið að hugsa til nývirkjunar.

Með l. um Laxárvirkjun frá 25. maí 1949 urðu þáttaskil í sögu hennar. Jafnframt því sem tryggð var framkvæmd á nýrri virkjun með ábyrgð ríkisins fyrir lánum, var svo kveðið á í l., að ríkið ætti rétt á að stækkun lokinni að gerast eigandi að 35% mannvirkjanna og helmingi þeirra, þegar lokið væri næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Ríkið skyldi kaupa tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem í eigu fyrirtækisins voru, af Akureyrarkaupstað með því að taka á sig greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Næðist ekki samkomulag um kaupverð mannvirkjanna, sem fyrir voru, þegar l. gengju í gildi, skyldi það ákveðið með mati samkv. l. um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð væru eftir þann tíma, skyldi verða kostnaðarverð þeirra að frádreginni eðlilegri fyrningu. Ári síðar var svo gerður samningur milli fyrrgreindra aðila um virkjun neðra fallsins við Laxá, og var ríkið þar með orðið meðeigandi í allri Laxárvirkjun að 35%. Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir nú 3 menn í stjórn virkjunarinnar, en ríkisstj. 2 menn. Virkjunin er að öllu leyti rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkv. reglugerð, sem ráðh. hefur staðfest. Á árinu 1953 var svo viðbótarvirkjun að stærð 8000 kw tekin í notkun. Uppsett afl Laxárvirkjunar er því nú í dag 12500 kw. Til þess að draga úr rekstrartruflunum vegna krapa og ísmyndunar var á árunum 1946—1960 ráðizt í ýmsar framkvæmdir, þar sem áin fellur úr Mývatni. Þaðan rennur hún í þremur kvíslum. Var þar bæði um breikkun og dýpkun á farvegi að ræða, einnig lokur settar í eina kvíslina. Framkvæmdir þessar kostuðu verulegt fé, sem Framkvæmdabankinn lánaði að nokkru leyti. En þær hafa gefið mjög góða raun, þar sem ekki hefur komið til neinna verulegra stöðvana orkuversins, síðan þessum framkvæmdum lauk.

Eins og ég hef getið um, hefur rafmagnsnotkunin á orkuveitusvæði Laxár stöðugt farið vaxandi. Til þess að fyrirbyggja rafmagnsskort og koma upp varaafli var ráðizt í það á árinu 1960 að setja upp 2000 kw dísilrafstöð á Akureyri, og á s. l. ári var svo annarri bætt við af sömu stærð. Komi til rekstrartruflana eða vélabilana frá orkuverunum við Laxá, eru þessar stöðvar mjög þýðingarmiklar fyrir allt orkuveitusvæðið. Með rafmagnsskömmtun yrði þá unnt að forða mestu skakkaföllunum.

Samanlagt afl véla Laxárvirkjunar og dísilstöðvanna á Akureyri er núna 16500 kw. Mesta álag á þessu ári mun ekki vera áætlað undir 14 þús. kw. Raforkumálaskrifstofan áætlar samkv. upplýsingum í febrúar 1965 orkumarkað núv. Laxárvirkjunar sem hér segir: Árið 1968 18 þús. kw, árið 1970 20 þús. kw og árið 1973 25 þús. kw. Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir raforkuþörf kísilgúrverksmiðju, sem allar horfur eru á, að rísi upp við Mývatn innan tíðar, eða öðrum stórrekstri.

Allt frá 1959 eða 1960 hefur Laxárvirkjunarstjórn rætt á fundum sínum undirbúninginn að nýrri Laxárvirkjun. Varðandi það mál hefur hún skrifað raforkumálaráðh. og rætt við hann og raforkumálastjóra. Sigurði Thoroddsen verkfræðingi var falið að gera áætlanir um nýjar virkjanir og jarðboranadeild raforkumálaskrifstofunnar að annast jarðvegsathuganir. Í aprílok 1964 skilaði Sigurður Thoroddsen áætlun um 4 mismunandi tilhaganir um virkjun fallsins við Brúar og áætlun um að veita Suðurá til Laxár, en það mundi auka vinnslugetuna við Brúar um 30—40%. Skýrsla hans til Laxárvirkjunarstjórnar er mjög ýtarleg og nær til áætlanagerðar um 10 mismunandi virkjanir. Þar er og vikið að vatnasvæði árinnar og gerð grein fyrir flutningsvirkjun vegna hinna ýmsu tilhagana, spennistöðvum við virkjanirnar, háspennulínu til Akureyrar og spennistöð þar. Því miður brestur mig þekkingu til þess að lýsa þessum till. Sigurðar Thoroddsens, en þær miðast við framkvæmdir, sem við mundum nú telja stórvirkjanir. Til þess að standa undir þeim fjárhagslega, þ. e. a. s. greiða afborganir og vexti af lánum, þyrfti stórauknar tekjur, sem núverandi markaður skilar ekki að óbreyttum aðstæðum. Stóriðja á Norðurlandi í einhverju formi eða sala á rafmagni til hins orkufreka markaðar við Faxaflóa mundi að sjálfsögðu gerbreyta dæminu. Tenging við Austurland og vesturhluta Norðurlands kemur til með að mynda nýjan markað, en hann er þó ekki nægilega stór, eins og nú er háttað, til þess að greiða kostnaðinn af stórvirkjun við Laxá, nema þá neytendur vildu taka á sig hærra verð en framleiðslan greiðir núna á Suður- og Suðvesturlandi.

Till. Sigurðar Thoroddsens, sem ég drap á áðan, voru athugaðar í tækninefnd í raforkumálum, sem ráðh. skipaði, og var niðurstaða hennar sú, að hagkvæmast væri að styðjast við olíustöðvar á Akureyri fram yfir 1970, fá þá rafmagn frá Búrfellsvirkjun og virkja Laxá eftir það í stórum stökkum. Með þessu móti væri hagsmunum neytendanna bezt borgið.

Að fengnu þessu áliti fól Laxárvirkjunarstjórn Sigurði Thoroddsen að athuga, hvort ekki væri unnt að virkja við Brúar á einhvern þann hátt, sem betur hentaði þeim orkumarkaði, sem fyrir hendi væri, og frá fjárhagslegu sjónarmiði yfirleitt. Sigurður Thoroddsen gerði þá áætlun um 11 þús. kw virkjun, sem án nýrrar línu til Akureyrar mundi kosta um 170 millj. kr. að aðflutningsgjöldum frátöldum. Kostnaður við síðari 11 þús. kw er áætlaður: vinnsluvirki 74.5 millj. og flutningsvirki 60 millj. eða heildarkostnaður 134 millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að ný virkjunarmannvirki, þ. e. a. s. stór stífla, mundu koma í veg fyrir truflanir af völdum kraps og íss á stöðvunum, sem nú eru fyrir í Laxá. Jafnframt mun sandburður hverfa að mestu úr ánni og minnka þá til muna slit á vélum. En þessar framkvæmdir auka og nokkuð orkuframleiðslu þeirra stöðva, sem fyrir eru, þ. e. a. s. um 500—1000 kw, og virkjun með hárri stíflu býr enn fremur í haginn fyrir stórvirkjanir í Laxá. Það má ekki dragast, að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja orkuveitusvæði Laxárvirkjunar næga raforku. Málið þolir raunar enga bið.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir í stuttu máli, eru staðreyndirnar þessar: Orkuverið við Brúar skilar 12500 kw og dísilstöðvarnar á Akureyri 4000 eða samtals 16500 kw. Hinir vísu menn hjá raforkumálaskrifstofunni spá því, að orkuþörfin á núv. Laxárvirkjunarsvæði verði þegar á árinu 1970 um 20 þús. kw. Vegna neytendanna og atvinnurekstrarins á orkuveitusvæðinu er nauðsynlegt að gera ráðstafanir í tíma til þess að tryggja þeim sem ódýrasta raforku. Hvaða leiðir eigi að fara, til þess að þessu takmarki verði náð, verða eigendur Laxárvirkjunar að ákveða í samráði við sérfræðinga sína og stjórn raforkumálanna. Áður en endanleg ákvörðun verður tekin í þessu máli, þarf að rannsaka mörg atriði, og ég leyfi mér að benda á örfá.

Nú er gert ráð fyrir þeim möguleika, að orkuveitusvæði virkjunarinnar verði tengt Norðvesturlandi og Austurlandi, en þar skortir nú rafmagn. Tenging þessara landshluta mundi að sjálfsögðu auðvelda stærri virkjanir í Laxá, tryggja þeim betri fjárhagslegan grundvöll. Þá ber að hafa það í huga, að hve miklu leyti getur verið hagkvæmt að nota rafmagn til upphitunar. Úr því eiga sérfræðingar að skera. Í því sambandi hefur það sennilega úrslitaþýðingu fyrir virkjunina, að jarðhiti fáist í grennd Akureyrar, en það mun vonandi skýrast á næstunni. Kæmi orkufrekur iðnaður á Norðurlandi, eykur hann að sjálfsögðu þörfina fyrir meira rafmagn. Öll þessi atriði og raunar að líkindum fleiri þarf að athuga, áður en úr því verður skorið, hvort nú þegar eigi að ráðast í nýja virkjun við Laxá eða hvort leysa skuli þörfina fyrst um sinn með nýjum eldsneytisstöðvum á Akureyri og virkja síðar Laxá. Yrði það ofan á,

að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun, kynni sú ákvörðun að flýta fyrir lagningu háspennulínunnar milli Suður- og Norðurlands, en sú tenging hlýtur að koma fyrr eða síðar.

Eins og fram kemur á þskj. 746, hefur hv. fjhn. athugað frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nm., þrír nm., hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi fram og tel ekki ástæðu til að ræða efnisatriði frv., enda er augljóst, að það er lítill sem enginn ágreiningur um meginefni þess, og það hefur verið upplýst og mér er kunnugt um, að frv. var samið og flutt í samráði og með vitund stjórnar Laxárvirkjunar. Ég vil því lýsa því yfir, að það er full ástæða til að fagna frv., eins og það er, þó að e. t. v. mætti hugsa sér breytingar á einstökum greinum. Með þessu frv. er m. a. mörkuð stefna, sem ég veit, að er fagnað á Norðurlandi, a. m. k. á Akureyri og þar í grennd, m. a. það, að Laxárvirkjun er haldið sem sjálfstæðu fyrirtæki, en utan við Landsvirkjunina. Og einnig virðist mér, að felist í frv. fyrirheit um, að fljótlega verði framkvæmd viðbótarvirkjun við Laxá, sem óneitanlega er mikil þörf fyrir, því að þegar er orðið vart við orkuskort á þessu svæði og mjög brýn nauðsyn til, að ráðizt verði í myndarlega viðbótarvirkjun til þess að fullnægja þörfunum. Þetta er það helzta, sem um frv. er að segja nú, og ég skil frv. a. m. k. þannig, að ætlunin sé að hefja mjög fljótlega viðbótarvirkjun í Laxá. Þannig er a. m. k. ástæða til að skilja frv. Og mér virðist, að andi og orðalag frv., eins og það liggur fyrir, gefi það beint til kynna, enda er nauðsynin augljóslega fyrir hendi. En hins vegar langar mig til þess að gera hér litla aths. og fsp. til hæstv. raforkumálaráðh. eða jafnvel hæstv. iðnmrh. Hér liggur fyrir þinginu skýrsla ríkisstj. til Alþ. um athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju á Íslandi. Á öftustu blaðsíðu þess eru hugleiðingar, sem mér eru ekki alveg fullljósar, hvað merkja. Og mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gætu upplýst, hvað í þessu felst. Seinasta lína þessarar skýrslu hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er því æskilegt, að ákvarðanir um litla virkjun Laxár bíði, þar til ljóst er, hver hin raunverulega þróun þessara mála verður."

Hvað merkja þessi orð? Þýða þau það, að það frv., sem hér liggur fyrir og við erum nú að ganga frá, eigi ekki að koma til framkvæmda á næstunni, það eigi að bíða eftir því, að eitthvað annað verði gert? Ef svo er, er mér ekki ljóst, hvað á að gera á næstunni í raforkumálum Norðlendinga, og ég hygg, að fleirum muni fara sem mér, að þeim sé þetta ekki fullljóst. En ég tel, að það væri mjög æskilegt, áður en þetta mál fer hér út úr d., að nánari skýring verði gefin á þessu af hæstv. ráðh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég heyrði nú ekki alveg allt, sem hv. þm. sagði, en ég held, að ég hafi þó gripið nægilega mikið til þess að vita, við hvað hann á. Hann spyr um það, hvernig beri að skilja þetta, sem sagt er á öftustu síðu í skýrslu ríkisstj. um alúmíníumverksmiðju. Ég held, að hv. þm. geti skilið, hvað felst í því frv., sem við erum að ræða um, þ. e. Laxárvirkjun. Þar er engin ákvörðun um tíma, hvenær ráðizt verði í Laxárvirkjun. Það er aðeins heimild um það að stækka virkjun í Laxá, en það er engin tímaákvörðun. Ég geri ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi fullt samráð við Laxárvirkjunarstjórn og bæjarstjórn Akureyrar um það, og ég vil vekja athygli á því, að sú stærð á virkjun, sem ákveðin er í þessu frv., er sett þarna inn í samráði við Laxárvirkjunarstjórn. Og þetta er sú hagstæðasta lítil virkjun, sem hægt er að fá í Laxá, og sérstaklega til áætlunargerðarinnar stofnað eftir beiðni Laxárvirkjunarstjórnar af Sigurði Thoroddsen. Ég á þess vegna alveg ómögulegt með að svara nokkru um það, hvenær hafizt verður handa um virkjun í Laxá. Það er ákvörðunaratriði, sem síðar verður tekið af stjórnarvöldunum og stjórn Laxárvirkjunar. En eins og tekið er fram í frv. um Landsvirkjun, er þar beinlínis sagt, að Norðlendingar geti, ef þeir vilja, gerzt strax aðilar að Landsvirkjun, og þeir gætu e. t. v. strax gerzt aðilar að Landsvirkjun, þótt ráðizt væri í þá virkjun, sem gefin er heimild til með þessu frv. — Ég vona, að ég hafi svarað nægilega skýrt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð viðkomandi brtt. á þskj. 749, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. við frv. það, sem hér er til umr. um Laxárvirkjun. Þessar brtt. eru fluttar til samræmis við þá afstöðu, sem við, þessir 2 sömu þm., höfðum til frv. til Landsvirkjunar, að svo miklu leyti sem við á, og eins og fram kom af máli hv. frsm. fjhn., hefur fjhn. öll skrifað undir mál., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við það. Og ég mun gera grein fyrir í örstuttu máli þeim brtt., sem ég stend hér að ásamt öðrum.

Þær eru þrjár. 1. brtt. er við 2. gr. Hún er um það, að við 2. mgr. gr. bætist: „Enda sé verðið ekki hærra en raforkuverð hjá Landsvirkjun." Að þessu máli hníga mikið til þau sömu rök, og raunar alveg sömu rök og ég færði hér fram fyrir sams konar brtt., sem við stöndum að um frv. um Landsvirkjun, og ég tel, að það sé eðlilegt, að sömu ákvæði gildi um Laxárvirkjun að þessu leyti, þar sem sýnilegt er, að henni er ætlað í framtíðinni að verða hluti af Landsvirkjun. Það lá nokkuð ljóst fyrir þegar í upphafi, en hefur skýrzt við meðferð málsins, vegna þess að sú breyting, sem hv. Ed. gerði á 2. gr. frv., sýnir það ótvírætt, að Laxárvirkjuninni er ætlað að ganga inn í Landsvirkjun og verða hluti af stærri virkjun þar nyrðra. Sú breyting, sem þar var gerð, er eins og kunnugt er sú, að í stað þess að áður stóð, eins og

í Landsvirkjunarfrv., að það væri undir því komið, hvort áætlanir stjórnar Laxárvirkjunar og eigenda hennar sýndu, að fjárhagslega væri hagkvæmt að leggja orkuveitur, hvort það yrði gert eða ekki, en þessu hefur nú verið breytt á þá lund, að nú er það mat ríkisstj., sem þarna á til að koma, og það mat hlýtur auðvitað að verulegu leyti og nánast eingöngu að byggjast á þörfinni um aukna raforku á því svæði, sem þessi virkjun getur náð til. Þess vegna er það till. okkar, að einnig þarna verði ákveðið rafmagnsverðið á svipaðan hátt og við hugsuðum okkur þessu varið hjá Landsvirkjun.

2. brtt. lýtur að nokkuð svipuðu efni. Hún er um það, að fyrri mgr. 5 gr. falli burt. Sú mgr. er um það, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðh. þess, sem fer með raforkumál. Við teljum, að eðlilegast sé, að það sé Alþ., sem hér eftir sem hingað til ræður ferðinni í virkjunarmálum, og með því að fella þessa mgr. niður, mundu raforkul. um þetta efni gilda óbreytt, eins og þau hafa gert, og það teljum við flm. brtt. eðlilegt fyrirkomulag. Það hefur verið svo, að það er Alþ. og ríkið, sem hefur byggt eða stuðlað að byggingu allra þeirra raforkuvera, sem hér hafa verið reist á landinu, og enn er það áætlunin, að það sé ríkissjóður, sem leggi til það fjármagn, sem hér á til að koma, því að í 11. gr. frv. um Laxárvirkjun er svo sagt, að ríkissjóði skuli heimilt að taka lán, 160 millj. kr., til þess að endurlána Laxárvirkjuninni. Þannig er það tilætlunin núna, eins og jafnan áður, að það sé forganga ríkisins, sem þarna á til að koma, enda þótt fyrirtækið verði fyrst um sinn sameign fleiri aðila. Þess vegna teljum við eðlilegt, að Alþ. haldi áfram að marka stefnuna í þessu máli, og það sé það, sem hefur úrskurðarvald um það hér eftir sem hingað til, en það vald sé ekki flutt annað.

3. brtt. okkar og sú síðasta fjallar um raforkuverðið. Í fyrsta lagi er örlítil breyting, sem hnígur að því, að það sé eðlilegra, að Hagstofan sé til ráðuneytis um rafmagnsverðið í stað Efnahagsstofnunarinnar, eins og núna er tekið upp í lög í fyrsta skipti. En meginbreytingin er þó sú, að við gr. bætist þessi mgr.: „Ráðh. sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Laxárvirkjunar.“ Satt að segja skil ég ekki þá tregðu, sem lýsir sér hér á hv. Alþ. gegn því að hafa þennan hátt á. Ég tel hann svo sjálfsagðan. Bæði þegar um Landsvirkjun er að ræða og eins um Laxárvirkjun, er það eitt ákveðið fyrirtæki, sem hefur einkaaðstöðu til þess að selja tiltekna vöru á tilteknu svæði. Og með fullri virðingu fyrir þeim ágætu stjórnum þessara fyrirtækja, bæði þeirra, sem nú eru, og þeirra, sem væntanlegar eru, hlýtur það alltaf að verða nokkurt keppikefli þeirra að hafa fjárhag fyrirtækisins, sem þær starfa við, sem allra beztan. Og þess vegna hlýtur tilhneiging að verða til þess hjá þeim að ákveða raforkuverðið nokkuð hátt. Ég get vel fallizt á það, sem hér hefur komið fram í mörgum ræðum og allir virðast út af fyrir sig sammála um, að það sé eðlilegt, að slíkum fyrirtækjum eins og rafvirkjunum, sem þurfa að ráðast með tiltölulega stuttu millibili í fjárfrekar framkvæmdir, sé veitt heimild til þess að safna nokkrum sjóðum. Og ég tel víst, að þó að raforkumálaráðh. yrði falið að staðfesta gjaldskrá þessa fyrirtækis eins og allar aðrar gjaldskrár um verð á rafmagni, sem hingað til hafa gilt, mundi hann viðurkenna þetta sjónarmið. En ég tel bara óeðlilegt, að það sé stjórn fyrirtækisins ein, sem eigi að hafa úrskurðarvald um það, hversu langt er gengið í þessu efni, vegna þess að það eru vissulega fleiri hliðar á þessu máli en sú ein að safna sjóðum. Raforkuverðið hefur mikil áhrif á framfærslukostnað allra heimila, og þess vegna er ástæða til þess að reyna, eins og tök eru á, að halda því niðri, enda er sú stefna vissulega undirstrikuð í báðum þeim frv., sem hér um ræðir, þar sem nú er ætlazt til þess í fyrsta skipti, að aðflutningsgjöld tækjanna séu felld niður.

Þetta eru þær þrjár brtt., og ég og hv. 1. þm. Norðurl. v. höfum fram að færa við frv. um Laxárvirkjun, og ég mun ekki eyða fleiri orðum að því að lýsa þeim, tel, að það sé þegar nægilega gert.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði, að það fælist ekki nein ákvörðun um tíma í þessu frv., og það er alveg rétt. Það er ekkert ákvæði um tíma. En ég lýsti því hér sem minni skoðun, að ég liti þá svo á, að það væri hugsunin að virkja eftir þörfum, sem fyrir hendi eru, sem sé mjög fljótt. Og þess vegna kom mér það dálítið á óvart, þegar ég las það hér í seinustu línu skýrslu ríkisstj. um alúmíníummálið, að Laxárvirkjunin eigi að bíða, þangað til eitthvað annað verður ákveðið. Hvað lengi á að bíða? Það er hlutur, sem þarf að upplýsa miklu betur og útskýra það nánar, eftir hverju á að bíða. Og það veit ég, að hæstv. ráðh. getur upplýst okkur miklu betur um og talað um það af fullkomnum rólegheitum og sagt okkur, eftir hverju á að bíða, áður en tekin yrði fullnaðarákvörðun um það, hvenær ráðizt verður í þá virkjun, sem nú er verið að heimila hér með sérstökum l. Við getum ekki beðið endalaust eftir virkjuninni, það er alveg útilokað. Og ég held, að á Laxárvirkjunina verði að líta sem sjálfstætt mál, sem sérstaklega þarf að leysa fyrir það svæði, sem hún er ætluð fyrir, og þess vegna þætti mér gott að vita nánar um það, hvaða önnur mál eru tengd við framkvæmdir í Laxá. Það er mikilvægt, að það fáist upplýst nánar en komið hefur fram.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég er samþykkur því að heimila stækkun Laxárvirkjunar, eins og ráðgert er í frv., en ég er hins vegar mótfallinn nokkrum öðrum atriðum í frv. og þá sérstaklega þeim, sem 8. gr. fjallar um, en það er um verðlagningu á raforku frá fyrirtækinu.

Sams konar ákvæði og þar eru eru í frv. um Landsvirkjun, sem hér liggur einnig fyrir. Við þau ákvæði flyt ég sérstaka brtt., en hef hins vegar ekki flutt brtt. við þetta frv., sem fyrst og fremst stafar af því, að mér þótti einsýnt, að það mundu verða látnar gilda sömu reglur í þessu falli um Laxárvirkjun og um Landsvirkjunina, en reiknaði hins vegar með því, að Landsvirkjunin, sem greinilega er hér forgöngustofnun í þessu efni, það mál yrði hér afgreitt fyrst. Sem sagt, afstaða mín til málsins miðast við þetta. Ég get fallizt á að heimila þá stækkun á Laxárvirkjuninni, sem í frv. felst, en er andvígur þeim reglum, sem er að finna í frv. viðvíkjandi verðlagningu frá orkuveitum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 749,1 felld með 19:16 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 749,2 felld með 19:14 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 749,3.a felld með 19:12 atkv.
— 749,3.b felld með 19:16 atkv.
8. gr. samþ. með 21:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 762).

---

64. Tekjustofnar sveitarfélaga (útsvarsstigar).

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [181. mál] (stjfrv., A. 467).

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þær breytingar, sem þetta frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, felur í sér, eru þessar:

Í fyrsta lagi samkv. 2. gr. frv., að persónufrádráttur er hækkaður um 30%. Hann hækkar úr 25 þús. kr. hjá einhleypum í 32500, hjá hjónum úr 35 þús. upp í 45500 og fyrir hvert barn á framfæri úr 5 þús. upp í 6500 kr. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, sem drepið er á í grg. fyrir frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér liggur einnig fyrir hv. Alþ., að Efnahagsstofnunin hefur framkvæmt athugun á því, hverjar breytingar hafa orðið á vinnutöxtum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna frá árinu 1963—1964. Það er áætlun Efnahagsstofnunarinnar, að vinnutaxtabreytingar hafi að meðaltali valdið um 23% hækkun launa hjá þessum þremur stéttum á tímabilinu. Ef hins vegar litið er á framfærsluvísitöluna, er meðalvísitala ársins 1963 134.67 stig, en árið 1964 160.67 stig. Hækkun milli þessara tveggja ára var því 19.3%.

Í öðru lagi felur þetta frv. í sér breytingu á útsvarsstiganum samkv. 3. gr. frv., og breyting er í rauninni í tvennu lagi. Í fyrsta lagi: Nú eru tvö útsvarsþrep, þ. e. a. s. 20% og 30%, en lagt til hér, að bætt verði við því þriðja, 10%, þannig að þau verði 10%, 20% og 30%. Í öðru lagi, að bilin verði breikkuð. Nú eru lögð 20% á fyrstu 40 þús. kr. útsvarsskyldra tekna og 30% á það, sem umfram er. Samkv. frv. verða lögð 10% á fyrstu 20 þús., 20% á næstu 40 þús. og 30% á það, sem þar er umfram. Til skýringar vil ég geta þess, að fyrir hjón með tvö börn yrði þá útkoman þessi: Persónufrádráttur hækkar úr 45 þús. upp í 58500, en 30% álagið kemur fyrst á tekjur yfir 60 þús. í stað 40 þús. áður. Þegar maður tekur þetta saman, koma eftir núgildandi l. 30% eða hámarkið á tekjur yfir 85 þús. kr., en eftir frv. á tekjur yfir 118500 kr.

Í þriðja lagi er breyting á því framlagi, sem jöfnunarsjóði sveitarfélaga er sjálfum ætlað. Það er nú samkv. gildandi l. 1% af tekjum sjóðsins, áður en úthlutað er til sveitarfélaganna, en lagt til, að verði hækkað í 3%. Ástæðan er þessi: Á s. l. ári gátu allmörg sveitarfélög gefið nokkurn afslátt frá útsvarsstiganum. Í Reykjavík og ýmsum fleiri kaupstöðum var sá afsláttur t. d. 9%. Með þeirri miklu hækkun á persónufrádrætti og breytingu á útsvarsstigum, sem lagt er til, að gerð verði með þessu frv., má búast við minni afslætti hjá sveitarfélögunum frá þessum útsvarsstiga eða útsvarsreglum. Nú er svo ákveðið í l. um tekjustofna, að ef eitthvert sveitarfélag nær ekki áætlaðri útsvarsupphæð sinni með því að nota gildandi útsvarsstiga og álagningarreglur að viðbættum 20%, er það eitt af hlutverkum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að greiða aukaframlag. Til þessa ákvæðis hefur hingað til ekki þurft að taka. En ef jafnmiklar breytingar verða gerðar á útsvarsreglunum og hér er gert ráð fyrir, má gera ráð fyrir því, að einhver sveitarfélög þurfi að leita á náðir jöfnunarsjóðs vegna þess, að hærra álag á útsvarsstiga en 20% er sveitarfélögunum óheimilt. Þegar höfð er hliðsjón af því, að á s. l. ári var jöfnunarsjóður sveitarfélaga með nokkrum halla, vegna þess að hann hljóp undir bagga af öðrum ástæðum en þessum með nokkrum sveitarfélögum, en hallinn nam 1 millj. 277 þús. kr., þá er það augljóst, að það verður að auka nokkuð tekjur hans af óskiptu fé, til þess

að hann sé þess megnugur að standa undir slíkri hjálp, ef til þarf að taka. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að hann fái af óskiptu 3% í stað 1%.

Í sambandi við þessar till. hafa menn reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig sveitarfélögin stæðust þessar breytingar á útsvarsstiga og hækkanir á persónufrádrætti, og hafa skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar reiknað út nokkur dæmi þar og önnur svo verið áætluð, í framhaldi af þessum útreikningum. Það liggur að vísu ekki endanlega fyrir, hversu miklu nema heildartekjur framtaldar í Reykjavík nú að þessu sinni. En líkur benda til þess, að heildartekjur framtaldar, og eru þá talin bæði einstaklingar og félög og atvinnurekstur, muni nema um 30% hærri upphæð en árið áður. Miðað við þessa aukningu á framtöldum tekjum, — *ég vil taka það skýrt fram*, að ég tala hér um framtaldar tekjur, það er ekki víst, að tekjur í heild í bæjarfélaginu hafi aukizt sem þessu nemur, á því er enginn vafi, að stofnun og starfsemi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra hefur haft í ýmsum tilfellum veruleg áhrif til bættra framtala, — en ef við miðum við, að framtaldar tekjur í heild, bæði einstaklinga og fyrirtækja, séu um 30% hærri fyrir árið 1964 en 1963, má gera ráð fyrir, að Reykjavík muni nægja þessi útsvarsstigi og þessi persónufrádráttur og geta gefið væntanlega 5—6% afslátt í stað 9% í fyrra. Svipuð útkoma mundi væntanlega verða um nágrannakaupstaði eins og Hafnarfjörð og Kópavog, og til eru kaupstaðir, sem mundu væntanlega geta gefið meiri afslátt og hafa gefið hærri prósentuafslátt en Reykjavík á undanförnum árum, sérstaklega í fyrra. Allmargir kaupstaðir er talið að muni ná sinni útsvarsupphæð án nokkurs álags, en örfáir er talið að þurfi að bæta einhverju álagi þar ofan á. Varðandi sveitahreppa er hins vegar ekki gert ráð fyrir, að þeir mundu þurfa álag á stiga, þegar miðað er við það, hversu mikinn afslátt frá útsvarsstiga flestir þeirra hafa getað gefið á undanförnum árum. Þó vil ég taka það fram sérstaklega, að ýmsir forráðamenn fámennra sveitarfélaga eða sveitarhreppa munu vera áhyggjufullir út af því, að persónufrádrátturinn sé hækkaður eins mikið og hér er gert ráð fyrir, og hræddir um verulegt tekjutap sinna sveitarfélaga, þannig að þar þurfi álag á stigann til að koma, en um þetta er erfitt að fullyrða að svo stöddu.

Ég legg til, að þessu frv. sé vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það væri freistandi í sambandi við þetta frv. að ræða nokkuð almennt um skattamálastefnu og skatta hæstv. ríkisstj., en þar sem þetta er hins vegar seinasti þingdagurinn fyrir páskafríið og ætlunin er að afgreiða nokkur mál hér á eftir, skal ég sleppa því að sinni, en minnast aðeins nokkrum orðum á það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég held, að það megi óhætt segja það um það frv., sem hér er til umr., og svipað frv., sem var rétt áðan til umr. í Ed. um tekjuskattinn, — ég hygg, að það sé óhætt að segja það um þessi frv. bæði, að þau valda verulegum vonbrigðum. Menn munu minnast þess, að þegar kunnugt var um hinar miklu skattaálögur á s. l. sumri, voru gefin mjög hátíðleg loforð um það, bæði af hálfu hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar, að nú skyldu skatta- og útsvarsl. tekin til mjög rækilegrar endurskoðunar og tekjuskattur og útsvör lækkuð verulega frá því, sem verið hafði á s. l. ári. Nú blasir það hins vegar við, hverjar efndirnar verða á þessum loforðum, a. m. k. eins og hæstv. ríkisstj. hugsar sér þær, og efndirnar eru þá í stuttu máli þær, að tekjuskattur og sérstaklega útsvar munu hækka í krónutölu frá því, sem var á s. l. ári, þó að tekjurnar hafi varla hækkað *meira en sem nemur dýrtíðar*aukningunni. Þetta þýðir það, að á þessu ári mega menn búast við því að greiða talsvert hærri útsvör í krónutölu en þeir gerðu á s. l. ári, án þess að nokkuð liggi fyrir um það, að gjaldgeta manna verði meiri í ár en hún var í fyrra. Þvert á móti bendir ýmislegt til þess að óbreyttum ástæðum a. m. k., að gjaldgetan sé heldur þrengri nú en var jafnvel á s. l. ári, sem stafar m. a. af hinum þungu skattabyrðum, sem menn urðu að greiða s. l. ár, og sumir að safna skuldum þess vegna, einnig vegna þess, að ýmsir aðrir skattar hafa verið hækkaðir, sem leggjast á almenning, og minni ég þar m. a. á, að fasteignagjöldin hafa hækkað, a. m. k. tvöfaldazt, í mjög mörgum bæjarfélögum, og því fylgja að sjálfsögðu auknar álögur fyrir fjölmarga skattgreiðendur. En það, sem kemur til með að liggja hér fyrir, er það, að efndirnar á þessum hátíðlegu loforðum um skatta- og útsvarslækkun, sem gefin voru af hálfu stjórnarflokkanna á s. l. sumri, verða þær, að skattarnir eða a. m. k. útsvörin koma í *velflestum tilfellum* til þess að hækka í krónutölu, án þess að nokkrar sannanir liggi fyrir um það, að gjaldgeta viðkomandi skattþegna hafi nokkuð aukizt. Ég held, að það sé ekki sterkt til orða tekið, að þessar efndir á þessum loforðum ríkisstj. komi til með að valda verulegum vonbrigðum. Ekki sízt held ég, að þessi vonbrigði verði almenn í sambandi við útsvörin, vegna þess að þau eru þær álögur, sem leggjast hvað tilfinnanlegast á skattgreiðendur með lægri tekjur og miðlungstekjur, einmitt þá skattgreiðendur, sem helzt hefðu haft þörf fyrir það að fá verulega lækkun. Ég skal hins vegar viðurkenna það, sem verður haldið fram sem rökstuðningi fyrir því, að þessar álögur eru hafðar svona háar áfram, að sveitarfélögin þurfa að sjálfsögðu á verulegum tekjum að halda. Og í sambandi við útsvörin er það orðin brýn nauðsyn, að tekjustofnar og raunar líka verkefni sveitarfélaganna verði tekin til nýrrar og ýtarlegrar endurskoðunar. Ef það er ætlun manna að láta halda sveitarfélögunum áfram í því horfi, sem nú er, og jafnvel frekar efla þau og styrkja, eins og ég persónulega álít, að sé rétt, verð-

ur það að sjálfsögðu ekki gert á annan veg en sjá þeim fyrir sæmilegum tekjustofni, svo að þau geti risið undir þeim verkefnum, sem þeim er ætlað að sinna. Og þess vegna held ég, að menn hljóti að vera sammála um það, að útsvarið í núverandi mynd sinni er ekki lengur fullnægjandi tekjustofn til þess að rísa undir þörfum sveitarfélaganna að þessu leyti, og þess vegna verði að leita eftir nýjum leiðum til þess að tryggja þeim sæmilega afkomu og til þess að þau geti rækt þau verkefni, sem þeim eru sérstaklega ætluð. Í því sambandi hygg ég, að það komi mjög til athugunar, sem oft hefur verið minnzt á, að sameina tekjuskattinn og útsvörin í einn skatt og láta sveitarfélögin hafa þann skatt til umráða. Það gæti einnig komið til athugunar að auka hlutdeild þeirra í söluskatti frá því, sem nú er, og svo jafnvel í þriðja lagi að létta af þeim ýmsum gjöldum, sem þau hafa nú og er kannske eins eðlilegt, að ríkið standi að öllu leyti undir, eins og t. d. ýmsum kostnaði við almannatryggingarnar. En þessi mál er orðið brýnt að taka til mjög rækilegrar athugunar, því að sveitarfélögin geta ekki til frambúðar búið við þennan tekjustofn, sem þeim er nú ætlaður, útsvörin, sem eru fyrst og fremst lögð á lágtekjufólk og miðlungstekjufólk, eftir að ríkið er áður búið að taka sinn hluta af launum þess með tekjuskattinum. Það er hins vegar rétt, að eins og nú er komið verður ekki hægt að leysa vanda sveitarfélaganna með slíkri endurskoðun á þessu ári. Til þess er ekki tími, og þess vegna verður að fara einhverja bráðabirgðaleið til þess að tryggja þeim tekjur, ef það á að vera auðið að lækka útsvörin nokkuð að ráði frá því, sem ætlazt er til í þessu frv. Og ég hygg, að sá vandi sé ekki eins erfiður og ýmsir kunna að halda, vegna þess að það liggur ljóslega fyrir, að fjárl., eins og þau voru afgreidd frá þinginu, eru með verulegum greiðsluafgangi, og þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að ríkið láti eitthvað meira fé af hendi rakna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna en það gerir nú með þeim hluta af söluskattinum, sem sjóðurinn fær. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þegar söluskattshækkunin var til meðferðar hér á þingi í vetur, lögðum við framsóknarmenn til, að talsvert meiri hluta hans yrði varið til sveitarfélaganna en gert er, og ef á þá tillögu hefði verið fallizt, hefði verið auðið að lækka útsvörin verulega frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Nú kunna ýmsir að segja, að síðan fjárl. voru afgreidd hafi ýmsum nýjum útgjöldum verið bætt á ríkissjóðinn, eins og launahækkun til opinberra starfsmanna, ýmsum uppbótum og öðru þess háttar. En þessu er því að svara, að ríkisstj. hefur mætt þessum auknu útgjöldum með því að skera niður framlög til verklegra framkvæmda um 20%, svo að þrátt fyrir þessi auknu útgjöld stendur það eftir sem áður, að að óbreyttum ástæðum, ef ekki neitt ógurlegt kemur fyrir, muni verða mjög verulegur greiðsluafgangur hjá ríkinu á þessu ári, eins og verið hefur flest undanfarin ár. Og það er miklu eðlilegra en ríkið fari að safna þannig í sjóði með óeðlilegum skattaálögum, að þessu fé verði varið þannig, að sveitarfélögunum verði gert auðvelt að lækka útsvörin verulega frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég vil rétt aðeins nefna það sem dæmi um þá skattamálastefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt á undanförnum árum, að t. d. árið 1962 nam greiðsluafgangurinn hjá ríkissjóði mun meiri upphæð en öll útsvör, sem einstaklingar greiddu í landinu á því ári, og svipuð mun einnig hafa verið niðurstaðan á árinu 1963. Greiðsluafgangur umfram tekjur ríkisins á þessum 2 árum varð það mikill, að það svaraði hærri upphæð en þeirri, sem einstaklingar greiddu í útsvar í öllu landinu. Og þar sem fjárl. í ár eru tvímælalaust afgr. í sama anda og fjárl. fyrir þessi 2 ár, hefur ríkið tvímælalaust möguleika til að hlaupa hér undir bagga með sveitarfélögunum, greiða sérstaka fjárhæð í jöfnunarsjóðinn og gera þeim þar með auðvelt að lækka útsvörin verulega frá því, sem lagt er til í þessu frv. En það hygg ég, að sé alveg óhætt fyrir menn að gera sér ljóst, að ef svo fer, sem að er stefnt í þessu frv., að útsvör hækka í krónutölu til viðbótar við ýmsa aðra skatta, sem hafa hækkað, eins og fasteignagjöldin, og án þess að greiðslugeta skattþegnanna verði nokkuð ríflegri á þessu ári en hefur verið á síðasta ári, hlýtur það að leiða til þess, að þær kröfur, sem stéttarfélögin verða að gera um kauphækkun í sambandi við hið svokallaða júnísamkomulag, hljóta að verða mun hærri en ella. Þess vegna vil ég skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál að nýju til athugunar og með það fyrir augum að lækka útsvörin verulega frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., m. a. með því að hækka frádráttinn og fjölga þrepunum og koma þannig til móts við launþegana og þær kröfur, sem þeir bera nú fram. En ég held, að það sé yfirleitt öllum ljóst, sem nokkuð þekkja til afkomu almennings í landinu, að þrátt fyrir það, þótt kaupgjald hafi nokkuð hækkað í krónutölu, er gjaldgetan eða greiðslugetan sízt meiri á þessu ári en var á s. l. ári, heldur áreiðanlega í mörgum tilfellum minni. Og ef það á svo að bætast við, að menn eiga að greiða hærri útsvör í krónutali en á s. l. ári til viðbótar öðrum sköttum, hlýtur það óhjákvæmilega að leiða til þess, að menn verða að krefjast meiri kauphækkana en ella.

Til þess að koma í veg fyrir það vil ég þess vegna enn skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál til nýrrar athugunar hér í þinginu með það fyrir augum að lækka útsvörin verulega, og það á vel að vera hægt, ef vilji er fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj., vegna þess að fjárl. eru afgreidd raunverulega með verulegum greiðsluafgangi og ríkið getur þess vegna komið hér nokkuð til móts við sveitarfélögin.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Frv. þetta um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú hefur verið lagt fram á hv. Alþ., flytur ekki mikinn boðskap, ég held ekki neinn fagnaðar-

boðskap fyrir þá, sem hafa vænzt þess, að frá þessu þingi kæmi ný skattalöggjöf, sem létti byrðum, a. m. k. útsvarsbyrðum, á lægstu tekjur og miðlungstekjur. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. hafði ekki heldur nein stór orð um það, að þetta frv. fæli í sér neinar verulegar lækkanir á útsvarsbyrðunum, og í aðalmálgagni ríkisstj. sé ég í morgun, að þar er ekki viðhaft neitt orðbragð um það, að nú sé hér á ferðinni skattalækkunarfrv., hvorki að því er snertir tekjuskattinn né útsvörin, heldur er það orðað mjög varfærnislega, þ. e. frv. til lagfæringar skatta og útsvara. En orðið „lagfæringar" gefur þó að vísu einhverjar vonir, og það er hægt að heimfæra á þann veg, að þó að það blasi örugglega við sem staðreynd, að menn fá samkv. þessu frv. a. m. k. *eins há útsvör að krónutölu og* s. l. *ár og* í flestum tilfellum sjálfsagt nokkru hærri, er hitt a. m. k. samkv. þeim töflum, sem fylgt hafa á athugunarstigi þessa máls og ég hef fengið tækifæri til þess að sjá, þá er dæmi þar sýnt um, að hundraðshluti útsvaranna verði aðeins lægri í ár en í fyrra, og það einasta, sem réttlætir þá að viðhafa orðið „til lagfæringar útsvara". Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir þessum þremur breytingum, sem gerðar eru á frv. frá gildandi útsvarslöggjöf, og skal ég ekki fara nánar út í það.

Ég tel þetta frv. frá sjónarmiði lágtekjufólks algerlega ófullnægjandi lagfæringu og leiðréttingu frá því, sem gildandi löggjöf markaði þessum málum básinn. Ég get raunar ekki sagt, að í frv. felist nein leiðrétting eða lagfæring, því að nánast er um það eitt að ræða, að álagningarreglur eru nú færðar til samræmis við áætlaðar auknar tekjur á árinu 1965 móts við tekjur ársins 1964 og þá miðað við krónutöluna, eftir því sem menn nú geta áætlað tekjurnar. Það er búizt við því, að tekjur hafi hækkað milli 20 og 30% hjá mönnum þarna á milli ára, og það er gerð hækkun, sem nemur 30% á persónufrádrættinum. Þetta er því nokkurn veginn hnitmiðuð lagfæring á útsvarsstiga og álagningarreglum miðað við hinar auknu tekjur, sem menn þykjast nú vita um, að um sé að ræða í krónutölu frá árinu á undan.

Það er sagt frá því í niðurlagsorðum aths. frv., að ríkisstj. hafi átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þessar. Aths. þær, sem fulltrúarnir báru fram, koma til athugunar við meðferð málsins á Alþ. Jú, það er rétt, að fulltrúar frá Alþýðusambandinu hafa átt tvisvar viðræður við ráðh. úr ríkisstj. um þetta mál, meðan það var á undirbúningsstigi. Ég tel ekki rétt að gefa hér neina skýrslu um þessar viðræður. Þær eru algerlega á byrjunarstigi og í raun og veru mjög skammt áleiðis komnar, og þó taldi ríkisstj. rétt að leggja frv. um tekju- og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga fram, þó að þessar viðræður hefðu engan árangur borið á þessu stigi, enda hafa þær ekki sett neitt svipmót á þessi frv. Þau eru flutt og lögð hér fram fyrir þingið í þeim búningi, sem þau komu frá hæstv. ríkisstj. Hvort framhald þessara viðræðna getur leitt til nokkurra lagfæringa á frv., að því er varðar skattlagningu láglaunafólks eða fólks með upp í miðlungstekjur, skal ég ósagt láta, enda hefur ekki á það reynt enn þá. En ekki blæs nú líklega með það. Alþýðusamband Íslands hélt nýlega ráðstefnu um launa- og kjaramál, og þar var gerð samþykkt um útsvars- og skattamál og nefnd Alþýðusambandsins veitti umboð til þess að hefja viðræður við hæstv. ríkisstj., m. a. um þau mál. Sá umræðugrundvöllur, sem þar var lagður af hendi Alþýðusambandsins, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt verði teknar upp samningaviðræður við ríkisstj. um eftirfarandi: 1. Lækkun útsvara og skatta af lágtekjum og miðlungstekjum, þannig að þurftartekjur séu almennt útsvars- og skattfrjálsar. Skattþrepum verði fjölgað og skattar og útsvör innheimt jafnóðum og tekjur falla til. Jafnframt verði skattar og útsvör á gróðarekstur hækkaðir og ströngu skattaeftirliti framfylgt."

Hér sjá menn, að það er svo fjarri því, að lágtekjur og miðlungstekjur verði skattfrjálsar, að persónufrádrátturinn fyrir einhleyping verður aðeins 32500 kr. Eftir að þeirri tekjuupphæð er náð, er byrjað að seilast eftir útsvörum af tekjum, þegar hreinar tekjur hafa náð þessari upphæð, og nái tekjurnar hjá hjónum 45500 kr., á þar einnig að byrja að seilast eftir útsvari. Frádrátturinn fyrir barn, sem heimilaður er í þessu frv., er 6500 kr., var áður 5000. Hjón með tvö börn og 60—70 þús. kr. tekjur eru því orðin útsvarsgjaldendur, og er þá alveg auðsætt hverjum manni, að þar er farið of djúpt ofan í vasa fátæks manns, því að 70 þús. kr. duga illa fyrir fæði og húsnæði, þótt engar aðrar lífsþarfir séu teknar með. En á slíkri fjölskyldu hvíla þó þar að auki nefskattar eða bein útgjöld, sem ekki verður undan vikizt, og verða að takast af þessu neyzlufé ekki minna en 5—6 þús. kr. fyrir hjón, og kæmi þar ofan á, þótt ekki væri nema 5—6 þús. kr. útsvar, er komin þarna 10—12 þús. kr. skerðing á 60 þús. kr. tekjum, og það er að mínu áliti allt of nærri gengið, og hygg ég, að flestir verði sammála um það. Það er því mín skoðun, að þó að þarna sé gerð till. til hækkunar á persónufrádrættinum úr 25 þús. kr. fyrir einstakling upp í 32500 kr., er það allt of smátt spor, svo smátt, að þess gætir naumast, og með því er engu réttlæti fullnægt. Ég held, að það væri allnærri gengið lágtekjufólki, þó að einstaklingurinn fengi ekki á sig útsvarsbyrði fyrr en við 50 þús. kr. tekjur, þ. e. a. s. persónufrádráttur einstaklingsins yrði 50 þús. kr., hjóna þá 70 þús. kr. og frádrag fyrir barn væri ekki undir 10 þús. kr. Samt sem áður kæmi útsvarsbyrði að nokkru á tekjur innan við 100 þús. kr. Ég tel það algert lágmark þess, sem þyrfti hér að gerast varðandi útsvarslöggjöfina, til þess að hægt væri að segja, að lágtekjufólki væri líft og veruleg lagfæring hefði orðið í útsvarsmálunum.

Þá tel ég enn fremur, að útsvarsstigarnir,

sem nú er gert ráð fyrir að verði þrír, í staðinn fyrir að þeir voru tveir, ættu að vera ekki færri en 6 og ættu að jafnast þannig, að fyrsta útsvarsupphæð, sem tekin væri af tekjum, sem nú er gert ráð fyrir, að sé 10%, næmi 5%, og fari upp í 30%, og stiginn milli 5 og 30 komi í staðinn fyrir milli 10 og 30. Með þessu væri einnig stutt að því, að ekki væri gengið allt of nálægt hinum lægstu tekjum, sem ekki mega skerðast að neinu, til opinberra skatta.

Nú má segja það, að þetta gæti leitt til þess, að ýmis sveitarfélög yrðu í tekjuþröng, og yrði þá vitanlega að finna aðrar leiðir til þess að bæta úr því. Ekki væri óeðlilegt, að það væri brýnt fyrir sveitarfélögunum að draga nokkuð úr framkvæmdum, eins og ríkið hefur talið sig nauðbeygt að gera þrátt fyrir mikið góðæri í landi. Það væri ekki óeðlilegt, að limirnir dönsuðu eftir höfðinu að því er það snerti og sveitarfélögin væru ekki alveg látin sjálfráð um það að ákveða sína fjárhagsáætlun, eins og þau lysti, og láta síðan sníða útsvarslöggjöf út frá því sjónarmiði, að þeirri tekjuþörf, sem þau ákvæðu sjálf, væri fullnægt. Sannleikurinn er hins vegar sá, að það er búið að færa of mikinn hluta skattabyrðanna, sérstaklega að því er snertir útsvörin, yfir á launastéttirnar. Þær bera þetta ekki, það verður að ganga of nærri brýnum þurftartekjum tekjulágra einstaklinga til þess að ná þessari upphæð inn, sem launþegunum er ætlað að bera. Það er búið að létta um of byrðarnar á gróðarekstri í þjóðfélaginu, og það verður, ef leiðrétting á að fást á útsvarsmálum einstaklinganna og lágtekjufólksins, að bíta í það súra epli að breyta þessari skiptingu byrðanna aftur á þann veg, að gróðarekstur í landinu beri meiri hluta af útsvarsbyrðunum en honum nú er ætlað að bera og að minni hluti verði lagður á launastéttirnar. Ef til vill mætti hækka á hátekjumönnunum í launastéttum, en þó fæ ég mig varla til þess að prédika það, því að ef öllum heimildum er framfylgt, getur fallið á hálaunamann í launastétt allt að 60% af tekjum í skatta. Það er allnærri gengið, 30% í útsvör og allt að 30% í tekjuskatt, eða 27%, eins og lagt er til í þessu frv. Sú leið virðist því ekki fær. Það er eina leiðin, sem er fær til þess að lækka, eins og nauðsynin knýr á um, á launastéttunum, að ætla gróðarekstri í landinu, félögum og atvinnurekstri yfirleitt, meiri hlutdeild í skattabyrðunum en þeir aðilar bera nú, og með því væri áreiðanlega stefnt í réttlætisátt og málið yrði leysanlegt. En með því, eins og nú er gert, að ætla eingöngu að hreyfa útsvarslögin að því er snertir álagningu á einstaklingana, en breyta ekki álagningarreglunum á atvinnureksturinn, lendir þetta allt saman í sjálfheldu, nema því meiri sparnaður komi þá til eða dregið sé úr opinberum framkvæmdum. Það er líka hugsanlegt, að hlaupið væri undir bagga hjá þeim sveitarfélögum, sem harðast yrðu úti við það, að persónufrádráttur væri verulega hækkaður og að útsvarstekjurnar rýrnuðu þannig mjög af tekjum fólks með almennar vinnutekjur. Og þau sveitarfélög eru vissulega til, því verður ekki neitað, að það væri hugsanlegt, að þeim yrði hjálpað með því að leggja landsútsvör á fleiri aðila en nú er gert og miðla síðan þeim sveitarfélögum, sem fyrir mestu tekjuskakkafalli hefðu orðið, af þeirri heildarupphæð, sem við það kæmi inn. Ég tel eðlilegt, að landsútsvör væru látin greiða sérhver þau fyrirtæki, hvar sem þau eru staðsett, ef þau inna af hendi almenna þjónustu fyrir landsmenn.

Menn minnast þess, að það var stormasamt hér í Reykjavík á s. l. sumri þann dag og þá daga, sem skattskráin kom út, og næstu vikur, marga mánuði á eftir, og menn höfðu ekki gleymt þessu um s. l. áramót, þegar þeir stóðu í þeim mikla vanda, hvernig þeir ættu að greiða keisaranum það, sem keisarans var, þ. e. a. s. hina álögðu skatta. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef þetta frv. til útsvarslaga, sem hér liggur fyrir, verður afgreitt í því formi, sem nú er það, verður ekki síður stormasamt hér á næsta sumri, þegar skattskráin hefur komið út. Mætti segja mér, að þá ýfðust upp gömul og ógróin sár hjá skattþegnunum, sem harðast þættust leiknir, og þungi almenningsálitsins gegn skattpíningu yrði þá ekki vægilegri eða minni en hann var á s. l. sumri. Það var alls ekki nein uppgerð hjá skattþegnunum s. l. sumar. Þeir voru hart leiknir margir. Það var gengið nærri getu þeirra, það var ekki viljaskortur til þess að greiða þjóðfélaginu það, sem því ber.

Hér er komið út í ógöngur, sem verður að leysa. Og það verður ekki að mínu áliti gert á annan hátt en með því að færa skattabyrðarnar nokkuð til, af herðum þessa fólks og yfir á aðra sterkari aðila, yfir á breiðari bök, sem nú um sinn hefur verið hlíft um of. Það væri auðvitað gott að geta hlíft þeim, ef það væri hægt án þess að ganga þá fram af öðrum, sem minni styrk hafa til þess að bera hinar þungu byrðar. Við verðum að vænta þess, að skattaeftirlitið batni og að því leyti uni menn betur sínum hlut, að það blasi ekki við þeim eins og s. l. sumar opinbert ranglæti, þannig að menn með hin breiðu bök hafi augljóslega komizt fram með stórfelld skattsvik. Við verðum að vona það, og það játa ég, að ef á því sæist lagfæring, mundi almenningur bera án þess að mögla sínar byrðar, svo lengi sem getan hrekkur til, því að það þykir mönnum í raun og veru verst að búa við ranglætið. En það er ekki um það deilt, skattsvikin hafa verið í þjóðfélaginu að undanförnu mjög almenn og blasa raunverulega við allra augum.

Ég skal ekki, vegna þess, hvernig á stendur, fara fleiri orðum um þetta frv. Það er skoðun Alþb., að á þessu frv. þurfi að gera mjög verulegar breytingar. Það þurfi í fyrsta lagi að hækka persónufrádráttinn eigi minna en um 100% frá því, sem hann er nú í gildandi lögum, 25 þús. kr. frádráttur einstaklings verði

að hækka í 50 þús. hið minnsta, persónufrádráttur fyrir hjón, sem nú er 35 þús., verði eigi lægri en 70 þús. kr., og frádráttur fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem nú er 5 þús., verði eigi minni en 10 þús. kr. Þá teljum við rétt einnig, að skattþrepunum verði fjölgað og jafnvel að þau verði 5 eða 6 í stað inn fyrir 3, eins og lagt er til í þessu frv. Fleiri breytingar tel ég og að gætu komið til, en skal ekki ræða þær hér frekar. En svo mikið er víst, að erfitt er að finna umræðugrundvöll í þessum málum milli verkalýðssamtakanna og ríkisstj., ef ekki fást fram verulegar breytingar á þessu frv.

Í þeirri samþykkt, sem gerð var á kjaramálaráðstefnu Alþýðusambandsins, var farið fram á, að þurftartekjur láglaunafólks yrðu almennt útsvars- og skattfrjálsar, að skattþrepunum verði fjölgað og skattar og útsvör innheimt jafnóðum og tekjur falla til. Um það höfum við þegar fengið svar, að það verði alls ekki hægt að framkvæma það á þessu ári, og aðeins gefnar vonir um, að það kunni að geta komið til framkvæmda á árinu 1966. Þá höfum við einnig fengið vitneskju um það, að það er ekki ætlunin á þessu stigi að hreyfa neitt við l. um útsvör og skatta af gróðatekjum eða af atvinnurekstri, breyta því á nokkurn hátt nú. Þykir okkur það að vísu mjög miður, því að þar held ég, að lausnin sé eingöngu í því að breyta þar um og að möguleikar séu takmarkaðir til þess að létta af launastéttunum útsvarsbyrðunum, svo að nokkru nemi, nema því aðeins að það sé gert jafnframt að þyngja á gróðaaðilum þjóðfélagsins og láta þá bera réttmæta, þyngri byrði.

Við þessa umr. skal ég svo ekki segja fleira, en sú er afstaða Alþb. til þessa máls, að frv. þurfi í meginatriðum verulegra breytinga við, til þess að Alþb. geti veitt því stuðning.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 467, n. 608, 632 og 634, 609, 633, 636).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og hafa 1. og 2. minni hl. einnig skilað áliti í málinu.

Breyt. þær, sem n. leggur til að gerðar séu á frv., eru í fyrsta lagi við 31. gr., að þar komi nýr málsl., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.“ Er þetta í samræmi við það, sem verða mun í sambandi við ákvörðun eigna til eignarskatts til ríkissjóðs.

Þá gerir n. í öðru lagi þá breyt., einnig við 31. gr. þess, að persónufrádráttur einstaklinga hækki úr 32500 kr. í 35 þús. kr. Er þetta 40% hækkun frá gildandi l., var í frv. 30%, þegar það var lagt fram. N. leggur einnig til, að persónufrádráttur fyrir hjón hækki úr 45500 kr., eins og er í frv., í 50 þús. kr., og er einnig þar um rúmlega 40% hækkun að ræða frá því, sem er í gildandi lögum. Þá gerir n. í þriðja lagi till. um, að frádráttur fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldenda verði 10 þús. kr., en er í frv. 6500 kr., en 5 þús. kr. í gildandi l., og er því þar um 100% hækkun að ræða frá því, sem verið hefur.

Í þriðja lagi leggur n. til, að í kaupstöðum skuli útsvör 1500 kr. og lægri felld niður.

Þá hefur einnig á þskj. 636 komið fram brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn., en það er leiðrétting, því að þegar hún skilaði nál. sínu, féll niður úr vélritun síðasta mgr. 31. gr., eins og hún er í gildandi l. og átti að vera áfram, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.“

N. gerir ekki till. um frekari breytingar við frv. En í sjálfu frv. er í 3. gr. þess breyting á útsvarsstiganum, þar sem þrepin eru gerð þrjú, en voru tvö áður. Í gildandi l. er það svo, að 20% skulu greiðast af 40 þús. kr., en 30% af tekjum þar yfir. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir, að af fyrstu 20 þús. kr. skuli greiðast 10 þús. í útsvar og af næstu 40 þús. kr. 20% og 30% af því, sem þar er fram yfir. Þessi breyting á stiganum ásamt hækkun á persónufrádrætti, frádrætti vegna hjóna og helmingshækkun á frádrætti vegna barna verkar óneitanlega til lækkunar og hlutfallslega mest til lækkunar á hinum lægri tekjuflokkum.

Mér þykir rétt að gera samanburð á nokkrum tekjuflokkum miðað við gildandi lög og miðað við það, sem nú verður, ef frv. ásamt brtt. n. verður samþykkt. Í 100 þús. kr. tekjuflokki áttu einstaklingar árið 1964 að greiða 18500 kr. í útsvar, en þessi tekjuflokkur lækkar samkv. frv. og brtt. um 7 þús. kr. og verður 11500 kr. Í 125 þús. kr. tekjuflokki eiga einstaklingar samkv. gildandi l. að greiða 26 þús. kr., en 19 þús. kr., ef frv. ásamt breyt. verður samþ., og lækkar sá tekjuflokkur einnig á hvern gjaldanda um 7 þús. kr. Í 150 þús. kr. tekjuflokki áttu einstaklingar að greiða 33500 kr., lækka niður í 26500 kr. samkv. frv. og brtt. og lækka þá einnig um 7 þús. kr. Sama lækkun gengur gegnum útsvarsstigann upp úr, einnig á hæstu tekjum. Fyrir hjón með tvö börn lítur þessi samanburður þannig út, að skv. gildandi lögum eiga hjón með tvö börn í 100 þús. kr. tekjuflokki að greiða 12500 kr., lækka niður í 3000 kr. samkv. frv. og brtt. n., og er lækkunin þar í þessum tekjuflokki 9500 kr. Í 125 þús. kr. tekjuflokki eiga hjón með tvö börn að greiða 20 þús. kr. samkv. gildandi l., en samkv. frv. og brtt. n. 9000 kr. og lækka um 11 þús. kr. Í 150 þús. kr. tekjuflokki eiga

hjón með tvö börn að greiða 27500 kr., lækka niður í 16 þús. kr., eða um 11500 kr., og er þessi 11500 kr. lækkun gegnumgangandi einnig í hærri tekjuflokkum allt upp í hæstu tekjur.

Ég vil mjög undirstrika, að þessi samanburður er byggður á gildandi útsvarsstiga, sem nú er í l., og miðað við útsvarsstigann, eins og hann yrði, ef frv. ásamt brtt. verður samþ., með því að stiginn yrði óbreyttur við niðurjöfnun, hvorki gefinn afsláttur frá honum né álagi bætt á hann.

Ég tel einnig rétt að gera nokkurn samanburð á, hvað hverjum tekjuflokki ber að greiða hlutfallslega af útsvarsskyldum tekjum eins og nú er í gildandi l. og einnig hvernig það verður, ef frv. ásamt brtt. verður samþ., en það lítur þannig út, að einstaklingi í 100 þús. kr. tekjuflokki bar að greiða 18.5% af útsvarsskyldum tekjum, lækkar niður í 11.5%. Í 150 þús. kr. tekjuflokki bar einstaklingi að greiða 22.3%, lækkar niður í 17.7%. Í 200 þús. kr. tekjuflokki ber einstaklingi að greiða 24.3% samkv. gildandi l., lækkar niður í 20.8%. Í 250 þús. kr. tekjuflokki ber einstaklingi að greiða 25.4%, en lækkar niður í 22.8%. Og í 300 þús. kr. tekjuflokki ber einstaklingi að greiða samkv. gildandi l. 26.2%, lækkar niður í 23.3% samkv. frv. og þeim brtt., sem fram eru komnar frá meiri hl. n., ef það verður að lögum.

Fyrir hjón með tvö börn lítur þessi samanburður þannig út, að í 100 þús. kr. tekjuflokki ber þessum aðilum að greiða samkv. gildandi l. 12.5%, lækka niður í 3% samkv. frv. og brtt., ef samþ. verða. Í 150 þús. kr. tekjuflokki ber þeim að greiða 18.3%, lækka niður í 10.7%. Í 200 þús. kr. tekjuflokki ber þeim að greiða 21.3%, lækka niður í 15.5%. Í 250 þús. kr. tekjuflokki 23% rétt, lækka niður í 18.4%. Og í 300 þús. kr. tekjuflokki ber hjónum með tvö börn að greiða 24.3%, en lækka samkv. frv. og brtt., ef samþ. verða, niður í 20.3%. Ég vil enn undirstrika, að þessi samanburður er því aðeins raunhæfur, að útsvarsstiginn sé notaður eins og hann liggur fyrir, en hvorki með álagi á hann né afsláttur sé gefinn.

Ég tel rétt að vekja athygli hv. þm. á, að þó að við séum hér á hv. Alþ. að lögfesta ákveðinn útsvarsstiga, erum við ekki endanlega að ákveða, hve mikinn hluta af launum sínum hver og einn greiði í útsvar til sveitarfélags síns. Við erum aðeins að ákveða reglur um skiptingu á heildarupphæð útsvara í hverju sveitarfélagi innbyrðis eftir tekjuflokkum, og um leið er í lögin sett hámark í útsvarsstigann, sem gildandi hefur verið áður. Það, sem endanlega ræður um, hve mikinn hluta af tekjum sínum hver og einn greiðir, er aðallega tvennt: Í fyrsta lagi ákvörðun sveitarstjórnar um heildarupphæð útsvara í sveitarfélögum og í öðru lagi heildarupphæð tekna í sveitarfélögum, og tel ég, að það ráði mestu um útsvarsupphæð í hverjum tekjuflokki í hverju sveitarfélagi. Þetta eru tvö meginsjónarmið, sem höfð hafa verið í huga í útsvarsmálinu í heild, því að ef sveitarstjórn ákveður hækkun heildarútsvara meiri en heildartekjur reynast við niðurjöfnun að hafa hækkað, fer ekki hjá því, að hlutfallslega hærra útsvar kemur á hvern tekjuflokk en árið áður. Nákvæmlega sama gildir, ef sveitarstjórn ákveður hækkun heildarupphæðar útsvara minni en hækkun heildartekna reynist við niðurjöfnun, að þá hlýtur útsvar í hverjum tekjuflokki að lækka, annaðhvort vegna minna álags á útsvarsstigann eða vegna meiri afsláttar frá honum en árið áður. Þá vil ég á það benda, að ef menn færast til milli tekjuflokka til hækkunar, sem sé hækka í tekjum frá því árið áður, hlýtur að fara svo, ef um verulega tekjuhækkun er að ræða, þrátt fyrir mikla lækkun á útsvarsstiganum, að þeir hljóti að hækka í krónutölu í útsvari, þó að þeir hins vegar greiði minni hundraðshluta af tekjum sínum en árið áður. Á þetta þó sérstaklega við um einstaklinga. Þetta kemur nokkru hagkvæmar út fyrir hjón með tvö börn eða fleiri, ef það frv., sem hér liggur fyrir, og þær breytingar, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt fram, verða samþykkt. Hjón með tvö börn greiddu hér í Reykjavík árið 1964 11400 kr. í útsvar af 100 þús. kr. útsvarsskyldum tekjum, og er þá tekið tillit til 9% afsláttar, sem gefinn var af útsvörum hér í Reykjavík það ár. Ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður samþ. með þeim breyt., sem n. hefur lagt til að gerðar verði á því, mundu sömu aðilar greiða 10 þús. kr. í útsvar af 130 þús. kr. tekjum eða 30% hærri tekjum en árið áður. Er þá ekki reiknað með neinum afslætti frá útsvarsstiganum og ekki heldur neinu álagi á hann. Í 125 þús. kr. tekjuflokki kemur þetta þannig út, að ef hjón með tvö börn hefðu hækkað á s. l. ári um 30% í tekjum, eða úr 125 þús. kr. í 162500 kr., mundu þau nú í ár greiða 19800 kr. af þessari tekjuupphæð, 162500, en greiddu árið 1964 18 þús. kr. af 125 þús. kr. tekjum, og er þá reiknað með 9% afslætti, sem gefinn var af útsvörum hér í Reykjavík það ár, en í þessu tilfelli er reiknað með stiganum óbreyttum, hvorki með álagi né afslætti. Það sýnir sig, að það vegur nokkuð salt, að þótt tekjuhækkun verði um allt að 30% í 125 þús. kr. tekjuflokki, ætti ekki að greiðast hærri upphæð af því en áður var af 125 þús. kr. tekjum.

Ég tel rétt að geta þess í þessu sambandi, að samkv. bráðabirgðaúrtaki, sem gert var hér í Reykjavík á framtölum 190 verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, reyndust meðaltekjur þessara aðila rúmar 158 þús. kr., og er þá átt við brúttótekjur, en ekki útsvarsskyldar tekjur. Ættu útsvör aðila í þessum starfsgreinum, sem meðaltekjur hafa, ekki að hækka í krónutölu, þó að úrtakið sýni, að tekjur þeirra hafi hækkað um 28.1% árið 1964 miðað við árið 1963, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður lögleitt með þeim breytingum, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur gert við það.

Ég tel rétt í þessu sambandi að gera nokkra grein fyrir, hvernig sveitarfélögin árið 1964

öfluðu sér tekna í beinum sköttum. Samkv. skýrslum félmrn. og ríkisskattstjóra, sem fyrir liggja, öfluðu sveitarfélögin sér tekna í beinum sköttum árið 1964 samtals að upphæð 1121 millj. 754 þús. kr., sem skiptast innbyrðis þannig: Tekjuútsvör einstaklinga og félaga 795.5 millj. kr., eignarútsvör einstaklinga og félaga 27.5 millj. kr., fasteignagjöld 37.3 millj., aðstöðugjöld einstaklinga og félaga 161.5 millj. kr. Tala útsvarsgreiðenda var á árinu 1964 samtals 64519, tala aðstöðugjaldsgreiðenda 11481 og eru þeir án efa einnig flestir útsvarsgreiðendur. Þessar upplýsingar eru samkv. skýrslu félmrn. Samkv. skýrslu ríkisskattstjóra greiddu alls 41959 einstaklingar tekjuútsvar á árinu 1964 að upphæð 565.9 millj. kr., og eru félög þá ekki reiknuð með. Tekjuútsvör árið 1964 skiptast í flokka sem hér segir: 8000 kr. útsvör og lægri greiddu alls 15484 aðilar, eða 36.9% útsvarsgreiðenda. Samtals greiddu þessir aðilar 67.2 millj. kr., eða 11.9% af heildarupphæð tekjuútsvara einstaklinga í öllum sveitarfélögum. Í 8—10 þús. kr. flokki greiddu samtals 3439 aðilar þessa útsvarsupphæð, eða 8.2% af útsvarsgreiðendum. Alls nam útsvar aðila í þessum tekjuflokki 31 millj., eða 5.5% af heildarupphæð tekjuútsvara einstaklinga. Í 10—12 þús. kr. flokki greiddu samtals 3026 aðilar eða 7.9% útsvarsgreiðenda þessa útsvarsupphæð, 10—12 þús. kr. Heildarupphæð í þessum útsvarsflokki var 36.7 millj., eða 6.5% af heildarupphæð tekjuútsvara einstaklinga árið 1964 í öllum sveitarfélögum landsins. 12 þús. kr. og þar yfir greiddu hins vegar samtals 19710 einstaklingar í útsvar, eða 47% útsvarsgreiðenda í öllum sveitarfélögum landsins, og samtals greiddu þessir aðilar í þessum útsvarsflokki, 12 þús. kr. og hærra, 4031 millj. kr., eða 76.1% af heildarupphæð tekjuútsvara einstaklinga árið 1964. Ég skal játa, að fleiri einstaklingar voru á árinu 1964 í lægri tekjuflokkum og lægri útsvarsflokkum en ég hafði áður gert mér grein fyrir. En það verður þó að hafa í huga og ber að hafa í huga, að þeir munu vera hlutfallslega fleiri utan þéttbýlisins, í sveitahreppunum, heldur en í kaupstöðunum, þeir einstaklingar, sem eru í lægri tekjuflokkunum.

Þegar á það er litið, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., bæði hækkun persónufrádráttar, hækkun frádráttar vegna barna innan 16 ára, breikkun á bili sjálfra útsvarsstiganna og niðurfelling útsvara í kaupstöðum 1500 kr. og lægri, verkar fyrst og fremst til lækkunar í hinum lægri tekjuflokkum, þ. e. í tekjuflokkunum 100 þús. kr., 125 þús. og 150 þús., tel ég ástæðu til að ætla, að sú breyting, sem hér er verið að gera með frv. og þeim breytingum, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt til, nái þeim tilgangi, sem að hefur verið stefnt, en það er, að hinir lægri útsvarsgreiðendur í hinum ýmsu sveitarfélögum komi til með að greiða hlutfallslega lægra útsvar af tekjum sínum en þeir hafa gert fram að þessu og yrðu að gera, ef l. um tekjustofna sveitarfélaga væru óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil hér mæla fyrir nál. og brtt. á þskj. 633, sem við fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. flytjum við frv. um tekjustofna sveitarfélaganna.

Mér hefur lengi fundizt, að hið tvöfalda álagningarkerfi ríkisins og sveitarfélaganna á tekjur og eignir gjaldenda væri meingallað. Það er dýrt í framkvæmdinni og tafsamt og veldur margs konar erfiðleikum, sem hægt væri að komast hjá mörgum hverjum, ef breytt væri um þetta tvöfalda álagningarkerfi og það sameinað í eitt. Ég skal ekki eyða tíma hv. d. til þess að ræða um þetta atriði. Mig langar aðeins til þess að vekja athygli á því, að við 4 þm. Framsfl. höfum í tvö skipti a. m. k. flutt till. til þál. um skipun mþn. í skattamálum, sem m. a. ætti að semja frumvarp að heildarskattalöggjöf, og ætti við samningu þess frv. m. a. að hafa þau meginsjónarmið, að tekju- og eignarskattur og útsvör verði sameinuð og lögð á í einu lagi og renni í sameiginlegan sjóð ríkisins og sveitarfélaganna, enn fremur að setja reglur um skiptingu tekjuskatts og eignarskatts þessa á milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, enn fremur reglur um skiptingu á hluta sveitarfélaganna.

Þessa þáltill. okkar fjórmenninganna hefur í þau skipti, sem hún hefur verið flutt, dagað uppi, og engin athugun mér vitanlega hefur farið fram í þá stefnu, sem þáltill. okkar markar.

Einn af þeim erfiðleikum, sem hið tvöfalda álagningarkerfi hefur skapað, er sá, að þegar álögur ríkisins hafa verið úr hófi fram þungar, hafa möguleikar sveitarfélaganna, sem leggja sín gjöld á, eftir að ríkið hefur lagt á sín árlegu gjöld samkv. fjárl., þrengzt mjög verulega, einfaldlega vegna þess, að því meiri sem ríkisskattheimtan er á gjaldendur í landinu, þeim mun minna er eftir af greiðslugetu gjaldendanna til þess að greiða sveitarútsvör sín.

Hæstv. ríkisstj., sem kom til valda í ársbyrjun 1960, lýsti því yfir fljótlega, að hún ætlaði að vinna að meginstefnubreytingu í sambandi við tekjuöflun ríkissjóðs, þ. e. a. s. því var lýst yfir, að tekjuöflunin mundi framvegis byggjast að langsamlega mestu leyti á innheimtu óbeinna skatta, en að sama skapi var ætlunin að lækka þá beinu skatta, sem innheimtir voru í ríkissjóð. Reynslan síðan 1960 hefur sýnt, að það hefur ekki staðið á því, að hinir óbeinu skattar til ríkissjóðs hafi hækkað og hækkað mjög verulega. En það eru ekki einungis óbeinu skattarnir, sem hafa stórhækkað, heldur hafa hinir beinu skattar ríkissjóðs nú síðan 1960, þ. e. a. s. tekjuskatturinn og eignarskatturinn, meira en fjórfaldazt á þessum árum og eru nú verulegur tekjustofn ríkissjóðs.

Fjárlög ríkisins hafa síðan 1958 og þar til í ár meira en fjórfaldazt. Álögur sveitarfélaganna hafa á sama tíma, eftir því sem ég veit bezt, þrefaldazt. Söluskattur í ríkissjóð hefur

síðan 1960 nifaldazt og tekjuskattur og eignarskattur, eins og ég gat um, hefur síðan 1960 fjórfaldazt. Þessar gífurlegu hækkanir, hvers kyns skattar í ríkissjóð og í sveitarsjóðina, hafa skapað ástand hjá miklum þorra gjaldenda þesa lands, og þá fyrst og fremst launþegum, sem er algerlega óviðunandi. Skattpíning sú, sem mikið var umrædd, bæði hér innan þingsala og eins var ritað mikið um í dagblöð landsins á síðasta ári, þegar skattskrá Reykjavíkur var birt, er ferskasta dæmið um það, hvað hefur verið að gerast í skattamálunum hér á Íslandi undanfarandi ár.

Sú verðbólga, sem hér hefur farið um eyðandi eldi af meiri krafti síðustu árin en nokkru sinni fyrr, hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að tekjur launþega hafa hækkað allverulega frá ári til árs vegna verðbólguaukningar eingöngu. Raunhækkun teknanna, þrátt fyrir þá hækkun, sem orðið hefur talnalega, er kannske engin. En við þá verðbólguhækkun, sem hefur átt sér stað, hafa skattar á þessa gjaldendur verið í raun og veru að þyngjast nú hin síðustu árin allverulega.

Við fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og félmn. lítum þannig á, að þær till., sem meiri hl. n. hefur lagt hér fram til breyt. á útsvarslögunum, gangi hvergi nægilega langt til þess að létta þann skattþunga til ríkisins og sveitarfélaganna, sem nú hvílir eins og mara á mörgum gjaldendum. Þess vegna, þó að við viðurkennum, að till. þeirra séu flestar til bóta, svo langt sem þær ná, höfum við engu að síður talið óhjákvæmilegt að flytja brtt. við frv. það, sem hér er verið að ræða, sem ganga að verulegu leyti lengra en þær till., sem stjórnarliðar hafa fengizt til að samþykkja í nefndinni.

Ég vil þá víkja að þeim brtt., sem við höfum flutt og liggja hér frammi á þskj. 633.

Fyrsta brtt. okkar er við 8. gr. l. nr. 51 frá 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, en 2. mgr. þeirrar gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr., svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú," og þar á eftir viljum við taka inn í lögin: „ræktunarsambönd af jarðræktarvinnu fyrir félagsmenn."

Þessi brtt. er flutt að gefnu tilefni út af vandamáli, sem skapazt hefur norður í landi við álagningu aðstöðugjalda á ræktunarsamband í einni sýslu þar, sem látið hefur vélar sambandsins vinna fyrir félagsmenn. Við teljum, að eðli málsins samkvæmt ætti þessi vinna fyrir félagsmenn með tækjum ræktunarsambandsins að vera undanþegin greiðslu aðstöðugjalda, og teljum, að það sé mjög hliðstætt því, sem gildir um þá aðila aðra og þá starfsemi aðra, sem ég var að lesa hér upp áðan úr 2. mgr. 8. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Önnur brtt. okkar hljóðar þannig: „Við 2. gr. Greinin orðist svo: 31. gr. l. orðist svo: Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað." Þetta er óbreytt frá því, sem er í till. meiri hl., en þar að auki leggjum við til, að bætt verði við þetta: „Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær skv. 32. gr.: Hjá einstaklingum 45 þús. kr. Hjá hjónum 63 þús. kr. Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda 12 þús. kr."

Eins og hv. þm. sjá strax, er hér lögð til nokkuð miklu meiri hækkun persónufrádráttar en fulltrúar stjórnarliða í hv. heilbr.- og félmn. töldu sér fært að standa að. Hækkun á persónufrádrætti einstaklinga og hjóna samkv. till. okkar nemur um 80%, miðað við gildandi lagaákvæði um persónufrádrátt í útsvari. Hins vegar er hækkun á persónufrádrætti barna í 12 þús. kr. nokkuð meiri en hækkun á persónufrádrætti einstaklinga, því að hækkunin samkv. till. okkar er um 140% frá gildandi lagaákvæðum. Hugsun sú, sem liggur að baki þessari brtt., er sú, að við teljum óverjandi að leggja útsvör á nauðþurftartekjur gjaldenda, eins og þær eru reiknaðar í sambandi við útreikning framfærsluvísitölu á hverjum tíma. Við teljum, að þessar till. um persónufrádrátt, auk annars löglegs frádráttar í sambandi við útsvarsálagningu, eigi nokkurn veginn að leiða til þeirrar niðurstöðu, að einstaklingar og hjón, t. d. hjón með 2 börn, þurfi ekki að greiða útsvar af tekjum, sem eru ekki umfram það, sem talið er nauðþurftartekjur fyrir hina svokölluðu vísitölufjölskyldu. Þá teljum við eðlilegt og réttlátt í sambandi við persónufrádráttinn að hafa hækkun persónufrádráttar fyrir börn hlutfallslega hærri en persónufrádráttinn fyrir einstaklinga. Það er eðlilegt þegar af þeirri ástæðu, að hin mikla, óbeina skattheimta í ríkissjóð, sem hefur farið hér vaxandi hröðum skrefum ár eftir ár, kemur að sjálfsögðu þyngst við barnafjölskyldurnar í landinu, og við teljum því sanngjarnt og eðlilegt, að hækkun persónufrádráttar komi stóru fjölskyldunum með mörgu börnin fyrst og fremst til góða.

Þriðja brtt. okkar er við 3. gr. frv. Hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Greinin orðist svo: Stafl. A, tölul. 1, 32. gr. laganna orðist svo: Einstaklingar og hjón: Af fyrstu 40 þús. kr. 10%. Af 40—90 þús. kr. greiðast 4 þús. kr. af 40 þús. kr. og 20% af afgangi. Af 90 þús. kr. og yfir greiðast 14 þús. kr. af 90 þús. kr. og 30% af afgangi."

Breytingar þær, sem þessi till. hefur í för með sér, eru þessar: Í fyrsta lagi, að útsvarsskyldar tekjur allt upp að 40 þús. beri ekki hærra álag en 10%. Samkv. frv. eru útsvarsskyldar tekjur, sem eru umfram 20 þús. kr., komnar strax upp í hærri útsvarsstiga. Önnur breyt. er sú, að við lengjum útsvarsskylda tekjubilið, sem ber 20% álag, við hækkum það úr 60 þús. kr. upp í 90 þús. kr., og að hámark útsvarsstigans, þ. e. a. s. 30% af útsvarsskyldum tekjum, komi aðeins á tekjur gjaldenda, sem eru umfram 90 þús. kr.

Við teljum, að þessar brtt. séu sanngjarnar

og eðlilegar, og þær miða eins og till., sem ég var að lýsa hér áðan, að því að lækka útsvör af lágum tekjum og miðlungstekjum fyrst og fremst. Það munu áreiðanlega vera mjög margir gjaldendur hér í landinu, sem lenda með útsvarsskyldar tekjur á tekjubilinu 20—60 þús. kr., og eiga þeir af þeim tekjum samkv. frv. að greiða 20%. Nú vitum við, að miðað við það verðlag, sem við búum hér við, eru slíkar tekjur engar óhófstekjur, og teljum því, að ekki eigi að skattleggja þær tekjur, sem umfram eru 60 þús. kr. útsvarsskyldar tekjur, með 30% hámarkinu. Það teljum við of þröngt bil og leggjum til, að það verði hækkað upp í 90 þús. kr.

Fjórða breyt. okkar er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 10 hundraðshlutum."

34. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Nú kemur í ljós, að útsvör skv. 32. og 33. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um, og skal þá lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð að viðbættum 5—10% er náð. Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20%." Við leggjum til, að þessi hækkunarheimild verði bundin við 10% í staðinn fyrir 20%, eins og er nú.

Þá flytjum við tvær brtt. við ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta; fyrri brtt. er svo: „Ríkissjóður greiði til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukalega það, sem með þarf árið 1965, til þess að jöfnunarsjóðurinn geti skv. d-lið 15. gr. laga nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, staðið straum af aukaframlögum, sem leitt getur af takmörkunum á álagningarrétti sveitarfélaganna þetta ár."

Okkur er það ljóst, að þær brtt., sem við höfum gert, bæði er lúta að hækkun persónufrádráttar og eins um breyt. á útsvarsstigum eða tekjubilum á útsvarsstiga, munu leiða til einhverrar lækkunar á heildartekjum sveitarfélaganna. Við teljum, að það sé eðlilegt af ástæðum, sem ég var að lýsa hér áðan, að ríkissjóður greiði aukalega til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna það, sem nauðsynlegt kann að verða til þess að bæta upp þetta tekjutap sveitarfélaganna, einfaldlega af þeirri ástæðu, að ríkissjóður hefur með sinni miklu skattheimtu á gjaldendur gert sveitarfélögunum erfitt um vik að ná þeim tekjum inn, sem þau þurfa að fá með góðu móti, og ekki síst vegna þess, að við teljum, að þegar ákveðið var á hv. Alþ. árið 1960 að verja 20% af söluskatti af viðskiptaveltu hér innanlands í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, hafi mátt reikna með því, að jöfnunarsjóðurinn héldi því hlutfalli af viðskiptasöluskattinum í framtíðinni, en síðan hefur söluskattur þessi verið hækkaður úr 3% upp í 7½%, án þess að sveitarfélögin fengju nokkuð af þeirri hækkun.

Önnur brtt. okkar við ákvæði til bráðabirgða er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. skal, strax eftir að frv. þetta hefur hlotið lagagildi, skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða öll löggjafaratriði, er gilda um útgjaldaskyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra. Skal nefndin sérstaklega leggja áherzlu á það með till. sínum að leggja grundvöll að eðlilegri skiptingu þjóðfélagslegra verkefna milli sveitarfélaganna og ríkisins í samræmi við breytta þjóðarhætti, svo og grundvöll að skiptingu tekjustofna milli þessara aðila eða skiptingu tekna, ef þær eru innheimtar í einu lagi af sama stofni fyrir sveitarfélög og ríki. Jafnframt rannsaki nefndin, hvernig hægt verði að komast í álögum hjá því mikla ósamræmi, sem núverandi reglur um gjaldskyldu þegna þjóðfélagsins leiða af sér miðað við efni og ástæður. Nefndin verði þannig skipuð, að þingflokkarnir 4 tilnefni í hana sinn manninn hver, en ríkisstj. skipi 5. manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndinni er heimilt að fá sér aðstoð við störf sín, og hafa skal hún samráð við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin skili áliti og till. svo fljótt, að næsta reglulegt Alþ. geti fjallað um þær."

Till. þessi skýrir sig að mestu sjálf. Með henni er lagt til, að skipuð sé sérstök nefnd til þess að athuga, hvernig skattamálum ríkisins og sveitarfélaganna verði bezt fyrir komið í framtíðinni, hver sé eðlileg skipting verkefna á milli sveitarfélaganna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Við teljum að það sé mjög knýjandi, að slík rannsókn verði látin fara fram sem fyrst, og gerum ráð fyrir því í till. okkar, að verði hún samþykkt, ætti þessi nefnd að geta, ef vel er unnið, skilað rökstuddum till. til breyt. á núverandi fyrirkomulagi skattamálanna, sem hægt væri að leggja fyrir næsta reglulegt Alþ., þegar það kemur saman, væntanlega n. k. haust.

Ég vil svo að endingu aðeins lýsa því yfir, að við fulltrúar Framsfl. í nefndinni munum að sjálfsögðu greiða atkv. með brtt. þeim, sem hér hafa verið lagðar fram frá meiri hl. n., að okkar till. felldum, sem ganga lengra, því að þótt þær að okkar dómi gangi allt of skammt, eru þær þó til bóta.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Undir venjulegum kringumstæðum hefðu sennilega orðið alllangar og ýtarlegar umr. um mál eins og það, sem hér er á dagskrá, útsvarslög. Bæði er það, að málið er allvíðtækt og stórt, kemur við margra hag, og ekki skiptir raunar litlu máli, hvaða ytri ramma Alþ. markar meðferð þessara mála, skattlagningu á þegnana að því er varðar greiðslu þeirra til sveitarfélaganna. En eins og nú stendur, þegar Alþ. er í algerri tímaþröng og þarf að afgreiða fjölda stórmála á örskömmum tíma, held ég, að sé rétt að beygja sig undir það að stytta mál sitt og hjálpa þannig heldur til, að það megi takast að afgreiða

sem flest af þeim stórmálum, sem að þinginu kalla núna á allra síðustu dögum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé full þörf á því að gerbreyta tilhögun skattlagningar á þegnana til ríkis og sveitarfélaga, og e. t. v. væri það réttasta leiðin, að ríkið innheimti einn skatt, sem síðan væri skipt milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna eftir ákveðnum reglum. En slík grundvallarbreyting verður vafalaust ekki gerð nema að vandlega athuguðu máli og að höfðu samráði við sveitarstjórnarmenn víðs vegar um landið eða þá samtök sveitarfélaganna a. m. k. Þá er ég einnig þeirrar skoðunar, að við séum e. t. v. á rangri leið með því að lögbjóða útsvarsstiga fyrir hinar ólíku gerðir sveitarfélaga í landinu og tel raunar misráðið að hafa þá tilhögun. Ég held, að ef vit ætti að vera í, þyrfti að vera þrenns konar útsvarsstigi fyrir hinar þrjár megingerundir sveitarfélaga, þ. e. a. s. sveitarfélög með þrenns konar mjög mismunandi aðstöðu, eða þá, sem ég gæti einnig fellt mig við, að einungis væri lögfestur útsvarsstigi fyrir kaupstaðina, en kauptúnahreppum og sveitahreppum væri eins og áður fyrr gefið frjálsræði til að haga álagningu eftir efnum og ástæðum, og það fyrirkomulag er í hinum fámennari sveitarfélögum a. m. k. mjög vel framkvæmanlegt og yrði í mörgum tilfellum réttlátara en þegar farnar eru hinar vélrænu leiðir, því að þá er með þeirri aðferð hægt, þegar kunnugleiki og samvizkusemi fylgjast að hjá forráðamönnum sveitarfélags, niðurjöfnunarnefnd eða sveitarstjórn, að taka mannleg tillit, sem eiga einnig í peningasökum, einnig í skattlagningu á þegnana fyllilega rétt á sér.

Þá get ég enn fremur lýst því sem minni skoðun, að ég teldi það mjög æskilegt, að útsvör væru innheimt um leið eða samtímis því sem tekjur falla til og menn fengju þannig ekki í hendur þær stóru upphæðir, sem þeir í raun og veru eiga ekki sem ráðstöfunarfé, heldur verður frá upphafi að reikna með, að sé þeirra framlag til hinna sameiginlegu mála sveitarfélagsins. Þetta mál hefur verið rætt við hæstv. ríkisstj. m. a. í sambandi við þetta mál, og þær upplýsingar gefnar, að unnið sé að því að breyta fyrirkomulagi útsvarsmálanna á þann veg, að útsvörin verði innheimt samtímis því sem tekjur falla til, og ætlunin sé þannig að koma til móts við þessar almennu óskir, en þetta sé svo erfitt og vandasamt mál, að þó að unnið sé kappsamlega að því geti það ekki komið til framkvæmda á árinu 1965 og það muni í fyrsta lagi geta komið til framkvæmda á árinu 1966. Um það er því ekki að ræða að gera þá breytingu nú.

Allt það, sem ég nú hef nefnt, mætti kalla grundvallarbreytingar á útsvarslöggjöf. En þegar málið ber að af slíkri skyndingu sem nú og svo seint á þingtíma, er engin aðstaða til þess að athuga eins og nauðsynlegt er slíkar grundvallarbreytingar og undirbyggja þær þannig, að á viti væri byggt. Allt slíkt verður því að láta bíða í trausti þess, að unnið verði að æskilegum og nauðsynlegum breytingum þessara mála í grundvallaratriðum, og láta þær lagfæringar koma til framkvæmda eins fljótt og tök væru á.

Um málið almennt skal ég ekki ræða frekar að þessu sinni og mun þá snúa mér fyrst að því frv., sem hér liggur fyrir, eins og það var lagt fram, þeim breyt., sem það hefur hlotið í meðferð n., og þeim brtt., sem ég flyt við frv.

Þegar frv. var lagt fram, var auðséð, að ef það yrði samþ. í því formi, mundu útsvarsgreiðslur gjaldenda velflestra, sennilega nálega allra verða að krónutölu eigi lægri en á s. l. ári. En á s. l. ári reis mjög mikil óánægja með útsvörin, ekki hvað sízt hér í Reykjavík, og held ég, að segja megi, að sú óánægja var ekki innantómt nöldur skattþegna, sem alltaf eru óánægðir með sínar útsvarsbyrðar, — en slíkir nöldrarar eru til, það vitum við allir eða flestir, — heldur var þarna verið að tjá almenna óánægju, það var verið að kveinka sér undan því, að skattlagningin gengi of nærri brýnustu þurftartekjum fjölda heimila í landinu. Aðalbroddur óánægjunnar var vafalaust fólginn í þessu, að menn töldu, að þeir hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að inna af hendi þá skatta, sem skattskráin gerði þeim að greiða. En tvo þætti óánægjunnar, hinnar almennu óánægju, verður þó ekki komizt hjá að nefna einnig. Það var í annan stað óánægja út af því, að margir af hinum sterkustu máttarstólpum þjóðfélagsins efnahagslega bæru hins vegar, samanborið við hinar lægri tekjustéttir, einkanlega í röðum launamannanna, tiltölulega léttar skattabyrðar, þannig að menn þóttust geta fótað sig á því, að skattabyrðunum væri ranglátlega deilt niður á þegnana, sumir bæru allt of þungar byrðar og öðrum væri gerð byrðin svo létt, að engu tali tæki og ekkert samræmi væri í. Og þriðji þátturinn í óánægjunni var tvímælalaust byggður á því, að menn töldu sig hafa það fyrir augum, að skattaeftirlitið væri svo slappt, að stórfelld skattsvik ættu sér stað og um leið og hinar þyngstu byrðar væru lagðar á suma þegnana, héldist öðrum uppi að gefa upp til skatts það, sem þeim þóknaðist, og bera þannig byrðar eftir eigin ákvörðun, sjálfsákvörðun, þoka sér þannig undan því að bera sínar réttmætu byrðar og auðvitað koma þeim þar með yfir á herðar annarra, sem minni styrkleika hefðu þó í mörgum tilfellum til þess að bera þær.

Þegar frv. lá hér fyrir, var sem sé ljóst, að ef því yrði ekki breytt, mundu útsvarsbyrðar á launastéttunum a. m. k. verða að krónutölu sízt minni en á s. l. ári, en að vísu að hundraðshluta í flestum tilfellum ívið lægri en á liðnu ári. Það var því sýnt, að í frv. fólst ekki sú leiðrétting, sem mjög almennt var lofað af framámönnum þjóðfélagsins á liðnu sumri, að gera þyrfti og gera skyldi, áður en menn þyrftu að opna budduna aftur til þess að greiða sín útsvör og sína skatta. Leiðréttingin, sem í frv. fólst, var eingöngu lagfæring í samræmi við

aukna verðbólgu eða vegna aukinnar verðbólgu og hækkaðra tekna í krónutölu, sem þó er vafasamt að hafi nú meira kaupgildi en þær tekjur, sem menn höfðu árið áður. Það var sýnt, að útsvörin mundu verða flestum, a. m. k. launastéttunum, jafnþungbær og s. l. ár, en það þýðir, að þá, ef ekki eru neinar breytingar á, mundi reyndin verða sú, að mikill þorri gjaldþegnanna teldi gjaldgetu sinni ofboðið og sams konar alda mundi rísa út af meintri ofsköttun og reis s. l. sumar.

Síðan frv. var lagt fram, hafa verið gerðar á því nokkrar lagfæringar, sem er hægt að meta þannig, að útsvarsbyrðin mundi verða nokkru léttari á lágtekjufólki en s. l. ár, og núna í meðferð n. var gerð ein breyt., sem ég skal ekki gera of lítið úr, þ. e. sú breyting, að frádráttur fyrir hvert barn á framfæri gjaldþegns innan 16 ára aldurs skuli hækka úr 5 þús. kr., eins og nú er í lögum, og í 10 þús. kr., þ. e. a. s. hækka um 100%. Þarna er greinilega, — því verður ekki neitað, — komið til móts við hagsmuni barnafjölskyldnanna, og tel ég það mjög vel farið. Persónufrádrátturinn, sem nú er 25 þús. kr., hefur að tillögu meiri hl. n. verið hækkaður í 25 þús. kr. á einstakling og 50 þús. kr. á hjón, og er það um 40% hækkun. Hins vegar er talið, að tekjur manna að meðaltali muni eftir þeim könnunum, sem fram hafa farið, hækka nálægt 30%.

Allar þessar breytingar, sem felast í nál. meiri hl., stefna í rétta átt, og munu allir nm. fylgja þeim, þar sem þær eru vissulega til bóta. Þó klofnaði n. um afgreiðslu málsins og er þríklofin og hefur 1. minni hl. nú þegar gert grein fyrir áliti sínu og brtt. Mun ég nú með örfáum orðum gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt fyrir hönd Alþb.

1. brtt. *mín er við* 10. gr. gildandi útsvarsl., en sú gr. fjallar um aðstöðugjöldin. Það er skoðun mín, að það sé ekki auðvelt mál að létta, eins og nauðsyn er, útsvarsbyrðarnar á einstaklingunum og þar með ekki heldur á launastéttunum vegna tekjuþarfar, brýnnar tekjuþarfar sveitarfélaganna, nema því aðeins að þyngd sé byrðin á félagsrekstri og atvinnurekstri yfirleitt og þá m. a. hækkuð aðstöðugjöldin. Í 10. gr. útsvarsl. eru heimildir til þess að leggja aðstöðugjald á eftir vissum reglum, þannig að greiða skuli allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla, allt að 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði, allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum og allt að 2% af öðrum atvinnurekstri. Sum sveitarfélög nota þessar heimildir til fulls, en önnur sveitarfélög hafa ekki notað þær til fulls, og eru heimildirnar þó að mínu áliti sízt of rúmar, ef jafnvægi á að vera á milli þeirra byrða, sem lagðar eru á atvinnulifið annars vegar og á einstaklingana hins vegar. Ég tel ekki rétt, að sveitarfélögin hafi þá leið opna að nota kannske þessar heimildir til aðstöðugjaldsálagningar ekki nema að hálfu leyti t. d., önnur nota þær hins vegar að fullu, en þau, sem ekki nota heimildirnar að fullu, velta enn þyngri byrði yfir á einstaklingana. Brtt. mín við þessa grein er því á þá lund, að aðstöðugjaldið skuli ekki aðeins vera í heimildarformi, megi ekki hærra vera en þarna segir, heldur skuli vera eins og þarna segir: ½%, 1%, 1½% og 2%, en við prósentufætinum hreyfi ég ekki og ætlast þannig ekki til, að aðstöðugjöldin hækki í þetta sinn umfram það, sem verið hefur hjá þeim sveitarfélögum, sem hafa notað heimildina til fulls.

Þetta er hugsað á þann veg, að sveitarfélög þau, sem hafa ekki notað heimildina til fulls, verði nú að gera það og geti þannig þolað eitthvað af þeirri tekjuskerðingu, sem vissulega leiðir af till. eins og þeim, að persónufrádráttur sé hækkaður, frádráttur fyrir börn innan 16 ára aldurs sé hækkaður o. s. frv., sem leiðir af þeim till., sem um það eru að lækka útsvarsbyrðar á lágtekjum og miðlungstekjum. Till. mín er sem sé, að í staðinn fyrir, að aðstöðugjald megi vera allt að, eins og í l. segir, skuli aðstöðugjaldið vera sem hér segir og sömu prósentutölur nefndar og í gildandi lögum. Þetta er 1. brtt. mín.

Þá er 2. brtt. einnig hugsuð á sama veg, þann, að sveitarfélög þau, sem verða fyrir tekjuskerðingu vegna till., sem miða að því að létta útsvör á lágtekjum og miðlungstekjum, fái aukinn tekjustofn til þess að fylla þarna í skarðið að nokkru og gera þeim fært að létta byrðina eitthvað á einstaklingunum, sérstaklega lágtekjufólkinu, og þessi till. er um landsútsvörin og efni hennar er það að leggja landsútsvör á miklu fleiri aðila en gert er samkv. gildandi lögum. 17. gr. núgildandi útsvarslaga er um landsútsvör, og þar eru talin upp þau fyrirtæki, sem slík útsvör eiga að greiða, en þessi landsútsvör eiga síðan, eins og kunnugt er, að skiptast niður á sveitarfélögin eftir brýnustu þörfum þeirra samkv. ákveðnum reglum. Eins og nú er ákveðið í l., eru það fyrst og fremst viðskiptastofnanir ríkisins sjálfs og svo olíufélögin, sem greiða landsútsvör. Till. mín um þá aðila, sem landsútsvör skulu greiða, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, sem nær til landsins alls, svo sem olíufélög, skipafélög, bankar, tryggingafélög, heildsölufyrirtæki, þar með Samband ísl. samvinnufélaga, útflutningssamtök, verzlunarstofnanir ríkisins, þar með talin Sölunefnd varnarliðseigna, einnig Síldarverksmiðjur ríkisins, Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, svo og þau fyrirtæki önnur, sem félmrn. úrskurðar, að samkv. eðli málsins falli undir þessi ákvæði.“

Ef þessi till. væri samþ., mundu landsútsvörin nema miklu hærri upphæðum en nú, jöfnunarsjóður sveitarfélaganna þannig fá miklu meiri tekjur og þau félög, sem harðast yrðu úti vegna minnkaðra útsvarstekna af lágtekjufólkinu, fengju þannig nokkrar uppbætur á

móti. Þetta er sem sé hugsað til þess að gera ýmsum sveitarfélögum auðveldara að létta nokkuð útsvarsbyrðina á einstaklingum.

Næsta brtt. mín er við 18. gr. útsvarsl., en í þeirri gr. segir, að upphæð landsútsvaranna skuli vera 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr., þ. e. a. s. ríkisfyrirtækjanna, sem þar eru talin upp, og 1⅓ af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr., c-lið. Ég legg til, að upphæð landsútsvaranna verði eins og segir í gildandi gr., 5% af hagnaði ríkisfyrirtækjanna, því breyti ég ekki, en síðan 2% af heildarsölu annarra stofnana og fyrirtækja, sem landsútsvör skulu greiða, í staðinn fyrir 1½ og 1⅓%. Sé ég sízt ástæðu til þess að lægst prósentutala sé á landsútsvari olíufélaganna. Ég held, að þau hljóti að geta borið 2% eins og þær aðrar stofnanir, sem þá byrði eiga að bera.

Þá er næsta till. mín, hún er við 30. gr. útsvarsl. og er um það, að verkafólki, sem vinnur við fiskiðnað, svo og hafnarverkamönnum verði veitt nokkur fríðindi um útsvarsgreiðslur, að upphæð mjög áþekk þeim fríðindum, sem veitt hafa verið um skeið og veitt eru sjómönnum. Þetta er ekki hugsað einu sinni sem fríðindi fyrir þetta láglaunafólk, sem þarna á hlut að máli, hafnarverkamenn og það fólk, sem vinnur við fiskiðnaðinn í landinu, heldur einnig til þess að stuðla að því að greiða nokkuð úr þeim vanda, sem atvinnurekendur, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, sem eiga að sjá um afgreiðslu skipa í höfnum, eru í og þeir geti fengið nauðsynlegan vinnukraft, nauðsynlegt vinnuafl til þess að inna þessi störf af hendi. Ýmsar aðrar atvinnugreinar gera það nú að yfirborga fólk, borga því miklu hærra kaup en umsamdir stéttarfélagataxtar og samningar segja til um og draga þannig fólk frá framleiðslustörfunum, og svo er komið, að það er miklum erfiðleikum bundið hér í Reykjavíkurhöfn og í Hafnarfirði að afgreiða togara, losa togara, nema hyllzt sé til þess, að togarinn komi inn, þegar helgidagur fer í hönd. En það hentar ekki alltaf. En komi skipin inn á öðrum tímum, er mjög undir hælinn lagt, að hægt sé með eðlilegum hætti að losa togara. Þetta er af því, að vinnuaflsskorturinn er slíkur. Aðrar atvinnugreinar eru búnar að taka fólkið til sín með yfirborgunum, að sumu leyti er í ýmsum tilfellum um léttari vinnu að ræða, en svo vantar fólkið þarna til starfa. Ég er þess vegna alveg viss um, að atvinnurekendur, sem hér eiga hlut að máli, mundu telja, að þessi brtt. væri alveg eins sér í hag og verkafólkinu hins vegar. En brtt. er á þá leið, að aftan við lið 30. gr. komi nýr bókstafsliður, l, svo hljóðandi:

„Verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skal veittur sérstakur frádráttur, 700 kr. fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Nánari reglur um skattfríðindi þessi skulu settar með reglugerð, ef þurfa þykir."

700 kr. á viku, það eru tæpar 3 þús. á mánuði, og er sú upphæð mjög í samræmi við þau skattfríðindi, sem sjómenn hafa notið. Um þessa till. skal ég ekki fjölyrða frekar, en tel, að þessi fríðindi, sem þarna er lagt til að veitt verði, beri að veita verkafólki, sem vinnur á lægstu töxtum karla og kvenna, vinnur beint að framleiðslustörfunum, þar sem nú skortir vinnuafl, og mundi sem sé að mínu áliti vera til hags báðum aðilum vinnumarkaðarins, svo langt sem þessi till. nær. Vissulega kostar hún sveitarfélögin skerðingu tekna, hjá því verður ekki komizt, og það er kannske ókostur hennar, að hún skerðir mismunandi mikið tekjur sveitarfélaganna eftir því, hvað fiskiðnaður og hafnarvinna er mikill þáttur í atvinnulífinu, og þar mest, sem mest er byggt á þeirri atvinnugrein. En það skiptir líka mestu máli, að það takist að fá fólk til þessara starfa.

Næsta brtt. mín er við 31. gr. og er um persónufrádráttinn. Ég legg til, að persónufrádráttur einstaklinga verði 50 þús. kr. og fyrir hjón 70 þús. kr. og fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs verði frádráttur 10 þús. kr., en sú till. er shlj. þeirri till., sem meiri hl. flytur og ég hef áður minnzt á. Ég tel það fásinnu mestu að ætla sér að seilast eftir útsvarstekjum af tekjum fyrirvinnu innan við 50 þús. kr., og ég tel, að þjóðfélagið geti ekki gert það og verði, ef sveitarfélögin eru í tekjuþröng, að leita einhverra annarra úrræða en að skerða slíkar lágtekjur, 50 þús. kr., sem vitað er, að engan veginn duga neinum manni til neins sómasamlegs lífsframfæris og mega þannig ekki skerðast, en hljóta þó að skerðast af þeim beinu útgjöldum, sem á hvern einasta einstakling leggjast, hvort sem hann er tekjuhár eða tekjulágur, þ. e. a. s. almannatryggingagjöldum og sjúkrasamlagsgjöldum, sem samtals nema ekki minna en milli 5 og 6 þús. kr., og kemur sú skerðing óumflýjanlega á, þó að þessi upphæð væri útsvarsfrjáls, og er það ærin skerðing.

Ég taldi ekki ástæðu til að nefna hærri upphæð vegna barna á framfæri gjaldenda en 10 þús. kr. Það var sú upphæð, sem við höfðum í tilmælum okkar til hæstv. ríkisstj. nefnt, og ég fer ekki í neitt yfirboð yfir það, þó að meiri hl. hv. n., sjálfsagt að tilstuðlan ríkisstj., hafi orðið við þeirri upphaflegu kröfu. Þess vegna held ég mér við þá upphæð. Hitt er rétt, að barnafjölskyldum veitir auðvitað ekki af meiri frádrætti vegna barna innan 16 ára aldurs, einkanlega þegar þau eru komin á unglingsaldurinn, heldur en þarna er farið fram á. Það veitir ekki af því. En hér er um mikla lagfæringu að ræða frá því, sem var, þegar þessi frádráttur var einungis 5 þús. kr., og hækkun þannig 100%.

Þá er næstsíðasta till. mín, sem er um breytingu á útsvarsstiganum, en hann er í gildandi l. ákveðinn í 32. gr. Þar er meginbreyting mín sú, að skattþrepunum verði fjölgað, þau verði

sex og að fyrsta þrepið byrji með 5%, en hæsta þrepið endi á 30% og þannig verði efri hluti útsvarsstigans eins og hann er samkv. till. meiri hl., en breytingarnar séu einungis á neðri hluta stigans, þ. e. a. s. á hinum lægri tekjum, frá 20 þús. og upp í 60 þús. kr., en eftir það er ekki um breytingu að ræða í þessari till. Till. er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið, að einstaklingar og hjón greiði af fyrstu 20 þús. kr. útsvarsskyldum 5%, fái 1000 kr. útsvar, af 20—30 þús. kr. greiðist 1000 kr. af 20 þús. og 10 þús. af afganginum, af 30—40 þús. kr. greiðist 2000 kr. af 30 þús. og 15% af afganginum, af 40—50 þús. kr. greiðist 3500 kr. af 40 þús. og 20% af afganginum, af 50—60 þús. kr. greiðist 5500 kr. af 50 þús. og 25% af afganginum og af 60 þús. kr. og þar yfir greiðist 8000 kr. af 60 þús. kr. og 30% af afganginum.

Að lokum legg ég svo til, að síðasti málsl. 34. gr. útsvarsl., sem er á þá leið, að sveitarfélögum sé heimilt að leggja allt að 20% ofan á hinn löggilta útsvarsstiga, ef sveitarfélagið er í fjárþröng og getur ekki staðið við fjárhagsáætlun sína að öðrum kosti, — ég legg til, að þessi heimild verði þrengd og engu sveitarfélagi verði heimilað að bæta ofan á útsvarsstigann meira en 10%. Þessi rúma heimild um að gefa afslátt af útsvörunum eða leggja prósentu ofan á öll álögð útsvör gerbreytir í raun og veru útsvarsstiganum, á hvorn veginn sem þessari reglu er beitt. Ef gefinn er afsláttur af álögðum útsvörum eftir hundraðshlutum, fá hæstu gjaldendurnir mestan afslátt, en lægstu gjaldendurnir smámuni eina. Þannig er útsvarsstiginn, ef afsláttur er gefinn, gerður flatari, það er gerður á honum minni munur á hinum tekjulægri og hinum tekjuhærri. En með álagi á útsvarsstigann prósentvís er stiginn gerður brattari, og ég held, að þegar búið er að taka 30% af tekjum manna í útsvar, allt upp að 30% einnig í tekjuskatt, held ég, að skattlagningin sé orðin sæmileg, jafnvel af hátekjum, svo að ég felli mig ekki við, að sveitarfélögin hafi svona rúmar hendur um álag á útsvarsstigann. Það mundi sem sé í þessu tilfelli gera hann brattari. Ég tel líka, að með till. minni um eflingu jöfnunarsjóðsins, með því að fjölga mjög þeim aðilum, sem eigi að greiða landsútsvör, og með því að skylda öll sveitarfélög til að nota aðstöðugjaldið til fulls, eins og það er í lögunum, sé búið að auðvelda sveitarfélögunum að komast af án þess að leggja á fimmtungshækkun ofan á þau útsvör, sem koma út, þegar útsvarsstiginn hefur verið notaður til fulls.

Ég skal játa, að það hefði vafalaust, ef nægilegt tóm hefði gefizt, verið ástæða til að gera fleiri brtt. til lagfæringar á útsvarsl. En það fær ekkert mál nú vandaða afgreiðslu. Þetta er allt með hálfgerðum flaustursbrag, og ber að harma það, og taldi ég, að helzt skipti máli að bera fram þessar breytingar. Þær eru í fyrsta lagi um það, að aðstöðugjöldin, sem nú eru heimiluð í l., skuli notuð til fulls, að landsútsvörin skuli aukin og þar bætt við ýmsum fjárhagslega sterkum stofnunum, sem eigi að bera landsútsvör, þ. á m. eru bankarnir, og að persónufrádráttur sé hækkaður, útsvörin leggist þannig léttar á lágtekjur, og að skattþrepunum eða útsvarsþrepunum sé fjölgað, svo að lægri álagningarprósenta komi á hinar lægstu tekjur, en haldi sér óbreytt á hinum hærri tekjum.

Ég fagna þeim breytingum, sem gerðar hafa þó verið á frv. í meðferð þingsins, tel sumar af þeim hafa verulega þýðingu, hef áður nefnt þær nema eina, ákvæðið um það, að bæjarfélög skuli fella niður 1500 kr. álagt útsvar og lægri útsvarsupphæðir, og jafngildir það því, að persónufrádrátturinn sé raunverulega hækkaður nokkru meir en segir í till. þar um. Af þessu leiðir hins vegar, að tekjuskerðingu í hærri enda útsvarsstigans leiðir ekki af þessari till., eins og vera mundi, ef byggt væri á hækkuðum persónufrádrætti.

Ég læt svo máli mínu lokið. Að mínum brtt. felldum mun ég að sjálfsögðu greiða brtt. meiri hl. atkv., þar sem þær eru til verulegra bóta á frv., og frv. sjálfu mun ég að lokum greiða atkv., þar sem það er þó til bóta frá gildandi útsvarslöggjöf.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins í örfáum orðum ræða þær brtt., sem fram hafa komið frá 1. og 2. minni hl. hv. heilbr.- og félmn., en vil þó áður gera smáleiðréttingu á því yfirliti, sem ég gaf í kvöld um útsvar hjóna í lægsta tekjuflokki, sem ég taldi vera samkv. frv. og till. meiri hl., ef samþ. yrðu, 3 þús. kr. Þarna hefur komizt inn skekkja, þessi upphæð var tekin úr öðrum útreikningum, sem komu ekki fram í nál., en á þarna að vera 4000, eins og réttilega kemur fram í áliti 1. minni hl. Þá breytist einnig prósentuútreikningur af þessum lægsta tekjuflokki, hækkar úr 3%, eins og ég taldi, að hann mundi verða, í 4%. Þó að þetta skipti ekki máli, vildi ég láta þetta koma fram hér, því að þetta er eins og það raunverulega mundi verða, ef frv. með breytingum verður hér samþ.

Í sambandi við 2. brtt. frá hv. 2. minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 634, þar sem lagður er til sérstakur frádráttur, 700 kr., fyrir hverja viku hjá verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum, að þeim skuli veittur þar sérstakur frádráttur, 700 kr. á viku, þá vil ég geta þess, að í því bæjarfélagi, sem ég veiti forstöðu, fór fram fyrir nokkrum árum mjög ýtarleg athugun á því, hvort tiltækilegt væri að veita verkafólki, sem vann við fiskiðnaðinn, sérstakan afslátt á útsvörum. Eftir mjög víðtæka athugun, vil ég segja, komst bæjarstjórnin þar að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi raska svo mikið grundvelli við álagningu útsvara, að hún treysti sér ekki til þess, þótt þar hefði verið fullur vilji fyrir hendi þá. Það kom mjög greinilega í ljós, að fljótlega var komið að þeim vanda, hvar ætti að stanza, ef talað var um fólk, sem ynni við fiskframleiðsluna, því að í þeim

bæjarfélögum, sem að miklu leyti byggja afkomu sína á sjávarútvegi og fiskiðnaði, má segja, að það eru langsamlega flestar starfsstéttir, sem beint og óbeint starfa að þessari atvinnugrein. Það eru ekki einasta þeir, sem vinna í fiskiðjuverunum, heldur einnig þeir, sem vinna í netaverkstæðum, vinna í vélsmiðjum, vinna í slippum, dráttarbrautum og fleiri og fleiri skyldum atvinnugreinum. Allt þetta fólk er ein samhangandi keðja, og ef einn hlekkurinn þar fær sérstök fríðindi, yrði það að sjálfsögðu að ganga yfir allan hópinn, sem þá aftur þýddi, að mikill þungi og allt of mikill þungi útsvarsbyrðanna mundi færast yfir á launafólk, sem þarna stæði utan við og þá er orðið fámennur hópur, þannig að við töldum, að þetta mundi skapa svo mikið óréttlæti, að við að mjög athuguðu máli treystum okkur ekki til að fara inn á þetta, þótt við gjarnan hefðum viljað gera það til þess að örva fólk til starfa við þessa atvinnugrein.

Í 3. till. hv. 2. minni hl. er lagt til í síðustu mgr., að gjaldanda, sem hefði greitt helming útsvarsins eða meir fyrir áramót, beri einnig að fá það dregið frá, eins og hann hefði greitt útsvarið að fullu. Ég tel, að einmitt þessu ákvæði gildandi laga megi ekki raska, því að þetta er kannske það sterkasta fyrir sveitarfélögin í innheimtu þeirra á sínum gjöldum, að þetta ákvæði skuli vera, og í mörgum tilvikum er þetta einnig til hagræðis fyrir gjaldendur, sem þá safna síður á sig útsvörum milli ára og lenda þá síður í þrengingum með að komast fram úr skuldum sínum við sveitarfélagið, þannig að ég tel, að þetta mundi verka öfugt, bæði fyrir sveitarfélögin og einnig fyrir gjaldendur.

Það, sem er sameiginlegt í álitum hjá 1. og 2. minni hl. hv. heilbr.- og félmn., er sú grundvallarbreyting, sem gerð er á útsvarsstiganum, og þá um leið, að báðir aðilar leggja til, að ekki megi hækka útsvörin að niðurjöfnun lokinni meira en um 10%, en í gildandi l. er ákvæðið miðað við 20%. Ég skal fúslega viðurkenna, að það væri mjög æskilegt og mundu engir frekar óska þess en sveitarstjórnarmenn, að hægt væri að lögfesta útsvarsstiga eitthvað í þá átt, sem lagt er til hjá báðum þessum aðilum. En það, sem gerir, að þetta er útilokað, er, að sveitarfélögin mundu missa miklar tekjur við það, ekki einasta af lágtekjufólki, heldur einnig og miklu meira af hátekjufólki, þannig að þeim væri gert ófært að starfa á nokkuð svipuðum grundvelli og nú er og gert ófært að uppfylla þær skyldur og þær kvaðir, sem á þau eru lögð með lögum í sambandi við rekstur þeirra. Ég hygg, að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á útsvarsstiganum, sé gengið eins langt og frekast er unnt í þessu atriði, ef ekki á að raska alveg og ég vil segja kippa fjárhagsgrundvellinum undan sveitarfélögunum. Það atriði, að jafnframt því að lækka útsvarsstigana, eins og 1. og 2. minni hl. hafa gert, og samtímis að leggja til, að leyfilegt álag á heildarniðurjöfnun yrði fært niður úr 20% niður í 10%, mundi verka þannig í öðru lagi, að flestöll sveitarfélögin og þar með einnig Reykjavík mundu lenda að verulegu leyti til þess að geta staðið við sína fjárhagsáætlun yfir á jöfnunarsjóð. Með því væri jöfnunarsjóður gerður óvirkur að því marki, eins og hann nú starfar, nema þá til kæmi í hann nýtt og aukið fé, sem ekki mundi skipta tugum millj., heldur jafnvel yfir 100 millj. Á þessu hefur engin athugun verið gerð, en aðeins af því lauslega, sem maður hefur getað fengið út úr þessu, sýnist, að þetta mundi kosta a. m. k. marga tugi millj., ef ekki meir. Við athuganir, sem gerðar voru á niðurjöfnunarstiga svipuðum þeim, sem er hjá hv. 2. minni hl., lauslegar athuganir, sem voru gerðar á þessu, kom í ljós, að þó að reiknað væri með 28 eða 30% tekjuhækkun, mundi Reykjavík þurfa að bæta ofan á útsvarsstigann, í öðru tilfellinu með 28% hækkun 57% og með 30% hækkun 41%. Hafnarfjörður mundi þurfa að bæta ofan á stigann 62—69%, Kópavogur 73—82%, og hygg ég, að þannig yrði um flest önnur sveitarfélög, þannig að það liggur nokkurn veginn alveg ljóst fyrir, að þetta er svo mikil röskun á fjárhagsgrundvelli sveitarfélaganna, að slíkt er ekki, eins og aðstæður eru í dag, framkvæmanlegt. En með því að auka fé jöfnunarsjóðs er að sjálfsögðu hægt að lækka útsvarsstigann, ef sveitarfélögin þurfa ekki jafnhliða og í sama mæli að auka tekjur sínar eða rekstrarútgjöld.

Ég skal nú ekki tefja umr. um þetta mál frekar, það hefur ekki verið gefið tilefni til þess. N. afgreiddi þetta mál þannig, að þó að allir væru sammála um þær brtt., sem þar komu fram hjá meiri hl., gat minni hl. þess strax í upphafi, að hann teldi þetta ekki nægilegt, og er ekkert við því að segja. En þess ber þó að gæta, að þarna fer saman sú aðstaða, sem hægt er að skapa fyrir sveitarfélögin, annars vegar og hins vegar það, sem bæði hv. 1. og 2. minni hl. óska að fá gert og ég vil endurtaka, að sveitarstjórnarmenn sjálfir auðvitað væru mjög inni á, ef það væri framkvæmanlegt, sem ég tel því miður eftir athugunum, sem mér er kunnugt, að hafa verið gerðar á þessu máli, að ekki sé.

ATKVGR.
Brtt. 633,1 felld með 19:12 atkv.
— 634,1 felld með 21:6 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 634,2 felld með 20:7 atkv.
— 634,3 felld með 21:11 atkv.
— 633,2 felld með 21:15 atkv.
— 636 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 609,1 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 634,4 felld með 21:7 atkv.
— 633,3 felld með 21:15 atkv.
3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 633,4 felld með 21:13 atkv.
— 634,5 kom ekki til atkv.
— 609,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 633,5 felld með 21:15 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 654, 655).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Maður verður líklega að brýna raustina til þess að *hafa betur en efrideildarþingmaðurinn, sem er* að flytja mál sitt núna.

Hér liggur fyrir frv. um tekjustofna sveitarfélaga, og í hv. Ed. er á sama tíma frv. um tekju- og eignarskatt eða breyt. á þeim lögum. Í báðum frv. eru ákveðin gjöld á landsmenn. Ég hygg, að segja megi, að þetta kerfi okkar, sem notað er við álagningu gjalda, sé orðið úrelt og það þurfi að koma nýtt í staðinn, einfaldara, ódýrara í framkvæmd og réttlátara. Hér eru t. d. í þeim l., sem hér er lagt til að breyta, ákvæði um aðstöðugjöld, sem sveitarfélögin fá. Hins vegar innheimtir ríkið söluskatt. Hvort tveggja er þetta lagt á það sama, ýmiss konar framleiðslu og viðskipti. Og sveitarfélögin fá hluta af söluskattinum. Hví ekki að sameina þessa skatta í einn, sem síðan væri skipt milli ríkis og sveitarfélaganna? Þetta væri stórum einfaldara. Sama má segja um útsvör á tekjur og eignir og tekju- og eignarskatt. Það væri miklu einfaldara og ódýrara í framkvæmd að sameina þetta í einn skatt, sem síðan væri skipt á milli þeirra, sem eiga að njóta hans.

Einn af göllunum á núgildandi skattafyrirkomulagi er sá, að gjöldin koma mjög misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Þetta veldur miklu ranglæti. Ég hef gert athugun á því, hvernig aðstöðugjöldin voru á lögð árið 1964. Þar kemur fram, að þau eru mjög misjöfn. Til dæmis um þetta vil ég greina frá álagningu aðstöðugjalda á iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki. Í Reykjavík voru á *næstliðnu ári* lögð 0.9% á iðnaðarframleiðslu yfirleitt. Í 5 kaupstöðum öðrum er álagningin á iðnaðinn 1.5%, eða 67% hærri en í Reykjavík, og í 12 kauptúnahreppum er álagning á iðnaðinn einnig 1.5%. Þetta segir ljóta sögu um það ranglæti, sem iðnaðarfyrirtæki utan höfuðborgarinnar eiga við að búa. Þau verða að taka á sig langtum hærri aðstöðugjöld en hliðstæð fyrirtæki í höfuðborginni, og samkeppnisaðstaða þeirra er verri sem því nemur, það sjá allir. Nú er það þó kunnugt mál, að þau iðnaðarfyrirtæki, sem eiga heima utan þéttbýlustu staðanna, þar sem markaðurinn er mestur fyrir iðnaðarvörurnar, hafa að öðru leyti lakari aðstöðu á margan hátt við að reka sína atvinnu en hin, sem búa þar, sem markaðurinn er mestur, þó að þau hefðu sömu gjöld, hvað þá ef þeim er íþyngt með opinberum gjöldum fram yfir aðra. Margir munu líta svo á, að mikil nauðsyn sé að dreifa iðnaðarframleiðslunni um landið, m. a. til þess að afstýra því, að fólkið þyrpist á eitt takmarkað svæði, en byggileg héruð leggist í auðn. En með því að láta fyrirtæki utan höfuðstaðarins bera langtum þyngri opinber gjöld en þau, sem þar eru rekin, er verið að vinna á móti því, að iðnaður geti þrifizt annars staðar en í Reykjavík. Fréttir hafa borizt af því, að nágrannaþjóðir okkar styrki stofnun iðnaðarfyrirtækja í fámennum byggðarlögum til þess að stuðla að jafnvægi. Hér er farið öfugt að. Á þessu þarf að verða breyting, og sú breyting þarf að gerast fljótt.

Ég hef hér gert álögurnar á iðnaðarfyrirtækin að umtalsefni. Um aðstöðugjöldin á verzlanirnar er sömu sögu að segja. Í Reykjavík voru aðstöðugjöld lögð á almennar verzlanir árið 1964 0.7% af viðskiptaveltu þeirra. Í tveimur öðrum kaupstöðum voru aðstöðugjöldin 2%, eða nærri þrisvar sinnum hærri. Og í fjórum kaupstöðum var álagningin á verzlanirnar 1.5%, eða 114% hærri en í höfuðborginni. Í þrettán kauptúnum voru aðstöðugjöldin einnig 1.5% af veltunni og enn hærri í þremur kauptúnum. Í mörgum kauptúnum og kaupstöðum voru aðstöðugjöldin 1%, eða rúmlega 40% hærri en í Reykjavík.

Og nú vil ég spyrja: Hvers eiga þau verzlunarfyrirtæki að gjalda í kaupstöðum og kauptúnum víða um landið, sem eru látin borga tvisvar til þrisvar sinnum hærri aðstöðugjöld en verzlanir í höfuðborginni? Og það verða menn að gera sér ljóst, að þetta ranglæti bitnar á fólkinu, sem býr á þeim landssvæðum, þar sem háu aðstöðugjöldin eru. Háu gjöldin verða til þess að gera verzlunarviðskiptin óhagstæðari fyrir þetta fólk en höfuðstaðarbúana.

Þetta má ekki svo til ganga. Meðan aðstöðugjöld eru innheimt, eiga þau að vera hin sömu um land allt. Annað er óþolandi ranglæti. Þau sveitarfélög, sem hafa meiri þörf fyrir tekjur en önnur, eiga að fá framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaganna til þess að mæta hallanum.

Hv. 5. þm. Vestf. bar fram brtt. um jöfnun aðstöðugjalda við 2. umr. þessa frv. Ég taldi till. hans um *suma gjaldaflokkana of háa* og gat því ekki greitt till. hans atkv., þótt ég sé samþykkur stefnunni, sem þar kom fram. Aðstöðugjöldin hefðu hækkað mjög víðast hvar, ef hans till. hefði verið samþ. En þetta mál þarf að undirbúa fyrir næsta þing, og því hef ég leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 655. Hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr., þannig:

Á árinu 1965 skal ríkisstj. undirbúa þá breyt. á III. kafla laganna, að framvegis gildi sömu reglur um álagningu aðstöðugjalda í öllum sveitarfélögum.“

Ég vildi mega vænta þess, að hv. d. sjái sér fært að fallast á þessa till. mína.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er nú sjáanlegt, hvernig hæstv. ríkisstj. og þingmeirihl. muni ætla að ganga frá skattamálum á þessu þingi. Ég ætla ekki að rekja þessi

mál neitt nákvæmlega hér, það hefur þegar verið gert, en ég held, að segja megi, að í megindráttum líti nú málið þannig út, að í krónutölu muni menn yfirleitt greiða hærri gjöld á þessu ári en hinu síðasta, vegna þess að tekjur hafa hækkað allverulega og þær lagfæringar, sem hér er gert ráð fyrir að gerðar verði, eru ekki nægar til þess, að skattar standi nokkurn veginn í stað í krónutölu, þó að tekjur hafi hækkað nokkuð, en lítið meira en svarar til verðlagsbreytinga í landinu. Hins vegar mun hér verða lítið eitt minna hlutfall, sem menn greiða af tekjum sínum að þessu sinni en gert var í fyrra.

Hér hafa verið fluttar brtt., sem voru mjög í samræmi við það, sem samninganefnd verkalýðssamtakanna hafði áður rætt um við ríkisstj., en ekki höfðu fengið undirtektir þar og síðan verið felldar hér við 2. umr. málsins. Það var ein till. af þeim, sem 2. minni hl. n. flutti, flutt af Hannibal Valdimarssyni, varðandi sérstakan frádrátt til fólks, sem vinnur við fiskvinnu, í fiskiðnaðinum, og til hafnarverkamanna. Þessi till. fékk litla náð hér í þessari hv. d., en engu að síður vil ég leyfa mér við þessa umr. að taka hana upp nokkuð breytta og freista þess enn að fá hljómgrunn fyrir efni málsins, sem þar er um að ræða. Ég vil leyfa mér, þótt komið sé nú fram í 3. umr., að flytja hér skrifl. brtt. Það var seinast í gærkvöld, sem þessi mál voru afgreidd hér úr d., og vannst því ekki tími til þá að ganga frá till., en með leyfi hæstv. forseta er þessi till. á þessa leið, — ég vil taka fram, að hún er efnislega svipuð till. þeirri, sem var á þskj. 634, 2. till. á því þskj., — hún er þannig:

„Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

Eftir bókstafslið k í 30. gr. l. komi nýr liður, l, svo hljóðandi:

Heimilt er að veita verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum sérstakan frádrátt, 700 kr. fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en 6 mánuði af skattárinu."

Sú breyting, sem hér er um að ræða frá fyrri till., er sú, að hér er um heimild fyrir sveitarstjórnirnar að ræða, en ekki ákvæði, sem þær eru skyldar að fara eftir, og vil ég nú rökstyðja þetta nokkru frekar.

Það er tvennt fyrst og fremst, sem um er að ræða. Í fyrsta lagi tel ég það engan veginn réttlátt, heldur í hæsta máta ranglátt að leggja með sama mælikvarða á tekjur verkafólks, sem vinnur kannske 12—14 klst. á sólarhring og stundum miklu meira fyrir tekjum sínum og kemst á þann hátt kannske í æðiháar árstekjur. Þetta fólk vinnur ekki svona langan vinnutíma bara vegna þess, að það vilji vinna svona lengi, heldur er það fyrst og fremst vegna þess, að það er nauðsynlegt til þess að bjarga verðmætum, bjarga því allra verðmætasta, sem við þurfum að bjarga, þ. e. a. s. sjávarframleiðslu okkar. Það er ekki réttlátt að leggja á þetta fólk sama mælikvarða, jafnháar tekjur, skulum við segja, eins og á mann, sem vinnur 6—7 klst. á dag fyrir jafnháum tekjum. Það getur ekki verið, að það sé réttlátt að nota sama mælikvarða í báðum tilfellum.

En auk þessa og það, sem þó kannske er aðaltilgangurinn með þessari till., er að reyna að jafna ofurlítið aðstöðuna á vinnumarkaðinum sjálfum. Og þar eru að sjálfsögðu ekki sömu aðstæður hvar sem er á landinu. En hér í Reykjavík og sennilega í næstu kaupstöðum er nú ástandið þannig, að það má heita, að það skiptist í tvær meginheildir, hvernig hátt að er kaupgreiðslum. Það er annars vegar fiskiðnaðurinn, hafnarvinnan og opinber fyrirtæki, sem greiða einvörðungu umsamda kauptaxta, telja sig á engan hátt geta vikið frá þeim, og ef það er gert, er það þá í hæsta lagi með því að ívilna mönnum eitthvað í tímareikningi. Hins vegar eru svo hvers konar framkvæmdir, verktakaframkvæmdir, byggingarvinna, þjónustustörf margs konar, ekki síst verzlunin, sem greiða allt annað kaup, kaup, sem er 60—70, jafnvel upp í 100% hærra á klst. en greitt er í þessum atvinnugreinum. Það sjá náttúrlega allir, að ef þannig fer fram, er stefnt í beinan voða með undirstöðuframleiðslu okkar, og það er þegar komið svo, að skortur á vinnuafli í þessum greinum er mjög mikill, og það má ekki aðeins segja, að það sé skortur á vinnuafli, heldur verður það vinnuafl, sem þangað kemur, lakara og lakara, eftir því sem þessi samkeppni harðnar meir. Það er annars, þriðja og fjórða flokks vinnuafl, sem þessi atvinnurekstur fær. Blóminn úr vinnukraftinum, þeim mönnum sem eru á vinnumarkaðinum og geta boðið sig hvar sem er í vinnu, fer auðvitað til þeirra, sem greiða miklu hærra kaup. Ég mundi því segja, að þessi till. sé raunverulega miklu meira til þess að jafna þessa aðstöðu á vinnumarkaðinum, sem ég tel, að sé alveg lífsnauðsyn fyrir okkur að reyna að jafna á einhvern hátt. Og hvaða leiðir eru færar aðrar en einmitt að reyna að gera það með skattaálagningu? Sú upphæð, sem hér er tilgreind, er nokkurn veginn nákvæmlega hin sama og nú felst í þeim frádrætti, sem sjómenn fá, svo til nákvæmlega hin sama. Ég mundi leggja mikla áherzlu á, að þetta mál yrði afgreitt á þennan hátt.

Eins og ég tók fram áðan, er sjálfsagt aðstaða í hinum ýmsu sveitarfélögum eða bæjarfélögum ólík hvað þetta snertir. Ég get hugsað mér staði eins og helztu verstöðvar okkar hér við Flóann, jafnvel Vestmannaeyjar o. s. frv., þar sem meginþorri fólksins vinnur að þessum atvinnurekstri einvörðungu eða svo til einvörðungu. Þar er þetta vandamál máske ekki fyrir hendi, en það er mjög tilfinnanlega fyrir hendi einmitt hér. Hér er einnig um heimild að ræða, og það er þá á valdi sveitarstjórnanna, hvort þær notfæra sér þessa heimild eða ekki, hvort þær telja málið svo þýðingarmikið, að þær noti heimildina.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þessa brtt., en leyfi mér að afhenda hana forseta.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um

þessi skattamál að þessu sinni. Ég hef haft aðstöðu til þess að ræða þau við hæstv. ríkisstj. og sett skoðanir mínar þar fram, en ég vænti þess, að menn séu þess minnugir, hvað upp á teningnum varð, þegar skattskráin kom út í fyrra. Ég mundi telja, að með þeim breyt., sem nú er fyrirhugað að gera á útsvars- og skattal., verði ekki mikill munur á, hvernig útkoman eða niðurstaðan verður hjá launafólki. Ég skal að vísu ekki neita því, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið hér, eru jákvæðar, svo langt sem þær ná, en þær ganga allt of skammt. Við vitum, að í okkar þjóðfélagi eiga sér stað gífurleg skattsvik, sem sjálfsagt er erfitt við að eiga að mörgu leyti. En það á sér líka stað ranglæti gagnvart launafólkinu, vegna þess að atvinnurekstur og stóreignir er engan veginn skattlagt í þeim mæli, sem ætti að gera. Það voru athyglisverðar tölur t. d. varðandi aðstöðugjöldin, sem hér voru lesnar upp áðan. Sýnir það, að Reykjavík er sennilega mun lægri í aðstöðugjöldum en aðrir kaupstaðir og kauptún. Ef aðstöðugjaldaskalinn væri notaður hér í Reykjavík eins og heimilt er, er enginn efi á því, að hægt væri að létta byrðum af launafólkinu. Þetta hefur ekki fengizt fram að þessu. Og þó að ég játi það, að í þeim breytingum, sem hér liggja fyrir, felist jákvæðar till. frá því, sem l. gerðu ráð fyrir, vil ég þó taka það skýrt fram og í raun og veru þar með gera grein fyrir atkv. mínu, að með þessum lögum er verið að leggja þungar og ranglátar byrðar á alþýðu manna og allt launafólk í landinu, og til þess að mótmæla þeim, mun ég greiða atkv. gegn þessu máli úr deildinni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 679) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. og hef ekki heldur gert, en vil láta koma í ljós skoðun mína í sambandi við þetta mál, áður en það fer héðan út úr hv. deild.

Það, sem mestu máli skiptir í sambandi við útsvör á hverjum tíma, er það, að framtöl framteljenda séu rétt. Það, sem hefur valdið mestu um gremju fólksins, er það, hve langt er frá því, að framtölin séu rétt, og því miður hefur sú breyting, sem gerð var á skattakerfinu í landinu, ekki komið í veg fyrir það eða breytt á neinn hátt til batnaðar frá því, sem áður var um rétt framtöl. En það skiptir auðvitað máli, þegar um reikningsdæmi er að ræða eins og útsvarsálagning er orðin nú, að grundvöllurinn sé réttur, en á það skortir verulega. Mér er það fullkomlega ljóst, að þó að nú verði gerð breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, mun sú breyting ekki lengi standa, frekar en fyrri breytingar, og það er höfuðnauðsyn, þó að það hafi verið fellt hér í gær, að taka þennan lagabálk allan til endurskoðunar. Þar þarf einnig að taka til endurskoðunar reglurnar um jöfnunarsjóðinn og gera jöfnunarsjóðinn meira að jöfnunarsjóði en hann nú er. En í sambandi við það vildi ég mega benda á, að við höfum í innheimtukerfi okkar til ríkis og sveitarfélaganna tvenns konar form. Við leggjum á beina skatta í útsvörunum og beina skatta til ríkisins, sveitarfélögin fá tekjur úr jöfnunarsjóðnum í gegnum söluskattinn. Ég held, að í framtíðinni munum við breyta þessu kerfi og það sé nauðsynlegt að gera það og það verði að vera á þann veg, að sveitarfélögin fái beinu skattana, við séum ekki að blanda þessu svo saman eins og nú er, heldur fái sveitarfélögin alla beinu skattana og taki þá að sér líka álagningu þeirra og þann kostnað, sem framtölum þeirra fylgir. En í sambandi við það, ef við breyttum því og létum einnig tekjur af beinu sköttunum ganga til jöfnunarsjóðsins, þurfum við að endurskoða reglurnar um jöfnunarsjóðinn og úthlutun hans. En ég vil undirstrika það, að það er brýn nauðsyn að endurskoða þennan lagabálk og það verður að stefna að því að gera þetta einfaldara í framkvæmd en verið hefur, og það verður bezt gert með því, að sveitarfélögin fái í sinn hlut beinu skattana, en ríkið sitji eftir með þá óbeinu.

ATKVGR.
Brtt. 679 felld með 19:15 atkv.
— 655 felld með 19:14 atkv.
Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið út af dagskrá.
Á 85. fundi í Ed., 8 maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið mjög áliðið fundartíma, og vil ég því eigi vera að þreyta hv. þdm. með langri framsöguræðu, enda gerist þess naumast þörf. Það skýrir sig sjálft í grg., hvaða meginatriði felast í þessu frv., sem hér er um að ræða. Frv. tók allmiklum breytingum í hv. Nd., á þann veg, að þar fór fram frekari lækkun á útsvarsstigum og veitt var heimild til að fella niður útsvör í kaupstöðum, sem eru 1500 kr. eða lægri, en til þess að vinna upp þennan tekjumissi var heimilað að þrefalda fasteignamat til eignarútsvars á sama hátt og áður hefur verið gert til eignarskatts til þess að afla fjár til húsnæðismála.

Ef ekki gefst frekar tilefni til, enda mun málið verða nánar athugað í n., þá mun ég ekki, herra forseti, eyða fleiri orðum um málið, en legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Nú dregur af stjórnarliði, þegar ekki er höfð lengri framsaga fyrir stóru máli eins og þessu.

Það má vera ljóst, að þetta stjórnarfrv. um

breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er að verulegu leyti sprottið af því, að á s. l. ári urðu útsvör á ýmsum gjaldendum nálega óbærileg og þar að auki mjög ósamræmd. Samanburður útsvaranna milli gjaldenda var hinn furðulegasti miðað við efni og ástæður, sem lágu í augum uppi. Gerðust þá hróp mikil meðal gjaldenda sums staðar, ekki síst í höfuðborginni, enda vissi sumt fólk ekki, á hverju það ætti að lifa, þegar Gjaldheimtan tók nálega öll mánaðarlaunin síðari hluta ársins. Gáfu þá valdhafar landsins út róandi yfirlýsingar opinberlega um lagfæringar. Vanefndir urðu á leiðréttingu á s. l. ári, enda skal viðurkennt, að ekki var hægt um vik eins og komið var. Gjaldendur urðu að ganga með sársaukann það ár til enda og svo langt fram á nýtt ár sem afleiðingar gjaldanna endast. Nú hefur þriðjungur af hinu nýja ári liðið og komið er óðagot á Alþingi rétt fyrir þinglausnir. Þá er þetta frv. lagt fram. Það er hugsað sem aðgerð til að koma í veg fyrir, að annað eins gerist í útsvarspíningu og 1964.

Ég lít á frv. sem vandræðaplagg. Það felur ekki í sér að mínu áliti reglur, sem tryggi gjaldendur fyrir ofþjökun álagningar, eða kemur í veg fyrir misræmi í álagningu. Sú hlið frv., sem að gjaldendum snýr, er því misheppnuð að mínu áliti.

En svo er hliðin, sem að sveitarfélögunum snýr, því að að þeim snýr önnur hlið málsins. Hvernig ætli sú hlið sé? Ekki er hún betri. Við vitum hér á Alþ., hvernig kröfur tímans, sem við lifum á, og verðbólgan heimta meiri og meiri tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Nákvæmlega sömu lögmál gilda í sveitarfélögunum. Verðbólgan er engu vægari þar né kröfuminni, og löngum víkur Alþ. beint og óbeint auknum kröfum að sveitarfélögunum. Það hefur þetta Alþingi gert. Sá er aðalmunurinn á aðstöðu Alþingis og sveitarfélaganna, að Alþingi hefur löggjafarvaldsaðstöðu til að taka upp nýja tekjustofna handa ríkissjóði, en sveitarstjórnunum er markaður básinn, að því er tekjuöflun til sveitarsjóðanna snertir. Ég tel vafalaust, að með þeim samdrætti álöguréttarins, sem frv. felur í sér, verði ýmis sveitarfélög sett í þá aðstöðu að geta ekki fullnægt tekjuöflunarþörfum sínum.

Hæstv. ráðh., sem mælti fyrir frv. áðan, minnti á eitt, sem gert væri ráð fyrir að sveitarfélögin fengju til viðbótar því, sem þau áður höfðu til álagningar, og það var að mega þrefalda fasteignir, þrefalda verð fasteigna, þegar um eignarútsvör er að ræða. Eitt sinn fyrir stuttu var gert ráð fyrir því hér á Alþingi í sambandi við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga, að sveitarfélögin fengju álöguréttinn á fasteignirnar. Þessu var gleymt í vetur, þegar löggjöfin um húsnæðismálastofnunina var afgreidd, því að þá var gert ráð fyrir því, að ríkissjóður fengi tekjur af fasteignum einmitt með því að þrefalda fasteignamatið í eignarskatti til þess að standa straum af sínum útgjöldum vegna húsnæðismálanna. Þannig er hugsað um aðstöðu sveitarfélaganna oft og einatt hér á hv. Alþingi, og þannig er andi þessa frv. í garð þeirra.

Frv. er, eins og ég nú hef lýst því, eins og voð, sem vantar rétthverfuna. Það er ranghverft báðum megin. Það snýr ranghverfu að gjaldendum og ranghverfu að sveitarsjóðunum líka hinum megin. Ég tel vafalaust, að ýmis sveitarfélög verði að grípa til þeirrar heimildar að hækka útsvörin um 20% upp fyrir það, sem útsvarsstiginn gefur, og það hrökkvi þó alls ekki til hjá þeim mörgum hverjum. Hvað tekur þá við? Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna á að hjálpa þeim með aukaframlagi skv. d-lið 15. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga. En jöfnunarsjóði hefur alls ekki verið séð fyrir tekjum til að anna því hlutverki, eins þungt og það verður, ef þetta frv. verður að lögum. Hvað á þá að gera? Útsvörin þarf að lækka, og þau þarf meira að segja að lækka meira en frv. þetta gerir ráð fyrir að mínu áliti, og sveitarfélögin þola ekki þá lækkun, mörg hver a. m. k. Hvernig á þá að vera hægt að lækka útsvarsálagninguna á þessu ári? Hjá því verður alls ekki komizt vegna gjaldendanna.

Að mínu áliti verður ríkissjóður í ár að leggja jöfnunarsjóði aukatillag sem framlag, til þess að sjóðurinn geti þetta ár bætt sveitarfélögunum það, sem í ljós kemur, að þau vantar til að þola útsvarstakmarkanirnar. Með engu móti má starfsemi sveitarfélaganna lamast eða verða miður sín. Það mundi líka bitna með vanskilum af þeirra hálfu á ríkisstofnunum, svo sem Tryggingastofnuninni, ríkisábyrgðasjóði og sjúkrahúsum, Alþingi verður að bera fyrir brjósti afkomu sveitarsjóðanna ekki síður en ríkissjóðs.

Sveitarsjóðirnir verða að spara, segir máske einhver. Jú, það er hugsun, sem liggur nærri. En sparar ríkissjóður? Það er dansað í þessum efnum eftir sömu nótum hjá sveitarsjóðunum í fjölmennari sveitarfélögum og ríkissjóði, og er tæplega hægt að gera annað. Og svo er annað, útgjöld sveitarfélaganna eru orðin að verulegu leyti lögbundin. Í því sveitarfélagi, sem ég þekki bezt, er aðeins ¼ hluti útgjaldanna hreyfanlegur. ¾ hlutarnir eru lögbundnir eða samningum bundnir. Þessi fjórði partur gjaldanna er það stykki, sem hægt væri e. t. v. eitthvað að naga utan úr með sparnaði og þó lítið og alveg í trássi við lífið, sem lifað er í landinu. Ég heyrði ekki betur en hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, segði í gærkvöld í Sþ. í sambandi við framkomna áætlun ársins um framkvæmdir, að sveitarfélögin væru með framkvæmdum sínum á eftir almenningi í framkvæmdunum. Það er rétt, en það mega þau ekki vera. Þegar svo er ástatt, getur ekki talizt rétt að leggja höft á framtak sveitarfélaganna.

Ég tel, að svo miklar breytingar hafi orðið upp á síðkastið á ýmsan hátt um útgjöld bæði ríkissjóðs og sveitarfélaga og tekjuöflun í því sambandi, að skiptingin á verkefnum milli þessara aðila sé orðin röng, og ég tel, að útsvarsálagningin sé ofnotuð tekjuöflunar-

aðferð hjá sveitarfélögunum. Ríkissjóður hefur þá stefnu að taka viðbótarþarfir sínar ekki með beinum sköttum, heldur með óbeinum sköttum. Sveitarfélögin verða aftur á móti að taka meginhluta tekna sinna með beinum skatti, hinum óvinsæla útsvarsskatti.

Ég tel, að nauðsynlegt sé að endurskoða hið bráðasta verkaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaganna, gera það fyrir næsta reglulegt Alþingi og lækka með því tekjuöflunarþörf sveitarfélaganna að láta ríkið sjá um sumt það, sem sveitarfélögin þurfa að standa straum af nú.

Ég tel, að þetta frv. eigi að byggjast upp með tilliti til þess að vera aðeins eins árs úrræði, láta ríkissjóðinn með þá möguleika, sem hann hefur, ef ekki vegna þeirrar tekjuöflunar, sem honum hefur verið ákveðin í ár, þá með því lánstrausti, ef ekki vill betur til, sem hann hefur, gera jöfnunarsjóði kleift að veita aðþrengdustu sveitarfélögunum þetta ár hjálp til að lækka svo útsvörin, að ekki skapist svipað ástand meðal gjaldenda og í fyrra, en breyta svo á næsta reglulegu Alþingi verkefnaskiptingunni milli ríkisins og sveitarfélaganna á þá leið, að þannig geti útsvarsálagningin orðið hófleg hjá sveitarfélögunum og þau gegnt hlutverki sínu án þess að ofþjaka gjaldendum sínum með útsvarsálagningu.

Ég lít svo á, að fyrir liggi hér að gera ráðstafanir til að komast yfir boðann þetta ár og að þess vegna megi grípa til þess að ætla ríkissjóðnum að veita sveitarfélögunum aðstoð í gegnum jöfnunarsjóðinn, þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir því í þeim fjárl., sem Alþingi afgreiddi í vetur, en vitanlega hefði þetta frv. átt að vera þá fram komið. Það er eftir sig eins og fleira hjá hæstv. ríkisstj.

Þetta vildi ég láta fram koma strax við 1. umr., áður en málið fer til n., og ég mun í þeirri hv. n., sem fær væntanlega málið til meðferðar og ég á sæti í, beita mér fyrir breytingum á frv. í samræmi við þessar skoðanir mínar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 654, n. 733, 741 og 743, 734, 742).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið úr hv. Nd. og tók þar allverulegum breyt. Ég mun hér gera grein fyrir, í hverju þessar breyt. eru fólgnar, og þá miða við frv. eins og það liggur fyrir eftir þá afgreiðslu, sem það fékk í Nd.

Með þessu frv. er í fyrsta lagi breytt útsvarsstigunum á þá lund, að þrepunum er fjölgað um eitt samkv. gildandi útsvarslögum. Það voru aðeins tvö þrep í úrsvarsstigunum, þ. e. a. s. af fyrstu 40 þús. kr. skyldi greiða 20%, en af því, sem umfram er, 30% í útsvari, en nú er þessu breytt þannig, að það er bætt einu þrepi neðan við: 10% skal greiða af fyrstu 20 þús., 20% af næstu 40 þús. og síðan 30% af því, sem umfram er. Þetta er áreiðanlega til mikilla bóta, því að eftir núgildandi lögum hafa verið of fá þrep í útsvarsstiganum, og er þess vegna ástæða til að fagna því, að þessu hefur verið breytt, og bæði þetta ákvæði og reyndar fleiri, sem felast í þessu frv., eru sérstaklega miðuð við það að vera til hagsbóta fyrir lágtekjufólk.

Í öðru lagi er persónufrádráttur hækkaður allmikið, þannig að persónufrádráttur einstaklinga verður samkv. frv. 35 þús. kr., en er í gildandi lögum 25 þús. Það er hækkun um 40%. Persónufrádráttur hjóna verður 50 þús. kr., var 35 þús. kr. samkv. gildandi l. og hækkar um 43%. Persónufrádráttur fyrir barn verður 10 þús. kr., en er í gildandi lögum 5 þús., hækkunin 100%. Ef tekið er meðaltal og litið á hjón með tvö börn, verður persónufrádráttur þeirra 70 þús. kr. samkv. þessu frv., en er í gildandi lögum 45 þús., og það gerir hækkun um 55%. Þetta er langsamlega mesta hækkun, sem orðið hefur á persónufrádrætti í útsvari, og það sést í raun og veru bezt, hvað þessi hækkun er mikil, að meðaltali 55%, þegar þess er gætt, að tekjur manna munu eftir úrtaki, sem gert hefur verið, hafa hækkað um sem næst 27—28% á árinu 1964, miðað við árið á undan. Þó að það sé auðvitað engin fullnaðarniðurstaða, þar sem þetta er aðeins úrtak, hlýtur það þó a. m. k. að gefa mönnum upplýsingar, sem hljóta að fara nálægt lagi, þó að auðvitað reynslan ein geti skorið úr til fullnaðar. Og það má líka benda á, að samkv. athugunum, sem gerðar hafa verið, þá er talið, að kaup launastéttanna hafi að meðaltali átt að hækka miðað við kauptaxtana um 23% frá árunum 1963—64. En eins og ég gat um áðan, þá hafa raunverulegar tekjur sýnt sig hækka nokkru meira, og menn geta sjálfsagt haft skiptar skoðanir á því, af hverju þessi munur stafar, hvort menn hafa lagt á sig meiri vinnu, hvort það séu betri framtöl vegna aukins skatteftirlits eða launahækkanir utan kjarasamninga, og e. t. v. blandast allar þessar ástæður að einhverju leyti saman. En það er alveg ljóst, að með þessum breytingum persónufrádráttarins er þó bezt gert við barnmargar fjölskyldur, þar sem persónufrádráttur barna er hækkaður langsamlega mest.

Auk þessa má svo benda á það ákvæði frv., sem er reyndar skylt þessu, persónufrádrættinum, sem er á þá leið, að í kaupstöðum skuli útsvör, sem eru lægri en 1500 kr., felld niður. Þetta mundi þýða það, að hjón með tvö börn, sem byggju í kaupstað og hefðu 85 þús. kr. nettótekjur, yrðu útsvarsfrjáls. Ég hygg nú, að margir muni álíta, að það séu svo lágar tekjur, að ekki sé hægt að taka útsvar af þeim, en þess ber auðvitað að gæta, að þegar talað er um 85 þús. kr., eru það nettótekjur. Ég álít, að það mundi vera nokkuð nærri lagi, þótt það sé ekki hægt að gefa upp

neina ákveðna upphæð, að hjón með tvö börn, sem hefðu 100 þús. kr. brúttótekjur, mundu í ákaflega mörgum tilfellum algerlega sleppa við útsvör samkv. þessari grein, vegna þess að flestir hafa ýmsa frádráttarliði á skattframtalinu hjá sér, svo sem vexti, almannatryggingagjald, viðhald húseigna og annað slíkt, og þess vegna álít ég, að það mundi láta nokkuð nærri, að eftir þessum lögum mundu hjón með 100 þús. kr. brúttótekjur verða útsvarsfrjáls í kaupstöðum.

Það er auðvitað þannig, að þegar persónufrádráttur er hækkaður, hefur hann áhrif á útsvör allra gjaldendanna, þ. e. a. s. hann hefur ekki bara áhrif neðst í skalanum fyrir þá, sem hafa lægstar tekjur, heldur hefur hann áhrif upp fyrir sig, þannig að, eins og reyndar oft hefur komið fram bæði í sambandi við skattana og útsvörin, hækkaður persónufrádráttur þýðir líka lækkaða skatta fyrir þá, sem hafa háar tekjur, og þá er þetta, sem oft er deilt um, að slíkar ráðstafanir, hækkun persónufrádráttarins, leiða til þess, að hátekjumaðurinn fær meiri skattalækkun eða útsvarslækkun í krónutölu að upphæð til, en lágtekjumaðurinn fær aftur hærri afslátt, eða hans útsvar lækkar meira hlutfallslega.

Nú er það auðvitað augljóst mál, að með þessari miklu hækkun á persónufrádrætti verða margir útsvarsfrjálsir eða sem næst því, sem ella hefðu greitt útsvör, og nú er það svo, að sveitarfélögin verða auðvitað að ná þeim tekjum inn, sem þau hafa áætlað í útsvarstekjur á þessu ári, til þess að standa undir sínum útgjöldum, og þá verður vitanlega ekki hjá því komizt, að þau verða að leggja á þannig, að þau nái þessum tekjum öllum inn, m. ö. o., að sveitarfélögin hafa eins og verið hefur samkv. þessu frv. heimild til þess að breyta útsvarsstiganum, ýmist að gefa afslátt af honum eða leggja ofan á hann. Undanfarin ár hefur reynslan sýnt, að yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga hefur gefið afslátt og það í sumum tilfellum allríflegan, einkum þó sveitahrepparnir, en það hefur heyrt alveg til undantekninga, ef kaupstaður hefur þurft að leggja ofan á stigann.

Þessi skali gefur sveitarfélögunum mun lægri tekjur en sá eldri. Hann getur auðvitað breytt þessari mynd talsvert, þannig að nú snúist málið við, að það verði jafnvel algengara í kaupstöðum og kauptúnum, að leggja þurfi ofan á stigann en að gefa afslátt af honum. Þess vegna verða menn að gera sér það ljóst, að þeir, sem á annað borð lenda í því að greiða útsvar, og sérstaklega það fólk, sem hefur háar tekjur, þó að það fái samkv. þessum skala allmiklu lægri útsvör en eftir fyrri stiga eða skala núgildandi laga, getur þetta breytzt vegna þess, að af stiganum, sem gilti s. l. ár, fékk þetta fólk afslátt, en á þennan stiga, sem er lægri og þeim hagstæðari, verður hins vegar kannske að leggja ábót.

Þá er í þessu frv. ákvæði um það, að áður en úthluta skuli framlagi jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga, skuli draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til að mæta þörfum sveitarfélaganna samkv. 15. gr. Eftir tekjustofnalögunum er það þannig, að ef sveitarfélagi dugir ekki 20% álag ofan á skalann, tekur jöfnunarsjóður við. Að vísu veit ég ekki til, að neitt slíkt tilfelli hafi átt sér stað fram að þessu, en það má auðvitað gera ráð fyrir því, að þegar skalinn lækkar svona mikið, þá muni það í örfáum sveitarfélögum geta orðið tilfellið, að þau verði að leggja 20% ofan á og dugi ekki til, og þá þarf jöfnunarsjóður að grípa inn í. Hér er þess vegna lagt til, að þetta sérstaka framlag jöfnunarsjóðs til að mæta þörfum sveitarfélaganna hækki úr, að mig minnir 1%, sem það er í gildandi lögum, í 3%.

Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn. Nefndin klofnaði um málið, en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., þó með einni brtt., sem er á þskj. 742. Það er brtt. við 61. gr. laganna, en brtt. er fyrst og fremst fólgin í því, að inn í tekjustofnalögin eru tekin efnisákvæði úr 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þeim var breytt hér nýlega í meðförum Alþingis eða a. m. k. í meðförum þessarar hv. deildar.

Samkvæmt tekjustofnalögunum hefur ekki verið nein heimild til þess að leggja á gjaldendur sektir fyrir að svíkja undan útsvar og aðstöðugjald á sama hátt og hægt er með bæði tekjuskatt og eignarskatt og söluskatt, og það er til þess að bæta úr þessum heimildarskorti, sem þessi brtt. er gerð, sem meiri hl. n. flytur, og til þess að samræma þetta lögunum um tekju- og eignarskatt.

Eins og segir í aths., sem fylgja þessu frv., hefur ríkisstj. átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um þessar breyt., og þar segir enn fremur, að athugasemdir þær, sem fulltrúarnir báru fram, komi til athugunar við meðferð málsins á Alþ., og eins og ég gat um í upphafi, hefur í meðferð Nd., að ég hygg, verið gengið allverulega til móts við óskir Alþýðusambands Íslands, þó að um það næðist ekki fullt samkomulag. En lengra hefur ríkisstj. ekki treyst sér til að ganga.

Ég ítreka svo það, að meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. með þeirri einu brtt., sem meiri hl. n. hefur lagt fram og ég lýsti hér áðan.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég gat ekki mætt við umr. málsins í hv. heilbr.- og félmn., eins og nál. meiri hl. ber með sér, en ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti strax, að ég er samþykkur þeirri till., sem meiri hl. ber fram á þskj. 742 um sektir og viðurlög, sem leggja megi á þá aðila, sem svíkja undan útsvari, og þykist sjá, að þau viðurlög og þær sektir, sem hér er um að ræða, séu í samræmi við sams konar sektir og viðurlög, sem þeir eiga að geta orðið fyrir, sem telja ranglega til skatts.

En mér þykir það mjög miður að sjá þess vott og heyra líka á framsöguræðu frsm. meiri hl., að n. hefur ekki getað fallizt á till. þær, sem við í 1. minni hl. flytjum. Ég geri ráð

fyrir, að þær hafi komið fram á fundinum, efni þeirra hafi verið kunnugt. Ég leyfi mér þó að fullyrða, að ef till. okkar yrðu samþ., yrði á þessu ári stýrt hjá þeim ófögnuði, sem varð s. l. ár við beitingu útsvarsálagningar samkv. gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga. En verði hins vegar frv. óbreytt, tel ég, að nokkuð sé víst, að steyti á sama skeri og í fyrra í þessum efnum, þó að hv. frsm. virtist vera æði bjartsýnn í þessum efnum.

Afstöðu minni til frv., eins og það liggur fyrir, lýsti ég að nokkru við 1. umr. málsins og tel mig þess vegna geta verið fáorðan nú.

Tekjuöflun ríkisins hefur á síðustu árum verið meira og meira færð yfir á óbeina skatta, sem menn greiða með neyzlu sinni, innifalda í verði hennar undir huliðshjálmi. Söluskattur á þjónustu og viðskipti hefur verið stórkostlega færður í aukana. Söluskattar voru samkv. fjárl. 1960 102 millj., en samkv. fjárlögum 1965 eru þeir áætlaðir 923 millj. kr. og hafa því nífaldazt.

Nýr og aukinn lífskostnaður margvíslegur hefur komið til sögunnar. Verðbólga í sambandi við framangreint og af ótal ástæðum öðrum í þjóðlífi okkar hefur lagzt á sömu sveif til þess að umturna grundvelli fyrir álagningu útsvara til sveitarsjóða og auðvitað grundvelli fyrir tekjuskatti til ríkisins líka, en hann er bara miklu vægari en tekjuútsvar í flestum sveitarfélögum, enda ekki beinlínis til umr. hér við þetta tækifæri. Þurftartekjur, sem kalla má lífskostnað, hafa vaxið svo ört, að menn hafa ekki við að gera sér fullkomna grein fyrir því, hvaða tölum sá kostnaður tekur nú orðið. Í því sambandi ber fyrst að líta á, hver sú fjárhæð eigi að vera, sem fólk eigi að hafa útsvarsfrjálsa, eins og nú er komið, vegna óhjákvæmilegs lífskostnaðar. Frv. gerir ráð fyrir hækkun persónufrádráttar, en of lítilli hækkun að mínu áliti. Við, sem í minni hl. erum, teljum, að það verði að hækka hann meira, ef nálgast eigi, svo að vit sé í, hlutföll lífskostnaðarhækkunarinnar. Við leggjum til, að persónufrádráttur fyrir hvern einstakling verði 45 þús. kr., eða 10 þús. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir, frádráttur fyrir hjón verði 63 þús. kr., eða 13 þús. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir, frádráttur fyrir hvert barn verði 12 þús. kr., eða 2 þús. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir. Minna má ekki gera úr óhjákvæmilegum lífskostnaði í þessu sambandi, eins og nú er komið. Frádráttur fyrir börn er 1/6 hærri eftir okkar till. en frv., og sú hækkun er ekki sízt nauðsynleg vegna þess, að á barnafjölskyldum bitnar vitanlega óbeina skattaálagningin, neyzluskattarnir, sérstaklega hart. Þessar hækkanir persónufrádráttarins eru okkar fyrsta till. á þskj. 734.

Önnur till. okkar er sú, að við leggjum til, að þrepin í útsvarsstiganum reiknist þannig, að 10% álag verði heimilt að leggja á hreinar tekjur upp að og með 40 þús. hreinna tekna. Þá komi til 20% álagið á bilinu upp í 90 þús. kr., en 30% álagið ekki fyrr en tekjurnar eru komnar yfir 90 þús. Með þessari breikkun þrepanna mildast álagningin mikið, af því að hækkanirnar koma með því ekki eins fljótt, og það er nauðsynlegt réttlætismál.

Vel er okkur ljóst, að lækkun útsvarsálagningarinnar leiðir það af sér, að fjöldi sveitarfélaga þarf að nota hækkunarheimild þá, sem er í 34. gr. gildandi tekjustofnalaga, ofan á útsvörin, eftir að þau hafa verið reiknuð út samkv. fullnotuðum útsvarsstiga. Það munu þau þurfa, hvort sem okkar till. verða samþ. eða ekki. Hækkunarheimildin er 20%. Nú má öllum ljóst vera, að hækkun persónufrádráttar og lækkun stiga frá því, sem var í fyrra, kemur gjaldendum ekki að fullum notum, ef áhrifin eru eyðilögð með ofanálagi. Þess vegna leggjum við til, að heimildin í 34. gr. sé lækkuð úr 20% ofan í 10%. Þetta er 3. till. okkar.

Við göngum ekki að því gruflandi, að frv. þrengir mjög tekjuöflunarmöguleika sveitarfélaganna og till. þær, sem ég hef gert grein fyrir frá okkur í 1. minni hl., gera það enn meir. En hjá því verður ekki komizt vegna gjaldendanna, ef ekki á að endurtaka sig hjá þeim sagan frá því í fyrra, en öllum hlýtur að koma saman um, að svo megi ekki verða. Þess vegna þarf jafnframt að finna ráð til þess að sjá hag sveitarfélaganna borgið. Annað væri að fara úr ösku í eld. Samkv. gildandi l. á jöfnunarsjóður sveitarfélaga samkv. b-lið 15. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að greiða aukaframlag til sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör álögð eftir þeim heimildum, sem lögin ákveða. Vitað mál er, að jöfnunarsjóðurinn hefur ekki nægilegt fé til að anna þessu hlutverki 1965, eins og nú horfir með umræddar lagabreytingar, nema hann fái sérstaklega nýja fjárveitingu til þess. Hv. frsm. meiri hl. sagði réttilega frá því, að jöfnunarsjóðurinn ætti að taka 3% af tekjum sínum til þessara hluta, og raunar á hann að gera meira með þær tekjur, þ. e. a. s. hann má nota 3% af tekjunum til annarra hluta en til skiptingar milli sveitarfélaganna miðað við mannfjölda. Þessi 3% eru sýnilega allt of lítil fjárhæð til þess að mæta áföllum af mikilli lækkun útsvarsálagningar. Þess vegna leggjum við til í 4. till. okkar, að ríkissjóður leggi jöfnunarsjóðnum á þessu ári fé, er nægi. Ef fjárlögin gefa ekki þann tekjuafgang, að til þess hrökkvi, tel ég svo mikilsvert, að þetta verði gert, að ríkissjóður verði þá að nota lánstraust sitt til þessarar úrlausnar.

Vitanlega er alls ekki hægt eða vit í að byggja framtíð á svona úrlausn. Þetta á að vera aðeins úrlausn fyrir árið 1965, af því að ekki er nú ráðrúm til að komast hjá ófögnuði með skárri hætti. Aftur á móti verður samhliða að gera ráðstafanir til að endurskoða þessi mál og koma á þau betri skipan strax á næsta ári. Þess vegna leggjum við til, að stofnað sé nú þegar til endurskoðunar á þessum málum. Og till. okkar um það er á þá leið, að ríkisstj. skuli, strax eftir að frv. þetta hefur hlotið lagagildi, skipa 5 manna n. til þess

að endurskoða öll lagaákvæði, er gilda um útgjaldaskyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra. Skal n. leggja sérstaka áherzlu á það með till. sínum að leggja grundvöll að eðlilegri skiptingu þjóðfélagslegra verkefna milli sveitarfélaganna og ríkisins í samræmi við breytta þjóðarhætti, svo og grundvöll að skiptingu tekna, ef þær eru innheimtar í einu lagi af sama stofni fyrir sveitarfélög og ríki. Jafnframt rannsaki n., hvernig hægt verði að komast í álögum hjá því mikla ósamræmi, sem núverandi reglur um gjaldskyldu þegna þjóðfélagsins leiða af sér miðað við efni og ástæður. N. verði þannig skipuð, að þingflokkarnir 4 tilnefni í hana sinn manninn hver, en ríkisstj. skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. N. er heimilt að fá sér aðstoð við störf sín, og hafa skal hún samráð við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. N. skili áliti og till. svo fljótt, að næsta reglulegt Alþ. geti fjallað um það. Með þessari nefndarskipun er reynt að koma málum þannig fyrir, að fyrst og fremst eigi þar allir flokkar fulltrúa, enn fremur, að ríkisstj. hafi þar oddamann, og svo, að sveitarfélagasambandið geti átt aðild að starfinu, með því að n. sé lagt á herðar að hafa samráð við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Verkaskiptingin milli ríkis og sveitarfélaganna þarf sannarlega endurskoðunar og tekjustofnaskiptingin milli sömu aðila um leið. Þar eru rætur þeirra meina, sem við erum með frv. þessu að fást við, — meinanna, sem tóku svo herfilega að blæða á fyrra ári. Alþ. getur ekki sagt við sveitarfélögin: Annizt þið þetta og þetta og þetta — nema ætla þeim tekjuöflunarleiðir til þeirra hluta í samræmi við verkefnin. Það má ekki skera niður tekjuöflunarheimildir til sveitarfélaganna, nema þeim sé bætt það upp með fjárstuðningi, eins og till. okkar gera ráð fyrir, að ríkissjóður verði látinn gera 1965, aðeins til bráðabirgða fyrir það ár, eða með því að létta verkefnum af sveitarfélögum ellegar að ætla þeim eðlilega tekjustofna til þess að standa undir verkefnum, eins og síðasta till. okkar gerir ráð fyrir, að gaumgæft verði með nefndarstarfi.

Eg þykist hafa sýnt fram á það, að till. eru heilsteyptar. Þær taka eðlilegt tillit bæði til gjaldendanna og sveitarsjóðanna, en það þarf Alþ. að gera. Ef það er ekki gert í máli þessu, verður úr því botnleysa, og þá koma fram nýjar blæðingar. Nú grunar mig af reynslunni, að hv. meiri hl. hér muni fella till. okkar. Um það ætla ég að sjálfsögðu ekki að fárast. Meiri hl. ber auðvitað ábyrgð á afleiðingum þess. En ég vil leyfa mér að skora á hv. meiri hl. að athuga samt rólega, hvort ekki sé viðurhlutamikið að taka ekki til greina till. um endurskoðun, eða ef hann fellir hana, þá hvort ekki sé ástæða til að gera samt skynsamlegar ráðstafanir til þess eftir öðrum leiðum, að slík endurskoðun fari fram. Bót á þessum málum verður ekki ráðin nema með rækilegri endurskoðun í þessum efnum.

Frsm. 2. minni hl. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég flyt engar brtt. við frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er til umr. Í nál. mínu, sem prentað er á þskj. 743, skýri ég frá ástæðunum til þess, að ég flyt hér engar brtt. Ég skal ekki lengja umr. um málið með því að rekja það, sem í nál. stendur, en vísa aðeins til þess og undirstrika það. Ég verð ekki sakaður um þá fáu daga, sem ég hef setið hér í þessari hv. d., að hafa lengt umr. Þar með óþörfu málþófi, og þess vegna vildi ég leyfa mér við þetta tækifæri að fara nokkrum orðum um það mál, sem hér er á dagskrá.

Það er ljóst, að í öllum meginatriðum þessa frv. er fram haldið þeirri ranglátu skattastefnu gagnvart almenningi, sem einkennt hefur þessa hæstv. ríkisstj., sem nú situr, frá því að hún hóf valdaferil sinn, þá skattránsstefnu, sem á s. l. ári alveg sérstaklega kristallaðist í því miskunnarlausa blygðunarleysi að láta lágtekjumenn, lægst launuðu verkamenn borga jafnvel hærri útsvör og skatta en mestu gróðamenn þjóðfélagsisns, margfalda milljónera að eignum og margmilljónera að tekjum frá ári til árs.

Menn munu minnast þess, að á Alþ. í fyrravor, þegar skatta- og útsvarslög voru þá til umr., héldu stjórnarflokkarnir því blákalt fram, að um svo verulegar skattalækkanir yrði að ræða samkv. þessum nýju lögum, að einsdæmi væri í sögu þingsins. Þessu var haldið fram af áróðursmálgögnum stjórnarflokkanna fram á síðustu stund, allt fram til þess, að menn stóðu með staðreyndirnar í höndum sér, stóðu með það skjalfest svart á hvítu, að aldrei hefði meira skattrán verið framið gagnvart þjóðinni en einmitt að þessu sinni. Og þegar það loksins rann upp fyrir stjórnarflokkunum, að ekki tjóaði öllu lengur að boða mönnum þann sannleika, að nú gætu menn farið í ferð til Suðurlanda fyrir útsvars- og skattalækkun sína, var því lofað hátíðlega, að þetta skyldi nú bætt að nokkru, en einnig haldið fram alveg purkunarlaust, að um þessa útkomu hefðu stjórnarflokkarnir ekkert vitað, þegar málið var til umr. á Alþ. Nú er ákaflega varlegt að trúa því, að jafnmikilvæg mál og hér um ræðir fyrir alla þjóðina séu lögð fram af ríkisstj. á Alþ. á þann veg, að hún geri sér ekki grein fyrir meginstaðreyndum málsins, og það er full ástæða til að ætla, að stjórnarflokkarnir hafi á þessum tíma vitað annað og meira en þeir sögðu, en leynt því. Og þetta vil ég marka m. a. af því, að annaðhvort í þann mund, sem verið var að afgreiða útsvarslög á Alþ. í fyrra með því fororði, að svo væri teflt í tvísýnu með skattalækkun tekjumöguleikum sveitarfélaga, að útlit væri fyrir, að þau þyrftu öll að grípa til meira og minna aukaálags, þá gerðist það, að fulltrúar Reykjavíkurborgar skutu saman skyndifundi og hækkuðu allt í einu áætlun sína um útsvarsálögur á borgara Reykjavíkur um litlar 40 millj. kr. Eru líkur til þess, að þetta hefðu fulltrúar Reykjavíkurborgar gert, ef þeir hefðu haldið,

að fullyrðingar um stórkostlegar skattalækkanir, sem haldið var fram hér á Alþ. að yrðu, væru réttar, ef þær væru á rökum reistar, ef þeir vissu ekki betur en látið var í veðri vaka hér á hinu háa Alþ.? Ég held, að það sé meir en vafasamt, að svo sé, svo að ekki sé meira sagt. Og áfram er haldið þessari stefnu, áfram er haldið þessum málflutningi. Enn er sagt, að um stórfelldar skattalækkanir verði nú að ræða og að afkomu sveitarfélaga sé stefnt í algera tvísýnu.

Í fyrra gátu ýmis sveitarfélög og kaupstaðir lækkað skattana, veittu afslátt af skattstiganum allt að 40—60%, og svo óveruleg hækkun á persónufrádrætti sem nú hefur verið fallizt á mun ekki valda þeim ósköpum að mínu viti, að skattstigarnir núna reynist of takmarkaðir, tekjumöguleikar samkv. þeim of litlir, þegar tekið er tillit til þeirra tekjuhækkana, sem almennt urðu á s. l. ári. Enda kom það mjög skýrt í ljós í framsöguræðu hv. 9. landsk. þm., frsm. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. í þessu máli hér áðan, að þessi er ekki raunin. Þessi eru ekki rökin fyrir því, að ekki er hægt að ganga lengra til móts við kröfur verkalýðssamtakanna í sambandi við afgreiðslu útsvars- og skattamála hér á Alþ., heldur hitt, eins og hann sagði í niðurlagsorðum sínum: „Lengra hefur ríkisstj. ekki treyst sér til að ganga.“ En nú spyr ég: En treystir Alþ. sér ekki til að ganga lengra, þó að ríkisstj. treysti sér ekki til þess? Það er á valdi Alþ. að ganga lengra, að ganga til móts við sjálfsagðar og sanngjarnar kröfur almennings. Það er á þess valdi og þess valdi eins. En hér ber allt að sama brunni. Hér er það valdstefna hæstv. ríkisstj., sem ræður lögum og lofum, sú valdstefna, sem hefur þrengt sér æ meir og meir inn í alla hluti í þessu þjóðfélagi á þessum síðustu og verstu viðreisnartímum, sú valdstefna, sem ég óttast að eigi eftir að valda alvarlegri hlutum í þessu þjóðfélagi en menn gera sér eða vilja almennt gera sér grein fyrir nú.

Í sambandi við þá réttlátu reiðiöldu, — þá öldu sjálfsagðrar fyrirlitningar gegn valdhöfunum, sem reis hér í fyrrasumar, þegar skattarnir birtust, og í framhaldi hennar verður að rísa til alvarlegri viðbragða en menn almennt hafa hugsað sér. Ríkisstj. fann það og skildi þá, að henni var að vaxa yfir höfuð nýtt afl í þjóðfélaginu, svo að til einhverra ráða varð að grípa. Og þá var lofað, að upp skyldi tekið skattaeftirlit, sem lagfærði eitthvað þá rangsleitni, sem skattskráin sýndi okkur að framin hefði verið. Allir voru sammála og hafa verið sammála um, að þetta skattaeftirlit væri nauðsynlegt og væri sjálfsagt. Nú er því ekki að leyna, að þau miklu skattsvik, sem talað er um að hér séu og hér eru, eru þess eðlis, að stjórnarvöldin hefðu hvenær sem var og án nýrrar löggjafar getað hindrað þau, ef þau vildu. En það hefur ekki bólað á því, að þau vildu neitt gera í þeim málum, að þeim þætti neitt athugavert við það, þó að hátekjumenn, ofsatekjumenn, menn, sem byggja fyrir augunum á almenningi milljónahallir, borguðu það, sem kallað er vinnukonuútsvar. Látum svo vera. Það voru allir sammála um það, að komið yrði á fót skattaeftirlitinu og sett löggjöf um þau atriði, og ég skal taka það fram, að ég vanmet ekki vilja þeirra manna, sem að þessu skattaeftirliti standa. Það er enn á ný verið hér í brtt. við þetta frv. að auka og endurbæta löggjöf um skattaeftirlit, og enn eru menn þeirrar skoðunar, að þetta sé nauðsynlegt, og menn fylgja þessu að máli. Ég fyrir mitt leyti vil segja: Þetta er sjálfsagt og rétt, en það getur líka verið hættulegt. Það er hægt að misbeita því valdi, sem með þessum lögum er veitt valdhöfunum, eins og öllu öðru valdi, og ég vil lýsa því yfir, að ég vantreysti núv. ríkisstj. til þess að fara réttlátlega með þetta vald. Ég vil leyfa mér að geta þess hér við þessa umr., þó að það ef til vill komi til umr. aftur, það er ekki fullvíst, að í hv. Nd. hefur nú hæstv. fjmrh. lagt fram brtt. við lagagreinar, sem samþ. voru fyrir nokkrum dögum hér í þessari hv. d., á þá lund, að heimilt sé að fella niður skattsektir samkv. þeim málsgreinum, sem hér voru samþ., hafi skattþegn fyrir 1. marz 1966 af sjálfsdáðum gefið réttar skýrslur um þau atriði, sem máli skipta um tekjuskatt hans og eignarskatt, eða talið fram til skatts. Hér er um heimildarákvæði að ræða, sem mjög auðvelt er í höndum valdstefnumanna að misnota á herfilegan hátt, og mér er nær að halda eftir reynslu undanfarinna ára með sívaxandi spillingu í fjármálalífi þessa lands, spillingu, sem allir sjá og viðurkenna, spillingu, sem verður fyrst og fremst að skrifast á reikning valdhafanna, vegna þess að þeir hafa ævinlega og alltaf haft lög til að útrýma henni, ef þeir vildu, þá er ég hræddur um, að heimild eins og þessi verði af núverandi valdhöfum misnotuð. Það er auðvelt samkvæmt þessum ákvæðum að mismuna mönnum, að hlífa þeim, sem hlífa skal, en láta lögin ganga yfir aðra, og slík lög eru verri en engin lög. Með þessu er ég ekki að mæla gegn skattaeftirliti og að eftirlit sé haft með því, að rétt sé talið fram. Ég er aðeins að benda á þennan möguleika og vara við honum í þjóðfélagi, þar sem eins háttar og í okkar þjóðfélagi í dag. Ég skal ekki orðlengja frekar um þau atriði.

Að lokum vildi ég svo aðeins segja: Hv. 9. landsk. þm. sagði í framsögu sinni hér áðan, að persónufrádráttur hækkaði nú svo, að til hagsbóta væri fyrir lágtekjumenn. Ég vil ekki vefengja þessi orð hans að neinu leyti. Það má vel vera, að með þeim breyt., sem hér eru lagðar til á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, náist það réttlæti, að allra lægst launuðu menn í þjóðfélaginu sitji nú í fyrsta skipti við sama borð og allra mestu gróðamenn þjóðfélagsins.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths., sem ég ætla að gera hér við ræður frsm. minnihlutaálitanna um þetta mál.

Báðir þessir hv. þm. kvörtuðu undan því, að hækkun persónufrádráttarins væri of lítil og það væri illt til þess að vita, að ríkisstj. treysti sér ekki að ganga lengra. Það er ekki úr vegi í sambandi við þetta að líta dálítið aftur í tímann og spyrja, þegar fulltrúar þessara hv. flokka áttu aðild að ríkisstj., við hvaða kjör menn hafi þá búið í sambandi við útsvarsálagningu og persónufrádrátt, því að sannleikurinn var sá, að á meðan það ákvæði var í gildi, að hægt var að leggja á eftir efnum og ástæðum, þá var farið ákaflega langt niður. Og ég man eftir því, að þegar tekjustofnalögin voru fyrst í endurskoðun á valdatíma þessarar ríkisstj., kom það meira að segja fram, að það hefði verið lagt á tekjur, — það var að vísu fyrst og fremst í sveitahreppum, — sem voru 3 þús. kr. Það er þess vegna fyrst og fremst verk núv. ríkisstj. að hafa tryggt fólki einhvern vissan, lögboðinn persónufrádrátt til útsvars, þannig að það væri einhver hluti af tekjum þess, sem væri útsvarsfrjáls. Það er þess vegna ekki hægt að taka mjög alvarlega, þegar þessir sömu menn telja nú, að ríkisstj. gangi allt of skammt í því efni, og ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, að það hefði verið sama, hvað ríkisstj. hefði gengið langt í þessu, alltaf hefðu komið till. um að gera eitthvað meira.

Mér hefur verið sagt, að það hafi nú að undanförnu borizt kvartanir frá forráðamönnum sveitarfélaganna, þ. á m. frá Húsavík, um það, að með þessum persónufrádrætti og þessum breytingum væri verið að ganga of langt í persónufrádrætti, með þessum breyt., sem felast í þessu frv. Það er auðvitað hægt að gera eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), það er auðvitað hægt að stórhækka þennan persónufrádrátt enn þá frá því, sem gert er í frv., og láta svo meginhlutann eða talsverðan hluta af útsvörunum lenda á jöfnunarsjóði og láta svo ríkissjóð greiða jöfnunarsjóði þann hluta. En í fyrsta lagi tel ég, að ríkissjóður hafi ekkert fé til þess að standa undir þessu, og ef hann ætti að gera það, yrði ríkissjóður að innheimta hjá gjaldendunum eða skattborgurunum fé til þess að geta greitt þetta. Það er auðvitað skammgóður vermir, eins og þessi hv. þm. lagði til, að taka þetta bara að láni, því að auðvitað þarf ríkissjóður að borga þessa peninga, og þótt hann taki þá ekki í ár af gjaldendum, verður hann að gera það síðar.

Það má reyndar líka minna á í þessu sambandi, að það er núv. ríkisstj., sem hefur veitt sveitarfélögunum hlutdeild í söluskattinum, sem varð auðvitað til allmikilla bóta fyrir fjárhag sveitarfélaganna og hefur áreiðanlega létt mjög undir með þeim.

Þá skal ég líka geta þess, sem ég reyndar hefði átt að geta í fyrri ræðu minni, að í þessu frv. felst einnig sú breyting, að það skal hækka fasteignamat gagnvart eignarútsvari, þannig að það þrefaldist, og þetta gefur sveitarfélögunum auðvitað nokkrar auknar tekjur, þó að þær jafni hvergi það bil, sem verður við þessa breytingu, sem er á persónufrádrættinum, og breytingu á útsvarsstiganum sjálfum.

Að því er snertir ræðu hv. 9. þm. Reykv. (BergS) vil ég aðeins leiðrétta það, að ég hef ekki hér í sambandi við þetta mál verið að prédika neinar stórfelldar skattalækkanir. Ég hef litið þannig á, að það væri fyrst og fremst á valdi sveitarfélaganna, eftir þeirra ákvörðunum, hver útsvarsbyrðin verður í heild. Það má deila um það við ríkisstj., hvort tekjuskattur hafi lækkað eða ekki, og það má deila um það, hve mikið hann hafi lækkað, en það mál er hér ekki á dagskrá, og ég skal ekki fara neitt út í það. En um útsvörin tel ég, að það geti ekki verið við Alþ. að sakast eða ríkisstj., vegna þess að það eru sveitarfélögin, sem ráða þeim sjálf. Ég veit ekki til þess, að það séu uppi raddir um það á Alþ. að skerða sjálfsforræði sveitarfélaganna í þessum efnum til þess að leggja á útsvör. Það hefur að vísu verið skert á þá lund, að það er settur ákveðinn útsvarsstigi og ákveðinn persónufrádráttur, sem verður að hlíta. En að öðru leyti hafa þau ákaflega frjálsar hendur, þó ekki ótakmarkað, um það að hækka eða lækka þessa útsvarsstiga eftir vild og eftir þörfum, þannig að það fer fyrst og fremst eftir ástandinu í hverju sveitarfélagi, hvað það á hverjum tíma telur sig þurfa að ná miklu inn í útsvör, hvort hægt er að segja, að útsvörin þar hafi hækkað eða lækkað frá árinu á undan eða ekki. Ég vil alveg frábiðja það, að ég hafi sagt nokkuð í þá átt hér í þessum umræðum, að með þessu væri verið að boða stórfellda útsvarslækkun, og þá á ég fyrst og fremst við útsvarsbyrðarnar í heild. En hitt get ég endurtekið, að varðandi fólk með lágar tekjur verður þetta veruleg lækkun á útsvari.

Hv. 9. þm. Reykv. kom dálítið inn á skattsvikin. Ég skal ekki gera þau mikið að umtalsefni, en mér fannst hann tala um skattsvikin eins og það væri einhver hlutur, sem væri nýtilkominn í tíð núv. ríkisstj. Eins og allir vita, hefur undandráttur undan skatti átt sér stað hér um marga áratugi, og hefur þá ekki skipt miklu máli, hvaða ríkisstj. hefur setið. En ég vil árétta það í þessu sambandi, að það er einmitt núv. ríkisstj., sem stóð að breytingum á tekjuskattsl. í fyrra um þetta efni og enn fremur er nú verið að gera verulegt átak í þeim efnum, sem ég óska vissulega eftir að muni bera góðan árangur.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að ræða efnislega þær breytingar, sem nú er verið að gera á tekjustofnalögunum, heldur benda n., sem um þetta mál fjallar, á, að hún taki til athugunar fyrir 3. umr. málsins nokkur atriði.

Í fyrsta lagi vildi ég benda á, að samræma þurfi þá fresti og tímatakmörk, sem sett eru annars vegar í frv. um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti og með hliðsjón af núgildandi lögum og hins vegar í l. um tekjustofna sveitarfélaga. Þessi lög þurfa að hafa innbyrðis sam-

ræmi, og n. þarf að taka þessi lög bæði tvö og bera saman þau tímatakmörk, sem í þeim eru sett. Í fyrsta lagi er reiknað með því í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, að skattskrá skuli lögð fram eigi síðar en 1. júní, og fyrir lok maímánaðar er skattstjóra skylt að hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið þessa skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga segir hins vegar í 43. gr., að störfum þeim, sem um ræðir í 42. gr., þ. e. störfum framtalsnefndar, skuli vera lokið fyrir lok aprílmánaðar, og það sem meira er, að sveitarstjórn eða framtalsnefnd geri skrá um álagningu sveitarsjóðsgjalda, sem fara skulu fram samkv. skattskrá, sem lögð á að hafa verið fram eigi síðar en 1. júní. Skrá sveitarstjórnar eða framtalsnefndar um álagninguna, gjöld til sveitarsjóðsins, skal hafa verið lögð fram fyrir 20. júní. Þetta er að sjálfsögðu frestur, sem þarna væri gefinn frá 1. júní, frá því að skattskráin er lögð fram, en hún skal liggja frammi í tvær vikur frá 1. júní, þ. e. a. s. til 14. júní. Að ætlast svo til þess, að sveitarstjórn skuli hafa lagt fram skrá um álagningu sveitargjalda fyrir 20. júní, það er náttúrlega ekki réttmætt að hafa slíka kröfu uppi, þegar vitað er, að henni verður ekki framfylgt. Þessir frestir hafa ekki verið teknir bókstaflega til greina í framkvæmdinni, og það er ástæðulaust að vera að hafa í lögum slíka fresti, sem ekki er hægt að ætlast til að sé framfylgt. N. þyrfti að taka til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki mætti breyta þessum frestum á þá leið, að til þess sé hægt að ætlast, að eftir þeim verði farið. Það er að sjálfsögðu mjög aukið hagræði að því fyrir rn. og alla aðila, sem fylgjast vilja með álagningu og framlagningu útsvarsskrár, að einhverjir frestir séu alveg afmarkaðir og það skýrt, að eftir þeim sé hægt að fara.

Í öðru lagi vildi ég benda á, að í frv. með þeim breyt., sem nú hafa verið gerðar, virðist vanta alveg ákvæði til bráðabirgða um það, hvaða fresti skuli hafa uppi í ár. Nú er kominn miður maímánuður, og það segir sig sjálft, að þá er ekki á þessu ári hægt að framfylgja þeim frestum, sem eru í þessu frv., og þá vantar a. m. k. bráðabirgðaákvæði, sem gilda skal um yfirstandandi ár.

Enn fremur, fyrst ég fór að taka til máls, vil ég vekja athygli á einu ákvæði í 13. gr. tekjustofnal., þar sem segir svo, að ef sveitarstjórn hefur ákveðið að nota heimild um innheimtu aðstöðugjalds, sem þær gera flestallar, skal hún tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt þetta gjald skuli vera, sbr. 10. gr. Síðan segir: „Tilkynning skattstjórans skal send eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.“ Álagning aðstöðugjalds er orðin alveg föst. Hún er í öllum kaupstöðum og allflestum sveitarfélögum notuð, enda ráð fyrir því gert í l., að þau séu yfirleitt notuð hjá öllum sveitarfélögum, og það virðist ástæðulaust að gera sveitarstjórnum þá skyldu að senda skattstjóra tilkynningu um það, að hún hyggist leggja á aðstöðugjöld á hverju einasta ári. Þetta var kannske talið ekki óeðlilegt, þegar l. voru sett. En þegar séð er, að aðstöðugjöld eru hvarvetna notuð, er alveg ástæðulaust að vera að auka svo á skriffinnskuna, skulum við segja, að slíkar tilkynningar, sem eru alveg óþarfar, skuli þurfa að sendast árlega.

Að lokum vildi ég aðeins, fyrst ég er kominn hingað, láta þau orð falla, að hækkun persónufrádráttar við álagningu sveitarútgjalda eru að sjálfsögðu takmörk sett. Í því sambandi verður að hafa í huga ákvæði l. um takmörkun á heimild sveitarfélaga um hækkun útsvara frá þeim stiga, sem ákveðinn er hér á hinu háa Alþ. Í l. er gert ráð fyrir því, að hækkunin megi ekki fara fram úr 20%, og ég vil vekja athygli á því, að nú þegar er séð, með þeim stiga, sem hér er verið að ákveða, að nokkur sveitarfélög munu verða á mörkum þess að þurfa að fara fram úr þessu 20% hámarki til þess að ná þeim tekjum til sveitarsjóðsins, sem ráð er fyrir gert í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna, sem þegar hafa verið samdar og áttu að hafa verið afgreiddar fyrir áramótin. Hérna er fyrst og fremst um að ræða nokkra kaupstaði á Norðurlandi. Ég tel ekki nauðsynlegt að nefna nema þá, sem alveg bersýnilega lenda í þessum vandkvæðum. Þar er náttúrlega Siglufjörður efstur á blaði, en svipuð tilvik gætu komið upp bæði á Húsavík og Ólafsfirði eða svo mætti ætla, með því að þessir kaupstaðir hækkuðu báðir sína útsvarsstiga, þeir hækkuðu báðir álagningu sína á s. l. ári um 5%, þannig að það má ætla, að þeir verði við mörk þess að þurfa að fara yfir það hámark, sem l. skammta þeim.

Ég vek athygli á því, að það hlýtur að skoðast, a. m. k. meðan það er ekki orðið algengt, að sveitarfélög fái framlag úr jöfnunarsjóði, sem viss skerðing á fjárhagslegu sjálfsforræði sveitarfélaganna, að þau þurfa að undirgangast þá málsmeðferð, sem ráð er fyrir gert, þegar þau leita til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög. A. m. k. lögin fjalla nákvæmlega um það, hvernig með skuli fara. Ég skal ekki fullyrða, að sú meðferð muni öll höfð í framkvæmdinni. En það er ástæðulaust eða ástæðulítið af Alþ. að setja þær reglur, sem mundu verða þannig skoðaðar í hinum ýmsu sveitarfélögum, að það sé skerðing á þeirra sjálfsforræði, svo sem mundi sýnast leiða af þeim till., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. var nýlega að lýsa. Ég vildi benda á þetta, áður en til atkvgr. kæmi um þá till., enda þótt þau rök, sem þar voru fram borin fyrir réttmæti þess, að viss sveitarfélög fengju aðstoð frá jöfnunarsjóði undir vissum kringumstæðum, þar sem erfiðleikar steðja að af náttúruvöldum, sem eru sveitarstjórnum alveg óviðráðanlegir, séu réttmæt og ekkert við það að athuga. Á þetta vildi ég benda að lokum og teldi varhugavert, að frá Alþ. kæmu slíkar reglur, að sveitarfélögin teldu það skerðingu á sínu fjárhagslega sjálfsforræði að fara eftir þeim.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er ekki vilji minn að teygja úr þessum umr., en ég get varla komizt hjá því að segja nokkur orð, skal þó vera stuttorður.

Hv. 9. landsk. þm. vildi halda því fram, að persónufrádráttur, eins og hann er ætlaður í frv., væri meira gerður í hag gjaldenda en hefði verið fyrrum. Það er nú alltaf létt að vitna í gamlan tíma, þegar við lifum á tímum, sem sækja fram, og sannleikurinn er það sígildur alltaf, sem kveðið var, að það er bágt að standa í stað., því að „mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið." Og á það ber að líta, þegar metinn er persónufrádráttur nú og fyrrum, að nú hafa verið teknir upp neyzluskattar í stórum stíl og sú gjaldheimtuaðferð kallar á hærri persónufrádrátt.

Ég tók það fram, að þó að ekki yrði breytt frv. og ekki hækkaður persónufrádráttur og ekki yrðu lækkaðir stigar frá því, sem þar er, mundu sveitarfélög komast í þá aðstöðu, að þeim hrykki ekki útsvarsstiginn með heimiluðu álagi. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 4. landsk. þm. (US), staðfesti það í ræðu sinni.

Hv. 9. landsk. þm. gat þess, að kvartanir hefðu komið frá Húsavík um, að það bæjarfélag mundi ekki ná í land eftir reglum þeim, sem á nú að lögleiða um útsvarsálagningu. Þetta er vafalaust rétt, og þetta mun gilda um fleiri sveitarfélög en Húsavík og ekki aðeins um Húsavík og Siglufjörð og Ólafsfjörð, heldur mun það koma í ljós, að fleiri bæjarfélög lenda í sömu vandræðum. Það er nú misjafnt, sem á stendur með bæjarfélögin, atvinnulíf er misjafnt, tekjuöflun fólks misjöfn. Það hefur verið lélegt árferði í þeim efnum á Norðurlandi um skeið. En svo eru sveitarfélögin einnig misjafnlega á vegi stödd með framkvæmdir sínar, sjálfsagðar félagslegar framkvæmdir. Sveitarfélög, sem eru í örum vexti eins og Húsavík, þurfa mikið að gera til þess að fullnægja þörf fólksins, sem þar tekur sér bólfestu. Ég gat þess við 1. umr., að þannig væri ástatt t. d. í því bæjarfélagi, og ég held, að það sé ekki einstætt, að aðeins 1/4 hluti útgjaldanna er hreyfanlegur og þá um leið 1/4 hluti þeirra tekna, sem þarf að afla vegna útgjaldanna. 3/4 hlutar af útgjöldum eru skyldur, sem sveitarfélagið eða bæjarfélagið þarf að inna vegna lögboða og vegna samninga. Það er þess vegna aðeins 1/4 hluti gjaldanna, sem hægt er að naga utan úr til þess að draga úr álögum. Og þá rekst maður strax á þetta, að framkvæmdaþörfin er mikil og yfirleitt ástandið þannig um framkvæmdaþörfina, eins og sagt var af einum hv. ríkisstjórnarmanni, að bæjarfélögin og sveitarfélögin eru á eftir framtaki fólksins í ýmiss konar framkvæmdum og fjárfestingu. Og þegar svo er, er erfiðlega statt til að minnka athafnir sveitarfélaga.

Ég legg áherzlu á það, sem ég sagði áðan, að til þess að geta verulega breytt álögurétttinum og létt af gjaldendunum þarf að létta af sveitarfélögunum skyldum, sem búið er að leggja á þau. Þannig er t. d., að gjöld fyrir almannatryggingar í þessu sveitarfélagi, sem ég þekki bezt og hefur verið nefnt af öðrum en mér, gera fullan fjórða part útsvarsfúlgunnar. Til þess að inna þau gjöld af hendi, gjöldin til almannatrygginganna, þarf fjórðung allra útsvaranna. Mér virðist, að ætti að taka til athugunar, hvort ekki væri réttara, eins og nú er komið með tekjuöflun ríkisins, að ætla ríkinu að inna þessi gjöld fyrir fólkið og létta með því af álögustofnum sveitarfélaganna. Skólakostnaður í þessu sambandi þyrfti líka að endurskoðast. Og þegar hv. síðasti ræðumaður bendir á það, að skerðing á álögurétti, frekar en gert er ráð fyrir í frv., geti komið illa við sveitarfélögin, finnst mér, að hann hefði sem starfsmaður sambands sveitarfélaganna átt að taka undir þau orð mín, að þetta væri ástæða til þess að taka sig til og láta fara fram endurskoðun á þessum málum, eins og við í 1. minni hl. leggjum til. Og ég vil benda á það, að þessi hv. síðasti ræðumaður, 4. landsk., taldi fram ýmis dæmi þess, að það þyrfti að breyta l. um tekjustofna sveitarfélaganna. Hvers vegna tók hann ekki undir endurskoðunartillöguna? Gerir hann ráð fyrir, að það verði farið í frv. hér á þeim nauma tíma, sem eftir er, að gera gangskör að því að breyta öllum þeim atriðum, sem hann tók dæmi um sem galla á löggjöfinni?

Ég endurtek það, að ég vil vænta þess, að hv. meiri hl. og ekki þá sízt þeir, sem vinna beinlínis fyrir sveitarfélögin, styðji þá till. okkar að taka málin í endurskoðun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 734,1 felld með 9:8 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 734,2 felld með 10:8 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 734,3 felld með 10:8 atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 742 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 734,4 1. málsgr. felld með 10:8 atkv.
— 734,4 2.—6. málsgr. felld með 9:7 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 754).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Nd. s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 763).

65. Verðjöfnun á olíu og benzíni.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni [185. mál] (stjfrv., A. 496).

Á 71. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Olía sú, sem nú er flutt til landsins, er flutt inn um tvær innflutningshafnir, Reykjavík og Hafnarfjörð. Á undanförnum árum hafa flutningar á olíu frá þessum höfnum út á land hins vegar farið mjög vaxandi, sérstaklega hafa flutningar til Austfjarða aukizt mjög verulega undanfarin ár í sambandi við auknar síldveiðar og síldarvinnslu í þeim landshluta. Á Austurlandi eða Norðurlandi, þar sem einnig er mikið um olíunotkun, er hins vegar engin innflutningshöfn, og virðist því vera tímabært að stuðla að því, að komið verði á fót innflutningsgeymi eða geymum fyrir olíu á Austfjörðum og e. t. v. á Norðurlandi, til þess að lækka dreifingarkostnað olíunnar. Í gildandi l. um verðjöfnun á olíu og benzíni er hins vegar ekki lagaheimild til þess að greiða nokkuð úr verðjöfnunarsjóði til rekstrar slíkra innflutningsstöðva, þar sem lögin voru miðuð við það ástand, sem var, þegar þau voru sett, og er enn, að öll olían er eingöngu flutt inn um hafnirnar í Reykjavík og Hafnarfirði. Þess vegna er í þessu frv. lagt til, að heimilt verði að ákveða tímabundna greiðslu úr verðjöfnunarsjóði til rekstrar innflutningsstöðva, sem reistar kunna að verða utan Faxaflóasvæðisins, ef það má ætla, að flutningur olíu og benzíns á viðkomandi svæði verði ódýrari með því móti. En þó segir í frv., að þessi greiðsla að viðbættum flutningskostnaði til annarra útsölustaða megi aldrei fara fram úr þeim kostnaði, sem mundi verða greiddur vegna flutnings frá innflutningsstöðum við Faxaflóa, þ. e. a. s. að olía flutt inn um þennan nýja innflutningsstað, olían úr þeim geymi má aldrei verða dýrari en hún mundi verða flutt til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar og flutt áfram til notendastaðar eða til notendasvæðis. Þess vegna er tilætlunin með því að afla þessarar viðbótarheimildar sú að gera það kleift, að olíudreifingin verði smám saman ódýrari í kjölfar stórvaxandi olíunotkunar á Austurlandi og Norðurlandi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 707).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í frv. þessu til l. um breyt. á l. nr. 34 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, sem er stjórnarfrv., felst sá viðauki við gildandi lög, að ráðh. skuli heimilt að ákveða tímabundna greiðslu úr verðjöfnunarsjóði til rekstrar innflutningsstöðva, sem reistar kunna að verða utan Faxaflóa, ef ætla má, að flutningur olíu og benzíns á viðkomandi svæði verði ódýrari með því móti.

Eins og í aths. við lagafrv. þetta greinir, þá segir, að það sé orðið tímabært að stuðla að því, að komið verði fyrir innflutningsgeymi eða geymum fyrir olíu á Austfjörðum og e. t. v. á Norðurlandi, en eins og kunnugt er, þá eru innflutningshafnir á olíu hér fyrst og fremst Reykjavík og Hafnarfjörður. En með því að gera einhvern stað á Austfjörðum eða einhverja höfnina þar að innflutningshöfn og reisa þar stóran geymi, sem gæti tekið heilan skipsfarm, þá mundi verðjöfnunarsjóðnum sparast greiðsla á flutningskostnaði á olíunni frá Reykjavík til Austfjarðahafna, en einungis í staðinn þurfa að greiða flutningskostnaðinn milli hafnanna á Austfjörðum.

Það virðist því vera skynsamlegt að stuðla að því, að slíkir geymar verði byggðir. Mest þörfin virðist vera á Austfjörðum, en einnig gæti Norðurland komið til greina. Auk þess er allmikil trygging í þessu fólgin. Um hásíldarvertíðina stendur það alveg í járnum, að þau olíuskip, sem nú eru tiltæk til flutninga, hafi undan að flytja olíur austur á firði, og þess vegna væri mikið öryggi í því að hafa þar stóran geymi, og einnig væri fólgið í þessu öryggi, ef svo færi, eins og átti sér stað í vetur, að þarna verði hafís landfastur vikum saman. Þá er auðvitað einnig mikill kostur að hafa slíka stóra birgðageymslu til staðar.

Það er því, eins og ég gat um í upphafi, efni þessa frv., að það sé heimilt að styrkja rekstur slíkra innflutningsstöðva með tímabundnum greiðslum.

Þessu máli var vísað til fjhn., og n. hefur lagt til, að þetta frv. verði samþ., en tveir nm. voru þó eigi reiðubúnir til að taka afstöðu til málsins, eins og kemur í ljós í nál. á þskj. 707.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 86. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 87. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 752).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. N. kvaddi á fund sinn Yngva Ólafsson deildarstjóra, sem er formaður í stjórn verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og benzíni, til þess að fá hjá honum skýringar. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv., felst í því, að ráðh. geti ákveðið, að úr verðjöfnunarsjóði megi greiða fé til rekstrar slíkra geyma um takmarkaðan tíma, sem þar er átt við. Slíkar greiðslur ásamt flutningskostnaði til annarra útflutningsstaða mega þó aldrei vera hærri en það, sem greitt yrði fyrir flutning olíunnar á viðkomandi svæði frá útflutningshöfn við Faxaflóa samkv. gildandi reglum. Má gera ráð fyrir því, að með þessu yrði flutningurinn ódýrari, og aukið öryggi er samfara því að hafa birgðastöðvar á stærstu notkunarsvæðunum. N. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt, þó með þeirri undantekningu, að 2 nm., hv. 11. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. v., voru ekki reiðubúnir til þess að taka afstöðu til málsins.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þessu var vísað til fjhn. fyrir um það bil einum sólarhring, og það var haldinn fundur um það kl. 1.30 í dag, hálftíma áður en þingfundur hófst í d. Þetta mál er þannig vaxið, að maður þyrfti að hafa haft tíma til að athuga það, en hann hefur enginn gefizt, því að hér hafa mörg stórmál legið fyrir.
Hér er lagt til, að farið verði inn á nýjar brautir í þessu verðjöfnunarmáli á olíu og benzíni. Það er lagt til að fara að borga úr verðjöfnunarsjóði að nokkru leyti stofnkostnað olíugeyma hjá olíufélögunum. Þetta getur risið upp hingað og þangað um landið. En það er um málið að segja, að við fulltrúar Framsfl. höfum ekki á þessum skamma tíma getað fengið okkur ýmsar upplýsingar, sem við hefðum þurft að fá til þess að geta tekið afstöðu til málsins, og látum það því afskiptalaust. Satt að segja teljum við það óhæfu að afgreiða slíkt mál svo undirbúningslaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 764).

---

66. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt [182. mál] (stjfrv., A. 468).

Á 69. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þær meginbreytingar, sem þetta frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt felur í sér, eru þessar:
Í fyrsta lagi, að persónufrádráttur er hækkaður um 23%. Það þýðir, að persónufrádráttur fyrir einstaklinga, sem nú er 65 þús., hækkar um 15 þús. upp í 80 þús., fyrir hjón, sem nú er 91 þús., hækkar um 21 þús. upp í 112 þús., fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára, sem nú er 13 þús., hækkar um 3 þús. upp í 16 þús.
Í öðru lagi verður hliðstæð breikkun á þrepum í tekjuskattsstiganum. Tekjuskattsstiginn er nú 10%, 20% og 30%. Fyrsta þrepið er nú samkv. 25. gr. tekjuskattsl. 30 þús., það hækkar upp í 37 þús., annað er frá 30 þús. upp í 50 þús., það hækkar í frá 37 þús. til 62 þús. kr. tekjur, og þriðja þrepið er nú af 50 þús. og þar yfir, breytist í 62 þús. kr. tekjur og þar yfir. Þessi breyting á skattþrepunum nemur milli 23 og 24%.

Við ákvörðun þessara breytinga hefur verið höfð hliðsjón af tvennu, annars vegar því, hverjar breytingar hafa orðið á vinnutöxtum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna milli áranna 1963—1964. Efnahagsstofnunin áætlar, að þessar breytingar hafi að meðaltali numið um 23% hækkun launa þessara stétta á tímabilinu. Ef hins vegar litið er á framfærsluvísitöluna og tekin meðalvísitala áranna 1963 og 1964, var hún fyrra árið 134.67 stig, síðara árið 160.67 stig og hafði því hækkað milli áranna um 19.3%. En fyrir því er þessi samanburður gerður milli áranna 1963 og 1964, að samkv. þessu lagafrv., ef að lögum verður, er lagður á tekjuskattur miðað við tekjur manna á árinu 1964.

Þriðja breyting skv. frv. er sú, að hundraðstölur hvers skattþreps lækka um 10%, þ. e. a. s. 10% skattur lækkar í 9%, 20% í 18 og 30% í 27%. Eins og tekið er fram í grg., má hafa til hliðsjónar um það, hvernig þessar breytingar mundu verka, að skattþegn með 23% tekjuaukningu milli áranna 1963 og 1964 mundi greiða hlutfallslega 1% lægri tekjuskatt en hann gerði 1964, og er þá miðað við hlutfall af nettótekjum hans hvort árið.

Í fjórða lagi er það nýmæli í 8. gr. frv., að skylt sé frá og með gjaldaárinu 1966 að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem ræðir um í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., þ. e. a. s. það er skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem snerta persónufrádráttinn og skattþrepin, í samræmi við skattvísitölu. Hér er því tekin upp svokölluð umreikningsregla. Það var ætlunin að ákveða í þessu frv., við hvaða vísitölu skyldi miða. Þá kom til greina kaupgreiðsluvísitala, framfærsluvísitala, þ. e. a. s. samkv. a-lið vísitölunnar, og fleiri möguleikar komu til greina. Nú er svo ástatt, að vísitalan er í endurskoðun hjá hagstofunni og kauplagsnefnd, og töldu þeir sérfræðingar, sem til var leitað, sér ekki unnt að gera ákveðna till. um það, hvernig skattvísitalan, sem þessi umreikningur skyldi á byggður, skyldi byggð upp, treystu sér ekki til þess að svo stöddu. Það varð því niðurstaðan að ákveða annars vegar, að skattana skuli umreikna frá og með árinu 1966, en sú skattvísitala, sem eftir skuli farið, skuli ákveðin síðar af fjmrh. að fengnum till. kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

Aðrar breytingar í þessu frv. eru bein afleiðing af þeim, sem ég hér hef getið, og eru skýrðar í grg. frv.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Breytingar þær, sem felast í þessu frv., sem hér liggur fyrir, ganga of skammt að mínum dómi í lagfæringum á því ófremdarástandi, sem hér hefur skapazt í skattamálum á undanförnum árum og alveg sérstaklega kom í ljós á s. l. ári, Þær breytingar, sem í þessu frv. felast og horfa til lækkunar á tekjuskattinum, eru ekki fullnægjandi. Það hefði þurft að lækka tekjuskattinn meir en hér er gert ráð fyrir. Og ég held, að þessar breytingar, sem hér er um að ræða, gangi skemmra en menn höfðu ástæðu til að reikna með, miðað við það, sem á undan var gengið, og miðað við það, sem látið var í veðri vaka s. l. sumar. En þegar metnar eru þær breytingar, sem í þessu frv. felast, og mál þessi athuguð, verður ekki komizt hjá því að líta aðeins um öxl og athuga, hvað gerzt hefur áður í þessum málum, og einkanlega verður ekki hjá því komizt að staldra við það, sem gerðist í skattamálunum á s. l. ári. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma að rifja þá sögu hér upp, en skal aðeins nefna örfá atriði.

Það var þannig, að fram til 1960 gilti svokölluð umreikningsregla á tekjuframtölum og skattstigum, en hún var numin úr gildi 1960, þegar þó annars um leið voru gerðar nokkrar breytingar á skattal., sem horfðu til lagfæringar og lækkunar á sköttum að öðru leyti. Afleiðing þeirrar breytingar varð sú, að skattabyrðin hefur þyngzt ár frá ári vegna vaxandi dýrtíðar, og var svo komið á s. l. ári, árinu 1964, að sýnilegt var, að við svo búið mátti ekki standa og að skattalagareglurnar gátu ekki haldizt óbreyttar frá því, sem verið hafði, vegna þess að á árinu 1963 hafði orðið veruleg tekjuaukning í krónutölu hjá mörgum skattþegnum, og það var auðsætt, að að óbreyttum skattalögum mundu þær álögur, sem á þá legðust, verða þeim alveg óbærilegar. Þess vegna var á s. l. ári lagt fram frv. af hálfu ríkisstj. um nokkrar lagfæringar á skattal., þar sem m. a. var gert ráð fyrir því, að persónufrádráttur væri nokkuð hækkaður, en þó langt frá eðlilega, og einkanlega þar sem jafnframt voru þá gerðar nokkrar breytingar á skattstiganum, sem stefndu til hækkunar.

Þegar þessi mál voru til meðferðar á Alþingi þá, bentu þm. Framsfl. á, að lagfæring persónufrádráttarins væri ekki fullnægjandi. Þeir báru þá fram brtt. til hækkunar á persónufrádrættinum og lögðu til, að tekin yrði upp hin fyrri umreikningsregla, og lögðu til, að skattstigarnir væru lækkaðir í það horf, sem þeir höfðu verið í áður, og þeir bentu þá rækilega á, að samþykkt á þessu frv. ríkisstj. í óbreyttu formi mundi leiða til þess, að tekjuskattur og útsvar hækkuðu meira en hóflegt væri og yrðu lítt bærileg almenningi. Það er kunnara en frá þurfi að segja og öllum í fersku minni, að þessum aðvörunum var í engu sinnt, till. framsóknarmanna voru ekki teknar til greina.

Það var mikið látið af þeim lækkunum á sköttum, sem fælust í þessu frv., það var mikið gumað, er óhætt að segja, af þeim skattabreytingum, sem þá voru gerðar, og einkanlega voru málgögn stjórnarflokkanna óspör á fögur orð og fyrirheit í því sambandi. En þegar svo skatta- og útsvarsskráin hér í Reykjavík kom út s. l. sumar og skattskrár annars staðar tóku að birtast, brá mönnum heldur í brún, og þá hjaðnaði skjótt skrum stjórnarblaðanna,

sem þau höfðu áður haft uppi um þær skattalækkanir, sem þau töldu, að gerðar hefðu verið, því að það kom sem sé á daginn, að það reyndist allt rétt, sem framsóknarmenn höfðu sagt um þessi efni við meðferð málsins á Alþ., og það þarf ekki að rekja það, hversu menn stóðu þá andspænis gífurlegum skattabyrðum og hvernig fjöldi heimilisfeðra sá fram á það, að þeir höfðu svo sem ekkert eftir til framfærslu sér og sinnar fjölskyldu, þegar skattaútgjöld höfðu verið dregin frá. Og fjöldi manna vissi ekki og sá ekki fram á það, hvernig hann ætti að standa í skilum með greiðslu opinberra gjalda. Þetta var auðvitað þeim mun tilfinnanlegra sem áður og samtímis hafði komið til mjög mikil hækkun og aukning hinna óbeinu skatta í mismunandi myndum, en þó vitaskuld einkanlega sölusköttum.

Fólk varð ókvæða við þessum skattabyrðum, því að það hafði ekki gert sér ljóst almennt, við hverju mátti hér búast. Það hafði lagt of mikinn trúnað á málflutning stjórnarblaðanna, ekki tekið nægilegt tillit til og ekki gefið nægilegan gaum að þeim aðvörunum, sem framsóknarmenn höfðu sett fram um málið á þingi. En þegar menn stóðu andspænis þessu skattafargani, sem þá kom í ljós, virtist svo sem allir væru sammála um, að gera þyrfti á þessu lagfæringar, og mætti í því sambandi t. d. benda á margar skeleggar greinar, sem birtust um þær mundir í einu stjórnarblaðanna, Alþýðublaðinu. Framkvæmdastjórn Framsfl. varð einna fyrst til þess að andmæla þessari skattabyrði og benda á, að gera þyrfti ráðstafanir til þess að bæta úr í þessum efnum, samþykkti þegar eftir að skattskrá hafði verið birt ályktun, þar sem því var beint til stjórnarinnar fyrst og fremst að gera lagfæringar á þeirri skattaálagningu, sem þá hafði fram farið. en í annan stað stungið upp á því, að stofnað væri til n., sem skipuð væri fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkunum og hefði það hlutverk að endurskoða skattalöggjöfina með það fyrir augum að reyna að finna það fyrirkomulag í þeim efnum, sem gæti hentað til nokkurrar frambúðar. Í kjölfar framsóknarmanna að þessu leyti sigldu svo aðrir aðilar, bæði Sósfl., sem sendi sín mótmæli, og síðar Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem tóku upp viðræður við ríkisstj., og þær viðræður leiddu til þess, að það var skipuð samstarfsnefnd Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandsins og ríkisstj. til þess að athuga þessi mál. Um leið er svo rétt að geta þess, að fram fóru í ríkisútvarpinu s. l. sumar, 17. ágúst að ég ætla, umr. um þessi málefni, þar sem til mála tóku fyrirsvarsmenn stjórnmálaflokkanna, þ. á m. hæstv. fjmrh., og þar af er skemmst að segja, að það var samdóma álit allra þessara manna, sem mál fluttu þá í ríkisútvarpinu, jafnt stjórnarsinna sem stjórnarandstæðinga, að gera þyrfti verulegar lagfæringar í þessum efnum, og ef ég man rétt, taldi hæstv. fjmrh. upp nokkrar lagfæringar, sem gera þyrfti, og voru þær raunar mjög í þá stefnu, sem framsóknarmenn höfðu gert till. um við meðferð málsins áður á Alþingi.

Á skattálagningu s. l. sumar fékkst samt sem áður ekki lagfæring. Að vísu voru gerðar nokkrar ráðstafanir í þá átt að veita mönnum nokkurn gjaldfrest á greiðslu gjaldanna, ef þeir óskuðu eftir, og hefur það vafalaust hjálpað einhverjum til þess að komast þó yfir erfiðasta hjallann í því efni, en var náttúrlega langt frá því að vera fullnægjandi.

Framsóknarmenn fylgdu sínum till. eftir með því að leggja hér fram í þingbyrjun frv., sem gekk mjög í þá stefnu, sem þeir höfðu gert till. um strax í ályktun sinni 7. ágúst, en það frv. hefur ekki fengizt afgreitt og því hefur ekki verið sinnt. En hitt vonuðu menn, að hæstv. ríkisstj. mundi sem allra fyrst, eftir að þetta þing kom saman, leggja fyrir það till. til breytinga á skattal. og til lagfæringa á þeim. Menn hafa nú beðið nokkuð lengi eftir þeim till. frá hæstv. ríkisstj., þar sem þessar tillögur koma ekki fram fyrr en nú, þegar væntanlega fer að styttast í þessu þingi. Og það var nú svo, því miður, að alþm. fengu á þessu þingi að sjá framan í ýmsar aðrar skattabreytingar, áður en kom til þessara till. um lækkun á sköttum, sem þó hafði áður verið gefið fyrirheit um, og má þar til nefna t. d. söluskattshækkunina, sem mönnum er í fersku minni, launaskatt, hækkun eignarskatts vegna þreföldunar á fasteignamati, sem nú liggur fyrir og flutt var sem breyting við húsnæðismálalög, og í þessu sambandi má þá einnig nefna, að það hefur komið hér líka fram á þessu þingi, að ríkisstj. hyggst nota þá heimild, sem hún fékk í fjárl., til þess að skera fjárveitingar til verklegra framkvæmda niður um 20% eða allt að 20%. Andspænis þessu urðu menn að standa, áður en þetta frv. kom fram, en nú er það þó loksins komið. Og það er í stuttu máli sagt, eins og ég sagði áðan, alveg ófullnægjandi að mínum dómi til þess að bæta úr því óviðunandi ástandi í þessum málum, sem ríkt hefur. Það felur að vísu í sér nokkra hækkun á persónufrádrætti og lækkar hundraðstölur — og felur líka í sér breikkun á þrepum skattstigans og lækkar hundraðstölur hvers þreps um 10%. Um tvær þessar fyrrnefndu breytingar, sem þannig felast í þessu frv., er það að segja, að þar er í rauninni aðeins um að ræða lagfæringu á álagningarreglunum til samræmis við þá verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað miðað við árið 1964. Hins vegar felst ekki í þeim nein lagfæring á skattabyrðinni, eins og hún var í fyrra og birtist mönnum þá. Lækkun á hundraðstölu hvers skattþreps er of lítil. Ég held, að það hefði ekki verið ofrausn að lækka hundraðstölu skattþrepanna um t. d. 30%. Þá hefði þurft að fjölga skattþrepunum meir en gert er, og hefði líklega verið hæfilegt að miða hámarkið við 100 þús. kr., þegar tillit er tekið til þeirra gífurlegu breytinga, sem orðið hafa á gildi krónunnar og tekjum manna.

Það er sérstaklega ljóst, að þessar lagfæringar eru með öllu ófullnægjandi, þegar höfð er í huga sú óhóflega aukning óbeinna skatta, sem átt hefur sér stað, og nú síðast alveg sérstaklega hækkun söluskattsins, sem ég drap á áðan, og einnig núna hækkunin á eignarskattinum, sem ég veit að vísu ekki, hverju nemur. Það er nú sagt í frv. til húsnæðislaga, að sú hækkun eignarskattsins, sem þar er lögboðin, muni vera til þess að mæta útgjöldum, sem þar eru sögð vera 40 millj. Það liggur mér vitanlega ekkert fyrir um það, hvort hækkun eignarskattsins vegna þreföldunar fasteignamatsins muni nema 40 millj. eða einhverri annarri upphæð. Ég býst satt að segja við, að hún muni nema eitthvað lægri upphæð. En samt sem áður er augljóst, að þar er um verulega skattahækkun að ræða, og sú skattahækkun er þá samtímis og raunar aðeins fyrr á ferðinni heldur en þessi skattalækkun, sem loksins sér dagsins ljós með þessu frv.

Þessi atriði, sem ég hér hef aðeins lítillega minnzt á, verða að sjálfsögðu athuguð nánar í n. þeirri, sem fær þetta mál til meðferðar, og ég skal þess vegna ekki fjölyrða miklu meira um það nú á þessu stigi, vil þó taka fram, að 8. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að framvegis verði tekin upp eins konar umreikningsregla hliðstæð þeirri, sem áður var í l., er til bóta að mínum dómi. En þó er þar hængur á, fyrst sá, að þessi skattaskali, sem þar skal miða við, skal ákveðinn af fjmrh. að fengnum till. þar til greindra aðila, en það er á þessu stigi, þegar ákvæðið er lögtekið, þess vegna harla óvíst, hvernig framkvæmdin verður í þessum málefnum. Þetta er þess vegna gallað að því leyti til. Í annan stað hefði, áður en þessi umreikningsregla er upp tekin, þurft að gera nauðsynlegar lækkanir á skattabyrðinni frá því, sem var 1964, til þess að það yrði sambærilegt við það, sem áður var og hefði orðið, ef umreikningsreglunni hefði alla tíð verið haldið, og jafnframt þá auðvitað gerðar þær breytingar, sem gerðar hafa verið og óhjákvæmilegar hafa verið vegna breytinga á verðlagi og krónugildi. En þó að þessir annmarkar séu á 8. gr. frv. að vísu, álít ég hana þó til bóta.

Ég skal ekki, eins og ég sagði, miklu við þetta bæta. Það er öllum ljóst, að skattamálin eru erfið mál, en samt sem áður hygg ég, að margir mundu una sæmilega við það að gjalda til opinberra þarfa það, sem þeim ber með réttu, ef þeir sæju og sannfærðust um, að það væri eitt og hið sama látið yfir alla ganga í þessum efnum. Ég fullyrði, að það skortir mikið á það í *réttarvitund almennings*, að það sé svo nú, og skattskráin síðasta bar því miður þess glögg vitni, að það virtust margir komast þar fram hjá sköttum, sem hefðu ekki átt að gera það, og það var óskiljanlegur munur á því, hverja skatta menn áttu að greiða samkv. þeirri skrá, bæði skatta og útsvar. Nú hefur að vísu verið stofnað til skattalögreglu, sem tekin er til starfa. Í þeirri stofnun eru ágætir menn, og þess er að vænta, að árangur verði af starfi hennar, en þá skiptir líka miklu, að henni sé fengið gott veganesti og það sé reynt að stuðla að því almenningsáliti, sem gerir henni auðvelt að starfa. Mér finnst satt að segja, að ofurlítið hafi á það skort, m. a. í málgögnum hæstv. ríkisstj. Ég minnist þess t. d., að í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, birtist leiðari 11. febr. s. l., og það var síður en svo, að það væri hvatning til skattalögreglunnar í þeim leiðara. Það mátti miklu frekar segja, að í þeim leiðara væri beinlínis aðvörun til skattalögreglunnar um það að fara ekki ógætilega í þessum efnum. En út í það skal ég ekki fara nánar, en undirstrika aðeins það, að í þessu frv. er ekki að finna nein sérstök ákvæði til viðbótar þeim, sem áður hafa verið í lögum, sem eigi að tryggja það, að framkvæmdin í þessum málum sé réttlát og í því lagi, sem hún þarf að vera. En eins og ég sagði, geri ég síður en svo lítið úr þeirri stofnun, sem tekið hefur til starfa, og vona, að starfsemi hennar geti borið árangur.

Í þessu frv. er skýrt frá því, að ríkisstj. hafi átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þær, sem felast í frv., en rétt þyki, að brtt. fulltrúa ASÍ verði teknar til athugunar við meðferð málsins á Alþingi. Og sams konar frásögn er í grg. frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Ég hef síður en svo nokkuð við það að athuga, að það sé haft samráð við almannasamtök eins og Alþýðusamband Íslands um þessi mál. Ég álít það mjög æskilegt og nauðsynlegt. En hitt verður að segjast, að það er svo dálítið kátbroslegt, að það skuli liggja fyrir þessari hæstv. ríkisstj. eða þeim mönnum, sem hana skipa, að hafa þetta samráð við utanþingsöfl, af því að fáir hafa lýst því með sterkara orðbragði, hversu óviðeigandi og óþinglegt það væri, en einmitt þeir. En þó að ég hafi að sjálfsögðu — og það er í *samræmi við stefnu Framsfl.* — síður en svo við það að athuga, að það sé haft samráð við stéttarsamtök um svo þýðingarmikil mál sem þessi, skiptir það þó talsverðu máli að mínum dómi, með hverjum hætti mál þessi hafa verið lögð fyrir stjórn Alþýðusambands Íslands. Ef samráð hefur verið haft við þessa viðtalsnefnd, þá er það í fullkomnu lagi. En hafi hins vegar þetta frv. eða þessi frv. verið lögð fyrir þá aðila, áður en þau voru lögð fram hér á Alþ., þá verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, sem ég hef áður lýst í sambandi við önnur mál, þegar það hefur komið fyrir, að það hefur verið farið, að því er virðist, með frv. inn á fund stjórnmálafélaga hér í bænum og þau nánast lögð þar fram, áður en þau voru lögð fram á Alþ., að ég tel þá meðferð óþinglega og óheppilega. Og svo vil ég auk þess benda á það, að ég tel eðlilegt, að jafnframt því sem haft hefur verið samráð um þetta mál við Alþýðusamband Íslands og þess fulltrúa, hefði ekkert síður átt að hafa samband um málið við fulltrúa annarra stéttarsamtaka hér í landinu, sem sé samtök opinberra starfsmanna. Bandalag starfsmanna ríkis

og bæja. Ég held, að það standi einmitt svipað á um þau samtök og Alþýðusambandið að því leyti, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur sagt upp gildandi kjarasamningum og óskað á þeim endurskoðunar, og sú endurskoðun stendur yfir. Það er vitað mál og liggur í augum uppi, að það getur haft sína þýðingu um þá samninga, hvernig skattamálum er skipað, og það því fremur sem ég hygg, að skattalögin, eins og þau nú eru, og skattálagningin snerti opinbera starfsmenn alveg sérstaklega og fram yfir jafnvel alla aðra þegna í þjóðfélaginu. Þess vegna verð ég að segja, að það hefði verið fyllsta ástæða til þess, úr því að samráð var haft við aðra um þetta mál, áður en það var lagt fram hér á þingi, þá hefði verið fyllsta ástæða til þess að hafa samráð einnig við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um það eða þess fyrirsvarsmenn. Það má vera, að það hafi verið gert, en það kemur ekki fram af þessu frv., og þess er ekki getið í því, eins og aftur á móti þess er getið um fulltrúa Alþýðusambands Íslands. Það kemur fram í því, sem hér er sagt og frá skýrt viðvíkjandi Alþýðusambandinu, að fulltrúar þess hafa ekki fallizt á þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, og ekki talið þær fullnægjandi, og þykir mér það raunar ekki undravert. En væntanlega koma till. frá þeim þá fram við meðferð málsins hér á þingi, eins og gert er ráð fyrir í grg., og er þess að vænta, að þær verði að einhverju leyti til greina teknar, enda má segja, að mér finnst, að í þessari skýrslu, sem stendur hér, sé gefið nokkuð undir fótinn með það.

Þessar breytingar, sem felast í þessu frv., eru vitaskuld til bóta, svo langt sem þær ná, og eru betri en ekki neitt. En það er hætt við því, að mörgum finnist heldur slakar efndir á öllum þeim fyrirheitum um lagfæringar í skattamálum, sem uppi voru höfð s. l. sumar, og eitt er víst, að þær eru alveg ófullnægjandi úrræði í því skattaöngþveiti, sem menn þreifuðu svo rækilega á s. l. sumar. Og ég verð að segja það, að ef þetta frv. verður óbreytt að lögum, hygg ég, að sagan frá því í fyrrasumar endurtaki sig, þ. e. a. s. að margir munu þá í sumar vakna upp við vondan draum, þegar skattskráin kemur út.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Fyrir einu ári voru gerðar nokkrar breytingar á skattalögunum. Þær breytingar skyldu miða að því að létta skattbyrðinni á mönnum og þá fyrst og fremst á mönnum með lágar tekjur og miðlungstekjur. Þá var persónufrádrátturinn aukinn, enda ekki þá orðin vanþörf á eftir alla dýrtíðaraukninguna síðan í ársbyrjun 1960. Í fyrra var persónufrádrátturinn hækkaður um 30%, og sú hækkun átti ásamt fleira að tryggja láglaunafólki stórkostlega skattalækkun. Þessi verulega hækkun persónufrádráttar í fyrra leit engan veginn illa út, a. m. k. ekki á pappírnum. En það skyldi fleira gert láglaunafólki til hagsbóta. Sjálfum skattstiganum var breytt, og einnig það var gert í þeim yfirlýsta tilgangi að lækka verulega skatta á lágtekjum og meðaltekjum og sér í lagi hjá fjölskyldufólki. Skattþrepunum var í fyrra fækkað úr 6 niður 3. Raunar var það ekki gert í þeim tilgangi að létta byrðar skattborgaranna, heldur til þess að gera skattálagninguna einfaldari í framkvæmd og þægilegri. Með fækkun þrepanna breikkuðu þau lítið eitt, en aðallega náðist þessi fækkun með því að setja hámarksálagninguna, 30%, langtum neðar en áður var. Nú komust menn í hámark með það, sem var umfram 50 þús. kr., en áður þurfti til þess 90 þús. kr. En hvað sem um þetta var, skyldu skattar lækka á árinu og sérstaklega skyldu þeir lækka á lágtekjufólki. Því var lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að þetta væri megintilgangurinn með breytingunum, sem þá voru gerðar. Stjórnarandstæðingar hér á þingi leyfðu sér þá að hafa uppi gagnrýni og draga í efa, að svo mundi reynast í framkvæmd sem hæstv. ríkisstj. boðaði. En aðvörun stjórnarandstæðinga var í engu anzað og hv. stjórnarlið fór sínu fram. Það var slegið á bumbur og almenningi tilkynnt, að nú væri að vænta mikilla skattalækkana á árinu 1964. Almenningur trúði þessu og gerði sér miklar vonir um léttbærari skattheimtu, enda var áróður hafður í frammi óspart af málgögnum hæstv. ríkisstj. Svo rann upp sá stóri dagur á s. l. sumri, þegar álagningu skatta var lokið og skattborgurum gerð kunn úrslitin. Þá brá svo við, að gleðivíman hvarf hjá flestum og þeir þóttust hér illa sviknir. Skattarnir lækkuðu nefnilega ekki, heldur stórhækkuðu þeir. Fyrst í stað reyndu málgögn hæstv. ríkisstj. að lægja þessa óánægjuöldu almennings, og þau reyndu meira að segja að telja fólki trú um, að raunverulega væri um lækkun að ræða, en ekki hækkun á sköttunum. En fólkið hafði skattseðlana fyrir framan sig, og þetta tókst ekki.

Óánægjan með þessa skattpíningu á árinu 1964 fór vaxandi, eftir því sem leið á sumarið og haustið, og að lokum sáu hæstv. ráðh. sig tilknúða að viðurkenna opinberlega mistök sín í þessu efni og lofa bót og betrun. Eitthvað hafði farið úrhendis í sambandi við skattalagabreytinguna í apríl 1964, og hæstv. fjmrh. lofaði því hátíðlega og opinberlega, að þetta skyldi leiðrétta á næsta þingi. Þannig er þessi saga, og nú er komið fram loks á þessu þingi frv., sem eiga að fela í sér efndir þeirra loforða, sem hæstv. ríkisstj. gaf landsmönnum á s. l. ári. Þessi frv. voru lögð fram á Alþ. í gær, svo að enn hefur ekki gefizt mikill tími til athugunar á því, hvernig nú verði við stóru orðin staðið.

Það er ljóst, að persónufrádráttur á að hækka að þessu sinni um 23% frá í fyrra. Reynslan sýndi, að þá var hann ákveðinn allt of lágur, allt að 30%, og með hliðsjón af því efast ég nú stórlega um, að 23% hækkun dugi til leiðréttingar. Raunar skiljum við ekki, hvers vegna persónufrádrátturinn í því frv., sem hér liggur fyrir, skuli ekki hafa verið hækkaður um 30%, eins og tilfellið er þó með persónu-

frádrátt við útsvarsálagningu samkv. nýframlagða frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Ég hefði talið fulla þörf á því, að persónufrádrátturinn hefði orðið jafnhár eða a. m. k. 30%. En einhverra hluta vegna er hér gerður skilsmunur á og hækkun persónufrádráttarins höfð lægri hér. En hvað sem er um þessa hækkun á persónufrádrættinum, tel ég þó breytinguna, sem fyrirhuguð er á skattstiganum, enn þá hæpnari. Skattþrepunum er haldið óbreyttum að tölu í þessu frv., þau voru 3 síðan í fyrra og eiga að vera það áfram. Álagningarprósentan er lækkuð lítið eitt á öllum þrepum og einnig á hæstu tekjunum. Þrepin eru breikkuð örlítið, og þó komast menn, að ég hygg, nærri jafnfljótt í hámark álagningarprósentu og í fyrra, a. m. k. ef miðað er við dýrtíðaraukninguna, sem síðar hefur orðið. Þegar allt kemur til alls, hygg ég, að það muni koma í ljós, að þessi skattstigabreyting, sem fyrirhuguð er í frv., verði skattgreiðendum ekki til mikilla hagsbóta og sízt þeim, sem hafa lágar tekjur eða miðlungstekjur. Að mínum dómi hefði þurft að fjölga þrepunum og það helzt upp í 6 aftur, hafa lága álagningarprósentu, mjög lága álagningarprósentu á lægstu tekjur og hækka hana síðan smám saman í mörgum þrepum. Það er ekki ósennilegt, að það hafi verið fækkun þrepanna að kenna frekar en nokkru öðru einstöku atriði, að skattar hækkuðu á síðasta ári í stað þess, að þeir áttu að lækka.

Ég verð að segja, að við fyrstu sýn gefur þetta frv. ekki tilefni til mikillar bjartsýni, og verði það að lögum óbreytt, er skattgreiðendum áreiðanlega hollast að gera sér ekki miklar vonir í ár um léttari skattabyrði en á síðasta ári. Frá því segir í aths. við lagafrv. þetta, að hæstv. fjmrh. hafi falið ríkisskattstjóra að endurskoða nokkra þætti gildandi l. um tekju- og eignarskatt í því skyni að gera lagfæringar til hagsbóta fyrir gjaldendur. Ríkisskattstjóri varð við þessu, og niðurstaðan er þetta frv. En mér er nú spurn í þessu sambandi: Var ekki ástæða til að athuga fleiri þætti í skattalöggjöfinni en gert var í þessu sambandi? Ef tilgangurinn var sá að bæta hag tekjulágra gjaldenda, var vissulega ástæða til að mínu áliti að endurskoða fleiri þætti en gert var. Hvað er t. d. um sköttun fyrirtækja og félaga? Tvívegis eða oftar í tíð hæstv. ríkisstj. hefur fyrirtækjum og félögum verið ívilnað stórlega í skattálagningu. Í bæði skiptin eða öll skiptin gerðist það að sjálfsögðu á kostnað hins almenna gjaldanda. Hefði ekki verið ástæða til fyrir hæstv. fjmrh. að biðja ríkisskattstjóra að endurskoða þann þátt laganna og kanna, hvort fyrirtæki og félög séu þess ekki umkomin nú að bæta á sig örlitlu af skattabyrðinni? Mér hefði ekki fundizt óeðlilegt, að þessi þáttur hefði verið athugaður samtímis hinum öðrum þáttum, sem rannsakaðir voru.

Það þarf ekki að dyljast neinum, að ef ætlunin er að létta skattaálögur á hinum efnaminni í þjóðfélaginu, verða einhverjir að taka á sig auknar byrðar. Félög og fyrirtæki eiga a. m. k. ekki að gera það samkv. þessu frv. Hátekjumenn eiga ekki heldur að gera það. Þeir eiga frekar að lækka í sköttum en hækka, eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum. Þetta vekur hjá mér illan grun um, að nú, líkt og í fyrra, sé verið að leika sér að tölum frekar en að gera alvarlegar ráðstafanir til lækkunar á sköttunum. Skattstiga er breytt, skattþrepum er breytt, aðrar tölur eru settar í staðinn fyrir hinar gömlu. Þetta er allt og sumt, sem gerist. Þess er hins vegar vandlega gætt, að skattar lækki ekki á miðlungsborgaranum né á hinum fátæka. Þannig reyndist þetta í fyrra og mér sýnist fljótt á litið, að sama leikinn eigi að leika í ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 468, n. 577, 583 og 585, 584, 586).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um málið. Meiri hl. leggur til í nál. sínu á þskj. 577, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr., en nokkur atriði í sambandi við afgreiðslu þess verða tekin til nánari athugunar milli 2. og 3. umr.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, frá því að fjárlög voru afgreidd, var þá áætlað, að tekju- og eignarskattur mundi nema um 500 millj. kr. að óbreyttum skattstigum, en í fjárl. voru skattar þessir áætlaðir 375 millj. kr., og er sú lækkun skattstiga, sem í frv. þessu felst, í meginatriðum byggð á því, að sú áætlun standist, og mun þar þó teflt á tæpt vað. Efni frv. sé ég að öðru leyti ekki ástæðu til að rekja fyrir þdm., enda munu þeir hafa kynnt sér það gaumgæfilega.

En hitt er hins vegar að ýmsu leyti nýtt í sambandi við meðferð þessa máls á þingi, sem fram kemur í grg. frv., að ríkisstj. hefur átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þær, sem í frv. felast, og telur rétt, að brtt. fulltrúa Alþýðusambands Íslands verði teknar til athugunar við meðferð málsins á þingi. Það verður auðvitað alltaf álitamál, hvort og þá að hve miklu leyti taka eigi tillit til hagsmunasamtaka, jafnvel þótt svo fjölmenn séu sem Alþýðusamband Íslands, við ákvörðun opinberra gjalda og um aðra hliðstæða löggjöf. Hygg ég ekki ofsagt, að til skamms tíma hafi það verið ríkjandi skoðun, að kjarabaráttu sína beri launþegum að heyja við atvinnurekendur á grundvelli þeirra reglna,

sem vinnulöggjöfin setur um það hverju sinni, en málefnum sem fjármálum ríkisins beri Alþ. að skipa án þess, að stéttasamtökunum sé veitt þar nokkur aðild að. Þetta sjónarmið hefur líka verið réttmætt og eðlilegt á sínum tíma.

En ekki má að mínu áliti loka augum fyrir því, að síðustu áratugina hafa þjóðfélagslegar og efnahagslegar aðstæður breytzt svo, að slíkt gefur tilefni til þess, ef það gerir það ekki óhjákvæmilegt, að áðurnefnd afstaða sé endurskoðuð. Áður fyrr, þegar vinnumarkaðir voru meira aðgreindir en nú er og önnur stefna ríkjandi í peningamálum, hlaut kjarabarátta verkalýðsins að vera fyrst og fremst kaupgjaldsbarátta eða barátta um það, hvernig skipta bæri arðinum af framleiðslunni milli kaupgjalds og ágóða atvinnurekenda. Atvinnurekendur gátu, miðað við þær aðstæður, yfirleitt ekki velt af sér þeim kauphækkunum, sem þeir sömdu um. Nú er þetta öðruvísi, vegna þess að kaup allra launastétta fylgist nú yfirleitt að. Samkeppni er minni en áður og sveigjanlegri stefna rekin í peningamálum en yfirleitt var, t. d. fyrir síðustu heimsstyrjöld, og því hafa atvinnurekendur nú yfirleitt aðstöðu til þess að velta kauphækkunum, sem þeir semja um, yfir í verðlagið og sækja þær þannig í vasa launþeganna sjálfra. Það er því í raun inni ekki verið að semja um kjörin eða skiptingu arðsins, heldur verðgildi peninganna eða nokkuð, sem ekki er í verkahring stéttasamtakanna, hvort sem í hlut eiga samtök atvinnurekenda eða launþega, að fjalla um. Ef samtök launþega eiga ekki að verða ónýtt tæki til þess að bæta kjör meðlima sinna og hafa áhrif á hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum, verða þau því að fá fótfestu á þeim vettvangi, þar sem málum þessum er raunverulega ráðið til lykta, en sá vettvangur er þeir ýmsu opinberu aðilar og stofnanir, sem ákvarðanir taka um skipan efnahagsmála, þar á meðal fjármála ríkisins, bæði að því er snertir útgjöld hins opinbera og tekjuöflun þess. Í þá átt hefur þróunin gengið í grannlöndum okkar, að því er snertir meðferð kjaramála, og slík hlýtur þróunin einnig að verða hér að mínu áliti, þó að við höfum í þessu efni lifað lengur í fortíðinni en nágrannar okkar, og er það að mínu áliti skýring á þeim lélega árangri, sem orðið hefur af kjarabaráttu launþega síðustu 20 árin eða frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Júnísamkomulagið á s. l. vori var dagsbrún nýs tíma í þessum efnum, þótt engu skuli spáð um það, hvort ekki eigi eftir að koma snurða á þann þráð, sem þá var upp tekinn. Við því er rétt að vera búinn, því að allar nýjungar eiga erfitt uppdráttar í byrjun.

Hitt er svo annað mál, að þó að ég hyggi það sameiginlega skoðun okkar, sem að meirihlutaálitinu stöndum, að stuðla beri að því, að kjarasamningar séu gerðir á breiðari og raunhæfari grundvelli en til þessa hefur verið, er því mjög þröngur stakkur skorinn, miðað við núverandi aðstæður, hverjum árangri megi ná í þeim efnum með breytingu á tekjuskattinum. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi afgreiðsla fjárlaga, sem ég áðan minntist á, en við hana var samþykkt ágreiningslaust, er mér óhætt að fullyrða, að gera ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti næmu 375 millj. kr., eða ég minnist þess a. m. k. ekki, að neinar till. hafi komið fram við fjárlagaafgreiðsluna um hækkun eða lækkun þeirrar áætlunar, svo að við hana er Alþ. bundið. En í öðru lagi, og það atriði er e. t. v. öllu mikilvægara, er sá tekjuskattur, sem nú er í lögum, hátekjuskattur. Það hefur í rauninni ekki breytzt, síðan skattabreytingin var gerð árið 1960, þrátt fyrir það moldviðri, sem upp var þyrlað um skattana á s. l. sumri. Árið 1964, en það ár munu skattgreiðendur hafa orðið flestir síðan skattalagabreytingin var gerð 1960, greiddu 61% af framteljendum engan tekjuskatt, en helmingur þeirra, sem tekjuskatt greiddu, náði ekki upp fyrir tekjubil lægstu skattstiga eða 10%, þannig að hámarkstekjuskattur þeirra nam 3 þús. kr. Til þess að ná þeim skatti þurfti maður með meðalfjölskyldu eða 3 börn og konu á framfæri að hafa 180—200 þús. kr. í tekjur, því að allir njóta einhvers löglegs frádráttar vegna nefskatta, skulda, viðhaldskostnaðar íbúða o. s. frv. Geta það varla talizt drápsklyfjar skatta, þótt menn greiði 3000 kr. í skatt af svo háum tekjum, eða þannig mundi ekki undir neinum kringumstæðum vera litið á í nágrannalöndum okkar. Aðeins 20% skattgreiðenda greiddu þannig á s. l. ári 3000 kr. eða meira í tekjuskatt.

Ef stefna á að því að bæta sérstaklega hag láglaunafólks með væntanlegum kjarasamningum og efnahagsráðstöfunum í sambandi við þá, er auðsætt, að lækkun tekjuskatts getur ekki orðið úrræði í því efni, af þeirri einföldu ástæðu, að láglaunafólk greiðir alls engan eða þá mjög lágan tekjuskatt.

Í ljósi þessa, sem ég hef nú sagt, vil ég fara aðeins nokkrum orðum um þær brtt. þeirra hv. þm., sem skilað hafa minnihlutaálitum, og afstöðu mína til þeirra að svo stöddu.

Till. hv. framsóknarmanna ganga í meginatriðum út á það að fjölga skattþrepum og mundu, ef samþykktar væru, þýða talsverða lækkun á tekjuskattinum. Nú er það í sjálfu sér engan veginn óskynsamlegt sjónarmið að mínu áliti, að æskilegt sé að fjölga skattþrepunum. En þeirra till. mundu koma í bága við áðurnefnda afgreiðslu fjárl., og tel ég því ekki unnt að samþykkja þær.

Þá vil ég aðeins víkja að till. hv. 4. þm. Norðurl. e. Þær eru að því leyti á raunhæfari grundvelli en till. hv. framsóknarmanna, að þar er gert ráð fyrir tekjuöflun á móti. Það er gert ráð fyrir verulegri hækkun á félagaskattinum, sem mundi samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef um félagaskatt á s. l. ári, gefa milli 30 og 40 millj. kr. í ríkissjóð, og ég vefengi það ekki, þótt ég hafi ekki gert á því neina sér-

staka athugun, sem í nál. hv. þm. segir, að þetta mundi geta bætt ríkissjóði upp að fullu eða jafnvel meira en það tekjutap, sem hann yrði fyrir, ef till. hv. þm. um lækkun á skattstigunum, nema þeim hæsta, yrðu samþykktar. Það má auðvitað um það deila, hverjir skattstigar hlutafélaga eigi að vera, þó að ég geti ekki stillt mig um að taka fram, að mér finnst það hreinar öfgar, þegar hv. þm. talar um, að gróðafélög, eins og hann orðar það og mun þá fyrst og fremst eiga við hlutafélög, megi heita skattfrjáls hér á landi. Ef við berum okkur í þessu sambandi saman við nágrannaþjóðirnar, virðist mér samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um skattstiga þar, að skattstigar á hlutafélögum hér séu yfirleitt mjög svipaðir og þar. Um þetta hef ég þó allan fyrirvara, því að til þess að gera slíkan samanburð á skattálagningu félaga hér og annars staðar á Norðurlöndum þyrfti að athuga ýtarlega ekki eingöngu skattstigana sjálfa, heldur ákvæði um varasjóðshlunnindi, afskriftarreglur o. fl., en til þess hef ég ekki haft tækifæri. Og í sambandi við þær till., sem hv. þm. gerir um hækkun félagaskattsins, má á það benda, að samkv. þeirri breytingu, sem verður á útsvarsl. samkv. því frv., sem nú liggur fyrir, mundi það þýða verulega þyngingu skattbyrðarinnar á félögunum. Ég fer ekki nánar út í það, enda mun sú hlið málsins verða rædd, þegar útsvörin koma hér fyrir, en ég hygg, að hv. þm. sé þetta fyllilega ljóst.

Þar að auki má ekki loka augunum fyrir því, að ef skattar á félögum væru verulega þyngdir, hvort sem menn telja það af öðrum ástæðum sanngjarnt eða ekki, færi ekki hjá því, að möguleikar félaganna á því að standa sjálf undir atvinnurekstri sínum með eigin fjáröflun mundu verulega rýrna, en það mundi aftur þrengja lánamarkaðinn og skapa meiri erfiðleika á útvegun fjármagns til íbúðarhúsabygginga og annars slíks. Þetta skal ég ekki ræða frekar, enda er það að mínu áliti ekki kjarni málsins, heldur hitt, að sé farið inn á þá braut að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að mæta óskum verkalýðsfélaganna, — og í sjálfu sér finnst mér það ekkert óheilbrigt, enda var lagt inn á þá braut, eins og kunnugt er, með júnísamkomulaginu á s. l. ári, þegar ríkisstj. skuldbatt sig til þess að leggja fram ákveðna fjárhæð til aukinna framkvæmda í húsnæðismálum, — og fjár til þess aflað á þann hátt, sem verkalýðsfélögin telja ekki bitna á sér, t. d. með félagaskatti, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. leggur til, eða eignarskatti samkv. húsnæðismálalöggjöfinni, sem nýlega var verið að samþykkja hér í hv. d., þá sýnist önnur ráðstöfun þessa fjár líklegri til þess, að komið sé til móts við óskir verkalýðsfélaganna, en sú að verja þessum peningum til lækkunar tekjuskatts, því að ef sú leið er farin, má fullyrða, að á móti hverri 1 kr., sem sparast fyrir verkamenn með því og þó aðeins þá, sem bezt eru settir, eru það aðrir aðilar í þjóðfélaginu, sem mundu fá 10 kr. á móti hverri einni, sem verkamennirnir fá, aðilar, sem ekki er hægt að ætlast til af verkalýðsfélögunum, að þau heyi harða baráttu fyrir.

Í þessu efni eins og öðrum skyldum verður að horfast í augu við það, að það verður að einangra málið, beina aðgerðunum að þeim verkefnum, sem mest aðkallandi er að leysa, þannig að væri þessi leið farin, sýndist það t. d. hentara að leggja fé til verkamannabústaða, orlofsheimila verkamanna eða einhverra hugðarefna verkalýðsins, sem mundi þýða það, að tryggt væri, að fé kæmi þá óskipt til þeirra. Raunar er að því leyti óþarft fyrir mig að taka þetta fram, að mér finnst það koma fram, bæði beint og óbeint, í nál. hv. 4. þm. Norðurl. e., að hann geri sér þess fulla grein, að frá hagsmunasjónarmiði verkalýðsins er ekki feitt á stykkinu hvað afgreiðslu þessa máls snertir og hvað svo sem gert væri í þessum efnum. En það er full ástæða til þess að gera sér fulla grein fyrir því atriði, sem ég áðan nefndi, að nauðsynlegt er að einangra vandamálin, ef þau á að leysa. Það þýðir ekki að ætla sér að leysa vanda allra í einu vetfangi, og gott dæmi um þetta er vinnutíminn, sem mikið hefur verið rætt um að undanförnu. Hér er ekki um neitt nýtt vandamál að ræða. Vinnutími láglaunafólks hefur lengi verið of langur, ef það á að geta unnið fyrir kaupi, sem að öðru leyti tryggir mannsæmandi kjör. Þetta vandamál hefur verið ofarlega á baugi í 20 ára eða meira, en sú leiðin, sem bent hefur verið á til lausnar þessu vandamáli, er sú að hækka dagkaupið, þannig að styttri tíma þyrfti nú vegna hærra kaups en áður til þess að vinna fyrir launum, sem viðunandi mættu teljast. Sú leið hefur líka verið farin. Dagkaupið hefur hækkað árlega eða a. m. k. annað hvert ár, en árangur af þessari leið hefur því miður ekki orðið neinn. Vinnutíminn hefur ekki styzt, heldur jafnvel lengzt. En af hverju? Af því að þessi kauphækkun, sem hefur átt að gera láglaunafólki kleift að stytta vinnutímann, hefur ekki náð eingöngu til þess, heldur allra annarra, svo að afleiðingin hefur orðið sú, að þetta hefur farið út í verðlagið og árangurinn þannig ekki orðið neinn. Ef þetta stóra vandamál á að leysast, verður það aðeins gert með því að taka það raunhæfari tökum en gert hefur verið til þessa. Það þýðir ekki að halda áfram að berja höfðinu við steininn og hjakka áfram í sama farið.

Þó að það komi fram í þessum orðum, sem ég hef sagt um þær brtt., sem fluttar hafa verið af þeim hv. þm., sem eru í minni hl. fjhn., að ég býst ekki við að geta fallizt á þær nema þá að mjög óverulegu eða jafnvel engu leyti, tel ég samt sem áður rétt með tilliti til þess, hvernig n. hefur afgreitt þetta mál, og einnig með tilliti til þess, að það eru þó sumar þær till., sem fyrir liggja, sem ég hefði óskað, að nánar væru athugaðar, að beina því til þeirra hv. þm., sem hér eiga hlut að máli, að taka till. aftur til 3. umr., þannig að þær verði ásamt öðrum athugaðar í n. á milli funda.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu hv. frsm. meiri hl., hefur ekki verið fullt samkomulag í fjhn. um afgreiðslu þessa máls. Við fulltrúar Framsfl. í n., hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, leggjum til, að frv. verði breytt töluvert, áður en það verður samþykkt. Ég verð að minna á það, að árið 1960 var skipt um stefnu í skattamálum, þannig að óbeinir skattar voru auknir verulega, en um leið lofað lækkun á beinu sköttunum. Ég þarf ekki að rifja það upp, að ýmis rök voru þá að þessu færð, að þetta væri eðlilegt, m. a. þau, að það væri svo mikið svikið undan tekjuskatti, en hins vegar munu menn þá líklega hafa haldið, að óbeinum sköttum eins og söluskatti yrði nú ekki aldeilis stungið undan. Nú hefur þróun þessara mála orðið sú, að óbeinu skattarnir hafa farið síhækkandi, söluskatturinn, sem árið 1960 var ákveðinn 3% og m. a. rökstuddur með því, að hann væri nauðsynlegur til þess að afla tekna á móti lækkun beinu skattanna, er nú kominn upp í 7½%. En á sama tíma hefur tekjuöflun ríkissjóðs með beinum sköttum, með tekju- og eignarskatti, fjórfaldazt, ef borinn er saman tekju- og eignarskattur innheimtur á árinu 1960 og sá tekju- og eignarskattur, sem lagt er til með fjárl. og þessu frv., sem hér liggur fyrir í samræmi við þau, að verði innheimtur á árinu 1965, sem er 375 millj.

Ég vil aðeins minna á það, að ein af þeim breytingum, sem gerðar voru á skattalöggjöfinni árið 1960, var sú, að umreikningur samkv. vísitölu á frádráttarupphæðum og upphæðum skattstigans var afnuminn. Um leið var dýrtíðin gerð að skattstjóra í landinu með fjölgandi krónur, en minnkandi. Þá var fljótt þannig komið, að lágtekjumenn voru komnir í tiltölulega háa skattstiga, nema leiðrétting færi fram. Hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir leiðréttingum á þessu, þannig að öðru hverju voru frádráttarupphæðirnar leiðréttar í samræmi við þetta, og þetta voru kallaðar skattalækkanir.

Þegar tekjuskattslögin voru hér síðast til meðferðar fyrir ári, bentum við framsóknarmenn á þetta og bentum jafnframt á það, að um leið og hæstv. ríkisstj. hafði látið leiðrétta frádráttarupphæðirnar, hafði skattstiginn sjálfur verið síhækkaður til þess að jafna þessar leiðréttingar út og væri orðinn allt of brattur, þ. e. a. s. tekjuskattsþrepin allt of fá og allt of mjó.

Afleiðingin af löggjöf um þetta efni á s. l. ári varð sú, eins og við framsóknarmenn höfðum bent á, að þegar skattlagningin lá fyrir á s. l. sumri, reis mikil alda reiði og vonbrigða. Hún stafaði ekki eingöngu af því, hversu háir skattarnir voru, heldur líka af einstaklega ábyrgðarlausum málflutningi af hálfu stjórnarliða. Þeir höfðu útmálað það í málgögnum sínum, hvað skattalækkunin væri í raun og veru geysimikil. Málgagn hæstv. fjmrh. hafði sagt fólki, að fjölskyldan gæti farið í siglingar fyrir þá upphæð, sem hún sparaði sér í skatti, og reiðin, sem varð á s. l. sumri, átti þess vegna ekki eingöngu rót sína að rekja til þess, hve menn urðu fyrir háum sköttum, heldur einnig til þessa ábyrgðarlausa málflutnings, því að það lætur að líkum, að það urðu ýmsir, sem urðu að hætta við ráðgerða utanferð með fjölskyldu sína fyrir skattasparnaðinn.

Framsfl. reið á vaðið á s. l. sumri og mótmælti þessum skattaálögum og krafðist þess, að leiðrétting færi fram á sköttum ársins. Skömmu síðar sneru Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sér til ríkisstj. með svipuð tilmæli. Svo virðist sem þeim hafi verið gefinn nokkur ádráttur um jákvæðar viðtökur þeirra tilmæla, a. m. k. er svo mikið víst, að allmiklar viðræður fóru fram og nefndarskipun til þess að kanna, með hverjum hætti þetta mætti gerast. Fljótlega varð það þó ljóst, að ríkisstj. ætlaði sér ekki að verða við þessum tilmælum Alþýðusambandsins og Bandalagsins. Það var þess vegna snemma á þessu þingi, að nokkrir hv. þm. Framsfl. í Nd. lögðu fram á hv. Alþ. frv. um leiðréttingu skattanna á árinu 1964, og um leið var í því frv. fólgin ályktun um að endurskoða nú þegar skattalöggjöfina í öllum atriðum. Þetta frv. hefur engan framgang fengið hér á hv. Alþ., og er þess að sjálfsögðu ekki að vænta, að það fái það héðan af, enda of seint orðið. En sú till., sem í því er fólgin um það, að endurskoða beri skattalöggjöfina í öllum atriðum, er vissulega enn þá tímabær, og skal ég aðeins koma að því síðar.

Í þeim umr., sem áttu sér stað á s. l. sumri, þegar skattlagning ársins 1964 var kunn, virtist mér, — og þá hef ég m. a. í huga þær umr., sem fóru fram í útvarpinu 17. ágúst og hæstv. fjmrh. tók þátt í, — að flestir hafi verið sammála um nauðsyn á breytingum á skattalöggjöfinni, sem nefna mætti í fjórum atriðum: 1) Lækkun skattstigans. 2) Fjölgun og breikkun þrepa hans. 3) Hækkun persónufrádráttar. 4) Betra eftirlit með skattframtölum.

Mér virðist, að þetta frv. sé ekki í neinu samræmi við þau fyrirheit, sem þá voru gefin, eins og ég tel að allur fjöldi manna hafi skilið þau. Í fyrsta lagi að því er lýtur að lækkun skattstigans, þá er sú lækkun skattstigans, sem lögð er til í þessu frv., allsendis óveruleg og ekki í samræmi við þær vonir, sem menn höfðu ástæðu til þess að gera sér eftir þær umr., sem fram fóru í fyrra og ég var að rifja upp. Í öðru lagi er breyt. á tekjutölum stigans, þ. e. a. s. þrepunum, engin nema í beinu hlutfalli við verðlag og tekjur. Og í þriðja lagi er persónufrádrátturinn ekki heldur hækkaður nema sem þessu svarar. Og í fjórða lagi er eftirlitið, sem ég skal ekki gera hér sérstaklega að umræðuefni, við höfum orðið sammála um það í hv. fjhn. að athuga það atriði lítið eitt betur milli 2. og 3. umr., og ég skal láta bíða 3. umr. að ræða það atriði.

Það var raunar eitt atriði, sem bar mikið á í umr. um skattamálin í fyrrahaust, sem ég vil aðeins drepa á í þessu sambandi, og það var hugmyndin um að innheimta skatt jafnóðum af launum. Mér skilst, að það sé nú ekki von til þess, að sú breyting geti orðið fyrr en

eitthvað síðar, og till. liggja ekki fyrir um það að þessu sinni. Ég skal í sjálfu sér ekki kvarta neitt yfir því, þótt slíkt mál hafi nokkurn aðdraganda. Ég tel, að það væri æskilegt að koma þessu í kring, en hins vegar vil ég vara mjög við því, ef menn halda, að slík fyrirkomulagsbreyting geti komið í stað raunverulegra breytinga á skattlagningunni. Fyrir allan þorra launafólks, sem hefur svipaðar tekjur frá ári til árs, hefur það ekki ýkjamikla þýðingu, hvort skatturinn er innheimtur jafnóðum eða á árinu á eftir, og það er þess vegna ekki fyrir allan fjölda manna um neitt stórfellt mál að ræða, þó að ég mundi telja það til bóta, að sá háttur yrði tekinn upp. En raunverulegar, raunhæfar breytingar á skattlagningunni eru hins vegar nauðsynjamál, sem verður að taka föstum tökum sem fyrst.

1. minni hl. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og ég, við leggjum sem sagt til, að þessu frv. verði breytt töluvert. Við viljum þó ekki ganga lengra að þessu sinni en að segja sem svo, að meðan óbeinu skattarnir fara sífellt hækkandi frá því, sem var yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj. á árinu 1960, þá teljum við, að beinu skattarnir eigi þó a. m. k. að standa í stað hlutfallslega, en ekki hækka. Á þessu sjónarmiði eru þær brtt., sem við flytjum á þskj. 584, byggðar. Við leggjum þar til, að skattstiganum sé breytt þannig, að hann verði eins og sá skattstigi, sem lögleiddur var á árinu 1960, að öðru leyti en því, að allar tekjutölur hans verði 60% hærri, en 60% er hækkunin á verðlagsvísitölunni frá meðaltali ársins 1959 til meðaltals ársins 1964, og við teljum eðlilegt í þessu sambandi að miða við verðlag tekjuöflunarársins.

Hins vegar höfum við ekki lagt til, að persónufrádrættinum yrði breytt, vegna þess að eins og lagt er til í frv. ríkisstj. að hann sé, er hann 60% hærri en hann var 1960 og í samræmi við það meginsjónarmið, sem við byggjum þennan tillöguflutning á. Getum við eftir atvikum fallizt á það.

Það er mjög ánægjulegt að sjá, að hæstv. ríkisstj. hefur nú komið auga á, að það var skammsýni á sínum tíma að afnema umreikningsreglurnar, því að nú er lagt til í frv. hæstv. ríkisstj., að umreikningur verði tekinn upp að nýju, en gert er ráð fyrir, að sá umreikningur verði miðaður við vísitölu, sem hæstv. fjmrh. verði gefin heimild til þess að ákveða. Þetta getum við í 1. minni hl. n. ekki fallizt á. Við teljum ástæðulaust að miða við vísitölu, sem hæstv. fjmrh. ákveði, heldur sé eðlilegt að miða beinlínis við verðlagsvísitölu tekjuöflunarársins, og við höfum flutt brtt. í þá stefnu.

Ég hef drepið á það, að ég telji á því fulla nauðsyn að endurskoða allt skattakerfið. Það hefur verið á það bent af ábyrgri hálfu, m. a. í ritstjórnargrein í Fjármálatíðindum á s. l. hausti, að skattlagningin í landinu sé nú orðin óhæfilega mikil og gjaldþoli og gjaldvilja þegnanna sé nú talið ofboðið. Ég ætla ekki að fara að rekja þau ummæli, sem fram koma í þessari ritstjórnargrein, ég hef gert það í öðru sambandi hér í þessari hv. d. En hæstv. ríkisstj. hefur látið sig þær aðvaranir, sem fram koma í þessari grein, engu skipta og hefur haldið áfram að hækka söluskattinn, sem varað er við í þessari grein, og fer ekki heldur út í það að lækka neitt verulega tekjuskattana, sem þó er þar talið nauðsynlegt.

Ég held, að við ættum að geta orðið sammála um, að það er nauðsyn á því að endurskoða allt skattakerfið, og þá þarf ekki síst að hafa í huga fjárþörf sveitarfélaganna og eins hitt, hvaða útgjöldum þeim er lagt á herðar að standa undir, þ. e. a. s. verkefnaskiptinguna í þjóðfélaginu milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna, þetta þyrfti auðvitað að athuga í leiðinni. Endurskoðun laga um tekju- og eignarskatt sérstaklega, t. d. án tillits til söluskatts, án tillits til útsvars o. s. frv., er ekki líkleg til þess til lengdar að gefa skynsamlega niðurstöðu. Öðru hverju verður að taka allan strúktúrinn til skoðunar og athugunar, og ég held, að það sé tímabært að gera það nú.

Við munum í 1. minni hl. fjhn. taka þetta mál til athugunar í sambandi við frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem von er á til þessarar hv. d. innan skamms frá Nd.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gagnrýndi hér áðan brtt. okkar á þeim grundvelli, að þær rýrðu tekjur ríkissjóðs. Nú liggur það auðvitað í augum uppi, að það er ekki hægt að gera leiðréttingu á tekjuskattsmálunum öðruvísi en að það gangi út yfir ríkissjóð. En það vaknar að sjálfsögðu spurningin, hvort ríkissjóð vanti fé. Stefna hæstv. ríkisstj. hefur, síðan hún komst til valda, verið sú að safna sífellt afgöngum og hafa stóra greiðsluafganga á hverju ári. Þetta hefur verið henni tiltölulega auðvelt sökum þess, að við höfum nú undanfarin ár lifað mesta góðæri, sem komið hefur yfir þessa þjóð í langa tíð, og það hafa verið mikil veltiár. Á þeim fjórum árum, sem ríkisreikningar liggja fyrir um af stjórnartíma þessarar hæstv. ríkisstj., árunum 1960—1963 að báðum meðtöldum, eru tekjur ríkisins umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárl., samtals 690 millj. kr. Rekstrarhagnaður ríkisins umfram það, sem fjárl. gera ráð fyrir á þessum fjórum árum til samans, er 466 millj. kr. Greiðsluafgangur þessara fjögurra ára samtals er 365 millj. kr. Við meðferð söluskattsmálsins hér í haust fengum við í hv. fjhn. yfirlit frá hæstv. fjmrh., sem benti til þess, að afkoma ríkissjóðs á árinu 1964 hefði verið allmiklu lakari en undanfarið, jafnvel svo miklu lakari, að um einhvern greiðsluhalla gæti verið að ræða. En þó virtist mér af þeim tölum, sem þar lágu fyrir, að það væri síður en svo, að um yrði að ræða nokkurn rekstrarhalla á rekstrarreikningi ríkissjóðs.

Það kemur einnig í ljós af reikningum Seðlabankans, sem komið hafa fram nú fyrir nokkru, að hagur ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hafi eitthvað rýrnað. En þetta segir í sjálfu sér ekki mikla sögu. Við höfum beðið um það nú í hv. fjhn. að fá eitthvert yfirlit yfir afkomu

ríkissjóðs, en á það var ekki fallizt. Þegar ríkisstj. hæstv. hélt því fram, að skorti fé, en vill ekki sýna reikninga eða yfirlit því til stuðnings, þá sýnist mér, að af því megi draga þá ályktun, að afkoman sé þá væntanlega betri en hæstv. ríkisstj. vill vera láta. Ég verð líka að segja það, að það vantaði nú bara, að það væri ekki góð afkoma hjá ríkissjóði í árum eins og þeim, sem við höfum lifað hér á Íslandi að undanförnu. Ef svo væri ekki, þá virðist mér það ekki heldur vera rök fyrir því, að við ættum að fela þeirri hæstv. ríkisstj. að hafa mikið fé milli handa, svo að hvernig sem á málið er litið, þá virðist mér, að það beri að þeim brunni, að ekki sé ástæða til þess að hafa af því stórfelldar áhyggjur, þó að tekjur ríkissjóðs rýrni eitthvað af því að gera nauðsynlega breytingu á tekjuskattslögunum.

Ég skal nú ekki lengja mál mitt, herra forseti. Frsm. meiri hl. óskaði eftir því, að við drægjum brtt. okkar til baka við 3. umr., og er sjálfsagt að verða við þeirri ósk, og ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. frsm. meiri hl. skuli vilja hafa þær til athugunar þangað til.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það getur víst engum dulizt, sem íhugar skattamálin, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. undir þeirri svokölluðu viðreisn hefur orðið gerbreyting á skattakerfinu í landinu. Þessar breyt. hafa í fyrsta lagi lýst sér í því, að skattar og tollar hafa hækkað gífurlega og meira en á nokkru öðru tilsvarandi tímabili um langan aldur a. m. k., og breytingin hefur svo í öðru lagi verið fólgin í því, að grundvallarbreytingar hafa orðið á því, hvernig skattanna og tollanna hefur verið aflað, þ. e. a. s. það hafa jafnframt orðið eðlisbreytingar á skattheimtunni, og í stuttu máli má segja, að þessar breytingar á skattakerfinu hafi verið einn allra gildasti þáttur viðreisnarinnar, sérstaklega að því leyti, að til þessara breytinga má rekja að miklu leyti þær gífurlegu verðlagshækkanir, sem orðið hafa í landinu, og einnig að hinu leytinu má rekja til þess að verulegu leyti þá kjararýrnun, sem orðið hefur í landinu á sama tíma, en þetta hvort tveggja er mjög samtvinnað og verður varla sundur skilið.

Þegar frv. sem þetta er til umr., þá fer varla hjá því, að menn leiði hugann að því, hvernig þessar breytingar hafa átt sér stað, hvað þær séu miklar og hvert eðli þeirra hefur verið. Þetta hefur að vísu verið rakið oft hér í hv. d., m. a. af mér, og ég ætla ekki að hafa um það langt mál, en ég kemst þó ekki hjá því að benda á nokkrar staðreyndir í þessu sambandi, og það er þá í fyrsta lagi, hvernig magn skattheimtunnar hefur aukizt. Frá 1959 hefur það gerzt, að heildarskattheimta ríkissjóðs í tollum og sköttum hefur vaxið úr tæpum 800 millj. í röskar 3000 millj. eða nákvæmlega talið úr 778 millj. kr. skv. fjárl. 1959 í 3348 millj. skv. fjárl. á yfirstandandi ári, og er þá tekið með nokkuð af þeirri tekjuöflun, sem nú fer fram utan ríkissjóðs, en áður var innifalið í heildarfjárl., þ. e. a. s. að á þessu tímabili hafa skattar og tollar hækkað um rösk 330% eða meira en fjórfaldazt, og hygg ég þó, að ekki sé allt talið, sem nú fer fram af raunverulegri sköttun utan ríkissjóðs.

Önnur skattheimta, þ. e. a. s. skattheimta bæjarfélaganna og sú skattheimta, sem fram fer í gegnum tryggingakerfið, mun hafa vaxið viðlíka eins og skattheimta ríkissjóðs og sennilegt, að skattheimta bæjarfélaganna hafi ekki vaxið minna.

Nú hafa að vísu orðið miklar verðlagsbreytingar á þessu tímabili, þannig að tölur eru ekki algerlega sambærilegar, en við sjáum þó, að verðlagsbreytingarnar hafa ekki þrátt fyrir gífurlegan vöxt dýrtíðarinnar orðið meiri en það, að um nálega tvöföldun er að ræða á almennu verðlagi í landinu. Það er því auðséð, að tekjuöflun ríkisins gegnum tolla og skatta hefur ekki aðeins fylgt verðlaginu eftir, því að þá hefði hún aðeins átt að tvöfaldast, heldur hefur hún fjórfaldazt eða vaxið helmingi meira en verðlagið. Ef þetta er svo borið saman við þann grundvöll, sem allt þetta hvílir á, þ. e. a. s. launin, laun þess fólks í landinu, sem stendur undir skattakerfinu og gerir það í enn þá ríkari mæli nú orðið en nokkru sinni áður, þá kemur í ljós, að samningsbundin laun fyrir eðlilegan vinnudag hafa aðeins vaxið í kringum 60% t. d. hjá almennum verkamönnum og varla meir en 60—70% að meðaltali hjá vinnandi fólki.

Það er því strax auðsætt, að bilið á milli launanna og þeirra tekna, sem ríkissjóður aflar með tollum og sköttum, hefur farið vaxandi ár frá ári, eða m. ö. o., að skattheimta hefur vaxið a. m. k. sex sinnum meira en laun hafa hækkað í landinu á sama tíma.

Þessi samanburður verður þeim mun eðlilegri á vissan hátt, þegar þess er gætt, hvers eðlis breytingarnar hafa orðið í sjálfri skattheimtunni. Þá blasir það fyrst við augum, að beinir skattar til ríkisins, þ. e. a. s. tekju- og eignarskattur, hafa rýrnað hlutfallslega úr því að vera um 20—21% af heildartollum og sköttum árið 1959, og er þá miðað við ríkisreikning, í það að verða í kringum 11% nú skv. fjárl. fyrir yfirstandandi ár, þ. e. a. s. að hlutfall beinu skattanna, tekjuskatts og eignarskatts, hefur lækkað um nálega helming og er nú orðið miklu lægra en a. m. k. alls staðar annars staðar á Norðurlöndum, þar sem þessir skattar munu nema yfirleitt í kringum 25% af tekjum ríkjanna, eða þannig er það a. m. k. í Noregi.

Þá hefur sú breyting orðið á, að í stað söluskatta, sem voru fremur óverulegur hluti af skattheimtunni 1959, þá hefur orðið þar um gífurlega hækkun að ræða eða rösklega sexföldun. Þó að ekki sé reiknað með þeim hluta söluskattsins, sem bræddur var inn í tollalögin og hefur haldizt þar, þó að undir öðru nafni sé, þá er samt um að ræða sexföldun eða rösklega sexföldun á söluskattinum á þessu tímabili.

Í fjórða lagi hafa svo skattar á öllum

rekstri í landinu, þ. á m. á öllum rekstri þeirra félaga, sem líkleg eru til þess að græða fé og hafa tekjur af sínum rekstri, farið síminnkandi. Þar hafa verið gerðar mjög verulegar aðgerðir með tekjuskattsbreytingunni, sem framkvæmd var 1962, í þá átt að gera gróðafélögin í landinu svo að segja skattfrjáls. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. vildi halda því fram, að það, sem ég sagði um þetta í mínu nál., væru öfgar, það væri nú síður en svo hægt að segja, að gróðafélögin væru skattfrjáls hér á landi, og skattstigar hér gagnvart félagsrekstri mundu vera svipaðir og annars staðar á Norðurlöndum.

Ég hefði gaman af að athuga þetta nánar, þó að ég hafi ekki aðstöðu til þess að koma með tölur um þetta annars staðar frá. En ég verð að segja það, að mér finnst þetta harla ólíklegt, þegar þess er gætt, að tekjuskattur félaga er aðeins 2% af öllum tollum og sköttum, sem ríkissjóður innheimtir, aðeins 2%, og eignarskatturinn er hvorki meira né minna en 2‰, — tveir af þúsundi, sem er innheimt með eignarskatti af öllum þeim tekjum, sem ríkissjóður tekur til sín í tollum og sköttum.

Það, sem hefur fyrst og fremst komið hér til og orðið veruleg breyting á, er það, að tekjuskattsstiginn var lækkaður um 20%, skattfrjálsar arðgreiðslur voru auknar um 25%, og síðast, en ekki síst voru settar nýjar fyrningarreglur, sem koma beinlínis í veg fyrir það, að félagareksturinn þurfi eiginlega nokkur gjöld að bera, eins og kemur greinilega fram í þeim hlut, sem félagaskattarnir eiga nú í heildartekjum ríkisins.

Þá er þess að geta til þess að átta sig aðeins á því, hvers eðlis þessar breytingar hafa allar orðið, að aðrir skattar, sem utan við ríkissjóðinn standa að mestu leyti, eins og nefskattarnir í tryggingagjöldunum, þeir hafa aukizt stórkostlega og eru orðnir geysilega þung byrði á fjölskyldunum í landinu.

Eins og ég sagði áðan, hafa höfuðdrættirnir í þeirri breytingu, sem orðið hefur á þessu tímabili, verið þeir, að bilið á milli aukningar skattheimtunnar og launahækkana hefur farið síbreikkandi, og í öðru lagi, að beina skattheimtan hefur farið síminnkandi og þannig verið horfið frá því í ríkara og ríkara mæli að nota skattakerfið til auðjöfnunar og tekjujöfnunar á milli landsmanna.

Með aukningu söluskattanna og öðrum þeim breyt., sem ég hef nú nefnt, hefur skattþunginn verið færður í síauknum mæli yfir á almenna neyzlu, og um leið og verðlagið hefur þannig verið spennt upp samhliða því, sem kaupgjaldinu hefur verið haldið niðri, og árangurinn af þessu hefur m. a. orðið sá, að verðlagshækkanirnar hafa orðið mestar á þeim neyzluþáttum almennings, sem eru óhjákvæmilegastir, þ. e. a. s. á matvöru, en vísitala matvöru, verðlags á matvöru, stendur nú í 205 stigum, og í öðru lagi á húsnæðiskostnaði.

Ég álít, án þess að ég færi að því kannske fullgild rök að þessu sinni, að þessar skattbreytingar séu ein höfuðorsökin til þeirrar dýrtíðar og verðbólgu, sem átt hefur sér stað hér á síðustu árum og átt mjög ríkan þátt í þeirri tilhneigingu til versnandi launakjara, sem verið hefur á þessu tímabili, og á ég þar bæði við raunveruleg laun og laun í hlutfalli við þjóðartekjur.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á það, að til þess að samningsbundin laun væru nú í samræmi við verðlagsbreytingar, þá þyrfti kaupgjald núna að hækka a. m. k. um helming, og þar að auki ættu svo launastéttirnar að sjálfsögðu rétt á því að fá sinn hluta af auknum þjóðartekjum á þessu tímabili, sem munu vera nálægt því að hafa aukizt frá 1959 um 20% á mann.

Það má e. t. v. segja, að það þurfi nú frekari athugunar við, hvort launastéttirnar ættu raunverulega rétt á því að fá hlutfallslega hækkun á launum, ef þjóðartekjur vaxa, e. t. v. sé málið þannig vaxið, að aukningin kosti svo mikla fjárfestingu, að það þurfi ekki að gefa neitt tilefni til slíkra hækkana eða væri röksemd fyrir þeim. En ég bendi á í því sambandi, að t. d. í Noregi, og þannig hefur það verið víða í Vestur-Evrópu á síðustu árum, þá hafa raunlaun, þ. e. a. s. heildarlaun deilt með vinnustundafjölda, farið töluvert miklu meira hækkandi heldur en vöxtur þjóðarteknanna hefur orðið á sama tímabili, og kemur það í raun og veru heim við það, að með þeirri nýju tækni, sem hvarvetna ryður sér til rúms, verði fjárfesting yfirleitt hagkvæmari en áður og á að geta skilað meiri arði til þeirra, sem að framleiðslunni vinna. Ef ekki er unnt að hækka launin í fullu samræmi við aukningu þjóðarteknanna, er það vegna þess, að illa er stjórnað í landinu. Þá er það vegna þess, að sú stjórn er ekki höfð á fjárfestingu og öðrum þáttum þjóðarbúskaparins, sem til þess þarf, að þeir, sem starfa að framleiðslunni, fái notið þeirra ávaxta, sem þeim ber af henni.

Það má líka segja í sambandi við skattastefnu hæstv. ríkisstj., að þar hafi í raun og veru myndazt nokkurs konar vítahringur, þ. e. a. s. auknir verðhækkunarskattar hafi orsakað meiri útgjöld ríkisins og meiri útgjöld ríkisins hafi síðan orsakað það, að leita hefur þurft nýrra leiða til þess að auka skattaálögurnar. Og kannske er nú svo komið, að þessi vítahringur sé að lokast, eftir þeim fregnum, sem fara þó ekki hátt, en grunur leikur nú á, að þrátt fyrir allar þessar gífurlegu hækkanir á sköttum, sem orðið hafa á tímabili viðreisnarstjórnarinnar, sé nú síður en svo vel komið hag ríkissjóðs. Og það er full ástæða til þess að taka undir þá ósk hv. 6. þm. Sunnl., sem hann flutti hér áðan, að í sambandi við þetta frv. séu gefnar fullnægjandi upplýsingar um afkomu ríkissjóðs bæði á s. l. ári og á því tímabili, sem liðið er af þessu ári, því að það væru vissulega tíðindi, sem Alþingi bæri að taka með í reikninginn og alþjóð á raunar heimtingu á að vita, ef það gífurlega skattaflóð, sem dunið hefur yfir almenning á undanförn-

um árum, hefur svo einnig endað með því, að ríkissjóður sé í fjárkröggum. En það er rétt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að það hefur á undanförnum árum flóið út úr hverju trogi, og það er vissulega ástæða til að spyrja: Er það ekki svo enn eða hefur hér einhver gerbreyting orðið á?

Það er auðsætt á þessu frv., sem ríkisstj. hér flytur, að hún vill engar breytingar, sem því nafni geta talizt, á því skattakerfi, sem hún hefur komið upp í landinu, enda er þar örugglega um hennar ástfóstur að ræða, sem hún vill ekki gera neinar breytingar á. Og ég held, að óhætt sé að segja það, að engar umbætur af nokkru tagi fylgja þessu frv. Hér er aðeins um að ræða lélegar bætur á gamalt fat, en ekki neinar endurbætur. Og það er reyndar næsta athyglisvert, að þó að þetta frv. sé í raun og veru mjög í stíl við það frv., sem flutt var hér á s. l. ári og var þá útbásúnað af stjórnarblöðunum sem geysileg lækkun á sköttum og réttarfarsbót, þá fer ekki neitt fyrir slíkum fullyrðingum núna eða slíkum áróðri, og hæstv. fjmrh. var svo sanngjarn, eftir því sem blað hans segir frá, á landsfundi, að það mætti eiginlega segja um þetta frv., að það væri hvort tveggja í senn hækkun og lækkun, eftir því, við hvað væri miðað. Slík orð hafði hæstv. ráðh. hins vegar ekki á s. l ári, þegar bæði hann og sérstaklega einkamálgagn hans settu upp tveggja tommu fyrirsagnir um það, að geysileg skattalækkun væri á ferðinni. Enda er það líka auðsætt, þegar þetta frv. er athugað, að hér er ekki um neina skattalækkun að ræða. Hér er um það að ræða, að menn með hliðstæðar tekjur þurfa að greiða nú fleiri krónur en áður í tekjuskatt, og það verður mjög greinilegt af þeim töflum, sem látnar hafa verið í té af hæstv. ráðh. í viðræðum við hann og aðra ráðh. um þessi mál.

En það er ekki einasta, að hér sé um að ræða beina hækkun í krónutölu á tekjuskattinum frá því, sem hann var á s. l. ári, heldur er um mjög verulega hækkun að ræða einnig hlutfallslega af tekjum frá 1960, — mjög verulega hækkun.

Það ber svo að sjálfsögðu að taka tillit til þess í sambandi við mat á þessu frv., hverjar aðrar staðreyndir liggja fyrir í sambandi við skattamálin. Söluskatturinn, eins og hann er, og sú byrði, sem hann er fyrir allan almenning, er staðreynd. Tollarnir, eins og þeir eru, eru staðreynd, og nefskattarnir, eins og þeir eru, eru staðreynd, og allt slíkt verður að metast í sambandi við þetta. Og vissulega væri afstaðan til frv. sem þessa, sem ákveður þá skattheimtu, sem er um að ræða, a. m. k. frá minni hálfu allt önnur, ef stefnan almennt í skattamálunum væri önnur en hún er og þessar staðreyndir, sem ég hef nefnt, væru öðruvísi.

Það kæmi auðvitað vel til mála, að beinir skattar væru meiri á einstaklinga heldur en þeir nú eru, jafnvel niður í þær lægstu tekjur, sem þeir ná nú til, ef óbeinu skattarnir og nefskattarnir t. d. væru stórum léttari en þeir eru. En hér er sem sagt ekki um neinar breytingar að ræða almennt á skattastefnunni, og mínar till. a. m. k. varðandi þetta mál hljóta að mótast af því.

Ég gat áðan um það, hversu hlutur félaganna í landinu, rekstrarins, væri orðinn rýr, þ. e. a. s. að það væri um það að ræða, að félögin öll í landinu, bæði sameignarfélögin, samvinnufélög og hlutafélög, greiddu samtals 2% af heildarskattheimtunni og aðeins 2‰ í gegnum eignarskattinn. Og skv. þessu frv. á þetta að verða óbreytt áfram. Það á jafnframt að haldast óbreytt, að þessi réttarform fyrir rekstur, þ. e. a. s. hlutafélögin og samvinnufélögin, þau eiga að njóta sérstakra hlunninda fram yfir einkarekstur, og það verð ég að segja, að sé kaldhæðni örlaganna, þegar Sjálfstfl. leggur sérstaka áherzlu á, að það sé yfirleitt ekki möguleiki vegna skattalaga, að einstaklingur reki nokkurt fyrirtæki í landinu. En það er ekki það, eins og nú er, vegna þess að einstaklingarnir búa við allt annan rétt en hlutafélögin. Það má þess vegna segja, að Sjálfstfl. gangi hér sérstaklega fram fyrir skjöldu í því að ofsækja einstaklingsframtakið, sem hann hefur svo mjög gumað af, að hann væri einstakur málsvari fyrir.

Þegar sleppt er sjálfri skattheimtunni og því, að félögin eiga áfram að vera skattfrjáls, er ekki heldur um neinar aðrar breyt. til bóta að ræða í sambandi við þetta frv. T. d. er ekki um það að ræða að setja skatteftirlitið neitt í betra horf en það hefur verið, heldur er ekki orðið við margítrekuðum óskum launafólks um það, að skattar séu innheimtir jafnóðum af tekjum og þær falla til, en það er í raun og veru grundvallarforsenda fyrir því, að almenningur sætti sig við beina skatta.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., að nokkrar viðræður hafa átt sér stað við hæstv. ríkisstj. af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við skattamálin, þ. e. a. s. það er ekki aðeins í sambandi við tekjuskattsmálin, heldur einnig útsvörin, og það hafa verið látnar í ljós ákveðnar óskir um breyt., sem í flestum greinum eru mjög líkar þeim till., sem ég hef leyft mér að flytja hérna. Og ég tel rétt, þar sem engar undirtektir hafa enn þá orðið undir það að breyta ákvæðum þessa frv. í sambandi við þessar áminnztu umr., að þá gefist hv. þd. kostur á að taka afstöðu til þeirra hugmynda, sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram. En ég vil taka það skýrt fram, og það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., að í þessum efnum skiptu útsvörin að sjálfsögðu miklu meira máli en tekjuskatturinn. En þó er þess að gæta m. a., að ýmis ákvæði skattalaga eru oft og tíðum einnig yfirfærð í sambandi við álagningu útsvara og breytingar ýmsar hafa þess vegna tvöfalda þýðingu. Ef þær komast í gegn í sambandi við skattalögin, mundu þær einnig að meira eða minna leyti verða gildandi gagnvart útsvörunum.

Ég mun þá með örfáum orðum gera grein fyrir þeim till., sem ég flyt til breyt. á þessu

frv., og er þá fyrst að nefna það, að ég legg til, að undanþegnar verði skattlagningu þær tekjur, sem menn hafa vegna greiðslu úr sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga. Hér er ekki um stórfellda breyt. að ræða, en þó breyt., sem ég tel að mundi verða mjög vel séð hjá verkalýðsfélögunum. Það þykir ekki skemmtileg sú aðferð, sem hefur verið tekin upp núna í fyrsta skipti á s. l. vetri, að elta uppi nokkur þús. kr. greiðslur úr þessum sjúkrasjóðum, sem verkalýðsfélögin hafa komið sér upp, og gera menn að hálfgerðum sakamönnum, ef það hefur láðst að telja fram. Og ég sem sagt tel ekki, að það muni hafa nein veruleg áhrif til lækkunar, því að þarna er yfirleitt um það fólk að ræða, sem hefur lágan eða engan tekjuskatt, en hins vegar er þessi eltingaleikur hvimleiður, og meðan skattaeftirlitið í landinu er ekki betra en það er, virðist ekki ástæða til þess að vera að sleikja þessar smávægilegu greiðslur frá verkalýðsfélögunum til þeirra meðlima sinna, sem eiga í erfiðleikum vegna veikinda eða slysa. Ég legg ekki til, að þetta verði undanþegið framtalsskyldu, en hins vegar, að það verði skattfrjálst.

Þá legg ég í öðru lagi til, að þeim tveimur stéttum, sem búa við einna lengstan vinnutíma og að mörgu leyti erfiðust starfsskilyrði, verði gefinn sérstakur skattfrádráttur svipaður þeim, sem sjómenn hafa notið. Till. mín er þess efnis, að ég legg til, að verkafólki, sem vinnur við fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skuli veittur sérstakur frádráttur, 700 kr. fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, og jafnframt að sérstakur sjómannafrádráttur, sem áður hefur numið 3000 kr. á mánuði, verði felldur inn í þetta og þetta lúti hvort tveggja sömu reglu.

Það er kannske eðlilegt — og þó ekki að öllu leyti eðlilegt, að í skattlagningu almennt er ekki tekið neitt tillit til þess, hvernig teknanna er aflað, hvort t. d. verkamaður hefur þurft að leggja nótt við dag til þess að komast í þær tekjur, sem t. d. meðalvel launaður embættismaður kemst með stuttum vinnudegi og góðri starfsaðstöðu. Það er sem sagt ekkert tillit tekið til þess, þó að vissulega væru til þess ríkar ástæður og í raun og veru alls ekki réttmætt að skattleggja þá vinnu, sem unnin er á helgum dögum og að nóttunni og með ýtrustu áreynslu, jafnt líkamlegri sem andlegri, alveg eins og þær tekjur, sem aflað er með léttara hætti. Þannig virðist mér, að slíkur sérstakur frádráttur varðandi þessar starfsstéttir væri ákaflega sanngjarn. En ég held líka, að hann sé ekki aðeins sanngjarn, heldur væri hann mjög praktískur fyrir viðkomandi atvinnugreinar. Það þekkja allir og ekki síst hér á Suðvesturlandi, hvernig kapphlaupið hefur verið um vinnuaflið og hvernig aðstaða hinna ýmsu atvinnugreina hefur verið misjöfn til þess að ná til sín nægjanlegu vinnuafli. Það er t. d. kunnugt, að verkamönnum og iðnaðarmönnum í byggingarvinnu hér í Reykjavík er yfirborgað mjög mikið, þannig að verkamenn munu almennt ekki vera á lægra kaupi í byggingariðnaði heldur en 50 kr. á klst., þegar samningsbundna kaupið í fiskiðnaðinum er 36 kr., en hafnarvinnumennirnir og þeir, sem vinna í fiskiðnaðinum, verða að búa við sína samninga nákvæmlega eins og þeir eru án nokkurra yfirborgana. Þarna væri því um það að ræða að jafna ofurlítið metin, og að mínu viti, ef þetta væri einnig látið ganga í gegn í útsvarslögunum, væri um mjög mikilsvert atriði að ræða í sambandi við kjarasamningana í vor, sem gæti orðið til þess að létta verulega fyrir þeim, og ég tel einnig, að þarna væri um stórkostlegt hagsmunamál fiskiðnaðarins að ræða, og það er nú gjarnan til hans vitnað, þegar verið er að reyna að færa fram rök fyrir því, að atvinnuvegirnir þoli ekki hærra kaupgjald, það sé ekkert vit í því að hækka launin, — þá er það jafnan fiskiðnaðurinn, sem hafður er fram á. En þarna væri sem sagt unnt að veita þeim, sem við þessi störf fást, nokkra kjarabót og þá náttúrlega sérstaklega ef þetta væri jafnframt heimilað í útsvarslögum, án þess að um greiðslur yrði að ræða eða aukin útgjöld þeirra, sem við þennan rekstur fást.

Skv. 15. gr. núgildandi l. um tekjuskatt og eignarskatt eru ákveðnar sérstakar fyrningarheimildir fyrir allmargar atvinnugreinar, og innihald þessarar gr. er það, að það megi afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því að tekin eru í notkun fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, flugvélar til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Það er hvorki um meira né minna en það að ræða, að langsamlega veigamestu atvinnugreinum þjóðarinnar er leyfður þarna alveg sérstakur og stórfelldur frádráttur í 3 ár, frá því að eignir þeirra eru teknar í notkun. En það er ekki nóg með það, heldur má færa reikningslegt tap, sem verður af þessum afskriftum, til eilífðar, ef svo vill verkast, eða þangað til það tap er greitt upp, milli ára, þannig að heimildin er raunverulega miklu viðtækari en þessum 3 árum nemur. Ég tel, að þetta ákvæði sé alveg vafalaust eitt af því, sem hefur verkað mest í þá átt að gera allan reksturinn í landinu skattfrjálsan, og einnig, að þessar afskriftareglur séu með öllu ástæðulausar.

Það er auðvitað svo, að sé hér um rekstur að ræða, sem berst í bökkum, kemur ekki til, að hann þurfi að greiða neinn tekjuskatt. En fjöldinn allur af þeim fyrirtækjum, sem þarna eiga hlut að, er rekinn með gróða og stundum með ofsalegum gróða, jafnvel svo að mörgum milljónatugum skiptir hjá einstökum fyrirtækjum, og ég sé ekki, að það séu nein rök fyrir því, að þessar reglur séu látnar haldast óbreyttar. Ég tel, að það eigi í sambandi við þetta frv. að sýna ofurlítinn lit á því að létta annars vegar af einstaklingunum og þyngja að sama skapi á rekstrinum, og þar sem þarna er um eina höfuðástæðuna að ræða fyrir því, að reksturinn í landinu er skattfrjáls, legg ég til, að d-liður 15. gr. falli niður, þannig að þessi

fyrirtæki, sem talin eru þarna upp, megi aðeins afskrifa eignir sínar miðað við áætlaðan endingartíma, eins og önnur fyrirtæki í landinu verða að sætta sig við að gera.

Þá legg ég til, að persónufrádrátturinn verði aukinn um 30%. Það er sama aukning og hæstv. ríkisstj. hefur lagt til að yrði á persónufrádrættinum í útsvörunum, og það er einnig svipuð prósentutala og áætlað er, að meðaltekjuhækkun hér í höfuðborginni hafi orðið á s. l. ári, þannig að þetta ætti að verka í þá átt, að menn með hliðstæðar tekjur, þ. e. a. s. menn, sem hafa aukið tekjur sínar eins og meðaltal tekjuhækkunar segir til um, verði í svipuðum skala og áður.

Þá geri ég aðallega tvær brtt. varðandi varasjóði félaga, þ. e. a. s. að skattfrjálst varasjóðstillag verði 1/5 í stað 1/4, og enn fremur legg ég til, að skattstigi félaganna verði færður upp í 30%, þ. e. það sama og einstaklingar verða að greiða, þeir sem komast í verulegan skatt. Þetta mundi þýða, að í staðinn fyrir það, að félögin geta nú í hæsta lagi greitt 15% af hreinum gróða sínum, mundi verða um almenna skattlagningu á hreinum gróða að ræða, sem næmi 24% eða tæplega 1/4 af hreinum gróða, sem rynni þá til ríkisins. Það yrði að vísu gert eftir mínum till. við ofurlítið þrengri skilyrði hvað fyrningarákvæði áhrærir heldur en áður, þannig að breyt. er kannske nokkru meiri, en ég hygg, að þessi skattstigi fyrir félögin sé mjög nálægt því að vera sá, sem algengastur er á Norðurlöndum.

Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að athuga, hvað þetta gæfi mikið í ríkissjóð, þessar hækkunartill., sem ég geri varðandi reksturinn. Ég get þó vel trúað því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta sé varla undir 40—50 millj., og gæti ég þó trúað, að þarna gæti orðið um hærri upphæð að ræða, sérstaklega ef skatteftirlitið væri hert og till. mínar um það efni væru samþykktar.

Þá flyt ég till. um það, að skattstiginn breytist nokkuð og í staðinn fyrir, að lagt er til, að hann verði 9, 18 og 27%, þá verði hann 5, 10, 20 og 30. Þetta þýðir nokkra beina lækkun á lægstu gjaldendum tekjuskatts, en hins vegar enga lækkun á þeim, sem í verulegan skatt komast, eða nálega enga lækkun á þeim og raunar hækkun, þegar komið væri nokkuð upp í tekjustigana, því að ég geri ráð fyrir, að það haldist óbreytt, að hámarkið verði 30%, en frv. gerir ráð fyrir að lækka það í 27.

Loks flyt ég svo brtt. um viðbót við þá einu setningu, sem fjallar um rannsóknardeildina, þ. e. a. s. að rannsóknardeildinni verði ákveðið það verkefni auk annarra, sem hún að sjálfsögðu héldi áfram að hafa, að taka til sérstakrar og gaumgæfilegrar rannsóknar 3% af framtölum allra einstaklinga og 5% allra félaga skv. útdrætti og að þessi framtöl skuli sannreynd a. m. k. 2 ár aftur í tímann. Ég hef áður flutt till. svipaða þessari og gert grein fyrir því í hv. deild, að hvarvetna, þar sem skattaeftirlit er í nokkuð sæmilegu lagi erlendis, er ekki lögð í það vinna geysilegs fjölda fólks að krota niður í hvert einasta framtal, sem aldrei getur orðið annað en kákið eitt og raunverulega einskis nýtt, heldur eru framtöl yfirleitt tekin trúanleg, eins og frá þeim er gengið frá framteljanda, og síðan ákveðinn hluti framtalanna athugaður skv. útdrætti, þannig að allir eigi það á hættu að geta komið til greina um það að verða rannsakaðir niður í kjölinn. Ég tel, að þessi breyting mundi geta haft mjög verulega þýðingu í sambandi við það, að framtölin séu betri og tekjur bæði ríkissjóðs og sveitarfélaganna gætu vaxið og þá um leið léttust skattar á þeim, sem rétt telja fram. Ég álít að vísu, að varðandi rannsóknardeildina þyrfti miklu víðtækari breytingar en ég hef lagt til og það séu margir hlutir í sambandi við þau mál, skattaeftirlitið og hvernig með brot er farið, margt, sem þyrfti að breyta, en aðstöðu hef ég ekki haft til að geta flutt fleiri till. um þetta efni, og er enda í athugun í n. að ræða þetta mál frekar við forstöðumann rannsóknardeildarinnar og ríkisskattstjóra, og kynni það þá að bíða betri tíma að flytja frekari till. um þessi efni.

Ég vil svo aðeins segja það í sambandi við þessar till. mínar, af því að þær eru flestar í samræmi við þær óskir, sem verkalýðshreyfingin hefur lagt fram, — vil ég aðeins bæta nokkrum orðum við út af ummælum hv. frsm. meiri hl. n., sem ég hafði reyndar mjög gaman af, þar sem hann var að gera grein fyrir því, að júnísamkomulagið hefði verið að sínu viti eiginlega dagsbrún nýs tíma að því leyti, að verkalýðshreyfingin og ríkisvaldið hefðu þar ræðzt við um vandamálin og m. a. vandamál, sem löggjafarsamkomuna varða. Mig minnir nefnilega, að fyrir fáum árum hafi þetta verið kallað Alþingi götunnar og verið farið lítilsvirðingarorðum um það, þegar slík samvinna var reynd, t. d. á dögum vinstri stjórnarinnar, þannig að hér er áreiðanlega um stefnubreytingu að ræða hjá hv. þm. frá því, sem áður var, álit hans á þessum efnum. Ég er honum alveg sammála um það, að slík samráð milli verkalýðshreyfingar og ríkisvalds séu nauðsynleg. En það er náttúrlega ekki ánægjan einber, ef ríkisvaldið sér sér ekki fært að verða að neinu leyti við þeim óskum eða reynir ekkert til þess að mæta þeim óskum, sem fram hafa komið, og niðurstaðan af bollaleggingum hv. þm. um þetta efni var sú, að það væri ekki hægt að verða við neinum óskum verkalýðshreyfingarinnar, og sýnist þá ljóminn vera að minnka varðandi þetta, ef hæstv. ríkisstj. sýnir ekki á nokkurn hátt að hún vilji koma til móts við kröfur og óskir verkalýðshreyfingarinnar varðandi skattamálin, hversu sanngjarnar sem þær annars eru.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, að ég tel sjálfsagt að verða við óskum hv. frsm. meiri hl. n. um að taka brtt. til baka til 3. umr. í þeirri veiku von, að þær finni við frekari athugun að einhverju leyti náð fyrir augum hv. meiri hl. og hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
Brtt. 584 teknar aftur.
— 586 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 468, 584, 586).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég boðaði við 2. umr. málsins, hefur fjhn. haft til meðferðar ýmis atriði varðandi þetta frv. milli 2. og 3. umr., og hefur nefndin orðið sammála um það að leggja fram nokkrar brtt., sem hún stendur að í heild. Þar sem ekki hefur gefizt tími til þess að útbýta þessum brtt. sem þskj., ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lýsa þeim.

Í fyrsta lagi flytur nefndin brtt. við 13. gr. laganna, þannig að við hana bætist nýr liður, sem verður f-liður:

„Slysadagpeningar samkv. 35. gr. og sjúkradagpeningar skv. 50. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga."

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði flutt brtt. um það að undanþiggja bætur vegna slysa eða veikinda úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga tekjuskatti. Við athugun á þessu í nefndinni komumst við að þeirri niðurstöðu, að ef inn á þessa braut yrði farið, yrði ekki komizt hjá því að undanþiggja svipaðar greiðslur á vegum almannatrygginganna tekjuskatti. Hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. fallizt á það að draga til baka þann lið brtt. sinna, sem þetta efni varðar.

Aðrar brtt. nefndarinnar snerta skattaeftirlitið og miða allar að því að gera það áhrifameira en verið hefur. Skal ég nú lýsa þeim till.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 7. gr. Greinin orðist svo:

„Við 1. mgr. 51. gr. bætist: Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þ. á m. um lögtaksrétt."

Þetta eru brtt. við 7. og 13. gr.

Þá er brtt. við 4. mgr. 36. gr. laganna, hún orðist svo:

„Vegna rannsókna skv. lögum þessum hefur ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, aðgang að bókum og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til þess að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upplýsingar, er máli skipta."

Við 42. gr. laganna, 3. mgr., er þessi brtt. Málsgr. orðist svo:

„Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir skv. lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar gr. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra."

Áður var gert ráð fyrir því, að skattrannsóknarstjóri heyrði undir ríkisskattstjóra, en þessu er nú breytt þannig, að hann starfi í samráði við ríkisskattstjórann, eins og það er orðað.

Þá er það í þriðja lagi, að 48. gr. skattalaganna orðist svo:

„Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt skv. þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattayfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkv. 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot skv. 1., 3. og 4. mgr. þessarar gr. má dæma menn í allt að tveggja ára varðhaldsvist, enda liggi ekki þyngri refsing við brotum skv. hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðh. skipar, ákveður sektir skv. 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir skv. 25. gr. laga nr. 10 1960, um söluskatt, nema fjmrh. eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla."

Við 50. gr. skattalaganna flytur nefndin brtt., að við hana bætist ný mgr., sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

„Nú er svo ástatt sem í 1. mgr. segir og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram

skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.“

Við 54. gr. skattalaganna flytur nefndin enn fremur brtt., að við hana bætist ný gr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

„Ráðh. getur og í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgðabókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.“

Þessar till., sem eru samdar í samráði við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, miða allar að því að auðvelda þessum aðilum það skattaeftirlit, sem þeir eiga að hafa með höndum. Þar sem nefndin stendur öll að þessum till., sé ég ekki ástæðu til þess að rekja þær nánar.

Að öðru leyti mun ég ekki fjölyrða um þetta mál að þessu sinni. Ég vil þó leyfa mér að víkja með fáeinum orðum að ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) við 2. umr. málsins. Hann ræddi þar nokkuð, svo sem ég hafði gefið tilefni til og grg. þessa frv. raunar gefur líka tilefni til, hin almennu vandamál, sem nú eru fram undan í sambandi við kjarasamninga. Ýmislegt í því, sem hann sagði, kemur mér að vísu öðruvísi fyrir sjónir. Hins vegar ber að mínu áliti mjög að virða, að hann leitast við að líta á þessi mál frá hærri sjónarhól en almennt hefur verið um verkalýðsleiðtoga fram að þessu, og ef aðstæður væru aðrar en þær eru nú, að svo mjög þarf að hraða þeim störfum, sem þingið á eftir, hefði ég gjarnan viljað gera þessu ýtarlegri skil, því að fátt er að mínu áliti gagnlegra í sambandi við þau vandamál, sem hér er við að etja, en málefnalegar umr. um þau, hvort sem er utan þings eða innan. Ég get þó ekki af áðurgreindum ástæðum gert þessu efni ýtarlegri skil.

En það var þó aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm., sem ég get ekki stillt mig um að leiðrétta. Hann sagði, sem rétt var, að ég hefði farið lofsamlegum orðum um þá viðleitni til þess að gera kjarasamninga á breiðari grundvelli en áður, sem upp var tekin með júnísamkomulaginu á s. l. ári, en taldi það í mótsögn við þá afstöðu, sem ég áður hefði haft í þessum málum, þegar ég hefði gagnrýnt vinstri stjórnina fyrir það samráð, sem hún hefði haft við hagsmunasamtökin á sínum tíma. Þetta vil ég algerlega bera af mér. Ég minnist þess ekki að hafa tekið þátt í því að gagnrýna vinstri stjórnina fyrir það, þó að hún hafi haft samráð um ýmis mál við verkalýðssamtökin og önnur hagsmunasamtök. Það eru aðrir, sem það eiga. Það eina, sem mér er minnistætt, að ég hafi gagnrýnt vinstri stjórnina fyrir í því sambandi, var m. a. það, að þegar hún ákvað vísitöluskerðinguna sumarið 1956, virti hún ekki fjölmenn launþegasamtök, sem ég var þá formaður fyrir og áttu mikilla hagsmuna að gæta ekki síður en aðrir aðilar í sambandi við það mál, þess að ræða þetta við þau. Nú er það annað mál, að það hefði verið auðsótt mál af minni hálfu að samþykkja þessa ráðstöfun, því að ég leit þannig á, að hún væri nauðsynleg með tilliti til ástands efnahagsmálanna, eins og það var þá, og studdi hana bæði innan þings og utan. En mér fannst, að vinstri stjórnin hefði átt að virða þessi samtök, sem að ýmsu leyti áttu, miðað við aðstöðu þá, meiri hagsmuna þarna að gæta en verkalýðssamtökin, þess að ræða, við þau um þetta atriði. Ég hef gagnrýnt vinstri stjórnina fyrir margt annað, en minnist þess ekki að hafa gert það í sambandi við þetta.

Varðandi aðrar brtt. frá þeim hv. nm., sem skilað hafa minnihlutaálitum, get ég í meginatriðum vísað til þess, sem ég sagði um þau við 2. umr. Ég tók þá neikvæða afstöðu til þessara till., þó að ég teldi það rétt vinnubrögð af n. að hafa þær áfram til athugunar á milli 2. og 3. umr. Ég get endurtekið það, sem ég sagði þá, að ég tel, að það beri að kanna, alveg eins og gert var á s. l sumri, þegar kjarasamningar voru gerðir þá, hvaða möguleika ríkisvaldið hefur á því að koma til móts við verkalýðsfélögin og leggja fram fjármuni til þess að auðvelda framgang ákveðinna hugðarefna þeirra, sbr. það, sem gert var á s. l. sumri, þegar 40 millj. kr. voru lagðar fram til húsnæðismála. En ég álít, að það sé skilyrði fyrir því, að slík fjárframlög úr ríkissjóði, — að því leyti sem þau af öðrum ástæðum kunna að vera möguleg, — nái tilgangi sínum, að slíkar fjárhæðir komi eingöngu verkalýðnum og áhugamálum hans til góða, en þetta renni ekki að verulegu leyti til annarra. Einmitt á þessum grundvelli hef ég ekkert breytt um skoðun á því, að ég er andvígur þeim till. minnihlutamanna, sem ganga út á það að lækka tekjuskattsstigana. Það gefur auðvitað auga leið, að ef ríkið á að leggja fram fé í þessu skyni, þá verður með einhverju móti að afla fjár til þess, og auðvitað verður að sjá þannig fyrir fjáröfluninni, að ekki sé tekið af verkalýðnum aftur með annarri hendi það, sem gefið var með hinni. Eitt af fleira, sem vitanlega kemur til athugunar í því sambandi, mundi vera, hvort rétt er að hækka félagaskatt eins og hv. þm. leggur til, en allt þarf það mál þó nánari athugunar við heldur en unnt hefur verið að framkvæma í sambandi við þetta frv. Get ég því ekki lagt til, að till. hans um það efni verði samþ., þótt hitt beri mjög að virða, að hv. þm. bendir á tekjuöflunarleiðir á móti þeim lækkunum, sem hann leggur til að verði framkvæmdar. Aðalatriðið er þó hitt, sem ég benti á í framsöguræðu minni við 2. umr., að það er nú einu sinni þannig, að það, sem eftir er af tekjuskattinum nú, hvílir fyrst og fremst á hátekjum. Það gerir það að verkum, að lágtekjufólki, sem mesta þörf hefur fyrir kjara-

bætur, verður ekki hjálpað á þennan hátt, en á s. l. ári voru það, eins og ég upplýsti við 2. umr., rúmlega 60% framteljenda, sem alls engan tekjuskatt greiddu, og helmingur þeirra skattgreiðenda, sem komst í tekjuskatt, greiddi í mesta lagi 3 þús. kr., þannig að gera má ráð fyrir því, að á móti hverri einni krónu, sem verkalýðurinn kynni að fá við það, að þessi leið væri farin, rynnu 10 kr. eða meira í vasa allt annarra aðila. Ég tel því, að það sé að fara út á blindgötu að ætla sér að fara þessa leið, og get því ekki stutt tillögu um frekari lækkun á skattstiganum eða hækkun persónufrádráttar.

Athyglisverðari eru hins vegar í þessu sambandi að mínu áliti þær till., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. bar fram, í fyrsta lagi um það að heimila frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna sjúkra- og slysabóta úr sjóðum verkalýðsfélaga og í öðru lagi till. hans um að veita vissum aðilum sérstakan frádrátt frá tekjuskatti. Eins og ég þegar hef lýst, hefur n. fallizt á fyrri till. hans og flytur hana nú sameiginlega með þeim breytingum, sem nauðsynlegt var að gera á henni.

Báðar þessar till. hafa þann kost, að það, sem vinnst með slíku, kemur verkalýðnum eingöngu til góða eða þeim aðilum, sem hjálpa á með þessu móti. Hvað snertir hins vegar seinni till., um sérstakan frádrátt til handa þeim aðilum, sem þar um ræðir, hafnarverkamönnum og fólki, sem vinnur að fiskiðnaði, þá hefur sú till. samt þá galla frá mínu sjónarmiði, að ég treysti mér ekki til þess, — og sú er líka afstaða meiri hluta n., — að mæla með henni. En gallarnir á því að fara þessa leið eru að mínu áliti tveir. Í fyrsta lagi kemur þetta að tiltölulega litlu haldi, ef aðeins er um að ræða frádrátt vegna tekjuskatts, vegna þess að mjög lítill hluti af þessu fólki mun yfirleitt komast í það að greiða tekjuskatt. Hitt er rétt, að þetta mundi hafa miklu meiri þýðingu í sambandi við útsvörin. En ég hygg, að með þeim breytingum á útsvarslögunum, sem nú þegar hafa verið ákveðnar í Nd., sé svo hart gengið að sveitarfélögunum, að það mundi ekki vera raunhæft að lækka tekjur þeirra verulega með því að fara þessa leið. Hér gæti aðeins orðið um heimildarákvæði að ræða. En það hygg ég, að muni hv. flm. fullkomlega ljóst, að með tilliti til þess, hvað tekjumöguleikar sveitarfélaganna hafa þegar verið skertir með ráðstöfunum, sem þegar hafa verið ákveðnar, þá er ólíklegt, að a. m. k. á þessu ári mundi slík heimild, þó að fyrir hendi væri, verða notuð sem neinu næmi.

Annað kemur líka til, og það tel ég jafnvel þýðingarmeira í þessu sambandi, en það er þetta, að hér er ekki um að ræða frádrátt vegna tiltekins kostnaðar, sem þessir aðilar hafa, á sama hátt eins og þegar heimilaður er frádráttur vegna hlífðarfata sjómanna, heldur aðeins um það, að þessar starfsstéttir fái heimild til sérstaks frádráttar, eins og hann er nánar ákveðinn. Nú má að vissu leyti segja, að fyrir þessu sé fordæmi í þeim skattalögum, sem nú gilda, vegna þess að heimilaður er sérstakur frádráttur sjómönnum til handa. En mín skoðun hefur ávallt verið sú, að það hafi verið hið mesta neyðarúrræði að gera þetta á sínum tíma, það hefði átt að fara aðrar leiðir. Hitt er svo annað mál, að þegar þetta einu sinni er komið inn í lög, þá er ekki svo auðvelt að kippa því til baka. En telji maður þessar reglur óheilbrigðar, ber auðvitað að varast að ganga lengra á sömu braut, og það, sem skoðanir mínar í þessu efni byggjast á, er þetta, að hér er um það að ræða að leggja tekjuskatta á, ekki í samræmi við tekjur manna, heldur eftir því, hvaða starfsstétt þeir tilheyra. Það var að vísu hér áður fyrr, fyrir 200 árum, eða svo, mjög algengt, að skattaálagningin fór eftir stéttum, þannig að bændum var gert að greiða tiltekinn skatt, kaupmönnum tiltekinn skatt, prestum o. s. frv., en þetta brýtur algerlega í bág við þá grundvallarhugmynd, sem tekjuskattinum liggur að baki, að tekjuskatta eigi menn að greiða eftir hæð teknanna, en ekki því, í hverjum störfum teknanna er aflað.

Það má auðvitað um það deila, hvort tekjuskatturinn sem skattstofn eigi rétt á sér og hvað háan sess hann eigi að skipa í skattakerfinu. En ég álít þó, að ef lagt er fyrir alvöru inn á þessa braut, að láta tekjuskatt vera mismunandi eftir störfum, þá hlýtur það að leiða til afnáms tekjuskattsins. Nú getur það auðvitað verið álitamál út af fyrir sig, hvort það eigi ekki að gera af öðrum ástæðum, en mér finnst, að það eigi þá að vera á grundvelli annars mats en þessa, sem slík ráðstöfun væri gerð. Af þessum ástæðum sé ég mér ekki fært, og það er skoðun okkar, sem að meirihlutaálitinu stöndum, að styðja þessa till.

Herra forseti. Ég læt svo máli mínu lokið, en afstaða okkar, sem að meirihlutaálitinu stöndum, er sú, að við leggjum til, að þær till., sem n. sameiginlega ber fram hér við 3. umr., verði samþykktar, en aðrar brtt. felldar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 690) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Í nál. mínu og hv. 1. þm. Norðurl. e., sem lagt var fram við 2. umr. þessa máls, og einnig í framsöguræðu minni fyrir því nál. var þess getið, að það væri skoðun okkar, að mikla nauðsyn bæri til þess að tryggja betur en gert væri rétt framtöl og eftirlit með þeim.

Við lýstum því þá yfir, að við mundum athuga þessa hlið málsins fyrir 3. umr., og það gerði raunar nefndin öll. Þegar við lýstum þessu yfir, höfðum við í huga ýmsar breytingar viðtækari og ekki allar af því tagi, sem þær till. eru, sem nú liggja fyrir frá nefndinni í heild. En þegar það kom í ljós, að í nefndinni gat orðið samstaða um þessar till., sem núna liggja fyrir, þá þótti okkur, að það

væri svo mikils virði, að við kusum heldur að standa að þeim till. en að leggja fram till. sjálfir, sem ekki væri samstaða um.

Þessar till., sem lagðar hafa verið fram, eru, eins og hv. þdm. hafa heyrt þannig, að þeim er í fyrsta lagi ætlað að auka sjálfstæði skattrannsóknarstjórans, og í öðru lagi auka heimildir hans til rannsókna frá því, sem þær hafa verið, í þriðja lagi að samræma og gera skýrari ákvæði um heimildir til að beita sektum gagnvart undandrætti á tekjuskatti, en einnig öðrum sköttum, og þessar endurbætur, sem í þessum till. felast, eru, eins og ég sagði, að okkar dómi svo þýðingarmiklar, að við fögnum því, að um þær skuli hafa náðst samstaða, og höfum þess vegna ekki að þessu sinni talið ástæðu til að bera fram frekari brtt. í þessu efni.

Hitt verður svo að harma, að vinnubrögðum þingsins skuli vera svo komið nú á seinustu dögum þess, að svona umfangsmiklar till. verði að taka til afgreiðslu í hv. deild við síðustu umr. málsins, án þess að þær hafi fengizt prentaðar eða þeim verið útbýtt. Hér er um að ræða 7 till., sumar mjög efnismiklar, þannig að þær fylla stóran hluta úr vélritaðri síðu sumar þeirra. Og í rauninni verður það að segjast, að það eru næsta hæpin vinnubrögð að afgreiða þær, áður en þeim hefur verið útbýtt. En ég skal þó ekki eins og á stendur gera neinn ágreining um það atriði. Við, sem í nefndinni erum, höfum auðvitað haft tækifæri til þess að kynna okkur þessar till. nánar.

En sem sagt, ég vil mæla með samþykkt þessara till., sem fjhn. hefur lagt fram sameiginlega. Og þá vil ég enn fremur minna á það, að við, sem erum í 1. minni hl. fjhn., 1. þm. Norðurl. e. og ég, eigum hér brtt. frá því við 2. umr., sem þá voru teknar til baka til 3. umr. Þessar till. eru tvær: Annars vegar um breytingu á skattstiganum, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. og þarf víst ekki að fara ýtarlegar út í að þessu sinni. Þær voru sniðnar eftir skattstiganum 1960, með umreikningi eftir framfærsluvísitölubreytingum, sem orðið hafa frá árinu 1959 til ársins 1964. Hin till. er um það, að sá umreikningur, sem nú á að taka upp að nýju, sé ekki miðaður við svokallaða skattvísitölu, sem fjmrh. skuli hafa heimild til að ákveða, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur skuli þessi umreikningur miðaður við verðlagsvísitölu tekjuöflunarársins.

Ég vil leyfa mér að fara fram á það, að hv. þdm. samþykki þessar brtt. okkar í 1. minni hl. einnig ásamt till. þeim, sem fjhn. stendur einhuga að.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ræða hv. frsm. meiri hl. fjhn. gefur mér ekki tilefni til þess að halda hér langa ræðu, og ég sé ekki heldur beina ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum en ég hef þegar gert um þær till., sem ég flyt hér á þskj. 586 og ég mun flytja allar aftur við þessa umr., að undanskilinni 3. till. á þessu þskj., þ. e. a. s. a-liðnum, sem ég tek aftur, vegna þess, að hv. fjhn. þóknast að taka þá till. upp í ofurlítið öðru formi og með breytingum, sem ég tel að sjálfsögðu fremur til bóta heldur en hitt, þar sem bætt er við þá grein tekjuskattslaganna, sem skyldar, að frádráttur á tilteknum greiðslum sé tekinn til greina, þ. e. a. s. að mín till. er samþykkt með þeirri breytingu, að þarna koma einnig inn í sjúkrabætur og slysadagpeningar frá Tryggingastofnuninni.

Ég vil auðvitað lýsa ánægju minni yfir þessum örlitla votti þess, að tekið er tillit til þeirra till., sem byggðar eru á óskum verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við afgreiðslu þessa máls. En það verð ég að segja, að minna gat það tæplega verið eða ódýrari vottur um einhvern vilja til þess að koma móti óskum og kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Og ég verð að segja það, að af hálfu hv. meiri hl. í nefndinni hefur bókstaflega ekki örlað á neinum vilja til þess að koma að öðru leyti á nokkurn hátt til móts við þau sjónarmið, sem verkalýðshreyfingin hefur haft uppi í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og það jafnvel um till. eins og þá, sem ég flyt varðandi sérstakan frádrátt vegna þeirra, sem vinna í fiskiðnaði og í hafnarvinnu, jafnvel þó að það liggi fyrir, að á framkvæmd þeirrar till. séu engir tæknilegir örðugleikar.

Mér til ánægju lýsti ríkisskattstjóri því yfir á fundinum í dag, að hann sæi enga örðugleika í sambandi við framkvæmd þessarar till. En með ýmsar svona till, sem við þm. Alþb. höfum flutt áður hér á þingi, þá hefur því oft verið borið við, að þetta og þetta væri ekki hægt af tæknilegum ástæðum. Því er þess vegna ekki til að dreifa í þessu tilfelli, og auk þess kemur það til, að ég hafði ástæðu til að ætla, að á þessa till. yrði litið með vinsemd af hálfu ríkisstj., og hafði ríka ástæðu til þess.

En þarna hafa ráðið einhver annarleg sjónarmið hjá hv. meiri hl., því að ég get ekki tekið sem góða og gilda vöru þær afsakanir, sem hv. frsm. nefndarinnar hafði frammi sem mótrök í þessu máli.

Hann taldi, að hér væri verið að taka upp eitthvert tveggja alda gamalt fyrirkomulag, að menn skyldu greiða skatta eftir því, í hvaða stétt þeir væru, en ekki eftir hæð tekna. Ég vil nú benda hv. frsm. meiri hl. á, að hér er ekki um neina breytingu í þessa átt að ræða. Eftir sem áður borgar það fólk, sem hér á hlut að, sinn skatt og útsvör í samræmi við tekjuhæðina, þó að það hins vegar fái þann sérstaka frádrátt, sem er alveg hliðstæður við það, sem annars staðar viðgengst nú. Þetta eru sem sé engin rök í málinu.

Sú röksemd hans, að þetta kæmi að litlu haldi, vegna þess að hér ætti svo fátækt fólk í hlut, að það þyrfti litinn sem engan skatt að greiða, það má vel vera, að þetta hafi nokkuð til síns máls varðandi tekjuskattinn, að það hossi sér ekki hátt í lífsafkomu þessa fólks, hvort það sleppur við tekjuskattinn eða ekki. En ég vil þá benda hv. ræðumanni á það,

að þetta hlýtur þá að kosta ríkissjóðinn þeim mun minna sem hér eru meiri fátæklingar á ferðinni og hafa minni greiðslugetu. Og verð ég að segja, að gerð þeirra, sem hafa snúizt gegn þessari till., er þeim mun smásmyglislegri sem þessi röksemd kynni að hafa við meira að styðjast.

Önnur röksemdin, sem hann beitti svo gegn þessari till., var sú, að svo hart væri gengið að sveitarfélögunum, að það væri ekki hægt að ganga lengra í þá átt heldur en gengið hefði verið þegar með brtt. þeim, sem samþ. hafa verið í hv. Nd. varðandi tekjustofna sveitarfélaganna. Við þessa röksemd er það að athuga, að jafnvel þó að mín till. yrði samþ., er eftir sem áður algerlega á valdi hvers sveitarfélags að meta það, hvort fært þyki að veita þennan frádrátt eða ekki, og telji eitthvert sveitarfélag það ekki fært, notar það sér vitanlega ekki heimildina. Málið er svona einfalt. Hins vegar er ég sannfærður um það, að mjög víða væri vel fært að nota þessa heimild og þó hvergi auðveldara en hér í höfuðborginni. En það er kannske ekki hvað sízt hér, sem úrbætur almennt varðandi kjör þeirra, sem vinna í fiskiðnaði og við hafnarvinnu, eru nauðsynlegar. Ég held, að það væri t. d. ákaflega fróðlegt og nauðsynlegt fyrir þennan hv. meiri hl., sem synjar þessari till., að gera sér ferð hérna niður að höfninni einhvern daginn, ef þeir hefðu ekki allt of mikið að starfa, og kynna sér það, hvernig ástandið er hérna hjá hafnarverkamönnunum. En því ástandi er fljótlýst á þann veg, að hver dagurinn getur orðið sá síðasti, sem skipin hérna hafa afgreiðslu. Kjör þeirra, sem vinna hér við Reykjavíkurhöfn, eru orðin slík samanborið við aðrar starfsgreinar, að þó að kjarasamningar hafi ekki runnið út og ekki verið endurnýjaðir, er alger óvissa um það, hvort yfirleitt vinnan fæst framkvæmd við þau skilyrði, sem hún býður nú þeim, sem við hana vinna. Ég vil þess vegna aðvara hv. meiri hl. fjhn. og aðra, sem kynnu að vilja hafa tilheigingu til þess að styðja hann í því að synja um þessa — ég vil segja sjálfsögðu og nauðsynlegu leiðréttingu, við afleiðingum þess. Hér er um það að ræða að veita þeim, sem vinna lengstan vinnutíma við lægsta kaupgjald, sem þekkist í landinu, og að mörgu leyti erfiðustu skilyrði. Það getur vel verið, að það sé rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að þetta fólk geti ekki komið með á pappír, að það hafi kostað meira til þessarar vinnu heldur en menn geri í annarri vinnu. En ég vil þá segja það, að það hefur kostað því til, sem kannske er meira virði en það, þó að það hefði þurft að leggja út einhverja peningaupphæð í sambandi við öflun þessara tekna. Það hefur verið að leggja vinnuþrek sitt að veði og leggja á sig meira erfiði og meiri yfirvinnu heldur en yfirleitt þekkist nokkurs staðar á byggðu bóli. Hafnarverkamennirnir hér í Reykjavík vinna hvern einasta dag, jafnt sunnudaga sem virka daga, a. m. k. til kl. 8 á kvöldin og oft og tíðum í næturvinnu einnig. Ég teldi það þess vegna vera alveg fullkomið sanngirnismál, að í þessu tilviki a. m. k. yrði tekið eitthvert tillit til þess, hvernig tekna er aflað. Ég segi: það er ekki sama og á ekki að þurfa að verða sama, hvort t. d. 200 þús. kr. tekna er aflað við beztu skilyrði inni í hlýju húsi við stuttan vinnutíma eða hvort það er lögð nótt við dag árið um kring alla helgidaga og jafnvel næturnar líka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 586,1—2 felldar með 10:9 atkv.
— 690,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 586,3.a tekin aftur.
— 586,3.b felld með 10:6 atkv.
— 586,3.c felld með 10:4 atkv.
— 586,4 felld með 10:9 atkv.
— 586,5 felld með 10:4 atkv.
— 584,1 felld með 10:7 atkv.
— 586,6.a felld með 10:8 atkv.
— 586,6.b felld með 10:7 atkv.
— 586,7 felld með 10:8 atkv.
— 690,2—5 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 584,2 felld með 10:9 atkv.
— 690,6 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Sþ., 7. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 692).

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. þdm. afsaki það, þótt ég hafi ekki langa framsögu fyrir þessu máli, enda gerist þess naumast þörf, því að málið er tiltölulega einfalt og skýrir sig sjálft. Grg. frv. gerir nákvæmlega grein fyrir þeim meginbreytingum, sem í frv. felast, en þær eru í rauninni tvær, annars vegar að hækka fjölskyldufrádrátt og breikka þrep í tekjuskattsstigum og í öðru lagi að síðan breytist bæði þessir stigar og frádrættir samkv. skattvísitölu, þannig að árlegar breytingar þurfa ekki að gerast á skattal. af þeim sökum einum saman, að breytingar verði á vísitölu.

Í hv. Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. þess eðlis, að það eru gerð ýtarlegri ákvæði þau, sem nú eru í l. um hlutverk rannsóknarnefndar skattamála við ríkisskattstjóraembættið og víkkaðar heimildir til þess að leita skýrslna og starf rannsóknardómarans gert sjálfstæðara en það er og enn fremur ákveðið, að ákvarðanir um sektir samkv. l. verði í höndum sérstakrar n., sem ákveði sameiginlega sektir fyrir hin opinberu gjöld, að undanskildum gjöldum til sveitarfélaga, sem að sjálf-

sögðu þarf, ef til á að koma, að breyta í l. um tekjustofna sveitarfélaga. Um þessar breytingar varð algert samkomulag í fjhn. d. og í d. sjálfri, og tel ég ekki ástæðu til þess að ræða þær frekar, nema tilefni gefist til.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Árið 1960 voru gerðar breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt. Þá var felld úr lögum svonefnd umreikningsregla, sem verið hafði í gildi frá 1954. Afleiðingarnar af þessari breytingu urðu þær, að tekjuskatturinn hækkaði sjálfkrafa á næstu árum vegna aukinnar dýrtíðar, þar sem bæði persónufrádráttur og tekjutölur skattstigans breyttust ekki. Árið 1964 voru sett ný skattalög. Þá var persónufrádráttur hækkaður, en um leið voru gerðar breytingar á skattstiganum, sem höfðu í för með sér hækkanir á skattinum. Við meðferð skattafrv. á þinginu í fyrra sýndum við framsóknarmenn fram á, að skattarnir skv. frv. yrðu miklu hærri en var árið 1960, og við bárum fram brtt. um að taka aftur upp umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans og um að láta skattstigann frá 1960 haldast óbreyttan, til þess að skatturinn yrði raunverulega ekki hærri en hann var árið 1960. Stjórnarflokkarnir felldu þessar brtt. framsóknarmanna á þinginu í fyrra. Hins vegar gumuðu þeir mjög af sinni framgöngu í skattamálunum og töldu sig vera að lækka skattana til mikilla muna. Það fólk, sem lagði einhvern trúnað á skrum stjórnarflokkanna um skattalækkanir vorið 1964, varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum, þegar skattskrárnar komu út síðar á því ári. Óánægjan varð svo mikil og almenn, að stjórnin sá sitt óvænna, skipaði n. til að íhuga málið og gaf þar með fyllilega í skyn, að hún vildi gera einhverjar leiðréttingar í þessum efnum. En niðurstaðan varð sú, sem kunnugt er, að engar lagfæringar voru gerðar á hinum háu opinberu gjöldum 1964, og framkoma stjórnarinnar varð þannig enn til þess að valda mönnum vonbrigðum.

Og nú liggur hér fyrir stjórnarfrv. um breytingu á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Það er athyglisvert, að í frv. kemur fram, að ríkisstj. hefur loks komið auga á það, að við framsóknarmenn höfum haft rétt fyrir okkur, þegar við höfum haldið því fram, að rétt væri að láta umreikningsregluna, sem var í lögum fyrir 1960, gilda áfram. Í 8. gr. frv. er lagt til, að þessi regla verði aftur upp tekin. Hún er þó að því leyti frábrugðin hinni gömlu aðferð, að áður var miðað við kaupgjaldsvísitölu, en nú á skv. frv. að miða við svonefnda skattvísitölu, sem fjmrh. á að ákveða, en enginn veit, hvernig verður.

Í frv. eru ákvæði um hækkun á persónufrádrætti og tekjutölum skattstiganna, sem nemur u. þ. b. sömu hækkun og varð á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1963—1964. Einnig er gerð lítils háttar breyting á skattaprósentunni, en segja má, að tekjuskattur skv. frv. verði raunverulega mjög svipaður í ár eins og hann var í fyrra, og verði frv. samþ. óbreytt, verður skatturinn enn langtum hærri en hann var árið 1960. Því veldur hækkunin á hundraðshlutatölum skattsins, sem ákveðin var í fyrra. Til dæmis um þetta má nefna, að af fyrstu 16 þús. kr. skattskyldum tekjum verður skatturinn raunverulega 80% hærri nú en hann var árið 1960 og af 80 þús. kr. skattskyldum tekjum verður hann 44% hærri en 1960. Það er fyllsta ástæða til að mótmæla slíkum hækkunum á beinum sköttum til ríkis, á sama tíma sem óbeinu skattarnir hafa verið margfaldaðir.

Fulltrúar Framsfl. í fjhn. Ed. báru fram brtt. við frv., sem stefndu að því, að tekjuskattur yrði raunverulega jafnhár nú eins og hann var 1960. Þessar till. voru felldar í þeirri d. Við munum einnig flytja slíkar brtt. við frv. hér í þingdeildinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess, að allmiklar umr. yrðu hér um það mál, sem nú er á dagskrá, um breytingar á gildandi skattalögum. En eins og allir hv. þm. vita, þá er nú svo komið starfstíma Alþingis, að í rauninni gefst enginn tími til þess að taka á slíku stórmáli sem hér er til meðferðar eins og ástæða væri til. Tími þingstarfa er senn búinn, og ég mun því ekki leggja út í það að hefja hér upp miklar umr. nú við 1. umr. þessa máls um þetta frv.

Frv. gerir í rauninni ráð fyrir sáralitlum breytingum á gildandi skattalögum. Í rauninni er hér um minni háttar tilfærslu eða aðlögun að ræða á l. í samræmi við breytt verðlag, sem nú er orðið, en um teljandi breytingu að öðru leyti er ekki að ræða. Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að það þyrfti að taka til rækilegrar endurskoðunar alla löggjöfina um skattheimtu ríkisins, eins og hún er orðin nú. Þyrfti þá sérstaklega að athuga skattheimtu þá, sem er í formi söluskatts, tolla, tekju- og eignarskatts, og svo einnig innheimtu bæjar- og sveitarfélaga á útsvörum. Þessi skattheimta öll er þess eðlis, að hana þyrfti að ræða alla sameiginlega.

Það er öllum ljóst, að það hefur verið markandi stefna hjá hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum að auka skattheimtuna í formi óbeinna skatta, þ. e. a. s. fyrst og fremst söluskatts, og draga í rauninni úr skattgreiðslum félaga og fyrirtækja.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að skattgreiðslur félaga og fyrirtækja verði áfram með sama hætti og þær hafa verið.

Eins og oft hefur hér verið á minnzt, lýsti núv. ríkisstj. því yfir í ársbyrjun 1960, að hennar stefna væri sú, að ekki yrði greiddur tekjuskattur af almennum launatekjum. Þessu var lýst yfir, um leið og verið var að hækka til mikilla muna söluskattinn á almennum varningi í landinu. Á þessu ári, 1960, lækkaði tekjuskatturinn talsvert. Skv. ríkisreikningi þá var tekjuskatturinn á árinu 1960 97 millj. kr., en

á fjárl. þeim, sem nýlega hafa verið samþ. fyrir yfirstandandi ár, er gert ráð fyrir því, að tekjuskatturinn verði 375 millj. kr., og enginn vafi er á því, að ef fer að venju, þá verður þessi skattinnheimta í formi tekju- og eignarskatts nokkuð yfir 400 millj. kr. á móti 97 millj. kr. árið 1960. Þessar tölur tala sínu máli um það, hvernig farið hefur með þetta fyrirheit hæstv. ríkisstj. um það að gera allar almennar launatekjur skattfrjálsar.

En önnur skattheimta, eins og ég minntist á, hefur þó hækkað enn þá meir, einmitt sú skattheimtan, sem hvílir tiltölulega þyngst á almennum launatekjum. Söluskatturinn var árið 1960 102 millj. kr. skv. ríkisreikningi, en nú er hann ráðgerður á árinu 1965 923 millj. kr., eða þar er um níföldun að ræða. En á sama tíma hafa sem sagt skattgreiðslur félaga og fyrirtækja beinlínis minnkað. Það er því enginn vafi á því, að það væri mikil þörf á því að taka til rækilegrar endurskoðunar gildandi lagaákvæði bæði um beina og óbeina skattheimtu hins opinbera.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum hér gert till. í þá átt á undanförnum árum. Við höfum við afgreiðslu þessa máls í Ed. flutt einnig tillögur í þá átt, að dregið verði nokkuð úr hinni beinu skattheimtu af almennum launatekjum, en jafnframt yrðu skattar nokkuð hækkaðir á félögum og fyrirtækjum. Við munum að sjálfsögðu gera það einnig við afgreiðslu málsins hér í d., en auðvitað er ekki aðstaða til þess nú að koma fram með till., sem gætu markað grundvallarbreytingar í skattinnheimtunni. Til þess að slíkt verði gert, þyrfti í rauninni að fara fram athugun á þessum málum í mþn.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál nú hér við 1. umr. Möguleikar til framhaldsumræðna gefast einhverjir, þegar málið kemur úr nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 692, n. 722, 725 og 731, 726, 732, 748).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar, en hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed.

Ég skal ekki rekja efni frv., það hafa hv. þm. áreiðanlega þegar kynnt sér rækilega. Ég vil aðeins benda á það, að með óbreyttum lögum er gert ráð fyrir, að skattar þessir hefðu á þessu ári numið um 500 millj. kr., en voru í fjárl. ákveðnir 375 millj. vegna þeirrar fyrirhuguðu lækkunar, sem hér er á ferðinni. Frv. gerir ráð fyrir að framkvæma lækkunina með talsverðri aukningu á persónufrádrætti, breytingu á skattþrepum og lækkun skattprósentu á hverju þrepi, og er talið, að breytingarnar til lækkunar séu eins miklar og fjárlagaupphæðin, 375 millj. kr., frekast leyfir. Margir eru sjálfsagt þeirrar skoðunar, að æskilegt hefði verið að ganga lengra en gert er, en þá hefði orðið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að mæta frekari lækkunum. Ég held þó, að fullyrða megi, að fjölskyldumenn með lágtekjur og lægri miðlungstekjur verði skattfrjálsir samkv. frv., og tekjuskattar verða varla teljandi, fyrr en tekjur eru orðnar talsvert miklar. Skatturinn verkar fyrst og fremst til tekjujöfnunar, og er ekki nema gott um það að segja út af fyrir sig.

En þó að háir skattar séu vondir, er annað verra, og það er það óréttlæti, sem falizt hefur í skattsvikum. Frv. hefur að geyma ýmis ákvæði til þess að auðvelda skattyfirvöldum eftirlit með framtölum, og eru í því sambandi ýmsar vonir bundnar við nýtt embætti skattrannsóknarstjóra, og er þess að vænta, að hér sé stigið skref til leiðréttingar á miklu ranglæti, sem orðið geti til lækkunar skatta í framtíðinni, er byggist á betri og réttlátari skattheimtu.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom af máli hv. síðasta ræðumanns, varð ekki samstaða í fjhn. um afgreiðslu frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ég hef gefið út nál. um málið, ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v., sem prentað er á þskj. 725.

Þegar rætt er um tekjuskatt og eignarskatt nú, verður að hafa það í huga eins og löngum áður, að í upphafi valdatímabils núverandi hæstv. ríkisstj. voru gerðar gagngerðar breytingar á innheimtu ríkissjóðstekna, þar sem horfið var að verulegu leyti, eða a. m. k. hét það svo, frá beinum sköttum, en ríkissjóðstekjurnar í vaxandi mæli innheimtar með óbeinum sköttum, söluskatti og aðflutningsgjöldum. Síðari hluti þessarar stefnuyfirlýsingar hefur verið rækilega framkvæmdur, því að á þessu tímabili hefur söluskattur einn hækkað um 510% og önnur skattheimta ríkissjóðs með óbeinum sköttum vaxið stórkostlega, bæði þeir tekjustofnar, sem fyrir voru, þegar ríkisstj. kom til valda, og auk þess hafa verið lagðir á fleiri gjaldaliðir en ég man hér að nefna. En það hefur ekki að sama skapi gengið vel að framkvæma fyrri hluta loforðsins, þ. e. að lækka beinu skattana. Þegar skattalögin voru hér til meðferðar í fyrra, var svo ástatt, að verðbólgan hafði vaxið gífurlega árið 1963 og þar með tekjur manna. Þá var þegar augljóst, að skattalögin frá 1960 mundu verða gersamlega óframkvæmanleg vegna þessarar tekjuhækkunar og vegna þeirrar miklu hækkunar á skattstigum, sem í þeim lögum var að finna. Hæstv. ríkisstj. sá þetta eins og allir aðrir, og hún lagði fram frv. hér á hv. Alþ., sem hún taldi að ætti að bæta úr þessum

ágöllum, en aðrir, sem fjölluðu um það mál hér, sáu og bentu á, að þessi lagfæring mundi engan veginn duga til þess að leiðrétta þá afskræmingu, sem verðbólgan hafði á þessum reglum gert, og við meðferð málsins á hv. Alþ. bárum við fulltrúar Framsfl. þess vegna fram brtt., sem fjölluðu um það að hækka persónufrádráttinn til samræmis við það, sem tilkostnaður hafði vaxið, að breikka þrepin í skattstiganum og að taka upp umreikning bæði á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, eins og verið hafði í lögum fram að 1960. Þessum till. okkar var engu svarað nema skætingi. Þær voru taldar óraunhæf yfirboð, sem ekki ættu við neinn veruleika að styðjast, og m. a. var boðið upp á það sem eins konar svar við þessum brtt. okkar, að skattalög frá eldri tímum, áður en breytingin á tekjuinnheimtunni hafði átt sér stað, yrðu látin gilda, ef einhver vildi það heldur. Þetta var náttúrlega mislukkuð gamansemi, sem ég held að enginn hafi haft gaman að, nema þá helzt þeir, sem fóru með hana hér, og efast ég þó um, að þeir hafi haft það sjálfir, en a. m. k. var þetta svo fjarri öllum veruleika, að ekki var svara vert.

En svo skeði það, eins og alltaf gerist á ári hverju, að nefndir ljúka störfum, og einnig skattanefndirnar luku störfum. Þó að það væri mjög seint, þá kom að því í fyrra, og þá blasti þessi veruleiki við, að ríkisgjöldin og opinberu gjöldin urðu svo há, að allir voru sammála um það, að þar væri of langt gengið. Og þegar ég segi allir, þá meina ég ekki bara stjórnarandstöðuna hér á hv. Alþ. og annars staðar, heldur einnig stjórnarliða sjálfa, sem í blaðakosti sínum voru þar fremstir í flokki, og þar kom, að hæstv. fyrrv. fjmrh. sá sér ekki annað fært en að játa það, að út úr þessu skattadæmi hefði komið allt önnur niðurstaða en hann hefði átt von á. Þessi játning átti sér stað í útvarpsþætti, sem stofnað var til 17. ágúst í fyrra, sem sagt þrem mánuðum eftir að till. okkar framsóknarmanna höfðu verið dæmdar yfirboð og óframkvæmanlegar hér á hv. Alþ. Það tók 3 mánuði þá að komast að því, að þær hefðu ekki verið eins rangar og þá var látið í veðri vaka.

Nú þýddi náttúrlega ekkert út af fyrir sig að játa það, að mistök hefðu verið gerð. Það varð einhverju að lofa til þess að bæta úr þeim, og það var líka gert. Þau úrræði, sem ríkisskattstjóri og hæstv. fyrrv. fjmrh. komu auga á til þess að lagfæra þau mistök, sem þarna höfðu átt sér stað, voru aðallega þrjú. Það var að hækka persónufrádráttinn, að breikka þrepin í skattstiganum og að taka upp umreikning, eins og verið hafði í lögum fyrir 1960, — sömu þrjú atriðin og hér höfðu verið felld með öllum atkvæðum stjórnarliða á Alþingi þrem mánuðum áður. Þar að auki var svo hugsanlegt, að til bóta mundi vera að innheimta gjöldin, um leið og tekjurnar féllu til, og er það vissulega alveg rétt.

Nú liggur hér aftur fyrir frv. til breytinga á tekjuskatti og eignarskatti, og í samræmi við það, sem þegar hefur verið sagt, þá hefur verið látin fara fram lagfæring á persónufrádrættinum. Hann hefur verið færður til samræmis við vísitöluhækkun, sem orðið hefur síðan 1960, svona nokkurn veginn. Hann er hækkaður um 60%, og það hygg ég, að muni svara nokkurn veginn til þeirrar hækkunar á vísitölu, sem átt hefur sér stað frá árinu 1960 til meðalvísitölu ársins 1964. Til viðbótar því hefur skattþrepunum verið breytt aðeins um 10%, sem er náttúrlega allt of lítið, og á næsta ári er talað um að taka upp umreikning, að vísu miðaðan við eitthvað, sem enginn veit enn þá, hvað er, og kallað er í þessu frv. skattvísitala, án þess að nokkur maður viti, um hvað þar er verið að ræða, eða nokkur skýring fylgi því í aths. frv., hvað þar sé átt við, svo að enn þá a. m. k. er ekki séð, hvort þar er nokkur lagfæring á ferðinni eða ekki.

Sú breyting, sem gerð er á skattstiganum, er allt of lítil til þess að vega á móti þeirri tekjuaukningu, sem átt hefur sér stað, og hún lagfærir ekki nema að mjög litlu leyti þá breytingu, sem gerð var á tekjustigunum árið 1960.

Sams konar tillögur og ég er hér að tala fyrir og hef borið fram brtt. um á þskj. 726 hafa þegar verið bornar fram í hv. Ed. og þar felldar. Ég óttast, að nú sé verið af hálfu hæstv. ríkisstj. að gera sömu mistök og gerð voru í fyrra, þ. e. a. s. að afgreiða úrbótartillögur okkar sem óraunhæf yfirboð, og að það muni ekki líða nema kannske þrír mánuðir, þangað til hæstv. núv. fjmrh. hefur áttað sig á því, að betra hefði verið að fara eftir því, sem hér er lagt til, og ég vildi mjög óska þess, að hann íhugaði það vandlega, vegna þess að ég óska þess ekki, að hann þurfi að lenda í því að koma í útvarpið þremur mánuðum síðar til þess að afsaka þau mistök, sem átt hafi sér stað.

Til viðbótar því að játa það, að mistök hefðu átt sér stað í fyrra, þá var lengi fram eftir árinu talað um það, að eitthvað þyrfti að gera til þess að lagfæra þessi mistök, ekki bara í framtíðinni, heldur á yfirstandandi ári, og ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að fólk hafi búizt við því lengi fram eftir öllu sumri, að það mundi verða eitt fyrsta verk, sem Alþingi gerði, þegar það kæmi saman að nýju, að koma á einhverjum úrbótum á þessu, sem átt hefði sér stað á miðju sumri fyrir mistök, af því að menn áttuðu sig ekki á því, að tekjurnar voru miklu hærri en árið áður, og eins og hæstv. viðskmrh. sagði, fólk hafði haft svo miklar verðbólgutekjur, að skattarnir ruku upp af þeim ástæðum. En sumarið leið og þingsetningardagurinn einnig, og ekki sást þetta lagfæringarfrumvarp. Þegar sýnt var, að það mundi ekki koma frá hæstv. ríkisstj., þá báru nokkrir þm. úr stjórnarandstöðunni fram frv. til þess að reyna að fá einhverja lagfæringu fram á þessu máli, og tvö frv. voru borin fram, annað af okkur framsóknarmönnum, sem gerði ráð fyrir endurgreiðslu á tiltekinni fjárhæð,

þar sem reynt var að komast eins nærri því að leiðrétta mistökin og hægt var með þeirri aðferð, sem hafði þann kost að vera fljótvirk og framkvæmanleg, og svo hins vegar frv. frá hv. 5. þm. Austf. o. fl., þar sem farið var fram á endurreikning allra gjalda og hefði vitanlega leitt til réttari niðurstöðu, en hafði þann ókost að taka alllangan tíma og kosta mikla fyrirhöfn. Bæði þessi frv. hafa legið fyrir hv. Alþingi í allan vetur, án þess að þau hafi nokkurn tíma verið rædd nema við 1. umr. og vísað til n., og þaðan hafa þau ekki komið. En samningaumleitanir stærstu launþegasamtaka áttu sér stað lengi fram eftir vetri og enduðu þannig, eins og alkunnugt er, að ekkert var hægt að gera, þegar til kom.

Þannig hefur engin leiðrétting farið fram á því, sem misgert var í fyrra af misgáningi. Þeim mun meiri ástæða væri til þess nú að gera það frv., sem hér er til umr., þannig úr garði, að það byggði ekki á þeirri skekkju, sem leidd var inn í fyrra, heldur leiðrétti hana, fyrir utan það, að það tæki tillit til þeirrar verðbólguhækkunar, sem orðin er síðan og þarf að leiðrétta jafnframt.

Þess vegna er það, að ég flyt ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. brtt. um það, að 4. gr. orðist eins og þar segir, að þrepin verði fleiri og að byrjað verði lægra. Ef frv. verður samþ. óbreytt núna, þá verður skatturinn hærri en hann var 1960. Það stafar af því, að prósentutalan, sem ákveðin var í fyrra, var of há, miðað við það, sem hún var 1960. Til þess að fá fram sama ástand og þá var, þarf að lækka þessa prósentu, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, og fyrsta brtt. okkar fjallar um það.

Þá erum við einnig með brtt. um það, að í stað orðsins „skattvísitölu", sem miðað er við í 10. gr. og er, eins og ég áðan sagði, algerlega ótiltekin bæði í frv. og aths. þess, þannig að enginn veit, hvað verið er að samþ., ef þetta orðalag er viðhaft, — að í stað þess komi „kaupgjaldsvísitala", eins og var í lögum, áður en umreikningurinn var afnuminn. Í fyrra gátum við ekki miðað okkar brtt. við kaupgjaldsvísitölu, vegna þess að hún var þá ekki reiknuð. Það átti að vera eitt af snjallræðunum til þess að koma efnahagsmálunum í viðunandi horf að kúpla frá, sem kallað var, samhenginu milli launa og vísitölu. En þegar það sýndi sig, að þá fyrst tóku launin verulegan sprett, þegar hætt var að tengja þau við vísitöluna, var, eins og kunnugt er, aftur horfið að því ráði að koma þarna á sambandi á milli á ný, svo að nú er reiknuð út kaupgjaldsvísitala, og þess vegna teljum við eðlilegast, að það verði nú eins og áður umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum miðað við þá vísitölu, vegna þess að það er eðlilegast, að skattarnir séu í hlutfalli við launin.

3. brtt., sem við berum fram, er um rannsókn skattyfirvalda. Í fyrra var nokkuð hert á möguleikum ríkisvaldsins til þess að fylgjast með undandrætti frá skatti, með því að stofnuð var sérstök deild, sem með þau málefni skyldi fara. Um þetta var alger samstaða á Alþingi, og ég tel, að það hafi allir fagnað því, og veit, að það hafa allir fagnað því, að á þetta ráð var brugðið, því að það er löngu ljóst, að verulegur hluti af misræminu og óánægjunni, sem á sér stað vegna greiðslu opinberra gjalda, stafar einmitt af því, hvað menn vita til þess, að mikil brögð eru að því, að menn telji misjafnlega fram, og að mikið sé af tekjum, sem ekki komi til skila, þegar verið er að leggja á ríkisgjöldin og sveitarfélagsgjöldin. Nú hafa þau ákvæði, sem um þetta voru sett í fyrra, nokkuð verið skýrð, og það hefur verið fjallað um eldri ákvæði og þau einnig nokkuð skýrð og gerð ákveðnari, þar sem þess hefur þótt þurfa, þannig að fyllstu vonir eru til þess, að þarna verði verulega tekið á.

Enn þá er það þó þannig, að það er algjörlega eftir mati viðkomandi yfirvalda, hvaða framtöl eru tekin til athugunar, og enda þótt það sé fyllilega hægt að treysta þeim embættismönnum, sem um þessi mál eiga að fjalla, til þess að láta þar réttlæti og sanngirni ríkja, þá er það þó skoðun okkar, að það sé gott, ekki síst fyrir þessa menn, sem að málunum eiga að starfa, að jafnframt því að þeir taki til athugunar þau framtöl, sem þeim finnast sérstaklega grunsamleg af einum eða öðrum ástæðum, að þá sé líka látið fara fram úrtak úr öllum framtölum landsins, sem komi til athugunar alveg án tillits til þess, hvort nokkur ástæða er til þess af framtalinu sjáanleg að athuga það eða ekki. Sams konar till. mun hafa verið borin fram hér í fyrra og fékk þá ekki stuðning, en þess er freistað nú í annað sinn að fá þingheim til þess að fallast á þessa aðferð með því að bera fram brtt. um það, að umfram þau framtöl, sem að dómi skattyfirvalds gefa sérstaka ástæðu til rannsóknar, skuli árlega fara fram rannsókn á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Það er eðlilegast, að útdráttur þessi verði framkvæmdur af óvilhöllum aðila, t. d. Hagstofu Íslands, eins og við leggjum til, og að hún setji um það nánari reglur, hvernig þeim útdrætti skuli hagað. Til þess er henni fyllilega treystandi og treyst með þeim tillöguflutningi, sem hér um ræðir.

Þetta mun nú vera í fjórða skipti, sem því er lýst yfir við meðferð skattamála á Alþingi, að meðaltekjumenn skuli vera skattfrjálsir, en það var tekið fram af frsm. meiri hl. fjhn. áðan, að með þessu væri tryggt, að allir meðaltekjumenn væru skattfrjálsir. Reyndin hefur hins vegar fram að þessu verið sú, að meðaltekjumennirnir, sem við verðum að kalla svo, þeir hafa ekki verið skattfrjálsir nema frá því að lögin voru sett á Alþingi og þangað til skattskráin kom út, því að það hefur ævinlega sýnt sig, að það hefur ekki tekizt, þetta sem alltaf hefur staðið til, að ákveða skattstigana þannig, að þeir, sem geta kallazt meðaltekjumenn, beri engan tekjuskatt.

Til þess nú að hægt sé að gera sér rökstudd-

ar vonir um það, að þessi tilraun mætti takast í fjórða sinn, er alveg nauðsynlegt að samþ. 1. brtt. okkar á þskj. 726, vegna þess að fyrr er ekki búið að færa skattareglurnar til þess horfs, sem var hér 1960, þegar breytingin mikla var gerð, þegar allir óbeinir skattar voru stórhækkaðir og síðan margfaldaðir í því skyni, að hægt væri að sleppa meðaltekjumönnum við það að greiða tekjuskatt. Þetta vonast ég til, að verði sérstaklega athugað af þingheimi til þess að reyna að koma í veg fyrir, að sagan frá því í ágúst í fyrra þurfi að endurtaka sig.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það gildir í rauninni sama um þetta mál eins og önnur, sem á dagskrá hafa verið hér í dag, að enginn tími er til þess, að eðlilegar umr. geti nú farið fram um málið, þar sem komið er að þinglokum. Ég mun því stytta mál mitt eins og ég frekast get.

Ég hef áður tekið það fram í umr. um þetta mál, að það er skoðun okkar Alþb.-manna, að það sé brýn þörf á því að taka til rækilegrar endurskoðunar öll gildandi lagaákvæði um innheimtu á beinum sköttum til opinberra aðila. Það er mjög erfitt að taka á þessum málum af nokkru viti, án þess að þessi mál séu lögð fyrir sem heild, þ. e. a. s. innheimta á tekju- og eignarskatti, innheimta á útsvörum og ýmsum öðrum beinum sköttum. En málin liggja ekki þannig fyrir nú, að þess sé kostur.

Ég flyt á þskj. 732 nokkrar brtt. við frv. Aðalatriði þessara tillagna eru þau, að lagt er til, að persónufrádráttur og annar frádráttur, sem leyfður er skv. skattalögunum af almennum tekjum, verði nokkru hærri en gert er ráð fyrir í frv. Í frv. er persónufrádrátturinn hækkaður um 23% frá því, sem hann hefur verið, en ég legg til, að hann verði hækkaður um 30% eða sem svarar þeirri tekjuhækkun, sem úrtök sýna, að orðið hafi á milli síðustu tveggja ára. Þá legg ég til, að veittur verði sérstakur frádráttur verkafólki og fólki, sem vinnur við fiskiðnað, og hafnarverkamönnum, svipaður frádráttur og sjómenn hafa nú skv. skattalögunum. Ég hafði rökstutt þessa till. hér áður og veit, að það þarf ekki að fara um hana mörgum orðum. Hv. þm. vita, hvaða rök standa til þess, að eðlilegt er að veita þessu fólki sérstaklega nokkrar skattaívilnanir umfram ýmsa aðra launþega.

Þá legg ég einnig til, að skattur á félögum verði hækkaður frá því, sem nú er ákveðið í lögum. Í fyrsta lagi, að varasjóðstillag félaga verði gert lægra en það er nú heimilað, að það verði lækkað úr 25% af hreinum tekjum niður í 20%, og að síðan verði skattstiginn á félögunum hækkaður úr 20% í 30%. Það er enginn vafi á því, að nú er svo komið, að skattur á félögum er lægri hér á landi en í flestum nálægum löndum, og nú er búið að koma því þannig fyrir, að skattur félaga er orðinn allmiklu lægri en skattur einstaklinga, þó að um sams konar rekstur sé að ræða hjá báðum aðilum. Ég álít því, að það sé full þörf á því, að um leið og lagt er til að lækka skattinn nokkuð á lágtekjum og almennum launatekjum, þá verði einnig gerðar ráðstafanir til þess að hækka skattinn á félögum.

Þá legg ég til, að ákveðið verði í lögunum, að tekið skuli sérstakt úrtak framtala og á þeim gerð sérstök og allnákvæm athugun til þess að reyna að veita aukið aðhald með, að framtöl séu rétt, og til þess að fyrirbyggja skattsvik. Við Alþb.-menn höfum flutt hér till. nokkrum sinnum áður í þessa átt og teljum mjög miður farið, að þessar till. okkar skuli ekki hafa verið samþ.

Þá leggjum við einnig til, að skattstiganum verði nokkuð breytt frá því, sem lagt er til í frv., og hann lækkaður á hinum lægri tekjum frá því, sem lagt er nú til í þessu frv.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem ég flyt að þessu sinni, en tek það jafnframt fram, að mér er alveg ljóst, að það hefði þurft að gera miklum mun meira til þess að koma skattalöggjöfinni í viðunandi horf, en ég tel, að engar aðstæður séu til þess, eins og málið liggur fyrir Alþingi nú.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um málið en orðið er.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þó að freistandi hefði verið að ræða allýtarlega um skattamálin hér, eins og hv. frsm. n. hafa tekið fram, vil ég ekki heldur á þessu stigi lengja þessar umr., þar sem tími til að afgreiða málið er mjög naumur og nauðsyn ber til, að það fái endanlega afgreiðslu hér á hinu háa Alþ. Það er auðvitað alltaf töluvert matsatriði, hvað er hægt að ganga langt í skattalækkunum, og kann mönnum að sýnast sitthvað um það, og till. um skattalækkanir eru alltaf ákaflega vinsælar, eins og menn vita. Það borga fáir skatta sína af gleði og þess vegna mjög handhægt að flytja till. um slíkt. En það verður þó að sjálfsögðu að byggjast á því raunsæi, að séð sé fyrir þeim þörfum, sem ríkissjóði er ætlað að leysa og samþ. hafa verið á Alþ. sjálfu á hans herðar, því að ella mun illa fara, sem ég veit, að allir hv. þdm. eru mér sammála um. Út í þá sálma skal ég ekki fara hér, en aðeins segja það eitt, að ég er ákaflega hræddur um það, að æðimargir muni verða fyrir vonbrigðum, þegar þeir sjá uppgjör ársins 1964 hjá ríkissjóði. Það er búið æðioft á þingi nú í vetur að vitna til þess, að það sé hægt að leggja margar kvaðir á ríkissjóðinn, hann muni ekki um að taka á sig einn pinkilinn til, því að þar flæði allt út úr kassanum, og raunar gustukaverk að grynna í honum, og hafa hinar frumlegustu till. verið fluttar í þessu sambandi. Ég fyrir mitt leyti vildi óska, að þetta hefði við rök að styðjast, en því miður er ég hræddur um, að menn sjái nokkuð aðra mynd, þegar útkoma ársins 1964 liggur fyrir, en endanlegu uppgjöri þess mun verða gengið frá nú næstu daga.

En hvað sem því líður, er það mat þeirra,

sem undirbúið hafa þetta frv. og miðað við allar aðstæður, að ekki sé hægt að ganga lengra í skattalækkunum en hér er gert, og tjóir ekki að eyða frekari orðum að því að sinni. Reynslan mun skera úr því, þegar þar að kemur og þessar upplýsingar liggja fyrir, hvernig þau mál horfa, og getum við þá síðar fengið aðstöðu til þess að mynda okkur skoðanir um það og eftir atvikum hafa mismunandi skoðanir um það, hvernig eigi að leysa þann vanda, sem þarna verður við að glíma. Ég tel því ekki auðið að gera breytingar á þeim skattstigum, sem gert er ráð fyrir í frv. Þeir hafa verið athugaðir vendilega, og það er mat þeirra, sem bezt þekkja til, að lengra verði ekki gengið í því efni, og ég hygg, að það sé hægt að taka undir með fullum rökum það, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að með þessum skattabreytingum hér eru gerðar mjög verulegar umbætur, fyrst og fremst í þágu þeirra, sem lægstar tekjur hafa, og það er fyrst og fremst það, sem vakir fyrir okkur öllum.

Ég vil ekki ræða einstök atriði sérstaklega í þessum till., sem liggja fyrir frá hv. minni hl., en minnast þó aðeins á tvær þeirra. Annars vegar er fundið að því, að það sé miðað við skattvísitölu, og talið vera mjög óljóst hugtak, sem notað sé í frv. Þetta stafar beinlínis af því, að það eru svo margar vísitölur, sem kemur til greina að miða við, og ég efast um það, að menn við nánari athugun málsins séu reiðubúnir í dag að segja um það, hvorki stjórnarliðar né stjórnarandstæðingar, ef það lægi formlega fyrir að taka um það ákvörðun, hvaða vísitölu ætti við að miða, og þetta orðalag var valið með það í huga, að það væri möguleiki til þess, að það væri ekki fest við ákveðna vísitölu, ef annað þætti eðlilegra. En tilgangurinn með þessu ákvæði er að sjálfsögðu sá, að með þessu sé það nokkurn veginn tryggt, svo sem verða má, það má auðvitað alltaf deila um vísitölur, að þessir stigar breytist þannig, að ekki þurfi af þeim sökum að breyta skattalögunum á hverju ári. Þetta er auðvitað mjög bagalegt, að það þurfi á hverju einasta ári að vera að gera breytingar á skattalögum og það oft seint, þannig að þetta seinkar störfum skattstjóra og framtalsnefnda, og vissulega væri það mikils virði, ef hægt væri að finna einhverjar þær grundvallarreglur í þessu efni, sem leyst gætu þann vanda.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á, er sú till., sem út af fyrir sig virðist ákaflega meinlaus og er um það að ákveða, að dregin skuli út tiltekin prósenta skattframtala. Þessi till. var flutt hér, ef ég man rétt, eða eitthvað svipuð till. á síðasta þingi, og ástæðan til, að það hefur ekki verið talið rétt að taka þetta upp, er meir af tekniskum ástæðum, að rannsóknarmenn eða skattrannsóknarstjóri, sem væntanlega ber það nafn, og ríkisskattstjóri hafa talið, að það væru svo mörg verkefni, sem að þeim hlæðust, að á þessu stigi væri í raun inni óheppilegt fyrir þeirra starfshætti og starfsaðstöðu alla að fyrirskipa þeim að fylgja slíkri reglu. Ég tel hins vegar alveg ljóst, að í framtíðinni hljóti að verða mörkuð einhver slík regla sem þessi, því að það er hárrétt, að auðvitað má þetta ekki verða tilviljun háð, — það á kannske að vera tilviljun háð, öllu réttara, hvað tekið er og hvað ekki. En það má ekki vera eingöngu á valdi starfsmanna að finna út einhvern ákveðinn mann til þess að skoða skattana hjá. Ég er alveg sammála hv. frsm. minni hl. beggja að því leyti til, en ég held, að á þessu stigi, miðað við það, að æðimargt hefur borizt þessari rannsóknardeild í hendur og meðan hún er að átta sig á þessum starfsháttum sínum öllum og hvað bezt henti í því, sé ekki æskilegt, að Alþ. bindi henni þann ramma, sem hér er um að ræða. Ég vil mega taka undir orð beggja frsm. minni hl. um það, að ég fyrir mitt leyti ber mikið traust til rannsóknardeildarinnar og það verður áreiðanlega ekki af hálfu rn. gerð nein tilraun til þess að hafa afskipti af því, hvað hún tekur sér fyrir hendur, og ég efast ekkert um, að þeir menn, sem þar vinna, munu vinna sín verk samvizkusamlega og reyna að finna þær leiðir, sem skili mestri sanngirni í sambandi við athugun þeirra á málum. Það má auðvitað endalaust um það deila, — það getum við yfirleitt um alla hluti, — hvort fullkomin hlutlægni er höfð eða ekki. En ég er ekki í neinum vafa um það, að að því verður stefnt, að það verði gert. Og þó að ég taki fram, að ég sé á engan hátt andvígur þeirri hugsun, sem í þessu felst, held ég, að væri ekki heppilegt á þessu stigi, miðað við skoðanir þessara embættismanna, að mæla nú þegar fyrir um ákveðna starfshætti að þessu leyti.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að minnast hér örfáum orðum á brtt., sem ég hef flutt. Svo sem hefur verið vikið hér að áður, hafa verið nú síðustu tvö árin og nú í sambandi við meðferð þessa frv. hér í þingi settar reglur um allnákvæmt eftirlit með framtölum, sem á að miða að því að uppræta þá alvarlegu þjóðfélagsmeinsemd, sem hér hefur, eins og við allir vitum, grafið mjög um sig, að menn hafi ekki talið rétt fram tekjur sínar til skatts. Þetta er meinsemd, sem ég veit, að okkur greinir ekki á um, að eigi að uppræta og beri að vinna að með öllum ráðum, að gera verði. Hinu er ekki að leyna, að þessi meinsemd hefur verið mjög almenn og æðimargir þar við sögu komið, og því hefur jafnvel stundum verið varpað fram, að það þætti hálfgerður barnaskapur að telja rétt fram, ef menn hefðu aðstöðu til þess að svíkja undan skatti, þannig að hinn þjóðfélagslegi skilningur á þessu máli hefur því miður ekki verið sem skyldi. Og að því miða þau ákvæði, sem sett voru í síðustu skattalög og nú hafa verið gerð nokkru ljósari og ákveðnari og einnig nú við meðferð tekjustofnalaga sveitarfélaga tekin upp í það frv. í Ed., — öll þessi ákvæði miða að því að reyna að uppræta þann ósóma, sem hér er um að ræða, og það veltur að sjálfsögðu á mjög miklu, hvernig á þessum málum er tekið og hvernig er að þeim unnið.

Í lögum eru nú heimildir um allveruleg við-

urlög í þessu sambandi, mjög veruleg viðurlög, og að sjálfsögðu er rétt að stefna að því, að á þessum málum verði tekið með fullkominni festu og ekki sköpuð sú almenna venja um meðferð mála sem þessara, að þau verði litin allt of mildum augum í framtíðinni. Miðað við það ástand, sem hefur verið, og miðað við þá almennu meinsemd, sem hér er um að ræða, hygg ég, að geti naumast verið ágreiningur um það, að það sé nauðsynlegt með öllum ráðum, án þess að um beinar ofsóknaraðgerðir sé að ræða, að gefa borgurunum kost á að koma sínum hlutum í lag, ekki á þann hátt, að þeir sleppi við að borga eðlilega skatta og skyldur af því, sem undan hefur verið dregið, heldur með því að hvetja þá til þess að gera þetta. Og ég held, að það muni verða til mikilla bóta fyrir framtíðina til þess að fá almennan skilning og ég vil segja vinsamlega afstöðu hins almenna borgara til skatteftirlitsins og gera mönnum það ljóst, að það þjónar hagsmunum borgaranna, en er ekki sett þeim til höfuðs sem ofsóknaraðili, að gefa mönnum með skaplegum hætti kost á að koma sínum hlutum í lag, taka eðlilega á sig skatta, en án þess að sæta óhæfilegum refsingum, og með hliðsjón af þessu hef ég leyft mér að flytja þessa till., sem er á þskj. 748, þess efnis, að skattborgurunum gefist þar til nú á þessu ári og með framtölum sínum árið 1966 kostur á því að koma sjálfir með réttar upplýsingar um, ef þeir hafa undan dregið tekjur sínar eða eignir; og ef þetta sé gert, án þess að það sé beint skattalögreglan, sem komi þar til skjalanna, heldur af sjálfsdáðum, borgi menn eðlilegan skatt af þessum fjárhæðum, en að öðru leyti njóti þeir þess, að þeir gefi sig fram með þessar sakir sínar og játi þær, þannig að þeir verði ekki beittir skattsektum. Það má hugsa sér auðvitað hina leiðina, en ég býst við, að allir hv. þdm. séu sammála um, að það megi ekki í byrjun reka þessa stofnun sem refsirétt í þjóðfélaginu, heldur sé hún mjög nauðsynlegt tæki til þess að koma vandamálum í lag. Það má auðvitað hugsa sér, að á þessu máli væri tekið á þann veg að beita mildilega refsiaðgerðum þeim, sem eru nú í lögum. Ég álít, að sú stefna væri ekki rétt og það ætti að lagfæra málin á þennan hátt og ekki koma á þeirri venju að taka strax í byrjun mildilega á þessum málum eftir þeirri leið, heldur verði beinlínis heimiluð þessi undantekning og þá að sjálfsögðu yrði gagnályktað á þann veg, að með önnur mál skyldi farið eftir harðari refsiákvæðum, — heldur en að koma þeirri venju á strax í byrjun að beita mjög mildilegum ákvæðum í sambandi við refsingar fyrir skattsvik. Þetta er efni þessa máls.

Síðari till. er varðandi söluskatt. Það má segja, að það sé nokkuð annars eðlis, því að eins og menn munu réttilega geta sagt, þá er hér raunverulega um þjófnað að ræða að draga undan söluskatt, og kann því að vera, að mönnum þyki það nokkuð á annan veg. En miðað við það, að hér er eingöngu um það að ræða, að þar komi til uppgjör á söluskatti, sem alger óvissa er um, að skattyfirvöld og skattrannsóknarstjóri hefði ella komizt að, þ. e. a. s. sem menn telja fram af sjálfsdáðum og hefði ella getað farið forgörðum, sé ég ekki annað en það þjóni sama tilgangi að gefa mönnum kost á því að koma sínum hlutum í lag á þennan hátt, borga það, sem undan er dregið, en sæta ekki sektum að hinu leytinu. En miðað við það, að hér er um greiðslur að ræða, sem falla árfjórðungslega, er gert ráð fyrir, að þessi heimild gildi ekki nema til 1. júlí 1965.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál, nema tilefni gefist til þess, og vil ekki lengja umr. frekar með því að ræða skattamálin almennt á þessu stigi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við höfum fengið nýjan fjmrh. Það er sagt, að nýir siðir komi með nýjum herrum, og það á hér við. Það sést á brtt. hans á þskj. 748, þeirri, sem hann var að lýsa hér áðan. Það er því miður lítill tími til að átta sig á máli hans, og er það þó þess vert, að það væri athugað, því að þetta er hreint ekkert einfalt mál. En það er eins með þetta og önnur mál, sem hæstv. stjórn dembir inn í þingið á síðasta eða næstsíðasta degi þess. Þessa till. fengum við ekki að sjá fyrr en nú í dag, þegar við komum hér á þingfund, og það er víst meiningin að afgreiða hana nú í sambandi við þetta frv., er hér liggur fyrir.

Það væri ástæða til að spyrja margs í sambandi við þessa till. Hvernig verður framkvæmd hennar? Hvernig er hún hugsuð? Og hverjar verða afleiðingarnar af því, ef þessi till. verður samþ.? Ég treysti mér ekki til þess að sjá þær fyrir nú þegar, en þær geta orðið ýmsar og sumar að ég hygg varhugaverðar. Menn eiga, að mér skilst, samkv. till. að fá frest til þess að bæta fyrir gamlar syndir, möguleika til að fá aflausn, eins og hjá páfanum í Róm fyrr á öldum.

Rannsóknardeildin, sem sett var á stofn í fyrra í sambandi við ríkisskattstjóraembættið, mun þegar hafa rannsakað framtöl manna, ekki veit ég, hve margra, og hún mundi hafa orðið vör við undandrátt við skattaframtal, en heyrzt hefur, að málin séu enn óútkljáð.

Við skulum hugsa okkur tvo menn, Pétur og Pál. Báðir eru sekir um það að hafa dregið tekjur og eignir undan við skattaframtal, og við getum hugsað okkur, að rannsóknardeildin hafi þegar athugað mál Péturs og fundið sök hjá honum, en Páll hafi enn þá sloppið við heimsókn hennar og hann gæti komizt undir nýju ákvæðin, sem hæstv. fjmrh. vill lögfesta. Á þá Pétur að borga sekt samkv. gildandi lögum, en Páll að sleppa við slíkt? Ja, mér skilst eftir till., að það megi sleppa Páli við þetta, ef hann gefur sig nú fram og játar sína yfirsjón eða undandrátt, en Pétur, það er ekkert um það, að það megi sleppa honum við sekt.

Kemur þá ekki hæstv. fjmrh. ef til vill síðar til þingsins með beiðni um heimild til að fella niður sektargreiðslur manna, sem þegar eru uppvísir að brotum? Kemst hann ekki að þeirri niðurstöðu, ef hann íhugar málið betur, að þetta þurfi að gera til samræmis? Ég býst við, að hann gæti sagt, að það hafi verið tilviljunum háð, hvar rannsóknardeildin byrjaði sín störf. Það er bara tilviljun, að það var Pétur, sem varð fyrir barðinu á henni, en ekki Páll. Menn eiga að koma af sjálfsdáðum og gefa rétta skýrslu fyrir 1. marz 1966. Ef menn láta bíða til þess tíma, að fresturinn rennur út, að gefa sig fram, hefur þá rannsóknardeildin nokkuð að starfa við rannsóknir á skattaframtölum, á meðan fresturinn er að líða? Lætur hæstv. ráðh. eða ríkisskattstjóri ekki rannsóknarmennina bíða á meðan og sjá, hverjir gefi sig fram af fúsum vilja? Það sýnist mér nú trúlegast, til þess að menn geti notað sér þessa nýju reglu. Ætli yfirmenn þessara mála hugsi ekki sem svo, að ástæðulaust sé að angra menn með rannsóknum, fyrr en séð er, hvort þeir koma og kaupa syndakvittun rétt áður en fresturinn rennur út? Ef þeim sýnist þetta eðlileg málsmeðferð, þá mun starfssvið rannsóknarmannanna þrengjast mjög um sinn, en auðvitað halda þeir áfram að taka laun sín úr ríkisfjárhirzlunni hjá hæstv. ráðh.

Hann hefur trúlega nóg fé í ríkissjóði til að borga þetta. Hann var að vísu að segja okkur, að það væri óuppgert enn þá, hvernig ríkisbúskapurinn kæmi út fyrir árið sem leið. En trúlega getur hann borgað þessum mönnum launin eins og öðrum. Hann ætlar líka að taka samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, 80% hærri tekjuskatt af lægstu skattskyldum tekjum en gert var 1960. Þetta eiga þeir að borga, sem telja rétt fram. Ríkissjóður á að borga kostnað af starfi rannsóknardeildarinnar. Þetta þýðir, sýnist mér, að þeir, sem telja rétt fram, eiga að borga þetta. Ég hefði nú talið réttara, að þeir brotlegu borguðu þennan kostnað með sektum samkv. ákvæðum laganna. Og hvernig er með vaxtagreiðslur af því fé, sem þeir hafa haft af ríkissjóði á undanförnum árum? Það er ekkert um það í till., að þeir eigi að borga vexti. Og ég minnist þess ekki, að það sé í gildandi skattalögum neitt um vaxtagreiðslur af sköttum, þó að greiðsla dragist. Það verður þá leiðrétt, ef þetta er misminni hjá mér.

Það voru svonefndar eldhúsdagsumræður hér í gærkvöld, fyrra kvöldið, sem þeim er útvarpað. Þar kom einn af hv. þm. stjórnarflokkanna á elleftu stundu og flutti ræðu. Það er hv. 9. landsk. þm. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hann hafi verið að tala þar um vasklega framgöngu stjórnarinnar í rannsóknum skattaframtala og látið í það skína, að nú mundu loks þeir brotlegu fá makleg málagjöld. Hann var heppinn, þessi hv. þm., að fá að tala fyrra kvöldið í hinum almennu umr., áður en till. hæstv. fjmrh. kom fram. Það hefði verið lakara fyrir hann að flytja þennan þátt í kvöld. Hann verður sjálfsagt með atkvgr. að taka aftur það, sem hann sagði landslýðnum í gærkvöld um góða framgöngu ríkisstj. í stríðinu við skattaundandráttarmenn, ef þessi till. hæstv. ráðh. verður samþ., svo að frv. þurfi að fara aftur til Ed. Hann verður aðeins að bíða um stund eftir því að fá að gera það, á meðan verið er að matbúa handa honum nýjan rétt, sem hæstv. fjmrh. ætlar að senda héðan til Ed. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. í þessu máli, hv. 1. landsk. þm., sagði líka áðan í framsöguræðu sinni, að menn gerðu sér miklar vonir um starf rannsóknardeildarinnar.

Fyrstu lögin um tekjuskatt og eignarskatt voru sett hér á landi árið 1921. Það voru að vísu til lög um tekjuskatt frá árinu 1877, en þau voru mjög í öðru formi og frábrugðin þeim skattalögum, sem hér hafa verið í gildi síðustu áratugina. Þessum lögum frá 1877 var breytt 3. okt. 1903, og enn var samþ. á þingi viðauki við þau í októbermánuði 1917, en þau voru afnumin með lögunum nýju 1921. Það er ástæða til að vekja athygli á einu ákvæði, sem var í skattalögunum frá 1917, sem voru um breytinguna á og viðauka við lögin frá 1877. Þar stendur m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þyki skattanefnd ástæða til, getur hún krafizt þess, að framteljandi staðfesti framtal sitt með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi.“

Ég hef ekki rannsakað það, hvenær þetta var fellt úr lögum, en svona var þetta árið 1917. Þá þótti þeim rétt að setja þetta í lög, þeim sem þá áttu sæti á löggjafarsamkomunni. En hverjir voru það, sem stóðu að þessari lagasetningu árið 1921? Lögin voru gefin út hér í Reykjavík 27. júní 1921 og hétu lög um tekjuskatt og eignarskatt. Þau voru útgefin af konungi vorum Kristjáni X, sem þá var hér á ferð, og undir þau ritaði með honum þáverandi fjmrh. Íslands, Magnús Guðmundsson. Ég ætla að lesa fyrir ykkur — með leyfi hæstv. forseta — upphaf 41. gr. þessara laga. Það er þannig:

„Nú skýrir einhver maður vísvitandi rangt frá einhverju því, sem máli skiptir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við lengri tíma en 10 ár alls. Stjórnarráðið ákveður sektina, nema það eða sá seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.“

Þannig var ákveðið í þeim lögum, sem þáverandi fjmrh., Magnús Guðmundsson, gaf út ásamt konungi vorum. Í þeim lögum, sem nú gilda, og í frv., sem hér liggur fyrir, eins og það kom frá Ed., eru ákvæði, sem eru svo að segja eins og þetta. Þannig er það í 7. gr. frv., en í henni er umorðun á 48. gr. skattalaganna, og þar stendur svo í upphafi þeirrar gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin.“

Þetta er eins og það var í lögunum 1921.

Þetta mun hafa verið óbreytt í skattalögum alla tíð síðan. Og á þessum tíma hafa ákaflega margir menn gegnt starfi fjmrh., en eins og kunnugt er, þá er sá ráðh. yfirmaður skattamála. Í þeirri stöðu hafa verið menn úr þeim flokki, sem einu sinni hét Íhaldsflokkur, og menn úr þeim flokki, sem nú nefnir sig Sjálfstæðisflokk, og þar hafa verið líka menn úr Framsfl., en þetta ákvæði hefur haldizt óbreytt alla tíð. Ég vek athygli á því, að þessi sektarákvæði, sem þarna eru í lögum, eru ákaflega rúm. Það er allt að tíföld sú upphæð, sem undan var dregin. Ég er ekki kunnugur, hvernig þessu hefur verið beitt. Ég veit ekki um það, hvort nokkurn tíma hefur verið farið í hámark. Ég efast um það. Ég veit það ekki. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér það. En ákvæðin eru ákaflega rúm. Og þeir, sem fara með framkvæmd skattamála, hafa það í hendi sinni að ákveða sektir eftir þessum rúmu ákvæðum. Þeir hafa það í sinni hendi.

Hæstv. ráðh. talar um í ræðu sinni ofsóknaraðgerðir og óhæfilegar refsingar. Telur hann virkilega, að þessi ákvæði, sem eru svona rúm og teygjanleg: „allt að tífallt það, sem undan er dregið“, feli í sér nú allt í einu ofsóknaraðgerðir, eða í sambandi við þessi ákvæði sé hægt að tala um óhæfilegar refsingar allt í einu nú árið 1965? Þetta er búið að vera í lögum, eins og ég benti á, síðan 1921. Menn hafa vitað eða átt að vita, hvað var í skattalögunum og hvað lá við, ef þeir fóru ekki eftir þeim. Það er því alveg út í hött að tala um ofsóknir eða óhæfilegar refsingar nú.

Ég get ekki fallizt á þessa till. hæstv. ráðh. Ég tel það ekki sæmilegt að slengja slíku máli inn á síðasta eða næstsíðasta degi þingsins. Ég tel ekki rétt að fella niður sektir, eins og þar er lagt til, að óathuguðu máli á síðasta degi þingsins.

Eins og ég gat um í upphafi þessara orða, þá höfum við nú fengið nýjan fjmrh. Það er kominn nýr Magnús í stól fjmrh. Sá er ekki Guðmundsson, heldur Jónsson, og fyrsta verk hins nýja fjmrh. er að rífa niður það, sem nafni hans byggði fyrir 44 árum. Eftir að hafa lesið þessa till. hæstv. ráðh., held ég, að við hann megi segja: „Ill var þín fyrsta ganga.“

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir hans ágætu ræðu hér og sérstaklega fyrir þær vinsamlegu móttökur, sem hann veitti mér sem fjmrh. Og ég er ekki svo ákaflega kvíðinn yfir þessari minni fyrstu göngu, þó að honum þyki hún ill, og kannske ekki sízt af því, að honum þykir hún ill.

Ræða hans hér var mjög fróðleg fyrir þá sök, að hann rifjaði upp fyrir okkur eftirtektarverðar staðreyndir í sambandi við þetta mál, allt frá því að nafni minn Guðmundsson, sem hann vitnaði til, átti hlut að því, sem ég efast ekkert um, að sé satt, — ég hef ekki þann sögulega fróðleik hv. þm., en ég er ekki að efa, að hann hafi farið rétt með, — að hlutast til um, að sett yrði inn refsiákvæði í skattalög um viðurlög við að svíkja undan skatti. En mér hefði þótt ákaflega fróðlegt, ef hinn fróði þm. hefði jafnframt upplýst okkur um tekjur ríkissjóðs af skattsektum, síðan þessi lög voru sett, eða hvort það mundi vera hans skoðun, að frá setningu laganna og þangað til nú upp á síðkastið hafi ekki verið svikið undan skatti á Íslandi. Eða hefur engin tilraun þá verið gerð fyrr en nú til þess að hafa upp á skattsvikum? Ég skal ekki fara lengra út í þessar hugleiðingar, en ég held, að öllum hv. þm. hljóti að hafa orðið það ljóst, einmitt við þennan málflutning hv. 1. þm. Norðurl. v., að þetta mál hefur aldrei verið sérstaklega einfalt mál, og þrátt fyrir öll þessi refsiákvæði hafa áratugum saman, — það er ekkert nýtt, — átt sér stað stórfelld skattsvik á Íslandi, — skattsvik, sem hafa með vaxandi peningamagni aukizt ár frá ári. Ég skal ekkert segja um, hvort þau hafa hlutfallslega aukizt, en ýmsar aðstæður valda því í þjóðfélaginu, að það er auðveldara nú að svíkja undan skatti en áður var, og ég býst við, að það séu fáir hv. þm., sem hafi ekki einhvern tíma komizt í kynni við það, að það hafi verið farið fram á það við þá, að það væru ekki taldar fram vissar tekjur, sem þessi eða hinn hafi haft fyrir eitt eða annað, sem hann hafi fyrir þá gert, svo að við sleppum nú öllum öðrum, sem atvinnurekstur og annað hafa með höndum. Með þessu er ég ekki að bera sakir á einn eða neinn, en þetta er viðurkennt og er alvitað mál. Spurningin er aðeins sú, hvernig við bezt getum lagað þetta nú. Það er eina spurningin. Og ég held ekki, að hv. 9. landsk. þm. þurfi að biðja neitt afsökunar á ræðu sinni hér í gærkvöld, þó að þessi till. mín sé flutt hér í dag. Hún er í nákvæmu samræmi við þá stefnu að vilja lagfæra þetta með eðlilegum hætti. Ég var ekki að kalla þær samþykktir, sem gerðar hafa verið, ofsóknaraðgerðir. Ég sagði, að það væri nauðsynlegt í sambandi við þetta mál allt, að borgarnir litu ekki á það sem ofsóknaraðgerðir, heldur að þeir hefðu skilning á því, að þessi rannsóknarstarfsemi og þessi rannsóknardeild væri í þágu þjóðfélagsins og í þágu borgaranna allra, en ekki sett þeim til höfuðs. Tel ég sem fjmrh. nauðsynlegt, að sá hugsunarháttur komist inn hjá fólkinu.

Ég lít ekki á mig sjálfan sem neinn ofsóknaraðila gagnvart borgurunum. Ég vil stuðla að því, að heiðarleikur ráði í sambandi við þær greiðslur, sem menn eiga af höndum að inna til þjóðfélagsins, og ég vil reyna að hvetja borgarana til þess að hjálpa til við að koma þessum málum í rétt horf með því að gefa þeim þann möguleika, sem hér er um að ræða. Þetta er efni málsins og ekkert annað. Hér er ekki verið að tala um að gefa eitt né neitt, heldur spurning um það, hvort hér séu ekki skynsamleg vinnubrögð, og hér er ekki á einn né neinn hátt verið að draga úr því, að rannsóknardeild skattamála haldi áfram störfum sínum. Hún getur gert það. Þetta felur ekki í sér neina kröfu frá einum né neinum skatt-

borgara um það, að hann megi bíða þangað til tiltekinn dag að koma sínum málum í horf og geti svarað skattrannsóknarmönnum þannig. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, — heimildarákvæði, sem ég vil heldur hafa á þennan hátt en að verði byrjað nú strax að taka upp mildilegar sektir, vegna þess að þetta hafi verið svona almennt ástand. Ég vil, að þessi heimild sé tímabundin og eftir það verði teknar upp ákveðnari og harðari sektir en ella hefðu verið teknar upp, vegna þess að þá álít ég, að frá þjóðfélagsins hálfu hafi verið gefið fullkomið tækifæri á þennan hátt til þess að koma þessum málum í lag. Og ég held, að við getum alveg sparað okkur allar ásakanir á einn né neinn um það, að nokkur hér í þingsölum vilji halda verndarhendi yfir skattsvikum. Ég dreg það ekki í efa, að hver einasti þm. vill hafa skynsamlegan máta á þessum efnum, og ég held, að við ættum öll að reyna að sameinast um það með þessari merkilegu tilraun, sem nú er gerð með rannsóknardeild skattamála, að hafa þetta frá byrjun í það skynsamlegu horfi, að við fáum samúð þjóðfélagsins með okkur, og það verði innan ekki langs tíma talin óhæfa á Íslandi að svíkja undan skatti.

ATKVGR.
Brtt. 732,1 felld með 19:5 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 732,2 felld með 19:3 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 732,3 felld með 20:9 atkv.
— 732,4 felld með 20:4 atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 732,5 felld með 20:5 atkv.
— 726,1 felld með 20:14 atkv.
— 732,6 felld með 20:11 atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 732,7 felld með 20:11 atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 726,2 felld með 20:13 atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 748 samþ. með 22:7 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 726,3 felld með 20:13 atkv.
10.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 758).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:2 atkv. og endursent Ed.

Á 90. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið aftur til þessarar hv. d. vegna breytingar, sem á því var samþ. í hv. Nd. í sambandi við skattaeftirlitið. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja margt um þá till. Hv. þm. sjá, hvernig hún er orðuð í frv., eins og það liggur fyrir, en efnislega er gert ráð fyrir í till. þeirri, að vissir frestir séu veittir, ef fólk vill af sjálfsdáðum koma skattframtölum sínum í lag, og sé þá heimilt innan þeirra fresta að falla frá skattsektum, en að öðru leyti er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að menn borgi þá skatta, sem þeim ber að greiða af því fé, sem kann að hafa verið undan dregið.

Hugsunin með brtt. þessari er að ná raunhæfari árangri með því að herta skatteftirliti, sem nú er gert ráð fyrir, og það er skoðun mín, sem hef staðið að flutningi þessarar till., að hún þjóni jákvæðum tilgangi í þá átt að gera eftirlitið í framtíðinni raunhæfara, og ætti að mega að vona a. m. k., að það geti leitt til jákvæðari afstöðu borgaranna um leið til eftirlitsins og auðvelda það, að síðar verði hægt að taka harðar og ákveðnar á brotum, sem verða á skattalögunum. En það er að sjálfsögðu sameiginlegt áhugamál okkar allra, að það takist að uppræta á sem raunhæfastan hátt þá miklu meinsemd, sem skattsvik hafa verið í þjóðfélaginu, og það er mín skoðun, að með þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á frv., og þeirri heimild, sem þar er veitt, þá sé lagður heppilegur grundvöllur að nýskipan þeirra mála.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er nú sýnilegt, að hér á enn að hafa í frammi þá frekju, sem síðustu daga þessa þings hefur mjög einkennt vinnubrögð ríkisstj. og þingmeirihl. Það er ætlazt til þess, að þessi umr. standi aðeins eina og hálfa klst., og er af því sýnilegt, að þd. er ekki ætlaður langur tími til umr. um það atriði þessa lagafrv., sem breytt var í Nd. Það er enn fremur sýnilegt, að það er ekki ætlazt til þess, að n. gefist kostur á að fjalla um það atriði, sem þar var breytt. Það er í þriðja lagi sýnilegt, að þd. er ætlaður sérlega naumur tími til þess að undirbúa og koma með brtt. við þetta atriði, ef þeir vildu hafa þann hátt á til þess að fá að greiða sérstaklega atkv. um þá brtt., sem samþykkt var í Nd.

Um þá brtt. og um það atriði er það að segja, að þó að það sé að vísu ekki mikið að vöxtum, er það þó þess háttar, að það getur dregið býsna langan slóða á eftir sér, og það er þess eðlis að það er full ástæða til þess að hyggja í ýmsar áttir og athuga, hverjar afleiðingar það geti haft á ýmsum sviðum, þannig að það er að mínum dómi engan veginn hyggilegt að afgreiða það atriði á svo stuttum tíma og með svo skjótum hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Hæstv. fjmrh. hafði að vísu stutta framsögu um það atriði hér áðan, en gerði ekki ýkjamikla grein fyrir því, hvers efnis þessar breytingar eru, sem gerðar voru á frv. við síðustu umr. þess í Nd. En efni þeirra er á þá lund, að með þeim er heimilað að gefa skattsvik-

urum upp skattsektir, ef þeir gefa skýrslu af sjálfsdáðum, eins og það er orðað, um þau atriði, sem máli skipta um tekjuskatt þeirra og eignarskatt, fyrir 1. marz 1966. Og í annan stað felst í þessari breytingu sams konar heimild gagnvart söluskattssvikurum, að ef þeir gefa rétta skýrslu af sjálfsdáðum, að kallað er, fyrir 1. júlí þetta ár, þá má gefa þeim upp sakir.

Það er ákaflega óskemmtilegt að þurfa að vera að tala á síðasta degi þingsins um skattsvikara og skattsvik, en það verður ekki hjá því komizt að eyða nokkrum orðum að þessu efni. Það er að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. fjmrh., að aðalatriði þessara mála er það, að hægt sé að koma þeim í sæmilegt horf í framtíðinni. Um það erum við sammála. En hins vegar er spurningin, hvort sú breyting, sem gerð hefur verið á frv. að till. hæstv. fjmrh., þjónar þeim tilgangi eða ekki. Styrkir hún réttarvörzluna í skattamálum, eða gerir hún það ekki? Það er höfuðspurningin út frá þeirri forsendu, sem hæstv. fjmrh. telur málið á flutt.

Ég vil strax lýsa skoðun minni á þessum breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. í Nd., að ég tel þær ekki réttmætar og álít, að á þeim sé engin þörf. Hæstv. fjmrh. vildi svara þeirri spurningu, sem ég aðeins drap á, játandi. Hann telur, að það muni verka styrkjandi fyrir réttarvörzluna, hafa þau sálrænu áhrif, að skattsvikurunum séu gefnar upp sakir, gefinn kostur á að hreinsa sig, að skattaskilin verði betri í framtíðinni og skattalöggæzlan skilvirkari. Ég er á gagnstæðri skoðun. Það má að vísu deila um þýðingu refsinga. En ég held, að það sé almennt ekki talið styrkja réttarvörzluna að gefa upp alveg þær refsingar, sem til hefur verið unnið. Ég held, að það sé ekki almennt talið. Ég held, að þessi regla, sem þarna er upp tekin, verði til þess að veikja réttarvörzluna í skattamálum og deyfa framkvæmdina í þeim efnum. Og hvers vegna skyldi það ekki gera það, þegar þeir, sem gerzt hafa brotlegir í þessum efnum, sjá, að þeim helzt það uppi án þess að verða að gjalda nokkur viðurlög. En svo er líka önnur hlið á málinu, en það er viðhorfið gagnvart þeim, sem talið hafa fram rétt til skatts á undanförnum árum og greitt sína skatta eins og vera ber. Af því að einhverjir, — margir eða fáir eftir atvikum, hafa dregið undan skatti og ekki greitt það, sem þeim bar, þá hafa skattar og gjöld þess fólks, sem réttilega hefur talið fram og réttilega hefur greitt sín gjöld, orðið hærri en ella hefði orðið. Ég held, að það sé ekki réttlátt gagnvart því fólki og það sé ekki í samræmi við þá almennu réttlætiskennd, að þeim, sem þannig hafa verið brotlegir og valdið því, að þeir, sem rétt gerðu í þessu efni, báru hærri gjöld en ella hefði orðið, sé sleppt með öllu. Ég held, að það sé ekki í samræmi við réttarvitund fólks. Sem sagt, ég held, að þetta styrki ekki réttarvörzluna og sé í ósamræmi við réttarvitund.

En þá er önnur spurning: Er þörf á þessari sakaruppgjöf af sanngirnisástæðum vegna þeirra brotlegu? Kemur þetta þeim eitthvað á óvart? Hafa ekki refsiákvæði slík sem þessi verið í lögum?

Jú, þessi refsiákvæði hafa verið í lögum um langa hríð og a. m. k. þau tíu ár, sem þessum sektarákvæðum, sem fjallar um í þessum lögum, er ætlað að taka til. Þau ákvæði voru a. m. k. áreiðanlega í tekjuskattslögunum nr. 46 frá 1954 og á refsiákvæðunum í l. hefur engin breyting orðið frá þeirri tíð önnur en sú, að samkv. l. frá 1954 var heimilt að reikna aftur í tímann 10 ár, en því var aftur á móti breytt með löggjöfinni frá 1962 og ákveðið, að aðeins mætti fara 6 ár aftur í tímann. Það, sem gerzt hefur í þessum efnum, er því það, að þessi ákvæði hafa verið gerð vægari, en ekki þyngri, á umliðnum árum. Á þeim tíma, sem menn hafa gerzt brotlegir, hafa því verið í gildi refsiákvæði, sem taka til þessara brota. Þeir, sem gerzt hafa brotlegir, hafa því alveg vitað, á hverju þeir máttu eiga von. Það er ekki að neinu leyti verið að koma aftan að mönnum í þessu efni. Lögin frá 1962, skattalögin, þyngdu ekki að neinu leyti þær refsingar, sem lágu við þessum brotum. Það nýja í þeim lögum var það, að sett var á stofn hin svokallaða skattalögregla, þó að það hafi nú kannske ekki verið fyrr en með l. frá 1963, — jú, ég held, að það hafi verið með lögunum frá 1962 sett upp þessi nýja skattalögregla og henni gefið meira vald til rannsókna í skattamálum en áður var, sem sagt gerð betri skipan á rannsóknunum, en refsiákvæðunum ekki að neinu leyti breytt nema að þessu leyti, að það var takmarkað meir en áður var, hversu langt mætti fara aftur í tímann. Ég fæ þess vegna ekki séð, að það séu nein sanngirnissjónarmið gagnvart þeim mönnum, sem gerzt hafa brotlegir við skattalögin, sem geri það að verkum, að það sé nauðsynlegt að gefa þeim upp sakir.

Ég verð svo til viðbótar þessu að segja það, að mér finnst, að þessar brtt., sem samþ. hafa verið, beri þess nokkurn vott, að þær séu gerðar í flaustri og nokkuð vanhugsaðar, og vil ég nú reyna að finna þeim orðum mínum stað með nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi má spyrja um það, hver það sé, sem eigi að fella þessar sektir niður. Samkv. frv. er það sérstök n., sem á að leggja á sektirnar, en hins vegar er það ekkert tekið fram í þessum l., hver á að beita þeirri heimild til niðurfellingar sektarinnar. Þar er um tvennt að tefla: annaðhvort sú nefnd, sem leggur sektirnar á, en það er nú ekki venjulegt, að sá, sem dæmir, hafi náðunarvaldið jafnframt í sinni hendi, eða þá að það er fjmrh., sem á að hafa þetta sem yfirstjórnandi þessara mála allra. Nú spyr ég: Hver er meiningin? Það hlýtur hæstv. fjmrh. að hafa gert sér ljóst, og það er æskilegt, að hans viljayfirlýsing liggi fyrir um þetta hér, þó að það sé að sjálfsögðu ekki bindandi fyrir dómstólana, þegar þeir á sínum tíma kynnu að þurfa að skera úr því, hver hefur þetta vald, því að í l. stendur ekkert um

það, hver hafi vald til þess að gefa upp þessar sektir.

Í annan stað vildi ég benda á, að það er samkv. þessari breytingu heimilað að fella niður þær skattsektir, sem fjallað er um í 1. málsgr., þ. e. a. s. skattsektir þess skattþegns sjálfs, sem brotlegur hefur gerzt og á að greiða skattinn. En það er ekki aðeins, að í þessum l. séu skattsektir lagðar á þann mann, á skattþegninn, heldur eru í 3. málsgr. þessarar sömu gr. ákvæði svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldunum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkv. 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.“

Og í 4. málsgr. segir:

„Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.“

Það er samkv. þeirri brtt., sem samþ. hefur verið í hv. Nd., ekki veitt nein heimild til þess að fella skattsektir þessara aðila niður. Þeir skulu samkv. þessu ákvæði greiða sektir. Og nú skulum við taka dæmi. Það er dálítið talað um það hjá fólki, að skattundandráttur hafi dálítið þekkzt með þeim hætti, að menn hafi verið teknir í vinnu og þeir hafi kannske því aðeins fengizt til vinnu, að atvinnuveitandi þeirra gæfi ekki upp allt það, sem þeir hefðu í laun. Og við getum hugsað okkur ýmis fyrirtæki, sem svona væri ástatt um. Þá eiga þessir launþegar samkv. þeirri breytingu, sem nú hefur verið gerð, að hafa möguleika til þess að fá skattsekt sína alveg niður fellda, en fyrirtækið og vinnuveitandinn á að greiða sekt eftir sem áður og sú sekt á að vera allt að helmingur þeirrar skattupphæðar, sem undan var dregin, og þegar um stór fyrirtæki er að tefla, þá gæti þetta verið dálítil upphæð, sem fyrirtækið ætti þannig að greiða, og það mætti hugsa sér, að þetta kannske kæmi betur á daginn, eftir að þessi ákvæði verða komin í framkvæmd og eftir að einhverjir af vinnuþegunum gæfu sig af sjálfsdáðum fram og gæfu réttar skýrslur og fengju sína skattsekt eftir gefna, þá er ekki ómögulegt, að það upplýstist um dálitlar fjárhæðir hjá atvinnufyrirtækinu.

Mér finnst þetta óeðlilegt, ekki af því, að ég í sjálfu sér vorkenni þessum fyrirtækjum svo mjög, heldur af hinu, að eins og ég sagði áðan, þá eru þessi ákvæði varðandi sjálfa skattþegnana gömul í lögum, en þessi ákvæði varðandi samábyrgð t. d. launagreiðanda eru ný. Þau eru sett inn 1962. Og alveg sama máli gegnir um 4. málsgr. um þann, sem aðstoð veitir við rangar skýrslur. Og nú er spurningin, — auk þess, sem mér finnst þetta óeðlilegt, — hvort þetta hefur verið athugað og hvort þetta þá bjargar því, sem bjarga á með þessum ákvæðum, úr því að þetta er nú svona?

Svo vildi ég aðeins spyrja hæstv. fjmrh., hvernig hann hugsar sér framkvæmdina á þessu. Fresturinn, sem er settur, er til 1. marz 1966. Ekki getur verið ætlazt til þess, að skattrannsóknarstjóri haldi að sér höndum á þessu tímabili. Hann hlýtur að halda áfram rannsóknum á þessu tímabili. Nú skulum við segja, að hann finni einhverjar misfellur hjá aðila 1. febr. 1966. Mundi þá sá aðili ekki geta sagt, að hann hefði ætlað að gefa rétta skýrslu af sjálfsdáðum í febrúarmánuði 1966 og sleppa? Ég held, að þetta sé allt heldur afsleppt, ég fæ ekki annað séð. Og varðandi þetta, að það eigi að gefa réttar skýrslur af sjálfsdáðum, það má svo sem nærri geta, hvort A, B og C fara af sjálfsdáðum að arka niður á skattstofu og gefa það upp, að þeir hafi dregið eitthvað undan skatti. Nei, auðvitað gerist þetta með þeim hætti, að skattrannsóknarstjóri og skattlögreglan fer að rannsaka einhver ákveðin tilvik, og þá kemur það fram, að þar eru einhverjar misfellur, og þá gefa þeir seku væntanlega rétta skýrslu og fá uppgefnar sakir. Ég ætla aðeins að skjóta því inn, að það er talað talsvert mikið hér um skattsvik og sagt, að þau séu nokkuð almenn. Það er nú spurning, hvort það er réttmætt að tala svona. Það er fjöldi fólks, sem betur fer, sem hefur enga aðstöðu til þess að skjóta sínum tekjum undan skatti og hefur talið og telur réttlátlega fram. Það er í öðru lagi stór hópur skattþegna, sem kannske er eitthvað sekur í þessu efni, en þó um svo mikið lítilræði, að það dettur engum í hug, að skattalögreglan fari að eltast sérstaklega við þau tilfelli. En það er loks þriðji flokkurinn, og það eru skattþegnar, sem hafa dregið undan í stórum stíl, og það er auðvitað við þá aðila, sem skattalögreglunni og skattrannsóknarstjóra er ætlað að fást, og ég held, að t. d. hér í Reykjavík sé ekki svo erfitt að finna það, að ef maður færi yfir skatta- og útsvarsskrá Reykjavíkur, þá mætti benda á nokkra þeirra og leiðbeina þannig skattalögreglunni, ef hún væri í vafa um það, hvar hún ætti að bera niður, sem ég veit, að hún er ekki, enda hefur skattalögreglan þegar nokkuð starfað. Það hefur hins vegar ekki verið enn gefin nein skýrsla um hennar störf, en ekki efast ég um það, að einhver árangur liggi þegar fyrir af hennar störfum og það hafi verið teknir einhverjir til athugunar, og ég veit, að við þessi störf, skattarannsóknir, eru svo glöggir menn, að þeir þurfa engra leiðbeininga við í þessu efni. Þeir munu vinna verk sitt vel og dyggilega, ef drengilega verður að þeim staðið af æðri stjórnarvöldum. Það væri náttúrlega æskilegt að fá að heyra upplýsingar fjmrh. um það, hver störf skattalögreglunnar hefðu verið á þeim tíma, sem hún hefur starfað, hve mörg

tilfelli hún hefur tekið til rannsóknar, og svo loks það, sem ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh. um: Er ekki meiningin, að þeir aðilar, sem þegar hafa verið teknir til rannsóknar af skattalögreglunni, njóti góðs af þessum niðurfellingarákvæðum? Mér skilst, að það sé varla hægt annað, því að auðvitað mundu þeir segja, að þeir hefðu þegar í stað gefið réttar skýrslur af sjálfsdáðum fyrir þann tíma, sem þeim er settur í þessum lögum, ef þeim hefðu verið boðnir þeir kostir, áður en þeir voru teknir til athugunar.

Þetta var um tekju- og eignarskattinn. En það er ekki öll sagan sögð með því, heldur er líka í þessu ákvæði eða annarri breytingunni, sem gerð var í Nd., um að ræða uppgjöf til þeirra aðila, sem eiga að standa ríkissjóði skil á söluskatti. Fresturinn, sem þeim er gefinn, er að vísu nokkru styttri. Nú má segja, að það sé í sjálfu sér alvarlegt brot að draga undan skatti almennt, en það er þó vitaskuld engan veginn sambærilegt brot við það að taka á móti fé og skila því ekki aftur, en það er það, sem hér er um að tefla. Það er það, sem hér er um að ræða í því tilfelli, þegar um söluskattinn er að tefla. Þar eru aðilar, sem hafa tekið á móti söluskatti og ekki skilað því fé af sér, og nú á að gefa þeim kost á því, — að vísu væntanlega með því að greiða söluskattinn um leið, sem þó verður ekki séð af þessari grein, en ég geri nú ráð fyrir því, að það sé glöggt í öðrum lögum, sem um söluskattinn fjalla, að það sé þó gert ráð fyrir því, að þeim sé ætlað að greiða söluskattinn, — en það á að gefa þeim upp sektir. Hvaða brot er hér um að tefla? Er ekki hér um hrein fjársvik að ræða? Því miður hafa ýmis fjársvik „flórerað" hér í þjóðfélaginu að undanförnu. Á þá að fara að beita svipaðri reglu þar, gefa þeim kost á, sem gerzt hafa brotlegir við lögin af einhverjum ástæðum, að greiða það, sem þeir hafa ranglega dregið sér, og vera þar með lausir allra mála? Er þetta það siðgæði, sem líklegt er að ýta undir góð skattaskil? Ég segi nei.

Það kannast allir við söguna af Magnúsi Ólafssyni Noregskonungi. Eftir að hann var setztur að völdum, þá gekk hann fyrst í stað nokkuð hart fram í skattheimtu og fylgdi þar raunar fordæmi föður síns, Ólafs konungs Haraldssonar. En Ólafur konungur Haraldsson var fyrir þær sakir felldur af bændum á Stiklastöðum. Nú óttuðust vildarvinir Magnúsar konungs, að hann mundi fara þá hina sömu för, og þess vegna var til fenginn Sighvatur Þórðarson skáld til þess að kveða bersöglisvísur í eyra Magnúsar konungs og segja honum til syndanna, og það gerði Sighvatur, og við það brá Magnúsi svo, að hann breytti um sína háttu og var eftir það manna mildastur í skattheimtu og hlaut viðurnefnið „hinn góði".

Nú er spurningin sú, hvort það hafi ekki einhverjir galað einhverjar bersöglisvísur í eyru hæstv. fjmrh. Mér dettur að vísu ekki í hug, að það hafi verið nein skáld, en það mætti kannske láta sér detta í hug, að þeir, sem mikið eiga í húfi í sambandi við þessi mál, hefðu sent einhverjar dúfur, sem setzt hefðu á öxl hæstv. fjmrh. og skotið einhverju að honum um þessi efni. En að slepptu öllu gamni, þá er sjálfsagt að spyrja um það: hvar eiga þessar till. upptök sín? Nú dettur mér ekki í hug að efast um það, að hæstv. fjmrh. sé svo hugkvæmur maður, að honum hefði getað dottið þetta í hug af sjálfsdáðum. En ég verð hins vegar að ætla, að þetta muni vera einhvers staðar annars staðar frá. Og þá gæti það verið komið einhvers staðar annars staðar frá með eðlilegum hætti, frá tilteknum aðilum. Það gæti verið komið frá skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra. Því spyr ég: Eru þetta till. ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, sem hér er um að tefla? Ef það eru ekki till. þeirra, hvaðan hafa þá till. um þessi efni komið fram?

Ég verð að segja það, að ég álít ákaflega óviðeigandi að afgreiða svona efni eins og þetta, án þess að n. sú, sem fjallar um þessi mál, kveðji á sinn fund ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra og krefji þá sagna um það, hver áhrif þeir ætla að þetta muni hafa á þeirra framtíðarstörf. Það væri það minnsta, sem ætti að liggja fyrir í þessu máli. Tíminn er takmarkaður, og ég skal ekki vera að halda uppi neinu málþófi um þetta, úr því sem komið er, þar sem það er sýnilegt, að þessu er ætlað hér að ganga í gegn með þessum hætti, en ég hef ekki viljað láta þetta fara fram hjá mér án þess að vekja athygli á þessum atriðum, sem ég hef hér nefnt, og gera grein fyrir því, hvers vegna ég er ekki fylgjandi þessum brtt. Og ég vil minna á það, að í þeirri reiðiöldu, sem reis á s. l. sumri út af álögðum sköttum, þá var látið skína í viss fyrirheit, en það kom aldrei fram neitt fyrirheit þá frá stjórnarvöldum, að þeim, sem dregið hefðu undan skatti, skyldu sérstaklega gefnar upp sakir.

Það var farið fram á það á s. l. sumri, að það væru veittar sérstakar ívilnanir þeim skattþegnum, sem hart urðu úti við álagningu þeirra skatta, sem þá dundu yfir. Það taldi ríkisstj. sér ekki fært. En nú telur hún sér það hins vegar fært að fara þá götu, sem lögð er í þessu frv. Ég býst við því, að mörgum þeim, sem harðast urðu úti við skattkveðjuna s. l. sumar, þyki þetta heldur köld kveðja, sem þeir fá með þessum hætti.

Og að lokum vildi ég svo minna á það, að hæstv. ríkisstj. og einkum fyrirrennari núv. hæstv. fjmrh. hefur státað mjög af því, að skattamálunum öllum hafi verið kippt sérstaklega mikið í liðinn og í lag í sinni ráðherratíð, framtölin hafi verið stórkostlega bætt. Það voru gefnar margar yfirlýsingar um það 1962 og síðan látið að því liggja, að skattsvikin þau hin illu, er áður höfðu tíðkazt, þegar slæmir menn sátu í ráðherrastólum, væru mikið til úr sögunni. Það er sjálfsagt hægt að fletta upp í mörgum blöðum og ræðum, þar sem þessi tónn kom fram. En hvers vegna þá ekki að

takmarka eitthvað þessar skattsektir, að takmarka þær á þann veg að láta þær aðeins gilda um þetta góða tímabil, sem þessir ágætu menn hafa farið með stjórn þessara mála, og reikna ekki skattsektina lengra aftur í tímann en til stjórnartímabils þeirra eða til upphafs viðreisnar t. d., eða binda það bara við þessi nýju skattalög 1962, þar sem allt átti að vera komið í lag? Þá ætti ekki að vera mikil hætta á ferðum, ef þetta hefði verið rétt, sem sagt var um þetta efni.

Herra forseti. Eins og ég sagði, skal ég ekki vera að halda uppi málþófi frekar um málið, enda til þess enginn tími, þar sem hann er skammtaður svo naumt. En ég endurtek mótmæli mín gegn því að afgreiða svona mál með svona hætti, af því að það var auðvitað fullkomið tilefni til þess að koma með þessa brtt. fram fyrr og á fyrri stigum málsins, ef hana átti að gera á annað borð, og sérstaklega af því, að hér voru samþ. í þessari hv. d. á sínum tíma alllangar till. varðandi skattaeftirlit, og þá hefði auðvitað verið kjörið fyrir hæstv. ráðh. að koma þessari till. að í sambandi við það. Þá hefði verið meiri tími til að athuga hana, ná í umsögn þeirra aðila, sem eðlilegt hefði verið að bera hana undir. Og að lokum vil ég lýsa því yfir, að ég er andvígur þessari breytingu, og það hefur það í för með sér, að ég mun sitja hjá við afgreiðslu þessa frv., þegar það verður afgreitt hér að lokum í einni heild.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, þó að ástæða hefði verið til þess að taka til athugunar allmargt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. mælti hér í ræðu sinni áðan. Sumt af því kom mér mjög á óvart, miðað við þann glögga skilning, sem hann yfirleitt sýnir á eðli vandamála, og þótti mér sem skyti nokkuð skökku við í þeim efnum frá því, sem venjulega er, og ekki síst vegna þess, að mér fannst örla á því, að hann gæfi í skyn aðrar hvatir frá minni hendi bak við þetta mál heldur en raunverulega eru, og er það mjög ólíkt honum að bera slíkt á borð.

Það, að einhver hafi hvíslað í mitt eyra, að þetta skyldi nú gerast, einhverjir góðir menn, sem kunni að skipta miklu máli að hafa vinsamlega sambúð við, að mér skildist, það verður auðvitað hver þm. að álíta það, sem hann vill, um það efni. Ég hirði ekki einu sinni að mótmæla slíkri ásökun. En um það atriði, hver hafi verið upptök þessarar till., þá tel ég alveg nægilegt, að ég flyt till. og ég ber á henni alla ábyrgð og mun alveg fús til þess að taka á mig þær sakir og er ekkert að reyna að bera fyrir mig neina embættismenn í því efni. Hitt er allt annað mál, að að sjálfsögðu flyt ég ekki slíka till. án þess að hafa samráð við ríkisskattstjóra. Það liggur í augum uppi.

En það, sem ég vildi hér sagt hafa án þess að fara út almennar umr. um þetta, er aðeins þetta: Við vitum það mætavel öll, að skattsvik eru rótgróin meinsemd í okkar þjóðfélagi, — rótgróin meinsemd, — og það hafa, eins og hv. þm. sagði, verið lengi í lögum margvísleg viðurlög gegn skattsvikum án þess að skila nokkrum einasta árangri, og yfirleitt held ég, að engir menn hafi verið sektaðir fyrir skattsvik og sáralítið uppvíst í því efni, fyrr en nú eftir að ákvæði var sett um sérstaka skattrannsóknardeild, að það örlar á því og ég vil segja mjög verulega, að breytt viðhorf séu í þessu efni. Og einmitt vegna þess álít ég höfuðnauðsyn, að þessi skattrannsóknastarfsemi mæti þeim viðbrögðum frá borgurunum, sem eðlileg eru, og fái ekki í byrjun annaðhvort á sig það orð vegna hinna almennu skattsvika, sem eru í landinu, að þar sé um einhverja ofsóknarherferð að ræða gegn borgurunum, sem ekki eiga rétt á sér eða beitt sé í óhófi, eða þá á hinn veginn, að starfshættir hennar verði með þeim hætti, að vegna hinna almennu skattsvika leiðist hún yfir í það að mynda sér svo hógværan refsiramma, sem síðan verði fordæmi hennar síðari aðgerða, að nánast verði þessi refsiákvæði nafnið tómt, eins og þau hafa verið. Þetta vil ég ekki, að verði, og þess vegna vil ég, að þessi sérstaka heimild sé veitt, sem hér er gefin. Þetta er orðað sem heimild og að sjálfsögðu ekki neitt fastmótað um það, hvernig hún verði framkvæmd í einstökum atriðum. Það eru í lögum einnig heimildir, það er orðað í heimildarformi um skattsektir allt að tíföldu, sem eru að sjálfsögðu geysilegar refsingar. Ég get lýst því yfir, að mín skoðun er sú, að eftir að þessi tími er liðinn, þá verði þessum refsingum beitt harðar en ella hefði verið, ef þessar heimildir væru ekki gefnar, sem hér eru. Ég vil, að með þessum heimildum sé skattborgurunum gert það ljóst, að það er ætlunin að taka á þessu með öðrum hætti en áður var gert og það er hér um breytt viðhorf í þessu efni að ræða, en hins vegar er viðurkennd sú staðreynd, hvort sem hún er mönnum ljúf eða leið, — og auðvitað er hún okkur öllum leið, — að þetta ástand hefur verið í þjóðfélaginu og því hætt við, að menn beri sig illa, ef það á að fara að beita þá þungum refsingum, þó að refsingarnar hafi verið til staðar í lögum, og einmitt þótt þær hafi verið til staðar, þá hefur þeim ekki verið beitt. Og það að gefa í skyn, að þetta ákvæði verði til þess í rauninni að þyngja á þeim, sem telja heiðarlega fram og borga eðlilega sína skatta, það er algerlega út í hött. Hér er eingöngu um það að ræða að gefa mönnum kost á af fúsum og frjálsum vilja að koma þessum málefnum sínum í lag, og ég tek það fram, að það hefur aldrei verið meiningin, að skattalögreglan héldi ekki áfram sínum störfum af fullum krafti, og það er ekki meiningin, að þetta þurfi endilega að bíða þeirra tilfella, þegar næstu framtöl eiga sér stað.

Hitt er annað mál, að ég held, að það sé ekki annað en það, sem er öllum vitað, að enda þótt það sé rétt, að skattaframtöl hafi batnað verulega, þá er enn þá mjög almenn-

ur og víðtækur misbrestur á því, að skattaframtöl séu í réttu horfi, þannig að það vantar því miður mikið á það, að fyrir þessa þjóðfélagslegu meinsemd hafi verið grafizt. Það er álitamál, sem ekki er hægt nákvæmlega að forma í lögum, hvernig tekið verður á þeim atriðum, ef hafin er rannsókn og sá aðili gefur upp öll sín mistök og misferli af fúsum og frjálsum vilja. Ég geri ráð fyrir, að varðandi úrskurð þeirra mála, sem þegar liggja fyrir, sem ég skal játa, að ég hef ekki skoðað í einstökum atriðum, en það liggja þegar fyrir allmörg mál, — mér er ekki einu sinni kunnugt á hendur hverjum eru, þannig að það hefur ekki ráðið minni afstöðu til þessa máls, — að þá verði það m. a. skoðað, með hverjum hætti menn hafa brugðizt við aðgerðum skattrannsóknardeildarinnar. Ég veit, að sumir af þeim aðilum hafa komið mjög ljúft og fúslega fram og upplýst öll sín mál, aðrir hafa sýnt þvermóðsku og orðið að beita öðrum hætti. Ég tel sjálfsagt, hvað sem líður þessari heimild, að það verði beitt sektum — metið eftir því, hvernig þessi tilvik eru. Hér er aðeins um heimild að ræða.

Ég skal ekki ræða þetta nánar, en ég vildi aðeins láta þetta koma skýrt fram, að hér er síður en svo hugmyndin með þessu ákvæði að draga úr því, að lögum sé framfylgt, heldur er það mín skoðun, — menn geta haft á því mismunandi skoðanir eins og öllu öðru, — að þetta sé jákvæð leið til þess einmitt að leggja grundvöll að því, að nýrri skipan í raunveruleika verði komið á þessi mál og beitt verði þeim refsingum, sem í lögum greinir, en ekki eins og þá áratugi, sem liðnir eru og refsingar hafa verið í lögum, að þau verði að engu höfð. Slík lög þjóna engu, og ég held, að við hljótum öll að vilja sameinast um að stuðla að því með öllum jákvæðum aðgerðum, að það þurfi ekki að koma fyrir, eins og verið hefur á undanförnum árum, að menn leyfi sér það að undirrita kalt og rólega vafasöm skattaframtöl að viðlögðum drengskap, sem hefur sitt mikla gildi í okkar réttarfarslöggjöf, eins og mikill fjöldi landsmanna hefur gert til þessa. Það er vissulega tímabært, að þeim málum verði kippt í lag, og ég vil innilega vona, að það takist, og ég get alveg fullvissað hv. 3. þm. Norðurl. v. út af þeirri skemmtilegu sögu, sem hann sagði hér síðast, um það, að það hafi enginn þurft neitt í mín eyru að hvísla um það. Og það er a. m. k. eitt, sem víst er, að ég mun ekki hlýða neinum hvíslingum um það að fara að taka mildilega á því, að menn sviki skyldur sínar í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 766).

67. Ferðamál.

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964 [45. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 11. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi voru samþ. lög um ferðamál. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að á þeim lögum verði gerðar tvær breytingar.

Í lögum um ferðamál láðist að taka skilmerkilega fram, hver skyldi greiða kostnað við störf ferðamálaráðs, og því er lagt til í þessu frv., að hann skuli greiddur af fé því, sem veitt er til ferðamálasjóðs úr ríkissjóði samkv. 1. mgr. 27. gr. laganna.

Hin breytingin, sem felst í þessu frv., er sú, að lán úr ferðamálasjóði skuli vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Ég geri að vísu ráð fyrir því, að vísitölubinding muni hafa í för með sér breytt vaxtakjör hjá sjóðnum, en það er augljóst, að það er tryggara fyrir sjóðinn að lána með vísitölukjörum, þannig að sú fjárhæð, sem hann veitir til lána á hverjum tíma, rýrni ekki, þegar árin líða, ef verðbólgan heldur áfram að vaxa.

Þetta frv. er flutt af samgmn. d. eftir beiðni samgmrh. Einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma. Það er að vísu ekki venja, að frv., sem flutt er af nefnd, sé vísað til n., en samt sem áður vil ég taka það fram, að það er meining samgmn. að taka þetta frv. til athugunar á milli 1. og 2. umr.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, 89, 90).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 89 og 90 teknar aftur til 3. umr.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 49, 89, 90, 121, 122).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur tekið þetta frv. til nokkurrar yfirvegunar á milli 2. og 3. umr., og niðurstaðan af þeirri athugun var sú, að n. afturkallar brtt. sína við frv. á þskj. 89, en í staðinn flytur n. nýjar brtt. á þskj. 122, sem eru þar í tveimur liðum.

Fyrri liðurinn er á þá leið, að aftan við 1. gr. frv. komi ný mgr., er hljóði þannig: „Ráðning starfsliðs er háð samþykki ráðh."

Það er ljóst, að ferðamálaráð mun þurfa á starfskröftum að halda og ráðningu starfskrafta, og því taldi n. rétt að setja inn í lögin ákvæði um það, að ráðning starfsliðs væri háð samþykki ráðh.

2. liður brtt. er í fyrsta lagi, að orðið „framfærslukostnaður" í niðurlagi 2. gr. falli niður. Með því er miðað að þeirri breytingu, að greiðslur afborgana og vaxta af lánum frá ferðamálasjóði þurfi ekki endilega að vera bundnar vísitölu framfærslukostnaðar, heldur sé það á valdi ferðamálasjóðs og ráðh., við hvaða vísitölu verði miðað. En þar kæmi auðvitað fyrst og fremst til greina annars vegar framfærsluvísitala og svo að hinu leytinu byggingarvísitala. En n. taldi rétt að slá þessu ekki föstu, það mætti bíða og sjá, hverju fram yndi, með það, við hvaða vísitölu yrði miðað í hliðstæðum tilfellum annars vegar, hafa þetta þess vegna frjálst, þannig að hægt væri að miða við hvort heldur framfærsluvísitölu, byggingarvísitölu eða einhverja aðra vísitölu, sem kynni að þykja heppileg.

Þá er það b-liðurinn undir 2. lið, þar sem segir, að aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Nú tekur ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið."

Þessi brtt. kemur beinlínis í staðinn fyrir þá brtt., sem var afturkölluð. N. þótti þetta skýrara orðalag, því að eftir fyrri till. mátti líta svo á, að ferðamálasjóður þyrfti ekki endilega að endurlána erlent lánsfé með gengistryggingu, heldur gæti valið um gengistryggingu eða vísitölukjör. En hér er alveg skilmálalaust tekið fram, að það skuli endurlána með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

Meiri hl. n. hefur hins vegar ekki getað fallizt á þá brtt., sem fram kemur á þskj. 121 frá hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vesturl., en í þeirri brtt. er gert ráð fyrir, að lán úr ferðamálasjóði skuli því aðeins vísitölutryggð, að fé það, sem sjóðurinn hefur til umráða, hafi verið fengið með vísitölukjörum. Þetta hefði fyrst og fremst þá þýðingu, að framlag ríkissjóðs til ferðamálasjóðs yrði þá ekki endurlánað með vísitölukjörum. En meiri hl. n. lítur svo á, að það sé eðlilegt, að sjóðurinn, ferðamálasjóður, vilji tryggja sig fyrir verðrýrnun peninga einnig að því leyti, er snertir það fé, sem hann hefur fengið með beinu framlagi frá ríkissjóði, þannig að það rýrni ekki í höndum sjóðsins. Þá telur meiri hl. n. einnig, að með þessu móti verði þetta orðið of flókið kerfi, ef ætti að fara að lána úr ferðamálasjóði eiginlega með þrenns konar kjörum, þ. e. a. s. fyrst með venjulegum vaxtakjörum án nokkurra sérákvæða, í öðru lagi með vísitöluákvæði og svo í þriðja lagi með gengisákvæði. Og þá er meiri hl. því einnig mótfallinn að hafa vextina bundna og sízt svona lága eins og þeir eru í þessari brtt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við athugun á þessu máli í samgmn. á milli 2. og 3. umr. varð það að samkomulagi í n., að tekin skyldi aftur brtt., sem flutt hafði verið á þskj. 89, en í þess stað fluttar brtt. á þskj. 122, eins og frsm. n. lýsti. En í sambandi við þetta þótti okkur, sem fluttum brtt. á þskj. 90, fara betur að breyta orðalagi hennar, vegna þess að hér er stefnt að því að gera breytingu á sömu lagagrein, bæði með till. á þskj. 121, eins og hún er nú orðuð, og till. n. á þskj. 122. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur formsbreytingu, og vil ég því gera með nokkrum orðum grein fyrir efni tillögunnar.

Á undanförnum árum hefur ferðamannastraumur til landsins vaxið mjög mikið, og með bættum samgöngum innanlands eru einnig sköpuð skilyrði til þess að greiða fyrir ferðamönnum úr einu byggðarlagi til annars. Aukið orlof stefnir einnig að því að örva ferðamannastraum um landið. Þetta hefur mörgum verið ljóst á undanförnum árum, og hafa menn haft opin augu fyrir því, að nauðsynlegt væri í þessu sambandi að bæta aðstöðu víða í landinu fyrir móttöku ferðamanna, og í þessu skyni hafa á 2 undanförnum þingum verði sett lög, sem að þessu miða. 1963 voru sett lög um veitingasölu og gististaðahald. Þau taka bæði til gistihúsa, gistiskála, greiðasölu og gistiheimila, þannig að þeir staðir, sem veita þjónustu á þessu sviði, eru samkv. þessum lögum flokkaðir eftir því, hve vel þeir eru úr garði gerðir og hve mikla þjónustu þeir láta af hendi. Á síðasta þingi voru svo sett lög um ferðamál. Þar er m. a. kveðið á um, að stofna skuli ferðamálasjóð, sem á að veita stuðning til veitingasölu og gististaðahalds. Tekjur ferðamálasjóðs eru þannig fengnar, að greiða skal árlega úr ríkissjóði framlag til ferðamálasjóðs, eigi lægra en 1 millj. kr. Ferðamálasjóði er og heimilt með samþykki ráðh. að taka lán allt að 20 millj. kr., og er fjmrh. heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs. Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, sem hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins eða efla hann á annan hátt. Ferðamálaráð skal leita annarra fjáröflunarleiða og vera ráðgefandi um slík mál gagnvart ráðh. Gert er ráð fyrir því, að lán verði veitt úr ferðamálasjóði til þess að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks, svo sem til byggingar og endurbóta á húsnæði eða til kaupa á húsgögnum og öðru slíku. Lögin gera beinlínis ráð fyrir því, að sumt af þeim lánum, sem veitt eru úr sjóðnum, séu ekki háar fjárhæðir, heldur sé leitazt við að verja fé sjóðsins til þess að bæta aðstöðu og þjónustu við ferðamenn, eftir því sem auðið er á hverjum stað, og geta því lánin náð bæði til veitingahúsa, gististaða, gistiskála eða jafnvel gistiheimila úti um land.

Lög um ferðamál, þau sem nú er verið að gera hér breyt. á, voru afgreidd hér á hv. Alþingi 24. apríl þ. á. Og bæði þessi lög, sem ég hef gert að umtalsefni, voru undirbúin af hæstv. ríkisstj. og flutt hér inn í þingið sem stjórnarfrv. En ekki var lengi látið við svo búið standa af hálfu hæstv. ríkisstj., því að í okt., eftir að þetta þing hóf störf, er borið fram frv. um breyt. á l. um ferðamál, þeim l., sem afgreidd voru á Alþingi 24. apríl s. l. Og breytingin er m. a. í því fólgin, að það skuli lögbundið, að öll lán, sem veitt verða úr ferðamálasjóði, hvort sem þau eru há eða lág, skuli vera með vísitöluákvæði. Ég tel ótvírætt, að andi l. um ferðamál og sú stefna, sem þar lá til grundvallar, hafi verið sú að bæta aðstöðu við móttöku ferðamanna og gera kleift að ráðast í framkvæmdir á því sviði með hagstæðum lánum. En með því að ákveða, eins og hér er stefnt að því að gera, að öll lánin skuli vera veitt með vísitöluákvæði, þá virðist mér augljóst, að það er stefnt að því að draga úr eftirspurn eftir þessum lánum og þar með að draga úr framkvæmdum á þessu sviði frá því, sem ella kynni að geta orðið.

Það er eðlilegt að dómi okkar, sem stöndum að brtt. á þskj. 121, að það fé, sem fengið er til útlána með vísitölutryggingu, verði einnig lánað með vísitöluákvæði. En við teljum ekki eðlilegt, að það fé, sem fengið er með framlögum úr ríkissjóði og því raunverulega innheimt af almenningi með sköttum og tollum, það sé lánað út með vísitöluákvæði. Það er því efni brtt. okkar á þskj. 121, að einungis sá hluti af lánum úr ferðamálasjóði, er samsvarar hinu vísitölutryggða fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, skuli vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu þá bundnar vísitölu. Jafnframt leggjum við til, að vextir af þeim lánum, sem eru með vísitöluákvæði, verði ekki hærri en 4%, og mun það vera í samræmi við þá samninga, sem gerðir voru um lán, sem húsnæðismálastjórn veitir.

Það kom fram hjá frsm. hv. samgmn., að með því að samþykkja þessa brtt. yrði þetta lánakerfi óþarflega flókið. Ég vil benda á, að um mörg ár hefur lánum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins verið þannig hagað, að þau hafa verið svokölluð A- og B-lán, þannig að annar flokkurinn hefur verið með vísitöluákvæði, B-lánin, en ekki hinn lánaflokkurinn, og er mér ekki kunnugt um, að þetta hafi valdið miklum vandkvæðum við afgreiðslu þeirra lána. Ég vil enn fremur benda á það, að í l. um stofnlánadeild landbúnaðarins er ákvæði um það, að stofnlánadeildinni sé eigi heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slíkt lán aðeins til vinnslustöðva og vélakaupa. Þó er gerð frá þessu sú undantekning, að stofnlánadeildinni sé heimilt að endurlána með gengisákvæði erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna, og er þá sérstaklega haft í huga lánsfé til Bændahallarinnar. Mér er ekki kunnugt um, að þessi lagaákvæði hafi valdið neinum vandkvæðum við afgreiðslu mála hjá stofnlánadeild landbúnaðarins, svo að fordæmi fyrir þeirri tilhögun, sem við leggjum hér til, eru vissulega fyrir hendi, og eins og ég hef þegar tekið fram, hníga mörg rök að því, að rétt sé að afgreiða málið á þann hátt að samþykkja till. á þskj. 121. En ég endurtek það, herra forseti, að brtt. á þskj. 90 er tekin aftur.

ATKVGR.
Brtt. 89 tekin aftur.
— 90 tekin aftur.
— 122,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 121 felld með 8:7 atkv.
— 122,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 125).

Á 24. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til samgmn. með 29 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 170, 169).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed., þar sem það var flutt af samgmn. d. fyrir beiðni hæstv. samgmrh. Höfuðatriði þess eru þau, að gerð eru skýrari ákvæði laga um ferðamál um greiðslu kostnaðar við starfsemi ferðamálaráðs.

Með 1. gr. frv. er ákveðið svo skýrt, að ekki verður um villzt, að ýmis kostnaður við störf ferðamálaráðs skuli greiðast af hinu fasta ríkisframlagi til ferðamálasjóðs.

Í 2. gr. frv. er það nýmæli tekið upp, að lán úr ferðamálasjóði skuli vera vísitölubundin. Er með þessu ákvæði stefnt að eflingu sjóðsins í framtíðinni.

Loks er gert ráð fyrir því, að taki ferðamálasjóður erlent lán til starfsemi sinnar, þá skuli það endurlánað með gengistryggingu, en ekki vera vísitölubundið.

Samgmn. mælir einróma með samþykkt frv., en 2 hv. nm. hafa undirritað nál. með þeim fyrirvara, að þeir áskilji sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Hv. 3. þm. Vestf. hefur nú flutt brtt. á þskj. 169 við 2. gr. frv. Sú till. var einnig flutt í hv. Ed., en var felld þar. Meiri hl. samgmn. þessarar hv. þd. mælir gegn því, að sú brtt. verði samþykkt hér.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í lögum um ferðamál, nr. 29 frá 1964, segir, að ferðamálasjóður fái starfsfé sitt með framlagi ríkissjóðs, sem eigi sé lægra en 1 millj. kr. Auk þess er ferðamálasjóði heimilt með samþykki ráðh. að

taka lán allt að 20 millj. kr. og fjmrh. heimilt að ábyrgjast slíkt lán. Þá segir einnig í þessum l., að ferðamálaráð skuli beita sér fyrir því, að þeir, sem hagsmuni hafi af ferðamannastraumi til landsins, greiði árlega frjáls framlög til sjóðsins. Á þennan hátt er séð fyrir tekjum til ferðamálasjóðs.

Nú er sagt í frv. því um ferðamál, sem komið er til þessarar hv. d., að lán sem sjóðurinn veitir, sem eru fyrst og fremst til gistihúsa og annarra slíkra framkvæmda í þágu ferðamála, skuli vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 169 við þessa gr. frv. Er hún samhljóða till., er flutt var í Ed., og er efni till. það, að því aðeins skuli lánin vísitölutryggð, að ferðamálasjóður sé með vísitölutryggt fé, sem hann lánar svo aftur út. Lánin skulu því ekki vera að öðru leyti tryggð með vísitölu. Ég ætla, að það sé alveg óvenjulegt, að lánsstofnun, sem hefur óvísitölutryggt fé til sinnar starfsemi, sé að lána það út aftur með vísitölutryggingu. Ég minnist þess ekki, að það sé nein stofnun í landinu, sem gerir það. En skv. þessu frv., eins og það er nú, á þessi sjóður að gera þetta. Þetta verð ég að telja fremur óeðlilegt og eiginlega alveg nýr háttur upp tekinn, ef þannig á að fara að.

Þá segir svo í frv., að greiðslur afborgana og vaxta skuli bundnar vísitölu. Það er ekkert nefnt, hvaða vísitala það er. Það eru orðnar nokkuð margar útgáfurnar af vísitölunum í landinu, og heldur er það ágalli á frv., að menn vita ekkert, hvaða vísitölu á að nota þarna. Eins og frv. var lagt fyrir hv. Ed., var tekið fram, að þetta skyldi vera vísitala framfærslukostnaðar, en þetta var tekið út úr frv. í d., og það eru engar upplýsingar um það í frv. eða í nál., eins og nú er komið, hvaða vísitölu á þarna að nota. Ég hef að vísu ekki hirt um að flytja brtt. við þetta, og má kannske finna að því, en það er vegna þess, að í hv. Ed. skýrði frsm. svo frá, að hér væri átt annaðhvort við byggingarvísitölu eða framfærsluvísitölu, en skv. frv. á hæstv. ríkisstj. að ráða því alveg, hvaða vísitölu hún notar, og ég lít svo á, að eftir þessar upplýsingar í hv. Ed. sé ekki við því að búast a. m. k., að um aðrar vísitölur verði að ræða.

Annað efnisatriði í þessari brtt. minni er um vextina. Í lögum um ferðamál segir, að ráðherra ákveði vexti af þeim lánum, sem ferðasjóður lánar út, en í þessari brtt. minni er svo fyrir mælt, að vextir skuli ekki vera hærri en 4%. Það hefur verið kenning hæstv. ríkisstj., þegar hún hefur andmælt vaxtalækkun í landinu, að því aðeins að lán séu vísitölutryggð, sé eðlilegt að lækka vextina, og ég ætla, að það hafi verið í samningum, sem hæstv. ríkisstj. gerði við verkalýðssamtökin í vor um lán til íbúðabygginga, sem hafi verið ákveðið, að vextir skyldu lækkaðir hér um bil um helming, niður í 4%, af því að lánin eiga að vera vísitölutryggð. Það er því í fullu samræmi við þennan samning, sem gert er með þessari brtt., að lækka vextina, um leið og lánin eiga öll að vera vísitölutryggð. Ég man ekki eftir neinu dæmi um það, að þessir háu vextir eigi að haldast áfram, þrátt fyrir að lánin eiga að öllu leyti að vera bundin vísitölu. Mér sýnist það vera alveg í ósamræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fram allt fram að þessu, að ekki megi lækka vextina af þessum lánum, eftir að slík vísitölubinding er á þau sett.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 169 felld með 16:15 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 sblj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, AJ, PS, SI, SE, SvJ, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, SB.

EÁ, EOl, GíslG, HÁ, HS, LJós, SkG greiddu ekki atkv.

12 þm. (EðS, EystJ, GeirG, HV, IG, JSk, JR, RA, SÁ, BBen, BFB, BP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 182).

---

68. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum.

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum [29. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, og hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, leyft mér að flytja á þskj. 30 frv. til l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Frv. um þetta samа efni var flutt hér á síðasta þingi og var þá svo seint fram komið, að það náði ekki afgreiðslu, en var eftir 1. umr. sent hv. sjútvn., sem mun hafa sent það til umsagnar þeim aðilum, sem hún taldi eðlilegt að um það gæfu álit.

Ég hafði hér í þessari hv. d. framsögu um málið á síðasta þingi og gerði þá allýtarlega grein fyrir því og tel því ekki ástæðu til langrar framsögu nú. Frv. er í öllum höfuðatriðum

óbreytt frá því, sem það var, er það var lagt fram á síðasta þingi. Þó hefur í 5. gr. þess, en hún fjallar um, hvaða fræðsla skuli vera veitt í skólanum, verið bætt inn 3 nýjum töluliðum.

Í fyrsta lagi er í 2. kafla 5. gr. bætt við tölulið 12, sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Þekking í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja.“

Þó að þetta ákvæði sé ekki í lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, er þessi fræðsla að sjálfsögðu veitt þar.

Flm. þessa frv. töldu eðlilegt og sjálfsagt, að þetta ákvæði væri tekið inn í það frv., sem hér liggur fyrir, því að þótt áttavitinn sé og verði án efa um næstu framtíð undirstaða siglinga, er vitað, að mjög mikil og ör framþróun hefur orðið í siglingatækni hin síðari ár. Þar hafa mörg ný tæki þegar komið til og án efa von á fleiri nýjungum í næstu framtíð á þessu sviði.

Um hin nýju fiskileitartæki er það að segja, að þau eru nú í dag þegar orðin undirstaðan undir öllum fiskveiðum Íslendinga. Á það jafnt við um þorskveiðar og síldveiðar. Það liggur því alveg í augum uppi, að það hlýtur að verða eitt af undirstöðuatriðum hjá hverjum stýrimannaskóla að veita sem haldbezta og hagnýtasta fræðslu í meðferð og notkun þessara tækja.

Því miður eru mörg dæmi þess, að skipstjórar, sem fengið hafa þessi tæki um borð í skip sín, — á ég þar við fiskileitartækin, — en hafa ekki áður haft aðstöðu til að kynnast þeim, hafa verið hálfa og jafnvel heila vertíð að læra notkun þeirra og þá að sjálfsögðu misst afla, sem þeir hefðu ekki orðið af, ef fullkomin þekking á tækjunum hefði verið fyrir hendi, er þau komu um borð í skipin.

Það fer því ekki á milli mála, að mikil áherzla hlýtur að verða lögð á það í framtíðinni að veita þeim mönnum, sem til skipstjórnar læra, sem mesta og bezta þekkingu í meðferð þessara tækja. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum hefur þegar fengið og mun fá á næstu vikum til afnota öll þau siglingatæki og fiskileitartæki, sem nú þekkjast í íslenzkum fiskiskipum, og mun ég koma nánar að þessu síðar.

Þá hafa einnig verið teknir upp í þetta frv. 2 nýir töluliðir í 3. kafla 5. gr. þessa frv., sem voru ekki í því frv., sem flutt var hér á síðasta þingi um þetta efni, og eru ekki í gildandi lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík. En það er 4. töluliður, sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Þekking í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati“ — og 5. töluliður, svo hljóðandi: „Þekking á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu.“

Ég held, að ekki verði um það deilt, að til bóta er og nauðsynlegt, að þeir menn, sem læra til skipstjórnar á fiskiskipum, öðlist sem bezta þekkingu í þessum efnum, eftir því sem við verður komið.

Allir eru sammála um, að sem mest vöruvöndun í fiskiðnaðinum sé höfuðnauðsyn. Það liggur því alveg í augum uppi, að til bóta er, að skipstjórnarlærðir menn hafi hlotið sem bezta fræðslu í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati. Fyrsta stigið í meiri vöruvöndun er að sjálfsögðu í meðferð aflans um borð í skipunum, þó að meðferð aflans, þegar í land er komið, ráði þar einnig og ekki síður miklu. Hygg ég, að óvíða sé betra að koma við hagnýtri fræðslu í þessum efnum en einmitt í Vestmannaeyjum, þar sem er stór bátafloti af öllum stærðum og stór fiskiðjuver, sem vinna úr fjölbreytilegra hráefni, að ég hygg, en mörg önnur frystihús hér á landi.

Um 5. tölulið þessarar umræddu gr. frv.: „Þekking á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu“ — er það að segja, að það hlýtur að verða til aukins hagræðis hverjum skipstjórnarlærðum manni.

Störf skipstjóra og stýrimanna á hverju fiskiskipi eru öðrum þræði verkstjórn. Það eru þeir, sem segja fyrir verkum, ekki einasta í sambandi við siglingu skipsins, heldur einnig og ekki síður í sambandi við veiðarnar og meðferð aflans, eftir að hann er um borð kominn. Það fer því ekki heldur á milli mála í þessu sambandi, að sem mest fræðsla og aukin þekking í almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu er þessum aðilum til hagræðis og þeim nauðsynleg.

Ég mun láta þetta nægja um efni frv., en vísa til grg. þess og þeirra upplýsinga, sem fram komu í framsöguræðu, er það var flutt hér í þessari hv. d. á síðasta þingi. En eins og fram kemur í grg., sem frv. fylgir, þá hefur stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum þegar tekið til starfa. Var hann settur 3. okt. s. l. að undangengnu hálfs mánaðar námskeiði í ákveðnum fræðslugreinum, sem þar verða kenndar. Bæjarstjórn Vestmannaeyja steig skref í trausti þess, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. Taldi hún, að undirtektir þær, sem frv. fékk, er það var lagt hér fram á síðasta þingi, gefi bendingu um, að þess megi vænta.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að handa skólanum hafa verið fest kaup á öllum þeim siglingatækjum, smærri og stærri, sem nú þekkjast í íslenzkum fiskiskipum. Eru tæki þessi sumpart komin í skólann og hafa verið sett þar upp, önnur eru á leið til landsins erlendis frá og koma nú á næstu vikum. Er hér um að ræða radartæki, sjálfvirka ljósmiðunarstöð, dýptarmæli, lóran-staðarákvörðunartæki, sjálfstýritæki með áttavita, auk annarra smærri kennslu- og siglingatækja. Enn fremur hefur þegar verið sett upp í skólanum nýtt Simrad-fiskleitartæki, en fiskleitartæki af þessari tegund eru fleiri í íslenzkum fiskiskipum en af öðrum tegundum. Skólastjóri hefur þegar verið ráðinn við skólann, Ármann Eyjólfsson sjóliðsforingi. Lauk hann prófi með góðri einkunn frá Søværnets Officerskole í Danmörku árið 1960. Lærði hann þar aukalega sjómælingar og sjókortagerð. Og með lögum nr. 51 frá 29. marz 1960 var honum veitt stýrimannsskírteini í

innan- og utanlandssiglingum á verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjórnarskírteini á sams konar skipum, eftir að hafa fullnægt ákvæðum laga nr. 66 frá 17. júní 1946, um atvinnu við siglingar. Ég vil einnig geta þess, að Ármann Eyjólfsson veitti forstöðu námskeiði fyrir hið svonefnda minna fiskimannapróf, sem haldið var í Eyjum á síðasta hausti á vegum stýrimannaskólans í Reykjavík, með góðum árangri, eftir því sem skólastjóri þess skóla hefur upplýst. Er af þessu auðsætt, að skólinn hefur þegar verið búinn þeim tækjum, sem nauðsynleg eru, og stendur þar í engu að baki stýrimannaskólanum í Reykjavík, og einnig, að við skólann hefur verið ráðinn maður með þá menntun, sem lögin um stýrimannaskólann í Reykjavík krefjast af þeim aðila, sem þeim skóla veitir forstöðu.

Hvort tveggja þetta ásamt því, að frv. gerir ráð fyrir, að formaður skólanefndar og prófdómendur skuli vera stjórnskipaðir, ætti að vera nokkur trygging fyrir því, að út úr stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum útskrifist ekki nemendur með lakari fræðslu en úr stýrimannaskólanum hér í höfuðstað landsins.

Allur kostnaður við stofnun skólans og kaup á tækjum honum til handa hefur þegar verið inntur af hendi úr bæjarsjóði Vestmannaeyja og með framlögum frá félagasamtökum og einstaklingum, sem áhuga hafa á málinu, og engin beiðni liggur fyrir Alþingi um rekstrarstyrk skólanum til handa.

Það, sem hér er því farið fram á með þessu frv., er það eitt, að hv. Alþingi samþ. frv. þetta til l. um þennan fyrirhugaða stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, þannig að prófskírteini frá honum verði tekin gild og veiti þeim aðilum, sem þar standast tilskilin próf, sömu réttindi og prófskírteini frá stýrimannaskólanum í Reykjavík veita þeim, sem þar hafa staðizt fiskimannapróf.

Við heima í héraði höfum metið það svo, að nú þegar væri full þörf og tímabært að koma þar upp stýrimannaskóla. Leyfi ég mér að vænta þess, að þetta mál fái greiðan framgang hér á hv. Alþingi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Ég fagna fram komnu frv. til l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum og hef ekkert annað en gott eitt um þetta mál, sem hér er til umræðu, að segja. Þó er eitt atriði, sem mér þykir dálítið einkennilegt í þessu frv., og það er 13. gr., þar sem talað er um, að kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr bæjarsjóði Vestmannaeyja. Ég hefði talið eðlilegt, að þessi skóli væri kostaður af ríkisfé. Ég tel það algerlega eðlilegt, og ég sé ekki annað en það væri fullkomlega réttmætt, að svo væri. Ég tel því fráleitt, að bæjarsjóður Vestmannaeyja standi undir skólanum og stofnun hans, heldur verði stofnkostnaður og reksturinn einnig greiddur úr ríkissjóði. Mér finnst það eðlilegt, því að ég veit ekki betur en að þessi skóli eigi að vera opinn öllum landsmönnum, og er því eðlilegt, þar sem um jafnnauðsynlegan skóla er að ræða, að kostnaður við hann verði greiddur af almannafé.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Það er vissulega virðingarverður áhugi, sem 3. þm. Sunnl. hefur sýnt með flutningi frv. á þskj. 30 ásamt 2 öðrum hv. þm. Og það sæti sízt á mér að slá á þann áhuga, sem kemur fram í þessu frv. til aukinnar menntunar sjómanna og skipstjórnarmanna. En mig langar þó við þetta tækifæri, við þessa 1. umr., að gera stutta aths., áður en það fer til nefndar.

Í byrjun árs 1964 skipaði samgmrh. nefnd manna til að endurskoða lög um stýrimannaskólann í Reykjavík. Það var eftir þáltill., sem samþykkt var á þinginu 1962—63 og Pétur Sigurðsson og Eggert G. Þorsteinsson fluttu í sameinuðu þingi. Þessi endurskoðun stendur yfir, og ég get skýrt frá, að mjög bráðlega er von á til rn. niðurstöðu varðandi stýrimannaskólann í Reykjavík. Það voru fleiri verkefni, er þeirri nefnd voru falin samkv. nefndri þáltill., er ég minntist á. Það er mjög mikilvægt verkefni og grípur jafnvel inn í aðra þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi um fiskiðnskóla. Ég segi þetta vegna þess, að mér er kunnugt um, að í till., sem þessi nefnd mun gera, mun koma m. a. sú breyting á eða till. um breytingu á stýrimannaskólanum í Reykjavík, að þau námskeið, sem haldin hafa verið á fjórum stöðum í landinu, þ. e. a. s. á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjum, þau verði lengd og veiti meiri réttindi en þau hafa gert fram að þessu. Þau hafa staðið yfir í 4 mánuði, en það er lagt til, að þau verði látin standa 6 mánuði og veita skipstjórnarmönnum sama rétt og þeim, sem hafa farið gegnum 1. bekk stýrimannaskólans í Reykjavík. Þetta mun þýða það, að þeir aðilar, sem gengju á þessi námskeið, gætu gengið hindrunarlaust upp í 2. bekk stýrimannaskólans til þess að ljúka fiskimannaprófi.

Þetta vildi ég segja vegna þess, að það er einmitt undir stjórn skólastjóra stýrimannaskólans, sem þessi námskeið hafa verið haldin á tveimur stöðum á landinu, annað hvert ár, á þeim stöðum, er ég nefndi áðan. Ef sú breyting, sem ég var að lýsa, nær fram að ganga, þá er það mikið í áttina, hvað þetta atriði snertir. En nú er það, að skipastóll Íslendinga hefur stækkað verulega, og það þarf sannarlega að auka og hvetja menn til þessa náms, og vissulega er hægt að líta þannig á þetta frv., að það stefni að þessu. En hvað er þá maðurinn að segja? Það, sem hreyfir sér í mínum huga, þegar þetta frv. kemur fram, er þetta: Þótt Vestmanneyingar séu alls góðs maklegir og sjálfsagt að taka fyllsta tillit til þeirra, þá get ég ekki varizt þeirri hugsun, að það hljóti að koma óskir frá fleiri stöðum, frá Ísafirði, frá Akureyri, frá Neskaupstað, um slíkt hið sama. Og þá kemur spurningin: Er ekki hætt

við því, að þá muni það verða ofvaxið ríkissjóði að reka jafnvel fimm stýrimannaskóla á landinu? Nú er ekki hægt að segja það samkv. þessu frv., sem hér er lagt fram, að það eigi að auka útgjöld ríkissjóðs. En okkur má vera það ljóst, að þótt Vestmanneyingar eða bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi ákveðið að greiða þennan kostnað, hlýtur af því að leiða og það verða ekki mörg ár liðin, þegar einmitt óskir hljóti að koma fram um það, enda er þess skammt að minnast, þegar einn þingmanna, hv. 4. þm. Sunnl., einmitt drap á þetta atriði við þessa umr. nú rétt áðan í hv. þingdeild.

Hv. 3. þm. Sunnl. skýrði frá því, að stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum hefði verið settur, enda segir í grg., að skólinn hafi byrjað 3. okt. Nú væri fróðlegt að vita um það, hversu margir nýliðar væru í skólanum. Okkur er kunnugt um það, að vegna stækkandi skipa í íslenzka skipastólnum hafa margir, er hafa verið mjög duglegir og miklir fiskimenn, ekki haft réttindi nema upp að 120 tonnum og verða þess vegna að setjast á skólabekk, eins og ykkur er öllum kunnugt um. En nú er samkv. l. um stýrimannaskólann í Reykjavík þetta allt saman heimilt. Það er heimilt að taka próf utanskóla, og hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki, munu þeir aðilar, 21, sem nú eru á skólabekk í Vestmannaeyjum, geta gengið undir utanskólapróf í vor. Það getur vel svo farið, að það væri þess vert, að bæjarstjórnir Vestmannaeyja og annarra staða styddu ýmsa unga menn til þess að ljúka námi með því að létta þeim dvölina hér í Reykjavík.

Það er vissulega hætta, ef farið verður að setja upp marga skóla í þessari grein. Megum við gera okkur grein fyrir, að óskir um það hljóti að koma annars staðar frá og þá verði hvorki völ á nógu rösklegum og góðum kennurum og það þurfi mikið átak til að samræma kennslu margra skóla. Í þessu sambandi dettur mér einmitt í hug, að Vestmannaeyjar eru ákjósanlegur staður einmitt fyrir fiskiðnskóla. Á síðasta þingi var samþ. þáltill. um að skipa 7 manna nefnd til þess að gera tillögur um fiskiðnskóla. Ég veit ekkert um, hversu því starfi miðar áfram, en það væri ákjósanlegur staður fyrir slíkan skóla, einmitt Vestmannaeyjar, með þeim mörgu fiskiðjuverum, sem þar eru. Sýnikennsla og verkleg kennsla er mjög nauðsynleg og gæti farið þar fram í ríkari mæli en víða annars staðar.

Ég vildi koma þessari aths. að, áður en málið fer til n., svo að fleiri en eitt sjónarmið komi fram.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 7. landsk. þm., Sverris Júlíussonar. Hann upplýsti það, að endurskoðun stæði yfir, svo sem reyndar var vitað, á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík. Gat hann þess, að í þeirri breytingu, sem þar var fyrirhuguð, mundi vera það m. a., að námskeið þau, sem áður hafa verið haldin úti á landi á fjórum stöðum, yrðu lengd úr 4 mánuðum í 6 mánuði og mundu veita sama rétt og próf úr 1. bekk stýrimannaskólans hér í Reykjavík.

Það er að sjálfsögðu ekki nema gott um það að segja, að fræðsla í þessum efnum sé aukin. En þarna er alls ekki um nein full réttindi að ræða, eins og Vestmanneyingar hafa stefnt að því að fá og frv. til l. um stýrimannaskóla þar gerir ráð fyrir. Það er einmitt það, sem fyrir okkur vakir, að þeir aðilar, sem þessa leið vilja fara í sínu lífi, fái sem fyllsta menntun og séu sem hæfastir í því starfi, sem þeir hafa lagt fyrir sig. Ég sé ekki, að þetta þurfi að vera neitt til andstöðu við það frv., sem hér liggur fyrir, nema kannske síður sé, og ég vil taka það fram um þær breytingar, sem kunna að verða á l. um stýrimannaskólann í Reykjavík frá þeirri nefnd, sem um það mál fjallar nú, að ég tel alveg sjálfsagt, að þær mundu einnig ná til laga um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, ef þetta yrði samþ. hér og afgreitt. Við höfum stefnt að því að hafa í lögum um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum allan útbúnað, allar kröfur, sem gerðar eru til nemenda, ekki lakari en gert er nú við stýrimannaskólann í Reykjavík.

Hér hefur verið drepið á kostnaðarhlið málsins, og er ég að sjálfsögðu þakklátur þeim, sem vilja fría okkur Vestmanneyinga frá að borga þennan kostnað. En málið er nú einu sinni sett þannig inn í þingið, það er gert með samþykki allra meðlima bæjarstjórnar Vestmannaeyja ágreiningslaust, og við höfum þegar í upphafi gert okkur grein fyrir þeirri hlið málsins. Fyrir okkur er þetta ákaflega einfalt reikningsdæmi. Það lá fyrir þegar í upphafi. Þarna er um 20 menn að ræða eða rúmlega 20 menn, sem hafa setzt í skólann. Kostnaður þessara aðila hér í Reykjavík í 6—9 mánuði fer ekki undir 60—70 þús. kr. á mann. Þetta liggur alveg ljóst fyrir, og okkur er það alveg vitanlegt. Þarna er því um beinan kostnað við fræðslu þessara manna að ræða, sem nemur yfir 1 millj. kr. Ef þessir menn eru á sínum heimilum, hjá sínum foreldrum og á eigin heimili, ef þeir eru orðnir búsettir, þá er vitanlega óhætt að reikna með því, að þeirra beini framfærslukostnaður lækkar a. m. k. um helming, það verður ekki nema um helmingur þess kostnaðar, sem væri við að halda sér hér uppi í leiguhúsnæði, kaupa sér fæði og alla aðstöðu á því verði, sem þar um gildir, er menn dveljast hér. Við erum því ekki þarna að neinu leyti að færa fé frá Vestmanneyingum. Við erum aðeins að færa til hluta af tekjum manna milli þeirra, sem greiða þar útsvör, og þeirra, sem vilja mennta sig til þess starfa, sem þarna er um að ræða. Það er það eitt, sem við erum að gera. Þetta dæmi lá alveg ljóst fyrir okkur, þegar við vorum að hugsa um þennan skóla. Við erum ekki að auka útgjöld bæjarfélagsins eða bæjarbúa í heild, heldur aðeins færa tekjur til milli manna. Það mætti náttúrlega, eins og hv. 7. landsk. þm. benti á, styrkja þessa menn hér í Reykjavík. Hvað er það betra? Við værum einnig með því að færa

tekjur á milli manna, taka þær af útsvörum heima og greiða til þeirra, sem vilja fá þessa menntun hér í Reykjavík. Við sjáum ekki, að það sé neitt hagkvæmara fyrir okkur eða betra.

Við höfum skapað þarna þessa aðstöðu, og hún er eins vel úr garði gerð og um væri að ræða skóla hér í Reykjavík, að öllu leyti sömu kröfur gerðar til þeirra manna, sem þar starfa, og sömu kröfur verða gerðar til nemenda, sem þar útskrifast, þannig að það á engin hætta að vera á ferðum fyrir einn eða neinn, þó að þetta frv. fari í gegn. Reynslan verður síðan að skera úr um það, hver árangurinn verður. Við höfum lagt í þessa fjárfestingu og gert það vel vitandi, hvað við erum að gera í því sambandi, og tíminn verður aðeins að leiða í ljós, hvort þetta hefur verið rétt af okkur eða ekki.

Ég vil geta þess hér út af því, sem hv. 7. landsk. ræddi í sambandi við fiskiðnskóla, að við mundum vissulega fagna því, að sá skóli yrði í Vestmannaeyjum. Ég vil undirstrika, að það eru hvergi á landinu, sem mér er kunnugt um, betri aðstæður til rekstrar slíks skóla, vegna þess að þar er, eins og ég gat um í framsöguræðu hér áðan, um stór, nýtízkuleg fiskiðjuver að ræða, sem vinna allt árið úr, að ég hygg, miklu fjölbreyttari afurðum en hægt er að finna hjá öðrum frystihúsum í landinu, þannig að það væri vissulega mjög góður grundvöllur fyrir fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum, og fagna ég því, að þetta skuli hafa komið hér fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 127, 79).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar og sent það til umsagnar nokkurra aðila, sem hafa sent svör og athugasemdir. Samtök skipstjórnarmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, mælir eindregið með samþykkt frv., sömuleiðis Félag skipstjóra og stýrimanna í Vestmannaeyjum. Skólastjóri stýrimannaskólans tekur ekki beina afstöðu til málsins, en dregur í efa, að þörf sé fyrir þennan skóla til viðbótar stýrimannaskólanum, sem fyrir er hér í Reykjavík. Og L.Í.Ú. leggst gegn frv., og það er gert með því fororði, að yfir standi endurskoðun á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, sem hafa muni í för með sér verulegar breytingar á kennslu fyrir stýrimannapróf, og það er þess vegna, sem þeir mæla gegn því, að þetta frv. verði samþykkt.

Þetta atriði var sérstaklega rætt í sjútvn., þegar málið var til afgreiðslu þar, og nm. voru sammála um það, að þetta ætti auðvitað ekki að hafa neitt það í för með sér, sem tafið gæti fyrir því, að stýrimannaskóli kæmi upp í Vestmannaeyjum. Ef Alþ. á sínum tíma, þegar endurskoðun fer fram, sér ástæðu til að breyta lögunum um stýrimannaskóla, verður auðvitað að breyta lögum um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum til samræmis við það, sem gert verður hér í Reykjavík. En lögin um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum eru sniðin eftir gildandi lögum um stýrimannaskólann hér í einu og öllu, nema til viðbótar þeim kröfum, sem gerðar eru við stýrimannaskólann í Reykjavík, er bætt nokkrum nýjum atriðum, þ. á m. er krafizt, að upp sé tekið nám í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, enn fremur ákvæði um þekkingu í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati og enn fremur ákvæði um þekkingu á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu. Þetta eru allt saman nýmæli umfram það, sem er í gildandi lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, þótt hins vegar sumt af þessu hafi þegar verið tekið upp við kennslu þar.

Einn af þeim nm., sem voru við afgreiðslu málsins í sjútvn., áskilur sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. við frv., en hinir nm. eru sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Það hefur komið skýrt fram hjá 1. flm. frv., að þrátt fyrir þann kostnað, sem kaupstaðurinn óneitanlega leggur í við skóla þennan, er hins vegar um mikinn óbeinan hagnað fyrir kaupstaðinn og kaupstaðarbúa að ræða, sem þeir leggja mikið upp úr í stjórn Vestmannaeyjakaupstaðar.

Við í sjútvn. d. leggjum því til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. hafði þó þann fyrirvara á, Lúðvík Jósefsson, að hann væri efnislega samþykkur þeim brtt., sem fram hafa komið á þskj. 79 frá Óskari Jónssyni, en hann mundi ekki fylgja þeim, til þess að það tefði ekki málið, og hann mundi því greiða atkvæði gegn þeim, en með frv., eins og það liggur nú fyrir hv. deild.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, er góðra gjalda vert að sjálfsögðu og ekki nema eðlilegt, að það komi fram. Hin mikla verstöð, Vestmannaeyjar, hlýtur að sjálfsögðu að hafa mikla þörf fyrir slíka stofnun. Óvíða mun í landi okkar meiri öflun verðmæta úr sjó en einmitt þar, og sjávarútvegur er höfuðundirstaða Vestmannaeyjakaupstaðar, svo að það er ekki nema eðlilegt, að slíkt frv. sjái dagsins ljós á hv. Alþingi, og er vel um það.

Mér skilst, að efni frv. sé með eðlilegum hætti og unnið upp í samræmi við hliðstæða löggjöf um slíka skóla sem þann, er hér um ræðir. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um og nokkuð stingur í augu. Það er, hverjir aðilar skuli bera kostnað af skólahaldi þessa skóla.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að kostnaður við skólahaldið verði greiddur úr bæjarsjóði Vest-

mannaeyjakaupstaðar. En ég vil líta svo á, og ég veit, að margir hv. þm. eru mér sammála um það, að svo eigi ekki að vera, heldur eigi ríkissjóður að standa undir eigi einungis stofnkostnaði þessa skóla í Vestmannaeyjum, heldur og rekstrarkostnaði, ef Alþingi á annað borð samþ. frv. um stofnun stýrimannaskóla. Vestmanneyingar hafa að sjálfsögðu, eins og aðrir kaupstaðabúar, í mörg horn að líta og þurfa á öllu sínu fjármagni að halda, ekki síður nú á næstu árum heldur en verið hefur. Þessi skóli er til þess kjörinn að auka enn á þá þekkingu, sem sjávarútvegi er nauðsynleg, til þess að afla enn meira í þjóðarbúið. Þess vegna lít ég þannig á og sjálfsagt margir aðrir, að kostnaður við þennan skóla eigi skilyrðislaust að greiðast úr sameiginlegum sjóði landsmanna, ríkissjóði.

Í grg. frv. segir m. a., að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi ekki aðeins samþ., að stofnaður verði stýrimannaskóli á staðnum, heldur enn fremur, eins og ég hef getið um, að kostnaður yrði greiddur, a. m. k. fyrsta kastið, af hálfu bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Þessi ákvörðun bæjarstjórnarinnar, að bjóða það fram, að kostnaður verði greiddur úr bæjarsjóði, sýnir aðeins áhuga Vestmanneyinga á því, að þessi skóli rísi á legg þarna á staðnum sem allra fyrst, og enn fremur, að þeir séu reiðubúnir að leggja fram fjármagn til stofnkostnaðar og rekstrar, ef því er að skipta. Það er einmitt þessi ríki áhugi, sem kemur fram í þessum ályktunum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, sem ætti að opna augu okkar þm. fyrir því, að hér eigi að koma til breytingar á frv., þannig að ríkisvaldið komi með eðlilegum hætti á móti þessum áhuga Vestmanneyinga og hinni miklu þörf á þessum skóla og ákveði, að ríkissjóður taki að sér stofnkostnaðar- og rekstrargreiðslur skólans. Í grg. er reyndar vikið að því, að þróun mála kunni að verða sú, og það fyrr en seinna, að ríkissjóður taki að sér skólahaldið til fulls. Ég lít þannig á, að það sé bezt í upphafi að ganga þannig frá þessu máli, að ríkissjóður leggi fram greiðslur allar í sambandi við kostnaðinn. Mér sýnist þetta vera augljóst réttlætismál og ekki nema eðlilegt, að landsmenn allir standi undir þessum kostnaði.

Vestmannaeyjabær hefur á ýmsan hátt verið afskiptur — og kannske orðið að vera það vegna sérstakrar legu sinnar og afstöðu — um ýmiss konar gæði, sem öðrum landsmönnum hafa veitzt. Með hliðsjón af því er ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður komi þarna til sem greiðsluaðili, þar eð hægt er um vik til jöfnunar á aðstöðumun.

Af þessum sökum hafa komið fram brtt. á þskj. 79. Brtt. eru frá Óskari Jónssyni. Þessar brtt., sem eru í 5 liðum, hníga allar í eina og sömu átt, þ. e. að ríkissjóður taki að sér kostnaðargreiðslur í sambandi við skólann og aðrar brtt. í samræmi við þá stefnu.

Við 10. gr. verði breyt. á þá lund, að laun fastakennara við skólann verði ákveðin samkv. kjarasamningum opinberra starfsmanna, við 11. gr., að síðasta málsgr. falli niður, sem er á þá leið, að stundakennara ráði bæjarstjórn hverju sinni samkv. tillögum skólastjóra. Við 12. gr., að í stað 5 manna skólanefndar, eins og kveðið er á í frv., komi, að yfirstjórn skólans hafi samgmrn. á hendi. Og loks við 13. gr., sem er höfuðbreytingin, að kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en ég vildi fastlega vona, að hv. þm. fallist á þessar brtt. og samþ. þær.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta koma hér fram við þessa umr. til upplýsingar, að þegar þetta mál var rætt í bæjarstjórn Vestmannaeyja og afgreitt þar, eins og fram kemur í grg., þá lá það alveg ljóst fyrir, að bæjarstjórn tekur á sig þá kvöð að greiða allan stofnkostnað og rekstrarkostnað við þennan fyrirhugaða skóla, ef til hans yrði stofnað. Um þetta varð enginn ágreiningur í bæjarstjórn, og voru þar allir á einu máli um þetta grundvallaratriði.

Á móti þessu kemur það í 12. gr., að við gerum ráð fyrir um yfirstjórn skólans, að 4 af 5 stjórnendum skólans verði kosnir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, en formaðurinn verði stjórnskipaður, sem auðvitað þýðir, að yfirstjórn skólans verður í höndum þeirra fulltrúa, sem bæjarstjórnin á hverjum tíma tilnefnir. Við töldum það eðlilega afleiðingu af þessari samþykkt okkar og þessari grein í frv., að við sjálfir stæðum undir kostnaði af skólahaldinu og stofnun þess.

Ég vil einnig láta það koma fram hér, að allur kostnaður við stofnun skólans hefur þegar verið lagður fram, sumpart úr bæjarsjóði Vestmannaeyja og sumpart með frjálsum framlögum áhugamanna um málið heima í héraði.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að hér sé þarft mál og gott á ferðinni, þar sem er frv. til l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Þar er, eins og allir vita, ákaflega stór verstöð, og íbúar landsins þar, sunnan landsins, leggja það mikið í þjóðarbúið, að þeir eigi það fyllilega skilið, að það sé sett upp sjómannafræðsla í Eyjum. En eitt finnst mér einkennilegt í þessu frv. og algerlega óviðeigandi, og hefur það verið gert að umtalsefni áður af öðrum. Það er ákvæði 13. gr. frv. um, að kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr bæjarsjóði Vestmannaeyja. Þetta finnst mér alveg furðulegt ákvæði. Ríkið rekur stýrimannaskóla í Reykjavík, og um hann eru sérstök lög, nr. 5 1955. Ríkið ber allan kostnað af þessum skóla. Fjárveiting til hans er sett í fjárlagafrv. og hefur verið í fjárl. áður.

Lögin um stýrimannaskólann í Reykjavík kveða á um markmið hans og skipulag, kennslu og próf, inntöku nemenda o. s. frv. og um kennara skólans og síðast eru ýmis ákvæði. Í þeim kaflanum eru í 17. gr. laganna fyrirmæli um námskeið, sem samgmrn. ber að fela skóla-

stjórn stýrimannaskólans að láta halda á ákveðnum stöðum, einum í hverjum landshluta, þ. e. a. s. á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjum. Á þessum námskeiðum á að veita þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Námskeiðin á að halda annað hvert ár á hverjum stað, þó eigi nema á tveim stöðum á sama árinu. Og niðurlag þessarar 17. gr. l. er þannig: „Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.“ Í samræmi við þetta er ætlað fé til þess að borga þennan kostnað á fjárlagafrv. nú og hefur verið þannig undanfarin ár. En hér er lagt fram frv. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, sem mér skilst að eigi að veita heldur meiri fræðslu en unnt er að láta í té á þessum námskeiðum, og flm. frv. setja í það ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja skuli bera kostnað af stofnun og rekstri skólans. Hér er farið algerlega öfugt að. Ríkið hefur borið allan kostnað ekki einasta af stýrimannaskólanum í Reykjavík, heldur af námskeiðunum, sem haldin hafa verið úti um land. En nú á þessi kaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður, að bera kostnaðinn af hinum nýja stýrimannaskóla. Mér finnst þetta alveg furðuleg tillaga og fráleit.

Á síðustu áratugum hafa risið upp menntastofnanir víða um land. Fyrir utan barna- og miðskólana eru það héraðsskólar og gagnfræðaskólar, húsmæðraskólar, iðnskólar, og menntaskólar eru nú tveir utan Reykjavíkur. Það var á sínum tíma mikið deilumál hér á Alþingi, fyrir tæpum 40 árum, hygg ég, hvort ætti að setja upp menntaskóla á Norðurlandi, og það voru margir þar, sem höfðu mjög mikinn áhuga á því máli. En ég held, að þeim hafi aldrei dottið í hug að bera fram tillögu um það, að Akureyrarkaupstaður bæri allan kostnað af stofnun og rekstri menntaskólans þar. Ekki kom það heldur til álita löngu síðar, þegar ákveðið var að setja á stofn menntaskóla á Laugarvatni, að ætla Árnessýslu eða Laugardalshreppi að bera kostnað af þeirri stofnun.

Ég tel, að það þurfi að ganga lengra í þá átt að dreifa skólastofnunum um landið, og það á vitanlega ekki að láta einstök héruð bera kostnaðinn af slíku, ekki frekar en Reykjavíkurborg beri kostnað af skólum hér, eins og t. d. stýrimannaskólanum. Þetta er alveg fráleitt. Þess vegna er það ranglæti, ef það verður samþ. að láta Vestmannaeyjar bera kostnað af þessari stofnun. Það er ranglæti, og Alþingi getur ekki verið þekkt fyrir slíkt. Þess vegna ber okkur að samþ. brtt. á þskj. 79 og ákveða, að ríkið beri kostnaðinn af þessu eins og af stýrimannaskólanum í Reykjavík og eins og af öðrum hliðstæðum fræðslustofnunum, hvar sem þær eru á landinu.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um þetta frv., undirstrika það, sem fram kom í ræðu hv. frsm. fyrir málinu, að um það var rætt í sjútvn., að þótt ekki yrði fjallað um kostnaðinn við skólahaldið öðruvísi en lagt er til í frv. núna, þ. e. a. s. að Vestmannaeyjakaupstaður beri kostnaðinn af skólanum, þá töldu nm. í sjútvn., að það mál hlyti að koma til athugunar, þegar fyrir lægi niðurstaða af þeirri endurskoðun á sjómannafræðslunni, sem nú á sér stað. Þá yrði það tekið til athugunar, á hvern hátt sjómannaskólinn í Vestmannaeyjum yrði felldur inn í fræðslukerfi sjómannafræðslunnar.

Ég verð að segja, að mér finnst það næsta furðulegur málflutningur að heyra það hér á Alþingi, að það megi enginn annar en sjálft ríkið bera kostnað af skólahaldi, ekki einu sinni aðilar, sem beinlínis hafa þegar lagt fram peninga til slíks, eins og hv. 3. þm. Sunnl. upplýsti, að Vestmanneyingar hefðu þegar gert að því er stofnkostnað varðaði, og eins gagnvart rekstrarkostnaðinum, sem þeir ætla sjálfir að greiða, a. m. k. þennan fyrsta vetur, sem skólinn starfar, sbr. frv. Ég get ekki séð, að það sé neitt furðulegt eða óviðeigandi við þetta. Hins vegar er þarna um lofsvert framtak að ræða, sem á að taka útréttri hendi, en ekki hafna því, eins og hv. framsóknarmenn hafa verið að gera í umr. um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 79,1 felld með 15:10 atkv.
10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 79,2 felld með 18:11 atkv.
11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 79,3 felld með 16:11 atkv.
12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 79,4 felld með 16:11 atkv.
13. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 79,5 felld með 18:10 atkv.
14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 30, n. 172, 175).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. tók þetta mál til athugunar á fundi sínum. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 172, mælir n. einróma með samþykkt frv., en tveir hv. nm., þeir hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 5. þm. Reykn., áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. um málið. Einn þm., hv. 3. þm. Norðurl. v., var ekki á fundi n., þegar málið var afgreitt.

Það kom fram undir umr. um frv. í hv. Nd., að leitað hafði verið umsagna og svör fengizt frá samtökum skipstjórnarmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjóra og stýrimanna í Vestmannaeyjum. Þessir aðilar mæltu með samþykkt frv., en skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík segir í sínu áliti, að hann dragi í efa, að það sé þörf fyrir annan stýrimannaskóla í landinu heldur en þann, sem nú er, þ. e. stýrimannaskólann hér í Reykjavík. Landssamband ísl. útvegsmanna telur, að þar sem lög um stýrimannaskóla séu nú í endurskoðun, geti það ekki mælt með samþykkt þessa frv. að svo komnu máli.

Samkv. þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að neitt verði dregið úr þeirri menntun, sem stýrimannaskóli þessi veitir, frá því, sem nú á sér stað með stýrimannaskólann hér í Reykjavík. Inntökuskilyrði í þennan skóla eru ákveðin þau sömu, sem nú eru í stýrimannaskólann í Reykjavík, en auk þess er samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, kveðið á um það, að það eigi að bæta við nýjum atriðum eða námsgreinum frá því, sem nú á sér stað. Er það t. d. notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sem verður að teljast mjög nauðsynlegt og æskilegt, að sé bætt við þá menntun frá því, sem nú á sér stað í stýrimannaskólanum hér. Enn fremur er kveðið á um, að lögð verði áherzla á að kenna meðferð sjávarafla, fiskverkun m. a., og fleira, sem miklu máli skiptir, a. m. k. fyrir yfirmenn á fiskiskipaflotanum.

Vestmannaeyjakaupstaður leggur á það mikla áherzlu, að þetta lagafrv. verði samþykkt og þar með þessi menntastofnun. Allur kostnaður við stofnun skólans og kaup á tækjum, til þess að hægt væri að hefja byrjunarkennslu í honum, hefur þegar verið greiddur af bæjarsjóði Vestmannaeyja, einstaklingum þar í bæ og félagasamtökum. Það ber þess glöggt merki, hve mikla áherzlu íbúarnir í þessum útgerðarbæ leggja á það, að þeir fái að hafa og starfrækja þennan stýrimannaskóla. Það má segja, að það sé ekki óeðlilegt, þegar á það er litið, að hér á í hlut stór og myndarlegur útgerðarbær, sem á allt öðru fremur undir því, sem fiskiskipafloti hans aflar á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði samþ. og því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv., sem ég vil leyfa mér að mæla með samþykkt á og óska þess, að d. flýti meðferð þess sem mest má verða. En það er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem ég kemst ekki hjá að gera lítillega að umræðuefni, og það eru þau ákvæði frv., að stofnkostnaður skólans og rekstur hans skuli greiddur af Vestmannaeyjakaupstað.

Fram að þessu hefur stýrimannafræðslan í landinu verið á vegum ríkisins og í ríkiskerfinu. Með l. nr. 5 frá 1955 er þessari fræðslu markað starfssvið, og það er gert ráð fyrir því, eins og raunar fram kemur árlega í fjárl., að ríkinu er ætlað að standa straum af kostnaði við þetta.

Það er mikill og lofsverður áhugi, sem fram kemur hjá Vestmanneyingum í því, að þeir skuli hafa farið fram á það að fá viðurkenningu á þessari menntastofnun þrátt fyrir það, þó að þeir sjálfir þyrftu að borga kostnaðinn. En ég lít hins vegar þannig á, að ríkið eigi ekki að nota sér á þann hátt áhuga einstakra byggðarlaga, að það brjóti eina stofnun út úr eðlilegu fræðslukerfi þjóðarinnar og láti bæjarfélag bera kostnaðinn af henni, noti sér þannig þann áhuga, sem fyrir hendi er heima fyrir.

Í 17. gr. l. nr. 5 frá 1955, sem fjalla um stýrimannaskólann í Reykjavík, er gert ráð fyrir því, að stýrimannaskólinn skuli láta halda námskeið á ýmsum stöðum, þegar nægileg þátttaka er, og eru nefndir fjórir staðir: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar. Þessi námskeið ganga að vísu töluvert skemmra á menntabrautinni en gert er ráð fyrir að verði í hinum nýja skóla, sem þetta frv. ræðir um, en eigi að síður sýnir þetta glöggt, að löggjafinn hefur, þegar þessi lög voru sett, hugsað sér, að ríkið stæði undir fræðslu af þessu tagi, þótt hún væri annars staðar en í Reykjavík.

Ég held, að það sé einmitt mikið gleðiefni, að hér skuli vera komið fram frv., sem nýtur almenns stuðnings, um það, að slík skólastofnun skuli sett á stofn utan Reykjavíkursvæðisins. Það er ánægjuefni, að við getum dreift með hæfilegum hætti fræðslukerfi þjóðarinnar um landið, og þess vegna er full ástæða til þess að mæla með samþykkt þessa frv. Hins vegar hefur mér þótt rétt að leggja það til og fara fram á það við hv. d., að gerðar yrðu breytingar í þá átt, að ríkið bæri kostnað af þessari fræðslu, svo sem gert hefur verið ráð fyrir fram að þessu, og hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Norðurl. e leyft mér að bera fram brtt. í þessa átt á þskj. 175. Till. þessar eru af sama tagi og bornar voru fram um þetta í Nd., þar sem þær náðu ekki sam-

þykki, og ég leyfi mér að vænta þess, að þær fái betri hljómgrunn í þessari hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 175,1 felld með 11:6 atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 175,2 felld með 11:6 atkv.
11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 175,3 felld með 11:6 atkv.
12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 175,4 felld með 13:6 atkv.
13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 175,5 kom ekki til atkv.
14.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, ÞK, AG, AuA, ÁB, BGuðm, BJ, EggÞ, GilsG, US, GTh, HB, HermJ, JÁ, KK, MJ, ÓB, SóÓ.
nei: JÞ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram, að ég teldi eðlilegra, að skóli sá, sem um er fjallað í frv., yrði rekinn af ríkinu sem hluti í hinu almenna skólakerfi, en væri ekki einkaskóli rekinn af einu bæjarfélagi. Hins vegar hef ég aflað mér upplýsinga um það, að eftir slíku hefur alls ekki verið leitað af hálfu þeirra aðila, sem að skólastofnuninni standa, bæjarsjóði Vestmannaeyja, og tel því ekki ástæðu til, að þessi d. bregði fæti fyrir framgang þessa máls á síðasta stigi málsins, þar sem það mundi aðeins tefja afgreiðslu frv. Þetta vildi ég láta koma fram, en sé ekki ástæðu til þess að vera andvígur frv. og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 200).

---

69. Landamerki.

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki [28. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 6. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í því frv. á þskj. 29, sem ég hef leyft mér að flytja hér, felst fyrst og fremst breyt. á reglum um greiðslu þóknunar og ferðakostnaðar merkjadómsmanna. Samkv. ákvæðum núgildandi landamerkjalaga greiða aðilar, eða sá þeirra, sem dómur ákveður, þóknun merkjadómsmanna og ferðakostnað þeirra. Ég tel þessar reglur ósanngjarnar og andstæðar grundvallarreglum, sem nú gilda um dómgæzlu í nútíma þjóðfélagi. Það má heita alveg viðurkennd grundvallarregla réttarfars, að aðilar í dómsmálum eigi rétt á, ef svo má segja, ókeypis dómendum, þ. e. a. s. að laun dómara séu greidd úr ríkissjóði, og þannig er það einnig almennt á okkar landi.

Að því er ferðakostnað dómenda varðar, þá er það að vísu svo hér á landi, að hann er talinn til málskostnaðar. En ég tel, að að því leyti til hafi landamerkjamál nokkra sérstöðu, sem réttlæti frávik frá þeirri almennu reglu, þ. e. a. s. þá sérstöðu, að í landamerkjamálum eru ferðalög merkjadómsmanna beinlínis lögboðin og óhjákvæmileg, þannig að í hverju merkjadómsmáli hlýtur að koma til ferðakostnaður dómenda, sem aftur á móti í mörgum málum kemur lítt til greina. Í annan stað mun nú þróunin í réttarfarsmálum stefna í þá átt, að ferðakostnaður dómenda sé greiddur úr ríkissjóði, og ég hygg, ef ég man rétt, að það hafi verið gert ráð fyrir þeirri reglu í frv. að almennum einkamálalögum, sem lá síðast fyrir Alþingi. Ég hef því lagt til, að reglum þeim, sem nú gilda um þessi efni, verði breytt á þá lund, eins og þetta frv. ber með sér, að þóknun til merkjadómsmanna og ferðakostnaður þeirra verði greitt af almannafé.

Þetta er sú aðalbreyting, sem í þessu frv. felst, og eins og ég áðan sagði, þá tel ég hana sanngjarna og tel, að hún muni vera í samræmi við þá þróun, sem verða mun í þessum efnum.

En því er ekki að neita, að það er oft um talsverðar upphæðir að ræða, sem með þessum hætti eru lagðar á aðila, og ég tel rétt að létta þeirri kvöð af þeim, og ég býst við því, að í sumum tilfellum geti þessi regla komið beinlínis í veg fyrir eða aftrað því, að menn leiti réttar síns. En þó að það sé vissulega ekki ástæða til að haga reglunum þannig, að þær hvetji beinlínis menn til þess að eiga í landamerkjadeilum, þá eiga menn þó auðvitað ekki síður rétt á því, þegar um þau mál er að tefla, heldur en önnur ágreiningsmál að fá úr þeim skorið með þeim hætti, sem þjóðfélagið gerir ráð fyrir.

Um aðrar breytingar í þessu frv. frá lögunum er það að segja, að það eru nánast orðalagsbreytingar. Þannig er í 1. gr. frv., 8. gr. l., í 2. málsgr. sagt, að dómsmrh. eigi að taka þá ákvörðun, sem þar er um að ræða, en í núgildandi lögum er mælt svo fyrir, að það sé ráðh. En það mun a. m. k. áður fyrr, og ég veit ekki til þess, að því hafi verið breytt, í framkvæmdinni hafa verið skilið á þá lund, að atvmrh. færi með þá ákvörðun.

Í öðru lagi er þarna talað um héraðsdómara og sýslumann, þar sem í lögunum er talað um valdsmann, en á því þykir betur fara, þó að þetta valdsmannsheiti sé að vísu gamalt og úr okkar gömlu lögbókum.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er einfalt og auðskilið, og ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 344).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og mælir með því, að það verði samþykkt. Ég vil geta þess, að hún hafði sent það til umsagnar bæði dómarafélagsins og lagadeildarinnar, og hafa báðir þessir aðilar mælt einróma með samþykkt þess.

Efni þessa frv. er, eins og menn vita, fyrst og fremst það að breyta þeirri skipan, sem á er um greiðslu meðdómaralauna og ferðakostnaðar dómara í landamerkjamálum. Eftir frv. eiga launin að greiðast úr ríkissjóði eins og í dómsmálum endranær, sem samkv. gildandi lagaákvæðum eiga aðilar að greiða hann. Allshn. mælir sem sagt einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 408).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem er hér til 2. umr., fjallar um breyt. á l. nr. 41 frá 1919, um landamerki o. fl. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

Frv. felur í sér eina meginbreytingu frá því, sem nú gildir, um kaup og ferðakostnað til merkjadómsmanna. Samkv. gildandi lögum um merkjadóm greiða málsaðilar kaup og ferðakostnað til dómenda. Þetta ákvæði er í ósamræmi við hinar almennu reglur um dómgæzlu, bæði hér og víða annars staðar með nágrannaþjóðum. En almenna reglan er sú, að laun dómenda séu greidd af almannafé. Um ferðakostnað gildir í einkamálum sú regla, að hann telst yfirleitt til málskostnaðar. Hins vegar er í þessari tegund mála, landamerkjamálum, um nokkra sérstöðu að ræða. Dómendum í merkjadómi er jafnan skylt að fara á vettvang og verður því óhjákvæmilega um nokkur ferðalög að ræða, þar sem dómendur verða að framfylgja þeirri skyldu að ganga á mörk, en það er lögboðið. Af þessu sýnist vera eðlilegt og sjálfsagt, að ferðakostnaður af þessu tagi greiðist úr ríkissjóði eins og laun til dómenda. Frv. gerir því ráð fyrir, að þetta hvort tveggja, kaup til dómenda og ferðakostnaður til þeirra, greiðist framvegis af almannafé.

Aðrar breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á núgildandi löggjöf um landamerki og meðferð þeirra mála fyrir dómi, eru þessar:

Í 8. gr. núgildandi l. segir m. a.: „Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítaks, og skal hann þá kveðja aðila sakar á dómþing.“ Í frv. er gert ráð fyrir, að í stað „valdsmaður“ komi „héraðsdómari“ og í stað „ábyggilega vitneskju“ komi „áreiðanlega vitneskju“. Orðið „valdsmaður“ er nú gamalþekkt úr íslenzku máli, en þykir rétt að draga það til baka í þessari löggjöf og að „héraðsdómari“ komi í staðinn, og er það eðlileg breyting að minni hyggju og okkar í allshn.

Í öðru lagi er smábreyting í þessari sömu gr., 8. gr. landamerkjalaga, um það atriði, þegar lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi. Segir í löggjöfinni, eins og nú er: „Ákveður ráðherra, í hvort þeirra skuli farið með ágreiningsmálið.“ Í frv. er slegið föstu, að þessi ákvörðun, hvar málið skuli tekið fyrir og rekið, skuli heyra undir dómsmrh., og þykir það einnig sjálfsögð og eðlileg breyting, enda hygg ég, að hafi það komið fyrir á liðnum árum, a. m. k. síðustu 2—3 áratugum, þá hafi sú ákvörðun verið látin liggja undir dómsmrh.

Þetta eru þær höfuðbreytingar, sem frv. gerir á núgildandi lögum um þessi mál, landamerki o. fl. Það eru fáar aðrar breytingar. Það eru kannske nokkrar orðalagsbreytingar á ferðinni í frv., sem gera ekki annað en að færa málfar til nútímahorfs.

Mér þykir ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um frv. Ég hef gert grein í stuttu máli fyrir þeim breytingum, sem það gerir á þessum umræddu lögum, og þær eru allar eðlilegar og horfa í þá stefnu, sem nú er talin sjálf-

sögð um meðferð dómsmála. Og eins og ég hef áður getið um, hefur allshn. lagt einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 443).

---

70. Skipströnd og vogrek.

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek [22. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Í l. nr. 42 frá 1926 eru fyrirmæli um meðferð vogreks. Ef vogrek er meira en 200 kr. virði, skal lögreglustjóri auglýsa það í Lögbirtingablaði, en dómsmrh. sendir fyrirsvarsmönnum annarra ríkja hér á landi eitt eintak af auglýsingunni. Tilkallsmenn, ef einhverjir eru, skulu síðan gefa sig fram innan 6 mánaða. Komi enginn eigandi að vogreki, verður það eign fjörueiganda, sé það ekki 500 kr. virði, en sé það 500 kr. virði eða meira, skal það verða eign ríkissjóðs. Hér er meðferð vogreks samkv. þessum lögum miðuð við ákveðna upphæð í krónum hvað verðmæti snertir. Þessi ákvæði laganna hafa staðið óbreytt í 38 ár, þrátt fyrir það að verðgildi krónunnar hefur rýrnað geigvænlega á þessu tímabili. Ef einhvers staðar ræki t. d. planka á land, sem væri 3 x 6 tommur að gildleika og um 5 m á lengd, þá mundi hann falla undir þessi lagaákvæði um vogrek miðað við núverandi verð á timbri. Lögreglustjóri yrði þá að auglýsa plankann í Lögbirtingablaðinu og dómsmrh. að senda fyrirsvarsmönnum erlendra ríkja hér á landi auglýsinguna um gripinn. Síðan verða að líða 6 mánuðir, án þess að nokkur megi snerta við þessu rekaldi. Og ef þessi planki væri nú t. d. 500 kr. virði, væri það langur, þá á ríkissjóður spýtuna, ef ekki kemur réttur eigandi að henni á tilsettu tímabili.

Allir menn sjá, hversu fráleit þessi lagafyrirmæli eru orðin nú vegna rýrnunar á verðmæti þeirrar fjárhæðar, sem við er miðað í þessum 38 ára gömlu lögum. Með þessu frv. er aðeins lagt til að breyta þessum úreltu krónuupphæðum til nokkurs samræmis við núverandi verðgildi peninga. Hafi þessar fjárhæðir verið hæfilega ákveðnar fyrir 38 árum, er sýnilega þörf á að margfalda þær nú. Hins vegar geri ég það ekki að neinu kappsmáli, hvort þessar fjárhæðir, sem nefndar eru í l., eru margfaldaðar með eitthvað lægri eða eitthvað hærri tölu en ég hef gert í þessu frv. Það er að sjálfsögðu matsatriði.

Á þessum fundi hér næst á undan var verið að ræða um breytingar á hegningarl., lagaákvæði nákvæmlega sama eðlis. Þar er þó ekki verið að breyta eldri ákvæðum en 14 ára, en hér er ég að leggja til, að breytt verði 38 ára gömlum ákvæðum. En ástæðurnar fyrir báðum þessum breytingum eru nákvæmlega þær sömu. Það eru breytingar á verðgildi peninganna.

Ég vænti þess, að það verði ekki að ágreiningsefni,' þetta frv., og þarf ekki um það mörg orð. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 257).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hv. d. hefur haft þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., til meðferðar, en frv. fjallar um breyt. á l. um skipströnd og vogrek, nr. 42, frá 1926. Allshn. hefur einróma samþ. að mæla með því, að frv. verði samþ. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um málsefnið.

Í lögum um skipströnd og vogrek er m. a. ákveðið, hvernig fara skuli með vogrek. Vogrek er það, er mannlaust skip rekur á land eða hluta úr skipi eða aðra muni, sem eru merktir svo eða annars um farið, að ætla megi, að þeir séu eignarrétti undirorpnir. Vogrek eru engan veginn ótíð hér á landi, þó að ætla megi, að þau hafi tíðari verið hér áður fyrr. Í reglum um vogrek segir, að ábúanda eða eiganda lands beri að bjarga vogreki undan sjó og varðveita, síðan á að tilkynna sýslumanni eða umboðsmanni hans um vogrek, þá er gerð lýsing á því og áætlað verðmæti þess. Því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað að breyta fjárhæðum tveim í þessum lögum, þ. e. a. s. þar sem áætlað eða metið er verðmæti vogreks.

Höfuðreglan er sú, að auglýsa á eftir eiganda vogreks. Ef ætla má, segir í þessum l. frá 1926, að verðmæti vogreks sé eigi yfir 200 kr., þá má auglýsa það með þeim hætti, sem eftir atvikum er talinn eðlilegur á staðnum, til þess að komast fyrir, hver sé eigandi þess. Þá má verðmæti samkv. l. ekki fara yfir 200

kr. Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir breyt. hér á um fjárhæð, þannig að fjárhæðin verði ekki 200 kr., þegar svona stendur á, heldur 5 þús. kr., og er þá verið að reyna að koma hinum gömlu fjárhæðum til nokkurs samræmis við núgildandi peningagildi.

Í öðru lagi, þegar verðmæti vogreks hefur náð þessari fjárhæð og fer yfir 200 kr., þá ber að auglýsa með öðrum hætti, dýrari og þunglamalegri. Þá skal auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, og gefinn er 6 mánaða frestur þeim, sem ætla má að eigi tilkall til vogreks.

Ef vogrek nær að fara að áætluðu verðmæti yfir 500 kr., segir í lögunum, og enginn tilkallsmaður gefur sig fram, skal andvirði vogreks renna í ríkissjóð. Og önnur meginbreyting í frv. fjallar einmitt um það, að þessi fjárhæð, 500 kr., verði færð upp í 12 þús. kr., af ástæðum þeim, er áður greinir, þannig að ef vogrek, sem enginn tilkallsmaður hefur gefið sig fram um að eiga, nemur yfir 12 þús. kr., þá rennur það eða verðmæti þess til ríkissjóðs.

Þetta eru þær breytingar, sem frv. stefnir að: að breyta 200 kr. í fyrra tilvikinu í 5 þús. kr. og í seinna tilvikinu úr 500 kr. upp í 12 þús. kr. Allshn. telur, að þetta séu eðlilegar breytingar og sjálfsagðar og því ekki ástæða til þess að hafa á móti því, að þær verði gerðar. Þetta eru að vísu ekki stór atriði, en geta þó orðið það, og eins og ég sagði áðan, þá kemur það ekki sjaldan fyrir, að vogrek berast á land, og þá má ætla, þegar svo stendur á, að þetta frv., ef að lögum verður, geri allt um hægara að ganga sem kostnaðarminnst frá vogrekum, þegar þau nema ekki mjög stórum fjárhæðum að verðmæti. Og með því að allshn. hefur álitið, að þessar breytingar á l. séu sjálfsagðar og eðlilegar, þá hefur hún einróma samþ. að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 426).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um breyt. á lögum um skipströnd og vogrek, 24. og 25. gr. þeirra laga. Í 24. gr. laganna er nú mælt svo fyrir um vogrek, — en vogrek eru hlutir, sem rekur á land og ætla má, að séu eignarrétti undirorpnir, en óvíst um eiganda, — að ef vogrekið nemur yfir 200 kr., þá skuli lögreglustjóri auglýsa það með þeim hætti, sem hann telur bezt fallinn til þess að upplýsa, hver sé réttur eigandi, ef aftur á móti vogrekið nemur meira, þá skal auglýsa það í Lögbirtingi og skora á þá, sem gera tilkall til þess, að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar. Jafnframt þarf svo að sjá til þess, að dómsmrh. sendi fyrirsvarsmönnum erlendra ríkja hér á landi eftirrit af þessari auglýsingu.

Í 25. gr. eru svo ákvæði um það, hvernig fer, ef enginn gefur sig fram innan þessara 6 mánaða og sannar eignarrétt á vogrekinu. Þá á að fara svo með það, ef það er meira en 500 kr. virði að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, að þá á það að renna til ríkisins, en ef það nemur minna, þá fellur það til fjörueigandans.

Breytingin, sem hér er gerð, er sú að hækka þessar tölur, þannig að stað 200 kr. í 24. gr. komi 5 þús. kr., að það þurfi ekki, ef þessi breyting verður samþ., að auglýsa í Lögbirtingablaði vogrek, nema það nemi meira en 5 þús. kr. Ef það er minna virði, þá auglýsi lögreglustjóri það svo sem hann telur bezt henta. Og í 25. gr. eiga 500 kr. að breytast í 12 þús. kr., þannig að sé vogrekið meira virði en 12 þús. kr., þá á það hér eftir, ef þessi breyting verður samþykkt, að falla til ríkissjóðs, en ef það nemur minna, ef það er minna virði en 12 þús. kr., þá fellur það til fjörueigandans.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og telur þessar breytingar, sem hér er um að ræða, eðlilegar með tilliti til þeirra verðlagsbreytinga, sem átt hafa sér stað, og leggur til, að það sé samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

71. Sala eyðijarðarinnar Miðhúsa í Gufudalshreppi.

Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi [76. mál] (þmfrv., A. 99).

Á 20. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Samúel Zakaríasson bóndi í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu skrifaði mér bréf, sem dags. er 21. okt. s. l. Í bréfi þessu biður hann mig að flytja frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja honum eyðibýlið Miðhús í sömu sveit. Lönd þessara tveggja jarða, Djúpadals og Miðhúsa, liggja saman. Samúel hefur lengi haft eyðibýlið Miðhús til afnota, en hann býr aðeins á helmingi jarðarinnar Djúpadal, og af þessum ástæðum þarf hann á því að halda að hafa nokkru meira land til heyskapar en hann hefur haft að undanförnu. Miðhús eru reyndar ekki mjög mikils virði, eins og það kot er nú. En þar eru þó nokkrir möguleikar til ræktunar. Samúel bóndi vill ógjarnan taka á sig ræktunarkostnað, nema hann fái kotið keypt. Miðhús hafa verið í eyði frá því um aldamót, og engar horfur eru á því, að þar verði rekinn sjálfstæður búskapur. Til þess eru engin skilyrði. Samúel hefur leitað umsagnar hreppsnefndar Gufudalshrepps um sölu Miðhúsa, og þessi umsögn hreppsnefndarinnar fylgir til mín með bréfi hans. Hreppsnefndarmennirnir mæla einróma með því, að Samúel verði selt kotið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál. Þetta liggur mjög ljóst fyrir. Ég vænti þess, að um þetta verði ekki ágreiningur hér í hv. d. og málið fái greiða afgreiðslu.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 288).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja bóndanum í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu eyðijörðina Miðhús í sömu sveit. Eins og venja er til um slík mál sem þessi, sendi landbn. frv. til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, og hafa þessar umsagnir borizt n., og mæla báðir þessir aðilar með því, að frv. verði samþ.

Það hafa stundum orðið nokkrar umr. hér í þinginu um mál þessi, og er kannske rétt, að ég til upplýsinga lesi upp þessar umsagnir, með leyfi hæstv. forseta. Umsögn landnámsstjóra, Pálma Einarssonar, er á þessa lund:

„Með bréfi, dags. 4. febr. 1965, hefur hv. landbn. Nd. Alþ. óskað umsagnar um 76. mál á þskj. 99, frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi til bóndans í Djúpadal, Samúels Zakaríassonar. Jörðin Miðhús er aðliggjandi landi Djúpadals og liggur út með Djúpafirði að vestan, og er um 3 km leið milli bæjanna. Ekkert hús er á jörðinni, en tún er 2 ha., þar af 1.75 ha. vélfærir. Þegar Samúel Zakaríasson fékk leigða jörðina, var tún 0.8 ha., óvéltækt. Ræktunarmöguleikar eru mjög takmarkaðir og lega þess lands, sem telja má ræktunarhæft, er erfið. Stærð jarðar í heild getum við ekki upplýst um, en beitiland er talið gott samkv. eyðijarðaskýrslu. Þjóðvegurinn liggur rétt við túnið. Jörð þessi er ein hinna mörgu eyðibýla, sem við teljum, að eigi ekki að byggjast upp sem sjálfstætt býli, og má telja, að vegna legunnar henti það vel búendum í Djúpadal að kaupa hana, sem nytjað hafa jörðina í allt að 30 ár, hafa girt tún hennar og ræktað það, sem ræktað er af jörðinni. Sé það svo, að hreppsnefnd mæli með sölu til Samúels, leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
Pálmi Einarsson."

Og frá jarðeignadeildinni barst landbn. svofelld umsögn:

„Hv. landbn. Nd. Alþ. hefur sent jarðeignadeild ríkisins til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Samúel Zakaríassyni bónda í Djúpadal ríkisjörðina Miðhús í sama hreppi. Jörðin, sem hefur verið í eyði um langan aldur, er nytjuð af Samúel Zakaríassyni síðan 1946, og hefur leiga verið 100 kr. á ári. Hreppsnefnd Gufudalshrepps mælir með því, að Samúel verði seld jörðin. Lönd Djúpadals og Miðhúsa liggja saman og því eðlilegt, að Samúel hafi áfram afnot jarðarinnar, því að ekki kemur til álita að stuðla að sjálfstæðum búrekstri á jörðinni.

Með vísan til þessa sér jarðeignadeildin ekki, að neitt mæli gegn því, að nefnt lagafrv. verði afgr. sem lög.

Sveinbjörn Dagfinnsson."

Ég skal þá geta þess einnig, að okkur bárust frá hreppsnefnd Djúpadalshrepps meðmæli með því, að ábúenda Djúpadals eða bóndanum í Djúpadal yrði seld þessi jörð. Með tilvísan til þessara umsagna og meðmæla mælir landbn. með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 99, n. 402).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um að heimila ríkisstj. að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshrepp í Barðastrandarsýslu bóndanum Samúel Zakaríassyni í Djúpadal var lagt fram í Nd. og fékk þar venjulega athugun og afgreiðslu. Fyrir lágu meðmæli hreppsnefndarinnar í hreppnum um það, að þessum manni yrði seld jörðin, og það hefur ekkert komið fram, sem landbn. Ed. telur ástæðu til að leggja stein í götu þess, að þessi jörð verði seld á svipaðan hátt og oft áður hefur verið heimilað um sölu eyðijarða. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 460).

---

72. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 58. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna [158. mál] (þmfrv., A. 349).

Á 59. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Fljótlega eftir að Alþ. kom saman í haust var samþ. sú lagabreyting hér, að fjölga skyldi í þingnefndum úr 5 mönnum í 7, og tók það til allra 5 manna nefnda, sem áður höfðu verið starfandi hér á þinginu, utan einnar nefndar, þ. e. a. s. þfkn. Um hana er ákvæði í sérstökum lögum, lögunum um þingfararkaup alþingismanna. Kom það þá þegar fram í þeim umr., sem urðu um hinar fyrrnefndu nefndir, að eðlilegt þætti, að sama ákvæði væri látið gilda um allar 5 manna nefndir þingsins. Þetta frv., sem hér er flutt af hv. allshn. þessarar deildar, fjallar um það, að svo skuli gert, og þarfnast ekki frekari skýringa. Málið er flutt af nefnd, og er því ekki nein till. um, að því sé á ný vísað til nefndar. Nefndin mælir með samþykkt frv., og er það, eins og áður er sagt, til samræmis við það, sem þegar hefur verið gert um fjölgun manna í nefndum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti svo frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 451).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 1964, um þingfararkaup alþm., og eru nm. sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt. Frv. þetta felur aðeins í sér þá breytingu á gildandi lögum um þingfararkaup alþm., að nm. í þingfararkaupsnefnd verði 7 í stað 5.

Á fyrra hluta þessa þings var samþ. sú breyting á lögum um þingsköp Alþ., að tala þm. í þeim nefndum þingsins, sem áður var bundin við 5 þm., skyldi verða 7 þm. Til samræmis við þessa breytingu er nú talið rétt að fjölga einnig þm. í þfkn. úr 5 í 7, en tala þm. í þessari n. er ekki ákveðin í þingsköpum, heldur í lögum um þingfararkaup alþm. — Eins og ég áður sagði, leggur allshn. til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

---

73. Brunatryggingar í Reykjavík.

Á 53. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík [152. mál] (þmfrv., A. 438).

Á 54. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. er, eins og fram kemur í grg., flutt að ósk borgarráðs Reykjavíkur. Með frv. er lagt til, að gerðar verði breytingar á 4. gr. núgildandi l. um brunatryggingar í Reykjavík frá 1954. Með þeim l. var Reykjavíkurbæ heimilað að taka húsatryggingarnar í eigin hendur, og var samþ. að gera það það sama ár.

Fyrri brtt. er við 2. mgr. 4. gr. l., en sú mgr. hljóðar svo: „Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.“ Þarna er lagt til að skylda eigendur til þess að tilkynna vátryggjanda skriflega, þegar hús hafa verið tekin í notkun. Á þessu hefur orðið misbrestur, og vegna þess að lagagr. er ekki ýtarlegar orðuð en nú er, hafa orðið nokkrir erfiðleikar í sambandi við þetta. Þá má nefna það, þegar ræddar eru orsakir þess, að kviknað er fram frv. um breytingar í þessa átt á lögunum, að það þykir t. d. brenna við, að menn séu búnir að búa langan tíma í húsum, án þess að þau séu tryggð, jafnvel hvorki bráðabirgðatryggingu né heldur smíðatryggingu. Það er vitanlega ekki í samræmi við þann tilgang laganna að skylda alla húseigendur til þess að hafa hús sín tryggð, og með þessari breytingu er vátryggjanda fortakslaust veittur réttur til þess að taka hús í tryggingu, ef húseigandi hefur vanrækt að tilkynna húsið til mats.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til, að á eftir 4. gr. l. komi ný grein, og er í grg. nokkuð rökstutt, hvaða ástæður séu fyrir því, að lagt er til, að slík breyting verði gerð eða viðauki við lögin. Efni hennar er það að heimila vátryggjanda að leysa til sín hús, ef það skemmist svo af eldsvoða, að brunatjónið sé meira en helmingur brunabótamatsverðs, og að sjálfsögðu á þá húseigandinn rétt á að fá greiddan þann mismun, sem verður á brunabótunum og heildarmatsverði hússins. Vilji borgarstjórn eða eigandi vefengja það, að brunabótamatsverð hafi verið rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, og það fer þá fram samkv. ákvæðum 4. gr. l., sem fjallar um mötin, og þá mundi að sjálfsögðu sú greiðsla, sem húseigandi fengi, miðast við endurmatsverðið.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti á það fallizt, að þessar breytingar séu eðlilegar og til bóta, og að frv. verði vel tekið. Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, n. 438).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ákaflega stutt, efnislega tvær gr. Fyrri gr. er nánast, eins og fram kemur í aths. um greinarnar, til áréttingar á gildandi l. og til skýringa á þeim. Í 2. gr. er það nýmæli, að hægt sé, eins og þar greinir, fyrir borgarstjórn að skerast í leikinn, ef um endurbyggingu á húsi er að ræða, sem hefur brunnið að einhverju leyti, og nágrenninu stafi hætta af endurreisn þess vegna brunahættu.

Frv. þetta er flutt, eins og fram kom við 1. umr. málsins, að beiðni borgarráðs Reykjavíkur, og fylgir nánari skýring báðum greinum frv., efnislegar skýringar á því. Allshn. hef-

ur yfirfarið þetta frv., og eins og nál á þskj. 438 ber með sér, er hún sammála um að mæla með samþykkt þess.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem hefur haft þetta frv. til athugunar, og hef ekki gert ágreining um það, enda tel ég efnislega sjálfsagt, að það verði samþ., og vil greiða fyrir því, að það geti orðið afgr. úr þessari hv. d. En ég vil þó leyfa mér að vekja athygli á einu atriði, sem ég tel mjög mikilvægt að verði tekið til athugunar og æskilegt að af hálfu borgaryfirvalda verði athugað nánar.

Svo sem brunatryggingakerfið er upp byggt, er gert ráð fyrir því, að öll hús séu skyldutryggð, enda er hér einmitt í annarri þeirra breytinga, sem við erum að ræða nú, vikið að skyldu húseigenda til þess að tilkynna ný hús til mats. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að það mat, sem nú er lagt til grundvallar á húsum hér í höfuðborginni og vafalaust víðar um landið, — e. t. v. er það almenn regla, ég hef ekki kynnt mér það nákvæmlega, — að þetta mat er ekki raunhæft. Og því er það svo, að hús eru ekki metin nema að hluta af verðmæti sínu til brunabótamats. Nú er grundvöllur brunatrygginga, þ. e. a. s. skyldutrygging, sá, að það verði tryggt nokkurn veginn, að þessar eignir séu tryggðar á þann hátt, að menn fái greitt andvirði þeirra að meginefni til, ef húseignirnar eyðileggjast, og þar sem hér er um skyldutryggingar að ræða, má gera ráð fyrir því, enda mun það vera almenn regla, að menn hirða ekki um það að fá viðbótartryggingu við skyldutrygginguna, enda í rauninni alls kostar óeðlilegt, að menn þurfi að standa í slíku. Það er hins vegar alveg ótvírætt, að brunabótamatið er of lágt. Það munu hafa verið gerðar tilraunir til þess, þegar um algert tjón hefur orðið að ræða, að fara í mál á þeim grundvelli, að brunatryggingunum sé skylt, þar sem þetta er lögbundin skyldutrygging, að hafa húseignir tryggðar, þannig að menn geti fengið endurkaupsverð eignanna að fullu, ef algert tjón verður. Það mun hafa orðið niðurstaðan í því máli, að það var ekki talin vera fyrir hendi skylda hjá vátryggjanda til þess að ábyrgjast, að húseignirnar væru tryggðar fullu verði.

Þetta held ég að sé óumflýjanlegt annað en athuga, a. m. k. ef svo er, að brunabótamatið sé í mjög alvarlegu ósamræmi við raunverulegt verð húseignanna, því að ella getur svo farið, að hér verði um algerlega villandi mat að ræða og starfsemi þessi þjóni alls ekki þeim tilgangi, sem hún á að gera. Þetta er hins vegar flóknara mál en svo, að ég telji fært að bera fram brtt. um það við þetta mál út af fyrir sig, vegna þess að það þarf að kanna það nánar, og vafalaust er það svo, að þessi annmarki er víðar á tryggingum heldur en hér í Reykjavíkurborg. En ég vildi þó ekki láta hjá líða að láta þetta sjónarmið koma fram og leggja áherzlu á, að ég tel óumflýjanlegt, að bæði hér í Reykjavík og í brunatryggingum um landið yfirleitt verði tryggingarnar við það miðaðar, að fasteignirnar eða húseignirnar séu metnar á raunverulegu verði, en ekki einhverju gervimati. Það má vafalaust hugsa sér það, að eðlilegt væri að meta húseignirnir t. d. á byggingarkostnaði, eins og hann er áætlaður á hverjum tíma, og þá hækka eftir byggingarvísitölu, en um það skal ég ekki segja. En ég held, að það sé óumflýjanlegt, ef brunatryggingarnar eiga að þjóna þeim tilgangi, sem þær eiga að gera, þá verði fólk að geta treyst því, að húseignir séu metnar á því verði, að þar sé um að ræða raunverulegt endurkaupsverð, að sjálfsögðu að frádregnum eðlilegum fyrningum. Ég hygg, að það muni meira að segja vera allmiklum erfiðleikum bundið að fá viðbótarbrunatryggingu keypta, enda margvíslegir annmarkar á því að hafa sömu eign tryggða hjá tveimur aðilum, ef kemur til greina brunatjón, hvernig það þá eigi að skiptast.

Það er ekki till. mín að gera neina breytingu á þessu frv., en ég vildi hins vegar vekja athygli á þessu atriði, sem ég tel veigamikið efni, og það er áreiðanlega mikilvægt, að þetta sé athugað, hvort hér sé ekki um að ræða atriði, sem eigi yfirleitt við varðandi brunabótamatið, að það sé óhæfilega lágt, bæði hér í Reykjavík og víða um landið.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu þess máls, sem hér er til 2. umr. Ég vil aðeins segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns, 6. þm. Norðurl. e.

Í lögum um brunatryggingar í Reykjavík er kveðið svo á, að dómkvaddir virðingamenn skuli meta húsin til brunabóta, og í l. er einnig ákvæði um það, að menn geti, ef þeir telja matið óraunhæft eða ósanngjarnt, krafizt þess, að fram fari yfirmat, þó að ég búist nú við að vísu, að menn almennt e. t. v. geri sér ekki ljóst, að þessi réttur er fyrir hendi, eða þá a. m. k. hirði ekki um að nota sér þann rétt. Ég vil undirstrika það, að virðingarmennirnir framkvæma mötin, og það er að sjálfsögðu ekki á valdi vátryggjandans eða sveitarstjórna, þar sem þær hafa tekið að sér tryggingarnar, eins og hér í Reykjavík, þá er það ekki á þeirra valdi að vefengja út af fyrir sig mötin, nema að því leyti sem sveitarstjórn óskaði eftir að fá þeim breytt og þá væntanlega til þess að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

Vegna þess, sem hv. þm. sagði um mötin hér í Reykjavík, að þau væru yfirleitt of lág, geri ég ráð fyrir, að þetta sé í ýmsum tilfellum um ný hús. Hins vegar setja virðingarmennirnir sér vissar reglur við framkvæmd matanna, og ég þekki þær reyndar ekki út í æsar, en ég ætla, að aðalgrundvöllur og viðmiðun sé þar vísitöluhúsið, byggingarkostnaður á teningsmetra í vísitöluhúsinu. En nú veit maður það að sjálfsögðu, að í ýmsum tilfellum leggja menn í meiri kostnað við sín hús heldur en reiknað er með í vísitöluhúsinu, en sjálfsagt aftur sjaldgæfara, að það fari niður fyrir þá útreikninga, sem um vísitöluhúsið gilda,

eða niður fyrir þau byggingargæði, sem vísitöluhúsið gerir ráð fyrir. Ég vil hins vegar benda á það, að flest síðustu árin hefur farið fram hækkun brunabótamatanna hér í Reykjavík í samræmi við það, sem hækkað hefur vísitala byggingarkostnaðar, sem þýðir að sjálfsögðu einungis það, að öll mötin eru hækkuð um sama hundraðshluta eða sömu prósenttölu. Það er hins vegar ekki því að leyna, að t. d. hér í Reykjavík eru aftur gömul hús, þá í flestum tilfellum reyndar timburhús, sem eru áreiðanlega í of háu mati, og hvort tveggja þetta hefur leitt til þess, að nú er fyrir nokkru hafin og nokkuð á veg komið endurskoðun allra brunabótamata hér í Reykjavík, og verða þá að sjálfsögðu gerðar þær leiðréttingar á brunabótamötunum, sem slík endurskoðun leiðir í ljós, að eðlilegt er og sanngjarnt að gera.

Í því frv., sem hér um ræðir, er í 2. gr. það nýmæli, að borgarstjórn er heimilað að leysa til sín hús, ef þau skemmast svo af eldsvoða, að brunatjón er meira en helmingur brunabótaverðs, og ef hlutaðeigandi hús þarf að víkja af skipulagsástæðum eða af því stafar eldhætta, sem mundi nú reyndar einungis gilda væntanlega um timburhús. Ég vil þá einnig láta þess getið, að nýrri hús, steinhús, sem eru yfirgnæfandi meiri hl. húsa hér í Reykjavík, hafa nú orðið flest hver upphitun frá hitaveitu, þar er eldhætta yfirleitt hverfandi lítil samanborið við það, sem áður var, og ef eldsvoða ber að höndum, verða tjónin í fæstum tilfellum mjög mikil. Þegar tjón verður og ekki er um algert tjón að ræða, er það metið, hve mikið eigi að greiða hinum tryggða, þá er metið eftir raunverulegu tjóni, það er ekki miðað þar við það, hve hlutfallslega miklu tjónið næmi miðað við vátryggingarupphæðina, heldur er metið, hvað það raunverulega tjón er, og menn eru þá sjálfsagt í mjög fáum tilfellum yfirleitt í þeirri hættu að fá ekki bætt það, sem þeir raunverulega hafa skaðazt við eldsvoðann. Hitt er annað, að það mundu ekki verða greiddar bætur umfram vátryggingarverðið eða brunabótamatsverðið, nema því aðeins að með endurmati hafi því einnig verið slegið föstu, að brunabótamatsverðið hafi verið of lágt.

Ég vildi aðeins láta þessar skýringar koma fram vegna þess, sem kom fram í ræðu hv. þm., og skal svo ekki frekar fjölyrða um þau atriði. Ég vil sem sé endurtaka þakkir mínar til n. fyrir jákvæða afgreiðslu málsins, og ég mætti kannske aðeins bæta því við, að ég held, að segja megi almennt, að þessi regla sé skynsamleg og þarfleg og jafnvel nauðsynleg. Á fundi fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga, sem yfir stendur nú þessa dagana, hefur einmitt komið fram till. um það, að samsvarandi ákvæði verði fellt inn í lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur og að stjórn sambandsins verði falið að vinna að því, að svo verði gert.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vænti þess, að hæstv. forseti taki það við fyrstu hentugleika til 3. umr., svo að málið hljóti afgreiðslu á þinginu, sem væntanlega verður ekki mjög langt að bíða að ljúki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, n. 529).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Ed. að tilhlutan borgarráðs Reykjavíkurborgar. Þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir að hafa í för með sér, ef samþykkt verður, eru í fyrsta lagi, að það er skorið úr eða gerð nánari skil á því, að húseiganda beri að sjá um, að hús sé tilkynnt til mats, og að allur vafi sé tekinn af um það atriði, og einnig, að tilkynningin um þetta sé skrifleg, og jafnframt, að vátryggjanda sé heimilt að taka hús í tryggingu, ef húseigandi vanrækir slíkt. Í 2. gr. frv. eru ákvæði þess efnis, að borgarstjórn er veitt heimild til þess að leysa til sín hús samkv. mati, ef brunatjón verður á því, sem nemur meira en helmingi matsverðs. Þetta er talið nauðsynlegt, til þess að ekki sé verið að verja fé til meiri háttar viðgerða eða endurbyggingar á húsi, sem annaðhvort stafar eldhætta af eða þarf á því stigi eða síðara stigi að víkja af skipulagsástæðum.

Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. Það hefur farið án breytinga gegnum Ed. Allshn. hv. Nd. hefur haft frv. til athugunar, og allshn. mælir einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 581).

74. Hundahald.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki** [165. mál] (þmfrv., A. 373).

Á 60. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af heilbr.- og félmn. d. eftir ósk heilbrmrn.

Ég vil leyfa mér að rekja örlítið sögu þessa máls, það má í raun og veru byrja á því að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, bréf sýslumannsins í Húnavatnssýslum, sem dagsett er 9. okt. 1962, en bréfið er til heilbrmrn., og það hljóðar þannig:

„Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu gerði eftirfarandi samþykkt á síðasta sýslufundi:

„Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu beinir þeim tilmælum til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir hækkun hundaskatts, þannig að skattur af þarfahundum verði 30 kr. og af óþarfahundum 300 kr.“

Efnislega samhljóða samþykkt gerði sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu einnig á sínum sýslufundi.

Ég vil hér með fara þess á leit við heilbrigðisstjórnina, að hún beiti sér fyrir því á Alþingi, sem kemur saman í haust, að lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 frá 3. febr. 1953, verði breytt í samræmi við samþykkt sýslunefndafunda Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu. Á s. l. hausti varð að greiða kr. 17.50 til hundahreinsunarmanna fyrir hvern hund, sem hreinsaður var, en skatturinn af slíkum hundum er aðeins 15 kr. Auk þess þarf svo sýslusjóður að greiða ferðakostnað og lyf til hundahreinsunarinnar. Fjárhag sýslusjóðanna er þannig komið, að þeir geta bókstaflega ekki greitt með hundahreinsuninni, enda algerlega óþarfi, þar sem hundaskatturinn er hlægilega lágur.

Enn fremur vil ég beina því til heilbrigðismálastjórnarinnar, að hún athugi möguleika á því að takmarka tölu þarfahunda á búendur, og enn fremur, að ákvæðum laganna verði breytt í þá átt, að hundahreinsunarmenn gefi skattstjóra skrá yfir hreinsaða hunda í hverri sýslu. Með þessu ætti að nást til flestallra hunda í umdæminu, í stað þess, eins og nú er, að það koma alltaf snöggtum fleiri hundar til hreinsunar en skattur er greiddur af, en skattskyldan er yfirleitt reiknuð út frá því, hvort viðkomandi hefur dregið hundsfóðrið frá á skattskýrslu sinni, og svo auðvitað eftir staðarþekkingu hreppstjóra.

Virðingarfyllst,

Jón Ísberg.“

Síðan er gangur málsins sá, að þetta fer fyrir heilbrmrh. og landbrn. og búnaðarþing, og allir þessir aðilar leggja blessun sína yfir málið. Og búnaðarþing árið 1963 mælir með svofelldri breyt. á l. um hundahald o. fl.: „Af hundum búfjáreigenda skal greiða 30 kr. í skatt árlega, einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafi verið í öruggri gæzlu. Af öðrum hundum greiðist 500 kr. skattur árlega.“ Þetta var álit búnaðarþings 1963. Síðan mun málið eitthvað hafa legið niðri, því að með bréfi, dags. 12. nóv. 1963, þá ritar sýslumaður Húnvetninga bréf til landbrn., þar sem hann er að ýta á eftir málinu, og ég vil leyfa mér að lesa það hér, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Á s. l. hausti sendi ég heilbrmrn. erindi með beiðni um hækkun hundaskatts úr 15 kr. í 30 kr. á þarfahunda. Ekkert hefur komið út af þessu, og var mér tjáð, óformlega þó, að erindið mundi hafa verið sent landbrn. og það hafi sent það Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar. Það getur vel verið, að mál þetta sé flókið og þæfist fyrir, en mér virðist eitt ljóst, og það er, að sýslusjóðirnir, sem eru fjárvana, verða að greiða með hverjum hundi álíka upphæð og hundaskattinum nemur, eða kostnaður við hundahreinsun s. l. ár var tvöfaldur innheimtur hundaskattur. Ég vil fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það sjái um, að fram verði lögð tillaga á Alþingi til breyt. á l. um varnir gegn sullaveiki á þann veg, að sýslufundum verði heimilað að ákveða hundaskattinn fyrir hvert ár með hliðsjón af raunverulegum kostnaði næsta ár á undan. Sýslunefndir skipa fulltrúar sveitahreppa, bændanna sjálfra, og þeir geta ósköp vel séð fótum sínum forráð. Ef hið háa rn. telur nauðsynlegt að senda erindi þetta til umsagnar einhverjum aðilum, væri ekki úr vegi að gefa viðkomandi aðila ákveðinn frest.

Ég vil benda á að lokum, að leggi sýslusjóður á t. d. 100 kr. hundaskatt, ef kostnaður er sannanlega svo mikill, sætta menn sig við það, þótt hv. Alþingi mundi fá skammir fyrir að leggja t. d. 50 kr. á, auk þess sem slíkir smámunir mundu verða blásnir út og talað um óhæfilega skattahækkun.

Ég vona svo, að mál þetta fái góða og skjóta afgreiðslu hjá hinu háa ráðuneyti.

Virðingarfyllst,

Jón Ísberg.“

Þarna virðist yfirvald Húnvetninga að vísu vera komið heldur lengra en var í upphaflegri samþykkt sýslunefndanna, þar sem í þeirri sam-

þykkt, sem ég las áðan, er aðeins talað um að hækka skattinn þannig, að hann yrði 30 kr. og 300 kr., en þarna virðist sú hugmynd koma fram, sem ekki hefur fengið undirtektir hjá ráðuneytunum, að sýslunefndirnar sjálfar ákveði upphæð skattsins ár frá ári.

Síðan gerist það svo í vetur, að heilbrmrn. lætur útbúa þetta frv., sem hér liggur fyrir, og sendir það heilbr.- og félmn. d. með ósk um, að hún flytji þetta mál. Það verður auðvitað að teljast eðlilegur hlutur, að þessi hundaskattur sé ákveðinn það hár, að hann standi undir hundahreinsuninni, svo að það þurfi ekki að taka fé úr sýslusjóðunum til þess að standa undir þessu að nokkru leyti. Heilbr.- og félmn. varð því við þessari ósk heilbrmrn. og flytur þetta frv. Þar sem frv. þetta er, eins og áður greinir, flutt af n., þá er óþarft að vísa því til n., og ég vil því, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, n. 530).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er á þskj. 373, var lagt fram upphaflega í Ed. og flutt af heilbr.- og félmn. þeirrar hv. d. Aðalefnisinnihald frv. er það, að hundaskattur er hækkaður úr 15 kr., sem hann var áður, í 30 kr. Ég hefði nú talið, og lét þess getið í n., þegar málið var þar til meðferðar, að það hefði verið eðlilegra, að þessi skattur væri reglugerðarákvæði og væri ákveðinn af ráðh. með reglugerð, heldur en hafa þetta bundið í lögum, því að eins og allir vita, er verðgildi peninga mjög óvisst og stendur ekki í stað, og síðan upphaflega var gerð samþykkt í sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu um þetta mál árið 1963, hefur komið í ljós, að þessi skattur, sem ákveðinn er með frv., muni ekki nægja til þess, sem hann er ætlaður, og sveitarfélögin verði áfram eins og hingað til að bera nokkurn hluta kostnaðarins. Hins vegar vildum við í n. ekki tefja málið, þar sem nú er liðið að þinglokum, og nál. heilbr.- og félmn. er á þskj. 530, þar sem einróma er samþ. að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 582).

---

75. Sala dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi [156. mál] (þmfrv., A. 341).

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. flytur þetta frv. að beiðni hæstv. landbrh., og eins og tíðast mun vera, þegar n. flytja frv. að beiðni ráðuneytanna, áskilja einstakir nm. sér rétt til að hafa óbundnar hendur í afstöðu sinni til frv.

Frv. felur það í sér að heimila ríkisstj. að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsgötu 21 í Borgarnesi. Þetta mun vera gamalt hús og óhentugt, sem þarfnast mikilla endurbóta, og þegar rn. buðust kaup á nýlegu og vönduðu húsi í Borgarnesi, þá varð það að ráði, að þetta hús var keypt til nota fyrir dýralæknisembættið.

Það segja mér kunnugir menn, að það verð,

sem nú þegar hefur verið boðið í þennan gamla dýralæknisbústað, sé mjög hagkvæmt, en það er, eins og stendur í grg., 615 þús. kr.

Frv. er, eins og ég sagði, flutt af n., og legg ég til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. N. hafði verið beðin að flytja þetta frv., og er efni þess það að staðfesta þegar gerðan hlut. Það mun hafa legið erindi fyrir hv. fjvn. í upphafi þingsins um þetta mál og þá hafa verið ákveðin kaup á húsi í Borgarnesi, sem vera skyldi bústaður fyrir dýralækninn þar. Síðan er þarna farið fram á að selja gamla dýralæknisbústaðinn, og mun áður einnig hafa verið búið að auglýsa eftir kaupanda að honum og n. tilkynnt, að fáanlegur væri kaupandi að honum fyrir 600—650 þús. kr., en hitt húsið mun hafa verið keypt fyrir 1½ millj. kr., eftir því sem okkur nm. var tjáð. Þarna er því verið að gefa 900 þús. kr. á milli hins gamla dýralæknisbústaðar og hins nýja, og ég sé ekki annað en það hljóti að byggjast á því, að það séu meir en nógir peningar í ríkissjóði. 900 þús. kr. eru þarna gefnar á milli, og er þó gamla húsið talið seljanlegt fyrir 600 þús. kr. og virðist því hafa verið íbúðarfært. Ég sá hins vegar enga möguleika á því að koma í veg fyrir þessa sölu, því að hún hafði þegar verið ákveðin að öllu leyti, og frv. er sem sé flutt til þess að fá heimildir fyrir þegar afgreiddum málum. Ég taldi rétt, úr því að þessi vitneskja fékkst til handa nm., að hv. þm. fengju einnig um það að vita.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Vestf., að sá bústaður, sem var keyptur til handa dýralæknisembættinu í Borgarnesi kostaði 1½ millj. kr. Það er einnig rétt hjá honum, að gamli dýralæknisbústaðurinn var seldur á 615 þús. kr., minnir mig að væri. En mér hefur verið tjáð það af mönnum, sem gjört þekkja til, að sú sala sé mjög hagkvæm og að þetta gamla hús geti engan veginn talizt hentugur dýralæknisbústaður og þurfi endurbóta við, ef hann ætti að vera það áfram, og ekki er talið eðlilegt að ráðast í þær endurbætur á þessu húsi. En þegar við hugsum til þess, hvað þeir embættisbústaðir kosta, sem nú er verið að byggja víða um landið fyrir embættismennina, þá efast ég mjög um, að þessi kaup á dýralæknisbústaðnum séu óhagkvæm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 341, n. 610).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Efni þessa frv. er um, að ríkisstj. sé heimilt að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsgötu 21 í Borgarnesi ásamt lóðarréttindum. Eins og fram kemur í fskj. með frv., festi landbrn. um síðustu áramót kaup á íbúðarhúsi Árna Björnssonar forstjóra í Borgarnesi fyrir dýralæknisbústað, þar sem um var að ræða mjög vandað og hentugt hús til þeirra nota, eins og þar segir. Var fjvn. Alþ. gerð grein fyrir þeim kaupum með bréfi, dags. 28. okt. s. l. Í framhaldi af þessu telur rn. rétt að leita heimildar til þess að selja gamla dýralæknishúsið í Borgarnesi og hefur fengið tilboð í húsið upp á 615 þús. kr., sem talið er hagstætt. — Landbn. leggur einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

76. Atvinna við siglingar.

Á 33. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum [160. mál] (þmfrv., A. 359).

Á 59. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 359 hef ég ásamt hv. 1. þm. Vesturl. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„49. gr. laganna orðist svo:

Skip, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, skulu vera undanþegin ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, þ. e. stýrimanna og vélstjóra.

Ráðh. skal heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum þessum.

Dráttarbátar, sem aðallega eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en eru ekki knúnar áfram með vélarafli, skulu og vera undanþegnar ákvæðum laga þessara um fjölda skipstjórnarmanna.

Ráðh. skal og heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á fleytum þessum."

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., er það flutt að beiðni h/f Skallagríms, en það rekur, eins og kunnugt er, farþegaskipið Akraborg á leiðinni milli Reykjavíkur, Borgarness og Akraness.

Á s. l. ári var siglingum skipsins breytt þannig, að það fer nær eingöngu á milli Reykjavíkur og Akraness, og er samanlagður siglingatími skipsins daglega nú 7 klst., miðað við þrjár ferðir, en 9 klst. og 15 mín., séu fjórar ferðir farnar á milli Reykjavíkur og Akraness. Að öðru leyti liggur skipið í Reykjavíkurhöfn.

En þegar það er athugað, að Akraborg siglir nær eingöngu að degi til og burtvera úr Reykjavíkurhöfn er í einu 2 klst. og 15 mín. til 2 klst. og 30 mín., má ljóst vera, að venjuleg vaktaskipti eru eigi framkvæmanleg, þó að öll skipshöfnin sé um borð, en án verkefnis, nema sá hluti hennar, sem annast siglinguna í hvert sinn.

14 manna skipshöfn og 4 afleysingarmenn eru þess vegna í engu samræmi við afkastaþörfina og þar með rekstrinum algerlega ofviða fjárhagslega. Enda þótt skipaskoðunarstjóri hafi talið sig reiðubúinn að veita meðmæli sín með því, að skipstjórnarmönnum verði fækkað á m/s Akraborg þrátt fyrir stærð skipsins og þá sérstaklega með tilliti til þeirra siglinga, sem skipið hefur, þá koma þau meðmæli ekki að haldi, þar sem heimild í lögum skortir til þess að veita umræddá undanþágu.

Eins og hv. alþm. er kunnugt í sambandi við afgreiðslu fjárl., þá er fjárhagsleg afkoma flóabátanna yfirleitt mjög erfið, og sá bátur, sem fær hæstan styrk til síns rekstrar, er einmitt Akraborgin, þrátt fyrir það að þetta skip veiti langmesta þjónustu, því að ekkert skip, sem er í flutningum, hefur annan eins farþegafjölda og þetta skip, eða um 38 þús. farþega á ári. Samt sem áður er afkoma skipsins svona erfið, ekki vegna þess, að farþegum sé neitt ívilnað, því að ég ætla, að það fargjald, sem innheimt er, 100 kr. fyrir klukkutíma siglingu, sé það hæsta, sem talið er, að það megi vera, með hliðsjón af þeirri stuttu siglingu, sem hér er annars um að ræða.

Nú hefur þetta skip verið í klössun, og er gert ráð fyrir, að það hefji innan tíðar, þegar klössun er lokið, sínar ferðir að nýju. Það hefur mjög verið rætt að undanförnu hjá ráðamönnum skipsins, hvort yfirleitt, þrátt fyrir þær miklu fjárveitingar, sem skipið nýtur, muni vera hægt að halda því gangandi áfram, af því að tilkostnaður er geysilega mikill með þeim mikla mannfjölda, sem á skipunum er samkvæmt lögum.

Það er von stjórnar Skallagríms, að ef fáist eðlileg breyting og lagfæring á þessum málum, eins og þetta frv. getur falið í sér, ef það verður samþ., megi á skynsamlegan hátt, en samt ekki á þann veg, að neitt öryggisleysi skapist í sambandi við siglinguna, koma á heilbrigðum grundvelli fyrir rekstur skipsins í framtíðinni.

Varðandi önnur atriði, sem þetta frv. felur í sér um dráttarbáta og aðrar fleytur, er talið nauðsynlegt að koma því í gegn um leið. Okkur er kunnugt um t. d. hafnarbátinn í Vestmannaeyjum, sem veitir þjónustu fiskiskipaflotanum á vertíðinni, að ef hann á að vera með löglegri eða fullri áhöfn, þegar hann fer út úr höfninni til þess að veita fiskibátunum aðstoð og draga þá að landi, yrðu t. d. bundnir við það skip miklu fleiri menn en nauðsynlegt er á öllum öðrum tímum.

Ég vil því vona, að hv. alþm. verði á einu máli um að greiða fyrir þessu máli. Ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 519).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn., var nefndin a. m. k. ekki á einu máli um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. leggur hins vegar til, að frv. verði samþ.

Í grg. fyrir málinu er það tekið fram, að frv. þetta sé flutt að beiðni stjórnar h/f Skallagríms í Borgarnesi, en það rekur, sem kunnugt er, farþegaskipið Akraborg, sem nú er svo til eingöngu í farþegaflutningum á milli Reykjavíkur og Akraness. Skipið fer aðeins eina ferð í viku

til Borgarness, enda hefur þróunin orðið sú, eins og raunar á öllum samgönguleiðum, að þar sem ferðin tekur styttri tíma landleiðina, sigra bílarnir og sjóferðir leggjast niður. Þessu er á annan veg farið um samgöngur á milli Reykjavíkur og Akraness. Það tekur allt að því helmingi lengri tíma að fara landleiðina heldur en með góðu skipi. Þá er einnig svo komið, að mestur hluti af þeim vörum, sem fluttar eru milli Reykjavíkur og Akraness og Borgarfjarðar eru fluttar landleiðina með bifreiðum, og þykir það á ýmsan hátt hagfelldara. Á leiðinni Akranes—Reykjavík eru hins vegar mjög miklir fólksflutningar með Akraborginni, og hafa þeir farið sívaxandi. Er farþegatalan um 39 þús. á ári, sem er miklu hærri farþegatala en dæmi eru til um á nokkru öðru farþegaskipi, sem nú er í innanlandssiglingum. Fargjald er nú 120 kr. aðra leiðina, og þykir það allþungur skattur. Samt sem áður er rekstrargrundvöllur skipsins svo tæpur, að við borð lá, að félagið gæfist upp við að halda ferðum áfram.

Það er skoðun stjórnar Skallagríms, að þeir gætu sparað verulega í útgerðarkostnaði, fengju þeir heimild til þess að fækka skipverjum, en nú eru fastráðnir 14 menn, auk þess 4 til afleysinga.

Samvn. samgm., sem í eru nm. samgmn. beggja þd., hefur á hverju ári fengið rekstrarreikninga hinna ýmsu flóabáta, sem styrks njóta úr ríkissjóði. Það hefur verið samhljóða álit nefndarmanna, að ekki verði hjá því komizt að veita Skallagrími vegna Akraborgar hæsta styrk, sem n. mælir með að veittur sé. Á þessu ári er styrkurinn 1600 þús. kr., en auk þess sérstakur 100 þús. kr. styrkur vegna klössunar, sem framkvæmd hefur verið nú nýlega. Þrátt fyrir þennan mikla fjárstyrk er svo komið, að stjórn félagsins sér fram á óviðráðanlega fjárhagserfiðleika, verði ekki fallizt á að heimila einhverja fækkun á skipstjórnarmönnum, eins og frv. þetta felur í sér.

Nefndin leitaði umsagnar um málið hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, skipaskoðunarstjóra og fékk auk þess upplýsingar frá stjórn Skallagríms. Allir þessir aðilar að undanskildu Farmannasambandinu mæla með samþykkt frv. Í umsögn Farmannasambandsins kemur m. a. fram, að lög þessi séu í endurskoðun og þess vegna væri eðlilegt að doka við með afgreiðslu þessa máls. Ég hef snúið mér til siglingamálaráðh. og spurzt fyrir um það, hvort slík endurskoðun ætti sér stað, og fengið þær upplýsingar, að svo væri ekki.

Herra forseti. Ég sé ekki að svo komnu máli ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til, að frv. verði samþ. og því síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 613).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar, liggur fyrir hv. d. á þskj. 359, er komið frá Ed. Efnisleg breyt. frá núgildandi l. er, að frv. gerir ráð fyrir, að ráðh. verði veitt heimild í samráði við skipaskoðunarstjóra að ákveða fjölda skipstjórnarmanna, þ. e. stýrimanna og vélstjóra á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa. Frv. þetta er flutt eftir beiðni h/f Skallagríms í Borgarnesi, en félag þetta rekur m/s Akraborg til fólks- og vöruflutninga milli Reykjavíkur og Akraness, en hún fer þó venjulega eina ferð á viku milli Reykjavíkur og Borgarness. Siglingar þessar eru nær eingöngu að degi til, og tekur hver ferð skipsins milli Reykjavíkur og Akraness og aftur til baka 135—150 mínútur. Fastráðnir skipverjar eru 14 og 4 til afleysingar. Í þeim stuttu ferðum, er skipið fer, er ekki þörf á vaktaskiptum. Það má því segja, að engin þörf sé á að skylda útgerðina til að hafa eins marga skipstjórnarmenn og nú eru áskildir í lögum. Vinnutími þeirra, sem nú eru á skipi þessu, er ekki lengri en svo, að hóflegur verði talinn, og í þessum stuttu ferðum er ekki þörf á vaktaskiptum.

Leitað hefur verið álits nokkurra aðila um mál þetta, m. a. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það mælir gegn frv., en fyrst og fremst á þeim forsendum, að nú standi yfir heildarendurskoðun á lögum, sem væntanlega verði lögð fyrir Alþ. það, sem nú situr. Fullyrðing þessi mun ekki að öllu leyti vera á rökum reist. Ljóst er, að ekki verður lagt fyrir þetta þing frv. um frekari breytingar á lögum þessum, þótt það sé eflaust rétt, að innan tíðar verði lög þessi endurskoðuð og þá sérstaklega til samræmis við lög um stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélstjóraskóla Íslands, en lög

þessi hafa verið í endurskoðun, og þær n., sem unnið hafa að þeirri endurskoðun, munu vera búnar að skila áliti.

Þá má geta þess, að m/s Akraborg er sá flóabátur hérlendis, sem veitir einna flestum þjónustu, og mun farþegatala á s. l. ári hafa numið 39 þús. Fargjöld eru 120 kr. milli Reykjavíkur og Akraness. Þrátt fyrir þetta er Akraborg sá flóabátur, sem nýtur hæsta styrks á fjárl. Nemur hann 1600 þús. og að auki 100 þús. til viðgerðar skipsins, klössunar á þessu ári. Það er því fyllilega tímabært að gera þær ráðstafanir, er dregið geta úr rekstrarhalla skipsins, þegar fullvíst er, að þær stefna ekki öryggi fólks eða skips í hættu.

Aðrir aðilar, sem leitað var til, eru meðmæltir frv. þessu. Í umsögn skipaskoðunarstjóri ríkisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir að heimila ráðh. í samráði við skipaskoðunarstjóra að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa. Ég tel umrædda breytingu laganna réttmæta og mæli með, að hún verði samþykkt."

Þetta var álit skipaskoðunarstjóra.

Sjútvn. þessarar virðulegu d. hefur rætt mál þetta, en á fundi þeim, sem ákvörðun var tekin, var Lúðvík Jósefsson ekki viðstaddur og Sigurður Jóhannesson mun gera grein fyrir afstöðu sinni við þessa umr. Aðrir nm. eru samþykkir frv., tveir þeirra, þeir Jón Skaftason og Pétur Sigurðsson með fyrirvara. Með vísun til þess, sem ég nú hef sagt, og nál. á þskj. 613 leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði samþ. og því vísað til 3. umr.

Sigurður Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera í nokkrum orðum grein fyrir afstöðu minni, þeirri afstöðu að skrifa ekki undir álit sjútvn. í þessu máli.

Það er skoðun mín, að þetta mál verði að leysa í sambandi við heildarendurskoðun á lögum um siglingar, endurskoðun, sem framkvæmd sé af fulltrúum samtaka sjómanna og útgerðarmanna í n., sem ráðh. skipar, en ekki með lagabreytingu hér á Alþ. samkv. beiðni eins aðila.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sjútvn., vildi svo til, að ég gat ekki mætt á fundi n., þegar málið var afgreitt, og afstaða mín kemur því ekki fram til málsins í grg. n. En afstaða mín er sú, að ég er andvígur þessu frv. Ég tel mjög varhugavert að fara inn á þá braut, sem hér er lagt til að farin verði, og vil sérstaklega benda á það, að hér er um að ræða farþegaskip, sem flytur mikið af farþegum, og það eru til fleiri farþegaskip í landinu, sem alveg tvímælalaust mundu koma á eftir. Það hafa verið ákvæði í lögum um fjölda skipstjórnarmanna og þótt alveg sérstök ástæða til þess að vera nokkuð strangir þar varðandi reglur fyrir farþegaskip, og að mínum dómi er það hinn mesti þvættingur að tala um það, að á þessari siglingaleið eigi að gilda einhver sérstök undantekning. Ýmsir aðrir bátar, sem eru reknir annars staðar, hafa miklu meira fram að færa heldur en það skip, sem siglir á þessari leið. Ég álít því, að það eigi að fara mjög gætilega í þetta, enda kemur það fram, að það stéttarfélag, sem hér á hlut að máli, Farmanna- og fiskimannasambandið, mælir alveg eindregið gegn breytingunni og segir, að grg., sem fylgir frv. í sambandi við vinnuaðstöðu, sé hreinasti þvættingur, sem samtökin lýsa undrun sinni yfir, að skuli koma fram í plaggi, sem lagt er fram hér á Alþingi.

Í stuttu máli er skoðun mín sú, að það eigi ekki að samþykkja frv. eins og þetta. Ég held, að það megi ekki slaka til á öllum öryggisákvæðum varðandi farþegaskip svipuðum og þessu og menn verði að gera sér grein fyrir því, að ef eigi að verða breytingar á reglum sem þessum, verði þær að vera almenns eðlis. En það er ekkert sérmál fyrir eitt skip eins og þetta, og ég er ekki a. m. k. tilbúinn til þess fyrir mitt leyti að fallast á það að gera þetta að almennri reglu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. flm. fyrir frv. á þskj. 359, er þetta frv. flutt vegna óska stjórnar Skallagríms h/f í Borgarnesi. Í umr. í Ed. gerði 1. flm. grein fyrir frv. og rökstuddi það, hver væri ástæðan fyrir flutningi frv. og hvaða rök mæltu með því, að hér væri gerð undantekning frá reglunni. Í fyrsta lagi viljum við benda á það, að hér er um að ræða siglingu innan flóa og venjulega er siglingatími milli hafna ekki nema ein klst. og 40 mínútur. Því er hér öðru til að dreifa heldur en með þau skip, sem farþega flytja milli fjarlægra hafna og eru á siglingu sólarhring eftir sólarhring. Ég hygg, að Akraborgin sé eini flóabáturinn, sem þarf að hafa svo fjölmenna skipshöfn sem raun ber vitni um, og þess vegna er leitazt við að fá þessu breytt, ef það yrði svo að dómi ráðh. og skipaskoðunarstjóra, að það væri talið framkvæmanlegt.

Það er vitanlegt, að rekstur þessa skips er nú með þeim hætti, að erfiðleikar eru að halda honum áfram, og er þess vegna reynt að gera þessa tilraun, ef hún mætti að gagni koma að einhverju leyti, ekki sízt þar sem að því er stefnt, að fyllsta öryggis sé gætt eftir sem áður. Og það er að dómi flm. og okkar, sem styðjum málið, að svo sé, með áliti skipaskoðunarstjóra og mati ráðh. Þess vegna treysti ég því, að hér í þessari hv. d. nái þetta mál fram að ganga eins og í Ed., þar sem eru ekki nægileg rök fyrir því, að það sé ekki hægt að meta þessa siglingu eftir öðrum reglum en þeirra farþegaskipa, sem sigla í kringum landið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23:8 atkv.
2. gr. samþ. með 23:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 682).

77. Dýralæknar.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 1963, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna** [163. mál] (þmfrv., A. 366).

Á 60. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Norðurl. e., hv. 2. þm. Austf. og hv. 3. þm. Austf. leyft mér að flytja á þskj. 366 frv. til l. um breyt. á l. um dýralækna.
Í lögum frá 1963 um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1957, um dýralækna, segir svo í 1. gr., að dýralæknisumdæmi skuli vera, sem þar segir, 19 talsins í landinu. Í sömu grein segir, að landbrh. ákveði, hvar dýralæknar hafi búsetu. 13. og 14. umdæmi samkv. þessum lögum er Þingeyjarþingsumdæmi, sem nær yfir Suður-Þingeyjarsýslu austanverða, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýslu. En 14. umdæmið er Austurlandsumdæmi, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Suður-Múlasýslu að Breiðdalsheiði.
Nú er það till. okkar flm. frv. á þskj. 366, að tekið verði upp nýtt umdæmi, Norðausturlandsumdæmi, og að til þess falli hlutur af hinum tveim fyrrnefndu umdæmum, Þingeyjarþingsumdæmi og Austurlandsumdæmi. Það er gert ráð fyrir því í frv., að til Norðausturlandsumdæmis skuli teljast Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Enn fremur er tekið fram, að í hreppum vestan Öxarfjarðarheiðar skuli menn eiga rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
Þetta frv. er fram komið vegna fundarályktana, sem þm. þeirra tveggja kjördæma, sem hér eiga í hlut, hafa borizt, annars vegar frá almennum héraðsmálafundi í Norður-Þingeyjarsýslu, sem haldinn var 4. sept. 1964, og hins vegar frá fulltrúafundi, sem haldinn var á Þórshöfn á Langanesi 22. febr. s. l. með þátttöku fulltrúa úr þeim hreppum Norður-Múlasýslu, sem gert er ráð fyrir, að verði í Norðurlandsumdæmi. Þessir fundir hafa farið þess mjög eindregið á leit við okkur þm. kjördæmanna, að við styðjum að því, að þetta nýja umdæmi verði stofnað. Hér er um að ræða 9 hreppa samtals, 7 í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár og 2 í Norður-Múlasýslu, en eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir, að vesturhrepparnir í Norður-Þingeyjarsýslu eigi jafnframt rétt til þess að vitja dýralæknis á Húsavík. Hér er um mjög víðlendar sveitir að ræða og langa leið að fara af þessu svæði, hvort sem dýralæknis er vitjað á Húsavík eða á Egilsstöðum, en þar sitja umdæmisdýralæknar þeirra umdæma, sem nú eru að lögum á þessu svæði. Við höfum fengið upplýsingar frá Búnaðarfélagi Íslands um búfjártölu í hinu fyrirhugaða umdæmi, og eftir því, sem næst verður komizt, var hún á s. l. hausti: sauðfjártala 43 576, nautgripatala 810, hrossatala 475. Það skal tekið fram, að a. m. k. úr einum hreppi var ekki til hjá Búnaðarfélaginu tala frá s. l. hausti, heldur er tekin talan frá 1963, sem mun vera nokkru lægri en tala þess búfjár, sem nú er á fóðrum.
Um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð, en ég vil geta þess, að við flm. höfum rætt þetta mál við yfirdýralækni og urðum þess vísari, að hann skilur þá nauðsyn, sem hlutaðeigandi byggðarlögum er á því að fá sérstakan dýralækni. Sömuleiðis ræddum við þetta mál við hæstv. landbrh., áður en við fluttum frv.
Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn., og vil mega vænta þess fyrir hönd okkar flm., að n. hraði eftir föngum meðferð málsins, því að við teljum mikilsvert, að það verði afgreitt, ef unnt er, á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 472).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til 2. umr., er flutt af okkur 4 þm. úr Austurlandskjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra.
Fyrir því var gerð nokkur grein við 1. umr. hér í hv. d., og ég mun því ekki fara mörgum orðum um þetta.
Landbn. d. hafði mál þetta til athugunar, sendi það til umsagnar yfirdýralæknis, og það barst umsögn frá honum, þar sem hann telur rétt, að frv. verði samþ., en bendir þó á, að eins og nú standa sakir sé nokkur skortur á dýralæknum, m. a. séu nú 5 héruð, þar sem dýralæknir er ekki starfandi. Það er þess vegna óséð, hvort í bráð verði lið að þessu fyrir þau byggðarlög, sem þarna eiga hlut að máli. En um það er ekki ágreiningur, að það séu full rök fyrir því, að sérstakur dýralæknir sé starfandi á þessu svæði. Aðstaðan er mjög erfið fyrir þá dýralækna, sem nú eiga að þjóna þarna, vegna mikilla fjarlægða.

Ég ætla sem sagt ekki að fjölyrða meira um málið. Nefndarálitið liggur fyrir á þskj. 472, og n. var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 366, 502).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 502 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 515).
Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 515, n. 630).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var borið fram í Nd. af þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra og úr Austurlandskjördæmi, sem þar eiga sæti. Efni frv. er að fjölga dýralæknisumdæmum um eitt, þannig að eystri hluti Norður-Þingeyjarsýslu ásamt Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu verði sérstakt umdæmi, en Egilsstaðaumdæmi og Þingeyjarsýsluumdæmi minnki að sama skapi. Það er þörf á aukinni dýralæknaþjónustu, einkum þar sem mjólkursala eykst og aukin rækt er lögð við mjólkurframleiðslu, en bæði á Vopnafirði og Þórshöfn hafa nú tekið til starfa mjólkurbú, og eykst framleiðsla þeirrar vöru allverulega á þessu svæði.

Landbn. þessarar d. hefur tekið þetta frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþ. eins og það kom frá hv. Nd. Einn nm., Jón Þorsteinsson, tók þó ekki afstöðu til málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

---

78. Leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 21. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum [78. mál] (þmfrv., A. 104).

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum frá 29. maí 1957 og öðrum lögum um sama efni, sem á undan voru gengin, hlutu leigubifreiðastjórar, sem aka fólksbifreiðum og vörubifreiðum, mikilvæg réttindi. Eitt meginatriði laganna frá 1957 var að heimila takmörkun leigubifreiðafjöldans í kaupstöðum og kauptúnum með fleiri íbúa en 700. Áður en lagaheimild fékkst fyrir takmörkun leigubifreiðafjöldans, hafði það sýnt sig hvað eftir annað, að menn, sem ekki höfðu áður stundað leigubifreiðaakstur, keyptu sér bifreiðar, ef þeir fengu tækifæri til þess að komast um stundarsakir með þær í góða atvinnu, og tóku þannig atvinnu frá þeim mönnum, sem höfðu stundað bifreiðaakstur um árabil eða jafnvel gert hann að ævistarfi. Þannig skapaðist óánægja innan stéttarinnar, atvinnuleysi og niðurboð á töxtum. Leigubifreiðastjórar skiptust þá í meginatriðum í tvo hópa: annars vegar þá, sem höfðu aksturinn að föstu starfi, hins vegar ýmiss konar lausamenn, sem vildu njóta réttindanna til leigubifreiðaaksturs, þegar þeim bauð svo við að horfa, en vera lausir við þær skyldur að vera ætíð reiðubúnir til þjónustu. Úr þessu ófremdarástandi var lögunum frá 1957 ætlað að bæta, og það hefur að allverulegu leyti tekizt.

Notagildi laganna hefur þó ekki orðið hið sama fyrir fólksbifreiðastjóra annars vegar og vörubifreiðastjóra hins vegar. Leiguakstur með fólksbifreiðar er þannig atvinnugrein, að hún þrífst einungis í þéttbýli, enda mun þessi atvinna einvörðungu vera stunduð í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum, og yfirleitt mun það ekki þekkjast, að fólksbifreiðastjórar séu búsettir utan þessara staða. Og þar

sem stéttarfélög fólksbifreiðastjóra eru til, munu félagssvæði þeirra yfirleitt takmörkuð við kaupstaði eingöngu og e. t. v. í örfáum tilfellum við stærri kauptún. Takmörkunarheimildin samkv. l. frá 1957 er því fullnægjandi fyrir fólksbifreiðastjóra. Þessu er aftur á móti á annan veg farið með vörubifreiðastjóra. Þeir eru búsettir í flestum sveitarfélögum landsins og stéttarfélög þeirra ná yfirleitt yfir heilar sýslur. Vörubifreiðastjórafélög á öllu landinu munu vera milli 25 og 30, en fólksbifreiðastjórafélög eru hins vegar innan við 10, eftir því sem ég bezt veit. Það heyrir til undantekninga, ef félagssvæði vörubifreiðastjórafélags nær einungis yfir einn kaupstað eða eitt stórt kauptún. En það eru aðeins þessi vörubifreiðastjórafélög, sem hafa not af l. frá 1957. Öll önnur vörubifreiðastjórafélög, þar með meginþorri þeirra, hafa annaðhvort ekki heimild til takmörkunar eða þá að heimildin verður þeim ekki að neinu gagni, því að hún tekur aðeins til hluta af félags- og vinnusvæði þeirra.

Úr þessum annmörkum er því frv. ætlað að bæta, sem ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Vesturl. En efni frv. kemur fram í 1. gr., en efnislega er hún á þá leið, að samgmrn. sé heimilað að fengnum till. hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags og meðmælum sýslunefndar að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í þeim sýslum landsins, þar sem starfandi er eitt stéttarfélag vörubifreiðastjóra, er hefur að félagssvæði alla sýsluna og ekkert umfram það. Ef félagssvæði hins vegar tekur einnig til kaupstaðar, er staðsettur er í sýslunni, skal heimil takmörkun vörubifreiðastjórafjöldans á félagssvæðinu í heild, enda komi til meðmæli bæjarstjórnar og sýslunefndar. Eigi skal þó heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur heila sýslu eða sýslu og kaupstað að félagssvæði.

Ég tel rétt til þess að skýra þetta nokkru frekar að taka ákveðið dæmi. Ég vil þá taka sem dæmi Árnessýslu. Þar er starfandi vörubifreiðastjórafélag, sem hefur alla sýsluna að félagssvæði og vinnusvæði. Í Árnessýslu er kauptún, Selfoss, sem hefur fleiri íbúa en 700. Eftir núgildandi lögum væri heimilt að takmarka vörubifreiðastjórafjöldann á Selfossi. Hins vegar væri algerlega tilgangslaust að nota þá heimild eða framkvæma það, vegna þess að vörubílstjórar, sem búsettir eru í nágrenni Selfoss eða í nágrannakauptúnum, hafa full réttindi til þess að aka vörum bæði til Selfoss og frá Selfossi, þannig að þessi takmörkun kæmi bílstjórunum, sem búsettir eru á Selfossi, ekki að neinu gagni, enda eiga þeir auðvitað gagnkvæman rétt, sem búa á Selfossi, til þess að aka annars staðar í sýslunni. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundi hins vegar vera heimilt að takmarka vörubifreiðastjórafjöldann í allri sýslunni í heild, en þá yrði hins vegar, þar sem Selfoss er ekki sérstakt félagssvæði, óheimilt aftur á móti að takmarka á Selfossi einum. Ég tel, að þetta dæmi skýri raunar alveg tilgang þessa frv.

Þetta frv. er flutt eftir eindreginni ósk Landssambands vörubifreiðastjóra, og vörubifreiðastjórar hafa á þingum sínum gert samþykktir í þessa átt og það meira að segja hvað eftir annað. Lögin frá 1957 eru því, eins og ég hef rakið, að því leyti til ófullkomin, að þau veita fyrst og fremst eða eingöngu réttinn þeim, sem búsettir eru í þéttbýlinu, en vörubifreiðastjórastéttin hefur þá sérstöðu umfram aðrar stéttir bifreiðastjóra, að hún er einnig búsett í dreifbýlinu og hún hefur einnig annað skipulag. Félagssvæðin eru þar stærri og ná þar yfir heilar sýslur og það skortir á, að lögin frá 1957 taki tillit til þessara staðreynda. Með það í huga að bæta hér úr er þetta frv. flutt.

Ég legg svo að lokum til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 371, 372).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þessu var vísað til samgmn. til athugunar. Frv. felur í sér breytingar á l. frá 1957 um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, en þau lög snerta bæði fólksbifreiðar, sendiferðabifreiðar og vörubifreiðar. Á skipulagsháttum þeirra samtaka bifreiðastjóra, sem aka þessum tegundum bifreiða, fólksbifreiðum, sendibifreiðum og vörubifreiðum, er nokkur eðlismunur. Hann er fyrst og fremst sá, að vörubifreiðastjórarnir eru ekki eingöngu staðsettir með tæki sín í kaupstöðum og kauptúnum, heldur einnig í dreifbýlinu í sveitum landsins. Vörubifreiðastjórastéttin hefur því alltaf talið, að þessum lögum væri áfátt að því leyti, að þar skorti heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða í sýslum og sveitum á hliðstæðan hátt og lögin heimila í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 700 íbúa. Frv. miðar að því að bæta úr þessu og á þann hátt, að vörubifreiðastjórafélög, sem hefðu heilar sýslur að félagssvæði, mættu njóta takmörkunar að fengnum meðmælum viðkomandi sýslunefndar og hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags. Nú er það hins vegar svo, að það eru ekki öll vörubifreiðastjórafélög í dreifbýlinu, sem hafa vinnusvæði, sem eru takmörkuð við sýslumörk, þó að það séu flest þeirra, enda er ekki ávallt hægt að koma því við. Atvinnuhættir og aðstaða er sums staðar með þeim hætti, að félagssvæðin markast ekki af sýslumörkum, t. d. eins og á Fljótsdalshéraði, í Hrútafirði og víðar.

Þegar n. athugaði þetta frv., komust nm. að þeirri niðurstöðu, að það væri út af fyrir sig eðlilegt að veita vörubifreiðastjórum í sveitum landsins sama rétt og þeir hefðu í kaupstöðum og kauptúnum, en hins vegar væri ekki alveg fullnægjandi að miða við sýslumörkin, eins og gert er í frv., heldur væri réttast að miða það fyrst og fremst við félagssvæði vörubifreiðastjórafélagsins án tillits til þess, hvort það næði yfir heila sýslu eða hluta úr einni sýslu eða tveimur. N. var því sammála um að gera þær breytingar á frv., sem felast í brtt. á þskj. 372, en þær ganga einmitt í þessa átt, eins og ég hef nú lýst. Það má að vísu bæta því við, að síðari brtt. er eingöngu um það að fella meginmál þessa frv. inn í ákvæði eldri laga og gefa þau út undir nýrri fyrirsögn, þar sem eldri lögin hétu lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, en nú ná lögin út um sýslurnar, og er ekki rétt að hafa nöfnin kaupstaðir og kauptún í fyrirsögn, heldur kalla þetta bara lög um leigubifreiðar.

N. aflaði sér umsagna um málið frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, frá Vinnuveitendasambandi Íslands og frá Landssambandi vörubifreiðastjóra. Samband íslenzkra sveitarfélaga eða stjórn þess benti á, að hún teldi frá sjónarhóli sveitarfélaganna hæpið að lögbjóða frekari takmörkun á fjölda leigubifreiða til vöruflutninga frá því, sem þegar er í þeim efnum. Vinnuveitendasambandið vísaði í sinni umsögn fyrst og fremst til þess, að það hafi verið andsnúið þessari lagasetningu, er hún var gerð á sínum tíma, og væri það enn, en setti sig ekki sérstaklega á móti þessari breyt. Þá bárust bæði n. og einnig til Alþingis áskoranir frá nokkrum vörubifreiðastjórafélögum um að samþ. þetta frv. Þær voru frá Mjölni í Árnessýslu, Bílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu, Vörubílstjórafélagi Skagafjarðar, Vörubifreiðastjórafélaginu Fylki í Rangárvallasýslu, Drífanda, félagi vörubifreiðastjóra í Norður-Þingeyjarsýslu, og frá Vörubílstjórafélagi Ísfirðinga og Norður-Ísfirðinga. Og þá var að lokum umsögn Landssambands vörubifreiðastjóra, sem mælti eindregið með samþykkt frv., enda var frv. flutt eftir ósk stjórnar Landssambandsins.

Með þessum brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 372 og ég hef þegar lýst, mælti samgmn. einróma með því, að frv. yrði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 372,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 372,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 389, n. 657).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Skv. gildandi lögum hefur verið heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru með 700 íbúa eða fleiri. Eins og alkunnugt er, er allmikið af vörubifreiðum utan þessara svæða, bæði í minni kauptúnum og í sveitum. Algengt er, að vörubifreiðastjórafélög hafi starfssvæði, sem nái yfir kaupstaði eða kauptún og nágrannasveitir, og hefur þá aðeins verið hægt að takmarka fjölda vörubifreiðanna á hluta félagssvæðis. Frv. þetta breytir þessum málum svo, að í framtíðinni verði hægt að takmarka fjölda vörubifreiða á öllum svæðunum, þannig að jafnrétti gildi í þeim efnum. Munu þeir, sem kunnugir eru málefnum vörubifreiðastjóra og vörubifreiðaflutningum, telja, að það muni verða mjög til bóta og öryggis fyrir alla aðila, að slík heimild sé í lögum.
Samgmn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 711).

79. Eyðing svartbaks.

Á 64. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu svartbaks [178. mál] (þmfrv., A. 434).

Á 65. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Svartbakur — eða veiðibjalla öðru nafni — hefur lengi verið illa séður í varplöndum, og ýmiss konar annan usla er einnig talið og er víst, að hann gerir, t. d. í veiðivötnum og veiðiám. Stundum tekur hann lömb og ýmiss konar aðra fugla en þá, sem varpfuglar geta talizt. Einkum er það æðarfuglinn, sem hefur orðið fyrir barðinu á svartbak, og hafa æðarvarpaeigendur jafnan lagt mikla stund á það að halda þessum fugli það í skefjum, að honum fjölgi ekki svo mikið, að æðarvörpunum stafi mjög mikil hætta af. Áður fyrr lögðu varpeigendur sjálfir fé til höfuðs þessum fugli og stundum allverulegar upphæðir, en hin síðustu ár eða frá 1936 hafa gilt sérstök lög um eyðingu svartbaks, og hið opinbera og sýslufélögin hafa í sameiningu staðið straum af kostnaði við að eyða honum.

Þau lög, sem nú gilda, eru rúmlega 30 ára gömul með breytingum 1941, 1951 og 1962. Almennt er talið, að þessi lög séu gagnslaus. Þar er einungis um skotlaun að ræða, sem eru svo lág, að enginn finnur hvöt til þess að stunda svartbaksveiðar fyrir þau. Og sú sorglega útkoma er nú augljós öllum mönnum, að svartbak hefur fjölgað í landinu langt fram yfir það, sem menn vita til, að hafi verið áður. Það kveður svo rammt að þessu, að í flestum æðarvörpum liggur þessi vargur svo í unganum, að mikill hluti hans fer í svartbak, um leið og æðarkollurnar leggja frá hreiðrinu með ungana til vatns. Það berast kvartanir frá varpeigendum um allt land út af þessu, og æðardúnshlunnindi eða tekjur af æðardún hafa farið minnkandi ár frá ári.

Búnaðarþing hefur rætt þetta mál oftar en einu sinni og gert um það ályktanir, og almennt er þess vænzt og krafizt af varpeigendum, að eitthvað sé gert til þess að fækka þessum fugli, sem um munar. En um leiðir til þess eru menn mikið ósammála. En víst er, að nýjar leiðir verður að fara, ef eitthvað á að gera, sem til gagns horfi.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af Búnaðarfélagi Íslands, og hefur veiðistjóri, þ. e. a. s. sá maður, sem fer með eyðingu refa og minka, aðallega unnið að því að semja frv. og gera þær till., sem í frv. felast. Það, eins og ég sagði áðan, hafa borizt bæði til mín persónulega og margra fleiri þm. sterkar áskoranir frá varpeigendum víða um land, að samin verði löggjöf, sem áorki því að fækka þessum fugli verulega. Og það, sem í þessu frv. felst, er í fyrsta lagi það, að reyndar verði alveg nýjar aðferðir til þess að eyða svartbak. Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir því, að svartbaksveiðar verði fengnar í hendur sama manni og sér um minkaveiðar og refaveiðar og öll umsjón með svartbaksveiðum verði undir hans stjórn. Ég álít, að þetta sé sú eina leið, sem hægt sé að vænta einhvers af um það, að þessi mál verði tekin þeim tökum, sem taka þarf, að fela framkvæmdir vissum manni. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort það eigi að vera þessi maður, þ. e. a. s. sami maður og hefur minkaveiðarnar með höndum, en að mínu áliti er það mjög heppilegt, því að það getur í mörgum tilfellum farið saman, að sömu menn annist um refaveiðar, minkaveiðar og svartbaksveiðar, og sú reynsla, sem er af því að framkvæma refa- og minkaveiðar á þann hátt, sem núgildandi lög gera ráð fyrir og hefur verið í gildi nú í nokkur ár, — sú reynsla er þannig, að hún spáir góðu um það að hafa sömu hætti um svartbaksveiðar og um minkaveiðar og refaveiðar. Og sá maður, sem fer með þessi störf nú, hefur verið mjög ötull í starfi og nýtur almenns trausts.

Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér stuttan kafla úr grg., sem veiðistjórinn hefur skrifað með uppkasti því að frv., sem hér liggur fyrir, og vænti ég þess, að þau orð, sem þar eru, skýri nokkuð, hvað í frv. felst, en ég tel ekki ástæðu til að rekja greinar þess lið fyrir lið, enda við því að búast, að það taki einhverjum breytingum í þn. og við nánari athugun og þegar búið er að bera það undir fleiri menn, sem skyn bera helzt á þessa hluti. En veiðistjórinn segir:

„Undanfarin ár hef ég nokkuð kynnt mér eyðingu svartbaks og þær aðferðir, sem líklegastar eru til að fækka stofni hans í landinu. Að vísu eru í gildi lög um eyðingu svartbaks frá 1936, en þau lög hafa reynzt alveg gagnslaus og jafnvel verri en engin. Að mínum dómi er langliklegasta leiðin til fækkunar svartbaks, að sérstakir menn verði ráðnir til starfa í lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Menn þessir þurfa að vera vel útbúnir að öllum tækjum og kunna að notfæra sér þau meðul, sem til greina koma við eyðingu hans og annarra varga. Eyðingaraðgerðir framkvæma hinir ráðnu menn á þeim stöðum, þar sem mergð fuglanna er mest, og í varpstöðvum þeirra sjálfra og að sjálfsögðu í varplöndum æðarfugls og sé þá sérstök áherzla lögð á að verja þau fyrir ágengni hans og annarra varga."

Eins og ég tók fram í upphafi, blasir það við, að ef ekkert er að gert í þessu máli, muni æðarvörp svo til þurrkast út, en æðarvörp hafa jafnan verið talin mikil hlunnindi þeirra, sem eiga, og svo mikilsverð, að það er talsverður liður í framleiðslu þjóðarbúsins, ef æðardúnsframleiðsla hverfur. Og ef svartbak fækkaði

frá því, sem er, svo að hann væri í hæfilegu hlutfalli við aðrar fuglategundir í landinu, má hiklaust búast við því, að stóraukning á æðardúnsframleiðslu yrði á næstu árum.

Um kostnað, sem af svona ráðstöfunum kynni að leiða, er erfitt að segja fyrir fram, en eftir þeirri áætlun, sem veiðistjóri gerir í sinni grg., er hann ekki tilfinnanlegur, en hann gerir ráð fyrir, að mikið mætti að gera í þessu efni með um það bil 1/2 millj. kr. framlagi árlega úr ríkissjóði. Ég legg ekki dóm á það, hvort þetta sé nærri lagi, en ég ætla, að sú upphæð, sem hann nefnir, sé þó helzt til of lág. En engar stórupphæðir mun þurfa fram að leggja, til þess að þarna gæti mikil breyting á orðið. Og ég endurtek það, að á þessu máli er ákaflega sterkur áhugi meðal allra þeirra manna, sem æðarvörp eiga og stunda, og engu síður hjá fjöldamörgum öðrum, sem telja æðarvarp og fuglalíf mjög mikils virði, þótt ekki sé litið á hagsmunina eina, heldur einnig þá fegurð og unað, sem fjölbreytt fuglalíf veitir fjölda manna. Ég hygg, að hver einasti varpeigandi í landinu telji útilokað að daufheyrast við þessu máli til lengdar af hinu opinbera, ef á annað borð á að leggja einhverja stund á það að viðhalda æðarvörpum og ég vil segja: fleiri fuglategundir í vörpum, því að svartbakurinn leggst einnig á andfugl, þ. e. a. s. ungann, fyrir utan það sem hann leggst á egg og ýmsa fleiri fugla á landi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál hér á þessu stigi, en vænti þess, að það verði vandlega athugað og leitað að leiðum til þess að bæta úr þessu vandræðaástandi, sem skapazt hefur, síðan þessum fugli fjölgaði. Það þýðir ekki að fara út í það að ræða um, hvernig á fjölgun hans standi. Ég býst við, að það séu margar ástæður til, enda ekki aðalatriðið hér. En aðalatriðið er að reyna að leita að ráðum til að draga úr þeim skaða, sem þessi vargur veldur.

Að svo mæltu legg ég til, þar sem hlunnindi bæði í ám og vötnum og vörpum eru til landbúnaðar talin, að þessu frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 612).

Frsm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af Búnaðarfélagi Íslands. Helztu nýmæli þess frá eldri lögum eru m. a. þau, að veiðistjóri skal taka við stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Þá skal ráða sérstaka menn til eyðingar svartbaks til lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum, og veiðistjóra er heimilt að fela áðurnefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvarp, ef nauðsyn þykir.

Landbn. hafði þetta frv. til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt, og skilar áliti á þskj. 612.

Gildandi lög um eyðingu svartbaks eru mjög úrelt orðin og, eftir því sem kunnugir menn segja, næstum dauður bókstafur. En það er staðreynd, að svartbak hefur fjölgað mjög hin síðari ár og að það hefur lítið verið aðhafzt til útrýmingar honum. Laun þau, sem eldri lög gera ráð fyrir, að veiðimenn skuli hljóta fyrir unninn svartbak, eru svo lág, að það hvetur ekki til framkvæmda í þessum efnum. En bændur, sem verða fyrir búsifjum af þessum vargi, hafa mjög takmarkaða möguleika til þess að stunda fuglaveiðar, bæði vegna mannfæðar víða og strjálbýlis. Málum er því þannig komið í þessum efnum, að svartbakurinn gerist æ aðgangsharðari með ári hverju, og horfir til stórvandræða víða í æðarvarpi, þar sem fuglinn hefur naumast nokkurt griðland orðið fyrir þessum gráðuga vargfugli. Þó ógnar svartbakurinn og andastofninum og etur ómælt af laxaseiðum og smásilungi. Það eru að vísu til bændur, sem hafa nokkur not af svartbaknum og hafa veruleg hlunnindi af eggjatöku, en það er hverfandi á móti því tjóni, sem fuglinn vinnur annars staðar. Ég hygg, að það sé skoðun allra, sem fylgjast með háttalagi svartbaksins og hinni öru fjölgun hans, að það sé mál til þess komið að hefja öfluga herferð gegn honum.

Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, eins og ég gat um áðan, að veiðistjóri taki að sér umsjón eyðingaraðgerðanna undir stjórn Búnaðarfélags Íslands, og heimilt er skv. frv. að ráða sérstaka menn til veiðanna lengri eða skemmri tíma, auk hækkaðra skotmannslauna, má vænta þess, að frv., ef að lögum verður, geti stuðlað að því, að svartbaknum verði fækkað verulega á skömmum tíma. Og það er áreiðanlegt, að það er fyllilega mál komið til þess að hefja öfluga herferð gegn þessum gráðuga fugli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 683).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 434, sem hér er til 2. umr., hefur legið fyrir landbn. hv. d. Segja má í skemmstu máli, að þetta sé tilraun til þess eða einn liður í því, sem nú er mikið reynt, að taka vísindin og tæknina í þágu atvinnuveganna. En þó að það láti kannske ekki mikið yfir sér, er það um það að reyna nýjar aðferðir við eyðingu og útrýmingu svartbaks, sem er aðalbölvaldur og meinvættur við æðarvarp hér á landi. En það er enginn vafi á því, að í æðarvarpinu eru fólgnir miklir framtíðarmöguleikar, ef hægt er að auka það, og þess vegna mælir landbn. einróma með því, að þetta frv. verði samþ.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Lögin um eyðingu svartbaks, sem voru eða eru nú enn í gildi raunar, þau eru nokkurn veginn eins vitlaus og þau geta verið. Verðlaunin fyrir að eyða svartbak er sem svarar fyrir skotinu, þannig að menn hafa ekkert fyrir erfiði sitt eða byssuleigu, og svo fá þeir ekkert fyrir að drepa ungana. Ef einhver hagsýni væri við þetta, þá ætti að verðlauna það að taka ungana, en menn hafa ekki nennt að vera að elta þessa unga, meðan þeir eru ófleygir, þeir fá ekkert fyrir það. Ég veit það, að í minni sýslu, var mér sagt, komu þeir með einhvern skanka af unga og vildu fá eitthvað fyrir það og fengu ekki neitt, og þá geta menn ekkert verið að erfiða við það. En auðvitað er það það, sem eyðir svartbaknum kostnaðarminnst, það er að hirða ungana, meðan þeir eru ófleygir.

Við vitum það, að svartbakurinn gerir ekkert gagn, en mikið illt af sér. Nú var það bannað með lögum að eitra, en hann drapst talsvert af eitri. Þegar hætt var að eitra og enginn fékk neitt fyrir af kála ungunum, þá auðvitað fjölgaði svartbaknum ákaflega ört.

Ég álít, að þetta frv. sé millistig á milli þess, sem viturlegt er, og þess, sem vitlausast er, þannig að nú ætlar ríkið að taka í sínar hendur eða í hendur veiðistjóra sennilega að sjá um það að reyna að eyða svartbaknum. En menn eiga ekkert að fá fyrir að ná í unga, eða það eru engin verðlaun fyrir það eða ekki neitt fyrir það, þannig að þetta er nokkurs konar millistig. Ef það ætti að vera eitthvert vit í þessu frv., þá á eðlilega að borga mönnum sæmilega þóknun fyrir að skila væng af unga, ófleygum unga, og þá þyrfti ríkið engu öðru fé að eyða í þetta.

En þessi lög eru skárri en þau lög, sem nú eru í gildi, — þessi lög, sem við erum með núna, — þannig að ég vildi ekki tefja frv. eða spilla því, að það kæmist fram, því að það er þó betra en þau lög, sem nú eru. En ef við vildum nota einhverja hagsýni viðvíkjandi þessu atriði, þá á bara að borga mönnum hæfilega þóknun fyrir að ná í ungana, meðan þeir eru ófleygir, og þá þarf ríkið ekkert að skipta sér af þessu.

En annars er nú lítið hugsað um sparnað. Þetta er hliðstætt ýmsu öðru í okkar þjóðfélagi. Það væri hægt að reka þjóðarbúið af miklu meiri hagsýni en gert er. En þetta er bara eitt smáatriði. Sennilega kostar þetta svona hálfa eða heila milljón. En það get ég ómögulega skilið, að það sé hagkvæmara að senda veiðistjóra með bíla og byssur og marga aðstoðarmenn til þess að ná í ungana með ærnum kostnaði heldur en að láta viðkomandi aðila, þar sem svartbakurinn verpir, því að hann verpir nú yfirleitt þar sem sandar eru og á vissum stöðum í hverju héraði, — heldur en láta þá hafa eðlilega þóknun fyrir að hirða þessa unga, þegar þeir eru ófleygir.

Ég vildi aðeins benda á þetta. Ég held, að ég greiði atkvæði með þessu eftir atvikum. Það er betra en þau lög, sem nú eru í gildi, en langt frá því að vera gott. En ég sé ekki, að það þýði að vera að gera brtt. eða ágreining um þetta mál, eins og sakir standa. Þetta er bara eitt af þeim atriðum, sem hægt er að framkvæma af meiri hagsýni en lítur út fyrir, að eigi að gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 713).

---

80. Eftirlaun ráðherra.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlaun ráðherra [195. mál] (þmfrv., A. 538).

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um eftirlaun ráðherra er samið af

n., sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka, en í n. áttu sæti 4. þm. Norðurl. (EI) og 2. þm. Austf. (HÁ) auk okkar flm. þessa frv.

Jafnframt samningu þessa frv., sem hér er til umr., samdi n. einnig frv. það, sem einnig hefur verið útbýtt, um lífeyrissjóð alþingismanna, en þegar lögin um þingfararkaup alþingismanna voru hér til umr. fyrir um það bil einu og hálfu ári, var þessi þáttur laganna um lífeyrissjóð og eftirlaun látinn bíða þar til nú. Umrædd tvö frv. eru því nánast framhald þeirrar endurskoðunar, sem þá átti sér stað.

N. hafði í störfum sínum samráð við tryggingafræðinga, en að því loknu var málið lagt fyrir þingflokkana alla og rætt þar og hefur hlotið samþykki þeirra allra.

Meginbreytingin, sem í frv. þessu felst, er, að gert er ráð fyrir, að nú verði stofnaður lífeyrissjóður eða eftirlaunasjóður ráðherra, sem er hliðstæður og alger hliðstæða við lífeyrissjóð alþingismanna, og að þessir sjóðir báðir verði sérstakar deildir í hinum almenna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Áður var enginn sérstakur eftirlaunasjóður ráðherra, og er þetta frv. því nýmæli, en eins og frv. gerir ráð fyrir, er lagt til, að hann verði nú stofnaður.

Í báðum umræddum frv. er gert ráð fyrir, að halli kunni að verða á sjóðunum, svo sem nokkur reynsla er af um lífeyrissjóð alþingismanna, þ. e. að iðgjöld endist ekki til greiðslu eftirlauna. En þá er svo fyrir mælt, sbr. 8. gr. frv., og er samhljóða ákvæði í því frv., sem liggur fyrir hv. Nd. um lífeyrissjóð alþingismanna, að hallinn verði greiddur úr ríkissjóði.

Ég tel ekki þörf á því, jafngóðar skýringar og eru við einstakar greinar frv., að fara efnislega út í það frekar, og samkvæmt undirbúningi málsins öllum væri e. t. v. ekki þörf á því, að málinu væri vísað hér til n., því að nánast er frv. flutt af n., þó að við vegna deildaskiptingar á Alþingi höfum skipt með okkur verkum þannig að flytja frv. sitt í hvorri deild nú, til þess að þau næðu sem fyrst fram að ganga. Ég tel þó rétt, til þess að að því verði ekki fundið síðar meir, að málið hafi ekki fengið þinglega meðferð, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn., en óska þess jafnframt, að hún hraði afgreiðslu þess, til þess að það geti hlotið endanlegt samþykki Alþingis, enda ætti ekki, svo sem ég áðan greindi, að þurfa að vera sérstaklega mikil vinna við afgreiðslu málsins þar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 538, n. 595).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið undirbúið af nefnd, sem var skipuð fulltrúum allra þingflokka, jafnhliða því sem sú sama nefnd undirbjó frv. til laga um eftirlaun alþm., sem hér hefur einnig verið til umr. Þetta frv. hefur verið rætt í öllum þingflokkunum og tekin þar afstaða til þess, og þm. hafa þannig haft tækifæri til að kynna sér öll efnisatriði frv. Ég sé því ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði, nema sérstakt tilefni gefist til. Fjhn. hefur athugað frv. og mælir öll með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 538, n. 671).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Ed., en þar var það afgreitt ágreiningslaust. Fjhn. Nd. hefur haft málið til meðferðar og er sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt hér í þessari hv. þd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

81. Kostnaður við skóla.

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um kostnað við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum [63. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 15. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Oddur Andrésson): Herra foseti. Frv. það til l., sem hér er tekið til 1. umr. í hv. þd., er flutt til þess að fá lögfest breytt orðalag þess kafla skólakostnaðarlaganna, er kveður á um greiðslu vinnulauna við matseld í heimavistum barna- og unglingaskóla skyldunámsins.

Með lögum nr. 94 23. júní 1936 er ákveðið, að laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum skuli greidd úr ríkissjóði. Þá þegar kemur fram á hv. Alþingi vilji til þess að jafna þann aðstöðumun, sem á því er, að ungmenni geti stundað nám frá eigin heimili eða verði að fara til vistar í skóla. Námsskyldu lauk þá með fullnaðarprófi á því ári, sem barn varð 14 ára, og því ekki annar skóli en barnaskóli til skyldunáms. Við endurskoðun fræðslulaganna 1946 er skólaskyldan lengd og náminu skipt þannig, að barnaskólanámi lýkur með barnaprófi á því ári, sem nemandinn verður 13 ára, en námsskyldu lýkur með unglingaprófi við 15 ára aldur. Um þetta segir í 11. gr. III. kafla l. nr. 48 7. maí 1946, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er hverjum, sem lokið hefur barnaprófi, að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunámi með unglingaprófi á því ári, sem nemandi verður 15 ára."

Um kostnað við skólahald segir enn fremur í 51. gr. IX. kafla l. frá 29. apríl 1946:

„Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna í opinberum skólum veitist ókeypis. Laun fastra kennara greiðast samkv. launalögum og styrkur til stundakennslu samkv. síðari málsgr. 24. gr. Við heimavistarskóla greiðir ríkissjóður einnig laun ráðskonu svo og við heimangönguskóla borgun til bifreiðarstjóra skólabifreiðar."

Þar sem skólahéruð hafa sameinazt um byggingu heimavistarskóla fyrir barna- og unglingafræðslu skyldunámsins, hefur verið talið eðlilegt, að ríkissjóður greiddi öll vinnulaun við matreiðslu. En þar sem heimavistum hefur verið komið upp við heimangönguskóla í þéttbýli fyrir unglinga skyldunámsstigs úr öðrum skólahéruðum í grennd, hefur þótt skorta lagaheimild til að ráða starfsfólk þar til matreiðslu á sama grundvelli. Hefur orðaval síðustu málsgr. 11. gr. skólakostnaðarlaganna þótt standa hér í vegi. Því er þetta frv. fram borið, og telja flm. þess, að orðalagsbreyting sú, sem frv. kveður á um, sé eðlileg og réttmæt.

Ég leyfi mér því að leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 30. apríl var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 564).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 695).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. er þmfrv., flutt í hv. Nd. Með því er lagt til, að breyting verði gerð á síðustu mgr. 11. gr. skólakostnaðarlaganna frá 1955, en sú mgr. hljóðar þannig í lögunum: „Laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum greiðir ríkissjóður að öllu leyti." Með frv. er lagt til, eins og segir í 1. gr. þess, að laun ráðskonu og önnur vinnulaun, sem þarf til matseldar í heimavistum í barna- og unglingaskólum skyldunámsins, greiði ríkissjóður að öllu leyti. Flm. gera í grg., sem frv. fylgir, grein fyrir því, hvaða ástæður liggi til þess, að þetta frv. er fram komið, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það efni umfram það, sem í grg. segir. Frv. var samþ. óbreytt í hv. Nd. Alþ. Menntmn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 737).

82. Eftirlaun alþingismanna.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlaun alþingismanna [194. mál] (þmfrv., A. 537).

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 194 ásamt hv. 3. þm. Vesturl. frv. til l. um eftirlaun alþm. Er frv. þetta annars samið af 4 þm., einum úr hverjum stjórnmálaflokki þingsins. Svo er einnig um frv. til l. um eftirlaun ráðh., sem lagt hefur verið fram í hv. Ed.

Með lögum nr. 84 frá 1953, um þingfararkaup alþm. o. fl., var stofnaður sérstakur lífeyrissjóður alþm., sem alþm. skyldu greiða iðgjöld í, 4% af þingfararkaupi sínu. Skyldi mótframlag í sjóðinn vera 6% og greiðast af alþingiskostnaði. Sjóður þessi skyldi síðan annast lífeyrisgreiðslur til fyrrv. alþm. og maka þeirra að þeim látnum eftir því, hvað þeir höfðu setið lengi á Alþ., og eftir að þeir höfðu setið þar vissan lágmarkstíma. Með l. nr. 4 frá 1964, um þingfararkaup alþm., voru ákvæði áðurnefndra laga um launagreiðslur til alþm. úr gildi felld. Hins vegar héldu áfram gildi sínu ákvæði laga þessara um lífeyrisgreiðslur til alþm., en gert var ráð fyrir því, að þau ákvæði yrðu endurskoðuð.

Í 1. gr. þessa frv. er það nýmæli miðað við gildandi lög um lífeyrissjóð alþm., að þeir skuli greiða iðgjöld í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða svokallaða alþingismannadeild þess sjóðs. Hefur á síðustu árum verið vaxandi tilhneiging til þess að líta á alþm. sem starfsmenn ríkisins eða hliðstæða þeim, meðan þeir eiga sæti á Alþ., t. d. í sambandi við launagreiðslur o. fl. Þykir því eðlilegt, að héðan í frá greiði alþm. hluta af launum sínum í sérstaka deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóti annars sömu réttinda og beri sömu skyldur og aðrir starfsmenn ríkisins, meðan þeir eiga sæti á Alþ., nema annað sé tekið fram, eins og segir í 1. gr. frv.

2. gr. þessa frv. kveður á um, við hvaða aldursmark fyrrv. alþm. eigi rétt á eftirlaunum. Er grein þessi að mestu hliðstæð 7. gr. l. nr. 84 1953, um þingfararkaup alþm. o. fl., en ákvæði um örorku, sem skapar eftirlaunarétt, þó gerð skýrari í þessari gr.

Í 3. gr. frv. felast reglur um greiðslu eftirlauna til fyrrv. þm., sem náð hafa 65 ára aldri eða eru öryrkjar, eftir því, hve langa þingsetu þeir eiga að baki sér. Er gr. þessi hliðstæð 8. gr. l. nr. 84 1953, um þingfararkaup alþm. o. fl., en þrepum í þeim stiga, sem fyrrv. alþm. taka eftirlaun eftir, er þó fjölgað í þessari gr., miðað við 8. gr. nefndra laga. Er hér gert ráð fyrir, að greiðsla eftirlauna hefjist eftir setu á Alþ. í tvö kjörtímabil eða 6 ára þingsetu samanlagt í stað þriggja kjörtímabila eða 10 ára þingsetu í gildandi lögum. Einnig er ákveðið í þessari gr. frv., að eftirlaun alþm. hækki árlega um 1% eftir samanlagt 25 ára þingsetu upp í 70% af þingfararkaupi, og er þetta ákvæði nýmæli miðað við gildandi lög.

4. gr. frv. inniheldur ákvæði um endurgreiðslu iðgjalda til þeirra þm., sem hafa ekki átt sæti á Alþ. samanlagt í 6 ár eða tvö kjörtímabil. Er gr. annars hliðstæð 9. gr. l. nr. 84 1953, en ákvæðin um endurgreiðslu iðgjalda þó gerð fyllri í frvgr. en er í gildandi ákvæðum.

5. gr. frv. er efnislega samhljóða 11. gr. l. nr. 84 1953. Fjallar gr. annars um lífeyrisgreiðslur til maka látins fyrrv. alþm.

Beina hliðstæðu 6. gr. frv. er ekki að finna í gildandi lögum um lífeyrisgreiðslu til fyrrv. alþm. Þykir annars rétt að taka það skýrt fram, svo sem gert er í þessari gr. frv., að maki alþm. eða fyrrv. alþm., sem öðlazt hefur eftirlaunarétt samkv. frv., en andast áður en hann nær 65 ára aldri, eigi rétt á að fá greiddan sama hundraðshluta af eftirlaunum hins látna maka síns og orðið hefði, ef hann hefði náð 65 ára aldri.

Með ákvæðum 7. gr. frv. á að taka af allan vafa um, að lífeyrisgreiðslur úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum skerði ekki á neinn hátt lífeyrisgreiðslur samkv. þessu frv. né skerði lífeyrisgreiðslur úr alþm.-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftirlaun, sem alþm. kunna að hafa unnið sér rétt til úr öðrum sjóðum.

8. gr. þessa frv. er efnislega samhljóða 10. gr. l. nr. 84 1953. Í báðum greinunum er ákveðið, að halli, sem verða kunni og sjálfsagt mun verða á alþm.-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem áður var lífeyrissjóður alþm., skuli greiðast af alþingiskostnaði.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum að sinni, en leyfi mér að láta í ljós þá ósk og von, að hv. d. stuðli að því, að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi, þótt mjög sé nú liðið á þingtímann.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 591).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar. Frv. er, eins og kunnugt er, samið af 4 manna nefnd, sem í átti sæti einn þm. frá hverjum stjórnmálaflokkanna, og er flutt af 2 þeirra, sem sæti eiga í þessari hv. d. Efni frv. er, eins og kunnugt er, að gera lífeyrissjóð alþm. að sérstakri deild í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og gert ráð fyrir, að þeir búi þar við sömu skyldur og sömu réttindi og aðrir starfsmenn, að svo miklu leyti sem það getur átt við um það sérstæða starf, sem þingmennskan er. Þær sérstöku breytingar, sem þetta hefur í för með sér, hafa verið raktar við framsögu málsins við 1. umr., og skal ég ekki endurtaka það. En fjhn. hv. d. leggur einróma til, að málið verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 665).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af n., sem skipuð var fulltrúum allra þingflokkanna. Um þetta mál hefur verið fjallað í hverjum einstökum þingflokki og tekin jákvæð afstaða til frv. og einróma. Þar sem menn eru þannig vel kunnugir öllum málsatriðum, sé ég ekki ástæðu til að rekja efni frv., nema sérstakt tilefni gefist til. Fjhn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 740).

---

83. Sala landspildna úr Garðatorfunni og þriggja jarða.

Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu [151. mál] (þmfrv., A. 321).

Á 51. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum hv. þdm. að flytja hér frv. á þskj. 321 um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Garðahreppi í Gullbringusýslu landspildu úr Garðastorfunni fornu. Eins og fram kemur í grg., er frv. þetta flutt að beiðni sveitarstjórnar Garðahrepps, og í bréfi því, sem prentað er hér sem fylgiskjal, skýrir frv. sig að öllu leyti. Hér er um að ræða aukna byggð í Garðahreppi, og það, sem sveitarstjórnin fer fram á, er einfaldlega, að ríkisstj. verði heimilað að selja nokkrar jarðir, sem eru í eign ríkisins, til þess að hreppsnefndin hafi meiri möguleika á því að skipuleggja það svæði, sem það þéttbýli er á, sem nú hefur myndazt í hreppnum. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. yrði vísað að lokinni þessari umr. til hv. landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt í sambandi við þetta, sem ég vildi biðja þá n. að athuga, sem þetta mál fer til. Þegar ríkið selur svona jarðir eða landspildur eða jarðarparta, þá finnst mér rétt, að því fylgi þau skilyrði, að viðkomandi hreppur megi ekki selja þetta aftur, þannig að það sé tryggt, að það varðveitist í eign hreppsins og að þær lóðir, sem lagðar eru undir hús og slíkt, verði eign hreppsins áfram. Við vitum það allir, sem höfum vaxið upp í þéttbýlinu á Íslandi, hvað það er dýrmætt, að bæirnir eigi sjálfir þær lóðir, sem þeir byggjast á, og þetta er regla,

sem við eigum að framkvæma. Þetta er regla, sem Alþingi hefur raunar þegar slegið fastri með því að gera sérstakar ráðstafanir til að heimila bæjum að eignast þau lönd, sem bæirnir byggjast á, að þar sem þéttbýli er að verða mest á Íslandi, eins og hér í nánd við Reykjavík, er þetta náttúrlega alveg sérstaklega nauðsynlegt. Ég vildi aðeins skjóta þessu fram, um leið og þetta mál fer til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, n. 592, 593).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er um heimild til sölu á þremur jarðeignum. Þetta var lagt fyrir Alþ. í þremur frv., en við athugun á þeim í hv. n. varð það að niðurstöðu að sameina þau í eitt í frv., undir frv. um sölu landspildu úr Garðatorfu. N. sendi öll þessi mál til umsagnar, svo sem venja er til, bæði til jarðeignadeildar og landnámsstjóra, og það bárust umsagnir um öll þessi mál frá báðum þessum aðilum, og voru þær allar jákvæðar. Að því er varðar jörðina Vindheima í Neskaupstað, kom fram athugasemd frá 3 mönnum, sem hafa haft jörðina til nota í Norðfirði, þar sem þeir bentu á, að þeir kynnu að eiga rétt samkv. ábúðarlögum til kaupa eða forkaupsrétt. Þó að n. mæli með, að þessi heimild verði veitt, þá er ekki tekin nein afstaða til þess réttar, sem þessir menn kunna að eiga að öðrum lögum. Ég tel rétt að taka þetta fram hér við þessa umr. En að því er snertir þriðju jörðina, sem er eyðijörð, Eiríksstaðir í Beruneshreppi, þá liggur fyrir, að hreppsnefnd mælir með, að jörðin verði seld þeim ábúendum, sem tilgreindir eru, og enn fremur liggja fyrir meðmæli frá héraðsráðunautum á Austurlandi. Sem sagt: Ég fjölyrði ekki meira um málið, en nefndin varð einhuga um, að það væri einfaldari afgreiðsla, þar sem enginn ágreiningur var um þessi þrjú mál, að sameina þau í eitt, og er þess vegna flutt brtt. sú, sem hér fylgir, við frv. um sölu á landspildu úr Garðatorfunni.

ATKVGR.
Brtt. 593,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 593,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 593,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og tvær jarðir.

Á 82. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 623, 641).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þegar mál þetta lá fyrir landbn. fyrir 2. umr., hafði borizt til n. bréf frá sveitarstjórninni í Garðahreppi um sölu á jörðinni Bala í Garðahverfi eða ósk um, að heimild væri tekin í frv. um að selja jörðina Bala hreppsnefnd Garðahrepps. Þá lá ekki fyrir í n. umsögn frá jarðeignadeildinni, svo að það var ákveðið að bíða með að afgreiða þetta mál, þangað til sú umsókn hefði borizt. Nú hefur hún komið til n. og er jákvæð, og þess vegna stendur n. einróma að brtt. á þskj. 641, þar sem lagt er til, að inn komi á eftir 3. lið nýr liður, sem verði 4. liður, svo hljóðandi: „Garðahreppi jörðina Bala í Garðahverfi" — og enn fremur, að fyrirsögnin breytist, að fyrir „tvær jarðir" komi: þrjár jarðir.

ATKVGR.
Brtt. 641,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 641,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 652).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 652, n. 696).

Frsm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta kom frá Nd. og til orðið með sameiningu þriggja frv., sem hafa legið fyrir hv. Alþ. á þskj. 235, 321 og 491. Frv. er um heimild fyrir ríkisstj. til að selja í fyrsta lagi Garðahreppi landspildu úr Garðatorfunni fornu, í öðru lagi bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheima í Neskaupstað, í þriðja lagi Hermanni Guðmundssyni bónda á Eyjólfsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda í Lindarbrekku sama hreppi eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal og í fjórða lagi Garðahreppi jörðina Bala í Garðahverfi.
Landbn. hefur fjallað um frv. og skilað áliti á þskj. 696 og mælir einróma með því, að það verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 753).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 51. fundi í Sþ., 10. maí, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver flokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, hin fyrri 25—30 mín., en hin síðari 20—25 mín. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ræðumenn verða fyrir Alþb. í fyrri umferð Lúðvík Jósefsson, í síðari umferð Eðvarð Sigurðsson og Gils Guðmundsson, fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Bjarni Benediktsson og í síðari umferð Gunnar Thoroddsen, fyrir Framsfl. í fyrri umferð Eysteinn Jónsson, í síðari umferð Halldór E. Sigurðsson og Ingvar Gíslason, fyrir Alþfl. í fyrri umferð Emil Jónsson og í síðari umferð Jón Þorsteinsson.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls Lúðvík Jósefsson og talar fyrir hönd Alþb.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hefur verið mikið um að vera á Alþ. síðustu dagana. Þegar rúm vika var til þingloka, var sem stjórnarliðið tæki skyndilega kipp eftir mók og ráðleysi vetrarins. Hvert stórmálið af öðru var lagt fyrir Alþ., og önnur mál, sem legið höfðu fyrir þinginu alllengi, en ríkisstj. haldið hreyfingarlausum í sínum höndum, öll áttu þessi mál nú að afgreiðast umræðu- og athugunarlítið á örfáum dögum. Í málefnaflóði síðustu daga hefur m. a. verið frv. um stórvirkjun í Þjórsá, skýrsla um alúmínmálið, frv. um nýtt innanlandslán ríkissjóðs og bann við verkfalli flugmanna, svo að nokkuð sé nefnt. Auk þessa hefur svo átt að afgreiða á sömu dögunum frv. um skattalög, frv. um útsvör, frv. um húsnæðismál og svo innan um þessi stórmál og ýmis önnur fleiri hið sérstaka áhuga- og kappsmál ýmissa stjórnarstuðningsmanna, frv. um að leyfa á ný minkaeldi í landinu.

Óðagot stjórnarliðsins nú í þinglokin kom í framhaldi af næsta einkennilegum vinnubrögðum í vetur. Rúmum mánuði eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt fyrir yfirstandandi ár, tilkynnti ríkisstj., að hún hefði ákveðið að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda frá nýlega samþ. fjárl. um 20% eða um 120 millj. kr. Um sama leyti var farið að tala um, að fjárhagur ríkisins væri ekki sem beztur þrátt fyrir allar álögurnar, og frá Seðlabankanum bárust tilkynningar um, að staða ríkissjóðs við bankann færi sívaxandi. Nokkurs kurrs hefur gætt í liði stjórnarinnar, einkum utan þings, og mikil óánægja hefur komið fram hjá framámönnum í ýmsum starfsgreinum. Skattgreiðendur telja sig herfilega svikna af loforðum stjórnarinnar. Innlendur iðnaður á í vök að verjast, segja forsvarsmenn hans. Sjávarútvegsmenn héldu nýlega mikinn fund hér í Reykjavík og töldu sjávarútveginn að þrotum kominn þrátt fyrir mikinn afla og hátt verð á erlendum mörkuðum. Sá ráðh., sem bezt útsýni hefur haft af stjórnarheimilinu, hefur sagt af sér og er farinn frá. Sagt er, að fleiri ráðh. svipist nú um eftir betri störfum.

Þeir, sem í upphafi viðreisnar voru æði kotrosknir og kunnu ráð við öllum vanda, eru nú fremur tætingslegir og ekki eins hnakkakerrtir og í upphafi. Hvað hefur í rauninni gerzt á stjórnarheimilinu, sem veldur þessum umskiptum? Í stuttu máli er það þetta: Þeir, sem lofuðu að fella niður skatta af almennum launatekjum, hafa þvert á móti stórhækkað skatta á slíkum tekjum. Árið 1960, fyrsta ár viðreisnarinnar, var tekjuskatturinn samkv. ríkisreikningi 97 millj. kr. Í ár, 1965, er þessi skattur áætlaður á fjárl. 375 millj. kr. og fer ábyggilega í reynd yfir 400 millj. Þeir, sem ætluðu að draga úr álögum, lögðu á söluskatt í smásölu árið 1961, 102 millj. kr., en nú árið 1965 er sami skattur áætlaður á fjárl. 923 millj. kr. Sá skattur hefur nífaldazt. Þeir, sem lofuðu afnámi styrkja- og uppbótakerfisins, eru nú að kikna undan niðurborgunum og styrkjagreiðslum, sem fara munu yfir 800 millj. kr. á þessu ári. Þeir, sem lofuðu stöðugu verðlagi, standa nú mitt í sínu eigin dýrtíðarflóði og ráða ekki við neitt. Í stjórnartíð viðreisnarinnar hefur hækkun á almennu vöruverði og þjónustu í landinu numið 91%. Þeir, sem lofuðu, að launakjör skyldu ákveðin með samningum atvinnurekenda og launþega án ríkisafskipta, beita nú ríkisvaldinu svo að segja í öllum tilfellum, þegar semja á um kaup og kjör.

Ástæðurnar til óðagots stjórnarliðsins á Alþ. þessa dagana, ástæðurnar til þess, að breyta þurfti í skyndi nýsamþykktum fjárl., ástæðurnar til aðgerðaleysis á Alþ. í vetur, og ástæðurnar til ráðherraskiptanna í ríkisstj. eru fyrst og fremst þær, að stefna ríkisstj., viðreisnarstefnan, hefur farið út um þúfur. Hagstjórnartæki efnahagsráðunauta ríkisstj. hafa reynzt ónýt. Gengislækkunarráðin hafa leitt til óviðráðanlegra verðhækkana og til gróða fyrir skuldara. Vaxtahækkunin hefur leitt til hækkandi verðlags. Söluskattsstefnan hefur hækkað verð á nauðsynjum og fært kaupmönnum og milliliðum aukinn gróða. Hin frjálsa verðlagning hefur leitt til hækkandi álagningar og hærra vöruverðs. Hagræðingarstefna ríkisstj. og loforðin um sparnað hafa snúizt upp í stóraukna eyðslu og hækkuð ríkisútgjöld. Frystingin á sparifé hefur leitt af sér lánsfjárkreppu og óheilbrigð viðskiptakjör. Þannig hefur viðreisnin í einu og öllu farið út um þúfur.

Og nú um miðjan maímánuð er ærinn vandi á höndum. Svo að segja allar launastéttir landsins krefjast hærri launa. Flest stærstu verkalýðsfélögin í landinu hafa sagt upp gildandi kjarasamningum frá 5. júní n. k. að telja. Kröfur launastéttanna eru studdar augljósum og ómótmælanlegum rökum. Laun hafa hækkað um minna á undanförnum árum en almennt verðlag í landinu. Afkoma þjóðarbúsins alls hefur þó verið mjög góð. Mikill og vaxandi sjávarafli hefur s. l. 4 ár orðið til þess ásamt með síhækkandi markaðsverði erlendis, að þjóðartekjurnar hafa hækkað mikið og meir en í nálægum löndum. Viðreisnarstefnan hefur engan þátt átt í þessari hagstæðu þróun þjóðarteknanna. Þvert á móti stóðu efnahagssérfræðingar viðreisnarinnar gegn kaupum á fiskiskipum og byggingu verksmiðja, sem vinstri stjórnin hafði efnt til og síðan gerðu mögulegar síldveiðar og síldarvinnslu á þeim grundvelli, sem þetta er rekið á nú. Fyrir ári veittu launþegasamtökin ríkisstj. og atvinnurekendum frest til þess að búa sig undir þá óhjákvæmilegu launahækkun, sem nú verður knúin fram.

Ríkisstj. hefur við engan að sakast um þennan vanda, sem hún nú stendur frammi fyrir, nema sjálfa sig og sína efnahagssérfræðinga. Kjarni þeirrar efnahagsstefnu, sem leitt hefur út í þær ógöngur, sem nú er komið í, er sú kenning, að setja beri ofar öllu öðru í efnahagsmálum þjóðarinnar sjónarmið gróðans. Rétt hefur þótt og hagkvæmt að gefa þessari gróðakenningu ýmis falleg nöfn. Stundum hefur hún komið fram undir nafninu frjáls verzlun, frjáls álagning, frjáls fjárfesting, frjáls viðskipti eða frjálsir atvinnurekendur, frjálst efnahagslíf, frjálsir einstaklingar. En hver hefur verið kjarni þessa frelsis? Hann hefur verið sá, að nokkrir einstaklingar í þjóðfélaginu hafa haft frelsi til að hækka álagningu á almennri nauðsynjavöru. Hann hefur komið fram í því, að fáir einstaklingar, sem verzlað hafa með íbúðarhúsnæði, hafa haft frelsi til þess að taka til sín óhóflegan gróða af slíkum viðskiptum. Frelsið hefur birzt í rétti fárra til að græða. Það hefur birzt í rétti fárra til að ráðskast með gjaldeyri þjóðarinnar, í rétti til að fjárfesta eftir gróðasjónarmiðum, í rétti hinna ríku til þess að græða meira og meira á kostnað þjóðarheildarinnar.

Þessi stefna hins óhefta gróða, þessi stefna brasks og eyðslu hefur þegar kostað þjóðina mikið. Stefna gróðahyggjunnar og hins falska frelsis hefur leikið atvinnuvegi þjóðarinnar hart. Hún hefur féflett þá og gert þá vanmegnuga að standa undir skyldum sínum við það fólk, sem við undirstöðuatvinnuvegina vinnur. Það hljómar eins og öfugmæli að heyra það nú, að sjávarútvegur landsmanna geti ekki hækkað laun til starfsfólks síns í metaflaári og á sama tíma og útfluttar sjávarafurðir hafa hækkað í verði á erlendum markaði um 7—8% á einu ári. Ég hygg, að framleiðsluvörur þýðingarmestu greinar sjávarútvegsins hafi hækkað í verði á erlendum markaði um 10% á s. l. ári, en það samsvarar 50% hækkun á öllu kaupi starfsfólks þessarar framleiðslugreinar. En þrátt fyrir þessi ytri skilyrði er sagt, að þessi framleiðslugrein geti ekki staðið undir hærra kaupgjaldi en nú er greitt. Hvað hefur orðið af hinum mikla hagnaði aukins afla og hækkaðs markaðsverðs? Jú, ríkissjóður hefur tekið til sín mikinn hluta hagnaðarins, og dýrtíðar- og gróðahyggjustefnan hefur tekið hinn hlutann.

En það má ríkisstj. vita, að útilokað er með öllu, að launastéttir landsins sætti sig við óbreytt launakjör og það í vaxandi dýrtíð, á sama tíma sem ytri efnahagslegar aðstæður eru jafngóðar og nú. Röng efnahagsstefna ríkisstj. verður ekki látin stöðva réttmætar kröfur vinnandi fólks. Og mitt í þeim vanda, sem ríkisstj. nú á í með efnahags- og fjármál þjóðarinnar, tilkynnir hún, að það sé ætlun hennar að semja við erlendan auðhring um byggingu alúmínverksmiðju í nágrenni Hafnarfjarðar og ráðast jafnframt í byggingu stórvirkjunar við Þjórsá, m. a. til þess að sjá alúmínverksmiðjunni fyrir raforku. Bygging alúmínverksmiðjunnar er áætlað, að kosti um 2500 millj. kr. Bygging raforkuvers í Þjórsá mun ekki kosta undir 2000 millj. kr. Hér er því um byggingarframkvæmdir að ræða, sem kosta munu 4½—5 milljarða ísl. kr. samanlagt. Ráðgert er, að Íslendingar eigi raforkuverið og selji auðhringnum raforkuna á föstu verði með fyrirframsamningi til langs tíma. Auðhringurinn á að hafa rétt til rakorkukaupanna í 45 ár. Áætlað er, að alúmínhringurinn greiði 10¾ úr eyri fyrir hverja kwst. af raforku og það verð standi óbreytt a. m. k. í 15 ár. Þetta raforkuverð er miðað við knappan lágmarksframleiðslukostnað samkv. þeim byggingaráætlunum, sem fyrir liggja. Byggingaráætlanir eru miðaðar við verðlag ársins 1964, en byggingarframkvæmdir munu standa í 3 ár. Augljóst er, að byggingarkostnaður hlýtur að fara langt fram úr áætlun vegna verðhækkana, sem þegar hafa orðið og hljóta að verða á næstu 3 árum. Fari svo framkvæmdakostnaður fram úr áætlun að öðru

leyti, eins og venja hefur verið, getur enginn vafi leikið á, að stofnkostnaður virkjunarinnar fer langt fram úr áætluðu verði. Þá hafa færustu virkjunarsérfræðingar Íslendinga bent á, að óhjákvæmilegt muni reynast að gera viðbótarmannvirki fyrir ofan virkjunarstað til þess að auka öryggi í rekstri orkuversins vegna óvenjumikils ísskriðs og aurframburðar í ánni. Slíkar framkvæmdir kosta stórfé. Þá er augljóst, að grípa verður til rekstrar varaaflstöðva til þess að tryggja alúmínverksmiðjunni næga raforku í vissum tilfellum. Allur þessi kostnaður lendir á hluta Íslendinga í orkuverinu, þar sem raforkuverðið til alúmínverksmiðjunnar er ákveðið fyrir fram og miðað við áætlaðan stofnkostnað, ekki við stofnkostnað eins og hann verður, heldur áætlaðan stofnkostnað og áætlaðan rekstrarkostnað án truflana. Í frv. ríkisstj. um virkjun í Þjórsá er ákveðið, að ný regla skuli upp tekin um verðlagningu á rafmagni til Íslendinga. Ráðgert er að stórauka álagninguna frá því, sem verið hefur.

Ljóst er af því, sem hér hefur verið sagt, að raforkuverð til landsmanna mun tvímælalaust hækka, en ekki lækka frá því, sem nú er, a. m. k. fyrstu 15—20 árin frá byrjun þessara framkvæmda.

Séu raforkumál landsmanna skoðuð nokkru nánar og raforkuþörfin metin, eins og hún mundi verða á næstu 20 árum, sést enn betur, að fyrirhuguð fyrirframsala á raforkunni úr Þjórsárvirkjuninni til alúmínverksmiðjunnar er hið mesta glapræði. Sérfræðingum ber saman um, að raforkuþörf landsmanna muni tvöfaldast á hverju 10 ára tímabili. Nú er heildarraforka landsins í uppsettu vélaafli um 150 þús. kw. Samkv. reglum sérfræðinganna þyrftum við því að ráðast í nýjar virkjanir, sem nema 150 þús. kw. á næstu 10 árum, og á næsta 10 ára tímabili þar á eftir þyrftum við að virkja 300 þús. kw. til viðbótar. Á næstu 20 árum þyrftum við því að virkja fyrir innlendan markað okkar sjálfra um 450 þús. kw. Ráðgert er, að Íslendingar fái í sinn hlut úr 210 þús. kw. virkjun við Búrfell aðeins 84 þús. kw. Umfram þá orku þyrftum við því að virkja sem næmi 366 þús. kw. á næstu 20 árum. Þá orku yrðum við að sækja í aðrar virkjanir en Búrfellsvirkjun á næstu 20 árum, því að orkan þaðan, sem talin er vera ódýrasta raforkan, sem við eigum kost á, væri bundin með fyrirframsamningi alúmínverksmiðjunni. Fyrirframsala á þessari ódýru orku og það sennilega langt undir framleiðslukostnaðarverði er því vægast sagt óhyggileg.

Hagur landsmanna af rekstri alúmínverksmiðjunnar yrði ekki mikill. Gert er ráð fyrir, að verksmiðjan gæti greitt í skatt 50 millj. kr. á ári, en jafnframt á ríkið að gefa eftir öll aðflutningsgjöld af byggingarefni og vélum verksmiðjunnar. Sú eftirgjöf mundi nema um 20% af stofnkostnaði verksmiðjunnar eða um 500 millj. kr. Skatturinn fyrstu 10 árin, 50 millj. á ári, næmi því aðeins sömu fjárhæð og tolleftirgjöfin af byggingarframkvæmdunum, en slíka tolla verða fyrirtæki landsmanna sjálfra að greiða auk venjulegrar skattgreiðslu. Laun 450 Íslendinga, sem ráðgert er að ynnu í verksmiðjunni, yrðu varla hærri en 200 þús. kr. að meðaltali á mann eða um 90 millj. kr. á ári. Gjaldeyristekjur af verksmiðjunni yrðu því varla meiri fyrstu árin en 100—140 millj. kr. Slík upphæð er ekki ýkjahá, þegar þess er gætt, að sjávarútvegur okkar leggur um 5000 millj. kr. í gjaldeyri í þjóðarbúið á hverju ári.

En hverjar yrðu afleiðingarnar af fjárfestingu hér suðvestanlands, sem næmi 4500—5000 millj. kr. í þessum tveimur fyrirtækjum á 3 árum? Hverjar yrðu afleiðingarnar hjá öðrum atvinnugreinum, þegar þessar framkvæmdir tækju til sín 1—2 þús. menn í 3 ár í vinnu, þegar þess er gætt, að nú skortir stórlega vinnuafl við framleiðslustörf? Og hverjar yrðu afleiðingar slíkrar fjárfestingar sem þessarar fyrir jafnvægið í byggð landsins, eða hvaðan á vinnuaflið að koma? Og hverjar yrðu afleiðingarnar af þeirri grundvallarstefnubreytingu að heimila erlendu einkafjármagni aðstöðu til atvinnurekstrar í landinu og það með sérstökum réttindum umfram landsmenn sjálfa? Hver mundu viðbrögð íslenzkra stjórnarvalda verða, þegar annar erlendur auðhringur kæmi í kjölfar alúmínhringsins og óskaði eftir sams konar fríðindaaðstöðu til þess að reisa hér og reka nokkur stórfyrirtæki í fiskiðnaði? Hverju mundu núv. stjórnarvöld svara, ef svissneski auðhringurinn Nestle, einn af 10 stærstu auðhringum veraldar, óskaði eftir slíkum réttindum til fiskvinnslu hér á landi? Hann hefur þegar komizt inn í hraðfrystifiskiðnaðinn í Noregi og nú nýlega einnig í Kanada. Hverju yrði svarað, ef hann byði að greiða 10% hærra verð fyrir fiskinn en nú er greitt á Íslandi, en slíkt væri auðvelt fyrir hringinn í fyrstu lotu? Og hverju mundu núv. stjórnarvöld svara tilboði frá brezka auðhringnum Unilever, sem er einn stærsti auðhringur í heimi á sviði olíu og feitmetis, ef hann byðist til þess að reisa hér lýsisherzlustöð og hækka lýsisverðið um 10%, fengi hann alla framleiðslu okkar til langs tíma? Ætli sjónarmið gróðans segðu þá ekki til sín, ef slík tilboð kæmu? Má ekki telja víst, að fleiri auðhringar en alúmínhringurinn gætu valið sér rétta umboðsmenn hér á landi, umboðsmenn, sem vildu vera í stjórn hinna miklu fyrirtækja þeirra, menn, sem vildu gerast lögfræðingar hinna fésterku auðhringa, menn, sem fljótir yrðu að renna á hljóð gróðans, sem jafnan fylgir stórum auðhringum? Jú, það er ekki aðeins hætt við því, — það er alveg víst.

Sú ákvörðun að stíga það örlagaskref að heimila erlendu auðfélagi aðstöðu til atvinnurekstrar í landinu og það með forréttindum mundi vissulega draga dilk á eftir sér. Sú ákvörðun mundi efalaust leiða til þess, að stigið yrði annað skref og þriðja skref og kann-

ske mörg fleiri skref í sömu átt. Hætt er við, að brátt yrði lítið eftir af efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, þegar sú stefna væri upp tekin. Núv. ríkisstj. hefur lengi verið veik fyrir áróðri þeirra manna, sem lofað hafa ágæti erlendrar stóriðju, og í erfiðleikum sínum við að framkvæma vonlausa efnahagsmálastefnu hefur hún í vaxandi mæli tapað trúnni á íslenzkum atvinnuvegum og getu landsmanna sjálfra til að ráða fram úr málefnum sínum.

Á sambandsþingi ungra sjálfstæðismanna fyrir rúmu ári sagði hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, það, sem hér skal eftir honum haft orðrétt, — forsrh. sagði: „Með stóriðju skapast traust og festa í efnahagslífinu.“ Forsrh. sagði enn fremur, að hann efaðist um, að nokkurt annað sjálfstætt ríki byggði velgengni sína á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpið. Og enn sagði forsrh., að við *hefðum séð þess dæmi*, að *jafnvel* velmegun gæti komið jafnvæginu úr skorðum. Og ályktunarorð forsrh. voru: „Meginverkefnið fram undan er að nýta betur fallvötnin og efna til stóriðju.“

Þannig var skoðun forsrh. mótuð af vantrausti á íslenzkum sjávarútvegi og svartsýni á því, að hægt væri að ráða við efnahagsmálin nema með erlendri stóriðju. Fremstu efnahagsráðunautar ríkisstj. hafa líka mjög greinilega lýst því yfir, að þeir teldu meginástæðuna til þess, að nú yrði að ráðast í stóriðju, að fullvíst mætti telja, að hinir eldri atvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, gætu ekki staðið undir nægilega miklum hagvexti, eins og það hefur verið orðað. Skoðun annarra ráðh. hefur verið mótuð af sömu vantrúnni á efnahagslegri aðstöðu þjóðarinnar. Hæstv. menntmrh. líkti íslenzku efnahagskerfi við smákænu í samanburði við hafskip annarra þjóða. Og hann sá ekki aðra leið en að kæna smáþjóðarinnar yrði að hengja sig *aftan í hafskip stórþjóðanna. Og nú er því* haldið að Íslendingum, að þeir geti ekki leyst sín raforkumál sjálfir án fylgilags við erlenda auðhringa og þeir geti ekki leyst sín efnahagsmál án tilkomu erlends einkafjármagns og atvinnurekstrar útlendinga á Íslandi. Og svo koma þeir menn, sem þessu halda fram, og þykjast vera hinir sönnu bjartsýnismenn. Þeir þykjast vera stórhuga og bera öðrum á brýn afturhaldssemi og kotungsháttt.

Stórhugur Íslendinga hefur aldrei verið fólginn í því að gefast upp við að leysa verkefni sín og fela útlendingum forsjá sinna mála. Möguleikar Íslendinga nú til mikilla framkvæmda og framfara eru vissulega miklir. Þjóðartekjurnar eru miklar. Fiskimiðin eru gjöful og aðrir landkostir eru góðir. En það þarf nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, til þess að þessir möguleikar nýtist til gagns fyrir þjóðina. Það þarf að hverfa frá stefnu hins falska frelsis, skipulagsleysis og glundroða. Það þarf að taka upp stjórnarstefnu, sem er grundvölluð á samstarfi launastéttanna og ríkisvaldsins og miðar að því að bæta kjör vinnandi fólks í landinu. Það verður að miða efnahagsmálastefnuna við þjóðarhagsmuni í stað gróðahyggjusjónarmiða fárra manna. Það verður að miða uppbyggingu í atvinnumálum landsins við framtíðarhagsmuni þjóðarinnar sjálfrar og við það, að landið verði allt byggt og auðlindir þess verði nýttar af landsmönnum sjálfum. Vit og fyrirhyggja þjóðarinnar á að móta stefnu í fjárfestingarmálum, en ekki handahóf gróðabralls. Og stefnan í viðskiptamálum á að miðast við þarfir þjóðarheildarinnar, en ekki hlíta duttlungavilja fésýslumanna. Og umfram allt annað verður stefnan í *atvinnu- og efnahagsmálum* og þjóðmálunum sem heild að miðast við að tryggja sem bezt sjálfstæði þjóðarinnar, efnalega og menningarlega. Við þetta er stefna okkar Alþb.-manna miðuð.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég vil fyrst bjóða velkominn í stjórnarsess hinn nýja fjmrh., Magnús Jónsson. Hann er löngu þjóðkunnur fyrir góða vitsmuni, mikla starfsorku og einstaka samvinnulipurð. Vegna ólíkra viðhorfa hafa menn að sjálfsögðu ólíkar skoðanir á honum sem stjórnmálamanni, en um ágæta hæfileika hans efast enginn. Jafnframt vil ég þakka fyrrv. hæstv. fjmrh., Gunnari Thoroddsen, ekki einungis fyrir ánægjulegt samstarf innan ríkisstj. og samvinnu okkar fyrr og síðar, heldur og öll þau störf, sem hann hefur unnið í alþjóðarþágu. Hann hefur nú valið sér nýtt verksvið eftir að hafa í rúm 18 ár látlaust gegnt tveimur einhverjum ábyrgðarmestu og erfiðustu stöðum og tvímælalaust þeim argsömustu í íslenzku stjórnmálalífi. Hann hefur lengst notið og nýtur enn óskoraðs trausts okkar samflokksmanna sinna, þó að við höfum orðið að beygja okkur fyrir ákvörðun hans um tilbreytingu í starfi. Um stjórnmálaathafnir hans er og hefur verið deilt svo sem okkar allra, en um vinsældir hans ljúka allir upp einum munni, og veit ég, að þingheimur allur óskar honum velfarnaðar í hans nýja starfi.

Þá vil ég óska einum mikilsvirtasta stjórnarandstæðingnum, hv. þm. Karli Kristjánssyni, innilega til hamingju með 70 ára afmæli hans, sem er í dag. Karl er einn þeirra, sem ánægja er að hafa samskipti við og þó áreiðanlega meiri ánægja að hafa hann með sér en á móti vegna orðheppni hans og mikillar málafylgju.

Núverandi stjórnmálaflokkar hafa í nær 5½ ár óslitið farið saman með stjórn landsins. Þrátt fyrir þau mannaskipti, sem tímans straumur hefur haft í för með sér, má þess vegna segja, að núverandi stjórn hafi setið að völdum nokkuð á sjötta ár. Er það mun lengri órofinn stjórnarferill en áður þekkist, frá því að sjálfstæðið var endurheimt. Ríkisstjórnir hafa sjaldan setið hér lengur en 2—3 ár og þá oftast slitnað upp úr með ósköpum. Sá stöðugleiki, sem skapazt hefur í stjórnarháttum á Íslandi með samvinnu Sjálfstfl. og Alþfl., er þess vegna alger nýlunda. Hann er því athyglisverðari sem fyrir fáum stjórnum hefur verið spáð verr en viðreisnarstjórninni í fyrstu. Mönnum er enn

í fersku minni öll sú ógæfa, sem viðreisnarstefnan átti að leiða til. Spáð var móðuharðindum af mannavöldum, atvinnuleysi mörg þúsund manns, stöðvun í framkvæmdum, að hinir ríkari yrði ríkari og hinir fátæku fátækari, svo að einungis fá dæmi um allan ófarnaðinn séu nefnd.

Hver er nú dómur reynslunnar eftir þessi 5½ ár?

Nú á dögum eru framfarir oft miðaðar við vöxt þjóðartekna. Hér eru fullnægjandi skýrslur um þær ekki til lengra aftur í tímann en frá 1945 og síðan. Út af fyrir sig er það og ærinn tími til samanburðar. Stríðsárin voru með öllu ósambærileg vegna sérstakra aðstæðna, og áratugurinn næstur á undan, milli 1930—40, mesti blómatími Framsóknar, var örðugasti áratugur fyrir allan almenning á þessari öld. Þá hvíldi atvinnuleysi eins og mara yfir þúsundum manna í kaupstöðum og kauptúnum landsins og bændur héldust við með kreppulánum, þeir sem ekki flosnuðu upp og lentu í atvinnuleysingjahópnum á mölinni. Það er því lítil frægð að bera framfarir nú saman við hörmungarnar þá.

Á síðustu 20 árum hafa hins vegar allir 4 flokkar á víxl tekið þátt í ríkisstj. í mismunandi samtökum, allir þurft að una við sætt og súrt, blítt og stritt, eins og verða vill, á meðan þeir voru við völd. Vegna fábreytni atvinnuvega okkar og þó einkum útflutningsins og þar með hversu við erum háðir veðurfari, aflabrögðum og verðlagi á einni vörutegund, þá er skiljanlegt, að meiri sveiflur séu á þjóðartekjum okkar en flestra eða allra annarra. Einmitt þess vegna er okkur höfuðnauðsyn að fá fleiri og stöðugri atvinnuvegi, eins og nú er stefnt að með Búrfellsvirkjun og stóriðju. Hin mikla og mjög truflandi óvissa kemur glögglega í ljós, þegar þróunin á þessu 20 ára tímabili frá 1945—1965 er skoðuð. Þar eru snöggar breytingar, stundum fram á við, en einnig afleitir afturkippir.

Meðalvöxtur þjóðartekna á ári á þessu tímabili er 1.9% á mann. Á tímabilinu frá 1945 til 1960 var hann þó einungis 0.9% árlega á mann, og má segja, að vöxturinn smáaukist, eftir því sem á tímabilið líður. Þegar frá árinu 1956 til 1958 var hann 3.5% árlega á mann. Eftir að áhrifa viðreisnarinnar fór að gæta, verður greinilega meiri kraftur og stöðugleiki í vextinum. Á tímabilinu 1961—1964 var meðalvöxturinn á mann árlega 6.1% eða nærri tvöfalt meiri en að meðaltali var frá árinu 1956 til 1958.

Ekki væri sanngjarnt að þakka þá breytingu, sem auðsjáanlega hefur orðið, eingöngu betri stjórnarháttum. Aflabrögð, veðurfar, verðlag, aukin tækni og þekking á göngu fiskstofna hafa öll sín áhrif, sem sjálfsagt er að viðurkenna. En jafnósanngjarnt væri að neita, að áhrif skynsamlegrar stjórnar efnahagsmálanna hafa haft sitt að segja, a. m. k. fær ekki með neinu móti staðizt það, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa stöðugt haldið fram, að stjórnarstefnan leiddi til stöðnunar allra framfara. Óhagganlegar tölur sanna allt annað. Vöxtur þjóðartekna og þar með eðlilegar framfarir hafa verið örari en nokkru sinni fyrr og meiri en hinir bjartsýnustu þorðu að vona.

Sama er um fullyrðingarnar um atvinnuleysi. Í heild háir okkur nú vinnuaflsskortur, en ekki atvinnuleysi. Staðbundnir erfiðleikar, eins og af hafísnum nú, óhagstæðu veðurfari eða aflaskorti hafa að vísu sums staðar valdið atvinnuskorti um sinn. Endalaust má deila um, hvort brugðið hafi verið við af nægum röskleika til að bæta úr þeim örðugleikum. Ef svo er ekki einhvers staðar, þá er að reyna að ráða bót á því. Er það auðveldara vegna hinnar almennu velsældar, sem í landinu ríkir. Vestfjarðaáætlunin er nú þegar vel á veg komin og lánsfé tryggt til byrjunarframkvæmda hennar. Þá hefur ríkisstj. og í undirbúningi löggjöf um framkvæmdasjóð strjálbýlisins, sem komi í stað atvinnubótasjóðs og mundi verða honum miklu öflugri.

En er það þá rétt, að almenn velsæld ríki meðal landsmanna? Því er oft haldið fram, að verkalýðurinn hafi ekki fengið sinn hluta af vaxandi þjóðartekjum. Nú er það auðvitað svo, að vaxandi þjóðartekjur koma m. a. af því, að lagt er í nýjan kostnað. Þekking, ný tæki og ný tækni, sem stórauka afla, fást að sjálfsögðu ekki kostnaðarlaust. Þess vegna mætti vel færa rök að því, að slíkt hlyti að hafa einhver áhrif á skiptingu þjóðarteknanna, svo að hlutur verkalýðsins yrði fyrir þá sök minni en áður miðað við heildina, þótt hann færi vaxandi í sjálfu sér. En hefur raunin orðið sú, að verkalýðurinn hafi orðið afskiptur í hlutdeild vaxandi velmegunar á síðustu árum, svo að sú hlutdeild sé nú minni en áður var?

Um þetta hefur verið gerð ýtarleg rannsókn hjá Efnahagsstofnuninni og árangur hennar birtur í 13. hefti ritsins Úr þjóðarbúskapnum, sem út kom í febrúar 1964, og veit ég ekki til þess, að niðurstöður hennar hafi verið vefengdar, hvað þá að þeim hafi verið hnekkt. Þar eru teknar til athugunar atvinnutekjur kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna og hlutdeild þeirra í þjóðartekjum á tímabilinu 1948—1962, og er þá byggt á úrtaksathugunum og framtölum þessara stétta. Miðað er við þær tekjur, sem raunverulega var aflað, en ekki sjálfa kauptaxtana. Nú hafa framhaldsathuganir á sama grundvelli verið gerðar fyrir árin 1963 og 1964 og eldri tölur jafnframt endurskoðaðar í samræmi við síðustu endurskoðun þjóðhagsreikninga. Niðurstöður af athugunum, sem birtar voru 1964, eru þær, eins og í greininni stendur, að á árabilinu 1948—1962 hafi í höfuðdráttum hlutskipti launþega fylgt þróun þjóðartekna. Athuganir á árunum 1963 og 1964 leiða til hins sama.

Ef talan 100 er miðuð við árið 1948, fyrsta árið, sem gögn eru til um, þá var hlutfallið árin 1963 og 1964, bæði árin, 98.8, sem er mjög svipuð tala og t. d. á árunum 1957 og 1958.

Um þennan samanburð er þess að gæta, að hér er hvorki tekið tillit til opinberra starfsmanna né kvenna. Kaup beggja þessara starfs-

hópa hefur hins vegar hækkað mun meira en annarra launþega, og benda því þau gögn, sem fyrir hendi eru, ótvírætt til þess, að launþegar hafi hin síðari ár fyllilega haldið sínum hlut í vexti þjóðartekna. Þá vek ég aftur athygli á því, að hér er um að ræða raunverulegar tekjur, sem m. a. fást fyrir langan vinnutíma, en ekki kaupmátt tímakaups. Svipaða sögu segir athugun á svokölluðum ráðstöfunartekjum, en þær eru reiknaðar svo, að frá tekjum eru dregnir beinir skattar til ríkis og sveitarfélaga, en með þeim taldar beinar greiðslur frá þessum aðilum, svo sem fjölskyldubætur.

Frá því árið 1948 var þetta hlutfall ráðstöfunartekna og þjóðartekna hagstæðast fyrir launþega árið 1960, en óhagstæðast árið 1957 og aðeins litlu skárra árið 1958. Árið 1964 var það 95.2 miðað við 100 árið 1948, en komst niður í 90.6 árið 1957. Árið 1964 var þó nokkuð óhagstæðara en næsta ár á undan. Ástæðan til þess var ekki sú, að skattur á lágtekjum hafi verið hærri árið 1964 en áður, því að svo var ekki, enda urðu þessir skattaliðir til þess að lækka visitöluna sumarið 1964, en ekki hækka.

Sú skattahækkun, sem um hefur verið talað, spratt af því, að margar stéttir, einkum með hærri miðlungstekjur og hátekjur, hækkuðu mjög í tekjum árið 1963. Háum tekjum hafa lengi fylgt hlutfallslega hærri skattar en af lágtekjum, og hefur það hingað til verið talið sjálfsagt sanngirnismál. Fyrir þessu verða menn að gera sér grein, þó að það sé eitt vitni um stórbættan efnahag í landinu, að nú verða hlutfallslega miklu fleiri en áður fyrir þessari stighækkun hinna beinu skatta. En um hæð skattanna í heild verður að segja, að meðan þeir eru að hundraðstali lægri en þeir voru áður fyrr, t. d. á valdadögum Framsóknar, þegar menn höfðu þó minni raunverulegar tekjur til þess að greiða skatta í, og skattarnir eru einnig lægri hér en í nágrannalöndum okkar, þá höfum við sannarlega ekki ástæðu til að kvarta yfir sköttum hér á landi, a. m. k. ekki þeir, sem er það alvörumál, að byggð eigi að haldast við um land allt og Ísland að halda sjálfstæði, því að hvorugt þetta verður gert, nema þetta kosti okkur hlutfallslega meira en aðrar miklu mannfleiri þjóðir.

Af því, sem nú hefur verið sagt, sést, að þegar litið er á þróun hvort heldur atvinnutekna eða ráðstöfunartekna kvæntra sjó-, verka- og iðnaðarmanna í landinu, þá hafa þeir haldið sínum hlut hin síðari ár í þjóðartekjum og sízt verið á þá gengið, t. d. miðað við það, sem var á árunum 1957 og 1958, hinum gullna tíma vinstri stjórnarinnar.

En hvað um kaupmátt tímakaupsins? Fær það staðizt, sem iðulega er haldið fram, að honum fari síhrakandi? Er það rétt, sem segir í ávarpi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík hinn 1. maí s. l. og hljóðar svo:

„Almenn hækkun verðlags og stórauknar álögur skatta og útsvara valda því, að júnísamkomulagið hefur ekki náð tilgangi sínum, svo að rauntekjur verkafólks á tímaeiningu hafa enn rýrnað.“

Þetta stóð í 1. maí-ávarpi. Nauðsynlegt er, að menn átti sig til hlítar á því, hvort þessi fullyrðing fær staðizt. Ef hún er rétt, þá er skiljanlegt, að menn séu ófúsir til þess að gera að nýju svipað samkomulag og gert var í júní í fyrra. En ef fullyrðingin byggist á misskilningi, þá horfir málið allt öðruvísi við.

Þegar talað er um það, að kaupmáttur tímakaups hafi rýrnað hin síðari ár, er oft vitnað til lægsta taxta Dagsbrúnar og sagt, að kaupmáttur hans hafi farið minnkandi þrátt fyrir hækkað kaup í krónum. Þessi samanburður er raunar ærið hæpinn, þegar af því, að 1. taxti Dagsbrúnar nær nú til einungis fárra verkamanna miðað við það, sem áður var. Flestir verkamenn eru nú komnir í aðra flokka og hafa fengið hlutfallslega meiri hækkanir. Enn meira máli skiptir, að í þessum útreikningum er oftast miðað við neyzluvöruvísitöluna, en hún er aðeins hluti vísitölu framfærslukostnaðar, sem verkalýðsfélögin sjálf hafa samið um, að skuli leggja til grundvallar kaupvísitölunni. Á s. l. sumri óskaði ríkisstj. mjög eftir því, að þessi vísitala framfærslukostnaðar yrði tekin til endurskoðunar og endurskoðun lokið hið bráðasta. Óhætt er að segja, að verkalýðsfélögin hafi ekki verið sérstaklega fýsandi, að endurskoðunin færi fram, þó að þau settu sig ekki á móti henni. Hvað sem um það er, þá er það víst, að um framfærsluvísitöluna hefur verið samið af sjálfri verkalýðshreyfingunni og aðrir fremur en fulltrúar hennar hafa talið hana ófullnægjandi mælikvarða. Enn er á það að líta, að sá tími, sem valinn er og sagt, að kaupmættinum hafi hnignað frá, er yfirleitt villandi, því að þá var ekki um neinn fastan, varanlegan kaupmátt að ræða, heldur einungis bráðabirgðaástand af alveg sérstökum ástæðum.

En látum allt þetta vera og miðum við kaupmátt 1. taxta Dagsbrúnar og neyzluvöruvísitöluna og tökum árið 1959, sem var verkalýðnum hagstæðara í þessum efnum en mörg undanfarin ár. Ef við teljum, að kaupmátturinn hafi þá verið 100, komst hann samkv. þessari reikningsaðferð ofan í 84.1 á árinu 1962. Síðan hefur hann aukizt og þá mest eftir að júnísamkomulagsins fór að gæta. Aukningin samkv. þeim tiltölulega lágu kauphækkunum, sem þá urðu, er mun meiri en samkv. allri kaupbyltingunni 1963. Fyrsta marz s. l. var hann 88.2 gagnstætt 84.1 á árinu 1962. Hér er þess vegna um ótvíræðan bata að ræða. Engum, sem þetta skoðar hlutlaust, getur dulizt, að júní-samkomulagið var verkalýðnum að þessu leyti hagkvæmara en kaupstríðið árið 1963. Fullyrðingin í ávarpi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík fær þess vegna með engu móti staðizt, jafnvel þótt miðað sé við þær hæpnu forsendur, sem ég áður rakti. Um þetta óska ég ekki, að menn hafi mín orð ein, heldur bið alla ábyrga menn að kynna sér, hvað satt og rétt er, því að hér er allt of

mikið í húfi, til þess að ágizkanir og hleypidómar eins eða neins megi ráða.

Hitt er svo enn sannað mál, að þessi útreikningur, sem miðaður er við 1. taxta Dagsbrúnar og neyzluvöruvísitöluna, er, eins og ég sagði, ærið hæpinn. Ef miðað er við Dagsbrúnarmenn í heild og framfærsluvísitöluna, sem verkalýðsfélögin sjálf hafa samið um, þá var kaupmátturinn hinn 1. marz 1965 104.3 og hefur því hækkað frá árinu 1959, þvert ofan í það, sem oft er látið í veðri vaka. Ef viðtækari samanburður er gerður og litið á umsamið tímakaup verkafólks og iðnaðarmanna og framfærsluvísitöluna, sést, að kaupmátturinn hafði nú hinn 1. marz hækkað í 110.6, kaupmáttur tímakaups iðnaðarmanna hefur aukizt í 115.8 og verkakvenna að meðaltali í 119 miðað við 100 árið 1959. Hér hafa lögin frá árinu 1961 um launajöfnuð kvenna og karla skorið úr.

Þessar tölur, sem ég vitna til samkv. heimild Efnahagsstofnunarinnar, sýna allt aðra mynd af þróuninni en tíðast er haldið að mönnum. Engu að síður gefa þær til kynna, að missmíði er á. Um það er ekki að villast, að eiginlegir verkamenn hafa orðið aftur úr. Þeir hafa einungis haldið sínum hlut í vexti þjóðartekna með því að auka vinnutíma sinn úr hófi, samtímis því, sem sumar aðrar stéttir hafa getað stytt hann. Hér komum við að mestu meinsemd í efnahags- og atvinnulífi okkar nú. Hana verður að bæta. Í júnísamkomulaginu var stigið fyrsta skrefið í þá átt. Það var einungis eitt skref, sem kom ekki að tilætluðum notum, m. a. vegna þess, að aðrar stéttir, bæði innan Alþýðusambandsins og bændur, hafa ekki viljað una því, að verkamenn fengju styttan vinnutíma, án þess að þessar stéttir, sem allt öðruvísi stendur á um og sumar hafa þegar fengið stórlega styttan vinnutíma, fengju hlutfallslegar hækkanir, — og þó í rauninni meiri en verkamenn fengju. Þær stéttir, sem þegar hafa tryggt sér viðhlítandi vinnudag, verða að sætta sig við það, að ráðstafanir verði gerðar til þess að stytta vinnudag verkamanna, án þess að þeir missi við það af kaupi og án þess að aðrar stéttir noti það sem tylliástæðu til eigin kjarabóta. Ella mundu kjarabæturnar étnar upp fyrir öllum og verðbólguþróunin enn mögnuð óheillaöflum þjóðfélagsins einum til gagns. Hér verða menn að hafa kjark til að gera upp á milli, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og þeir, sem með löggjafarvaldið fara, að svo miklu leyti sem til þess atbeina kemur.

Ég skal ekki fara að rifja upp gamlar deilur, en ég minni á það, að bæði varið 1962 og í samningaumleitunum í desember 1963 leitaðist ríkisstj. við að ná samningum um sérstakar kjarabætur þeim lægst launuðu til handa. Um þetta fékkst þá ekkert samkomulag og tilraunin, sem með júnísamkomulaginu var gerð, tókst miður en skyldi vegna síðari kröfuhörku annarra. Hefðu aðrir launþegar þó átt að kunna að meta þau hlunnindi, sem þeim voru veitt með verðtryggingu launa, lengingu orlofs og stórauknu fé til íbúðabygginga og lækkun vaxta á íbúðarlánum, svo að nokkur hin almennu meginatriði júnísamkomulagsins séu nefnd. Um þýðingu þeirra fyrir afkomu manna bið ég hvern og einn að skoða eigin hug og reynslu.

Af skiljanlegri stjórnmálaertni er því haldið fram öðru hverju, að andi júnísamkomulagsins hafi verið rofinn með skattálagningu sumarið 1964 og hækkun söluskatts um áramótin. Hvorugt fær staðizt. Skattstigar, sem á var lagt eftir sumarið 1964, voru ákveðnir og samþykktir nokkrum vikum fyrir júnísamkomulagið og urðu lægri á lágtekjum, — ég legg áherzlu á orðið lágtekjur, — en ráð hafði verið fyrir gert í þeim ríkisreikningum, sem lagðir voru til grundvallar júnísamkomulaginu. Söluskatturinn var óhjákvæmilegur til þess, að unnt væri að halda áfram niðurgreiðslum á landbúnaðarvöruverði, sem ákveðnar voru haustið 1964 og enginn hélt þá fram að brytu á móti júnísamkomulaginu.

Á hitt minni ég, sem segir í lokaorðum þessa margnefnda samkomulags:

„Samkomulagið um þau atriði, sem að framan greinir, er háð því skilyrði, að samningar náist milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, er gildi til ekki skemmri tíma en eins árs og feli ekki í sér neina hækkun grunnlauna á því tímabili."

Þetta voru lokaorð júnísamkomulagsins. Ég ásaka engan fyrir, að svo hefur farið um efndirnar á þessu ákvæði sem raun ber vitni. Ég minni einungis á, að af hálfu ríkisstj. var því aðeins fallizt á verðtryggingu kaupgjalds, að sú forsenda stæðist, sem í lokaorðunum er skýrt tekin fram, og verði í sumar grunnkaupshækkanir, sem stefni efnahagsjafnvægi í voða, verður að sjálfsögðu að taka verðtrygginguna til endurskoðunar að nýju, því að ríkisstj. mun ekki eiga aðild að neinum þeim samningum eða ákvörðunum, sem jafngilda gengislækkun. Hún hefur ásett sér að varðveita gengi krónunnar og mun ekki hverfa frá þeim ásetningi. Þess verður vart, að einhverjir, sem ætla sér að hagnast fjárhagslega eða stjórnmálalega á gengisfellingu, breiða nú út þann orðróm, að hún sé yfirvofandi. Ég vara menn við að trúa þessum orðrómi, hvað þá að taka hann sér í munn, því að með slíku ganga þeir erinda skemmdarverkamanna og hjálpa til við þeirra illu iðju.

Eindreginn vilji ríkisstj. er að tryggja góða afkomu allra og beita sér fyrir að bæta hag hinna verst settu. Þar kem ég aftur að lengd vinnutímans. Er þá framkvæmanlegt að stytta hann hjá þeim, sem helzt þurfa? Í þessu tjá engin skyndistökk, eðlileg þróun er öllum hollust. Eins og atvinnuvegum okkar er háttað, þá mun hér ætíð þurfa að halda á skorpuvinnu öðru hverju. En slík skorpuvinna á ekkert skylt við það, að menn þurfi að vinna 60 stundir á viku eða þar yfir allan ársins hring til þess að fá í sig og á. Menn hafa fyrir löngu lært, að slík vinnubrögð skila ekki meiri afrakstri en sá vinnutími, sem visindalegar at-

huganir hafa sýnt, að er hæfilegur. Nauðsynlegri breytingu hjá okkur frá áratugalangri rangþróun verður ekki áorkað nema á nokkrum tíma. Einmitt til undirbúnings því hefur n. starfað að málinu allt frá því snemma árs 1962. Hún var kosin samkv. einróma ályktun Alþ. hinn 18. des. 1961, er hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri komið á átta stunda vinnudegi meðal verkafólks. Skal nefndin framkvæma athugun á lengd vinnutíma verkafólks eins og hann er nú og áhrifum hans á heilsufar, vinnuþrek og afköst svo og hag atvinnurekstrar. Á grundvelli þessara athugana skal n. gera till. um ráðstafanir til breytinga á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi atvinnufyrirtækja, er gætu stuðlað að styttingu vinnudags verkafólks án skerðingar heildarlauna og að aukinni hagkvæmni í atvinnurekstri. Skulu till. miðast við að vera æskilegur samningagrundvöllur milli stéttarfélaga verkafólks og samtaka atvinnurekenda. N. skal enn fremur gera till. um, hvernig löggjafinn geti stuðlað að ákvörðun um eðlilegan hámarksvinnutíma. N. skal kveðja sér til ráðuneytis fulltrúa Alþýðusambands Íslands. Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka, eftir því sem þörf er á. Hún skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir, sem nauðsynlegar eru að mati hennar."

Svo mörg voru þau orð.

Í júnísamkomulaginu í fyrra var um vinnutímann farið eftir bráðabirgðatillögum n. Nú mun hún hafa samið heildartillögur um lausn þessa mikla vandamáls ásamt grg. Ríkisstj. hefur enn ekki borizt álit n. og því ekki átt kost á að athuga till. hennar, sem munu vera til skoðunar hjá verkalýð og vinnuveitendum.

Ég hef þegar áður oftar en einu sinni lýst því, að hér sé um að ræða eitt mikilsverðasta umbótamál, sem lausnar bíður nú, og ég vil ítreka þá sannfæringu mína að þessu sinni. Ég vil og mun leggja mig fram um að stuðla að því, að þessi umbót geti átt sér stað og komi þeim að gagni, sem hennar eiga að njóta. Ég býð af heilum hug fram samvinnu mína og ríkisstj. til þess að stuðla að samningum við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur, þar sem þetta sé aðalatriði, jafnframt því sem ég lýsi þeirri eindregnu sannfæringu minni, að þeir, sem nú þegar hafa lífvænleg kjör og meira en það án þess að þurfa að leggja á sig óhæfilega langan vinnutíma, eiga að sjá sæmd sína í að doka við um kröfugerð, á meðan bætt er úr þeirri missmíð, sem allir hljóta að játa að á hafi orðið.

Samningar um þetta hljóta að verða meginuppistaða nýs júnísamkomulags, ef það kemst á. Hvort því tekst að ná, skal ég ekki um segja, en víst er, að ríkisstj. mun leggja sig alla fram um, að svo megi verða. Þó að fulltrúar Alþýðusambandsins telji ekki nógu langt gengið, hefur ríkisstj. og Alþingi nú þegar komið verulega til móts við óskir þeirra í skattamálum, og mun í sambandi við samningsgerð enn athugað, hvort lengra sé hægt að ganga. Þá munu með opnum hug verða teknar upp viðræður nú næstu daga um nýjar ráðstafanir í húsnæðismálum.

Að almennum kauphækkunum vill ríkisstj. hins vegar því aðeins stuðla, að þær komi launþegum að gagni, þ. e. a. s. að þær setji jafnvægi í efnahagsmálum ekki úr skorðum og knýi fram gagnráðstafanir.

Leggjumst á eitt um að bæta úr bersýnilegum göllum og höldum vinnufriði, svo að unnt verði að tryggja öllum landsins börnum sanngjarna hlutdeild í gæðum landsins og afrakstri þeirra og tóm gefist til að hagnýta þau betur en nú, öldum og óbornum til ævinlegra heilla. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Gott kvöld. Það er eitt gleggsta einkenni á lélegri ríkisstj., sem illa tekst, að hún vill ekki ræða með rökum till. stjórnarandstæðinganna né málefnastöðuna efnislega, en heldur því þess í stað fram af því meira ofstæki sem verr stendur, að stjórnarandstaðan sé ábyrgðarlaus og till. hennar ómerk yfirboð ein saman.

Auðvitað er ríkisstj. okkar þessu marki brennd, enda líka nokkur vorkunn, þótt hún sækist ekki eftir því að útskýra, hvernig búskaparlag hennar hefur leitt til þess óskapnaðar, sem við búum nú við varðandi afkomu almennings og atvinnuvega eftir 5 glæsilegustu góðæri, sem íslenzka þjóðin hefur lifað á þessari öld, bæði af náttúrunnar hendi og varðandi viðskiptakjör út á við. Nálega hverri till. framsóknarmanna til úrbóta síðustu 5 árin hefur úr þessum herbúðum verið mætt með hrópunum: yfirboð, ábyrgðarleysi, óframkvæmanlegt, en Framsfl. hefur eigi að síður barizt fyrir umbótamálum og lagt sig ótrauður fram um að skýra með rökum, á hvern hátt þyrfti að breyta um stjórnarstefnu, til þess að betur farnaðist.

Þrjózka hæstv. ríkisstj. hefur á hinn bóginn verið með þeim endemum, að hún hefur látið lið sitt á Alþ. fella nálega hverja till. frá okkur, alveg án tillits til þess, um hvað þær fjölluðu. En við höfum aftur á móti haft þá vinnuaðferð að meta frv. ríkisstj. og till. eftir efninu og greitt atkv. með æðimörgum, en beitt okkur þeim mun ákveðnar á móti öðrum, sem við töldum ganga í ranga átt. Læt ég áheyrendur dæma um, hvor vinnuaðferðin, stjórnarinnar eða Framsfl. í stjórnarandstöðunni, er réttmætari og ábyrgari og þeim meira að skapi.

Ég get ekki stillt mig um að geta þess hér, hvernig svo hefur farið um æðimargt af yfirboðunum, sem þeir hafa kallað, en nefna þó örfá dæmi.

Framsfl. hefur árum saman lagt til að lækka vextina og sýnt fram á, að fjármagnskostnaðurinn væri gerður óbærilegur framleiðslunni

og þeim, sem eitthvað þyrftu að framkvæma. Ríkisstj. hrópaði: yfirboð og ábyrgðarleysi, þangað til vaxtakostnaður af lítilli íbúð gleypti meira en hálf verkamannalaun annars vegar og engan veginn var hægt að koma saman framleiðsludæmi sjávarútvegsins hins vegar. Þá var loks látið nokkuð undan till. framsóknarmanna og vextir lækkaðir á íbúðalánum og afurðalánum, en mikil barátta samt fram undan í vaxta- og lánamálum. Það var kallað yfirboð að vilja hækka jarðræktarframlagið meira, upp í 15 hektara túnstærð, en tekið upp litlu síðar, og enn var kallað yfirboð að fara í 25 hektara og tekið upp litlu síðar.

Einar Ágústsson og fleiri framsóknarmenn fluttu í haust frv. um menntaskóla, þar sem heildarstefna var mótuð í þeim málum. Því var fálega tekið þá, en endurprentað fyrir nokkrum vikum og þá flutt sem stjórnarfrv. og gert að lögum á dögunum.

Framsóknarmenn hafa árum saman barizt fyrir jafnvægissjóði, sem hefði veruleg fjárráð og stuðlaði að framkvæmd nýrrar uppbyggingarstefnu eftir skynsamlegri áætlun og veitti öflugan stuðning í þeim landshlutum, þar sem hallað hefur undan fæti vegna fjármagnsskorts. Þessu frv. hefur verið vísað látlaust frá með þeim rökstuðningi, að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. gerði í þessu skyni, væru fullnægjandi. En byggðarlögum og heilum landshlutum hefur á hinn bóginn haldið áfram að blæða. En almenningsálitið hefur jafnt og þétt snúizt á sveif með framsóknarmönnum í þessari baráttu, ekki bara úti um land, heldur engu síður á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa, og ríkisstj. er líklega byrjuð að láta sig. Farið er, að því er virðist, að ræða í alvöru það, sem áður þóttu óþörf yfirboð og tekið var með kulda og gremju, ofstæki og skætingi. Það fór líka að fréttast hér, að í öðrum löndum væri verið að gera þetta, og þótti þá víst frekar á þetta hlustandi. Það eru því farnar að koma sprungur í ísinn. Sú fyrsta er Vestfjarðaáætlunin, sem telja má árangur af þessari baráttu. E. t. v. er meira í vændum. Úr herbúðum stjórnarinnar heyrast andvörp um, að eitthvað verði að gera, og nú síðast yfirlýsing um, að stofna eigi í haust framkvæmdasjóð strjálbýlisins, og er það auðvitað, að finna verður nýtt nafn, því að sjóðurinn í frv., sem Framsfl. hefur flutt undanfarin ár og drepið hefur verið og kallað óþarft yfirboð, heitir sem sé jafnvægissjóður. Og nú síðast í dag var jafnvægisfrv. framsóknarmanna enn vísað frá, en nú með loforði um annað frv. í staðinn í haust.

En hvað er það búið að kosta þjóðina, að felldar hafa verið tillögur framsóknarmanna í byggðamálunum ár eftir ár, og hver eru líkindin til þess, að sú ríkisstj., sem fyrir því hefur staðið, taki þau mál þeim tökum, sem þarf, þótt ekki þyki annað fært núna en að gjalda þessu málefni a. m. k. nokkra varaþjónustu? Það spáir ekki góðu t. d., að samtímis og látið er í undanhaldið skína, eru opinberar verklegar framkvæmdir um land allt skornar niður um 20% og nú eru ráðgerðar framkvæmdir í stóriðjumálum, sem magna munu byggðavandamálið, ef fram ganga sem horfir.

Ég nefni þessi fáu dæmi af mörgum, sem til greina gætu komið, til að sýna, hvers eðlis það er, sem stjórnarflokkarnir hérna kalla yfirboð og ábyrgðarleysi og sem þeir fella holt og bolt, en neyðast síðan til að taka til greina, a. m. k. að einhverju leyti, þegar almenningsálitið kemur til liðs við stjórnarandstöðuna, sem raunar er nokkuð oft. Og sannleikurinn er sá, að beztur árangur hefur orðið í málefnabaráttunni, þegar samstaða hefur myndazt milli stjórnarandstæðinga og almannasamtakanna í landinu. Mætti nefna þess dæmi úr kjarabaráttunni og varðandi málefni atvinnuveganna: iðnaðarins, landbúnaðarins og sjávarútvegsins.

Ég nefni þessi dæmi um áhrif stjórnarandstöðu og einstök framfaramál til að sýna fánýti þessarar aðferðar, sem úrræðalítil og ofstækisfull ríkisstj. beitir gegn málefnalegri stjórnarandstöðu, sem hún finnur að hefur vaxandi áhrif. En ég nefni þessi dæmi á hinn bóginn ekki til þess að gefa í skyn, að nægilegt sé eða viðunandi, að ríkisstj., sem hefur í grundvallaratriðum ranga stefnu, neyðist endrum og eins til að beygja sig og samþykkja einstök mál, sem stjórnarstefnan hefur barizt fyrir, og ekkert sýnir þetta betur en ástandið núna, en það er þannig orðið, að sú málefnalega gagnrýni, sem Framsfl. hefur frá öndverðu haldið uppi á stjórnarstefnuna, er nú ekki aðeins hans gagnrýni lengur fremur en fjölmargra annarra, hvar í flokki sem þeir hafa staðið.

Ríkisstj. hefur framkvæmt sína nýju stefnu í 5 ár. Hún er því ekki ný lengur, heldur þrautreynd við beztu skilyrði. Nýja stefnan átti að stöðva verðbólguna, afnema uppbótakerfið, lækka skattana og álögurnar, auka ráðdeild og sparnað og lækka skuldir þjóðarinnar við útlönd. Var sagt, að menn yrðu að taka á sig kjararýrnun og fórnir til þess að lækka skuldir þjóðarinnar út á við og koma efnahagsmálunum í lag. Var alveg sérstök áherzla lögð á, að menn tækju vel verulegum fórnum, því að horfast ætti í augu við allan vandann í einu, eins og einn af ráðh. orðaði það. Með steigurlæti var farið hæðnisorðum um þá, sem vildu leysa vandamál í áföngum. Stórátak, það dugði ei minna. Koma öllu í rétt horf með snöggu taki, og úr því væri öllu borgið og kæmi af sjálfu sér. Þetta voru kenningarnar og fyrirheitin. En framkvæmdin, hver hefur hún orðið?

Verðbólgan hefur aldrei vaxið með meiri hraða en síðan nýja stefnan var innleidd, sem fólgin var í samdrætti lána, frystingu lána, vaxtahækkunum, álagaflóði og látlausum ráðstöfunum til að koma á og viðhalda kjaraskerðingu. En allt þetta átti að stöðva verðbólguna og koma á jöfnuði í efnahagslífinu. Dýrtíðarvöxturinn hefur á hinn bóginn orðið nálega fjórum sinnum örari en árin á undan, og hafa menn uppgötvað það nú eftir á, að þeir bjuggu þá við tiltölulega hóflegan dýrtíðarvöxt samanborið við þetta öngþveiti.

Uppbótakerfið hefur ekki verið afnumið, en stendur í fullum blóma í mörgum myndum, en mest þó í margföldum niðurgreiðslum á vöruverði innanlands, til þess að allar afleiðingar verðbólgustefnunnar komi ekki beint inn í framleiðslukostnaðinn. En slíkar niðurgreiðslur eru í eðli sínu hliðstæðar útflutningsuppbótum og í rauninni hinn endinn á sama prikinu. Skuldir við útlönd hafa ekki lækkað, heldur vaxið gífurlega, og heildarskuldir umfram innstæður erlendis eru mörg hundruð millj. hærri en þær voru í árslok 1958, en ekki lægri, og allt löðrandi í lánum til stutts tíma og meira en nokkru sinni fyrr. Hafa þó engin stórfyrirtæki verið reist á þessum árum. Í stað þess að lækka skattabyrðina hafa álögur verið þyngdar látlaust og við þetta beitt hinni furðulegustu hugkvæmni.

Ríkisstj. vill nú orðið fá nálega 4 milljarða í ríkissjóð eða meira en fjórfalt það, sem var fyrir 6 árum, og er kannske enginn gleggri vottur en þetta um algert gjaldþrot stjórnarstefnunnar. Nýr skattur nálega með hverjum straumi. Ég nefni dæmi um aðfarirnar. Söluskattur margfaldaður, beinir skattar látnir hækka með verðbólgunni, svo að úr varð hneykslið á síðasta ári, sem ekki sýnist eiga að lagfæra, ofboðsleg hækkun útsvara vegna verðbólgunnar, hækkun fasteignagjalda, ríkisábyrgðarskattur, bændaskattur, launaskattur, eignarskattur á fasteignir, og er þetta þó sízt tæmandi talið, því að auk þess hafa alls konar gjöld fyrir þjónustu verið hækkuð gífurlega. Ekki er því að heilsa, að hér sé um gamlar lummur að ræða, því að kvörnin malar enn. Á nokkrum mánuðum hefur verið bætt við nýjum álögum upp á 400 millj. Allt þetta álagaflóð er svo sumpart gert í því skyni að hafa greiðsluafgang í ríkisbúskapnum og vinna þannig gegn verðbólgunni. En nú heyra menn allt í einu utan úr borginni, að eftir allt álagaflóðið og niðurskurð framkvæmdanna vanti enn peninga í ríkissjóð. Alþ. fær á hinn bóginn engar skýrslur um ríkisbúskapinn, en látlaust heimtaðir meiri peningar í hina botnlausu hít.

Þannig er í fáum orðum sorgarsagan um þann þátt viðreisnarinnar, sem skyldi lúta að lækkun skatta og álagna og aukinni ráðdeild í stað þeirrar óráðsíu, sem áður átti að hafa viðgengizt.

Sá eini þáttur viðreisnarinnar svokölluðu, sem haldizt hefur gegnum þykkt og þunnt, það er kjaraskerðingin, sem innleidd var, enda var því lofað, að hún skyldi ekki standa. Er það í samræmi við aðrar efndir af hálfu núv. ríkisstj., þar sem allt fer öðruvísi en lofað var. Um það þarf ekki að deila, því að það liggur glöggt fyrir, að kaupmáttur almennra daglauna hefur minnkað síðan 1958, og útúrsnúningar í því sambandi eru ósæmilegir. Þrátt fyrir stóraukna þjóðartekjur vegna metafla og nýrrar tækni og hagstæðara verðlags hefur þetta skeð, og sjálfur forsrh. var áðan að sýna fram á það, hvað þjóðartekjurnar hefðu vaxið mikið. En menn leita sér undankomu með því að vinna sífellt lengra fram á nóttina. Mun þetta nálega einsdæmi meðal lýðræðisþjóða og sýnir þá furðulegu niðurstöðu, að veik ríkisstj. skuli geta komið slíkri kjaraskerðingu fram við þessi skilyrði og viðhaldið henni þrátt fyrir allsterk stéttarsamtök. Reynir nú enn á, hvort þetta er hægt til frambúðar. En reynslan er nú orðin svo glögg, að fáum ætti að dyljast, að ný, varanleg og heilbrigð stefna í kjaramálum, þar sem bætt kjör fylgja auknum þjóðartekjum, verður ekki tryggð, nema þessari ríkisstj. verði komið frá.

Alvarlegra upplausnarástand ríkir í efnahagsmálum og atvinnumálum en nokkru sinni, síðan dýrtíðar- og óðaverðbólgudansinn hófst fyrir alvöru árið 1960. Enginn treystir á þetta lengur og ríkisstj. er úrræðalaus. Í dag er það skattur, á morgun uppbætur, næsta dag niðurskurður framkvæmda, en allt er jafnóleyst eftir sem áður.

Verðbólguframkvæmdir soga til sín skipulagslaust fjármagn og vinnuafl. Vegna rekstrarfjárskorts eru atvinnuvegir í úlfakreppu, geta ekki vélvæðzt né hækkað kaup sem þyrfti né keppt um nauðsynlegt vinnuafl. Fjárfestingin verður óhagstæðari þjóðarbúinu með hverju missiri sem líður í þessu ráðleysi, og afleiðingin segir svo til sín framvegis í minni þjóðartekjum og lakari afkomu framleiðslu og almennings en efni standa til. En hver eru svo úrræði hæstv. ríkisstj.? Engin. Þetta sama áfram. Enn reynt að draga athyglina frá því, hvernig komið er, með linnulausum áróðri um stóriðju hér, sem verið sé að ganga frá og helzt er gefið í skyn að öllu muni bjarga.

Það er ein af ávirðingum hæstv. ríkisstj., að hún hefur ekki komið í verk byggingu nýrra raforkuvera, og er því orðinn tilfinnanlegur raforkuskortur, sem veldur tjóni, en þó ætlandi í land, að úr rætist, því að slík mannvirki verða ekki reist á einum degi. Ríkisstj. virðist vera haldin þeirri vanmáttarkennd, að Íslendingum sé orðið um megn að koma upp fullnægjandi orkuverum, nema stóriðja fylgi með og hún verði að vera á vegum útlendinga. Hefur stjórnin því fléttað þetta saman og glímt við lengi og sá dráttur orðið mjög til tjóns. Loks nú á elleftu stundu í raforkumálum hefur ríkisstj. talið sig knúða til að slíta þessi mál í sundur í bili a. m. k. og lagt fyrir frumvörp um virkjun Þjórsár við Búrfell, stækkun Laxárvirkjunar og línur út frá henni, þ. á m. til Austurlands, en Austfirðingar eiga ríkisstjórnarloforð fyrir þeirri línu, sem þeir munu ganga eftir að verði haldið. Kemur í ljós, að virkjun Þjórsár við Búrfell er ekki meiri en svo, að vel hentar Íslendingum á næstunni án stóriðju og áfangar hentugir að stærð. T. d. yrði sá fyrsti, 70 þús. kw., ekki meiri en svo, að innan tveggja til þriggja ára þar frá er líklegt, að sá næsti yrði að koma, þ. e. upp í 105 þús. kw., og svo koll af kolli. Búrfellsvirkjun er því ekki meira átak fyrir þjóðina nú en Sogsvirkjunin á sinni tíð og þó raunar miklu minna átak tiltölulega. Sogsvirkjanir voru vel við vöxt á sinni tíð. Það er Búrfellsvirkjun líka, en rétt við hóf, þegar

með skynsamlegri bjartsýni er litið fram á veginn. Afstaða til alúminbræðslu blandast ekki inn í virkjunarmálin á Alþingi núna, því að stóriðju erlendra aðila verður ekki komið upp á grundvelli landsvirkjunarlaganna. Til þess að hún komi til greina, þarf sérstök lög og þau raunar fleiri en ein.

Ríkisstj. hefur nú látið uppi á Alþingi, hvernig umleitanir hennar um stóriðju standa, en áður höfðu þm. fengið að vita sumt af því, sem nú kemur fram.

Framsóknarmenn hafa frá fyrstu tíð fylgt þeirri meginstefnu, að erlent fjármagn ætti að taka að láni, en Íslendingar reka atvinnufyrirtæki í landinu sjálfir. Tel ég meiri ástæðu til að leggja áherzlu á þetta nú en jafnvel oftast áður, því að ég vantreysti núv. stjórnarflokkum til að fylgja fram þessari stefnu. Byggi ég það á þrálátum ráðagerðum um olíuhreinsunarstöð útlendinga hér til dæmis og beinni þátttöku útlendinga í margs konar atvinnurekstri, svo sem fiskiðnaði o. fl. Framsóknarmenn hafa frá fyrstu tíð gert ráð fyrir því, að undantekningar gætu komið til greina frá þessari meginstefnu, ef um væri að ræða brýnt verkefni í þjóðarþágu, sem ekki yrði með öðru móti leyst. Yrðu þá að vera sérstök lög hverju sinni og sérstakir samningar og tryggilega frá öllu gengið.

Á Þingvallafundi framsóknarmanna 1919 var ályktað t. d. um varfærni í þessum efnum, en léð máls á einum slíkum sérleyfissamningi til reynslu, sem aldrei kom til. Auðvitað hefur þessi varfærnislega afstaða framsóknarmanna alltaf verið talin ámælisverð af einhverjum úr hópi andstæðinganna og einkum þó óljós. Er þeim þá ýmist legið á hálsi fyrir að vilja ekki fyrir fram sverja gegn öllu af þessu tagi, hvernig sem ástatt er, eða fyrir hitt, að gína ekki við öllu skilyrðislaust og opna allar gáttir fyrir útlendingum. Þessu tökum við öllu með ró, því að við vitum, að það skortir aldrei álas hvatvísra öfgamanna í þeirra garð, sem þræða vilja vandrataðasta götu meðalvegarins. Framsóknarmenn hafa bráðum 50 ára æfingu í því að halda jafnvæginu á vandförnum leiðum.

Í tilefni af stóriðjuáætlunum ríkisstj. útfærði miðstjórn Framsfl. nú í marzmánuði nokkru nánar en áður afstöðuna til stóriðjusamninga, en þingflokkurinn hafði áður látið uppi það álit, að rétt væri að athuga möguleika á alúminverksmiðju, enda á vegum framsóknarmanna áður fyrr grennslazt eftir möguleika á þess konar.

Á aðalfundinum var rifjuð upp meginstefnan, sem ég var að lýsa, í samræmi við það, sem ályktað hefur verið af og til í flokknum í nálega 50 ár. En síðan var vikið að því sérstaka máli, sem fyrir liggur, og viðhorfinu núna. Í því sambandi var lögð megináherzla á, að slíkt stórmál yrði ekki afgreitt nema sem liður í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum og ekki séu tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir búa nú við. Enn fremur, að hið erlenda fyrirtæki njóti engra hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi, lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og raforkusala til þess standi a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Og loks, síðast, en ekki sízt, að slík stóriðjuframkvæmd gæti stuðlað að lausn byggðavandamálsins, en á það hefur Framsfl. lagt höfuðáherzlu, frá því að þetta mál kom fyrst á dagskrá.

Vík ég nú örstutt að því, sem fyrir liggur og gerzt hefur í málinu.

Það hefur engar undirtektir fengið enn þá að staðsetja verksmiðju við Eyjafjörð eða annars staðar utan þess svæðis, sem mest dregur þjóðina til sín, svo að stórfellt vandamál er orðið. Helzt er að sjá sem fyrirhuguð staðsetning hafi verið ákveðin löngu áður en þm. fengu nokkuð um þessi mál að vita. Dettifossvirkjunin hefur einhvern tíma snemma í málinu verið lögð til hliðar á þeim grundvelli, að Svisslendingar væru ófáanlegir til að reisa 60 þús. tonna verksmiðju, en hennar þyrfti við til þess að fá raforkuverðið nægilega niður. En nú er allt í einu sagt, að Svisslendingar vilji ekki reisa minni verksmiðju en 60 þús. tonna, eða mátulegt fyrir Dettifoss. Þetta gerbreytir viðhorfinu og gerir nauðsynlegt að endurskoða staðsetningarmálið frá grunni.

Sagt er, að Svisslendingar vilji ekki enn sem komið er borga meira en 2½ mill, sem kallað er, fyrir rafmagnið, en Norðmenn munu fá 3 mill eða 20% meira. Vægast sagt er allhæpið um hagnað af sölu rafmagns fyrir fram fyrir fast verð úr orkuveri, sem á að byggjast hér á næstu sjö árum eða svo, því að óðaverðbólga ræður hér ríkjum og upplausnarástand í efnahagsmálum og engar áætlanir nokkuð að marka við slík skilyrði.

Raforkuverið gæti alveg eins kostað 2500 millj. eins og 1700, sem áætlað er, eða hver veit hvað. Byggingarkostnaður mun t. d. hafa hækkað um 40% á síðustu fjórum árum.

Ég sé ekki betur en gerbreytt ástand í efnahagsmálum sé alger forsenda þess, að hægt sé að gera svona samninga.

Alúminveri er ekki ætlað að sitja við sama borð og aðrir varðandi skatta og útsvar og aðrar álögur. Allar álögur á verið mega ekki fara yfir 50% af ágóða í 45 ár, eins og nú liggur fyrir, og fyrirtækið óháð því, hvernig álögur breytast á Íslandi. En eftir því sem ég bezt veit, hafa hliðstæð fyrirtæki í Noregi lotið norskum lögum um þessi efni.

Tollfrelsi algjört er fyrirtækinu ætlað, og verður úr því mikið misrétti, nema miklar breytingar séu gerðar á tollalöggjöfinni hér, og afnumdir tollar á vélum og byggingarefni.

Orkuver og stóriðjuver eru samanlagt stórfelldar framkvæmdir, og telur stóriðjunefndin það mikið vandamál. Magnast það þó um allan helming, ef verið er staðsett þar, sem það eykur sogkraftinn, sem dregur fólkið á einn stað á landinu með þvílíkum hætti, að allir telja nú þegar með meiri vandamálum þjóðarinnar við að fást. Ekki minnkar svo þessi vandi, ef verða

á úr leyfðum framkvæmdum Bandaríkjamanna í Hvalfirði, sem hljóta að þurfa talsverðan mannafla.

Þessar miklu framkvæmdir, miðað við okkar staðhætti, verða ekki slitnar úr sambandi við aðrar framkvæmdir landsmanna, heldur hafa þessar framkvæmdir þvert á móti þau áhrif, að allar áætlanir um aðrar framkvæmdir í landinu yrði að gera með tilliti til þeirra. Og hvaða viðfangsefni blasa þá við? Íslenzka atvinnuvegi vantar vinnuafl. Mikið er um áætlanir varðandi eflingu þeirra, sem betur fer, en erfitt um framkvæmdir, m. a. vegna vinnuaflsskorts.

Íbúðabyggingar eru á eftir, vegagerðir, hafnagerðir, skólabyggingar, sjúkrahúsbyggingar og framkvæmdir varðandi rannsóknir og vísindi langt á eftir þörfinni, en í álitsgerð stóriðjunefndar er þó einmitt ráðgert, að opinberar framkvæmdir verði að víkja, og byrjað strax að skera niður framlög til þeirra.

Ef ekki ætti gersamlega að snarast, yrði að auka framkvæmdir úti um land til að toga á móti sterkara suðurfalli en nokkru sinni, ef svo mætti segja. Þyrfti þar meira fjármagn til en þennan sjóð, sem ráðgerður er af skatttekjum versins, sem enginn veit raunar hverjar verða, nema lágmarkið þekkjum við — 8 millj.

Auðvitað er mér ljóst, að vinnuaflsskorturinn og öngþveiti í framkvæmdamálum stafar að verulegu leyti og raunar mestu af verðbólgunni og stjórnleysinu í efnahags- og fjárfestingarmálum landsins. Handahófs- og verðbólgufjárfestingin sogar til sín fjármagn og vinnuafl, og margt mætti leysa, ef skynsamlega væri á þeim málum tekið. En verður verðbólgufjárfestingin látin víkja? Verður ráðin bót á því ástandi, sem verðbólgunni veldur, og tekin upp skynsamleg stjórn á fjárfestingunni? Eða verður haldið áfram að fórna hagsmunum atvinnuveganna á altari verðbólgunnar og svo opinberum framkvæmdum og íbúðarbyggingum og öðru slíku og þær fórnir þá hreinlega auknar eftir þörfum vegna stóriðju, ef til hennar kemur? Svo mikið er víst, að ef vel ætti að fara, yrði að taka þessi mál býsna ólíkum og allt öðrum tökum en gert er nú.

Þetta ætti að nægja til að sýna fram á, að það er ekki marklaust fjas, þegar framsóknarmenn segja, að ekki sé hægt að marka afstöðuna í stóriðjumálinu nema meta margt annað æðiveigamikið um leið, og þá ekki síst, hvað annað yrði gert í fjárfestingarmálum þjóðarinnar.

Ég hef með þessu sýnt fram á, að stóriðjuplön ríkisstj. og efnahags- og fjárfestingarmál landsins þarf að endurskoða frá rótum. Við höfum aldrei farið dult með það, að við vantreystum ríkisstj. til þess að halda á málefnum landsins í skiptum við útlendinga. Ég minni á tvö dæmi: Hvalfjarðarmálið og sjónvarpsmálið. Um frammistöðu ríkisstj. í hersjónvarpsmálinu segir t. d. aðalritstjóri eins stjórnarblaðsins og einn af alþm. stjórnarliðsins, sem ber í raun og veru meðábyrgð á þessu: „Þetta mál er ein andstyggileg sjálfhelda," stendur í Alþýðublaðinu 20. jan. s. l. og enn fremur, að von sé, að hugsandi mönnum ógni það ástand, eins og hann kemst að orði. En sá ráðh., sem þessu stýrði og stýrir ásamt félögum sínum í ríkisstj., sagði Alþ., þegar búið var að leyfa þetta, en ekki framkvæmt, að langdrægni hersjónvarpsins ykist ekki um meira en innan við 10 km við stækkunina. 25—30 þús. Íslendingar geta víst á hverju kvöldi séð á sjónvarpsskerminum, hversu mikið er að byggja á þeim upplýsingum, sem ríkisstj. lætur sér sæma að gefa sjálfu Alþingi.

Nálega allir finna og játa, að stefna ríkisstj. hefur gersamlega gengið sér til húðar og ríkisstj. hefur glatað trausti fjölmargra þeirra, sem gjarnan hefðu viljað geta treyst henni áfram. Þetta finnur stjórnin, og setur það mark sitt á hana í vaxandi mæli. Einstaka sinnum hafa ráðh. sig þó enn upp í að halda því fram, að viðreisnin hafi tekizt að einhverju leyti. En þá spyrja menn: Átti þetta þá að verða svona? Og menn eiga heimtingu á, að ríkisstj. svari þessari spurningu afdráttarlaust. Og þori hún ekki að svara henni játandi, viðurkenni hún ósigur sinn.

Það þýðir ekkert fyrir ráðh. að kenna óbilgjörnum kaupgjaldskröfum um, hvernig komið er, því að hægt er að sanna, svo að ósæmilegt er um að deila, að kauphækkanirnar hafa komið á eftir verðhækkunum allan tímann og ríkisstj. hefur tekizt það eitt af meiri háttar áformum sínum að koma á almennri kjaraskerðingu og viðhalda henni fram á þennan dag.

H. C. Andersen fannst það gefast illa að ganga um fáklæddur, en þykjast vera prúðbúinn. Þetta ætti ríkisstj. að athuga og draga af því réttar ályktanir. Forsrh. telur það stundum helzt til gildis ríkisstj., hve vel hafi tekizt að standa vörð um verðgildi krónunnar, og gerðist um það fjölorður á stóra fundinum þeirra sjálfstæðismanna nú nýlega. En allir aðrir finna, að mætti krónan mæla, mundi hún biðja um vernd gegn þessum vini sínum, því að grálegar hefur krónan aldrei verið leikin en af þessari ríkisstj., sem er komin vel á veg með að gera hana að tíeyringi, og ekkert lát enn á dýrtíðarflóðinu.

Það kveður nú orðið svo rammt að gjaldþroti stjórnarstefnunnar, að tæpast kemur svo saman fundur, sem ekki er undir flokksfargi stjórnmálaflokkanna, að ekki sé krafizt nýrrar stefnu.

Fólk úr öllum flokkum á kjararáðstefnu lýsir yfir því, að mikill árlegur vöxtur þjóðarframleiðslu, mjög batnandi viðskiptakjör og tæknifamfarir réttlæti fullkomlega raunhæfar kjarabætur, og telur, að þær séu mögulegar án verðbólguþróunar, enda komi ný stefna til. Iðnrekendur benda á þrönga kosti og sýna fram á, hvernig lánapólitík, vaxta- og tollapólitík ríkisstj. leika iðnaðinn, standa í vegi fyrir eðlilegri þróun hans og valda beinum samdrætti í sumum greinum. Bændasamtökin gera grein fyrir því, hvernig verðbólgustefna

stjórnarinnar hefur grafið undan verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, lánakjörin verið færð til verri vegar og dregið skipulega úr stuðningi við þessa þýðingarmiklu atvinnugrein. Sjávarútvegsmenn gera á fundi kröfu um stefnubreytingu, til þess að sjávarútvegurinn geti aftur, eins og þeir orða það, öðlazt verðskuldaðan sess, og þannig verði búið að útgerð og fiskverkun, að þessar greinar geti boðið svipuð launakjör og aðrar og keppt við þær. Og fyrst og fremst er bent á nýja lánapólitík til að bæta úr rekstrarfjárskortinum og fjármagn fáist til vélvæðingar og tæknibreytingar, svo að hægt sé að keppa á innlendum og erlendum mörkuðum og borga betra kaup.

Hvað felst í þessum og þvílkum álitsgerðum frá fólki úr öllum flokkum? Kröfur um nýja stjórnarstefnu og þungur áfellisdómur um þá stefnu, sem fylgt hefur verið, og framkvæmd hennar. Stjórnarstefnan hefur ekki læknað verðbólgu, því að hún hefur vaxið tröllaskrefum. En stjórnarstefnan hefur komið niður á almenningi í kjararýrnun og komið niður á framleiðslunni í sívaxandi rekstrarfjárskorti, sem lamar fyrirtækin, gerir eðlilega tækniþróun óframkvæmanlega og erfitt að verða við eðlilegum og sjálfsögðum launakröfum miðað við þarfir manna og vöxt þjóðarteknanna. Þetta hafa framsóknarmenn bent á sem höfuðkjarna þessara mála frá fyrstu tíð.

En hvað verður um peningana? Hvers vegna fer þetta svona við þessi skilyrði og vaxandi þjóðartekjur? Fjármagnskostnaður framleiðslunnar og almennings hefur vaxið gífurlega. Óstjórnlegur verðbólgugróði þeirra, sem mest hafa peningaráðin, sogar til sín auknar fjárhæðir á kostnað framleiðslu og starfandi fólks. Afar mikil sóun verðmæta verður vegna handahófs- og eyðslufjárfestingar, sem verður því umfangsmeiri sem þetta stendur lengur og tiltrúin minnkar. En sú fjárfesting framleiðslunnar og almennings, sem mestu skiptir vegna afkomunnar, verður undir í samkeppninni og út undan. Það er því engin tilviljun, að sífellt bætist í þann fjölmenna hóp, sem krefst nýrrar stefnu og nýrra viðhorfa. Veltur mjög á því á næstunni, að nægilega mikill hluti þess mikla fjölda í öllum stéttum, sem sér, að við svo búið má ekki standa og það verður að breyta til, leiti samstarfs við Framsfl. til þess að knýja fram stefnubreytingu.

Í kjaramálum verður að snúa blaðinu alveg við og rétta hlut manna eðlilega miðað við þjóðartekjur með því, að kaupgjald hækki meira en verðlag, enda sé atvinnuvegum gert kleift að borga meira kaup, og til þess eru hér öll skilyrði, ef rétt er að farið.

Það verður að knýja fram nýja lána- og vaxtapólitík og skynsamlegar ráðstafanir í tollamálum og öðrum málefnum framleiðslunnar, sem m. a. miðist við að rífa sig fram úr vandanum með aukinni vélvæðingu, tækni og hagkvæmari rekstri, en þetta kostar peninga. Það er ekki hægt að gera þetta án fjármagns, og þeim peningum verður að veita í þennan farveg með viðráðanlegum kjörum, því að þeir eru til, peningarnir, það sýna þjóðartekjurnar.

Það verður að gera ráðstafanir til þess, að sú fjárfesting, sem mesta þýðingu hefur fyrir framleiðsluna og almenning, sitji í fyrirrúmi, en verði ekki látin víkja fyrir því, sem minni þýðingu hefur, eins og nú á sér stað í stórum mæli.

Það þýðir ekki að halda því fram, að þeir, sem ályktа um þessa stefnu úr öllum flokkum í frjálsum félagssamtökum landsins, séu ábyrgðarlausir yfirboðsmenn, sem ekkert vit hafi á því, sem þeir eru að tala um, og vilji illa, eða segja mönnum að þegja. Reynslan úr nálægum löndum segir sína sögu og talar skýru máli um það, að menn eiga ekki að sætta sig við þann kost, sem menn búa við hér nú.

Sjálft þingræðið og raunar lýðræðið byggist á því, að ríkisstjórnir hafi stefnu, sem þær standa eða falla með, ella verður stjórn landsmálanna valdabrask eitt valdanna vegna og afleiðingarnar óbætanlegt tjón. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki skilja þetta til fulls eða hafa sig í að draga af ástandinu réttar ályktanir. Með þrásetu sinni þrátt fyrir getuleysi gerir hún því mikinn skaða og vaxandi. Hafi hún haft tækifæri til að rétta sig við og gera gagn, er það liðið hjá fyrir löngu, og því gæti hún bezt þjónað þjóð sinni með því að fara, svo að tækifæri gæfist til að gera þjóðmálin upp og nauðsynleg þáttaskil orðið. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Þegar líður að þinglokum, verður manni fyrst fyrir að hugsa um, hverju þingið hafi komið í verk, hverju það hafi afkastað, hvaða lög það hafi sett.

Ég tel, að þetta þing hafi verið með hinum merkari þingum og unnið að mörgu leyti gott og mikið starf. Ber þar hæst nú málin, sem verið er að afgreiða og ganga frá, lög um landsvirkjun í Þjórsá hjá Búrfelli og einnig má nefna í því sambandi lög um Laxárvirkjunina. Orkan í fallvötnum landsins er önnur mesta auðlind íslenzku þjóðarinnar, en talið er, að 3—4 millj. kr. sé þar hægt að virkja. Orkan er undirstaða hagnýts iðnaðar, og til heimilisnota er hún einnig mjög nytsamleg til að létta störfin. Enn hafa ekki verið virkjuð nema rúmlega 100 þús. kw. af þessari miklu orku, eða aðeins 3—4%. Það gefur því auga leið, hversu gífurlegt átak það er að ráðast nú í að virkja 210 þús. kw., eins og landsvirkjunarfrv. gerir ráð fyrir, eða nærri því að þrefalda hið virkjaða afl í einu átaki, þó að í nokkrum áföngum sé, enda er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn verði a. m. k. um 1400 millj. kr. En það má líka til tíðinda telja, að allar líkur benda til, að tekizt hafi að útvega það fjármagn, sem þarf til þessara miklu framkvæmda, og enn fremur til að tryggja kaupendur að þeim hluta orkunnar, sem við þurfum ekki sjálfir að nota.

Ríkisstj. hefur, eins og kunnugt er, staðið í samningum við svissneskt fyrirtæki um að stofnsetja hér alúmíníumverksmiðju, sem

mundi þurfa á að halda um það bil rúmum helmingi þessarar orku, og þó að þessum samningum sé ekki lokið, virðist mega ganga út frá því, að samningar muni um þetta takast. Við þetta vinnst margt. Í fyrsta lagi það, að þá er hægt að haga tilhögun virkjunarinnar þannig, að virkjunarkostnaðurinn verður miklum mun minni en hann gæti orðið á nokkurn hátt annan, og nemur sá sparnaður, sem af þessu leiðir, hundruðum millj. kr. Við þurfum ekki sjálfir, Íslendingar, á að halda á næstu árum nema nokkrum hluta þessarar orku, en ef svo smátt væri virkjað, mundi kostnaðurinn á virkjað hestafl eða virkjað kw. verða mjög miklu meiri en hann verður, ef svo stór áfangi er tekinn sem nú er ráðgert. Nemur kostnaðarmunurinn allt að 80—100% á virkjað kw. samkv. þeim áætlunum, sem fyrir liggja.

Í öðru lagi má gera ráð fyrir því, að stóriðnaðarfyrirtæki eins og hér er um að ræða gefi þjóðinni gjaldeyristekjur, sem verulega munar um í þjóðarbúskapnum. Samkv. áætlunum, sem um þetta hafa verið gerðar, eiga þessar gjaldeyristekjur að geta numið 300—350 millj. kr. á ári, en ekki um 100 millj. kr. rúmum, eins og sagt var hér áðan, þ. e. a. s. þegar verksmiðjan er fullbyggð, og má öllum vera ljóst, að um slíkt munar verulega.

Í þriðja lagi má segja, að með þessu stóriðjufyrirtæki sé skotið nýjum og styrkum stoðum undir íslenzkt atvinnulíf til tryggingar afkomu almennings í landinu. Eftir því sem atvinnulífið í landinu verður fjölbreyttara og styðst við fleiri stoðir, er það vitaskuld tryggara. Orkulindir okkar eru því aðeins einhvers virði, að þær séu notaðar, og hæst þróuðu þjóðirnar með beztu afkomuna fyrir þegna sína eru þær, sem styðjast við iðnaðarstarfsemina.

Þó að þetta mál um alúmíníumverksmiðjuna hafi verið allmikið rætt nú á Alþingi undir lokin og unnið hafi verið að því af hálfu ríkisstj. um alllangt skeið, hefur ekki komið til ákvörðunar nú af hálfu þingsins, heldur hefur það eingöngu verið flutt til upplýsingar fyrir þm. og kemur ekki til ákvörðunar fyrr en á næsta þingi. Flokkarnir hafa þó allir verið að móta stefnu sína í því að undanförnu, og er afstaða þeirra athyglisverð.

Alþb. hefur brugðizt hart gegn því, að erlendu fyrirtæki verði gefinn kostur á að reisa þessa verksmiðju hér, og telur, að af því geti stafað hætta fyrir íslenzka þjóð. Er þessi afstaða þeirra Alþb.-manna að mörgu leyti athyglisverð, í fyrsta lagi vegna þess, að þeir vita, af ef hinu erlenda fyrirtæki verður ekki veitt þetta leyfi, verður engin slík starfsemi sett á laggirnar hér, því að Íslendingar sjálfir eru alls ómegnugir að gera það. Kemur þar margt til. Í öðru lagi vegna þess, að nágrannar okkar, sem eiga yfir fallvatnaorku að ráða, eins og t. d. Norðmenn, hafa gert allt sem þeir mega til þess að fá erlenda aðila, sem yfir fjármagni hafa að ráða, til þess að stofnsetja fyrirtæki í landi sínu. Verður þessi afstaða Alþb. tæpast skýrð á annan veg en þann, að þeir vilji koma í veg fyrir, að tengslin milli Íslendinga og vestrænna þjóða styrkist, og offra fyrir það hagsmunum okkar, þó að annað sé haft að yfirvarpi.

Afstaða Framsfl. er þó sýnu athyglisverðari. Þeir framsóknarmenn virðast í hvorugan fótinn geta stigið. Þeir telja sig í öðru orðinu vera því meðmælta, að til þessarar stóriðju sé hér stofnað, en í hinu setja þeir þau skilyrði fyrir því, sem tæpast verða skilin á annan hátt en þann, að þeir séu að undirbúa sig til þess að verða á móti því. Ræður þar annars vegar tækifærissinnuð hentistefna, en hins vegar hræðsla þeirra við almenningsálitið.

Sjálfstfl. hefur tjáð sig málinu fylgjandi, og það hefur Alþfl. einnig gert, en vill, að tryggt sé, að gætt verði hagsmuna okkar við samningagerðina, þannig að hinu erlenda félagi verði ekki veitt nein önnur réttindi hér en þau, sem eðlileg má kalla. Um þetta verður sjálfsagt mikið rætt á næsta þingi, en því má þegar slá föstu, að með byggingu alúmíníumverksmiðjunnar, ef samþykkt verður, fáist hin hagkvæmustu virkjunarskilyrði og þau ódýrustu, sem völ er á.

Þó að raforkumálin og stóriðnaðurinn séu stærst í sniðum, og hafi sennilega mesta þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild og mest áhrif á afkomu alls almennings, ber þó ekki að gleyma hinum smærri málunum, sem minni eru í sniðum og snerta þó að ýmsu leyti þá, sem eiga erfiðast uppdráttar óstuddir. Ég á þar við fatlaða menn og öryrkja. Þetta þing hefur afgreitt þrenn lög, sem snerta afkomu þessa fólks sérstaklega.

Í fyrsta lagi hefur blindu fólki verið útvegað nokkurt starfsfé, sem væntanlega á að geta numið 1/2 millj. kr. árlega. Í öðru lagi hefur verið tryggt, að veita megi úr erfðafjársjóði styrk og lán til þess að koma upp endurhæfingarstöð fyrir fatlaða, en það er eitt þýðingarmesta mál fatlaðra að gera þá aftur vinnufæra, sem nokkurn möguleika hafa til þess að geta orðið það. Í þriðja lagi var svo frá gengið í lögum um húsnæðismálastjórn, að veita megi Öryrkjabandalaginu lán til húsbygginga, sem bandalagið byggi og leigi síðan meðlimum sínum íbúðir við þeirra hæfi. Því minnist ég þessa, að það er sjaldnar og minna rætt um þau mál, sem samkomulag er um, en hin, sem deilum valda og rifizt er um.

Lögin um húsnæðismálastjórn eru annars í heild hin merkasta lagasetning, og var um þau einnig samstaða að mestu. Húsnæðismálin eru, eins og kunnugt er, eitt allra erfiðasta viðfangsefni alls almennings. Byggingarkostnaður hefur farið hraðvaxandi, og fæstir hafa yfir þeim fjármunum að ráða, að ekki þurfi þeir einnig á miklu lánsfé að halda. Ein af ástæðunum fyrir því, að byggingarkostnaður er hér raunar meiri á íbúð en annars staðar, er sá, að hér er yfirleitt byggt stærra en annars staðar. Flestar íbúðir hér, sem nú eru byggðar, munu vera í kringum 100 m² og stærri og margar miklu stærri. Til samanburðar má geta

þess, að í nágrannalöndum okkar eru íbúðir byggðar yfirleitt miklu minni. Í janúarhefti tímarits, sem Sameinuðu þjóðirnar gefa út, er skýrsla um íbúðabyggingar í heiminum 1963. Þar segir, að meðalstærð nýrra íbúða hafi það ár verið í Noregi 83 m², í Bretlandi 75 m², í Svíþjóð, hinu efnaða landi, 71 m², í Finnlandi 59 m² og í Sovétríkjunum 38 m². Sést á þessum samanburði, hversu miklu stærri íbúðir eru byggðar hér en þar, og tilkostnaður vitaskuld tilsvarandi hærri.

Þörfin fyrir íbúðabyggingar er auðvitað mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum og af ýmsum ástæðum. Hér hefur verið talið að vandlega athuguðu máli, að um 1500 nýjar íbúðir á ári væri hæfilegt fyrst um sinn til að fullnægja okkar þörfum, og við það miðuð lagasetningin um húsnæðismálastjórn, sem þetta þing hefur gengið frá. En það svarar til 8 nýrra íbúða á hverja 1000 íbúa. Til samanburðar má geta þess, að í þessari sömu heimild, sem ég nefndi, er talið, að árið 1963 hafi verið byggðar í Sovétríkjunum 11 íbúðir á hverja 1000 íbúa, í Svíþjóð 10, í Vestur-Þýzkalandi 9, í Finnlandi 9, í Noregi 7.8, í Danmörku 7.1 og í Bretlandi 5.9, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Af þessari upptalningu sést, að ef hægt verður að fylgja áætluninni, sem ég nefndi, um 1500 íbúðir á ári eða sem svarar 8 íbúðum á 1000 íbúa, er okkar hlutfall mjög sambærilegt við hin Norðurlöndin og þau önnur lönd, sem næst okkur liggja.

Segja má, að þar sem hér er aðeins um áætlun að ræða, sé hún ekki enn orðin veruleiki, og til þess að komast nær veruleikanum, er því rétt að líta á, hvernig framkvæmdir hafa raunverulega orðið síðustu ár. Samkv. upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni hafa framkvæmdir við íbúðabyggingar umreiknaðar í fullgerðar íbúðir orðið sem hér segir: 1962 1200 íbúðir, 1963 1500 íbúðir og 1964 1600 íbúðir. Sést af þessu, að ekki ætti að vera óvarlegt að reikna með 1500 íbúðum á ári, þegar tillit er tekið til þess, að lánsupphæðin á íbúð hefur verið nærri tvöfölduð eða hækkuð úr 150 þús. í 280 þús. kr., auk nokkurrar hækkunar til viðbótar fyrir þá, sem ætla má, að minnst fjárráð hafi.

Helztu breytingarnar á húsnæðismálastjórnarlögunum, sem samþykktar hafa verið á þessu þingi, eru þessar: Árlegar tekjur byggingarsjóðs hafa verið auknar mjög verulega. Í fyrsta lagi með því að leggja á almennan launaskatt, 1% af greiddum launum, sem launagreiðendur borga. Er talið líklegt, að hann muni nema um 60 millj. kr. á ári. Auk þess hefur verið ákveðið, að ríkissjóður leggi fram í sjóðinn 40 millj. kr. á ári. Eru þarna fengnar um 100 millj. kr. á ári til aukningar á eigin fé sjóðsins. Auknir lánamöguleikar hans eru líka mjög verulegir. Skyldusparnaðurinn hefur verið aukinn úr 6% í 15%, og er gert ráð fyrir, að með þeirri hækkun fái sjóðurinn til umráða um 50 millj. kr. næstu árin. Þá hefur einnig verið ákveðið, að árlegu framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs verði varið til kaupa á vaxtabréfum húsnæðismálasjóðs, en sú upphæð nemur tæpum 50 millj. kr. Eru sjóðnum þar með tryggðar 200 millj. kr. árlega, helmingurinn sem framlag, en hinn helmingurinn sem lán. Til viðbótar þessu kemur svo eigið fé sjóðsins og framlag ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, sem í fjárl. er áætlað 25 millj. kr., þannig að húsnæðismálastjórn á nú að hafa árlega til úthlutunar 260—270 millj. kr.

Til samanburðar skulu hér tilfærðar þær upphæðir, sem húsnæðismálastjórn hefur haft til úthlutunar undanfarin ár. 1956 hafði hún til umráða og úthlutunar 50 millj., 1957 53, 1958 34, 1959 35 millj., 1960 70.7 millj., 1961 65.9 millj., 1962 86 millj., 1963 91 millj. og 1964 160.5 millj. kr., en verður væntanlega á þessu ári 260—270 millj. Með þessum auknu fjáröflunarmöguleikum hefur þá einnig verið talið mögulegt að hækka lánveitingar á hverja íbúð upp í 280 þús. kr.

Lán út á íbúð voru í upphafi ákveðin 100 þús. kr., en voru í tíð vinstri stjórnarinnar svokölluðu lækkuð í 70 þús. Síðan hafa þau verið hækkuð nokkuð aftur, fyrst í 100 þús. kr. og síðan í 150 þús. kr., en verða nú sem sagt hækkuð í 280 þús. eða ferföldud frá því, sem þau voru 1957 og 1958. Byggingarkostnaður hefur að vísu hækkað mjög verulega síðan, en þó ekki svipað því eins og lánveitingar eru nú auknar. Byggingarkostnaðarvísitala hefur hækkað síðan 1958 um 77%, en kaupgjald og launatekjur hafa líka hækkað mikið á þessu tímabili. Til samanburðar má geta, að lágmarkskauptaxti Dagsbrúnar hefur hækkað á sama tíma um nákvæmlega sama hundraðshluta, eða 77%, og hafa þó ýmsar aðrar launatekjur hækkað verulega meira. Það má því segja, að á meðan byggingarkostnaðurinn hefur hækkað um 77%, hafa lánveitingarnar miðað við hið nýja frv. hækkað um 300%. Þetta má líka segja á annan veg þannig, að lánveitingarnar 1957 og 1958 munu hafa numið um 17½% af byggingarkostnaðinum þá, en nema nú um 40% miðað við 350 m³ íbúð. Má því segja, að hér sé brotið blað og húsbyggjendum gert mun auðveldara fyrir en áður var.

Ég tel skylt að geta þess, að þessi lagasetning er að mestu leyti árangur af júnísamkomulaginu frá í fyrra, þótt byrjað hafi verið að undirbúa hana áður. Má af því sjá, að fleira en beinar kauphækkanir getur komið almenningi til góða. Ef um verulegar kauphækkanir hefði þá verið að ræða, hefði verið vafasamt, að ég tel, hvort hægt hefði verið að leggja hinn almenna launaskatt á, og einnig vafasamt, að ríkissjóður hefði þá getað lagt fram þær millj., sem hann nú hefur gert. Ýmis atriði fleiri eru nýmæli í þessum lögum. Vextir eru lækkaðir á lánum um helming, en hins vegar eru þau vísitölubundin. Lánstíminn er lengdur úr 15 árum í 25 ár, og fyrsta árið er afborgunarlaust. Til þess að freista að koma byggingarstarfseminni í skipulegt horf, er það einnig sett að skilyrði fyrir lánveitingum, að láns-

loforð hafi verið fengið, áður en bygging er hafin, til þess að jafna byggingarstarfsemina frá ári til árs.

Ýmislegt fleira mætti telja af nýmælum laganna, en ég skal láta þetta nægja. Þó get ég ekki látið hjá líða að minnast á það, að þar er opnaður möguleiki fyrir sveitarfélög til þess að byggja leiguíbúðir, sem ekki var fyrir hendi áður, en það er út af fyrir sig mjög nauðsynlegt, sérstaklega fyrir ungt fólk, sem ekki hefur möguleika á að hefja strax byggingu eigin íbúða.

Í sambandi við hin almennu húsbyggingamál má einnig minnast á þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um verkamannabústaði á þessu þingi. Er þar um að ræða 50% hækkun lánsfjárins úr 300 þús. kr. á íbúð í 450 þús. Sömuleiðis hefur efnahagsmiðun sú, sem gilt hefur, verið rýmkuð, þannig að menn með 120 þús. kr. tekjur geta nú orðið meðlimir í byggingarfélögunum, og má þó upphæðin hækka um 10 þús. kr. fyrir hvert barn.

Af öðrum lögum, sem þýðingu hafa fyrir stóran hóp manna, má nefna, að lögin um almannatryggingar hafa verið bætt verulega, þannig að bætur hækka nú samhliða því, sem grunnkaup verkamanna hækkar, án lagabreytingar, auk vísitöluálags, sem áður hafði verið ákveðið. Orlof hefur verið lengt úr 18 virkum dögum í 21 og greitt orlofsfé hækkað úr 6% í 7%, og margt fleira mætti nefna, þó að hér sé ekki tími til þess nú.

Til viðbótar vil ég aðeins segja það, að yfirleitt var góð samstaða allra flokka um þessa lagasetningu alla. Hins vegar versnaði samkomulagið, þegar útvega átti ríkissjóði fé til að standa undir þessum útgjöldum. En vitanlega verður ríkissjóður að afla fjár til þeirra útgjalda, sem þessari lagasetningu fylgja, eins og til annarra útgjalda. Beitti stjórnarandstaðan sér hart gegn tekjuöfluninni, sem í raun og veru jafngilti því að vera á móti málinu, því að ekkert af þessu verður gert peningalaust.

Enn eru mörg mál og málsatriði óleyst á þessu sviði, sem ég hef sérstaklega gert að umtalsefni. En ríkisstj. mun fylgja í framtíðinni sömu stefnu og hingað til til hagsbóta fyrir allan almenning í landinu, og helzt vildi ég segja: fyrir þá, sem lægst eru launaðir og með skerta vinnugetu. Þjóðartekjurnar hafa farið vaxandi undanfarin ár, og það er enginn vafi á því, að afkomu þessa fólks má bæta verulega, ef skynsamlega er að því staðið. Á ég þar við fyrst og fremst, að þeir, sem hærra eru launaðir og betur settir í þjóðfélaginu, stilli sínum kröfum í hóf, meðan verið er að tryggja þeim lægstu sæmilega afkomu og hóflegan vinnutíma. Þetta mál kemur til með að verða ofarlega á baugi í samkomulagsviðræðum þeim, sem nú standa fyrir dyrum, og veltur á miklu, að þær takist vel. Einnig verður á það að líta, sem er aðalatriði málsins, hvað er mögulegt og hvað er ómögulegt, því að engum er til hagsbóta að krefjast þess ómögulega.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Efnahagsmálin eru talin erfiðasta viðfangsefni íslenzkra þjóðmála. Ráðamenn þjóðarinnar og sérfræðingar þeirra þreytast aldrei á að brýna fyrir okkur þann mikla vanda. Og það virðist koma út á eitt, hvernig árar. Venjulegt fólk getur skilið, að vandi sé í þessum efnum í slæmu árferði, þegar þröng er í búi. En því reynist erfiðara að skilja, að vandinn sé engu minni í góðæri og uppgripum, eins og hér hefur verið undanfarin ár, og fólk verði þá að herða sultarólina.

Efnahagsmál er mjög víðtækt hugtak og fá svið þjóðlífsins, sem það snertir ekki. En vandinn er ekki alls staðar jafnmikill. Okkur er ávallt sagt, að erfiðasti þáttur efnahagsmálanna sé kaupgjalds- og kjaramál hins vinnandi fólks. Umfram allt verði að gæta þess, að kaupmátturinn verði ekki of mikill, því að þá raskist allt jafnvægið í búskapnum. Þó að ráðamenn þjóðarinnar og sérfræðingar þeirra standi ráðalausir gagnvart mörgum vandamálum þjóðfélagsins, skortir þá aldrei hugkvæmni til að halda niðri kaupgetu launþeganna eða hrifsa aftur kauphækkanir, sem oft hefur kostað harða baráttu að ná fram.

Öll þekkjum við þær ráðstafanir, sem stjórnarvöldin grípa til í þessum tilgangi. Hér skal minnzt á nokkrar, sem segja má, að hafi verið burðarásinn í allri efnahagspólitík núv. ríkisstj.: gengisfellingar, hækkaður söluskattur og þyngri almennir skattar. Verðhækkanir í tíð núv. ríkisstj. hafa orðið svo miklar á helztu nauðsynjum fólks, að matvörur eru nú rösklega 100% dýrari en þær voru í ársbyrjun 1960. Á sama tíma hefur almennt kaup verkamanna aðeins hækkað um 68% og þyrfti því að hækka um 22% til að halda í við þessar verðhækkanir. Þessi stefna hefur svo magnað verðbólgubraskið og hvers konar okurstarfsemi, ekki sízt í húsnæðismálunum, en afleiðingar þess liggja nú með ofurþunga á launastéttunum.

Á valdatíma núv. ríkisstj. hefur hinn frjálsi samningsréttur launþegasamtakanna hvað eftir annað verið skertur með valdboði og nú síðast í flugmannadeilunni.

Á sama tíma og kaupmáttur launanna hefur sífellt rýrnað, hefur hvert góðærið af öðru gengið yfir land okkar. Aldrei hefur aflazt meira. Þjóðarframleiðslan eykst stöðugt. Verðhækkanir á útflutningsvörum hafa verið meiri en á innflutningi okkar. Heildarþjóðartekjurnar hafa því stöðugt farið vaxandi. Í nýbirtri skýrslu Seðlabankans er talið, að þjóðarframleiðslan hafi vaxið um rúman fimmtung á síðustu þremur árum, og á síðasta ári jókst verðmæti útflutnings um 18% miðað við árið áður samkv. sömu skýrslu. En samtímis þessari þróun hefur verkafólkið þurft að leggja á sig stöðugt lengri vinnudag til að auka tekjur sínar og bæta upp minnkandi kaupmátt launanna. Þessa öfugþróun verður að stöðva, og verkalýðshreyfingin er staðráðin í að beita afli samtakanna, til þess að svo megi verða.

Í lok s. l. marzmánaðar boðaði Alþýðusambandið til ráðstefnu um kjaramálin. Fyrir ráðstefnunni lágu ýmsar tölulegar upplýsingar um þróun þjóðarbúskaparins og launamálanna. Þar var m. a. sýnt fram á, að ef kaupmáttur tímakaups verkamanna hefði hækkað aðeins um 3% árlega síðustu 5 árin, ætti kaupið nú að vera um 30% hærra en það er í dag. Því hefur löngum verið haldið fram af sérfræðingum, að kaupið gæti hækkað í hlutfalli við þjóðartekjurnar. En þessi 3% árlega kauphækkun, sem dæmið var tekið um, er nokkru lægri en meðaltal árlegrar hækkunar þjóðarteknanna s. l. 5 ár. Kjararáðstefna Alþýðusambandsins var algerlega einhuga um að krefjast almennrar kauphækkunar og styttingar vinnuvikunnar í 44 klst. með óskertu kaupi í samningum við atvinnurekendur nú í vor. Jafnframt voru gerðar kröfur til ríkisvaldsins um félagslegar umbætur, einkum í skatta- og húsnæðismálum.

Það er nú tæpur mánuður, þar til júnísamningarnir frá því í fyrra renna út. Við túlkuðum þá samninga sem vopnahlé. Verkalýðshreyfingin frestaði í fyrra að mestu kröfum sínum um beinar kauphækkanir, en samið var um nokkrar kjarabætur á öðrum sviðum. En veigamesta atriði samninganna var verðtryggingin á kaupið, sem hæstv. forsrh. var áðan að hóta að taka aftur, ef verkalýðshreyfingin verður ekki að skapi hans í kröfum sínum.

Þá vil ég taka skýrt fram, að því fer víðs fjarri, að verkalýðshreyfingin viðurkenni framfærsluvísitöluna sem réttan mælikvarða á þróun verðlagsins. Má þar tilnefna húsnæðisliðinn, sem vísitalan telur aðeins hafa hækkað um 16% frá árinu 1959, og trúi því hver sem vill og til þekkir, að húsnæðiskostnaðurinn hafi ekki hækkað hér nema um 16% á s. l. 5 árum.

Forsenda júnísamkomulagsins var, að verðbólguþróunin væri heft, og grundvallaratriði samkomulagsins, að kjör launþega versnuðu ekki á samningstímabilinu. Hvorugt hefur staðizt. Verðbólguþróunin hefur haldið áfram, m. a. fyrir stórhækkaða skattheimtu ríkissjóðs, þ. á m. nýja hækkun á söluskatti. Kjör launþega hafa versnað, einkum vegna þeirra gífurlegu skattahækkana, er áttu sér stað s. l. haust og jafngiltu fyrir margan mann beinni kauplækkun. Einnig koma hér til verðhækkanir, sem koma ekki inn í vísitöluna, einkum á ýmissi þjónustu. Ég vil nefna sem dæmi, að á ódýrustu matsölustöðum hækkaði fæði um 20% um s. l. áramót. Nú er svo komið, að t. d. hafnarverkamaður hér í Reykjavík fer með um helminginn af dagvinnukaupi sínu fyrir eins dags fæði á matsölustað fyrir sig einan.

Eftir júnísamkomulagið í fyrra lögðum við ríka áherzlu á, að ríkisstj. og atvinnurekendur notuðu samningstímabilið vel til að vera við því búin að verða við óhjákvæmilegum hækkunarkröfum verkalýðsfélaganna í vor. Þótt þessir aðilar hafi ekkert gert til að búa í haginn og gera vandann auðleystari í vor, mun verkalýðshreyfingin ótrauð fylgja eftir kröfum sínum. Hún hefur rökin og réttlætið sín megin.

Ég gat þess áðan, að nú væri tæpur mánuður, þar til júnísamkomulagið rennur út. Einu viðræðurnar, sem verið hafa, eru við ríkisstj. um skattamálin. Við höfum flutt mál okkar, en litla áheyrn fengið. Nokkrar lagfæringar verða þó gerðar, einkum með hækkuðum persónufrádrætti við álagningu útsvara. En heildarútkoman mun verða sú, að flestir munu á þessu ári greiða hærri krónutölu í skatta en s. l. ár vegna hærri tekna, en nokkru minna hlutfall af tekjum sínum munu þeir greiða. Hér á Alþ. hefur stjórnarliðið fellt allar till. Alþb. um verulegar úrbætur á skattalögunum, þ. á m. till. um sérstakan frádrátt fyrir fólk, sem vinnur í fiskiðnaðinum, og hafnarverkamenn. Slíkur frádráttur, eins og sjómenn hafa nú, mundi nokkuð bæta samkeppnisaðstöðu þessara atvinnugreina og er auk þess fyllsta réttlætismál gagnvart því fólki, sem oft leggur nótt við dag við björgun mestu verðmæta þjóðfélagsins. Með afgreiðslu Alþ. á skattamálunum er augljóst, að þyngstu byrðarnar verða enn lagðar á almenning, en gróðarekstrinum hlíft. Slík stefna er ekki vænleg til sátta við launþegasamtökin og spáir ekki góðu um komandi samninga.

Vinnudagur verkafólks hefur stöðugt lengzt hin síðari ár. Nú er svo komið, að í ýmsum greinum hér í Reykjavík hafa verkamenn um helming tekna sinna fyrir yfirvinnu. Við slíkar aðstæður er vinnan orðin þrældómur, sem brýtur niður heilsu manna og dregur stórlega úr vinnuafköstum. Það er orðin brýn nauðsyn, að hér verði reistar skorður við með löggjöf og beitingu verkalýðsfélaganna. Sú ákvörðun hafnarverkamanna hér í Reykjavík að vinna ekki á sunnudögum í sumar er í þessu efni efni einkar ánægjuleg og uppörvandi og mætti verða öðrum að fordæmi. Félög ófaglærðs verkafólks eru nú orðin þau einu, sem hafa samninga um 48 stunda vinnuviku. En fólkið í þessum félögum er um leið lægst launað og situr á ýmsan annan hátt við minnst hlunnindi og lökust kjör. Þessu ástandi verður ekki unað lengur. Í samningunum núna verður að stytta vinnuviku þessa fólks í 44 stundir með óskertu kaupi. Undan því verður ekki vikizt. Almenn kaup verkamanna er nú 1672 kr. á viku eða 7250 kr. á mánuði. Kemur nokkrum manni til hugar, að þetta kaup verði ekki að hækka? Það er vonlaust að lifa á slíku kaupi, nema til komi mikil yfirvinna.

Verkalýðshreyfingin hefur nú reist kröfur sínar um almenna kauphækkun til þess að vega á móti minnkandi kaupmætti launanna, og verkafólkið gerir einnig kröfur til að fá aukna hlutdeild í sívaxandi þjóðartekjum, og það vill fá þá hlutdeild og á þann rétt án þess að gjalda fyrir það með fleiri vinnustundum. Kauphækkanir núna eiga að vera raunverulegar hækkanir, sem ekki verða settar út í verðlagið. Atvinnureksturinn og þeir, sem tekið hafa til sín bróðurpartinn af aukningu þjóðarteknanna, eiga að standa undir kauphækkun-

um. En til þess að það gerist, verður að breyta um stjórnarstefnu, og það er verkefni sameinaðrar verkalýðshreyfingar að knýja þá breyttu stefnu fram.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þessar útvarpsumr. fara fram á sjötta ári þeirrar ríkisstj., sem kennir sig við viðreisn. Þegar ég lít í sjónhendingu yfir liðin viðreisnarár og frammistöðu ríkisstj., kemur mér í hug tilsvar Árna heitins Pálssonar prófessors: „Satt er það, þitt var ríkið, en hvorki mátturinn né dýrðin."

Aðrir ræðumenn hafa þegar gert því skil, hvernig stjórnarstefnan hefur reynzt að því er tekur til fjármála, skattamála, dýrtíðarmála og skiptingar þjóðartekna milli þegnanna. Ég ætla að draga upp mynd af utanríkisstefnu núv. ríkisstj., varpa á það ljósi, hversu fátæklegur er metnaður hennar fyrir hönd Íslendinga, lítil reisn gagnvart erlendu valdi, kotungslegur bragur í skiptum við framandi þjóðir.

Ég nefndi utanríkisstefnu Íslendinga. Í raun hefur ekki verið um að ræða neina sjálfstæða íslenzka stefnu í utanríkismálum síðan við vorum ginntir til að varpa hlutleysinu fyrir borð, sátum fastir í neti herbandalags með framandi herstöð í eigin landi. Upp frá þeim degi, er hlutleysinu var fórnað, hafa æ fleiri mikils háttar ákvarðanir, sem varða utanríkismál, verið teknar á erlendum vettvangi af erlendum mönnum. Fyrstu árin eftir þau umskipti fullyrtu íslenzkir ráðamenn sitthvað um sjálfsákvörðunarrétt okkar, lýstu kokhraustir yfir ýmsu því, sem þeir reyndust síðar ekki menn til að standa við, þ. á m. að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. En þeir komust fljótlega að raun um, að þeirra var ekki valdið í slíkum efnum. Ýmsar ákvarðanir íslenzkra valdamanna hin síðari ár verða naumast skýrðar á annan veg en þann, að þeir telji sig bundna af samningum til þóknunar og hlýðni við erlenda aðila. Og nú gæta þeir tungu sinnar betur en áður. Þegar utanrrh. var að því spurður hér á Alþ. í fyrra, hvort leyfð yrði staðsetning kjarnavopna í landinu, svaraði hann því einu til, að fram á slíkt hefði ekki verið farið. Meira gat hann ekki sagt.

En svo háskalegt sem það er hverri þjóð að hafa látið fjötrast, getur hún átt ýmissa kosta völ, svo lengi sem hún heldur óskertum frelsisvilja sínum, metnaði og sjálfsvirðingu, en ekki heldur öllu lengur. Fátt er uggvænlegra en það, hversu íslenzkir ráðamenn í dag og fylgjendur þeirra hafa tamið sér að lúta lágt, þegar við erlent vald og erlent fjármagn er að tefla. Það er ömurleg staðreynd, að íslenzkir valdamenn skirrast ekki lengur við að troða fótum jafnt landslög sem siðferðilegan rétt eigin þjóðar til að verða við tilmælum eða kröfum utan að. Íslenzk menningarhelgi er að engu virt. Dátunum á Keflavíkurvelli er falið að beina áhrifamestu fjölmiðlunartækjum nútímans inn á gafl á þúsundum íslenzkra heimila. Og þetta er gert á svo ógeðugan hátt, að engu tali tekur. Fyrst var herliðinu leyfður útvarpsrekstur í landinu þvert ofan í skýlaus ákvæði íslenzkra laga. Og þó var enn laumulegar að farið árið 1961, þegar sama aðila var heimilað að fimmfalda orku sjónvarpsstöðvar, sem áður hafði einungis náð til vallarins, en spannar nú yfir allan þéttbýlasta hluta landsins. Þetta var gert á forsendum, sem reyndust alrangar. En svo mikið er blygðunarleysið, að þeir, sem bera ábyrgð á þessum verknaði, og málgögn þeirra þreytast ekki á að fegra hann á allan hátt og lýsa blessun dátasjónvarpsins Íslendingum til handa. Sjálfur forsrh. hefur jafnvel gerzt svo smekklegur að lofsyngja þessa dásemd í þjóðhátíðarræðu 17. júní.

Núv. ríkisstj. hefur ekki látið sér nægja að halda sem fastast í herstöðina á Miðnesheiði ásamt öllum þeim háska og allri þeirri smán, sem henni fylgir. Á liðnu ári gerði hún að vilja NATO og Bandaríkjanna samning um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, þar sem svo skal um hnútana búið, að þar geti orðið herskipastöð hvenær sem ráðamönnum Atlantshafsbandalagsins þóknast, og þetta er gert án nokkurrar lagaheimildar, að Alþ. gersamlega fornspurðu og vitanlega að þjóðinni fornspurðri. Hún hefur aldrei fengið tækifæri til að segja hug sinn um þessi mál sérstaklega. En það mega hernámssinnar vita, að þeir Íslendingar eru margir og fer fjölgandi, sem krefjast brottfarar alls herliðs úr landi sínu. Um það bar ljóst vitni hinn geysifjölmenni útifundur, sem haldinn var hér í borg í gærkvöld að lokinni Keflavíkurgöngu.

Ein alvarlegasta afleiðing þess ósjálfstæðis gagnvart erlendu valdi, áróðri og peningum, sem núv. ráðamenn eru haldnir af, er vanmetakenndin, hin nagandi tilfinning fyrir eigin smæð og umkomuleysi. Það hefur oft verið næsta ömurlegt að heyra íslenzka ráðh. ávarpa þjóð sína undanfarin ár á hátíðum og öðrum merkisdögum og flytja henni þann boðskap, hversu örðugt sé fyrir okkur, svo fáa, fátæka og smáa, að halda hér uppi sjálfstæðu þjóðfélagi einir og óstuddir. Í líkingamáli tala þeir um fleytuna okkar smáu, sem sigla þurfi í vari við móðurskipið, eigi hún að forðast áföll á úfnu hafi. Reynt er að grípa hvert tækifæri til að komast í slíkt samflot. Allir muna fyrirganginn fyrir 2—3 árum, þegar stjórnarherrar töldu okkur eiga þann kost einan að renna inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Eins er í fersku minni hinn furðulegi landhelgissamningur við Breta frá 1961, gerður eftir að við höfðum unnið raunverulega sigur í landhelgisdeilunni. Þá afsöluðu íslenzk stjórnvöld rétti okkar til að ákveða sjálfir og einir, hvenær og með hverjum hætti við friðuðum landgrunnið fyrir ágangi erlendra veiðiskipa. Nú verða Íslendingar að sækja það undir Breta eða alþjóðadómstól, sem engin viðurkennd alþjóðalög hefur til að dæma eftir í slíku máli, hvað sé leyfilegt í þessum efnum. Og samningur þessi er með þeim endemum, að þar er

ekkert uppsagnarákvæði. Mun það dæmalaust um milliríkjasamning.

Þegar Íslendingar þurfa nú sakir lífsnauðsynjar sinnar að friða landgrunnið eða a. m. k. tiltekna hluta þess, þorir ríkisstj. sig hvergi að hræra. Vitanlega er það brezki ókjarasamningurinn, sem gerir hana hikandi og deiga.

Viðhorf núv. ráðamanna til höfuðatvinnuvega þjóðarinnar markast eins og annað af vantrú og vanmetakennd. Kenning þeirra er sú, að Ísland sé svo harðbýlt, að torsótt verði að auka hér þjóðarframleiðslu og bæta lífskjör, nema gripið sé til annarlegra ráða. Í stað þess að beita sér fyrir kerfisbundnum aðgerðum til að nýta út í æsar vísindi, tækni, mannafla og tiltækt fjármagn og stóraukna framleiðni í íslenzkum sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, er nú ofurkapp á það lagt að fá erlendan auðhring til að reisa hér stóriðjuver. Til þess að það megi takast, eru uppi ráðagerðir um að virkja fyrir hinn útlenda aðila ódýrasta orkugjafa landsins og veita honum mörg sérréttindi og fríðindi, sem íslenzkur atvinnurekstur hefur ekki notið og á ekki að fá að njóta. Hina síðustu daga hafa orðið miklar umr. á Alþ. um þessi stóriðju- og virkjunarmál, annars vegar skýrslu þá, sem lögð hefur verið fram um samningaumleitanir við svissneskt fyrirtæki varðandi alúmíníumverksmiðju, hins vegar lagafrv. um virkjun Búrfells í Þjórsá, en í ráði er að selja alúmíníumverksmiðjunni 3/5 hluta þeirrar raforku, sem þar fengist. Í gögnum, sem fyrir liggja, og í umr. um málin hafa komið fram margvíslegar upplýsingar, sem miklu skipta og sjálfsagt er að gerðar séu alþjóð kunnar. Ég nefni fáein mikilvæg atriði.

Það er ljóst, að samningur við erlent auðfélag um byggingu og rekstur stóriðjuvers táknar grundvallarstefnubreytingu að því er tekur til atvinnurekstrar og hagnýtingar orkulinda á Íslandi. Það er ljóst, að af hálfu ýmissa ráðamanna hér er hin svissneska alúmíníumverksmiðja aðeins einn liður í ráðagerðum um að ryðja erlendu auðmagni í stórum stíl braut inn í íslenzkan atvinnurekstur. Undirbúningsviðræður hafa farið fram um olíuhreinsunarstöð. Rætt er um erlent hlutafé í stór fiskiðjuver og fleiri atvinnugreinar. Til þess að ná hingað erlendu fjármagni á þennan hátt þarf að veita útlendingum margvísleg sérleyfi og önnur fríðindi. Þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hvílík áhætta er í því fólgin, að auðfélög, sem útlendir menn ráða og reka samkv. gróðasjónarmiðum sínum, verði áhrifaríkur aðili í íslenzku atvinnulífi. Slík stefnubreyting er sízt af öllu nauðsynleg. Hún er hreint glapræði. Sé rétt og skynsamlega á málum haldið, eru Íslendingar nú betur undir það búnir en nokkru sinni áður að stórefla atvinnuvegi sína, auka þjóðarframleiðsluna og bæta lífskjörin stig af stigi. Til þess þarf að vísu mjög auknar vísindarannsóknir, eflda tæknimenningu og verulegt fjármagn fengið eftir heilbrigðum og venjulegum lánaleiðum. Allt er þetta mjög vel fært, verði að því horfið með atorku og framsýni að leysa viðfangsefnin með slíkum hætti.

Ein helzta röksemd þeirra manna, sem nú vilja fyrir hvern mun ná samningum um erlent iðjuver til alúmíníumvinnslu, er sú, að það auðveldi okkur Íslendingum framkvæmdir í virkjunarmálum. Sú staðhæfing er meira en hæpin, þegar þess er gætt, að rætt er um að selja til langs tíma og á mjög lágu verði ódýrustu raforku, sem við eigum völ á, og þetta skal gert með fyrirframsamningi, sem gengið er frá löngu áður en vitað er um kostnaðarverð virkjunarinnar. Þær kostnaðaráætlanir, sem fyrir liggja, taka ekkert tillit til óleystra vandamála, svo sem þess, hvernig dregið yrði úr eða komið í veg fyrir ísmyndun í Þjórsá. Svo getur hæglega farið, að óhjákvæmileg lausn þess kosti fremur hundruð en tugi millj. kr. Lengi vel var því blákalt neitað, að þessi vandi væri yfirleitt fyrir hendi. Nú er það viðurkennt af öllum, en enginn veit nú, hversu kostnaðarsamt verður að ráða þar bót á. Virkjunarkostnaður við Búrfell í Þjórsá, sem áætlaður hefur verið 1700 millj. kr., getur af þessum sökum einum hæglega farið upp í 2000 millj. Þessi kostnaður er miðaður við kaupgjald og verðlag í landinu í dag. Nú tekur það 3–4 ár að framkvæma fyrri hluta verksins og 7 ár að fullvirkja Búrfell. Dettur nokkrum í hug, að kaupgjald og verðlag haldist hér óbreytt allan þann tíma? Síðustu 4 árin hefur byggingarkostnaður hækkað um 10% á ári. Það veit því enginn, hvað það orkuver, sem hér á að reisa á 7 árum, kemur til með að kosta. Svo mikið er víst, að það verður ekki 1700 millj., heldur miklu hærri upphæð, og þó ræða menn um það sem einstakan búhnykk að selja meiri hluta þessarar raforku erlendum aðila á föstu, mjög lágu verði, jafnvel undir framleiðslukostnaðarverði miðað við 1700 millj. kr. virkjunarkostnað. Íslendingum einum, sem fá 2/5 raforkunnar til eigin nota, er ætlað að standa undir öllum viðbótarkostnaði, taka á sig alla áhættuna, eins og hún leggur sig. Nú er þess enn fremur að gæta, að samkv. áliti sérfræðinga tvöfaldast raforkuþörf Íslendinga á hverjum 10 árum. Næstu 20 ár þurfum við því að virkja til eigin nota um 450 þús. kw. Af 210 þús. kw. virkjun við Búrfell fengjum við aðeins 84 þús. Hinu á að ráðstafa til alúmíníumversins um 45 ára skeið. Nú telja sérfræðingar, að Búrfellsvirkjun sé hin ódýrasta, sem völ er á. Sé það rétt, eins og verður að ætla, táknar ráðstöfun þeirrar raforku í hendur erlendum aðila vitanlega það, að við verðum þeim mun fyrr að ráðast í dýrari virkjanir okkur sjálfum til handa.

Það er því engan veginn sannað og er sennilega alröng staðhæfing, að samningar um alúmíníumverksmiðju séu hagkvæmir með tilliti til virkjunarmála okkar Íslendinga. Við getum leyst raforkumál okkar sjálfir, eins og við höfum gert fram að þessu. Við ráðum auðveldlega við 70 þús. kr. miðlunarvirkjun við Búrfell, ef það reynist hagkvæmasta lausnin, þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

Sú skýrsla, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. um viðræður og samninga við hinn svissneska alúmíníumhring, leiðir margt athyglisvert og sumt furðulegt í ljós. Auðsætt er, að það eru Íslendingar, sem sækja fast að ná samningum fyrir alla muni. Svisslendingar fara sér hægt og ljá því aðeins máls á samningum, að þeim verði tryggt mjög lágt raforkuverð, margvísleg sérréttindi og fríðindi. Emil Jónsson ráðh. sagði hér áðan, að Norðmenn gerðu allt til að fá erlent fjármagn inn í landið. En ég fullyrði, að þeir hafa aldrei og munu naumast sæta þeim kostum, sem hér eru í boði. Samanburður, sem gerður hefur verið á nýlegum samningi þessa sama svissneska fyrirtækis og ríkisstj. vill semja við um alúmíníumverksmiðju í Noregi, sýnir ljóslega, að hér er rætt um stórum verri kjör og óhagstæðari Íslendingum til handa en Norðmenn tryggðu sér. Þó vakti sá samningur miklar deilur í Noregi sakir þess, hve óhagstæður hann þótti í ýmsum greinum.

Allt tal stjórnliða um stórhug og myndarbrag af þeirra hálfu í sambandi við þetta alúmíníummál, er fleipur. Þar birtist í enn einni mynd hin gróna ótrú, sem núverandi ráðamenn hafa á þróunarmöguleikum íslenzkra atvinnuvega, vanmat þeirra á vilja og getu þjóðarinnar til að hagnýta landsins gæði. Í þessari afstöðu felst ekki stórhugur, heldur uppgjöf. Íslenzk þjóð þarf að láta valdhafana skilja, að hún er staðráðin í að nytja auðlindir sínar sjálf og ein. Hún þarf að láta þá skilja, að í öllum skiptum við erlenda menn, jafnt einstaklinga sem þjóðir, skal fylgja þeirri stefnu, sem sæmir fullvalda og sjálfstæðu ríki. *Vilji valdhafarnir ekki hlíta þeim starfsháttum*, ber þeim að víkja. — Góða nótt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. forsrh. fyrir hin hlýju og vinsamlegu orð hans í minn garð. Um leið óska ég hæstv. fjmrh. velfarnaðar í hinu nýja starfi.

Herra forseti. Það er hægt að búa til margvíslegar, *ólíkar myndir með tölum*, — myndir, sem út af fyrir sig eru ekki rangar, en geta verið villandi eftir því, á hvern hátt þær eru notaðar. Það gefur t. d. rétta mynd í samanburði að miða við sömu krónutölu, ef verðlag og kaupgjald er stöðugt, jafnt. En þetta verður villandi, þegar kaupgjald og verðlag er á mikilli hreyfingu.

Við skulum nefna eitt hugsað dæmi. Maður hefur haft 100 þús. kr. tekjur og borgar af þeim í útsvar 10 þús. kr., eða 10% af tekjum sínum. Nú skulum við segja, að hann kynni annað ár að hafa 150 þús. kr. og borgar þá 12 þús. kr. af því í útsvar, eða 8%. Útsvarið hefur hækkað að krónutölu, en lækkað í prósentum af tekjum hans. Með öðrum orðum er í rauninni hægt að segja með sanni, að útsvar þessa manns hafi samtímis bæði hækkað og lækkað. Þannig má nota tölurnar á margvíslegan hátt. Þetta sýnir, að menn verða við notkun talna að hafa í huga, á hverju er byggt, við hvað er miðað, hverjar eru forsendurnar, til þess að unnt sé að meta, hvort það er sambærilegt, sem verið er að bera saman.

Þegar við rennum augum yfir það, hvernig þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur Íslendinga hafa breytzt, má gera þann samanburð á margvíslegan hátt. Við skulum reyna að átta okkur á því, hverjar breytingar hafa þar á orðið síðustu 5—6 ár.

Ef við athugum málið fyrst í krónutölu, þá var þjóðarframleiðslan árið 1959 um 7200 millj. kr. Á s. l. ári var hún um 17100 millj. kr. Þjóðarframleiðslan hefur þannig aukizt í krónutölu um 137% á þessu tímabili. Ef við miðum hins vegar við fast verðlag, tökum þjóðartekjurnar 1959 og 1964 og umreiknum þær til verðlags 1960, hafa þær vaxið á þessu 5 ára tímabili um 34%. En ef við reiknum aukningu þjóðarteknanna á mann, er hún um 18%.

Þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því, hversu miklar eru heildarálögur hins opinbera, þá er nú orðið algengt víða að miða við það, hve hár hundraðshluti þær eru af þjóðarframleiðslunni. Þá er átt við beina og óbeina skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.

Árið 1963 tóku ríki og sveitarfélög hér á landi til sinna þarfa um 27% af þjóðarframleiðslunni. Árið 1964 var þessi hlutfallstala nokkru lægri, eða 25.6%. En berum okkur saman við nokkur nágrannalönd. Árið 1963, þegar hlutfall okkar var 27%, tóku Danir 29.4% af þjóðarframleiðslu sinni til opinberra þarfa, Bretar 32%, Vestur-Þjóðverjar og Norðmenn 38% og Svíar 41%.

Nú er það oft ekki aðalatriðið í augum *manna, hvað er borgað í opinber gjöld*, heldur hvernig þeir eru látnir borga það. Maður, sem á að greiða ákveðna upphæð til opinberra þarfa, verður oft gramur, ef hann á að snara henni út í beinhörðum peningum sem tekjuskatti eða útsvari. Málið mundi líta öðruvísi út, ef búið væri að koma á staðgreiðslukerfi og gjöldin væru tekin jafnóðum af launum manna og þeirra er aflað. En bezt virðist fólkið sætta sig við það, ef skattgjaldið er *beinlínis innifalið í vöruverðinu sem söluskattur* eða tollur.

Þetta er ekkert einsdæmi hér á landi. Þannig er þetta alls staðar. Yfirleitt er þróunin sú í grannlöndum okkar, í allri Norður- og Vestur-Evrópu, að menn vilja komast sem fyrst og sem mest burt frá hinum beinu sköttum og yfir í óbeina.

Beinir skattar, þ. e. tekjuskattur og útsvar, námu 8½% af þjóðartekjum okkar árið 1958, en 6.3% árið 1964. En með þeim þjóðum, sem ég nefndi áðan, eru beinu skattarnir stærri hluti af þjóðarframleiðslunni en hér, eða frá 11 upp í 18%.

Hér á landi hefur löngum sýnzt sitt hverjum um það, með hverjum hætti hið opinbera ætti að ná inn tekjum sínum. Um tíma einblíndu menn á aðflutningsgjöld með þeim afleiðingum, að þau voru orðin margfalt hærri hér en þekktist í nokkru nágrannalandi og

ólöglegur innflutningur í stórum stíl á fjölda vörutegunda. Þróunin er sú annars staðar, m. a. í viðskipta- og efnahagsbandalögum V.-Evrópu, að færa niður tolla. Að því sama höfum við Íslendingar stefnt undanfarin ár og verðum að halda því starfi áfram.

Fyrir 6 árum voru tekjuskattsgreiðendur hér á landi um 62 þús. talsins, en það voru um 79% af öllum framteljendum í landinu. Eftir skattalagabreytinguna 1960 hrapaði þessi tala úr 62 þús. niður í 15 þús., þannig að það ár voru það ekki nema 19% af öllum framteljendum, sem greiddu tekjuskatt. Eins og kunnugt er, hefur þróunin í launa- og verðlagsmálum verið sú hin síðustu ár, að áhrif hinna miklu tekjuskattsbreytinga 1960 hafa orðið minni en til var ætlazt. Á s. l. ári voru tekjuskattsgreiðendur 33 þús., en samt sem áður og þrátt fyrir fólksfjölgun voru þeir ekki nema röskur helmingur af tölu þeirra fimm árum áður.

Sú stefna að draga úr beinu sköttunum á ekki einungis við tekjuskatt, heldur eigi síður útsvar, því að fyrir flesta skattborgara er tekjuskatturinn aðeins lítill hluti á móti útsvarinu. Heildarupphæð útsvaranna er á valdi hverrar sveitarstjórnar. Stjórnarskrá okkar og löggjöf veitir sveitarstjórnunum sjálfstæði, og þau ráða því að mestu sjálf, hversu mikið þau vilja taka í heild í útsvörum til sinna þarfa.

Það, sem löggjafinn hefur verið að gera undanfarin ár varðandi útsvarsmálin, er fyrst og fremst að skapa samræmi og festu í útsvarsálagningu. Áður gátu sveitarfélögin jafnað niður eftir efnum og ástæðum, og voru þá mjög mismunandi reglur í hinum ýmsu sveitarfélögum. Nú er búið að lögfesta einn ákveðinn útsvarsstiga, sem þau öll verða að fylgja. Hins vegar hafa sveitarfélögin heimild til þess að veita afslátt frá þeim stiga eða leggja álag á hann. En heildarupphæð útsvaranna er á valdi sveitarfélaganna. Í annan stað hefur viðleitni hjá Alþingi og ríkisstjórn miðast að því að útvega sveitarfélögum nýja tekjustofna til þess að létta undir með þeim og gera þeim kleift að hafa útsvörin lægri en þau ella mundu verða. Vil ég þar nefna hluta söluskatts, tolla og landsútsvar.

Frá stofnun Sambands ísl. sveitarfélaga hefur það verið baráttumál þeirra samtaka að koma á fót lánsstofnun fyrir sveitarfélögin til þess að greiða úr þörf þeirra fyrir stofnlán og rekstrarlán. Fyrir hálfu öðru ári var sett nefnd á laggirnar til þess að gera till. um það, hvernig bezt væri að leysa lánsfjármál sveitarfélaganna. Sú nefnd náði samstöðu um þá till., að stofnaður verði lánasjóður sveitarfélaganna. Þegar þessi stofnun verður að veruleika, mun hún verða lyftistöng fyrir sveitarfélögin, og þörf sveitarfélaganna fyrir útsvarsálögur á eitthvað að minnka, þegar hagkvæm lán verða fáanleg til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda þeirra.

Ef litið er á tekjuöflunarmál hins opinbera í heild, kunna menn að spyrja: Ef talið er, að lækka beri beinu skattana og að lækka þurfi tollana, hvar á hið opinbera þá að taka tekjur sínar? Eins og ég vék að, hefur þróunin í mörgum löndum gengið meir og meir í áttina frá beinum sköttum til óbeinna skatta. Og hvað snertir óbeinu skattana hafa þeir færzt yfir í það form að vera skattur á neyzlu í einhverju formi, á innlend viðskipti. Þeir eru ýmist lagðir á vöruna á hverju viðskiptastigi, við framleiðslu, heildsölu, smásölu o. s. frv., þannig að varan verður margskattlögð, eða þeir leggjast aðeins á eitt viðskiptastig, þ. e. framleiðslu, heildsölu eða smásölu. Í fyrra dæminu er talað um fjölstigaskatt, í hinu síðara um eins stigs skatt.

Við Íslendingar höfum reynt flestar þessar aðferðir. Árið 1960 var eftir rækilega athugun valinn smásöluskattur, þ. e. söluskattur á síðasta stigi viðskipta. Var þá stuðzt við reynslu okkar sjálfra, en einnig við reynslu grannþjóða, fyrst og fremst Norðmanna og Svía.

Á síðustu árum hafa menn fengið vaxandi áhuga á nýju kerfi viðskipta- eða söluskatts, sem þykir réttlátara og sanngjarnara en þau kerfi, sem hingað til hafa verið notuð. Þetta er það, sem á Norðurlandamálum er kallað Merværdiskat, en hefur hér verið kallaður verðauka- eða virðisaukaskattur. Þessi skattur er greiddur af þeim verðmætisauka, sem verður á vörunni á hverju framleiðslu- eða sölustigi. Á framleiðslustigi er greitt af mismun á söluverði hinnar framleiddu vöru og innkaupsverði hrávaranna, á síðari stigum af söluverði og innkaupsverði. Í framkvæmd er það þannig, að sá, sem selur vöru, innheimtir af henni skatt hjá kaupanda hverju sinni, en í lok innheimtutímabilsins má hann draga frá þeim skatti þann skatt, sem hann hefur sjálfur áður greitt af innkeyptum vörum. Við skulum nefna dæmi. Framleiðandi kaupir hráefni á 100 þús. kr., selur fullunnar vörur fyrir 250 þús. kr. Ef skatturinn er 10%, hefur hann greitt af hrávörukaupunum 10 þús. kr. í skatt. Af þeim, sem hann selur hinar framleiddu vörur sínar, tekur hann 25 þús. kr. í skatt, en frá þeim má hann draga þær 10 þús., sem hann sjálfur var áður búinn að greiða vegna hráefniskaupa, en mismuninum ber að skila. Samanlögð verðmætisaukning á hverju viðskiptastigi, sem varan fer um, svarar til smásöluverðs.

Kostir þessa kerfis eru taldir þeir helzt: 1) Að það veldur yfirleitt ekki tvísköttun og þess vegna ekki misrétti milli fyrirtækja. 2) Það er talið auðveldara að hafa eftirlit með því, að skatturinn komi til skila, þar sem rekja má viðskiptin stig af stigi, og segja má, að kerfið hafi innbyggt eftirlit í sjálfu sér. 3) Með því að dreifa innheimtunni á fleiri stig en eitt verður skattgreiðslan ekki eins tilfinnanleg og ef skatturinn væri innheimtur allur t. d. á lokastigi.

Í Danmörku og í Svíþjóð hafa farið fram ýtarlegar athuganir og rannsóknir á þessu skattakerfi með það fyrir augum, að þessi lönd taki það upp hjá sér. Talið er líklegt, að Danir

lögleiði það hjá sér bráðlega. Sviar hafa gefið út mikið rit um þetta mál, þar sem það er rakið rækilega. Sú nefnd, sem fjallaði þar um málið, mælti einróma með þessu nýja skattkerfi, en þing og stjórn Svíþjóðar hafa ekki enn tekið endanlega afstöðu til þess.

Einnig hefur þetta verið mjög á döfinni innan Efnahagsbandalags Evrópu, og er talið, að innan tíðar muni það lögleitt í þátttökuríkjum þess.

Eftir þær tilraunir, sem gerðar hafa verið hjá okkur Íslendingum í áratugi um fyrirkomulag óbeinna skatta, væri æskilegt, ef unnt væri að finna upp kerfi í stað þeirra, sem fyrir eru, sem er laust við ýmsa þá annmarka, sem hin fyrri hafa. Ég hef fyrir nokkru falið ráðuneytisstjóra fjmrn. að kynna sér allt þetta mál og semja um það álitsgerð og till.

Eitt af þeim málum, sem undanfarin ár hafa verið til athugunar í fjmrn., er sú hugmynd, hvort breyta skuli mynt og taka upp stærri mynteiningu en nú er. Árið 1961 var þeim Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra, Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra og Sigtryggi Klemenzsyni ráðuneytisstjóra falið að athuga þetta mál og semja um það greinargerð og till. Niðurstaða þeirra varð sú, að þeir mæla eindregið með því, að í þessa breytingu verði ráðizt. Eins og kunnugt er, hafa Frakkar og Finnar gert slíka breytingu með því að strika tvö núll aftan af, þ. e. a. s. taka upp einn franka og eitt mark í stað hundrað áður.

Embættismennirnir þrír leggja til, að hafinn verði undirbúningur að því að taka upp nýja mynteiningu, tíu sinnum stærri en núgildandi krónu. Aðalrökin fyrir breytingunni eru þessi: Með stærri mynteiningu mundu allar myntir undir tíu aurum falla niður og með því sparast verulegur kostnaður af útgáfu tiltölulega dýrrar smámyntar. Í því sambandi má upplýsa, að það kostar a. m. k. 17 aura að búa til einseyring og 47 aura að búa til fimmeyring. Verulegt hagræði og vinnusparnaður mundi fást með stærri mynt og niðurfellingu eins aukastafs úr öllum peningaupphæðum. Breyting í verðmætari einingu mundi hafa góð sálræn áhrif og stuðla að breyttri afstöðu til verðgildis krónunnar, sem mjög hefur rýrnað vegna verðbólguþróunar s. l. áratugi.

Íslendingar hafa jafnan verið stolt þjóð, — og er ekki líklegt, að það mundi vekja þægilega stolts- og þjóðernistilfinningu í brjóstum manna, þegar íslenzka krónan væri orðin verðmesta krónan á Norðurlöndum.

Þetta mál er á athugunarstigi, en eftir rækilega athugun hef ég sannfærzt um, að það væri rétt spor að breyta mynteiningu okkar þannig, að hún verði tíu sinnum verðmeiri.

Við heyrum það á hverju ári, þegar fjárlög eru á ferðinni, að nú hafi verið lögð fram hæstu fjárlög í sögu landsins. En þegar þjóðarframleiðslan hefur meira en tvöfaldazt í krónutölu, þá er kannske ekki rökrétt að álykta, að upphæðir fjárlaga eða fjárhagsáætlanir sveitarfélaga geti staðið í stað eða jafnvel lækkað að krónutölu. Þrátt fyrir það að fjárlög hafi hækkað í krónutölu svo sem raun ber vitni um, eru þau samt lægra hlutfall af þjóðarframleiðslunni en áður. Rétt er og að hafa í huga, að af því fé, sem ríkissjóður innheimtir af borgurunum, fer röskur helmingur aftur beint til borgaranna. Árið 1962 voru tekjur ríkissjóðs um 2650 millj., en af þessari upphæð fóru 1416 millj. í greiðslur til almannatrygginga, atvinnuveganna, í niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Ríkið innheimtir þetta fé og skilar því aftur. Ríkið er að þessu leyti tæki til tekjumiðlunar.

Tvo fjárlagaliði vildi ég gera hér að umtalsefni vegna þess, hve mjög þeir hafa hækkað og hve þýðingarmiklir þættir þeir eru í félagslegum umbótum hins íslenzka þjóðfélags. Þessir tveir þættir eru almannatryggingar og skólamálin.

Framlög ríkissjóðs til lífeyris- og sjúkratrygginga hafa hækkað frá árinu 1959 úr 77 millj. upp í 543 millj. kr., eða um sjöfaldazt. Fjölskyldubætur voru áður ekki greiddar með fyrsta og öðru barni, en eru nú greiddar með öllum börnum, og upphæð bótanna á hvert barn hækkar. Hjón með tvö börn fengu fyrir 1960 engar fjölskyldubætur, en fá nú 6 þús. kr. Hjón með þrjú börn fengu áður 1165 kr., en nú 9 þús. Þá er elli- og örorkulífeyrir. Hjón, sem árið 1959 fengu 15900 í lífeyri, fá nú 43400. Felldur var niður munurinn á fyrsta og öðru verðlagssvæði, en á öðru verðlagssvæði voru bótagreiðslur áður töluvert lægri. Þeir, sem þar búa, fá því nú sömu greiðslur og á fyrsta verðlagssvæði, þannig að hækkunin er miklu meiri á öllum tryggingum hjá íbúum annars verðlagssvæðis. Þá má nefna afnám skerðingarákvæðanna svokölluðu. Ef gamalt fólk, sem komið var á ellilífeyri, eða fólk, sem hafði slasazt og fékk örorkubætur, vann sér eitthvað inn annars staðar, voru þær tekjur áður dregnar eftir vissum reglum frá bótagreiðslum. Nú eru þessar skerðingarreglur ekki lengur til.

Skólamálin eru annar meginþáttur, sem hefur haft veruleg áhrif á fjárlög til hækkunar. Til byggingar barnaskóla, gagnfræðaskóla, héraðsskóla, húsmæðraskóla og iðnskóla var árið 1958 varið 14.4 millj. kr. úr ríkissjóði, en í ár 119.2 millj., og rekstrarkostnaður þessara skóla hefur hækkað frá árinu 1958 úr 65.9 millj. upp í 263 millj.

Það er mikilvægt, að hið mikla fé, sem varið er til skólanna, nýtist sem bezt, bæði að því er snertir stofn- og rekstrarkostnað. Mikilvægast er þó, að sú menntun, sem skólarnir veita, samsvari þeim kröfum, sem breyttar og breytilegar þjóðfélagsaðstæður gera til þeirra, en breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla stöðugt á þróun og umbætur í skóla- og menntamálum. Þar getum við hagnýtt okkur margt af reynslu annarra þjóða og aðhæft okkar staðháttum, þó að við þurfum fyrst og fremst að byggja á okkar eigin reynslu og sögu.

Ég vil leggja á það áherzlu, að það er orðin

aðkallandi nauðsyn að koma á fót skipulegum, vísindalegum rannsóknum í skóla- og menntamálum okkar Íslendinga, og því fyrr því betra.

Þegar við Íslendingar byggjum upp þjóðfélag okkar, notfærum vísindi, tækni, komum upp nýjum stofnunum, bætum þjónustu og kjör, þá verðum við jafnan að hafa í huga, að í sambandi við allar slíkar fjárfrekar framkvæmdir og umbætur þarf að framkvæma það vandasama mat, hvað er æskilegt að gera og hvað unnt að gera. Undirstaðan undir því, hvað unnt er að gera, er burðarþol þjóðfélagsins, þ. e. atvinnuvegirnir, sem allt byggist á. Það er ekki nóg að segja: Það er æskilegt að stofna þessa stöðu eða koma þessari stofnun á fót, — og: Þetta gera aðrar þjóðir. — Það er ekki víst, að 180 þús. manna þjóð geti gert það sama og 180 millj. þjóð. Allt veltur hér á undirstöðunni. Við verðum að byggja á bjargi, en ekki sandi. Ef of mikið er lagt á útflutningsatvinnuvegina, sem eiga í harðri samkeppni við erlendar þjóðir, þá er verið að heimta meira en burðarþol þjóðfélagsins leyfir.

Menntamálin, tækni og vísindi verða eitt aðalviðfangsefni íslenzku þjóðarinnar á næstu árum. Það verður að búa vel að vísindum og vísindamönnum, búa þeim kjör, sem eru boðleg og við hæfi þjóðarinnar, — kjör, sem samrýmast burðarþoli hins íslenzka þjóðfélags.

Vandi stjórnmálamanna er þessi: að meta hvað er æskilegt og hvað er unnt og í hvaða röð framkvæmdir og umbætur eigi að koma.

Góðærum fylgja oft örðug ár. Framsækni og varúð verða að haldast í hendur, ef vel á að fara. Fyrir lítla þjóð má svo lítið út af bera. En með þessi meginatriði, sem ég minntist á, í huga, verður að sækja með opnum augum og einbeittum hug til æ betra og réttlátara þjóðfélags, til blessunar í bráð og lengd fyrir land og lýð.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á 6 ára valdatímabili núv. stjórnarflokka hafa fjárlög íslenzka ríkisins fjórfaldazt. Er það meiri hækkun en nokkru sinni fyrr. Segir þessi þróun sína sögu um árangur stjórnarstefnunnar, því að til hennar ber að rekja hækkun fjárl. að verulegu leyti. Þau atriði, sem mestu hafa valdið þar um, eru þessi: 1) Þensla ríkiskerfisins og eyðsla. 2) Óhófleg skattheimta. 3) Dýrtíðin. Mun ég nú gera grein fyrir þessum atriðum.

Með hliðstæðum samanburði á fjárl. 1958 og 1965 kemur m. a. eftirfarandi í ljós: Útgjöld samkv. 10. gr. fjárl., þ. e. til ríkisstj., ráðuneytanna og utanríkisþjónustunnar, hafa hækkað um 174%. Breytingar þær, sem gerðar voru á álagningu skatta, voru taldar vera til sparnaðar. Í framkvæmd hefur raunin orðið sú, að kostnaðurinn er 200% hærri en fyrir breytinguna, og mun þó sú áætlun reynast of lág. Innheimtu skatta og tolla átti einnig að gera ódýrari með kerfisbreytingu, en kostnaðurinn við innheimtuna mun nú 100% hærri. Ég hef gert samanburð á ríkisreikningi 1958 og 1963 og tekið þessa útgjaldaliði: Kostnað við veizlur ríkisstj., ferðakostnað, kostnað við ráðstefnur, annan kostnað og ýmislegan kostnað rn. Útgjöld vegna þessa reyndust 3.8 millj. kr. 1958, en 1963 eru þau orðin 18.1 millj. kr. Hækkunin nemur 500%. Sem sönnun fyrir útþenslu ríkiskerfisins leyfi ég mér að minna á stofnanir eins og almannavarnir, Efnahagsstofnunina, hagsýslugerðina, saksóknaraembættið, fjölgun í ýmsum nefndum og ráðum, svo sem í húsnæðismálastjórn, bönkum, en til afreka í ráðleysi verður að telja það verk að stofna prestsembætti úti í Kaupmannahöfn. Er sú framkvæmd í öllu eins, þar sem er ekki einu sinni fylgt lögum þar að lútandi.

Enda þótt útþensla ríkiskerfisins og eyðsla eigi sinn þátt í hækkun fjárl., veldur þó annað þar meira um. Það er ofsköttunin. Einn sterkasti þátturinn í viðreisninni og sá þeirra, sem reynt er að halda lengst í, er að draga til umráða á vegum ríkisstj. svo mikið fjármagn, að það minnki kaupgetu og framkvæmdir almennings. Liður í framkvæmd þessara atriða viðreisnarstefnunnar er að draga hluta af sparifé landsmanna í Seðlabankann og að hafa verulegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Þessi stefna hefur leitt til þess, að um ofsköttun hefur verið að ræða, þar sem tekjur ríkissjóðs fóru um 600 millj. kr. fram úr áætlun samanlagt árin 1962 og 1963. Þó að hitt sé augljóst, að ríkissjóður þarf að vera rekinn hallalaust, leiðir ofsköttun af sér margs konar vandræði og hefur leitt af sér ofvöxt dýrtíðarinnar, sem síðar verður að vikið, enda var svo komið á s. l. sumri, að upp reis reiðialda út af sköttunum, alda, sem ekki á sér neina hliðstæðu í stjórnmálasögunni.

Máli mínu til sönnunar varðandi þetta atriði vil ég leiða fram vitni, og vitnin eru stjórnarblöðin, Alþýðublaðið og Morgunblaðið. Hannes á horninu sagði í Alþýðublaðinu 1. ágúst s. l. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef fylgzt með því, þegar skattskráin hefur komið út í 40 ár, og aldrei hefur hún valdið annarri eins reiði, undrun og furðu og í þetta sinn.“ Og Morgunblaðið segir 9. ágúst, með leyfi hæstv. forseta, er það sendir vinablaði sínu, Vísi, kveðju, m. a. á þessa leið: „Okkur hefur verið sagt það mjög ótvíræðum orðum í nefndu blaði, að skattar og útsvör hafi lækkað, að almenningur standi betur að vígi fjárhagslega en áður og sé hæstánægður með útreikninga skattheimtunnar. Þetta og annað svipað lesa menn í blöðunum, meðan þeir handfjatla gjaldseðilinn hálfringlaðir, af því að hann segir allt aðra sögu og miklu iskyggilegri um stórauknar opinberar álögur, um skattpíningu, sem ekki á sér hliðstæðu um mörg undanfarin ár.“ Og blaðið heldur áfram og segir: „Það er út af fyrir sig gott og blessað að geta kastað fram háfleygum, hagfræðilegum skýringum studdum töfraformúlum töluvísindanna á hinu nýja skattafargani. En sagði ekki núv. forsrh. einhvern tíma, að buddan væri, þegar öll kurl koma til grafar, öruggasti hagfræðingurinn

Og nú segir hún vissulega ömurlega sögu þessa síðustu tíma.“ Þetta eru frásagnir stjórnarblaðanna um ágæti ríkisstj. í skattamálum. Þær þurfa ekki skýringar við.

Í framhaldi af þessu mun ég víkja nánar að því, hvort ástæða var fyrir þessari reiðiöldu almennings eða ekki. Á valdatímabili stjórnarflokkanna hafa skattar og tollar til ríkissjóðs hækkað frá því að vera 700 millj. kr., eins og þeir voru 1958, í 3280 millj. kr. eða um 34% með hliðstæðum samanburði. Hér er þó ekki öll sagan sögð, því að ótöld skattheimta fer fram á vegum ríkisins utan áhrifa á niðurstöðutölur fjárl. Þar vil ég nefna hækkun pósts og síma, ríkisábyrgðasjóðsgjald, bændaskatt, launaskatt, iðnlánasjóðsgjald, og segja má með réttu, að varla sé nokkurt mál afgreitt hér á Alþ., án þess að því fylgi nýr skattur.

Á sama tíma og skattar og tollar hækka, svo sem greint hefur verið, hefur einnig átt sér stað fyrir áhrif stjórnarstefnunnar og verðlagsþróunarinnar í landinu hækkun á útsvörum um 180%. Gjald til almannatrygginga hefur hækkað yfir 200% og sjúkrasamlagsgjöldin álíka. Hins vegar hefur samningsbundið kaupgjald í almennri verkamannavinnu aðeins hækkað um 60—70% á þessum árum. Ofan á þetta bætist það, að skattheimtunni hefur verið breytt á þann veg, að söluskattur, sem lagður er á nauðþurftir manna og almenna þjónustu, hefur hækkað um 500%, en skattar á fyrirtæki hafa hins vegar lækkað í heildarinnheimtu skattanna í landinu frá því að vera 2% í 0.2%.

Engan mun undra, þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, þó að reiði fólksins væri almenn, og réttmæti hennar dregur enginn í efa. Hitt vekur undrun, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki enn þá gera sér þær staðreyndir ljósar, að um ofsköttun er að ræða, en heldur áfram á sömu braut með því að hækka söluskattinn um ca. 250 millj. kr. fyrir jólin í vetur og ætlar sér ca. 150 millj. kr. meira af tekju- og eignarskatti í ár en s. l. ár. Og enn þá er hún að bæta við nýjum sköttum þessa síðustu daga þingsins og það nú á byggingarefni. Byggingarkostnaður hérlendis er ekki nógu hár að dómi hæstv. ríkisstj.

Afleiðingin af framkvæmd þeirrar stefnu, sem ég hef hér lýst, þ. e. eyðslusemi og ofþenslu ríkiskerfisins og þó fyrst og fremst ofsköttun, er dýrtíðin, sem hér ræður ríkjum og liggur eins og mara á atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar og eyðir hverri kjarabót fólksins jafnharðan og hún fellur til. Glöggt dæmi um vöxt dýrtíðarinnar og áhrif hennar á hækkun fjárl. eru niðurgreiðslur á vöruverði. Til þeirra var varið 115 millj. kr. 1958, árið áður en stjórnarstefna núv. stjórnarflokka kom til framkvæmda. En nú er varið til þeirra mála 543 millj. kr. Hækkunin er 380%. Hér er þó ekki öll sagan sögð, þar sem telja má hluta af fjölskyldubótum einnig til niðurgreiðslu á dýrtíðinni, enda eru þær reiknaðar til frádráttar í framfærsluvísitölunni. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur standa einnig í beinu sambandi við vöxt dýrtíðarinnar, og ef betur er að gáð, er vöxtur dýrtíðarinnar einkenni á fjárl. og ríkisrekstrinum yfirleitt.

Á sama tíma og fjárlög hækka um 300%, hækkar fjárveiting til nýrra raforkuframkvæmda um 24% og til flugvallagerðar um 84%. Og þróunin í vegamálunum, þeim málum, sem öll þjóðin hefur áhuga á, er þessi: Tekjur af sérsköttum, þ. e. benzínskatti, þungaskatti og leyfisgjöldum, hafa hækkað um 700% á valdatíma stjórnarsinna. Ríkissjóður lagði fram 35 millj. kr. til vegamála 1953 umfram tekjur af áðurnefndum tekjustofnum, en nú ætlar hæstv. ríkisstj. sér að fá 100 millj. kr. í ríkissjóð í nettótekjur af þessum þremur tekjustofnum. Gert er ráð fyrir því, að framkvæmdafé til vegamála á gildistíma vegáætlunarinnar verði 80—90% af framkvæmdafé s. l. ár. Auk þess mun verðlagsbreyting rýra framkvæmdamátt þessa fjár, svo sem verið hefur. Rýrnun vegafjárins til framkvæmda hefur verið 13—20% frá árslokum 1963 til þessa dags. Ekki er búið betur að um fjármuni til viðhalds þjóðveganna. Þar er gert ráð fyrir, að þróunin verði sú, að árið 1958 var varið 8.3 aurum til viðhalds á hvern ekinn km, en 1968 eiga að fara 5.3 aurar til viðhaldsins, þ. e. 36% lækkun.

Að lokum vil ég minna á það furðulegasta, sem gerzt hefur á tímum góðæris til lands og sjávar, eins og verið hefur undanfarin ár, að gripið er til þeirrar ráðstöfunar að skera niður framkvæmdaliði fjárl. um ekki minni fjárhæð en 20%. Vekur þetta að sjálfsögðu furðu í landi, þar sem ekki er fjárfestingareftirlit og allt veður uppi í verðbólgufamkvæmdum. Þessi ráðstöfun er ekki heldur gerð til að létta af neinum sköttum eða leysa nokkurn vanda. Hún er gerð til þess að fleyta hæstv. ríkisstj. lengra inn á braut ráðleysisins, því að hvar ætlar ríkisstj. að taka það fé, sem þarf til þessara verkefna á næsta ári auk þeirra nýju verkefna, er þá falla til, fyrst hún þarf að gera neyðarráðstöfun í bezta árferði, sem yfir landið hefur gengið? Gott dæmi um þessa framkvæmd eru skólarnir í landinu. Við afgreiðslu fjárl. í vetur var aðeins samþ. 25% af þeim framkvæmdum í skólabyggingum, sem um var sótt og nauðsyn bar til að veita, en 20% lækkun á fjárveitingum til skólabygginga í heild er 50% meiri fjárhæð en veitt var til nýrra barnaskóla og gagnfræðaskóla á árinu 1965. Sjá má af því, hvert stefnir um skólaframkvæmdir og fræðslu ungmenna hér á landi á næstu árum.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni hér að framan skýrt frá nokkrum atriðum í þróun í fjármálum íslenzka ríkisins og áhrifum viðreisnarinnar á þá þróun. Niðurstaðan af því, sem sagt hefur verið, er sú, að álögustefna hæstv. ríkisstj. er rótin að þeirri dýrtíð og þeirri óvissu, sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar. — Góða nótt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir útvarpshlustendur. Tvennt er það, sem hverjum manni ætti að vera ljóst um þessar mundir. Annað er það, hversu ótryggt efnahagsástandið er sakir verðbólgunnar. Hitt er það, hversu veik ríkisstj. er og fálmandi í aðgerðum sínum. Það dylst ekki heldur, að ríkisstj. hefur misst trúna á sjálfa sig, og er það vissulega mjög alvarlegt áfall, því að framan af stjórnartímabilinu skorti hana sízt mikillæti í orðum og lét gjarnan skammt stórra högga á milli.

Nú er skylt að gera ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi upphaflega haft einlægan ásetning um varanlegar úrbætur í efnahags- og stjórnmálum. En hitt er jafnvíst, að henni hefur mistekizt svo hrapallega, að lengra verður ekki komizt. Jafnvægisleysið í efnahagslífinu getur tæplega orðið meira en nú er. Ókyrrðin í kaupgjaldsmálunum má ekki meiri vera. Stjórnmálaástandið getur naumast orðið ótryggara.

Verðbólguþróunin hefur oft verið mikil og illviðráðanleg síðasta aldarfjórðung, en tólfunum hefur kastað síðustu 5 árin, því að á þessu stutta skeiði hefur verðbólguvöxturinn *reynzt meiri en samanlagt á 15—20 árum áður.* Þó er þess sérstaklega að minnast, að efnahagsaðgerðir ríkisstj., sem hófust í febrúar 1960, áttu alveg sérstaklega að leiða til verðbólgustöðvunar, enda voru aðgerðir þessar nefndar viðreisn efnahagslífsins. En sagan hefur hins vegar reynzt óljúgfróð um eðli þeirrar viðreisnar, enda tekur enginn sér þetta nafn í munn nema í háði. Þess vegna er það lýðum ljóst og raunar ríkisstj. sjálfri, að efnahagsaðgerðir 1960 og æ síðan voru ekki til þess lagaðar að hemja verðbólguna. Þvert á móti á efnahagsþróunin síðan 1960—61 að langmestu leyti rætur að rekja til þessara aðgerða. Þær hafa m. ö. o. haft þveröfug áhrif við það, sem til var ætlazt. Tíðar gengisfellingar, vaxtahækkanir og taumlaus skattheimta, svo að nokkuð sé nefnt, hefur komið meira róti á efnahagslífið en því sé fært að þola, þó að ríkisstj. hafi að nafninu til fleytt sjálfri sér áfram á ávöxtum mikils sjávarafla og hagstæðra viðskiptakjara, sem einkennt hefur stjórnartímabilið. Annars er ástæða til að sakna þess í ræðu fráfarandi fjmrh., sem hér talaði áðan, að hann gerði enga grein fyrir hag og afkomu ríkissjóðs, sem þó hefði verið ástæða til á þessum tímamótum.

Eitt af því, sem verið hefur mest áberandi í fari ríkisstj., er þrálátt og meinlegt skilningsleysi á eðli íslenzkra atvinnuvega og þar af leiðandi á þörfum þeirra. Ríkisstj. hefur sótt fyrirmyndir og fyrirmæli meira en góðu hófi gegnir til erlendra þjóða og reynt að heimfæra efnahagslögmál auðvalds- og iðnaðarstórvelda upp á okkar sérstaka efnahagskerfi, sem grundvallast aðallega á sjósókn og kvikfjárrækt og iðnaði, sem bundinn er þessum frumþáttum atvinnulífsins, og innanlandsþörfum fyrir neyzluvörur og atvinnu handa ört vaxandi þjóð. Þannig hefur ríkisstj. alltaf verið að reikna út og halda því að þjóðinni, að höfuðatvinnuvegir okkar séu svo ótraustir, að á þeim sé ekki hægt að byggja eðlilegan hagvöxt. Sem betur fer hefur þetta reynzt rangt. Hagvöxtur og framleiðslugeta aðalatvinnuvega okkar er út af fyrir sig ekki áhyggjuefni. Auðlindir landsins, fiskimiðin, ræktunarlandið og verksmiðjukosturinn, allt hefur þetta reynzt nýtilegt og sannað sem fyrr, að þetta eru og hljóta að verða meginstoðir undir atvinnulífinu og þeim efnahagslegu framförum, sem að er keppt. Þessir eru okkar íslenzku bjargræðisvegir. Á þá verðum við að treysta fyrst og fremst, og að þeim ber að hlynna með ráðstöfunum, sem ætlandi sé, að verði þeim til eflingar, en ekki til niðurdreps.

Verksmiðjuiðnaðurinn er yngsta grein atvinnulífsins hér á landi og hefur vaxið hröðum skrefum undanfarna áratugi og átt meginþáttinn í að taka við þeirri öru fólksfjölgun, sem orðið hefur í landinu. Gildi iðnaðarins felst ekki sízt í því, að hann hefur reynzt þessa megnugur. Getur hver maður séð, hvers virði það eitt út af fyrir sig er fyrir tilvist þjóðarinnar. En iðnaðurinn hefur einnig stuðlað að stóraukinni framleiðslu og nýtingu innlendra *hráefna og aukið með því verðmæti sjávarafla* og búsafurða og þannig orðið frumframleiðslunni og þeim, sem að henni starfa, ómetanleg aðstoð.

En hvernig er þá búið að verksmiðjuiðnaðinum undir ríkjandi stjórnarfari? Því má svara með orðum iðnrekendanna sjálfra og iðnverkafólksins, sem á hag sinn og atvinnu undir þessari starfsemi. Það er samdóma álit þessara aðila, að óvissa ríki um framtíð margra greina íslenzks iðnaðar, og þessi óvissa stafar fyrst og fremst af aðgerðum ríkisstj. í tolla- og verzlunarmálum. Hjá ríkisstj. hefur vegið þyngra á metunum að auka skyndilega innflutning erlendrar iðnaðarvöru en að treysta hag sambærilegs iðnaðar í landinu sjálfu, og því er svo komið, að alls óvíst er, hversu fer um ýmsa innlenda iðnaðarstarfsemi í næstu framtíð. Stefnubreytingar er því þörf í málefnum iðnaðarins, eins og svo margs annars í þjóðmálum okkar, ef ekki á verra af að hljótast. Að sjálfsögðu er ekki fram á það farið að vernda iðnaðinn óskorað og um alla framtíð með höftum og háum innflutningstollum á erlendum iðnaðarvörum. En eigi að síður verður að taka tillit til þeirra aðstæðna, sem hér hafa lengi verið í uppbyggingu iðnaðarins, og þess sérstaklega gætt, að skyndileg breyting á innflutnings- og tollamálum leiði ekki til þess, að innlendur iðnaður verði ósamkeppnisfær, áður en ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að hann geti lagað sig að breyttum aðstæðum og samkeppnisaðstöðu. Þess vegna ber nú, áður en rýmkað er um innflutning erlendra iðnaðarvara, að tryggja iðnaðinum aðgang að hagstæðum stofnlánum og auknum rekstrarlánum, færa niður aðflutningsgjöld af vélum og hráefnum til iðnaðar og efla leiðbeiningar- og hagræðingarstarfsemi og veita sérstakt fjármagn með hagstæðum kjörum til framleiðniaukningar. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að fyrir Alþ. liggur

nú sem oft áður till. frá framsóknarþm. um það, að Seðlabankinn endurkaupi hráefna- og afurðavíxla af iðnaðinum, en ríkisstj. hefur enn ekki léð máls á samþykkt hennar, hvað sem síðar kann að verða. Hversu gagnlegur sem frjáls innflutningur kann að vera í sjálfu sér, má þó ekki gleymast, að á fleira er að líta í því sambandi. Innflutningsfrelsið verður þjóðinni ekki að gagni, ef það leiðir til samdráttar í lífvænlegum innlendum iðnaði. Og langmest af iðnaði okkar er einmitt af því tagi, ef rétt er að honum búið, auk þess sem hann er nauðsynlegur til þess að taka við mestum hluta hinnar öru fólksaukningar.

Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir geta ekki orðið uppbót fyrir þann iðnað, sem ríkisstj. er nú sem óðast að drepa niður, a. m. k. ekki þann iðnað, sem byggður hefur verið upp á Akureyri og annars staðar norðanlands, því að ekki er annað sýnna en ríkisstj. ætli með aðgerðum sínum í stóriðjumálum og iðnaðarmálum almennt að lama uppbyggingu Akureyrar og koma í veg fyrir nauðsynlega eflingu hennar á sviði atvinnu- og menningarmála. Tal stjórnarflokkanna nú um framkvæmdasjóð strjálbýlisins, sem fái fé sitt m. a. af hagnaði og sköttum af alúmínverksmiðju í Straumsvík, er lítils virði móti þeirri röskun, sem hver stórframkvæmdin af annarri á suðvesturhorni landsins hlýtur að hafa í för með sér, og skal þó sannarlega ekki gert lítið úr nauðsyn slíks sjóðs, enda er það eitt af höfuðbaráttumálum Framsfl. Eins og síðustu upplýsingar um stóriðjumálin liggja nú fyrir, er full ástæða til að krefjast endurskoðunar á öllu málinu, t. d. að því er varðar virkjun Dettifoss, enda er margt, sem bendir til þess nú, að Dettifossvirkjun sé hagstæðari en fram kom í fyrstu skýrslum ríkisstj. í þessu máli.

Ríkisstj., sem í fyrstu var bólgin af mikillæti og þóttist hafa ráð við hverjum vanda, er nú bæði ráðvillt og hikandi í aðgerðum sínum. Í öllum meginatriðum hefur hin upphaflega stefna, eins og hún var túlkuð, beðið skipbrot. Verðbólgan hefur aldrei vaxið örar en í tíð núv. ríkisstj. Kaupgjaldsmálin hafa aldrei verið ótryggari. Skattrán hefur viðgengizt og náði hámarki á síðasta skattári, og litlar líkur til, að á því verði breyting. Óbeinir skattar margfaldast með hverju ári sem líður, og tekjuskattur er ótæpt innheimtur þrátt fyrir gefin loforð um að fella hann niður af almennum launatekjum. Hluti launamanna af þjóðartekjunum vex ekkert, þrátt fyrir aukna þjóðarframleiðslu og stórbætt viðskiptakjör. Málefni þeirra landshluta, sem eiga í tímabundnum atvinnuerfiðleikum, hafa verið látin reka á reiðanum, og væri sannarlega æskilegt, að í þeim efnum gætti meiri „röskleika“, — svo að notuð séu orð hæstv. forsrh. í ræðu hans hér í kvöld, — heldur en verið hefur til þessa.

Það er aðeins eitt, sem ekki breytist. Ríkisstj. lafir enn í völdum. Stjórnarherrarnir virðast kunna það eitt, sem þarf til þess að hanga á naumum meiri hl. á Alþ., þó að þeir hafi fyrir löngu misst taumhald á stjórn landsins og glatað trausti hjá þjóðinni, og ekki getur slíkt talizt stjórnvizka, heldur einber þrjózka. Auðvitað er ekkert sjálfsagðara en að sú ríkisstj. segi af sér, sem komin er í málefnaþrot, enda er það beinlínis eðli lýðræðislegra stjórnarhátta, að þannig sé að unnið. Í stjórnmálum eiga menn að standa eða falla með verkum sínum. Þess er því e. t. v. enn að vænta, að núv. hæstv. ríkisstj. segi fljótlega af sér, og skulu það verða mín síðustu orð hér í kvöld, að sú ráðabreytni mundi sízt verða Íslands óhamingju að vopni. — Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er einkennandi fyrir þessar umr. sem og fleiri slíkar, að stjórnarandstæðingar gera ákaflega lítið að því að bera gerðir núv. ríkisstj. saman við gerðir þeirrar ríkisstj., sem þeir sjálfir áttu aðild að. Þetta segir sína sögu, enda er meginhluti málflutnings þeirra ýmiss konar tillögur og kröfugerðir í skattamálum, verðlagsmálum, launamálum og efnahagsmálum almennt, sem þeir sjálfir gátu ekki tekið undir eða leyst, meðan þeir höfðu valdaaðstöðu. Stjórnarandstæðingar gera því að vissu leyti meiri kröfur til núv. ríkisstj. en sjálfra sín, og skal ég ekki lasta það.

Halldór E. Sigurðsson ræddi hér áðan um margs konar hækkanir á fjárlagaliðum. En hann gleymdi alveg hinni stórkostlegu aukningu á framlögum til almannatrygginga eða félagsmála, sem hækkuðu frá árinu 1958 til 1965 úr 106 millj. kr. í 758 millj. kr., enda gæti ég trúað því, að hann væri sjálfur lítið hrifinn af þessum fjárveitingum.

Það kemur vissulega úr hörðustu átt, þegar framsóknarmenn eru að gagnrýna það, hversu mjög fjárl. hafa hækkað á valdatíma núv. ríkisstj., því að við hverja einustu fjárlagaafgreiðslu hafa þeir sjálfir lagt til, að fjárl. hækkuðu um 200—300 millj., svo að líklega væru fjárl. nú 1000 millj. hærri en þau raunverulega eru, ef till. framsóknarmanna hefðu verið teknar til greina.

Ingvar Gíslason talaði um það, að stefna ríkisstj. hefði beðið skipbrot. Það er rétt að athuga þessi ummæli nánar, af því að þau koma frá framsóknarmanni. Hvað sögðu framsóknarmenn um stefnu ríkisstj. í upphafi? Það liggur fyrir, og sérstaklega kom það fram í umr. um efnahagsmálin á Alþ. á öndverðu ári 1960. Þá sagði einn framsóknarmaður, sem talaði einna skýrast, en allir aðrir höfðu sömu meiningu, — hann sagði: „Leggja á dauða hönd yfir alla nauðsynlega og réttláta framþróun og uppbyggingu í landinu.“ Og ég get vissulega tekið undir það, að þeir menn, sem álíta, að þetta hafi verið stefna ríkisstj., geti vissulega sagt með sanni, að hún hafi beðið skipbrot.

Fyrir nokkrum vikum sat ég á tali við einn gáfaðasta og víðsýnasta þm. Framsfl., mann, sem er mjög frumlegur og snjall ræðumaður, en þó er sá ljóður á ráði hans, að hann er mjög sjálfstæður í skoðunum og því fær hann aldrei að taka þátt í útvarpsumr. fyrir Framsfl.

Talið barst að frv. ríkisstj. um lækkun tolla, sem þá var til meðferðar á Alþ. Ég kvartaði undan því, að erfitt væri að eiga við þessa framsóknarmenn, það væri sama, hvaða umbótamál ríkisstj. bæri fram, alltaf gætu þeir boðið betur. Nú stæðu þm. Framsfl. upp hver á fætur öðrum, þegar þetta mál var til umr., fullir vandlætingar yfir því, að tollarnir skyldu ekki lækkaðir meira en frv. gerði ráð fyrir, þó hefði þessum sömu mönnum ekki komið til hugar að lækka neina tolla, þegar þeir sátu sjálfir að völdum. Þm., sem ég ræddi við, hugsaði málið um stund og svaraði síðan meira í gamni en alvöru, að ríkisstj. ætti auðvelt með að koma í veg fyrir yfirboð flokksbræðra hans með því móti að leggja til, að tollarnir á hinum umræddu vöruteundum skyldu lækka niður í ekki neitt eða m. ö. o. afnumdir, þá væri alls ekki hægt að bjóða betur. Við ræddum þetta úrræði um stund í mesta bróðerni, en komumst fljótt að þeirri niðurstöðu, að það mundi eigi duga, því að ef ríkisstj. ætlaði sér að fella alveg niður tolla af einhverjum vörum, mundu framsóknarþm. óðara standa upp og ekki sætta sig við það, heldur mundu þeir krefjast þess, að tollar af þessum vörum yrðu endurgreiddir nokkur ár aftur í tímann, slíkir snillingar væru framsóknarmenn í yfirboðum.

Árið 1960 lagði ríkisstj. á 3% söluskatt í smásölu. Þessari skattlagningu voru framsóknarmenn algerlega andvígir. Í upphafi ársins 1964 var svo söluskatturinn hækkaður upp í 5½%, og um síðustu áramót var hann hækkaður enn á ný upp í 7½%. Báðum þessum hækkunum voru framsóknarmenn mjög mótfallnir. Söluskatturinn er nú einn aðaltekjustofn ríkisins, og í fjárlögum fyrir árið 1965 er gert ráð fyrir, að tekjur af honum nemi rúmum 900 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs af söluskatti á árunum 1960—1965, að báðum meðtöldum, munu nema samtals yfir 2000 millj. kr. Ef stefna Framsfl. hefði ráðið, hefði ríkissjóður misst af öllum þessum tekjum. En það mega framsóknarmenn eiga, að þótt þeir hafi viljað leysa landsmenn undan því að greiða alla þessa fjárfúlgu í ríkiskassann, hafa þeir ekkert haft á móti því, að ríkisstj. ráðstafaði þessum peningum, sem inn koma fyrir söluskattinn, til nýrra skóla, sjúkrahúsa, hafna, vega, jarðræktarframkvæmda, niðurgreiðslna á vöruverði o. s. frv., og þeir hafa meira að segja talið allt of skammt gengið á sumum þessum sviðum. Ágreiningurinn milli ríkisstj. og Framsfl. um fjármál og fjárveitingar er fyrst og fremst í því fólginn, að ríkisstj. telur ekki unnt að veita stórar fjárhæðir til ýmissa nauðsynlegra og nytsamlegra hluta nema innheimta fé til þess af þjóðinni. En Framsfl. telur hins vegar unnt að eyða fé án þess að afla þess. Ég er viss um það, að ef allar till. Framsfl. á undanförnum árum varðandi skatta, tolla og fjárveitingar hefðu náð fram að ganga, mundi skorta á annað þús. millj. kr., til þess að tekjur ríkissjóðs hrykkju fyrir útgjöldunum á yfirstandandi ári. Svona fjármálastefnu treystir ríkisstj. sér auðvitað ekki til að fylgja.

Höfuðgagnrýni stjórnarandstöðunnar á gerðum ríkisstj. er fólgin í tvennu: í fyrsta lagi, að ríkisstj. ráði ekki við verðbólguna, í öðru lagi, að kaupmáttur launa hafi minnkað. Ég skal viðurkenna, að fyrra ásökunarefnið er að verulegu leyti réttmætt. En hið síðara hefur við mjög ltíil rök að styðjast. Verðbólgan hefur haldið áfram að vaxa í tíð núv. ríkisstj., það er satt. Framsóknarmenn tala gjarnan um óðaverðbólgu, Evrópumet, heimsmet í dýrtíðaraukningu, og Eysteinn Jónsson talaði hér áðan um tröllaskref. Svona öfgar eiga vitanlega engan rétt á sér, enda hefur ekkert met verið slegið í þessum efnum í tíð núv. ríkisstj., ekki einu sinni Íslandsmet. Það er sjálfur Framsfl., sem er aðili að Íslandsmetinu. Það var sett árið 1950, en það ár hækkaði verðlagið miðað við vísitölu neyzlu og þjónustu um 40.6%, og ég veit ekki, hvaða nafn Eysteinn Jónsson vill gefa slíku skrefi. Árið eftir var Framsfl. einnig í stjórn. Þá hækkaði verðlagið um 21.9%. Það lengsta, sem núv. ríkisstj. hefur hins vegar komizt á einu ári, miðað við almanaksár, er 16.7%. Það er árið 1960. Ég nefni þessar tölur ekki ríkisstj. til afsökunar, heldur til þess að sýna fram á, að Framsfl. hefur af engu að státa í þessum efnum. Enda er það svo, að í stjórnarandstöðunni hefur þessi flokkur aðeins borið fram eina skynsamlega till. í dýrtíðarmálunum, en það er að veita vísitöluuppbætur á sparifé og setja vísitöluálag á skuldir. Flest annað, sem Framsfl. hefur haft til málanna að leggja á undanförnum árum, hefði aukið verðbólguna enn meir en raun er á orðin.

Ríkisstj. hefur setið í um það bil 5½ ár, og það er fróðlegt að kanna, hvenær á þessu tímabili verðbólgan hafi aukizt mest, án þess að miða við almanaksárið. Í ljós kemur, að langmest verður aukningin á 8 mánaða tímabili frá 1. júlí 1963 til 1. marz 1964. Þá hækkar verðlagsvísitalan úr 150 stigum upp í 180 stig eða um 20%. Það er augljóst, hver er undirrót þessarar sérstöku verðbólguaukningar. Í upphafi þessa tímabils varð mikil hækkun á launum opinberra starfsmanna. Í kjölfar hennar eða í desember 1963 fengu svo aðrar launastéttir 15% kauphækkun. Afleiðing þessara kauphækkana varð svo veruleg hækkun á landbúnaðarafurðum og öðru verðlagi. Þessar hækkanir eru að mestu leyti komnar inn í vísitöluna og verðlagið í lok tímabilsins hinn 1. marz 1964.

Landsmenn voru yfirleitt sammála um það, að opinberir starfsmenn væru orðnir langt á eftir öðrum stéttum í launakjörum og nauðsyn væri á róttækum leiðréttingum. Hin mikla launahækkun, sem þeim hlotnaðist með kjaradómi 1. júlí 1963, skapaði samt óánægju annarra launastétta í landinu, sem töldu sig þá hafa dregizt aftur úr opinberum starfsmönnum. Því fór skriðan af stað, og það tók nokk-

urn tíma að koma á jafnvægi aftur. Ég fullyrði það, að hvaða ríkisstj. sem hefði setið í landinu, er hefði framkvæmt veigamikla leiðréttingu á kjörum opinberra starfsmanna, hefði orðið fyrir þessari sömu reynslu. Ríkisstj. stóð frammi fyrir þeim vanda að velja á milli þess að viðhalda ranglætinu í launamálum opinberra starfsmanna til þess að hamla gegn aukinni verðbólgu ellegar að leiðrétta launakjörin og taka á sig nýja dýrtíðarskriðu.

Í umr. um verðbólgumálin er nauðsynlegt að líta á þróun þessara mála upp á síðkastið. Þá kemur í ljós, að síðustu 12 mánuðina hefur vísitala neyzlu, vöru og þjónustu aðeins hækkað um 5%. Þetta er langminnsta verðbólguaukningin, sem orðið hefur á einu ári á valdatíma ríkisstj. Enginn vafi er á því, að þessi hagstæða þróun á rót sína að rekja til júnísamkomulagsins í fyrra. En nú er allt undir því komið, að í þeim samningum, sem eru fram undan milli verkafólks, vinnuveitenda og ríkisstj., verði stöðvun verðbólgunnar höfð að leiðarljósi, þótt þar sé vissulega við torleystan vanda að glíma. Gangur málanna hefur verið sá að semja við verkafólk á vorin, bændur á haustin og útvegsmenn og sjómenn um áramótin. Ég held, að það gæti orðið til mikilla bóta, ef unnt væri að slá öllum þessum samningum saman í eitt, láta allar þessar stéttir sitja saman við samningaborðið ásamt fulltrúum ríkisstj. og vinnuveitenda og reyna að semja um öruggan vinnufrið og jafnvægi í verðlagsmálum til tveggja ára í senn.

Þá skal ég víkja að hinu meginásökunarefninu á hendur ríkisstj., fullyrðingunni um, að kaupmáttur launa hafi minnkað. Þá rís spurningin, hvort fremur eigi að miða við atvinnutekjur eða breytingar á kauptöxtum. Í ádeilum sínum miða kommúnistar ávallt við kauptaxtana, af því að það gefur óhagstæðari útkomu fyrir launþegana og sú viðmiðun er líklegri til að skapa óánægju hjá þeim. En þessi viðmiðun er ófullkomin að því leyti, að hún tekur ekki tillit til almennra yfirborgana, aukinna aldurshækkana, tilfærslu milli launaflokka og aukinnar ákvæðisvinnu. Sannleikurinn er sá, að þótt aðallega sé miðað við kauptaxtana, kemur í ljós, að hjá flestum stéttum hefur kaupgjaldið hækkað meira en nemur hækkun á vísitölu verðlags og þjónustu, nema hjá verkamönnum. Ástæðan fyrir því, að þeir eru lakar settir en aðrir að þessu leyti, er sú, að á undanförnum 5 árum hafa verkamannafélögin í landinu undir forustu kommúnista samið um 10—20% minni launalækkun en aðrir hafa fengið. Og það þýðir ekkert fyrir leiðtoga þeirra að ætla sér að kenna ríkisstj. um það, hvernig þeir sjálfir hafa haldið á kjaramálum verkamanna. Í jólaverkföllunum 1963 leitaðist ríkisstj. við að koma á samningum um meiri launahækkun til verkamanna en þeirra stétta, sem betur voru settar, en þessu sjónarmiði hafnaði Alþýðusambandið algerlega.

Ríkisstj. hefur á valdaferli sínum gert mjög verulegar endurbætur á skattalöggjöfinni. Tekjuskattur hefur verið afnuminn á almennum launatekjum, a. m. k. að því er fjölskyldumenn varðar. Persónufrádráttur hjóna með tvö börn verður í ár 144 þús. kr. Fastar reglur hafa verið settar um útsvarsálagningu og persónufrádráttur verið lögboðinn. Einnig hafa útsvarsstigar verið lögboðnir, en þó með þeim frávikum, að sveitarfélögin geta veitt afslátt af þeim eða hækkað þá. Hvert sveitarfélag ræður því, hvaða útsvarsbyrðar það leggur á gjaldendur sína í heild, en Alþ. ákveður aðeins innbyrðis skiptingu milli gjaldendanna eftir tekjuhæð. Lækkun útsvara á lágtekjufólki þýðir óhjákvæmilega aukna útsvarsbyrði þeirra, sem hafa meiri tekjur. Þetta verða menn að gera sér ljóst til að sjá við þeim blekkingum stjórnarandstæðinga, að auknar útsvarsálögur á s. l. ári í Reykjavík og ýmsum kaupstöðum landsins hafi verið sök ríkisstj. og meiri hl. Alþ. Þar er fyrst og fremst við sveitarfélögin sjálf að sakast, sem staðið hafa í miklum og fjárfrekum framkvæmdum og talið sér nauðsyn á að auka verulega útsvarstekjur sínar. Á s. l. ári var persónufrádráttur í útsvari hækkaður talsvert, og nú í ár hefur hann verið hækkaður til mikilla muna. Þetta kemur lágtekjufólkinu til góða sem veruleg kjarabót. Persónufrádráttur hjóna með tvö börn verður nú 70 þús. kr. Beri menn þetta svo saman við ástandið á vinstristjórnarárunum, þegar enginn persónufrádráttur til útsvars var lögboðinn og algengt var að leggja útsvar á fólk með 10—20 þús. kr. nettótekjur.

Alþfl. hefur ávallt lagt ríka áherzlu á öflugt skattaeftirlit varðandi beina og óbeina skatta. Á s. l. ári var stofnuð skattarannsóknardeild, sem hefur unnið árangursríkt starf. Nú er með lagasetningu verið að efla þessa deild, gera hana sjálfstæðari og veita henni ríkari heimildir til rannsókna en áður. Jafnframt því er verið að bæta skipulagið á meðferð skattsvikamála. Er þess að vænta, að þessi lagasetning geti orðið mikilvægur áfangi í baráttunni gegn skattsvikurum, en baráttan gegn þeim er ekki einungis réttlætismál í garð þeirra, sem telja heiðarlega fram, heldur er hún einnig barátta fyrir bættu fjármálasiðferði þjóðarinnar og heilbrigðari þjóðfélagsháttum.

Undanfarna mánuði hafa miklar hræringar átt sér stað innan Alþb. Hver höndin hefur verið upp á móti annarri og hatrammar deilur á opinberum vettvangi milli hinna ýmsu deilda þess. Þeir, sem ætluðu sér að sameina aðra, hafa því sjálfir orðið sundrungunni ofurseldir. Árið 1930 klufu kommúnistar sig út úr Alþfl. Sá klofningur var út af fyrir sig fagnaðarefni, því að menn, sem trúðu á flokksræðið í Sovétríkjunum og valdatöku með byltingu, áttu ekki heima innan raða Alþfl. Kommúnistaflokkurinn hafði tveimur meginhlutverkum að gegna hér á landi, annars vegar að vera samastaður fyrir söfnuð Stalins og hins vegar að kljúfa og eyðileggja Alþfl. Kommúnistar komust fljótt að raun um það, að til þess að ná verulegum árangri í síðara hlutverkinu yrðu þeir að dylja fyrra hlutverkið

sem bezt. Því skipti flokkurinn um nafn, og árangurinn lét ekki á sér standa. Einn af aðalforingjum Alþfl., Héðinn Valdimarsson, sem var einlægur baráttumaður fyrir einingu íslenzkrar alþýðu, lét blekkjast og gekk í lið með kommúnistum og margt manna með honum. Héðinn Valdimarsson sá þó fljótt, að hann hafði framið mistök, og hætti afskiptum af stjórnmálum, en fólkið, sem fylgdi honum, sat um kyrrt í Sósfl. Þótt kommúnistar væru búnir að skipta um nafn og teldu Sósfl. vera óháðan lýðræðisflokk, kom hið sanna innræti alltaf við og við í ljós, þ. e. a. s. Rússaþjónkunin og aðdáunin á kommúnistísku ofbeldi. Þessu til áréttingar má benda á margt. Hér skal aðeins minnzt á árás Sovétríkjanna á Finnland og atburðina í Ungverjalandi. Aldrei opnuðu þó kommúnistar hjarta sitt betur en á stund sorgarinnar við fráfall Stalins, en þennan mikla foringja kvaddi Þjóðviljinn með þessum orðum: „Vertu sæll, kennari vor og leiðtogi, kæri vinur og góði félagi."

Þegar Sósfl. fór að nálgast tvítugsaldurinn, sáu kommúnistar, að þetta dulargervi dygði ekki lengur, ef þeim ætti að takast að klekkja frekar á Alþfl. Þá var enn notuð gamla aðferðin og skipt um nafn. Nú var tekið upp heitið Alþýðubandalag og Hannibal Valdimarsson ginntur út úr röðum Alþfl. yfir til Alþb. og nokkurt lið með honum. Að þessu sinni var atburðarásin nokkuð önnur en 1938, því að leiðtogi klofningsliðsins sat um kyrrt í bandalagi við kommúnista, en talsverður hluti liðsins, sem fylgdi honum, sneri fljótlega baki við fyrirtækinu. Nokkru eftir þetta tókst svo kommúnistum einnig að kljúfa Þjóðvarnarflokkinn. Til þess var notaður millilið, hin svonefndu Samtök hernámsandstæðinga, sem voru í reynd útibú frá Sósfl. Hálfur Þjóðvfl. gekk undir merki Alþb., en hinn helmingurinn tvístraðist í allar áttir, mest þó til Framsóknar. Kommúnistar töldu sig nú á grænni grein, því að auðvitað höfðu þeir ætíð haft öll ráð Alþb. í hendi sér. Í því efni liggur fyrir vitnisburður þeirra manna, sem gerst þekkja til. Gils Guðmundsson og Ragnar Arnalds rituðu eftirfarandi orð um Alþb. í Frjálsa þjóð hinn 26. nóv. 1960: „En svo einkennilega er högum háttað innan þessara samtaka, að hinir gallhörðu kommúnistar ráða þar lögum og lofum." Þessi orð eru vitanlega jafnsönn í dag og þau voru árið 1960.

Þegar kommúnistar höfðu lokið við að kljúfa Alþfl. í þriðja sinn og sundra Þjóðvfl., töldu þeir sig hafa treyst mjög aðstöðu sína. Nú mundi allt leika í lyndi. En þá kom reiðarslagið. Alþingiskosningarnar síðustu sýndu, að þrátt fyrir liðveizlu Hannibals og þjóðvarnarmanna hlaut Alþb. síður en svo meira fylgi meðal þjóðarinnar en Sósfl. einn hafði áður hlotið. Nú fóru margir Sósfl.-manna að hugsa ráð sitt. Er það ekki ástæðulaust með öllu, hugsuðu þeir, að flokkurinn sé að gefa Hannibal, Gils og Alfreð þingsæti? Væru þau ekki betur komin í höndum manna, sem öruggir væru á Moskvulínunni? Væri ekki bezt að leggja Alþb. niður, þar sem það hafði engan árangur sýnt, og láta Sósfl. einan bjóða fram eftirleiðis? Það er vaxandi fylgi við þessi sjónarmið innan Sósfl., sem var undirrótin annars vegar að för kommúnistaforingjanna til Moskvu á s. l. sumri, þar sem þeir ræddu við félaga Breznev, og að hinu leytinu að því, að Brynjólfur Bjarnason styrkti mjög aðstöðu sína innan Sósfl. á síðasta flokksþingi. Hannibal og Gils og félagar undu því að vonum illa, að framlag þeirra til Alþb. væri lítils eða jafnvel einskis metið. Þeir héldu því fram, að kosningaúrslitin sýndu nauðsyn þess að draga úr áhrifum kommúnista innan Alþb. eða öllu heldur að dylja þessi áhrif betur en gert hafði verið. Létu þeir jafnvel í það skína, að þeir mundu stofna nýjan flokk, ef þeir fengju máli sínu ekki framgengt. Þetta var þó tæpast meint í alvöru, heldur var hótunin fyrst og fremst sett fram til þess að ná sem hagstæðustum samningum við kommúnista.

Nú settust hinar ýmsu klíkur Alþb. á rökstóla til þess að leysa vandann og var oft harkalega deilt. Einn af þm. Alþb., sem vildi bera klæði á vopnin, lagði til, að stefna Alþb. ætti að vera sú að vera bæði á móti kommúnistum og andkommúnistum. Ekki þótti fært að athuguðu máli að skipta enn einu sinni um nafn. En að lokum fannst þó lausnarorðið. Það átti að endurskipuleggja Alþb., og eftir mikið stríð og mæðu virðist sem grundvöllur endurskipulagningar sé nú fundinn. Þennan grundvöll getur Einar Olgeirsson samþykkt, af því að hann lítur svo á, að á þessum nýja grundvelli haldi Alþb. áfram að starfa sem kosningabandalag. Hannibalsmenn samþykkja grundvöllinn hins vegar af þeirri ástæðu, að þeir telja, að Alþb. hætti að vera kosningabandalag samkv. honum og verði að stjórnmálaflokki. Þjóðvarnarmenn bíða að hinu leytinu átekta og velta málinu fyrir sér, en þó telja sumir, að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að þessi óljósi grundvöllur henti þeim einkar vel.

Ég skal engu um það spá, hvernig til tekst um endurfæðingu Alþb. En eitt er víst. Kommúnistar hafa um áratugi verið sundrungarafl í íslenzkum stjórnmálum, og þeir bera sök á því, að hér á landi er ekki til neinn stór lýðræðissinnaður verkalýðsflokkur. Hannibal Valdimarsson, Gils Guðmundsson og Björn Jónsson verða aldrei liðtækir við sköpun slíks flokks, nema þeir hafni fyrir fullt og allt öllu samstarfi við kommúnista, en það gera þeir ekki, hversu oft sem þeir endurskipuleggja Alþb.

Ég hef sérstaklega gert þessi mál hér að umtalsefni vegna þess, að ég tel það mjög miður farið, ef það tækifæri, sem nú hefur gefizt til þess að einangra kommúnista í íslenzkum stjórnmálum, verður ekki notað.

Á síðari árum hefur Framsfl. talið sig til þess kjörinn að gegna hlutverki hins stóra vinstrisinnaða lýðræðisflokks, sem þjóðina hefur vantað. Leika framsóknarmenn nú ákaft verkalýðsflokk og telja það bezt gert með því

að sýna sem mest ábyrgðarleysi. Framsfl. skortir þó margt til að hæfa í hlutverk verkalýðsflokksins. Hann á tiltölulega lítið fylgi innan verkalýðshreyfingarinnar, en afl flokksins byggist að verulegu leyti á yfirráðum hans yfir sterkum atvinnufyrirtækjum. Er þar fyrst og fremst um að ræða atvinnufyrirtæki samvinnuhreyfingarinnar og þeirra hlutafélaga, sem framsóknarmenn hafa raðað í kringum hann sér til trausts og halds.

Þegar núv. ríkisstj. er borin saman við aðrar ríkisstj., sem hér hafa setið síðustu áratugina, sker hún sig einkanlega úr um þrennt. Hún hefur setið lengur en flestar þeirra, verið samhentari og komið meira í verka. Auðvitað eru verk hennar umdeilanleg og sumt hefur farið miður, þótt flest hafi vel tekizt. Skuggi verðbólgunnar hvílir yfir, og honum verður að eyða með samstilltu átaki allra stétta. Það þarf að efla sparnað í ríkisrekstrinum, yfirvega nýjar leiðir í landbúnaðarmálunum, auka verklega og bóklega menntun þjóðarinnar og tryggja öruggan vinnufrið til frambúðar með nýju júnísamkomulagi. Fjöldamörg verkefni bíða framtíðarinnar. Þar skiptir mestu máli, að sú undirstaða hefur verið reist á síðustu 6 árum, sem gefur okkur ríka ástæðu til að ætla, að vel megi takast um lausn þeirra. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. maí, var fram haldið almennum stjórnmálaumr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver þingflokkur fær 55 mínútna ræðutíma, sem skiptist í 3 umferðir: 25 mín. í 1. umferð, 20 mín. í 2. umferð og 10 mín. í 3. umferð. Röð flokkanna í öllum umferðum verður þessi: Sjálfstfl., Alþfl., Alþb. og Framsfl. Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl. í 1. umferð Jóhann Hafstein, í 2. umferð Ingólfur Jónsson og í 3. umferð Magnús Jónsson. Fyrir Alþfl. í 1. umferð Benedikt Gröndal, í 2. umferð Gylfi Þ. Gíslason og í 3. umferð Birgir Finnsson. Fyrir Alþb. í 1. umferð Björn Jónsson og Geir Gunnarsson, í 2. umferð Einar Olgeirsson og í 3. umferð Ragnar Arnalds. Fyrir Framsfl. í 1. umferð Þórarinn Þórarinsson og Ásgeir Bjarnason, í 2. umferð Jón Skaftason og Helgi Bergs og í 3. umferð Ólafur Jóhannesson.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hæstv. dómsmrh., Jóhann Hafstein, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þið hafið heyrt í gærkvöld og munuð heyra meira í kvöld um virkjun íslenzku fallvatnanna í sambandi við fyrirhugaða stóriðju í landinu. Það er e. t. v. rétt, að ég hefji mál mitt með því að víkja nokkuð að því viðfangsefni.

Það er sagt, að við megum ekki selja erlendum aðilum afgangsraforku frá fyrstu stórvirkjun í hinum miklu fallvötnum, sem þó er seld til þess að gera stórvirkjunina framkvæmanlega og skjóta framþróun orkuvinnslu úr fossunum um marga tugi ára til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir þessa lands. Og hvers vegna megum við ekki gera slíkt? Í fyrsta lagi er sagt vegna þess, að hættan af erlendu fjármagni í okkar litla landi er svo geigvænleg, að hún étur okkur upp, gleypir okkur með húð og hári, sjálfstæði lands og þjóðar fer innan tíðar í súginn. Við erum kallaðir aukvisar, sem þorum að horfast í augu við vandamálin og finnum hvíla á okkur ríka ábyrgð til þess að láta einskis ófreistað til að bæta hag þessa lands, ef við höfum ekki manndóm til þess að takmarka aðgerðir okkar við það eitt, sem markast af okkar eigin þörfum þessa stundina. Já, ég veit, að það er mannalegt að standa á eigin fótum. En hver er að tala um að standa ekki á eigin fótum? Og hversu mannalegt er það að hugsa og segja: Íslendingar geta ekki samið við útlendinga öðruvísi en að tapa í þeim leik? Ég veit fullvel, að útlendingar semja ekki við okkur, nema þeir telji sér hag í því. Jafnvíst er hitt, að við ætlum ekki og munum ekki semja við erlenda aðila um stóriðju á Íslandi, nema við teljum okkur sjálfa hafa hag af því.

Þá er sagt, að okkur reki ekki nauður til þessa, atvinnulíf okkar sé í blóma, hver vinnandi hönd að verki. Þetta trufli okkur aðeins og spilli fyrir öðrum atvinnurekstri. Má vera, að enginn þurfi að kvarta í dag. Má vera, að viðreisnin hafi ekki reynzt svo slæm sem sagt var fyrir af andstæðingum ríkisstj. Það er líka rétt, að atvinnuleysið, sem forsrh. vinstri stjórnarinnar sagði, að við værum að skipuleggja, hefur brugðizt. En athugum þetta svolítið nánar. Við erum að hugleiða að renna fleiri stoðum undir okkar einhæfa atvinnulíf í þeirri von, að það mætti reynast til frekara öryggis í framtíðinni. Fiskimannaþjóð er háð veðri og vindum, landbúnaður árferði, og veikur er innlendur iðnaður einnig. Felst nú í viðurkenningu þessara staðreynda vantrú á þessar líftaugar íslenzks atvinnulífs? Við viljum ekki heltast aftur úr þróun nágrannaþjóða. Þvert á móti þurfum við að vinna upp það, sem við erum á eftir.

Þau gleðilegu tíðindi hafa gerzt, að framleiðsluaukning í sjávarútvegi hefur síðari árin orðið miklu meiri en menn þorðu að ráðgera. Hér valda ágætis aflabrögð og sérstaklega alveg ný aflabrögð á sviði síldveiðanna. Ný tækni er e. t. v. meginþáttur þessarar þróunar. Við þessi skilyrði hefur framleiðsluaukningin í útveginum verið um 10% undanfarin ár. Samtímis hefur heildarframleiðsluaukning þjóðarinnar ekki verið nema um 5.7%. Það er að vísu góður heildarárangur, en ekki má þó miklu skeika. Í Bandaríkjunum er talið, að heildaraukning þjóðarframleiðslunnar hafi numið 7% s. l. ár. Aukning iðnaðarframleiðslunnar í nokkrum Evrópulöndum, þar sem hún ræður mestu, er talin hafa verið 1964 í Vestur-Þýzkalandi 8%, í Frakklandi 5%, í Hol-

landi 6% og á Ítalíu 4%. Eitthvað þarna á milli mun framleiðsluaukningin hafa verið á Norðurlöndum. Og er það þá, þegar á þetta er litið, að ófyrirsynju að vilja í alvöru vinna að því að efla okkar hag enn meir í framtíðinni með fjölþættara atvinnulífi og nýrri verðmætasköpun í landinu?

Menn segja, að okkur vanti vinnuafl til nýrra hluta, jafnvel þeirra, sem fyrir hendi eru. Guði sé lof, að við erum ekki að glíma við atvinnuleysisdrauginn. Hvaða draugur er það? mundi unga kynslóðin í dag spyrja. En hún getur spurt pabba og mömmu, og reyndar eru því miður til enn í dag þau byggðarlög, þar sem þessi Móri herjar a. m. k. suma tíma ársins. Það er verið að tala um mögu leika á því að koma hér upp alúmíníumbræðslu, sem ekki mundi taka til sín nema um 10% af vinnuaflsaukningu þjóðarinnar, þegar hún tæki til starfa með fullum afköstum. Síðan mundi hún taka síminnkandi hluta af vinnuaflsaukningunni árlega vegna hinnar öru fólksfjölgunar, og þegar hinn umtalaði samningstími til starfrækslunnar væri liðinn, mundu Íslendingar sennilega vera um það bil 400 þús. manna þjóð. En við erum 190 þús. í dag.

Sagt er, að við eigum að virkja vatnsorkuna fyrir okkur eina, vegna þess að við megum ekki af henni sjá til annarra, hún sé svo lítil. Lítum á þetta. Í fyrsta lagi mundum við aðeins selja erlendum aðilum raforku takmarkaðan tíma og þá afgangsraforku, meðan okkur sjálfum er að vaxa fiskur um hrygg til meiri orkunota. Samkv. áætlunum Sigurðar Thoroddsens verkfræðings er heildarvatnsafl landsins til raforkuvinnslu áætlað nálægt 38 þús. millj. kwst. á ári. Við erum að tala um að selja erlendum í takmarkaðan tíma innan við 1000 millj. kwst. á ári eða 2—3% af þessari orku. Síðan getum við líka notað þessa orku sjálfir.

Um kosti og lesti stóriðju í formi alúmíníumbræðslu, sem væri fjárhagsleg undirstaða stórvirkjunar í Þjórsá, og þá á ég við 210 þús. kw. virkjun í samfelldum áfanga, skal ég ekki frekar ræða nú vegna þess, hve málið hefur verið mikið rætt og upplýst á opinberum vettvangi að undanförnu á grundvelli þeirrar ýtarlegu skýrslu, sem ríkisstj. lagði nýlega fyrir Alþ.

Það er helzt að heyra á stjórnarandstöðunni, að við séum að kollsteypa landinu með stórhug og framsýni. Ekki eru þó stórvirkjanir og stóriðja það eina, sem ríkisstj. hefur um fjallað, eða það eina, sem þróazt hefur í skjóli ríkjandi stjórnarstefnu að undanförnu. Ég veit vel, að menn segja: Nei, sannarlega ekki, við höfum líka haft verðbólguna. — Og það er satt. Verðbólgan hefur þó ekki verið meiri en svo, að tekizt hefur að halda gengi krónunnar föstu og óbreyttu þrátt fyrir þrotlausa baráttu stjórnarandstöðunnar lengst af til þess að keyra allt úr skorðum. Í árslok 1963 hafði kauphækkunarkapphlaupið gengið svo fram úr hófi, að flestir töldu þá einsýnt, að gengisfelling væri óumflýjanleg. Nú talar enginn um gengisfall. Þetta ber m. a. að þakka ábyrgri forustu verkalýðshreyfingarinnar á s. l. ári, þegar gert var hið svokallaða júnísamkomulag milli launþega og vinnuveitenda með tilstuðlan ríkisstj., en af því leiddi tímabundinn og að ýmsu of takmarkaðan frið og festu í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna. Ríkisstj. metur og landsmenn munu meta raunsæi og ábyrgðartilfinningu þeirra manna, sem þarna voru að verki. Forustumenn verkalýðshreyfingarinnar töpuðu jafnframt engu öðru en þeim vafasama heiðri að vera ekki eftirbátar forustumanna Framsfl. í ábyrgðarlausri kröfugerð, sem er við það eitt miðuð — og þetta er ekki í fljótræði sagt — að komast sjálfir til valda í ríkisstj. Þegar þessu er sleppt, hvað skyldi þá hafa verið að gerast? Hvernig var umhorfs, þegar Ólafur Thors myndaði ríkisstj. eftir alþingiskosningarnar 1959 um haustið? Hvers vegna var sú stjórn kennd við viðreisn?

Árið áður hafði farið frá völdum vinstri stjórnin svokölluð, en forsrh. þeirra stjórnar hafði beðizt lausnar með þeim vitnisburði um eigin stjórn, að í henni væri ekki samstaða um nein úrræði til lausnar aðsteðjandi og ríkjandi vanda, en sá væri mestur, að verðbólgualdan væri skollin yfir, efnahagsmálin á gljúfurbarmi gjaldþrota. Við bjuggum við innflutningshöft og leyfafargan. Sagt var, að menn settust kl. 7 að morgni í stiga þann, er lá til leyfisveitinganna fyrir þá, sem lentu þá í náðinni. Svarti markaðurinn var hér í blóma, en hafði verið stríðsfyrirbrigði þjóðanna, þar sem styrjöldin geisaði, og áranna fyrst eftir styrjaldarlokin. Ég ásaka ekki vinstri stjórnina fyrir haftakerfið. Þetta hafði verið okkar bölvaldur allt frá því á kreppuárunum. Enginn hafði haft áræði til að losa þetta haft af þjóðinni. Og þegar það nú hefur verið losað, hoppar hún því miður stundum eins og hún sé í haftinu áfram. Því nota menn sér ekki til hlítar frjálsa verðmyndun, frjálsa samkeppni, frjálst viðskiptalíf. Gæta menn t. d. þess að fara í verzlun og spyrja: Hvað kostar þetta? — Og í næstu verzlun og spyrja hins sama? Mér er sagt, að verðið á sykurkílói í verzluninni Vísi í gamla daga hafi ráðið verðmyndun á sykrinum hér í bænum. Þá voru engar verðlagsákvarðanir, ekki einu sinni verðlagseftirlit. Fólkið þóttist ekki þurfa að hafa eftirlit með sjálfu sér. Af hverju biðja menn í dag um strangara verðlagseftirlit? Því eru menn ekki sjálfir það aðhald og eftirlit, sem menn biðja um? Það er mönnum í lófa lagið. Innflutningurinn hefur verið gefinn frjáls svo til að öllu. Það er ekki lengur nein innflutningsnefnd, engin skömmtunarskrifstofa.

Við höfum byggt upp gilda gjaldeyrisvarasjóði í stað gjaldeyrisskorts. Það er einkum í blöðum framsóknarmanna, sem menn berja höfðinu við steininn, vitna í tölur og segja: Samt er gjaldeyrisstaðan ekki betri en hjá vinstri stjórn. Ég ætla ekki að nefna neinar tölur. En ég spyr: Hvar er nú svartimarkaður með erlendan gjaldeyri? Geta menn ekki nú fengið erlendan gjaldeyri til vöruinnkaupa

eftir þörfum? Geta menn ekki nú fengið viðhlítandi ferðagjaldeyri? Geta menn ekki nú farið inn í erlenda banka og skipt sinni íslenzku krónu á skráðu gengi? Sé hægt að svara þessum spurningum játandi, og það er hægt, þarf þá frekar vitnanna við? Og gerir það nokkuð til, þótt blöð framsóknarmanna og fulltrúar séu enn að rembast við að reyna að sannfæra lesendur sína um, að gjaldeyrisstaðan hafi ekki batnað frá tíð vinstri stjórnar. Hefur atvinnulíf landsmanna nokkru sinni fyrr verið í slíkum blóma sem nú?

Fyrst vildi ég víkja að sjávarútveginum, sem er þróttmesti máttarstólpinn í atvinnulífinu. Því miður hafa margir fengið ranga mynd af þessu lífgrasi Íslendinga, bæði vegna óheilbrigðrar fjármálastefnu áður fyrr og eins vegna of mikils barlóms þeirra, sem sízt ættu að berja lóminn. Fyrirsvarsmenn útgerðarinnar ættu í miklu ríkari mæli en fram til þessa að gera landsfólkinu ljóst, hvílíkur máttarstólpi landsins útgerðin er. Hvenær koma fyrirsvarsmenn þessarar meginatvinnugreinar saman í þeim tilgangi? Það er hart að spyrja svona, og ég geri það með hálfum hug, af því að ég virði og met svo mikils útgerðina á Íslandi með öllu því, sem henni fylgir. Dugmiklir og þrautseigir útvegsmenn, dugmiklir og harðgerðir sjómenn, allt er þetta lið hert í veðri og vindum hafs og fjármála.

Svo kemur því miður linkindin, þegar menn halda fundi og mynda samtök. Það er eins og allt þetta prúða lið sé glæsilegast í eigin persónu. Og hvað hefur líka ekki skeð? Framleiðslan í þessari atvinnugrein fer sívaxandi. Kröfurnar um tækni eru sívaxandi og tæknin nú meiri en nokkru sinni og hefur vaxið undravert á örskömmum tíma. Það hefur sannarlega ekki verið sofið á verðinum. Það er vissulega útgerðinni til mikils sóma. Á árunum frá 1954—1958 var innflutningur fiskiskipa samtals 8327 tonn, en það samsvarar rúmlega 80 100 tonna bátum á þessu tímabili. Á sama árafjölda, frá 1959—1963, var innflutningur fiskiskipa samtals 24236 tonn, en það samsvarar rúmlega 240 100 tonna bátum eða þrisvar sinnum meira en á fyrra tímabilinu. Meðaltalið á ári á fyrra tímabilinu er 16.6 þús. tonn, á síðara tímabilinu nærri 5 þús. tonn. Og árið 1964 munu hafa verið flutt inn fiskiskip um 8 þús. tonn samtals.

Ég minnist þess, þegar ég var bankastjóri Útvegsbanka Íslands, að þá heyrði ég stundum, að menn töldu bagalegt varðandi sparifjársöfnun, að bankinn væri tengdur við útgerð, vegna sífelldra ályktana, funda og samtaka um, að útgerðin bæri sig ekki og vantaði starfsgrundvöll. Erlendis er það sérstök virðing að vera bankastjóri í útvegsbanka þessarar litlu, en hlutfallslega langmestu fiskveiðaþjóðar. Í allra mestu vinsemd og einlægni spyr ég: Hví ekki að láta útveginn, sjómennina og útgerðarmenn, njóta sömu virðingar innanlands? Vissulega er útgerðin undirstaðan í atvinnulífi okkar, sem efnahagsþróunin að öðru leyti grundvallast að verulegu leyti á, t. d. hvort okkur muni lánast að ráða við það stóra átak að hefja í landinu sjálfu stálskipasmíði til þess á sínum tíma að fullnægja algerlega okkar eigin þörfum.

Lengur má ég ekki dvelja við þennan meginþátt íslenzks atvinnulífs. En það er ekki eins og menn hafi aðeins verið að byggja fiskiskip á síðustu árum. Verzlunarskipaflotinn hefur samtímis vaxið með furðumiklum hraða. Hann var talinn um 55 þús. tonn 1958, en er nú 65 þús. tonn samtals og aukningin þá um 20%. Flugfloti tveggja stóru flugfélaganna hefur meira en tvöfaldazt á síðustu 5—6 árum. Bifreiðum hefur fjölgað á skemmri tíma meira en nokkru sinni fyrr. Samtímis hafa verið gerð stórátök í samgöngubótum. Vélvæðingin er orðin furðuumfangsmikil í landinu. Ég get alls ekki tíundað til neinnar hlítar þróunina í landsmálum í tíð þessarar stjórnar, sem talin verður framhald af viðreisnarstjórn Ólafs Thors frá 1959. Starfsbræður mínir í ríkisstj. hafa reifað þætti mála, sem undir þá heyra. En ég gæti þó að skaðlausu nefnt fleira.

Við höfum samþ. á síðasta þingi heimild til ríkisstj. til þess að byggja kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Að þessu hefur verið unnið. Framkvæmd málsins er fyrirsjáanleg. Líklegt er, að svona verksmiðja kosti um 150 millj. kr. Útflutningsverðmætin geta orðið veruleg í þjóðarbúskapnum. Vegur verður lagður beinustu leið frá Mývatni til Húsavíkur, sem yrði útskipunarhöfn. Hitaveita yrði lögð úr Námaskarði. Byggt yrði þorp við Mývatn. Ég veit svo náttúruelskt fólk, að það vill helzt ekki með neinu móti spilla náttúru undurfagurrar Mývatnssveitar. Ekki má gleyma hinu, að ekkert er fegurra því að vinna úr auðlindum þessa lands verðmæti, sem stuðla að betra mannlífi í landinu.

Samþykkt hefur einnig verið Vestfjarðaáætlun svokölluð, en í henni felst að bæta, auka og efla samgöngur, flugvelli og hafnir í þessum landshlutum á næstu 4 árum langt umfram það, sem með venjulegum hætti hefði orðið. Til þess hefur verið aflað erlends lánsfjár, og verður það lánsfé aukið, en samtals yrði varið til fyrirhugaðra framkvæmda á næstu 4 árum nálægt 170 millj. kr. Í þessar framkvæmdir þarf líka fólk. Hví spyrja menn ekki, hvar eigi að taka það? Það mun finnast í vexti þjóðarinnar. En hér er um að ræða fyrstu áætlun um að gera veigamiklar ráðstafanir til að viðhalda byggð í strjálbýli landsins, þar sem mikil og góð skilyrði eru til framleiðslu og verðmætasköpunar, en fátækt hamlar að komi að notum nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í framhaldi af þessu hefur ríkisstj. lýst yfir, að hún muni undirbúa fyrir næsta þing löggjöf, sem hafi þann tilgang almennt að vera strjálbýlinu skjól og varnargarður gegn því, að því blæði um of, fólkið flytjist burt, því að Ísland er ekki hluti af Íslandi, heldur Ísland allt.

Ég veit ekki nema ég mikli um of fyrir mönnum það, sem fram undan er, og það, sem áunnizt hefur. Á það er að líta, að tilgangur eldhúsumr. er að gera sennu að ríkisstj. og hennar að verja sig. Ég hef yfir fátt komizt, og verða menn að líta á ræður okkar ráðh. í heild. Hitt staldra ég við, að um tíma var það fundið að ríkisstj., að hún gerðist um of athafnalítil. Meira ber nú á hinu, að mönnum finnst hún of athafnasöm. Hún á ekki að virkja fallvötnin eins stórt og hún ráðgerir, hún á ekki að stofna til stóriðju, hún á ekki að gera þetta eða hitt. Það eru á prjónum ýmsar ráðagerðir til eflingar íslenzkum iðnaði í auknum lánsfjármöguleikum og á annan hátt. Iðnlánasjóður hefur verið stóreflður, og í gær var gefin út reglugerð á grundvelli l. um að breyta lausaskuldum iðnaðar, sem myndazt hafa vegna fjárskorts fram til ársloka 1963, í föst og umsamin lán. Hefur framkvæmd þessarar löggjafar verið gaumgæfilega undirbúin í samráði við alla bankana, og miðað við góðar undirtektir þeirra á ég von á, að þessi löggjöf geti í framkvæmdinni orðið iðnaðinum veruleg lyftistöng. Þetta er kannske líka of mikið.

Það eru líka á prjónunum meiri aðgerðir en áður í heilbrigðismálum þjóðarinnar, byggingu sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, og sett hefur verið merk löggjöf um nýja læknaskipan á þessu þingi, hjúkrunarlög o. fl. Þetta er kannske líka of mikið. Landhelginnar munum við gæta og efla hana eftir beztu getu. Þyrla er komin til gæzlunnar til viðbótar annarri þjónustu. Verið er að undirbúa byggingu nýs varðskips á borð við Óðin, þó stærra og aflmeira. Þetta er kannske líka of mikið.

Gerð hefur verið grein fyrir því í þessum umr., hversu almannatryggingar hafa verið stóreflda á s. l. árum. Árin 1958—1959 var tæplega sjöttu hverri kr. af ríkisútgjöldum í heild varið til félagsmála. En s.l. tvö ár er fjórðu hverri kr. af ríkisútgjöldum í heild varið í sama skyni, en í ríkisframlagi til félagsmála er framlag til almannatrygginga langstærsti gjaldaliðurinn. Þetta er kannske líka of mikið.

Þegar á allt er litið, mundi sérhver ríkisstj. vinna að öllum þessum málum og öðrum þeim, sem greind hafa verið og greind verða í máli ráðh. Deilan stendur þá um það, hvort okkur hefur tekizt betur eða verr en öðrum mundi takast. Við höldum, að öðrum mundi takast verr, af því að þeir hafa aðra stefnu, kommúnistíska stefnu eða sérhagsmunastefnu eða haftastefnu, sem við teljum þjóðinni skaðlega, eins og dýrkeypt reynsla sannar. Það er ástæðulaust að gera mannamun á þeim, sem eru í stjórn og stjórnarandstöðu, en það má dæma okkur, sem nú erum í ríkisstj., eftir verkum okkar. Séu þau léleg, á að hafna okkur, en velja aðra, sem menn teldu líklegri til stórræða. Hafi þessar eldhúsumr. nokkurn tilgang, er hann sá að auðvelda almenningi matið á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég lýk máli mínu með því að láta í ljós þá augljósu ósk, að ég vænti, að almenningur hneigist að okkar málstað, ríkisstj. og hennar stuðningsmanna, en arka verður að auðnu með það sem annað.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Winston Churchill sagði einhverju sinni, að lýðræðið væri versta stjórnskipulag, sem til væri, að undanteknum öllum hinum. E. t. v. gætu þessi orð róað einhverja þá, sem hlustuðu á umr. í gærkvöld og fannst, að meira en lítið hlyti að vera bogið við stjórnarfarið hér á landi, þótt ekki nema svo sem eins og 10% af fullyrðingum stjórnarandstöðunnar væri rétt. Satt að segja var því líkast sem kommúnistar og þó alveg sérstaklega framsóknarmenn væru að lýsa ástandinu í Kongó, en ekki hér uppi á Íslandi.

Við eigum vissulega við margvíslega erfiðleika að etja. En það er ýmislegt, sem við megum ekki gleyma. Aldrei hefur atvinna verið meiri í landinu, aldrei hefur þjóðin haft meira að bíta og brenna. Samt tala þessir menn um það, að nú verði Íslendingar að herða sultarólina. Aldrei höfum við eignazt fleiri fiskiskip og kaupskip, aldrei byggt fleiri verksmiðjur, aldrei lagt lengri vegi, aldrei aflað betur, aldrei framleitt meira, aldrei fjárfest meira. Samt tala stjórnarandstæðingar um, að allt sé að hrynja og stöðvast, allt atvinnulíf að lamast og allir séu kúgaðir og píndir. Aldrei hefur meira fé verið varið til almannatrygginga, aldrei meiri lán veitt til húsbygginga, aldrei meira reist af verkamannabústöðum, aldrei verið byggt meira af skólum eða meira fé verið varið til menningarmála. Aldrei hefur íslenzku þjóðinni í heild liðið eins vel, aldrei hefur framtíð æskunnar verið bjartari. Samt koma stjórnarandstæðingar fram fyrir þjóðina og lýsa pínu og eymd, kalla þetta tímabil stöðvunar og stjórnleysis.

Nauðsynlegt er að hafa dugmikla stjórnarandstöðu, sem heldur uppi heilbrigðri gagnrýni. En ræðuflutningur framsóknarmanna í gærkvöld átti ekkert skylt við gagnrýni. Hann var nánast sjúklegt niðurrif, sem getur verið beinlínis skaðlegt fyrir þjóðina og þó alveg sérstaklega fyrir verkalýðinn. Nú eru að hefjast örlagaríkar tilraunir til samninga um vinnufrið. Þeir samningar munu ekki nást, nema atvinnurekendur fáist til að veita verkafólki nægilegar kjarabætur og atvinnuvegirnir taki þær á sig. Í þessu sambandi var ræða Eysteins Jónssonar í gærkvöld eins og hún væri pöntuð af atvinnurekendum og um leið eins og löðrungur á verkalýðshreyfinguna, því að ef ástand atvinnuveganna er eins hroðalegt og Eysteinn lýsti því, hvað þýðir þá að vera að tala um kauphækkun? Ef atvinnurekendur þurfa einhver svör gegn óskum verkalýðsfélaganna, þurfa þeir ekki annað en fletta upp í þeirri píslarsögu, sem Eysteinn las fyrir þjóðinni. Verkalýðurinn getur þakkað Eysteini fyrir hjálpina. Það virðist nú augljóst, að foringi framsóknarmanna óskar ekki eftir júnísamkomulagi eða vinnufriði.

Árið 1963 má segja, að stöðug átök hafi

verið á vinnumarkaðinum. Deilur og verkföll voru af og til allt árið, kaupgjald hækkaði þrisvar sinnum og í desember kom til stórátaka. Eftir hina bitru reynslu þessa árs var eins og þjóðin vildi reyna nýjar leiðir í kjaramálum. Viðræður hófust um samninga á breiðum grundvelli, og tóku ríkisvaldið og heildarsamtök verkalýðsins málið í sínar hendur. Samtölin drógust fyrst á langinn, og ýmsir létu í ljós vantrú, vildu láta stjórna landinu með hörku. En vitrari menn fengu ráðið. Samtölunum var haldið áfram, unz samningar tókust í júní. Það var sem fargi væri létt af þjóðinni og þóttu þeir menn að meiri, sem höfðu lagt sig fram um að tryggja þennan frið báðum megin við samningaborðið.

Vegna júnísamkomulagsins var árið 1964 geróllkt hinu fyrra. Nú ríkti kyrrð og friður að kalla og mun meira jafnvægi í efnahagsmálum en áður. Þó gekk ekki allt eins og skyldi, og hafa báðir aðilar sakað hinn um að hafa brugðizt samkomulaginu. Ekki hafa þær ásakanir þó verið þyngri en svo, að sýnilega vildu báðir og ætluðu sér að láta júnísamkomulagið reynast vel. Nú eru liðnir 11 mánuðir af 12. Nokkuð hefur verið talað saman, en hin alvarlegu heildarsamtöl eru fram undan. Hefur komið fram sterkur vilji fyrir nýju samkomulagi, enda þótt öllum sé ljóst, að af ýmsum sökum verður það erfiðara nú en í fyrra. En menn eru reynslunni ríkari, og ætti að vera unnt að forðast þau mistök, sem gerð hafa verið á árinu.

Í sambandi við þetta mál verðum við að hafa eina staðreynd í huga. Hún er sú, að á öld tækninnar hefur verkamaðurinn orðið dýrmætari og dýrari en nokkru sinni fyrr. Meiri kröfur eru gerðar til vinnandi manna í öllum stéttum, og þeir eiga vegna hjálpar vélanna að fá meira kaup en nokkru sinni fyrr. Þetta er sú einfalda skýring á velmegun nútímans. Þau atvinnufyrirtæki, sem geta ekki fylgt þessari þróun, verða að taka tæknina meira í sína þjónustu eða bæta skipulag sitt, ella hljóta þau að heltast úr lestinni. Íslenzkir atvinnurekendur hafa flestir viðurkennt þessar staðreyndir á einn eða annað hátt í verki. En þeir hafa of mikla tilhneigingu til að greiða yfirvinnu og næturvinnu, gera samkomulag að tjaldabaki við einn og einn starfsmann, veita þeim einhver sérhlunnindi eða koma kaupi á einhvern hátt til manna eftir krókaleiðum. Þessum starfsaðferðum verður að breyta og koma kaup- og kjaramálum í eðlilegt horf með samningum, en finna þær leiðir til hagræðingar, sem þarf í hverri grein. Þannig eiga verkamenn að fá styttri vinnutíma en nú tíðkast fyrir óskert og síðar hækkað kaup.

Þegar lesnar eru skýrslur um breytingar á kauptöxtum hinna ýmsu stétta síðustu ár, kemur í ljós, að hækkanir hafa orðið mestar hjá verkakonum. Stafar þetta af lögum um launajafnrétti, sem Alþfl. knúði fram, þannig að kvennakaupið hefur hækkað í áföngum. Nú hefur ýmsum dottið í hug, hvort ekki sé unnt að beita þessari sömu aðferð á víðari grundvelli og semja um kaupbreytingar, sem gerðust í áföngum, t. d. á 2 árum. Mundu þá atvinnufyrirtækin fá nokkurn tíma til að búa sig undir hækkanirnar og koma á þeirri hagræðingu, sem nauðsynleg kann að vera. Að vísu er ljóst, að erfiðara er að beita áfangaleiðinni í heildarsamningum en fyrir eina og eina starfsgrein eins og verkakonur, en þó er þetta athugandi.

Ýmislegt hefur verið sagt í þessum útvarpsumr., sem kynni að draga úr vonum manna um nýtt júnísamkomulag. Ég vona, að þetta sé aðeins hluti af samningunum, að fulltrúar beggja aðila spenni bogann helzt til hátt í byrjun. Hitt getur enginn efazt um, að ríkisstj. hefur mikinn hug á að ná nýju samkomulagi og mun mikið á sig leggja til að það takist. Alþfl. leggur sér í lagi mikla áherzlu á lausn þessa máls, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og innan ríkisstj. Hefur flokkurinn lagt áherzlu á einingu þeirra afla, sem oft hafa með sundurlyndi lamað þrótt verkalýðshreyfingarinnar, en samtímis reynt að beita sér fyrir framgangi þeirra félagslegu mála á vegum stjórnarinnar, sem ætla má, að greiði fyrir samkomulagi.

Stjórnarandstæðingar tala mjög um viðreisnina og ráðast á hana og afleiðingar hennar frá 1959 til þessa dags. Ég hygg, að nánari íhugun muni leiða í ljós, að réttara sé að tala um viðreisnina frá 1959—1963. Henni tókst ekki að ná öllum þeim áföngum, sem henni voru ætlaðir, en hún gerbreytti viðhorfum og aðstæðum íslenzku þjóðarinnar. Viðreisnin bjargaði fjárhagslegu sjálfstæði Íslendinga gagnvart umheiminum, þurrkaði skuldafen, en byggði gjaldeyrissjóði og lánstraust til nýrra átaka. Viðreisnin keypti bátaflota og reisti barna- og gagnfræðaskóla um land allt. Viðreisnin margfaldaði almannatryggingar, veitti konum launajafnrétti, endurreisti verkamannabústaðakerfið. En viðreisnin gat því miður ekki haldið verðbólgunni niðri til lengdar frekar en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. hefur megnað í aldarfjórðung. Eftir að viðreisnartímabilinu lauk 1963, tók við millibilsár í fyrra. Einkenni þess var júnísamkomulagið, hin alvarlega tilraun til að koma málum markaðarins á nýjan grundvöll, sem gæti leitt til hagkvæmari þróunar á því sviði.

Á líðandi ári, 1965, er að koma fram ný stefna hjá ríkisstj., stefna, sem mætti kenna við nýjar leiðir. Og hver er þessi nýja stefna, sem er að mótast í höndum stjórnarinnar? Hún er í fyrsta lagi nýr friður á vinnumarkaði, byggður á batnandi kjörum og nýrri tækni. Stefnan er nýjar atvinnugreinar, t. d. alúmíníumiðnaður. Hún er Vestfjarðaáætlun, um að gerbreyta lífskjörum í heilum landshluta. Hún er nýr framkvæmdasjóður fyrir dreifbýlið, öflugri en nokkru sinni fyrr. Hún er nýjar og stórauknar ellitryggingar fyrir alla landsmenn. Hún er nýir tækniskólar, nýtt iðnnám og nýir menntaskólar. Hún er íslenzkt sjónvarp. Hún er vegáætlun, hafnir, skip, ræktun, verksmiðjur. Hún er ný orkuver, hún er ný tækni, rann-

sóknir og vísindi. Sumt af því, sem ég nefni, eru umbótamál, sem þegar eru að verða að veruleika. Önnur hafa verið undirbúin og geta komið til framkvæmda næstu mánuði, ef ekki hefst ný borgarastyrjöld um kaup og kjör hinna vinnandi stétta.

Tvö hinna nýju áforma hafa verið rædd á Alþ. undanfarnar vikur: stórvirkjun Þjórsár og bygging alúmíníumverksmiðju á vegum svissnesks félags. Ekki er um það deilt, að hefja verður nýjar virkjanir í stórum stíl, enda er rafmagnsskortur framundan, ef frekari dráttur verður á þeim framkvæmdum. Auk þess suðar í eyrum þjóðarinnar hin gamla áminning skáldsins: „Arðlaust fossar aflið þreyta inn í klettaþröng."

Fallvötnin eru næst á eftir fiskimiðunum mesta auðlind þjóðarinnar, en jafnframt sú, sem hvað minnst hefur verið notuð. Nú hafa sérfræðingar ríkisins um árabil athugað þessi mál og varið tugum millj. í rannsóknir í helztu virkjunarstöðum. Hafa þeir staðnæmzt við Þjórsá og telja hana henta bezt til næsta áfanga. Hafa þeir lagt til, að gerð verði stórvirkjun, sem við það miðist að selja verulegan hluta af orkunni til alúmíníumverksmiðju, sem erlendum aðilum verði leyft að reisa hér á landi. Það er óumdeilt, að stórt orkuver framleiðir ódýrari raforku en lítið. Með því að fá inn í landið stóran orkukaupanda, skapast aðstaða til að koma upp stóru orkuveri, sem hægt væri að greiða niður á tiltölulega skömmum tíma. Ef við reisum stöðina við Búrfell og ætlum hana eingöngu fyrir sjálfa okkur, er hætt við, að ekki rísi önnur stór orkuver um langt árabil. Við verðum það lengi að borga þessa stöð niður. Ef við á hinn bóginn leyfum alúmíníumverksmiðju til að fá kaupanda að helmingi orkunnar, skapast tiltölulega fljótt fjárhagsleg aðstaða til að ráðast í nýjar stórframkvæmdir, sem gætu t. d. verið við Dettifoss. Þess vegna er sú hugmynd stjórnarandstöðunnar, að Búrfell verði virkjað án stóriðju, byggð á einstakri skammsýni og gæti t. d. vel haft þær afleiðingar, að Dettifossvirkjun yrði ekki að veruleika um langt árabil.

Nokkur ágreiningur hefur verið um vandamál varðandi Búrfellsvirkjun. Á því sviði deila verkfræðingar innbyrðis um mál, sem sérþekking þeirra ætti að leysa úr. Er algengt, að sitt sýnist hverjum sérfræðingi, og verða þá leikmenn að taka ákvörðun, velja till. eins verkfræðings, en hafna öðrum. Í Búrfellsmálinu hefur ríkisstj. valið þann kost, sem raforkumálaskrifstofan mælir með, en hún hefur á að skipa fjölda ágætra verkfræðinga og hefur auk þess á sínu máli heimsþekkt erlent verkfræðifyrirtæki, sem rannsakað hefur Þjórsá. Geta stjórnarvöld landsins ekki betur gert en byggja aðgerðir sínar á slíkum tæknigrundvelli. Í þessu máli verður Íslendingum ljósara en nokkru sinni fyrr, að hér er „ei stoð að stafkarlsins auð, nei, stórfé, hér dugar ei minna."

Og þá vaknar enn spurningin um þessa og margvíslega aðra fjárfestingu, sem þjóðin telur nauðsynlegt að ráðast í. Hvernig eigum við að komast yfir stórfé? Til þess eru þrjár leiðir. Fyrsta leiðin er að taka fé af okkar eigin þjóðartekjum og verja því í fjárfestingu. Þetta gerum við í stórum stíl. Fjárfesting á þessu ári verður um 5000 millj. kr., yfirgnæfandi meiri hl. þess okkar eigið fé, enda tæplega þriðjungur allra þjóðarteknanna. Önnur leiðin er að taka lán erlendis, sem við ætlum sjálfir að endurgreiða og nota það til framkvæmda. Þetta höfum við einnig gert í stórum stíl. Við tökum útlent lán í hvern bát og hverja flugvél, sem við kaupum. Við tökum útlent lán í Keflavíkurveg og Ennisveg og Vestfjarðaáætlun. Og við ætlum að taka stærsta framkvæmdalánið til að virkja í sjálfri Þjórsá. Þriðja og síðasta leiðin er að fá inn í landið erlent fjármagn, þannig að útlendir aðilar reisi hér atvinnutæki og reki þau samkv. sérstökum samningum. Þetta höfum við ekki gert hingað til, enda þótt flestar aðrar þjóðir, ekki sízt smáþjóðir, sem eru að byggja upp atvinnuvegi sína, geri þetta í stórum stíl. Norðmenn hafa farið þessa leið síðan fyrir aldamót og fara enn. Mörg ríki bjóða erlendum iðnaði hvers konar hlunnindi, svo sem skattfrelsi í 10 ár og jafnvel beina styrki, ókeypis lóðir o. s. frv.

Hér á landi eru mjög skiptar skoðanir um þessa þriðju leið, að hleypa erlendum fyrirtækjum inn í landið. Sumir vilja ekki veita neinum aðila slíkan rétt, en aðrir vilja opna allar dyr upp á gátt og smala inn erlendu áhættufé, eins og það er kallað. Alþfl. hafnar báðum þessum öfgaleiðum. Flokkurinn vill ekki opna dyrnar, ekki setja almennar teglur um það, að hver geti komið, sem koma vill. Alþfl. vill hafa lántökuleiðina sem aðalreglu. Hins vegar telur flokkurinn ekki hyggilegt að útiloka með öllu þá leið að stofna til nýrra atvinnugreina með þátttöku erlendra aðila. Verður þá að rannsaka gaumgæfilega hverju sinni, hvort slík ráðstöfun mundi verða þjóðinni til góðs, hvort tæknikunnátta á nýjum sviðum mundi berast til landsins, sem erfitt væri að afla á annan hátt. Í þessu máli megum við hvorki láta stjórnast af minnimáttarkennd né gáleysi og fégræðgi. Við verðum að fara að öllu með gát og fá okkur til aðstoðar færustu menn við samninga. Hér er ekki um neina uppgjöf að ræða, allt slíkt tal er fleipur eitt. Við hljótum að hafa manndóm og þroska til að geta hagnýtt okkur erlent fjármagn á takmarkaðan hátt, eins og aðrir gera, smáir og stórir. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála, að ný atvinnugrein, sem verður sett á stofn með erlendri aðild, fái á nokkurn hátt að ganga út yfir hina eldri atvinnuvegi. Við hljótum að stuðla áfram að hraðri uppbyggingu fiskveiða, iðnaðar og landbúnaðar, og það er illt verk að stofna til fjandskapar milli þessara greina og hins nýja iðnaðar þegar í byrjun. Þá er óhjákvæmilegt, að svo miklar framkvæmdir sem nú eru fyrirhugaðar verði að falla inn í ramma nýrrar framkvæmdaáætlunar, sem

ríkisstj. hefur boðað. Þjóðin verður að vita, hvað fram undan er, og haga framkvæmdamálum sínum á skipulegan hátt, ekki sízt með tilliti til vinnuaflsins. Til þess þarf töluvert umfangsmeiri og ýtarlegri áætlanir en gerðar hafa verið til þessa, og væri líklega skynsamlegt að setja upp áætlunarráð, þar sem fulltrúar ríkisstj., sveitarfélaga, verkalýðs og allra helztu atvinnuvega ættu sæti og gætu borið saman ráð sín. Fordæmi að slíku samstarfi er að finna víða um lönd.

Því er haldið fram, að erlendur auðhringur mundi fljótlega tryggja sér víðtæk áhrif í landinu, kaupa upp menn og blöð og gerast sterkur aðili í stjórnmálum. Slíkir hlutir hafa gerzt í Mið- og Suður-Ameríku. Hins vegar hef ég spurt norska stjórnmálamenn, sem eru engir vinir þessara hringa, hvort þeir hafi seilzt til pólitískra félagslegra eða annarra slíkra áhrifa í Noregi. Þeir hafa ávallt svarað spurningu minni neitandi. Íslendingar eru menntuð þjóð, sem hefur sterka þjóðerniskennd. Lýðræði er hér öflugt, a. m. k. hvað við kemur hlut stjórnarandstöðu og almennrar gagnrýni. Jafnvel þeir íslenzkir stjórnmálamenn, sem Þjóðviljinn og Frjáls þjóð kalla stoltlausa landsölumenn, eru kunnir að því meðal erlendra aðila að vera sjálfstæðir, harðir í horn að taka og fastir fyrir um hagsmuni Íslendinga. Þess vegna tel ég litlar eða engar líkur á því, að félag frá hinu hlutlausa Sviss geri nokkrar tilraunir til að spilla menningu okkar eða frelsi — eða það tækist, þó að þeir reyndu það.

Við þurfum að gera okkur grein fyrir, hvernig við getum náð sem hagstæðustum samningum um alúmíníumverksmiðjuna. Við þá samningagerð verða ekki aðeins þeir menn, sem annazt hafa þessi mál hingað til fyrir ríkisstj., heldur erlendir lögfræðingar, sem eru þaulvanir slíkum málum. Sérstaka áherzlu verður að leggja á sem rúmust endurskoðunarákvæði á samningstímanum, af því að slíkt samkomulag hefur ekki fyrr verið gert á Íslandi. Meðal vandasömustu atriða verða rafmagnsverð, tollar og skattar. Samningar um alúmíníumverksmiðju eru hvergi í heiminum gerðir, nema samið sé um rafmagnsverð fyrir fram til langs tíma, alveg eins og lán til stórvirkjunar fást yfirleitt ekki, nema sýnt sé fram á, að rafmagnið seljist nægilega fljótt til að greiða lánin. Um tolla af vélum og efni verksmiðjunnar verður ekki að ræða, en það verðum við að líta á sem lið í þeirri stefnu ríkisstj. að lækka verulega tolla af vélum og öðrum stofnkostnaði okkar eigin atvinnuvega. Tollbyrði hefur verið meiri kostnaðarliður í stofnun iðnfyrirtækja hér á landi en góðu hófi gegnir, og verður að sjálfsögðu að koma á jafnrétti í þeim efnum. Skatta verður verksmiðjan í meginatriðum að greiða eins og íslenzk lög mæla fyrir um. En þó benda veigamikil rök til þess, að skynsamlegra sé að leggja fast gjald á hvert tonn af alúmíníum en nota venjulega framtalsleið. Ég er sannfærður um, að á þann hátt mundum við fá miklu meiri skatt af verksmiðjunni en ella.

Um allt þetta mætti tala langt mál. En það er mjög óhyggilegt, ef við lítum á hagsmuni þjóðarinnar, að ræða einstök samningsatriði opinberlega í smáatriðum, áður en samningum er lokið. Það er raunar óvenjulegt, að ríkisstj. skuli skýra þjóðinni svo ýtarlega frá málum eins og þessu, meðan á samningum stendur, og skipa sérstaka þn. með fulltrúum stjórnarandstöðunnar til að fylgjast með þeim. Þetta hefur ríkisstj. okkar þó viljað gera. Takist samningar um alúmíníumverksmiðjuna í sumar, verða þeir að sjálfsögðu lagðir fyrir Alþ. til samþykktar eða synjunar, eins og lög mæla fyrir.

Kommúnistar hafa haldið uppi miklum áróðri í þessu máli. Eins og þeirra er háttur, þegar erlendir aðilar koma við sögu, ráðast þeir á stjórnarflokkana og ákæra forustumenn þeirra um föðurlandssvik, landsölu, skort á þjóðarstolti og hvað eina af því tagi. Ég vil á einu bretti mótmæla þessum svívirðingum. Ég mótmæli því, að kommúnistar og fylgifiskar þeirra skuli þannig sí og æ reyna að stela ættjarðarástinni af leiðtogum annarra stjórnmálaflokka. Lítill minni hl. þjóðarinnar trúir því, að hlutleysi og einangrun frá umheimi sé leiðin til að varðveita frelsi og menningu Íslendinga. Þetta fólk virðist telja, að flest samskipti við aðrar þjóðir, sem kalla má því nafni, gangi glæpi næst.

Mikill meiri hl. þjóðarinnar er hins vegar á allt annarri skoðun, þeirri, að þjóð okkar verði að horfast í augu við staðreyndir nútímalífs, hafa ákveðna stefnu í utanríkis- og öryggismálum sínum, en hlutleysi og einangrun séu óraunhæfar leiðir. Meiri hl. vill margvísleg, en heilbrigð samskipti við umheiminn og telur, að við stöndum í dag sem frjálsir menn, sem þurfi ekki að beygja sig í viðskiptum við neina aðra þjóð. Eitt er víst, að meðal nágrannaþjóða okkar í Evrópu og Norður-Ameríku höfum við Íslendingar orð á okkur fyrir að vera stoltastir og sjálfstæðastir allra þjóða í þessum hluta heims. Viðhorf meiri hl. í utanríkismálum, stjórnarflokkanna og stuðningsmanna þeirra, byggist á fölskvalausri föðurlandsást og íslenzku þjóðarstolti, ekki síður en viðhorf minni hl. Allt, sem við gerum, gerum við til að auka velmegun og virðingu þjóðar okkar. — Góða nótt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Við Íslendingar höfum nú um mörg ár búið við einstætt góðæri til lands og sjávar. Náttúran hefur verið okkur gjöful, og fiskimenn, bændur, verkamenn og aðrir vinnandi menn hafa sveitzt við að ausa af nægtabrunni hennar. Þeir hafa lagt nótt við dag við framleiðslustörfin, lagt á sig lengsta vinnudag, sem þekkist meðal siðmenntaðra þjóða, og skilað ótrúlegum verðmætum í þjóðarbúið með vinnu sinni. Á síðustu 3 árum hefur þjóðarframleiðslan vaxið um fimmtung, en þjóðartekjurnar hafa þó vaxið enn meira en magnaukningu framleiðslunnar nemur vegna stórhækkaðs

verðlags á framleiðsluvörum okkar á öllum mörkuðum. Ef reiknað er með fólksfjölgun í landinu í þessu sambandi, liggur sú staðreynd fyrir, að á 5 síðustu árum hafa þjóðartekjur á mannsbarn hvert, miðað við fast verðlag, vaxið um rösklega 20%. Ef þessum verðmætisauka væri nú skipt milli þjóðfélagsþegnanna í sama hlutfalli og gert var, áður en viðreisnin hélt innreið sína, ættu þeir nú hver og einn að hafa á milli handa að erfiðislaunum tekjur, sem væru fimmtungi meiri að raunverulegu verðmæti heldur en fyrir 5 árum, og væri þá að engu metið eða upp gert, hvað hver og einn hefði af mörkum látið til þess að ná þeim árangri í verðmætasköpun, sem raunin er á, að orðið hefur.

En engum blöðum er um það að fletta, að undirstaða þessa árangurs er framlag vinnustéttanna. Á það er einnig að líta, að hvarvetna annars staðar en hér á landi er litið á það sem algert lágmark eðlilegra lífskjarabóta, að rauntekjur á vinnustund hækki til jafns við auknar þjóðartekjur á mann, og víða er reyndin sú, svo sem á Norðurlöndum, að rauntekjur verkafólks hækka meira en þjóðartekjurnar. Kemur þar til hlutur síbatnandi tækni, bættra vinnubragða og réttlátari arðskiptingar. Það er því alrangt, sem Bjarni Benediktsson sagði hér í gærkvöld, að rök megi færa fyrir því, að launakjör eigi ekki að hækka í hlutfalli við vöxt þjóðartekna.

Um tölur þær, sem hann fór með frá Efnahagsstofnuninni, er annars það að segja, að þótt þær væru á alla grein réttar, verða ekki af þeim dregnar röksemdir gegn því, að óhjákvæmilegt sé að stórhækka tímakaup verkafólks, heldur þvert á móti, þótt ekki kæmi annað og meira til en það geipilega ósamræmi, sem orðið er milli þess og annarra launagreiðslukerfa, sem forsrh. hrærði saman til þess að fá útkomu, sem málflutningi hans hentaði.

Skylt er þó að meta, að forsrh. kom þar máli sínu, að hann varð að viðurkenna, að kaupmáttur tímakaups almennra verkamanna hefði á viðreisnartímanum lækkað um 12%. Gildi þessarar viðurkenningar á kauplækkun langsamlega stærsta hópsins í verkalýðsstéttinni vildi hann þó eyða með þeirri fullyrðingu, að aðrir kaupgjaldsflokkar hefðu fengið meiri hækkanir. Þetta er úr lausu lofti gripið, því að staðreynd er, að aðrir kauptaxtar verkamanna hafa flestir hækkað minna en almenna kaupið, en rétt er, að nokkrar tilfærslur milli flokka koma þar í móti. Almenna kaupið er því örugglega viðmiðun, sem ekki er fjarri sanni, enda það kaup ásamt næstlægsta taxta, sem er það raunverulega kaup meginþorra verkamanna um land allt.

Ef svo væri sem ráðh. lét að liggja, að almenni taxtinn væri nálega þýðingarlaus, væri auðvitað auðsótt mál við atvinnurekendur og ríkisstj. að fá hann hækkaðan. En ég fullyrði, að engri breytingu á launakjörum hafa þessir aðilar verið andstæðari en þeirri að hækka almenna kaupið. Þar höfum við í verkamannasamtökunum mætt bjargföstu skilningsleysi og krepptum hnefum ríkisvalds og atvinnurekenda og enn orðið að lúta í lægra haldi.

Forsrh. og atvinnurekendur eiga nú í komandi samningum auðveldan leik að hverfa í þessu frá villu síns fyrri vegar, og ættu því hæði Jón Þorsteinsson, sem hér talaði í gærkvöld eins og illa uppalinn Heimdellingur, og aðrir hundtryggustu þjónar kauplækkunarstefnunnar að spara sér um sinn ögranir og áfrýjunarorð til verkamanna um, að ræfildómi þeirra sé að kenna, hvernig högum þeirra sé nú komið. Hins vegar munu þeir hinir sömu lengi þurfa að bíða þeirrar fullnægju vilja síns, að verkamenn gerist bandamenn atvinnurekenda í krossferð þeirra gegn lífskjarabótum annarra vinnustétta. Ef stjórnarstefnan hefði stuðlað að framkvæmd þeirrar meginreglu, að kjarabætur vinnustéttanna væru í samræmi við vöxt þjóðartekna, er auðsætt, að kaupgjald þeirra nú ætti að vera þeim mun hærra nú en 1959, sem nemur öllum verðlagshækkunum síðan, og því til viðbótar hefði það átt að hækka um 20% í samræmi við þjóðartekjurnar. Verðlagshækkanirnar hafa eftir mælikvarða Hagstofunnar numið á þessu tímabili 92% að meðaltali. Launahækkanir hefðu því átt að vera um 130% samkv. þessari viðmiðun. Hversu fjarri raunveruleikinn er þessu takmarki, sem a. m. k. víðast hvar er viðurkennt réttmætt sem lágmark, má nokkuð marka af því, að tímakaup verkamanna í almennri vinnu hefur frá 1959—1964, miðað við ársmeðaltal, hækkað um aðeins 58%. Einstakar starfsstéttir hafa að sönnu náð fram nokkru meiri hækkunum, en það breytir ekki heildarmyndinni, sem nú blasir við, að rauntekjur miðað við vinnuframlag hafa breytzt í öfugu hlutfalli við vöxt þess arðs, sem hið vinnandi fólk hefur skapað, að þær hafa lækkað gífurlega mitt í mesta góðæri, sem þjóðarbúið hefur notið. Úr þessari mynd má svo lesa þakkir ríkisstj. og flokka hennar til verkalýðsstéttarinnar, sem nú leggur á sig slíkan vinnudag, að þess eru dæmi, að heilar starfsstéttir vinni sem svarar 4—7 mánuðum á ári í aukavinnu umfram eðlilegan vinnudag alla 12 mánuði ársins og ofbjóði þannig starfsþreki sínu, heilsu og hamingju.

Alla megindrætti þessarar myndar má rekja til ráðandi stjórnarstefnu, til margþættra aðgerða stjórnarflokkanna í efnahagsmálum. Tvennar gengisfellingar fyrsta og annað viðreisnarárið mörkuðu verðbólguleiðina í upphafi ásamt riftingu allra kjarasamninga verkalýðshreyfingarinnar með valdboðinu um niðurfellingu löglegra ákvæða um verðlagsbætur á laun. Og áfram var haldið á sömu braut með gerbreytingum á skattakerfinu í anda verðbólgu- og kjaraskerðingarstefnunnar. Þær voru hafnar strax 1960 og höfðu síðan æ ofan í æ verið efldar á hverju ári og þó sjaldan meira en á því þingi, sem nú er að ljúka. Frá 1959 hafa tollar og skattar samanlagt verið hækkaðir um 2670 millj. kr. eða meira en fjórfald-

aðir. Á því ári, sem nú er að líða, nemur hækkunin um 1000 millj. kr. miðað við árið 1964. Meginhluta þessarar gífurlega þyngdu skattabyrði er almenningi gert að taka á sig með hækkuðu verðlagi. Söluskattshækkunin, sem kemur með hlutfallslega jöfnum þunga á allt verðlag í landinu og því þyngst á þá, sem minnst mega sín, nemur nú 922 millj. kr. eða hefur nífaldazt. Í fjármálum ríkisins hefur jöfnum höndum verið fylgt eyðslustefnu og verðhækkunarstefnu, og almenningur hefur verið látinn borga brúsann í hækkuðu verðlagi, hækkuðum sköttum og lækkuðum raunlaunum. Samhliða hafa verið lögfestar slíkar breytingar á skattgreiðslum gróðafélaga í landinu, að þau eru nú orðin nær algerlega skattfrjáls til ríkisins. Af samanlögðum sköttum og tollum greiða öll rekstrarfyrirtæki í landinu nú 2% af tekjuskatti og 2‰ — segi og skrifa tvo af þúsundi af eignarskatti. Þess þarf naumast að geta, að slíkt skattakerfi þekkist nú ekki í neinu landi Vestur-Evrópu, nema vera kynni á Franco-Spáni og í Portúgal Salazars. Þess þarf varla heldur að geta, að öll sú gífurlega gróðamyndun, sem á sér stað í peningastofnunum þjóðarinnar, bönkum og fjárfestingarsjóðum, sem flestir eru nærðir á beinni eða óbeinni sköttun á almenning, eru algerlega skattfrjáls, bæði til ríkis og bæja. En þessi gróðamyndun ein er nú varla undir 1000 millj. kr. árlega og fer sívaxandi ár frá ári. Þessari skattastefnu hefur ríkisstj. reynzt svo trú á þinginu nú, að auðsætt er sem áður, að hún telur hana einn helzta grundvöll efnahagsstefnu sinnar nú sem fyrr. Jólagjöf hennar til þjóðarinnar og til verkalýðssamtakanna sérstaklega til minningar um júnísamkomulagið var hækkun söluskattsins um 340 millj. kr. Og sumargjöfin verður svo hækkaðir beinir skattar til ríkis og bæja ásamt stórhækkun nefskatta, að því ógleymdu, að felldar hafa verið till. verkalýðshreyfingarinnar og Alþb., sem verulegu máli hefðu skipt til breytinga á skattakerfinu til hagsbóta láglaunastéttum þjóðfélagsins. Frjálst hagkerfi skulum við hafa, hvað sem það kostar. Skattfrelsi gróðafélaganna verður að vernda.

Nú skyldu menn ætla, að hóflaus skattpíningarstefna ríkisstj. hefði þó náð því markmiði að tryggja afkomu ríkissjóðs. Og rétt er það, að hann hefur fram til síðasta árs verið rekinn með miklum greiðsluafgangi, sem náðst hefur með því að heimta skatta og tolla langt um þarfir fram. Þetta er nú liðin tíð, að því er bezt verður vitað. 100 millj. kr. greiðsluhalli mun hafa orðið á s. l. greiðsluári, þótt leynt fari enn, og enn meiri á þeim hluta ársins, sem nú er liðinn. Hinn nýi fjmrh. sezt því að tómum ríkiskassanum, þrátt fyrir þá dæmalausu skattheimtu, sem framkvæmd hefur verið.

Aukin skattheimta með verðhækkunarsköttum hefur svo leitt af sér aukin ríkisútgjöld, og þau hafa aftur kallað á enn aukna skatta. Enginn þróttur eða vilji hefur verið fyrir hendi til þess að stöðva rásina í þessum vítahring. Allur vandi hefur verið leystur á þann veg að skapa annan meiri, og gildir það jafnt á sviði skattamálanna sem annarra þátta efnahagsmálanna.

Við vöggu viðreisnarinnar var því heitið, að atvinnuvegum þjóðarinnar skyldi tryggður traustur, heilbrigður og varanlegur grundvöllur, auðvitað án allra uppbóta og styrkja. Nú er það að vísu algerlega úrelt orðið að minna viðreisnarmennina á gefin loforð, því að þjóðin öll veit fyrir löngu, að þar stendur ekki steinn yfir steini, að öll hafa þau verið svikin. Samt er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig atvinnuvegunum hefur vegnað og hvar þeir eru á vegi staddir.

Strax er auðsætt, að vel hefur verið búið að þeim þætti atvinnurekstrar, sem hefur með höndum innflutning á neyzlu- og framkvæmdavörum landsmanna, innflutningsverzluninni, heildsalastéttinni. Eftir 5 ára viðreisn rísa glæsilegustu stórhýsi höfuðborgarinnar yfir þessa starfsemi og aðra skylda, stórhýsi, sem kostað hafa hundruð og aftur hundruð millj. kr. Velmegunin lýsir af ytra borði jafnt sem því innra. Hér hefur hið frjálsa framtak, hið frjálsa efnahagskerfi, hin frjálsa álagning, sem Jóhann Hafstein var hér að blessa áðan, svo sannarlega sýnt glæsilega yfirburði sína. Hér hafa engir skömmtunarstjórar, hvorki skipaðir af stjórnarvöldum né getuleysinu sjálfu, staðið að verki. Hér hafa þeir sjálfir og einir um fjallað, sem fengið hafa til ráðstöfunar stærsta hlutann af sparifé þjóðarinnar og taka 1/10 af hverri kr., sem vinnustéttirnar afla í gjaldeyrisverðmætum. Óskabörnin sjálf eru að leika sér og búa sér í haginn í skjóli verðbólgunnar.

En hvað um sjávarútveginn og fiskiðnaðinn, sjálfa undirstöðuna, sem afkoma þjóðarinnar byggist öllu öðru fremur á? Hvað er um iðnaðinn í landinu, sem margir landsmenn eiga afkomu sína undir? Hvað um landbúnaðinn? Eitt er víst, að hagur þessara atvinnugreina er með allt öðrum brag en verðbólgubraskaranna. Verulegur hluti sjávarútvegs og fiskiðnaðar skilar að vísu stórfelldum gróða, einstök fyrirtæki jafnvel tugmillj. kr. á ári. En þegar á heildina er litið, er hagur þessara atvinnugreina ekki í neinu samræmi við þá geysilegu aukningu verðmætasköpunar, sem hún hefur staðið undir og að réttu ætti að hafa til ráðstöfunar til þess að mæta réttmætum kröfum vinnustéttanna um bætt lífskjör. Hvað veldur? Ekki það, að útflutningsverðmæti afurðanna hafi ekki vaxið eðlilega, því að frá 1959—1964 óx heildarútflutningurinn úr 1059 millj. kr. í 4776 millj. kr. eða meira en fjórfaldaðist í krónum talið. Miðað við fast gengi óx verðmætið um meira en 70%. Ekki er því um að kenna, að raunlaun hafi hækkað í hlutfalli við verðmætisaukningu, því að þau hafa lækkað stórkostlega og eru nú miklum mun minni þáttur heildarverðmætisins en nokkru sinni áður. Hér þarf því annarra orsaka að leita en of mikillar kröfugerðar verkafólks og sjómanna á hendur útflutningsframleiðslunni. Ef

þeir erfiðleikar eru fyrir hendi að einhverju leyti, sem jafnan eru hafðir á hraðbergi, þegar semja á um launamál við verkalýðssamtökin, hafa vissulega allt önnur öfl verið að verki, og skal þó fátt talið. Útflutningsskattur hrifsar hundruð millj. af framleiðslunni. Innflutningstollar af vélum og tækjum taka sinn hlut. Gróði innflytjenda á veiðarfærum, skipum, vélum og rekstrarvörum er ómældur. Okurvextir hvíla með miklum þunga á framleiðslunni. Allt eru þetta kostnaðarliðir, sem vega miklu þyngra en vinnulaunin. Við þetta bætist svo lánsfjárskortur, sem hindrar eðlilega tæknivæðingu og framkvæmdir og skapar mikla erfiðleika. Almenn áhrif verðbólgustefnunnar gleypa þannig bróðurpartinn af verðmætisaukningunni og eru ein helzta hindrunin í veginum fyrir eflingu útvegsins og bættum lífskjörum þeirra, sem við hann starfa.

Verulegur hluti iðnaðarins er nú í fjörbrotunum og hundruð starfsfólks hans hafa verið og eru að missa atvinnu sína af þeim sökum, þótt hæstv. iðnmrh. gleymdi að minnast á það í ræðu sinni hér áðan. Þetta er ein fórnin, sem færð er verzlunarfrelsinu, og þykir ekki of stór. Hins vegar þykir það of stór fórn fyrir íslenzkan iðnað, að létt sé af honum þeim miklu tollum, sem hvíla á öllum innflutningi tækja hans og véla og efnivörum til mannvirkjagerðar og hráefnum til hans, eins og þm. Alþb. hafa lagt til. Aftur á móti er algert afnám tolla sjálfsagt, þegar í hlut eiga erlendir auðhringar og fyrirhugaðar framkvæmdir þeirra, sem koma eiga í staðinn fyrir það framtak, sem nú er verið að drepa. Skortir nú ekki annað á, að verzlunarfrelsið sé fullkomnað, en hafinn verði innflutningur landbúnaðarafurða og þjóðin þannig losuð við eitthvað af því ómagaframfæri á bændum, sem ríkisstj. telur niðurgreiðslu búvöruverðsins vera, en auðvitað er ekkert annað en nýtt form á uppbótakerfi fyrir útflutningsframleiðsluna.

Mitt í hinu almenna góðæri hefur orðið mikill aflabrestur, bæði á síld- og þorskveiðum, fyrir öllu Norðurlandi og þó alveg sérstaklega á s. l. ári. Afleiðing þessa hefur orðið sú, að sjávarþorpin í þessum landsfjórðungi allt frá Ströndum og að Langanesi hafa nú í meira en hálft ár búið við atvinnulega örðeyðu, atvinnuleysi, sem á ekki sinn líka á síðustu áratugum. Hundruð manna hafa orðið að flýja suður í atvinnuleit, aðrir orðið að búa við skarðan hlut og afkomu, sem á sér ekki nú orðið hliðstæðu. Á þetta ástand og þar með yfirvofandi og þegar hafinn stórfelldan fólksflótta úr sjávarbyggðunum á Norðurlandi hefur ríkisstj. horft sljóum augum og án þess að hreyfa hönd til óhjákvæmilegrar aðstoðar. Hún virðist eiga að bíða, þar til hinir rýru skattpeningar alúmíníumhringsins fara að drjúpa í pottinn eftir 4—5 ár. Þannig er forsjónin um atvinnulegt jafnvægi í framkvæmd.

Forsrh. sagði reyndar hér í gærkvöld, að um það mætti deila, hvort nægilega skjótt hefði verið brugðizt við vanda Norðlendinga af ríkisstj. Er samvizkan eitthvað mórauð eða hvað? Ekki væri það ótrúlegt, því að aðstoðin er engin og hefur engin verið. Hún hefur hvorki komið of seint né snemma, hún er enn ókomin.

Hvert sem litið er í efnahags- eða atvinnumálum þjóðarinnar, blasa við erfiðleikar og vandamál, sem flest má rekja til rangrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið, stefnu, sem haft hefur að raunverulegu markmiði að koma á ranglátari tekjuskiptingu og eignaskiptingu í þjóðfélaginu en áður var í stað þess að miða að auknum jöfnuði og bættum lífskjörum hinna mörgu, sem landið byggja, vinna hörðum höndum, leggja harðar að sér en flestir, ef ekki allir aðrir stéttarbræður þeirra, hvar sem leitað yrði. Það er þessi stefna, sem er að verki í skattamálunum, þegar dráps klyfjar eru lagðar á þá, sem aðeins hafa til hnífs og skeiðar, en auðfélög eru gerð skattfrjáls. Það er þessi stefna, sem að baki liggur, þegar bannfært er, að þjóðarhagsmunir ráði fjárfestingunni í landinu, sem nú nemur um 140 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu, með vitlegri stjórn á öllum þáttum hennar, og gróðasjónarmiðin ein eru sett í öndvegi í stað vitsmunanna. Það er þessi stefna, sem ræður ferðinni, þegar verzlunarvaldinu í höfuðborginni er fenginn til frjálsrar ráðstöfunar meginhluti gjaldeyristekna þjóðarinnar, að það megi skattleggja allan þann innflutning, sem framleiðslustéttirnar gera mögulegan, að vild sinni, í stað þess að haft sé taumhald á og stærstu þættir innflutningsins fengnir í hendur ríkinu. Það er þessi stefna, sem birzt hefur í krepptum hnefa ríkisvaldsins, sem hvað eftir annað hefur verið reiddur að grundvallarrétti verkalýðshreyfingarinnar og enn var á lofti hér í gærkvöld, þegar Bjarni Benediktsson hótaði að svipta launamenn rétti sínum til verðlagsbóta á laun, ef kröfur þeirra færu fram úr því, sem hann teldi hæfa. Það er þessi stefna, sem nú eygir það sem helzta hjálpræði sitt að leiða fjármagn erlendra hringa til öndvegis í íslenzku atvinnulífi, ekki aðeins með því að semja við Swiss Aluminium og veita honum einstæð sérréttindi umfram íslenzka atvinnurekendur, heldur einnig í okkar höfuðatvinnugreinum, sjávarútvegi og fiskiðnaði, en þetta hjálpræði hefur verið boðað bæði af efnahagsráðunautum ríkisstj. og hefur verið nefnt því fína nafni erlent áhættufjármagn í íslenzku atvinnulífi.

Það er þessi stefna og margvíslegar afleiðingar hennar, sem eru höfuðvandamál íslenzks þjóðfélags og íslenzkra stjórnmála nú. Hún er það vandamál, sem verkalýðshreyfingin á í höggi við í baráttu sinni fyrir bættum kjörum, mannsæmandi vinnutíma og félagslegum umbótum, vegna þess að meðan henni er framfylgt, verður ekki um að ræða neina viðunandi lausn í þessum höfuðmálum íslenzkra vinnustétta. Hið frjálsa hagkerfi, sem viðreisnarstjórnin hefur verið að hrófla upp, hefur nú á 5 ára reynslutíma sannað svo sem verða má fullkomið getuleysi sitt til þess að

veita vinnandi mönnum réttmæta hlutdeild í þeim lífsgæðum, sem þeir skapa með erfiði sínu. Efnahagskerfið, eins og það er orðið, og hagsmunir almennings í landinu eru orðnar ósættanlegar andstæður, og annað hvort verður að víkja fyrir hinu. Það eru þessar andstæður, sem hafa verið og eru nú í ríkara mæli en áður kveikjan að því stéttastríði og innbyrðisbaráttu í okkar litla þjóðfélagi, sem alltaf, meðan þær eru fyrir hendi, vofir eins og sverð yfir því gróandi athafnalífi, friðsamlegri uppbyggingu og umbótum, sem þjóðin þarfnast og þráir flestu öðru fremur.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki óskað eftir þessu stríði og hún mun ekki heldur óska eftir því í framtíðinni. En hún hvorki getur fórnað, má fórna né vill fórna hagsmunum og velferð umbjóðenda sinna fyrir sættir við þá arðskiptingu í þjóðfélaginu, sem nú er staðreynd orðin eftir 5 ára viðreisnarstjórn. Þess vegna er hún reiðubúin til að berjast, ef nauðsyn krefur.

5 ára reynslutíma hins frjálsa hagkerfis stjórnarflokkanna er lokið, og við stöndum nú á tímamótum, þar sem úr því fæst skorið, hvort stjórnarflokkarnir hafa til þess manndóm og þrek að viðurkenna í raun og veru nauðsyn og óhjákvæmileik þess að gerbreyta um stefnu, taka upp nýja stefnu og gera þær margvíslegu ráðstafanir í efnahagsmálum, sem gera þarf til þess að tryggja launastéttunum endurheimt þess, sem ranglega hefur verið af þeim tekið, og síðan stöðugar kjarabætur og félagslegar umbætur í framtíðinni í samræmi við raunverulega getu þjóðfélagsins, eða hvort þeir enn lemja höfði við stein og efna til þess upplausnarástands, sem innsiglar endanlega stjórnmálalegt gjaldþrot þeirra. Velji þeir fyrri kostinn, er vel. Velji þeir hinn síðari, er það þings og þjóðar að tryggja nýja forustu, sem hefur vilja og getu til þess að ráða fram úr vandamálunum og er fær um að tryggja frið við vinnustéttirnar á grundvelli nýrrar stjórnarstefnu í samræmi við þarfir og kröfur alþjóðar.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hefur þegar komið fram í umr. þessum, að þjóðartekjur Íslendinga hafa vegna einmuna afla, bættra viðskiptakjara, nýrrar tækni og gegndarlausrar vinnu almennings hækkað um hvorki meira né minna en 7.5—8% á ári undanfarin ár eða mun meira en þekkist í nokkru nálægu landi. Hin dökka hliðin á þessu er sú, sem einnig hefur verið minnzt á við þessar umr., að kjör vinnustéttanna, þess fólks, sem með þrotlausri vinnu hefur skapað þessa verðmætaaukningu, hafa ekki batnað í hlutfalli við aukinn afrakstur þjóðarbúsins. Raungildi tímakaupsins hefur á sama tíma lækkað. Nú er það svo sem allir vita, að atvinnurekendur og ríkisstj. hafa stöðugt jarmað um það í einum kór undanfarin ár, að kröfur um bætt kjör verkafólks ættu að bíða, þar til meira kæmi til skipta hjá þjóðinni. Bætt launakjör væri einungis hægt að veita af auknum þjóðartekjum. Nú hafa íslenzkir launþegar lifað þá tíma, sem okkur var sagt að bíða eftir. Þeir hafa lifað mestu aukningu þjóðartekna, sem um getur, en samt rýrna kjör þeirra, svo sem viðbúið er, þegar sú stjórn fer með völd, sem gætir fyrst og fremst hagsmuna atvinnurekenda og lítur á það sem höfuðhlutverk sitt að tryggja þeim, að aukinn afrakstur þjóðarbúsins lendi einungis í þeirra hlut. Vegna þess, hverra hagsmuna ríkisstj. gætir, hefur hverri kröfu verkalýðssamtakanna og Alþb. á Alþ. um, að verkafólk fái sinn hlut af auknum þjóðartekjum, verið mætt með óbilgirni og jafnvel með tilraunum til afnáms verkfallsréttar.

Kröfur alþýðusamtakanna hafa verið tvíþættar: annars vegar um hærri laun og hins vegar um lækkun á útgjaldaliðum alþýðuheimilanna, lækkun verðs á nauðþurftum, fæði, klæðum og húsnæði. Húsnæðiskostnaður almennings hér á landi er svo miklum mun meiri en gerist með öðrum þjóðum, að þar kemst enginn samanburður að. Þjóðir, sem þurftu að reisa borgir og bæi úr rústum eftir stríðið, hafa búið þegnum sínum mun hagstæðari kjör í húsnæðismálum en okkar stjórnarvöld hafa gert, þrátt fyrir að við höfum engin mannvirki misst af stríðsvöldum og þrátt fyrir þá gífurlegu aukningu þjóðartekna, sem við höfum notið. Sú aukning þjóðartekna hefur því miður hvorki farið til raunverulegrar hækkunar á kaupmætti tímakaups né til þess, sem ekki hefði verið síður um vert, að lækka þann gífurlega húsnæðiskostnað, sem almenningur býr við. Sá kostnaður hefur verið svo stórfelldur, að meginhlutinn af launum verkamanna fyrir 8 stunda vinnudag allt árið fer í vexti af kostnaðarverði einnar íbúðar, en vísitöluíbúðin er í dag talin kosta um 830 þús. kr. Frá því í október 1960 hefur byggingarkostnaður vísitöluíbúðar hækkað um ríflega 300 þús. kr., eða meir en nemur öllu því hámarksláni, sem ætlunin er að veita úr húsnæðismálasjóði til hverrar íbúðar. Aðeins á s. l. 2 árum hefur meðalíbúð hækkað í verði um nálega 190 þús. kr. Það þýðir, að jafnvel þótt einhver, sem hygði á byggingu íbúðar, væri svo vel á vegi staddur, að hann gæti lagt fyrir ríflega árslaun verkamanna á einu ári fyrir 8 stunda vinnudag, stæði hann á því stigi eftir að hafa gert það í tvö ár, að íbúðin hefði hækkað í verði um nákvæmlega jafnháa upphæð og hann hefði sparað, og hinir þeim mun verr, sem þeir gætu minna af mörkum lagt. Húsnæðiskostnaðurinn er svo gífurlegur, að ungu fólki er gert ókleift að eignast íbúð án þess að ofgera sér við látlausa vinnuþrælkun um langt skeið á sínum beztu árum. Þessi hái húsnæðiskostnaður veldur svo óhjákvæmilega því, að almenningur verður að gera þeim mun hærri launakröfur til þess að geta fullnægt þeirri frumþörf sinni að hafa þak yfir höfuðið.

Þrátt fyrir það, að eitt helzta fyrirheit stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar var, að þeir mundu auðvelda almenningi að eignast eigið húsnæði, hafa þeir staðið gegn raunhæf-

um aðgerðum til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Þess í stað streitist ríkisvaldið við að auka enn á byggingarkostnaðinn með aukinni skattheimtu á byggingarefni. Það er fróðlegt að fylgjast með þeirri bögglahrúgu, sem ríkisvaldið stendur að því að leggja á herðar húsbyggjenda til viðbótar við þær drápsklyfjar, sem fyrir eru. Ríkið leggur tolla á byggingarefni. Heildsalinn bætir við álagningu á tollinn, smásalinn sinni álagningu á tollinn og álagningu heildsalans á þann sama toll. Síðan kemur ríkið aftur með sinn söluskatt, 7.5%, ofan á allt saman. Auk þess, að 7.5% söluskattur er lagður ofan á innflutningsverð, flutningskostnað og þess háttar, leggst hann líka ofan á tollinn og þá álagningu, sem heildsalinn og smásalinn hafa lagt á tollinn. Hvað halda svo þeir, sem eru að baslast við að eignast íbúð, að þeir borgi í þessa sjálfvirku plokkunarvél ríkisins og kaupmannanna, — í toll, í álagningu á toll, í söluskatt á toll, í söluskatt á álagningu á toll? Ekki minna en 100 þús. kr. af meðalíbúð. Þar af er aðeins söluskatturinn einn um 37 þús. kr., en ríkisstj. hefur hækkað hann um 25 þús. kr. aðeins á s. l. ári eða um rúml. 2000 kr. á mánuði að meðaltali. Þeir efna fagurlega fyrirheitin sín, stjórnarflokkarnir, um aðstoð við húsbyggjendur. Ofan á þetta bætast önnur opinber gjöld, svo sem gatnagerðargjöld og annað, sem menn verða að greiða, áður en þeir geta tekið fyrstu skóflustunguna. Nú síðast hafa svo bæjarfélögin flest tvöfaldað fasteignaskatt á íbúðum. Allt gerist þetta á sama tíma og lífskjörin, þ. á m. aðstaðan til þess að fullnægja húsnæðisþörfinni, ættu að geta batnað vegna stórfelldrar aukningar þjóðartekna.

Þær þjóðir, sem leggja sig fram um að gera þjóðfélagsþegnunum sem auðveldast að eignast þak yfir höfuðið og nota aukningu þjóðartekna m. a. til þess að gera það æ betur kleift, endurgreiða húsbyggjendum tolla af byggingarefni og skilja, að það er hagkvæmast fyrir þjóðfélagið og ríkið, að byggingarkostnaði sé haldið sem lægstum, svo að hann verði ekki sjálfvirkur verðbólguvaldur eins og hjá okkur. Alþb. hefur flutt á Alþ. frv. til úrbóta í húsnæðismálum, þar sem m. a. er gert ráð fyrir, að við höfum sama hátt á. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki fengizt til þess að skilja nauðsyn þessa máls, — nauðsyn, sem er í raun inni jafnbrýn fyrir ríkið sjálft eins og húsbyggjendur. Sama er að segja um till. Alþb.-manna um byggingu hagkvæms leiguhúsnæðis. Þær hafa engar undirtektir fengið. Erlendur auðhringur á hins vegar að fá eftirgefna alla tolla í sambandi við byggingu alúmíníumverksmiðjunnar. Erlendum auðhring er ríkisstj. óðfús að veita 500 millj. kr. í eftirgjöf aðeins við byggingu verksmiðjunnar, en það svarar til tolla á byggingarefni til 10 þús. íbúða. Erlendum auðkýfingum ætlar ríkisstj. að gefa eftir jafnmikla tolla við byggingu alúmíníumverksmiðjunnar og hún tekur af öllu því íbúðarhúsnæði, sem byggt er í landinu á 7 árum. Íslenzkur almenningur, sem er meginhluta starfsævi sinnar að strita undir húsnæðiskostnaðinum, á að greiða fulla tolla af byggingarefni til þess að ríkisstj. hafi þeim mun betri efni á að gefa útlendum auðkýfingum eftir toll af sem svarar 10 þús. íbúðum.

En það er ekki nóg með, að byggingarkostnaður sé óheyrilega hár hér á landi, m. a. vegna álagna frá sjálfu ríkinu, sem ætti að gegna þveröfugu hlutverki. Skipulagsleysi og tæknilegur vanbúnaður valda hér nokkru um. Í stað þess að sinna þessum málum á jákvæðan hátt, hafa stjórnarflokkarnir hunzað þau svo, að nú síðast við afgreiðslu fjárlaga höfnuðu þeir sérstakri ósk atvinnudeildar háskólans um 200 þús. kr. framlag, til þess að byggingarefnadeildin gæti hafið sjálfstæðar rannsóknir til lækkunar á byggingarkostnaði og endurbóta í mannvirkjagerð. Slíkur var áhugi stjórnarliðsins á lækkun byggingarkostnaðar þá dagana. Þó er það ámælisverðast í húsnæðismálum, að svo hár sem byggingarkostnaðurinn er og óviðráðanlegur fólki með venjulegar tekjur, er það að verða æ meira áberandi staðreynd, að almenningur á þess ekki kost að eignast íbúð á þessu háa kostnaðarverði, heldur verður að greiða byggingarbröskurum stórfelldar fjárhæðir í ofanálag. Venjulegu fólki er engin aðstaða búin til þess að kljást sjálft við íbúðarbyggingu, það er að verða liðinn tími, heldur verður það að sæta því, að einstakir fjáraflamenn fá byggingarlóðirnar og aðganginn að lánsfénu. Þeir byggja síðan íbúðirnar hverja af annarri og selja þær með hárri álagningu ofan á óhóflegan byggingarkostnað því fólki, sem eru allar aðrar bjargir bannaðar. Það mun ekki óvenjulegt, að þarna sé smurt um 200 þús. kr. ofan á byggingarkostnaðinn. Það er ömurleg staðreynd, að í slíkum íbúðarkaupum hafnar meginhluti þess láns, sem menn seint og um síðir fá hjá húsnæðismálasjóði, sem gróði í vasa byggingarbraskaranna, sem nota aðstöðu þá, sem valdamennirnir fá þeim, til þess að sópa til sín fé frá húsnæðisleysingjum, sem síðan leggja nótt með degi í óhóflegum vinnuþrældómi í fjölda ára til þess að geta staðið straum af öllu þessu.

Í þjóðfélögum, sem telja það ekki hæsta markmiðið, að útvaldir þegnar lifi á afrakstrinum af vinnu annarra, lifi á því að selja náunga sínum vöru og þjónustu á verði, sem er langt ofan við það, sem hún raunverulega kostar, þar gera stjórnarvöldin sérstakar ráðstafanir til þess, að slíkir hættir þrífist ekki í húsnæðismálum. Og hvað sem líður frjálsræði gróðans á öðrum sviðum í okkar þjóðfélagi, er það lágmarkskrafa, að húsnæðismálin séu friðhelg fyrir gróðanum. Hjá öðrum þjóðum, svo að ekki sé farið lengra en til Noregs, er það gert almenningi auðvelt að eignast íbúðir á kostnaðarverði með því að stuðla að félagslegri byggingarstarfsemi og búa svo um hnútana, að það væri jafnfráleitt fyrir gróðafíkna spekúlanta að ætla að nota sér

húsnæðisþörf almennings til einkagróða fyrir sig eins og það væri að ætla að auðgast á því að selja fólki andrúmsloft. Í þjóðfélögum, þar sem eitthvað er gert til þess að vernda almenning fyrir gráðugum fjáraflamönnum, sem sjá alltaf peningavon frá náunga sínum, þar er byggingarsamvinnufélögum almennings gert kleift með hagkvæmum lánum til langs tíma og með lágum vöxtum að selja félagsmönnum sínum íbúðir á kostnaðarverði, þar eru engir tollar reiknaðir. En frv. okkar Alþb.-manna um þess háttar aðgerðir hér á landi, í landi hinnar miklu aukningar þjóðarframleiðslu, hefur engar undirtektir fengið hjá stjórnarflokkunum. Öllum úrbótatillögum í húsnæðismálum höfnuðu stjórnarflokkarnir. Það var ekki fyrr en verkalýðsfélögin sögðu upp samningum í fyrrasumar og beittu samstilltum mætti heildarsamtaka sinna, að ríkisstj. sá þann kost vænstan að láta undan og sinna þessum málum í einhverju, — málum, sem hún hafði allt til þessa dags ýmist fellt eða svæft á löggjafarþinginu. Fyrir afli verkalýðssamtakanna beygðu stjórnarflokkarnir sig og sömdu um nokkrar úrbætur í húsnæðismálum í samræmi við frv. Alþb., sem flutt var á síðasta þingi. Gegn því og nokkrum mikilsverðum atriðum í öðrum málaflokkum frestaði verkalýðshreyfingin meginhluta kröfu sinnar um hækkun launa. Sá árangur, sem náðist í húsnæðismálum, var vissulega nokkurs virði, þegar um þau mál var samið, en þann árangur hefur ríkisstj. nú að verulegu leyti tekizt að eyðileggja með því að rjúfa það grundvallaratriði samkomulagsins að vinna að stöðvun verðbólgunnar. En það fyrirheit sviku ríkisstjórnarflokkarnir við afgreiðslu fjárl. á þann hátt að hækka álögur meir en nokkru sinni hafði verið áður gert, m. a. um hækkun söluskatts um 340 millj. kr. á ári.

Með þessum aðförum, þegar sérstök brýn nauðsyn var á að skera niður fjárl. og halda álögum þannig í skefjum, er loku fyrir það skotið, að þær úrbætur, sem fengust í húsnæðismálum, gætu orðið varanlegar. Sú byggingarvísitala, sem í gildi var við samningana í júní í fyrra, svarar til þess, að vísitöluíbúðin hafi kostað um 740 þús. kr., en í dag er samsvarandi tala 830 þús., svo að kostnaðarverð íbúðar hefur hækkað um 90 þús. kr. á þessum tíma. Það er því auðsætt, að mikið átak þarf að gera í húsnæðismálum.

Reynslan hefur rækilega sýnt, að ríkisstjórnarflokkarnir fást engar úrbætur til að samþykkja, nema þeir standi frammi fyrir valdinu. Að sjálfsögðu munu þeir hér eftir sem hingað til ekkert gera til hagsbóta fyrir húsbyggjendur og standa gegn öllum jákvæðum till., þar til aflið knýr þá til að láta undan, eins og þeir gerðu í fyrrasumar, þegar heildarsamtök verkafólksins knúðu fram þær umbætur, sem fengust þá, en verðbólgan er nú komin vel á veg með að gleypa, áður en komið er að því, að húsbyggjendur fái úthlutað lánum samkv. þeim nýju reglum, sem um var samið. Þegar það er haft í huga, að þjóðartekjurnar hafa aukizt stórkostlega hér á landi undanfarin aflaár, án þess að kaupmáttur tímakaups hafi hækkað, heldur lækkað, nær það að sjálfsögðu engri átt, að félagsmenn verkalýðssamtakanna skuli þurfa að fórna þeirri kauphækkun, sem þeir sannanlega eiga inni af aukningu þjóðartekna undanfarin ár, til þess að fá fram í samningum við ríkisstj. löggjafaratriði, m. a. um, að lán úr húsnæðismálasjóði skuli að krónutölu ekki dragast langt aftur úr hinni öru verðbólguþróun. Hér geldur verkalýðsstéttin þess að hafa ekki við þingkosningar tryggt það, að á Alþingi sitji nógu margir fulltrúar hennar, fulltrúar, sem meta meir að styðja að framgangi hagsmunamála almennings en að búa gróðastéttunum sem bezta aðstöðu til athafna við gróðasöfnunina, jafnt við íbúðarbyggingar sem á öðrum vettvangi. Framgang löggjafarmálefna, svo sem úrbóta í húsnæðismálum, á verkalýðsstéttin, svo fjölmenn sem hún er, að sjá um með því að tryggja setu miklu fleiri fulltrúa sinna á Alþ. en eru nú, fleiri fulltrúa Alþb. en nú eiga sæti á Alþ. Þegar verkalýðsstéttin hefur gert það, þarf hún ekki að fórna réttmætri beinni kauphækkun fyrir framgang löggjafarmálefna. Þegar hún hins vegar, eins og nú, á við óvinsamlegt ríkisvald að etja, hljóta slíkir samningar að hafa takmarkað gildi, þar sem það sama ríkisvald hefur í hendi sinni að gera veigamikil atriði þeirra að engu, eins og reynslan er nú að sýna. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og oft áður hafa verið sögð ýmis öfugmæli í þessum umr., en lengst hygg ég, að Jóhann Hafstein hafi samt komizt, þegar hann sagði, að ríkisstj. væri búin að afnema höftin. Útvegsmenn, iðnrekendur og kaupmenn halda nú aldrei svo fund, að þeir kvarti ekki sáran undan lánsfjárhöftum. Vegna frystingar sparifjárins í Seðlabankanum búa atvinnuvegirnir við stórfelldari lánsfjárskort nú en nokkru sinni fyrr. Það er því ekki að undra, þótt atvinnurekendur kvarti, því að ekkert háir nú atvinnurekstrinum meira en lánsfjárhöftin.

Benedikt Gröndal flutti hér hjartnæma ræðu um hina nýju stefnu ríkisstj., sem m. a. birtist í stuðningi við ýmsar verklegar framkvæmdir og framfarir. Því miður birtist þessi nýja stefna öðruvísi í verki en hún birtist á vörum Benedikts. Nýlega ákvað t. d. ríkisstj. að lækka öll framlög til skólabygginga, vegabóta, hafnarbóta, flugvallagerða og rannsóknaframkvæmda um 20%. Þetta er vissulega ekki ný framfarastefna, heldur eldgömul og úrelt afturhaldsstefna.

Ég mun í þessum umr. fyrst og fremst ræða það mál, sem nú er tvímælalaust í hugum flestra mál málanna, en það eru kjarasamningarnir, sem eru fram undan.

Það er ótvírætt staðreynd, að kauptaxtar eru hér miklu lægri en í nágrannalöndum okkar og vinnutími er hér miklu lægri en þar. Skv. opinberum dönskum heimildum var meðal-

tímakaup ófaglærðra verkamanna í Danmörku á öðrum ársfjórðungi s. l. árs kr. 54.55, en hér var þá tímakaupið hjá 4. launaflokki Dagsbrúnarmanna, en honum tilheyra verkamenn í hafnarvinnu, kr. 35.99. Það er líka óumdeilanleg staðreynd, að kaupmáttur tímakaupsins, en við hann eru launakjör jafnan miðuð, hefur farið minnkandi síðustu árin, og sýna opinberir útreikningar, að kaupmáttur tímakaupsins er nú 12% minni hjá verkamönnum en hann var fyrir 6 árum. Þetta er óskiljanleg öfugþróun, þegar þess er gætt, að þjóðartekjurnar hafa aukizt um 30—40% á þessum tíma. Þótt hagfræðingar deili um margt, deila þeir ekki um það, að kaupmáttur tímakaupsins á að geta aukizt í samræmi við auknar þjóðartekjur. Þetta hefur hins vegar farið á aðra leið hjá okkur síðustu árin, og veldur þar öllu, að ríkisstj. hefur lagt meginkapp á að láta verðlagið hækka meira en kaupgjaldið, því að hún og hagfræðingar hennar hafa trúað blint á þá villukenningu, að hófleg kaupgeta almennings sé meginháski efnahagslífsins.

Hversu hér hefur verið stjórnað öðruvísi en hjá nágrannaþjóðum okkar, sést bezt á því, að á árunum 1959—64 hækkaði tímakaup verkamanna í Danmörku um 51%, en vísitala vöru og þjónustu um aðeins 25%, og jókst kaupmáttur tímakaupsins sem þessu munar. Hér hækkaði tímakaup Dagsbrúnarmanna um 63% á þessum tíma, en vísitala vöru og þjónustu um 89%, og minnkaði kaupmáttur tímakaupsins sem þessum mun svarar. Undantekningarlaust hefur kaupmáttur tímakaupsins aukizt verulega í öllum löndum Vestur-Evrópu á þessum tíma nema á Íslandi, en þó hefur hvergi orðið meiri aukning þjóðartekna en hér á þessum tíma. Slíkar eru afleiðingar af verðhækkana- og ofsköttunarstefnu ríkisstj. Þessari öfugþróun mega launþegarnir ekki una og geta ekki unað, þar sem svo er líka komið hag þeirra flestra vegna sívaxandi dýrtíðar, að þeir hafa rétt til hnífs og skeiðar þrátt fyrir stöðuga lengingu vinnutímans, vaxandi vinnu húsmæðra og barna, svo að í mörgum tilfellum nálgast hreinan þrældóm allrar fjölskyldunnar. Við verðum í þessum efnum að byrja að minnka gjána, sem á undanförnum árum hefur skapazt milli okkar og annarra þjóða, bæði hvað snertir kaupmátt tímakaupsins og lengd vinnudagsins.

Í júnísamkomulaginu, sem gert var í fyrra, féllust verkalýðssamtökin á að fresta til eins árs kröfum sínum um hækkun tímakaupsins og styttingu vinnudagsins gegn því, að atvinnurekendur og ríkisstj. féllust á að taka upp að nýju verðlagsuppbætur skv. vísitölu. Það var vissulega mikill ávinningur fyrir launastéttirnar að fá verðlagsuppbætur teknar upp að nýju, því að hér eftir verður ekki hægt að fella gengi krónunnar eða gera aðrar slíkar kjaraskerðingarráðstafanir án þess að kaupið hækki jafnhliða.

Af hálfu verkalýðsstéttanna var því lýst eindregið yfir í fyrra, að kröfum þeirra um hækkun tímakaupsins og styttingu vinnutímans væri aðeins frestað í eitt ár. Í samræmi við það verða þetta aðalkröfur verkalýðssamtakanna í sambandi við samningana í ár, eins og líka var eindregið áréttað af Alþýðusambandsþinginu á s. l. hausti og kjararáðstefnu Alþýðusambandsins fyrir skömmu.

Ég hygg, að fullyrða megi, að aldrei hafi kjarakröfur verkalýðsstéttanna verið studdar betri efnahagslegum röksemdum en að þessu sinni. Eins og ég hef áður rakið, hafa þjóðartekjurnar vaxið stórlega síðustu árin, án þess að það hafi borið minnsta árangur í þá átt, að kaupmáttur tímakaupsins hafi hækkað eða vinnutíminn styttzt, heldur hefur hið gagnstæða átt sér stað. Það er réttlætismál, sem er ekki hægt að standa gegn, að launastéttirnar fái nú þátttöku í hinum auknu þjóðartekjum á þann hátt, að kaupmáttur tímakaupsins verði aukinn og vinnutíminn styttur. Hinar stórauknu þjóðartekjur gera þetta mögulegt, ef nokkur vilji til skynsamlegra stjórnarhátta er fyrir hendi.

Ég veit, að svarið verður nú eins og oftar, að þrátt fyrir hinar auknu þjóðartekjur sé þetta samt svona, að vissar greinar atvinnulífsins þoli ekki hækkanir, eins og frystihúsin, útgerðin o. s. frv. En þetta eru engar afsakanir, þegar nánar er að gætt. Ég veit, að afkoma margra þessara fyrirtækja er erfið, en erfiðleikar þeirra stafa ekki af háu kaupgjaldi, því að kaupgjald er hér lægra en í nágrannalöndunum. Þar er kaupgjaldið stórum hærra en hér, en aftur á móti búa atvinnuvegirnir þar við miklu rýmra lánsfé og geta því aukið hagræðingu sína, tollar af framleiðslutækjum eru nær engir eða engir, vextir miklu lægri en hér og útflutningsgjöld sáralítil eða engin. Erfiðleikar íslenzkra atvinnuvega stafa þannig af rangri stjórnarstefnu, er birtist í stórfelldum og vaxandi lánsfjárskorti, allt of háum vöxtum, allt of háum tollum, allt of háum útflutningsgjöldum. Seðlabankinn, sem fyrst og fremst á að þjóna atvinnuvegunum skv. lögum sínum, hefur verið notaður eins og fjandsamlegt tæki til að gera þeim erfitt fyrir á flestan hátt. Það er þetta, sem þrengir að atvinnuvegunum og veldur því, að sumar greinar þeirra þola ekki miklar hækkanir, en það er þetta, sem á að breyta og auðvelt er að breyta, og þá geta atvinnufyrirtækin bætt hag sinn, aukið hagræðinguna í rekstri sínum og boðið starfsfólki sínu bætt kjör. Þá er hægt að hækka kaupið, án þess að teljandi verðhækkanir fylgi eftir.

Í litlu þjóðfélagi, eins og íslenzka þjóðfélagið er, er fátt nauðsynlegra en að stéttirnar láti sér koma vel saman. Fátt er hér mikilvægara en góð samvinna milli atvinnurekenda og launþega. En frumskilyrði þeirrar samvinnu er, að atvinnurekendur skilji, að þeir eiga að standa með verkafólki sínu gegn ranglátu ríkisvaldi og rangri stjórnarstefnu, en ekki fylkja sér með ranglátu ríkisvaldi og rangri stjórnarstefnu gegn launafólkinu í landinu. Atvinnurekendur eiga hér samleið með launafólkinu, en ekki ríkisstj. Atvinnurekendur og launa-

stéttir eiga, ef rétt er haldið á þessu máli, að fylkja liði við júnísamningana á þessu ári og knýja ríkisstj. til þeirra breytinga á stjórnarstefnunni, sem geri atvinnuvegunum vel fært að koma til móts við réttmætar kröfur launamanna. Þetta er hægt með auknu lánsfé, lægri vöxtum, lægri tollum, lægri útflutningsgjöldum o. s. frv. Satt að segja eru það skrýtnir atvinnurekendur, sem vilja heldur eiga í deilum við starfsfólk sitt og neyða það til verkfalla en að samfylkja með því um að það að knýja ríkisstj. til að létta lánsfjárhöftum og ranglátum byrðum af atvinnuvegunum, svo að þeir geti greitt hærra kaup.

Af hálfu andstæðinganna er mjög reynt að draga kjark úr verkalýðshreyfingunni með því, að kauphækkanir borgi sig ekki, því að kauphækkanir á undanförnum árum hafi verið gerðar að engu með enn meiri verðhækkunum. Þetta er því miður allt of rétt. En þó er það víst, að þessi öfugþróun hefði orðið launastéttunum miklu óhagstæðari, ef ekki hefði notið við baráttu verkalýðssamtakanna. Baráttu þeirra er það að þakka, að ekki hefur þó farið verr, eins og stjórnarstefnunni hefur verið háttað. Hér eftir munu líka grunnkaupshækkanir notast launastéttunum betur, vegna þess að í fyrra fékkst það fram, að verðlagsuppbætur skv. vísitölu voru teknar upp að nýju. Það er mikil trygging. Samt er það rétt, að meðan völdin eru í höndum manna, sem hugsa meira um aðra hagsmuni en hagsmuni launastéttanna, er sú hætta alltaf fyrir hendi, að kjarabæturnar verði gerðar að engu með röngum stjórnaraðgerðum. Meginástæða þess, að kaupmáttur tímakaupsins hefur aukizt stórlega í Danmörku, meðan hann hefur rýrnað hér á landi, er sú, að í Danmörku hefur ríkisstj. verið í höndum manna, sem voru fulltrúar launastéttanna, en hér hefur það verið öfugt. Þetta sýnir það vel, að þótt stéttasamtökin séu mikilvæg og verkfallsrétturinn ómissandi þeim, sem lakar eru settir, er þó atkvæðisrétturinn þýðingarmesti og örlagaríkasti rétturinn. Því hafa launastéttirnar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum lært, að samstaða á vettvangi stjórnmálanna er sízt minna mikilvæg en samstaða á hinum faglega vettvangi. Aðeins með því að nota atkvæðisseðilinn á réttan hátt er hægt að tryggja réttláta stjórnarstefnu. Af reynslu undanfarinna ára mega launþegar og réttsýnir atvinnurekendur vissulega læra það, að þeir þurfa í næstu kosningum að fylkja sér betur saman til að knýja fram nýja stjórnarstefnu, sem stuðlar að sameiginlegum hag beggja.

Þess verður nú víða vart, að menn eru kvíðnir vegna þeirra átaka, sem kunna að vera fram undan í sambandi við kjarasamningana í vor. Þessi átök þurfa þó engin að verða, ef ríkisstj. gerir sjálfsagðar ráðstafanir til að rétta hlut atvinnuveganna, eins og ég hef áður lýst. Þá geta atvinnurekendur vel staðið undir réttmætum kröfum starfsmanna sinna um hækkað kaup. Það er þannig á valdi ríkisstj. fyrst og fremst, hvort hér kemur til átaka eða ekki. Ég skal engu spá um það, hvað stjórnin gerir. Augljóst er hins vegar, hvað hyggin stjórn mundi gera. Hún mundi koma til móts við launastéttirnar og semja. En núv. stjórn er þreytt stjórn og ráðvillt stjórn, sem hefur það sem síðasta hálmstrá að halda dauðahaldi í ýmsar úreltar kennisetningar. Þess vegna er bezt fyrir launastéttirnar að vera við öllu búnar, fúsar til samkomulags, ef stjórn og atvinnurekendur taka hinn betri kost, en víkja ekki heldur frá rétti sínum, ef með bolabrögðum á að neita um það, sem réttmætt er. Þótt verkalýðssamtökin séu jafnan ófús til vandræða, hefur reynslan kennt þeim, að stundum er óhjákvæmilegt, að „þeir, sem stríði vilja verjast, verða stundum fyrst að berjast.“ Sú ábyrga og einbeitta stefna hefur fært verkalýðshreyfingunni stærstu sigrana.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir rúmum 5 árum töldu sjálfstæðismenn þjóðinni trú um það, að eina leiðin til bættra lífskjara væri sú að kjósa Sjálfstfl., enda lofuðu þeir bættum lífskjörum án nýrra skatta. Trúi þeir, sem trúa vilja, en reynslan sýnir nokkuð annað.

Efnahagsmálalöggjöfin frá 1960 er grundvöllur að stefnu ríkisstj., og kjarni hennar er það, sem kallað er framboð og eftirspurn. M. a. var fjárfestingareftirlit afnumið, almennir vextir hækkaðir, svo að afnema varð lög um okurvexti, vextir af stofnlánum landbúnaðar stórhækkaðir. Ekki var samt látið við það sitja af ríkisstj., því að samkv. lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins eiga bændur að borga 1% af afurðaverði búa sinna til deildarinnar. Árið sem leið voru lánaðar úr Stofnlánadeild landbúnaðarins 103 millj. kr., og eru þau lán yfirleitt með 6—6½% vöxtum. Ofan á það bætist svo stofnlánadeildargjald fyrir sama ár, en það var 11.6 millj. kr., sem bændur greiddu af söluvörum búa sinna. Svarar það til þess, að þau lán, sem tekin voru s. l. ár, séu með 16—17% vöxtum. Það stóð ekki heldur á því að gefa fögur fyrirheit, þegar stofnlánadeildin var mynduð. Hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, þáv. bankastjóri Búnaðarbankans, sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður ekki um það deilt, að með því frv., sem hér liggur fyrir, eru leyst til frambúðar lánsfjárvandamál landbúnaðarins til stofnlána og lagður grundvöllur að því, að hægt sé að bæta úr því mikla vandamáli.“

Hver er svo reynsla bændanna af þessum gefnu fyrirheitum? Jú, hún er sú, að eftir eins árs starf stofnlánadeildarinnar var svo komið, að fjármagn það, sem deildin hafði til umráða, nægði ekki til að veita bændum tilskilin lán út á framkvæmdir. Lánað var út á vissar framkvæmdir, en aðrar ekki, og yfirfært það, er fjármagn vantaði fyrir, til næsta árs, og voru það við síðustu áramót í kringum 15 millj. kr., sem færast yfir á þetta ár og verða til þess að auka verulega þau vandamál, sem

eru í sambandi við fjárútvegun deildarinnar á þessu ári. Það er vel kunnugt, að veðdeild Búnaðarbankans er fjárvana, svo að ekki sé meira sagt, og bíður fjöldi bænda eftir jarðarkaupalánum. En ekki bólar neitt á því, að úr þessu verði bætt þrátt fyrir gefin fyrirheit í þessum efnum. Lausaskuldasöfnun bænda er vaxandi og það sem verra er, að skuldir þessar eru mestar hjá þeim, sem eru að hefja búskap, enda kemur þar margt til samtímis. Hér er óbrúað bil, sem alltaf breikkar með ört vaxandi dýrtíð, enda engar ráðstafanir gerðar til að bæta úr í þessum efnum, svo að til vandræða horfir hjá byrjendum í búskap.

Fjármagn þjóðarinnar fellur eftir öðrum farvegum en þeim, sem þjóna landbúnaðinum. Þetta hefur í för með sér margþætt vandamál fyrir einstaklinga og sveitarfélög, sem mörg eiga í vök að verjast fjárhagslega. Afleiðingin er líka sú, að jafnvel jarðir í beztu sveitum landsins og með öllum þægindum eru mannlausar og mannvirkin eyðileggjast og þeir, sem þar bjuggu, fá lítið eða ekki neitt fyrir framkvæmdir sínar. Á sama tíma er sumt af unga fólkinu, sem gjarnan vill búa í sveit, en vantar til þess fjármagn, að reisa yfir sig íbúðir í bæjum og borgum, og kostar það þó miklu meira en vel uppbyggðar jarðir fást fyrir. Þess eru líka dæmi, að lóðarblettir hér í höfuðborginni kosti mörg hundruð þúsunda. Munur á eignum eftir því, hvar er á landinu, er orðinn mjög uggvænlegur, og segir það nokkuð um það, hvert fjármagninu er stefnt.

Hér hefur á mörgum sviðum orðið breyting á fjárfestingu, og satt er það að vísu, að fjárfesting er mikil. En þeir, sem nú ráða þessari fjárfestingu, eru nokkrir auðmenn, bankarnir og ríkisstj. Ekkert samræmi finnst í þessum málum. Þar ráða peningarnir meira en þjóðarheill. Ein af auðugustu þjóðum heims, Bandaríkin, telur sig ekki hafa efni á því að skipuleggja ekki fjárfestingu. Hver trúir því þá, að við Íslendingar getum leyft okkur algert skipulagsleysi í þessum efnum? Þjóðhagslega er það ekki sama, hvort bætt er við einni verzlun í stórhýsi í Austurstræti, þar sem alls staðar eru verzlanir fyrir, eða hvort bætt er aðstaða fólksins, sem framleiðir verðmæti til lands og sjávar. Hér þarf ríkisvaldið að vera vel á verði og beina atvinnulífinu meira inn á verðmætasköpun, en ekki þjónustu eða milliliðastarfsemi, sem sogar fjármagnið frá grunnatvinnuvegum þjóðarinnar.

Það hefur ýmsum orðið tíðrætt um niðurgreiðslur á verði landbúnaðarvara og finnst sumum, að þarna sé um svimandi upphæðir að ræða vegna landbúnaðarins. Hér er um mjög villandi kenningu að ræða, þar sem niðurgreiðslur á vöruverði, hvort heldur þær tilheyra sjávarútvegi, landbúnaði eða iðnaði, eru ráðstöfun ríkisstj. hverju sinni til þess að reyna að halda niðri dýrtíð. Bændur hafa ekki óskað eftir niðurgreiðslum. Þeir fara aðeins fram á það að fá sambærileg kjör við aðrar stéttir, eins og lög ákveða, og skortir talsvert á, að slíkt hafi enn þá tekizt. Ríkisstj. hefur í sinni hendi að verja þjóðartekjum, eftir því sem hún telur hyggilegt, en á það vil ég benda í þessu sambandi, að um ýmsar leiðir er að velja til þess að hafa áhrif á vöruverð. Það má t. d. með því að halda niðri framleiðslukostnaði greiða niður áburðarverð, hækka framlög til framkvæmda, lækka vexti af stofnlánum, lengja lánstíma og afnema tolla af vélum. Allt þetta gæti miðað að lækkun á niðurgreiðslum á landbúnaðarvöru, og finnst mér, að ríkisstj. ætti að láta rannsaka þessi mál og vita, hvort hún getur ekki fundið betri lausn á þessum málum. Því er líka haldið fram, að bændurnir séu of margir og framleiðsla landbúnaðarins of mikil. En þó er hún ekki meiri en svo, að eftir eitt harðindaár yrðum við ekki sjálfum okkur nógir á þessu sviði. Og finnst ykkur, að það sé fyrirhyggja í því að tefla þannig á tæpasta vaðið í þessum efnum?

Góður búmaður reynir jafnan að hafa sem minnsta áhættu, tryggja sig gegn harðindum. Þeir munu líka fleiri, sem svo hugsa eftir s. l. vetur, því að hafísinn, hinn forni fjandi, hefur minnt á það, að hann er eigi með öllu horfinn.

Á það vil ég minna, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa starfandi nefnd, sem á að athuga ástand íslenzks landbúnaðar og gera heildaráætlun um framtíðarskipulag búvöruframleiðslu á Íslandi og framtíðarskipulag íslenzkra búnaðarmál yfirleitt. Þessi n. hefur þegar unnið mikið og kemur til með að skila ýtarlegu og fróðlegu áliti, áður en langt um líður. Þetta sýnir það, að félagasamtök bændanna eru nú sem fyrr vel á verði um hagsmuni landbúnaðarins og þær nýjungar, sem eru á döfinni hverju sinni.

Mér er vel ljóst, að margvíslegra breytinga er þörf í landbúnaðinum, en höfuðsjónarmiðum má aldrei gleyma, en það er, að íslenzkur landbúnaður verður að fullnægja þjóðinni með þá kjarnmiklu fæðu, sem hann hefur á boðstólum, og svo hitt, að betri möguleikar geta opnazt með útflutning á landbúnaðarframleiðslu. Ég vil sérstaklega benda á íslenzku ullina í því sambandi. Og vitað er enn fremur, að á sviði garðyrkjunnar eru miklir möguleikar innanlands til meiri neyzlu og einnig til útflutnings. Þá er og verður landbúnaðurinn alltaf grundvöllur umfangsmikils iðnaðar í landinu.

Ísland er land eldfjalla og ísa, en það er líka land mikillar orku, kjarnmikils gróðurs og auðugra fiskimiða. Við höfum því öll skilyrði til að lifa hér á landi mannsæmandi lífi án þess að sækja auðæfin annað, ef vel er á málunum haldið. Undanfarin ár hafa verið hagstæð, að því er tíðarfar snertir. Sjávarafli hefur aukizt um 60% síðan 1958 og verðmæti hans hækkað á sama tíma um 100%. Ræktun hefur aukizt og framleiðsla landbúnaðarins vaxið. Þó er ástandið á stjórnarheimilinu þannig, að þar stendur ekki steinn yfir steini, en

skattur er lagður á skatt ofan og mögru kýrnar byrjaðar að gleypa þær feitu, eins og hjá Faraó forðum.

Sú stjórn, sem ekki getur stjórnað í góðæri, þegar drýpur smjör af hverju strái, er ekki fær um að stjórna landinu, enda fækkar þeim óðum, sem treysta á úrræði núv. ríkisstj. Rúm 6 ár eru að baki, síðan við framsóknarmenn áttum ráðh. í ríkisstj. Þótt okkar málum á Alþ. hafi yfirleitt verið illa tekið, hefur þó svo farið um mörg þeirra, að stjórnarsinnar hafa um síðir látið undan síga og tileinkað sér þau. Í því sambandi minni ég á baráttu okkar fyrir auknum jarðræktarframlögum, lagasetningu um sandgræðslu og landgræðslu, lækkun tolla á landbúnaðarvélum, lækkun vaxta og athugun á skólamálum dreifbýlis. Hér er þó engu marki náð, og munum við áfram berjast fyrir málefnum þeim, sem óleyst eru og kunna að auka velferð og tryggja rétt þeirra, sem verr eru settir í landinu. Í því sambandi minni ég á það, að við höfum nú og á undanförnum þingum flutt frv. um bústofnslán, jarðarkaupalán, breytingar á jarðræktarlögum, komið með till. um rafvæðingu í dreifbýli, sem miða að því, að allir fái rafmagn fyrir árslok 1968. Þá höfum við flutt till. um aukið fjármagn til samgöngubóta, eflingu félagsheimilasjóðs og byggingu framhaldsskóla í dreifbýli og síðast, en ekki síst frv. um jafnvægissjóð.

Góðir hlustendur. Þið, sem viljið trausta félagslega uppbyggingu og trúið á mátt samtakanna til að leysa stórverkefni, sem hverjum og einum ykkar eru um megn, standið sem bezt vörð um velferð ykkar og hagsæld komandi kynslóða með því að efla Framsfl. og losa ykkur sem fyrst undan viðjum núv. valdhafa. Breytinga er þörf í þessum efnum, þar sem þjóðinni er nauðsynlegt að sameina krafta sína til að skapa varanlegt öryggi í efnahags-, menningar- og stjórnmálum. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Eins og að undanförnu eru útvarpsumr. við þinglok. Er þetta venja, sem ekki verður út af brugðið. Það getur verið upplýsandi fyrir áheyrendur að fá þannig nokkurt yfirlit yfir gang mála á því þingi, sem er að ljúka, þótt frá þeim hafi verið skýrt áður í blöðum og útvarpi yfir þingtímann. En umr. snúast ekki alltaf um það, sem hefur gerzt á hv. Alþ., heldur oft um það, sem hefur ekki gerzt, en stjórnarandstæðingar halda fram, að ríkisstj. hafi í hyggju að gera þjóðinni til tjóns. Þannig var það fyrir kosningar 1963 fullyrt, að stjórnarflokkarnir ætluðu að láta Ísland gerast aðila að Efnahagsbandalagi Evrópu með þeim skilyrðum, sem gætu leitt til glötunar sjálfstæðis og tilveru Íslendinga sem sérstakrar þjóðar. Einnig var þá fullyrt, að ríkisstj. væri ákveðin í að framlengja fiskveiðaundanþáguna við Breta, sem gekk úr gildi 1. febr. 1964. Enn hafa ýmsir stjórnarandstæðingar fullyrðingar í frammi um viðleitni ríkisstj. til þess að kasta frelsi og hagsmunum landsmanna fyrir borð. Erlent fjármagn mega margir stjórnarandstæðingar ekki heyra nefnt. Það er í þeirra augum bölvaldur og ógnun við þjóðerni og frelsi, efnalegt og menningarlegt. Stóryrði, svo sem landráð og annað slíkt, eru viðhöfð hér í þingsölunum vegna frv. um stórvirkjun og umr. um stóriðju. Af ótta við, að svo gæti farið, að samningar takist við Swiss Aluminium um alúmíníumbræðslu hér á landi, hafa Alþb.-menn ekki viljað samþykkja heimild til stórvirkjunar í Þjórsá, heldur viljað takmarka heimildina við það, sem Íslendingar þurfa til eigin nota næstu árin. Þetta, sem hér er á minnzt, eru dæmi um öfgakenndan málflutning, sem er allt of algengur á sviði stjórnmálanna. Þannig er oft ruglað um fyrir fólki og því gert erfitt um vik að mynda sér rökstudda skoðun á málunum.

Frelsi þjóðarinnar er hornsteinn allra framfara og velgengni. Frelsi einstaklingsins til að velja og hafna er innsigli lýðræðislegs stjórnarfars. Í lýðræðisþjóðfélagi hefur hver kjósandi áhrif á úrslit kosninga. Þjóðin velur og ræður, hvernig Alþ. er skipað, hverjir fara með völdin milli kosninga. Það er því mikið í húfi, að almenningur fylgist með gangi þjóðmálanna og myndi sér sjálfstæða skoðun um framvindu þeirra.

Framsóknarmenn og Alþb.-menn reyna af veikum mætti að deila á núv. ríkisstj. fyrir vaxandi dýrtíð og annað, sem þeir telja, að betur mætti fara í þjóðlífinu. Lúðvík Jósefsson og Eysteinn Jónsson hrópuðu til þjóðarinnar í gærkvöld og óskuðu eftir auknu trausti, til þess að þeir gætu látið ljós sitt skína og fengið völdin. Það eru ekki mörg ár síðan framsóknarmenn og Alþb.-menn fóru með stjórn landsins. Flestir munu minnast þess giftuleysis, sem fylgdi vinstri stjórninni frá byrjun til enda. Fáir munu taka alvarlega gylliloforð þessara flokka, ef þeim væri gefið tækifæri til þess að mynda ríkisstj. að nýju. Till. hafa stjórnarandstæðingar gert í ýmsum málum á Alþ. Till. þessar hafa vissulega verið athugaðar, en ávallt reynzt neikvæðar og til lítils nýtar. Það er því ekki við að búast, að þeir, sem engin úrræði höfðu á árunum 1957 og 1958 við vandanum, hafi nú ráð undir hverju rifi til lausnar erfiðleikum, sem alltaf eru fyrir hendi og hver ríkisstj. verður að finna lausn á. Vinstri stjórnin gafst upp eftir rúmlega tveggja ára valdatíma. Þeir, sem gerst þekkja, vita, að það var gæfa Íslands, að hún sat ekki lengur.

Sjálfstæði þjóðarinnar var í veði vegna skuldasöfnunar erlendis. Gjaldmiðillinn var verðlaus. Traust þjóðarinnar var á glötunarbarmi.

Traust þjóðarinnar út á við hefur unnizt aftur. Í stað gjaldeyrisskulda á þjóðin nú 1600 millj. í gjaldeyrisvarasjóði. Íslenzkur gjaldmiðill er skráður í erlendum bönkum, eins og gerist með öðrum sjálfstæðum þjóðum. Atvinnulífið, sem var að stöðvast á dögum vinstri stjórnarinnar vegna verðbólgu og ráð-

leysis hefur verið blómlegra en nokkru sinni fyrr og atvinnuöryggi meira en áður.

Þegar um stjórnmálin er rætt, má vissulega viðurkenna, að margt mætti betur fara en raun ber vitni. Vissulega hefur verðlag hækkað á vörum og þjónustu. En ásakanir á hendur ríkisstj. eru tæplega réttmætar fyrir þær sakir. Meginástæðan fyrir þeim verðhækkunum, sem orðið hafa, er sú, að fjöldi manna í flestum stéttum þjóðfélagsins hefur með vaxandi kröfum um bætt kjör í ýmsu formi, aukin þægindi, meiri framkvæmdir og hækkað kaup ýtt undir verðhækkanirnar. Vegna aukinnar framleiðslu hafa verðhækkanirnar ekki orðið til þess að gera lífskjörin lakari en áður. Þvert á móti hafa kjör almennings síðustu árin farið batnandi. Tekjuaukning landsmanna í flestum stéttum hefur gert almenningi fært að láta meira eftir sér en áður var. Almenningur gerir hærri kröfur nú en fyrir 5—10 árum til margs konar þæginda. Má m. a. nefna bifreiðar, heimilisvélar, betra húsnæði og húsbúnað, betri fatnað og jafnvel ferðalög, sem áður voru ekki algeng.

Tekjuaukningin hefur leyft það, að vaxandi kröfum hefur í seinni tíð verið fullnægt mun betur en almenningur gat gert sér vonir um fyrir fáum árum. Kemur þar fleira til en hækkað kaupgjald. Þar er einnig um að ræða öruggari og jafnari atvinnu, og margföldun á hvers konar greiðslum frá almannatryggingum til landsmanna á ekki sízt drjúgan þátt í því, að kjörin eru almennt betri nú en fyrir fáum árum. Þetta eru staðreyndir, sem ætti ekki að þurfa að deila um, þótt oft sé kvartað um hækkað verðlag, opinber gjöld, sem mörgum finnst of há. Opinber gjöld hér á landi eru þó lægri en í nágrannalöndunum. Minni hundraðshluti af tekjum manna er nú greiddur til ríkis og sveitarfélaga en var á dögum vinstri stjórnarinnar.

Þótt þetta sé sannleikurinn, er eðlilegt, að almenningur haldi þeirri stefnu ákveðið fram, að unnið verði að lækkun opinberra gjalda, að stefnt verði að hækkun kaups, eftir því sem atvinnuvegirnir þola, að unnið verði ákveðið að því að byggja upp atvinnulífið með aukinni tækni, sem getur komið almenningi til góða. Verði kröfunum haldið innan þeirra takmarka, sem efnahagskerfið þolir, er öruggt, að hér á landi eru meiri möguleikar en víða annars staðar til þess að bæta lífskjörin með hverju ári.

Núv. ríkisstj. hefur unnið ákveðið að því að efla atvinnuvegina. Þannig hefur fiskiskipaflotinn verið stóraukinn. Fiskibátarnir eru nú mun stærri en áður og búnir öllum nýtízku tækjum til veiðanna. Þess vegna hefur aflinn aukizt hin síðari ár. Ný veiðitækni hefur verið upp tekin, sem ekki hefði verið hægt að koma við án þess að endurnýja og stækka fiskiflotann. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur hafa verið byggðar, ný fiskiðjuver hafa verið reist og ýmislegt gert til þess að nýta aflann betur og gera hann verðmætari, þótt enn sé mikið átak eftir í því sambandi að vinna, bæði í verkun og markaðsöflun fyrir afurðirnar. Án fyrirhyggju og stækkunar fiskibátaflotans hefði ekki tekizt að auka þjóðarframleiðsluna eins og raun ber vitni.

Tekjuaukningin er til komin vegna mikils kostnaðar, sem útgerðin hefur lagt í. Það væri mikill barnaskapur að ætla, að öll tekjuaukningin væri nettóhagnaður fyrir þjóðarbúið, eins og oft má skilja af stjórnarandstæðingum, þegar þeir ræða þessi mál. Þótt tekjuaukningin hafi orðið mest í sjávarútvegi, ber að geta þess, að aðrir atvinnuvegir hafa einnig eflzt í seinni tíð. Má þar nefna landbúnaðinn, sem stendur nú traustar og betur að vígi en áður. Ræktunin hefur aukizt og aldrei meira en s. l. ár, bústofninn hefur aukizt, en hagur bænda fer nokkuð batnandi. Margs konar löggjöf hefur verið sett til þess að bæta aðstöðu landbúnaðarins.

Þegar framsóknarmenn voru síðast í stjórn, voru gerðar ráðstafanir til þess að hækka jarðræktarstyrk á býli, sem höfðu tún undir 10 ha. stærð. Árið 1963 var þetta mark hækkað upp í 15 ha. Árið 1964 var markið hækkað í 25 ha. Það er að vísu ekkert lokamark, en hefur ýtt mjög mikið undir ræktunina, enda eru a. m. k. 3800 bændur, sem njóta þeirrar aðstoðar, sem þetta ræktunartakmark veitir. Framsóknarmenn láta stundum að því liggja, að eiginlega sé þeim að þakka sú löggjöf, sem hér um ræðir. En mikið hafa þeir breytzt síðan 1957, ef það ætti að taka alvarlega. Það er einkennandi fyrir framsóknarmenn, að þeir þakka sér allt það, sem ríkisstj. gerir til framfara og góðs fyrir atvinnuvegina, þótt það hafi verið fjarri þeim að gera nokkuð í þá átt, þegar þeir fóru með völdin.

Á þessu þingi voru samþ. ný jarðræktarlög, sem munu hafa mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn. Gert er ráð fyrir, að jarðræktarframlag verði eftirleiðis reiknað út eftir sérstakri jarðræktarvísitölu. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að allir bændur komi sér upp súgþurrkun og tryggi sig þannig gegn óþurrkunum. Framlag til súgþurrkunar hefur verið hækkað sérstaklega mikið, til þess að því marki verði náð, að heyfengurinn náist ávallt óskemmdur. Lög um landgræðslu og gróðurvernd voru einnig samþ. á þessu þingi. Er þetta merk löggjöf, sem unnið verður eftir skipulega, þannig að örfoka lönd verði grædd upp og eftirlit haft með því, að sá gróður, sem fyrir hendi er, verði ekki skemmdur. Lög um búfjárrækt voru afgreidd á þessu þingi. Stefna þau að því að auka tilraunir í þágu búfjárræktarinnar, og gerist þess vissulega þörf. Vænta bændur góðs af þessum lögum. Þá voru einnig afgreidd á þessu þingi girðingalög, sem tryggja betur en áður, að ræktuð lönd verði ekki fyrir ágangi. Framlag til girðinga er einnig nokkuð aukið með þessum lögum. Bændaskólarnir hafa verið efldir, og er nú aðsókn að þeim meiri en nokkru sinni fyrr. Er það vel, þar sem bændum er nauðsynlegt að kynna sér hin ýmsu fræði, sem að landbúnaði lúta. Nútímabúskapur er vísindagrein, sem þarfnast þekkingar.

Framhaldsdeildin við búnaðarskólann á Hvanneyri verður aukin, þannig að námstíminn verður eftirleiðis 3 ár í stað tveggja áður.

Þótt framfarir í landbúnaðinum hafi orðið meiri en áður á síðustu árum, eiga bændur auðvitað alltaf við vandamál að etja. Auknar framkvæmdir, stækkun búanna og vélvæðing, sem mjög hefur aukizt, þurfa aukið fjármagn. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur nú starfað aðeins í 3 ár. Þó er gert ráð fyrir, að eigið fé deildarinnar á þessu ári nemi milli 70 og 80 millj. kr. Ef d. hefði notið laganna um lengri tíma, svo sem 10—15 ár, væri hún öflug og gæti fullnægt lánaþörf landbúnaðarins. En skrýtnir voru útreikningar Ásgeirs Bjarnasonar hér áðan í sambandi við vextina. Þá er gert ráð fyrir fjáröflun til viðbótar, 50 millj. kr. á þessu ári til stofnlánadeildarinnar. Er það byggt á áætlun, sem stjórn Búnaðarbankans gerði um útlán deildarinnar miðað við talsverða aukningu frá s. l. ári, en þá voru útlánin um 110 millj. kr. Auk þess var gert ráð fyrir, að veðdeildin fengi 10 millj. kr. að láni á þessu ári.

Eysteinn Jónsson taldi, að bændur væru lítið ánægðir með sinn hag, eins og nú er komið. Meira mark verður tekið á þeim bændum, sem tala öfgalaust og af skilningi um málin, heldur en því, sem framsóknarmenn fullyrða í pólitísku augnamiði. Rétt væri fyrir Eystein að spyrja bændur að því, hvort þeir óski eftir sams konar stjórnarfari og svipaðri meðferð á málefnum landbúnaðarins aftur, eins og var, meðan Framsókn sat í ríkisstj. og fór með landbúnaðarmálin.

Rafvæðingu sveitanna verður haldið áfram og hraðað, eftir því sem föng eru á, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Um samgöngumál mætti ýmislegt segja. Vegalög hafa verið afgreidd. Vegáætlun til 4 ára var samþ. á þessu þingi. Gert er ráð fyrir að vinna að vegamálum á næstu 4 árum fyrir um 1400 millj. kr. Á árinu 1965 er gert ráð fyrir að vinna fyrir 365 millj. kr. Þess má geta, að á árinu 1958, þegar vinstri stjórnin var við völd, voru framlög til vegamála 83 millj. kr. Vegagerðarvísitalan hefur hækkað síðan um 76%, en framlög til vegamála um 340%. Það fer illa á því, þegar stjórnarandstæðingar tala um, að litlu fé sé varið til vegamála. Það er þó rétt, að vegirnir þurfa mikið fé og meira fé en þeir hafa fengið. Fyrir því er fullur skilningur í ríkisstj.

Framlög til flugvalla eru á árinu 1965 28.5 millj. kr. Þar af er nokkur hluti lánsfé, sem unnið verður fyrir á þessu ári. Á árinu 1958 var varið til flugvalla 5.8 millj. kr. Má af því sjá, að miðað við það eru framlög til flugvalla ríflega nú, þótt viðurkenna megi, að þau séu allt of lítil.

Í póst- og símamálum hafa margs konar endurbætur verið gerðar, og er nú unnið að því að koma sjálfvirkum síma sem víðast um landið.

Framkvæmdir á vegum ríkisins á árinu 1969 munu nema um 1700 millj. kr., og eru það mestu framkvæmdir á einu ári, sem unnar hafa verið á vegum hins opinbera. Stjórnarandstæðingar kvarta undan því, að frestun hefur verið gerð á nokkrum framkvæmdum. En með tilliti til þess, hversu atvinna er mikil í landinu og framkvæmdirnar meiri en nokkru sinni áður, er ástæðulaust að sakast um, þótt að því hafi verið horfið að fresta nokkrum framkvæmdum. Ef það hefði ekki verið gert, varð að afla ríkissjóði tekna með nýjum sköttum. En það vildi ríkisstj. ekki leggja til, að gert væri. Það er mál út af fyrir sig, að stjórnarandstæðingar hafa ekki aðrar till. fram að bera en þær, sem leiða til stóraukinna útgjalda, en láta sér í léttu rúmi liggja, hvort nokkrar tekjur fást til þess að standa undir útgjöldunum.

Merkustu þingmálin, sem Alþ. fjallaði um að þessu sinni, eru virkjunarmálin. Lög um Landsvirkjun eru afgreidd og einnig heimildarlög um virkjun í Laxá í Þingeyjarsýslu. Laxárvirkjunarlögin eru í samræmi við óskir Laxárvirkjunarstjórnar og bæjarstjórnar Akureyrar. Undanfarin ár hafa víðtækar rannsóknir farið fram í virkjunarmálum. Hafa miklar fjárupphæðir verið veittar til rannsóknarmálanna. Það er því rangt, sem stjórnarandstæðingar halda fram, að minni fjárveitingar til raforkumála hafi verið hin síðari ár heldur en áður. Hitt er það sanna, að tugum milljóna hefur verið varið í virkjunarrannsóknir, en áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, var aðeins litlu fé varið í því skyni. Víðtækar rannsóknir eru undirstaða virkjana. Á s. l. vetri var svo komið í rannsóknarmálum, að ekki var vandi að velja virkjunarstað fyrir næstu virkjun. Sérfræðingar eru nú sammála um, að Þjórsá við Búrfell sé hagstæðust til virkjunar, hvort sem orkusamningur verður gerður við stóriðjufyrirtæki eða einungis virkjað fyrir notkun landsmanna. Með lögum um Búrfellsvirkjun er heimilað að virkja 210 þús. kw. Virkjunin verður gerð í áföngum, mismunandi stórum. Verði virkjað aðeins fyrir Íslendinga verður 1. áfanginn 70 þús. kw., næsti áfangi 35 þús. kw. og svo áfram, eftir því sem þörf krefur. Verði reist alúmíníumverksmiðja, sem fær orku frá Búrfellsvirkjun, verður 1. áfanginn 105 þús. kw. Virkjun 1. áfanga verður lokið í árslok 1968, verði byrjað með 70 þús. kw., en á miðju ári 1969, verði stærri áfangi tekinn. Þó er gert ráð fyrir, að ein vélasamstæða verði tekin í notkun í árslok 1968, þótt stærri áfanginn verði tekinn í fyrstu. Áætlað er, að hver kwst. frá Búrfellsvirkjun kosti 8.6 aura, eftir að virkjunin er fullgerð. Meðalverð á kwst. frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun er nú 20 aura kwst. Verði byrjað með að virkja 70 þús. kw. án alúmíníumverksmiðju, verður rafmagnið talsvert dýrara í fyrstu, en á 16 ára tímabili reiknast sú virkjun mun hagstæðari en smærri virkjanir eða sem nemur 360 millj. kr. á tímabilinu. Talað hefur verið um, að byggingarkostnaður virkjunarinnar geti hækkað verulega á bygg-

ingartímanum. Þess ber að geta, að vinnulaun eru ekki stærsti hlutinn í byggingarkostnaðinum. Vélar og efni munu vera um 75%, en vinnulaun aðeins um 25%. Auk þess er gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði í áætluninni, eins og ávallt er gert við slíkar áætlunargerðir.

Enn hefur ekki verið virkjað á Íslandi nema líðlega 2% af virkjanlegu vatnsafli. Það er mikið atriði, að þjóðin geti notað auðlindir landsins, sem eru því aðeins verðmætar, að þær séu teknar til nota. Stórvirkjun í Þjórsá markar tímamót, sem munu leiða til þess, að iðnaður eflist í landinu. Innlendur iðnaður er þegar mikilsverður og veitir þúsundum manna atvinnu. Þessa atvinnugrein ber að efla. Ódýr og nægileg raforka er skilyrði til þess, að svo geti orðið. Jafnframt því, að þetta er haft í huga, ber að halda áfram samningaumleitunum við Svisslendinga um alúmíníumverksmiðju.

Menn verða að gera sér grein fyrir því, að stórvirkjun við Þjórsá og alúmíníumverksmiðja eru tvö mál. Þótt ekki takist samningar um alúmíníummálið, verður Þjórsá virkjuð, og sérfræðingar eru sammála um, að það sé hagstæðasta virkjunin, einnig þótt ísskriðið sé haft í huga. Stórvirkjunin gerir það mögulegt að gera orkusölusamning við Svisslendinga, ef við viljum og hagstæðir samningar eru í boði. Það er barnalegt að segja í dag: Ég er á móti því, að alúmíníumverksmiðja verði byggð á Íslandi. — Það er ekki heldur tímabært að segja á þessu stigi, hvort sjálfsagt er að vera því samþykkur, að svo skuli gert. Svör við því verða ekki gefin, fyrr en vitað er, hvernig samning Íslendingar geta fengið um þetta mál. Það er enginn vafi á því, að samningurinn gæti orðið þannig, að alúmíníumiðnaður hér á landi mætti verða hin mesta lyftistöng fyrir þjóðarbúið og til þess að gera atvinnulífið öruggara og fjölbreyttara. Fólkinu fjölgar, og atvinnu verður að tryggja fyrir alla. Það er skylda Alþ. og ríkisstj. að hafa fyrirhyggju í því efni og gera sér grein fyrir því, að um 4000 ungmenni á 18 ára aldri koma árlega á vinnumarkaðinn næstu árin. Aðeins fjölbreytni í atvinnulífinu tryggir ört vaxandi þjóð arðbæra vinnu og góð lífskjör. Við sjálfstæðismenn höfum gert okkur grein fyrir, að hér er nokkur vandi á höndum, sem er þó vel yfirstíganlegur, ef skilningur og fyrirhyggja er viðhöfð.

Til þess að byggja upp trausta atvinnuvegi þarf að vera jafnvægi í efnahagsmálunum. Þjóðin þarf að skilja, að kröfurnar eiga að vera innan þess ramma, sem gjaldmiðillinn þolir. Á það reynir á vori komanda, hvort skilningur verður fyrir því að tryggja öllum landsins börnum góða afkomu. Með nýju júnísamkomulagi, gagnkvæmum skilningi launþega og vinnuveitenda geta efnahagsmálin þróazt á æskilegan hátt. Þá mun byggingar- og framfarastefnan, sem núv. ríkisstj. hefur fylgt, sigra og þjóðinni verða tryggð efnaleg og menningarleg velgengni. Setjum markið hátt. Vinnum að því að nýta auðlindir landsins og efla atvinnulífið öllum landsins börnum til velfarnaðar. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Þegar ég fór að velta því fyrir mér, um hvað ég ætti að tala á þeim mínútum, sem ég hef hér til umráða, tók ég fljótlega þá ákvörðun að nota þær ekki til þess að tala um dægurmálin, sem þingfréttirnar hafa nú fjallað um dag eftir dag margar vikur og dagblöðin hafa skrifað um dálk eftir dálk, enda hafa þessar útvarpsumr. að mestu leyti þegar snúizt um þau. Ég ákvað í staðinn að tala um eitt atriði, sem hefur grundvallarþýðingu í öllum stjórnmálaumr. og í allri stjórnmálaafstöðu hvers einasta manns, en er þó næstum aldrei rætt frá almennu sjónarmiði. En þetta er spurningin um, hvort það sé svonefnd hægri stefna eða vinstri stefna, sem núv. ríkisstj. fylgir, hvort það sé íhaldsstefna eða frjálslynd stefna, eða svo að önnur orð séu notuð, hvort það sé afturhaldsstefna eða framfarastefna.

Sannleikurinn er sá, og það hafa menn annars staðar í lýðræðisríkjum fyrir löngu gert sér ljóst, að varasamt og hæpið er að nota gömul orð og gamlar hugmyndir á tímum sí breytilegra aðstæðna. Þetta á ekki hvað sízt við um hin 150 ára gömlu orð: hægri og vinstri. Þegar þau voru mótuð, voru viðfangsefnin í þjóðfélagsmálum að sjálfsögðu allt önnur en þau eru nú í dag. Og áhugamál hægri manna hafa á ýmsum tímum og í ýmsum löndum verið jafnólík og áhugamál vinstri manna, þannig að jafnvel má segja, að hægri menn á sumum stöðum og á sumum tímum hafi oft meira sameiginlegt með vinstri mönnum á öðrum stöðum og öðrum tímum en hægri mönnum, og öfugt. Sú heildarmerking, sem margir telja orðin hægri og vinstri í þjóðfélagsmálum hafa, er nokkurn veginn hin sama og merking orðanna íhald eða afturhald annars vegar og frjálslyndi eða framfarastefna hins vegar. Og þó fer því víðs fjarri, að orðin séu alltaf notuð í þessari merkingu eða menn séu sammála um, að nota skuli þau í þessari merkingu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, ekki hvað sízt úr stjórnmálaumr. hér á landi, að menn, sem telja sig hægri sinnaða, afneita því algerlega, að þeir séu íhaldssamir eða afturhaldssamir, og telja svonefnda vinstri stefnu þvert á móti vera hið eina sanna afturhald. Svipað er orðið uppi á teningnum um alþjóðlegu orðin kapítalisma og sósíalisma sem heiti á hagkerfum eða þjóðfélagsstefnum. Það, sem menn eiga nú yfirleitt við, þegar menn tala um kapítalisma og sósíalisma, er talsvert frábrugðið því, sem menn áttu við fyrir einum mannsaldri. Sannleikurinn er sá, að það er meira en hæpið að ætla að lýsa afstöðu sinni til þjóðfélagsmála með því einu að telja sig t. d. hægri sinnaðan eða vinstri sinnaðan. Það getur jafnvel verið villandi, og þeir, sem á slíkt hlusta, eru í rauninni engu nær um skoðanir þess, sem í hlut á.

Ef menn vilja nota einföld og almenn orð til þess að lýsa stjórnmálaskoðunum sínum og annarra, er einnig helzt hægt að nota orð eins og íhaldsstefna eða afturhaldssemi, frjálslyndi og framfarastefna eða umbótastefna, og það er óspart gert hér á landi, ýmist til þess að hæla eða hallmæla. Þess vegna er ekki úr vegi að nota nokkrar mínútur til þess að athuga það, sem ríkisstj. hefur verið að gera, og þó ekki síður hitt, sem hún ætlar að gera, í þessu ljósi.

Við skulum nú reyna að gera okkur grein fyrir því, hvort fremur sé hægt að kenna störf og fyrirætlanir ríkisstj. við afturhald eða framfarir.

Ef við lítum fyrst á almenna stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, hver hefur hún þá verið? Hún hefur verið sú að hafa raunhæft gengi á krónunni og láta alla útflytjendur og innflytjendur sitja við sama borð, þ. e. a. s. alla útflytjendur fá sama verð fyrir þann erlenda gjaldeyri, sem þeir afla, og alla innflytjendur greiða sama verð fyrir þann gjaldeyri, sem menn þurfa að nota, og kappkostað hefur verið að ákveða þetta gengi þannig, að enginn svartur markaður og ekkert brask sé í viðskiptum með hinn erlenda gjaldeyri. Þetta hefur tekizt síðan 1960, en áður hafði gengisskráningin verið meira og minna röng og ávallt meiri og minni svartur markaður með gjaldeyri í 30 ár. Er ekki rétt að telja þetta til framfara?

Í atvinnumálum yfirleitt hefur ríkisstj. stuðlað að öflun nýrra og fullkomnari framleiðslutækja og bættri tækni, einkum á sviði sjávarútvegs, enda hafa fiskiskipakaup og fjárfesting í sjávarútvegi aldrei verið meiri í sögu Íslendinga en undanfarin ár. Er kannske ekki rétt að telja öflun nýrra framleiðslutækja og bætta tækni til framfara?

Í viðskiptamálum hefur ríkisstj. beitt sér fyrir afnámi hafta og auknu frjálsræði í innflutningsverzlun. Hefur þetta haft í för með sér stórbætt vöruúrval fyrir neytendur og mjög aukin skilyrði til fjölbreytni í daglegri neyzlu almennings. En samhliða afnámi innflutningshafta og leyfisveitinga hefur ekki aðeins skaðlegur vöruskortur horfið, heldur alls konar brask og svartamarkaðsviðskipti. Hefur það kannski verið afturhaldssemi að vilja ekki viðhalda hinum óhagkvæmu og gerspilltu viðskiptaháttum haftabúskaparins, heldur breyta til og taka upp sams konar viðskiptahætti og nú tíðkast í öllum nálægum löndum?

Í gjaldeyrismálum hefur einnig verið unnið að því að koma á sem mestu frjálsræði og veita þeim, sem þurfa á erlendum gjaldeyri að halda, sem frjálslegustu skilyrði til þess að kaupa hann á lögákveðnu verði. Hefur það kannski verið íhaldssemi að vilja ekki halda í gamla gjaldeyrisleyfakerfið og gömlu gjaldeyrisskömmtunaraðferðirnar, sem tíðkuðust áður fyrr? Þá hefur stjórn peningamálanna verið við það miðuð að koma í veg fyrir greiðsluhalla í utanríkisviðskiptunum og safna gjaldeyrisvarasjóði til þess að auka efnahagsöryggi þjóðarinnar út á við og endurreisa lánstraust hennar. Hefði kannske átt að halda í gömlu stefnuna í peningamálum, sem hafði það í för með sér, að á hverju einasta ári, síðan stríðinu lauk, hafði verið halli í greiðsluviðskiptum þjóðarinnar við útlönd þangað til árið 1961? Af því að núverandi ríkisstjórn gerbreytti um stefnu í peningamálum og efnahagsmálum yfirleitt 1960 hefur tekizt að safna gildum gjaldeyrisvarasjóði í fyrsta sinn á því 20 ára tímabili, sem liðið er síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk. Er hægt að kalla þá róttæku stefnubreytingu, sem hefur haft slíkar afleiðingar í för með sér, afturhaldssemi?

Í félagsmálum hafa á undanförnum árum orðið meiri breytingar en nokkurn tíma áður á jafnlöngu tímabili. Bætur þær, sem almenningur hlýtur hjá almannatryggingunum, hafa meira en fjórfaldazt á nokkrum árum. Hver er sá, sem telur þetta ekki til umbóta? Opinber stuðningur við húsbyggingar almennings hefur verið aukinn mjög. Lánveitingar til íbúðabygginga hafa aldrei verið hærri en nú á þessu ári og hafa á undanförnum árum hækkað mun meira en byggingarkostnaður. Eru þetta ekki framfarir?

Framlög til skólamála hafa verið aukin og eru nú miklu hærri en nokkru sinni fyrr. Fjárframlög til skólabygginga hafa sexfaldazt á undanförnum 6 árum. Gagngerar breytingar hafa verið gerðar á skólakerfinu á ýmsum sviðum og margs konar ný löggjöf sumpart þegar verið sett og sumpart undirbúin um gagngera nýskipun íslenzkra skólamála. Ég geri ráð fyrir, að fáir muni kalla þetta íhaldssemi.

Á ýmsum öðrum sviðum menningarmála hafa verið gerðar miklar breytingar. Alþ. var í gær að samþykkja umfangsmikla löggjöf um algera endurskipulagningu íslenzkra rannsóknarmála. Sett hafa verið lög um vísindasjóð og aukinn stuðning við íslenzka námsmenn, og margs konar stuðningur við listir og listamenn hefur verið aukinn. Ákvarðanir hafa og verið teknar um stórfellda eflingu háskólans. Eru þeir kannske einhverjir, sem kalla þetta afturhaldssemi?

Miklar umbætur hafa verið gerðar í samgöngumálum, bæði að því er snertir vinnubrögð á sviði vegamála og að því er snertir fjárveitingar til þeirra, sem aldrei hafa verið meiri en nú. Ég vona, að það geti talizt til framfara. Og aldrei hefur verið unnið að stórfelldari framkvæmdum í sjúkrabyggingum en einmitt núna. Er hægt að draga í efa, að slíkt teljist til umbóta?

Ég skal ekki nefna fleiri dæmi um það, sem stjórnmálaflokkarnir hafa verið að vinna að. Það væri ófugmæli að telja þessi atriði, sem ég hef rakið stuttlega, bera vott um íhald eða afturhaldssemi. Allar þessar ráðstafanir bera ótvíræðan vott um framfarahug og umbótastefnu.

En hvað er þá að segja um fyrirætlanir ríkisstj., verkefnin, sem hún hefur undirbúið og ætlar að vinna að?

Í dag voru samþ. á Alþ. lög um mestu framkvæmdir í rafmagnsmálum, sem Íslendingar hafa nokkru sinni efnt til. Ráðgerð er þreföldun á rafmagnsframleiðslu þjóðarinnar. Þetta verður vonandi ekki talið bera vott um afturhaldssemi. Ríkisstj. hefur haldið áfram að athuga skilyrði til þess, að komið verði á fót stóriðju í landinu í samvinnu við erlenda aðila, sem hafa yfir að ráða þeirri tækniþekkingu og því fjármagni, sem nauðsynlegt er, en okkur skortir. Samningar allir verða þó að sjálfsögðu háðir því, að íslenzkra hagsmuna sé gætt. Það verður varla talið til afturhaldssemi að vinna að því, að Íslendingar gerist iðnaðarþjóð í ríkara mæli.

Þá er ég þeirrar skoðunar, að brýn þörf sé breytinga í skatta- og tollamálum. Mesta þjóðfélagsmisréttið, sem nú viðgengst á Íslandi, er fólgið í því, að borgararnir eru ekki jafnir fyrir skattalögunum. Margir greiða skatta og útsvar af hverjum eyri, sem þeir afla sér, en margir greiða ekki skatta og útsvar nema af hluta tekna sinna. Þetta verður að breytast. Mér er vel ljóst, að það getur ekki orðið í einu vetfangi og ekki er sama, með hverjum hætti nauðsynlegu réttlæti er komið á í þessum efnum. En ríkisstj. hefur unnið að því og mun vinna að því að koma á slíku réttlæti. Ætli ekki megi telja það til umbótaviðleitni? Í tollamálum Íslendinga er og þörf róttækra breytinga. Tollana þarf að lækka í áföngum, enda hafa Íslendingar hæstu tolla, sem þekkjast í nálægum löndum. Tollgæzluna þarf og mjög að efla. Skyldu einhverjir telja það til afturhaldssemi að koma skipun íslenzkra tollamála í svipað horf og tíðkast hjá helztu viðskiptaþjóðum okkar?

Og enn vil ég nefna eitt verkefni, sem mjög er nú unnið að á vegum ríkisstj., en það er áframhaldandi endurskipulagning skólakerfisins. Á næstunni mun efnt til vísindalegrar athugunar á skyldunáminu. Næsta Alþ. mun fjalla um algera nýskipun iðnfræðslunnar, en tími hefur ekki unnizt til þess að afgreiða frv. um það efni, sem nú liggur fyrir þinginu. Og athugun á endurskipulagningu menntaskólanámsins mun væntanlega lokið, áður en langt um líður. Þá eru og skólamál dreifbýlisins til sérstakrar athugunar. Ég á ekki von á því, að menn telji þessa viðleitni bera vott um sérstaka afturhaldssemi.

En eru þá engar afturhaldsskoðanir uppi í íslenzkum þjóðmálum um þessar mundir? Jú, auðvitað. Þær eru ávallt uppi, á öllum tímum og í öllum þjóðfélögum, og er í raun og veru ekki við öðru að búast. Nú í dag eru afturhaldssömustu skoðanirnar, sem uppi eru hér á landi, fólgnar í því að telja ekki tímabært fyrir Íslendinga að stíga stór spor áleiðis í áttina til iðnaðarþjóðfélags á Íslandi með stórfelldri rafvæðingu, nýrri stóriðju, víðtækri eflingu íslenzks sjávarvöruiðnaðar sem og alls annars iðnaðar, sem hér hefur vaxtarskilyrði við heilbrigðar aðstæður og eflingu frjálsra viðskipta. Íhaldssömustu mennirnir á Íslandi í dag eru þeir, sem harma þá stefnu í efnahagsmálum, sem löngum var fylgt hér á landi á áratugunum 1930—1960, og vilja taka hana upp aftur, — mennirnir, sem hafa ekki nægan skilning á nauðsyn íslenzkrar iðnþróunar á grundvelli tækniframfara og vélvæðingar, mennirnir, sem vilja beita ríkisvaldinu til þess að halda verndarhendi yfir alls konar óarðbærum smárekstri í iðnaði, verzlun og þó einkum og sér í lagi í landbúnaði, en slík vernd kostar nú íslenzka skattborgara mörg hundruð millj. kr. á ári.

Einna gleggst koma íhaldssjónarmiðin fram hjá þeim mönnum, sem geta ekki hugsað sér neinar verulegar breytingar á stefnunni í landbúnaðarmálum, þótt framleiðslukostnaður íslenzkra sauðfjárafurða sé nú orðinn helmingi hærri en útflutningsverð þeirra og framleiðslukostnaður íslenzkra mjólkurafurða þrisvar sinnum hærri en útflutningsverð þeirra.

Þótt það sé eindregið skoðun mín, að mjög mörgu hafi miðað í rétta átt hér á Íslandi á undanförnum árum, er það hins vegar vegar viðs fjarri mér að telja, að allt sé hér eins og það ætti að vera. Mér er það ekki síður ljóst en öðrum, að mörgu er hér ábótavant. Ef ég ætti að nefna þann þátt þjóðfélagsmálanna, þar sem ég teldi endurbætur brýnastar, mundi ég hiklaust nefna skipan launamálanna og verðlagsmála landbúnaðarins. Það, sem farið hefur aflaga undanfarin ár, er fyrst og fremst, að ekki hefur tekizt að stöðva víxlverkanir kaupgjalds og verðlags. Í júnísamkomulaginu í fyrra tókst að ná verulegum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni með sameiginlegu átaki ríkisstj., launþegasamtaka og atvinnurekendasamtaka.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að undirstrika, að ekkert verkefni í íslenzkum þjóðmálum er nú brýnna en vinna að því, að hliðstætt samkomulag náist aftur í júní n. k. Það er einlægur vilji og ásetningur ríkisstj. að stuðla eftir mætti að því, að slíkt megi takast. Mikilvægasta kjarabótin fyrir launþega yfirleitt væri nú án efa stytting vinnudagsins, sem er óhæfilega langur. Að þessu meginverkefni ætti fyrst og fremst að vinna, og fleira kemur auðvitað til greina. Launþegar verða að sjálfsögðu að gæta þess að spenna bogann ekki svo hátt, að hann bresti í hendi þeirra. Og atvinnurekendur verða að skilja, að launþegar eiga rétt á fullri hlutdeild í aukinni þjóðarframleiðslu. Hlutverk ríkisvaldsins er að tryggja sem fullkomnast félagslegt réttlæti í þessu sambandi og eyða allri hugsanlegri tortryggni með því að greiða öllum aðilum aðgang að sem beztum upplýsingum um allt, sem máli skiptir. Í þessu sambandi finnst mér það koma fyllilega til athugunar, að komið verði á reglubundnu, skipulegu samstarfi milli ríkisvalds, launþegasamtaka, bændasamtaka og atvinnurekenda, þar sem ávallt lægju fyrir beztu fáanlegar upplýsingar um þróun þjóðarbúskaparins, afkomu launþega, bænda og atvinnufyrirtækja og þar sem

unnt væri að ræða stefnuna í efnahagsmálum hverju sinni. Það er í raun og veru algerlega óviðunandi, að ríkisvaldið, launþegasamtökin og atvinnurekendur ræðist aldrei við nema í sambandi við yfirvofandi kaupdeilur og að verðlagsmál bænda skuli yfirleitt ekki rædd í því sambandi, heldur aðeins einu sinni á ári á haustin. Allir þessir aðilar ættu að vera í stöðugu sambandi hver við annan allt árið um kring, kynnast sjónarmiðum hver annars og reyna að ná samkomulagi um það, sem á milli ber.

Mér er óhætt að fullyrða, að ríkisstj. hefur einlægan áhuga á því að hafa sem bezt og nánast samstarf við launþegasamtökin og þá að sjálfsögðu einnig við bændasamtökin og atvinnurekendasamtökin. Við getum ekki ráðið bót á því ófremdarástandi, sem því miður hefur verið í kaupgjalds- og verðlagsmálum okkar Íslendinga um áratuga skeið, nema allir þessir aðilar leggist á eitt.

Ríkisstj. mun ekki láta neina pólitíska fordóma torvelda heilbrigt samstarf við verkalýðshreyfinguna, bændasamtökin né atvinnurekendasamtökin. En allir þessir aðilar verða þó að minnast þess og skilja það, að í lýðræðisríki er það hlutverk meiri hl. Alþ. og ríkisstj. að stjórna landinu og bera ábyrgð á því gagnvart þjóðarheildinni, að efnahagskerfið fari ekki úr böndum öllum stéttum til tjóns í bráð og lengd. En það er ríkisstj. ljóst, að þeim mun nánari sem tengslin eru milli stéttasamtakanna og hennar, þeim mun meiri líkur eru á, að landsstjórnin fari vel úr hendi. Og það ætti að geta verið einlæg ósk okkar allra, að svo mætti takast. — Góða nótt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Við hæstv. menntmrh. vil ég aðeins setja fram eina spurningu út af heimspekilegum hugleiðingum hans um vog og mál. Hefur starf stjórnarinnar aukið réttlætið í garð hins vinnandi manns, aukið frelsi hans af erfiði lífsins? Svarið er: Nei. Og vegin á þeirri þýðingarmestu vog verður stjórnarstefnan léttvæg fundin.

Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, hafði hér í gærkvöld mörg fögur orð um allt, sem hann vildi gera til þess að leysa kaupgjaldsvandamálin í vor. En það er hægara um að tala en í að komast. Hver eru verk þessarar hæstv. ríkisstj. í þessum málum? Hafi það nokkurn tíma átt við um nokkra ríkisstj., að hún flyti sofandi að feigðarósi, á það við um þessa ríkisstj. og hennar framferði í vetur. Það var samið vopnahlé í stéttabaráttunni fyrir ári og rennur út 5. júní. Valdhafarnir voru áminntir um að nota þennan tíma vel, svo að ekki þyrfti að koma til harðvítugra vinnudeilna. En þessu hefur í engu verið sinnt. Svikin um skattleiðréttingar síðasta árs, skattalögin nýju og söluskattshækkunin eru órækustu dæmin um blindni valdhafanna. Fegurst mælti þó forsrh. í gærkvöld um nauðsyn á styttingu vinnutíma, um góðan vilja ríkisstj. í því efni. Frv. frá Alþb., frá forseta Alþýðusambands Íslands um vinnuvernd og vinnutímastyttingu hefur legið fyrir þessu þingi í allan vetur. Ekkert hefur fengizt gert. Svo hraksmánarleg meira að segja er framkoma ríkisstj., að þegar hún sjálf flytur stjórnarfrv. um barnavernd og styttingu vinnutíma barna og unglinga og þm. í Nd. samþykkja það svo að segja einróma, lætur ríkisstj. málið drepast í Ed., svo að ekki einu sinni börnum og unglingum er hlíft við þeim vitskerta vinnuþrældómi, sem hér viðgengst og eyðileggur heilsu þeirra og hefur orðið mörgum börnum að bana á undanförnum árum. Barnavinnan er smánarblettur á Íslandi, sem vekur hneyksli, hvar sem til þess spyrst úti um heim. Hinn óhóflega langi vinnutími verkamanna er einstakur í sinni röð í allri Evrópu og á eingöngu rót sína að rekja til vægðarlausrar launakúgunar undanfarinna ára. Ríkisstj. hefur góð orð um að aflétta vinnuþrældómnum. Forsrh. samþykkti að skipa n. í vinnutímamálið fyrir tæpum 4 árum, en í verki neita valdhafarnir launþegum þessa lands um þau sjálfsögðu réttindi, sem verkalýður annarra landa býr við, 8 stunda vinnudag með daglaunum, er tryggi góða afkomu. Það er táknrænt fyrir þennan anda skilningsleysis og kúgunar, þegar hæstv. forsrh. hótaði hér í gærkvöld afnámi vísitölutryggingar á kaup, ef grunnkaupshækkunin yrði meiri en skammsýnum efnahagssérfræðingum þætti mátulegt, sem hún auðvitað verður. M. ö. o.: þegar verkamaðurinn með 2700 kr. kaup á mánuði ákveður að stórhækka sitt kaup, er lögbannshnefinn á lofti, en þegar dýrtíðin er aukin, t. d. húsaleiga fyrir 3 herbergja íbúð í Reykjavík er sett upp í 7 þús. kr. á mánuði, þá má ekki snerta við því, þá er það og annað slíkt hið helga frelsi okurs og arðráns, frelsi peninganna og gróðans, og það skal traðkað í svaðið, frelsi verkamannsins, frelsi fólksins til sómasamlegs lífs. Og ríkisstj. virðir ekki viðlits frv. okkar þm. Alþb. um byggingu leiguhúsnæðis til þess að gera eignalitlum lágtekjumönnum yfirleitt kleift að búa í mannsæmandi húsnæði.

En þessi sama ríkisstj. sem sýnir verkalýðshreyfingunni ekkert annað en mjúkmált skilningsleysi og svo hnefann, þegar til kastanna kemur, lætur hins vegar erindreka sína tala við erlenda auðhringa, og þá er eitthvað annað uppi á teningnum. Þá er allt til reiðu: sérréttindi, skattfrelsi, tollfrelsi, söluskattsfrelsi, ódýrt rafmagn, öryggi um að arðræna Ísland og Íslendinga í 25—40 ár, eins og það væri ekki nóg komið af sérréttindum skattfrelsis og skattsvika, sem íslenzk burgeisastétt nú nýtur. Sú ríkisstj., sem í heilt ár, hefur látið undir höfuð leggjast að semja við þær starfandi stéttir, sem skapa allan auð þessa lands, lætur hins vegar fulltrúa sína þeysast um allar álfur til samninga við erlenda auðdrottna, sem girnast íslenzkar auðlindir og vilja afla sér hér einkaréttinda, sem hinir innfæddu eiga hins vegar ekki að fá að njóta. Stefna þessi er ljós og gamalkunn: kúgun gagnvart alþýðu inn á við, undirlægja við auðdrottna út á við.

Þessi ríkisstj. undirbýr að hefja hér að nýju tímabil erlendrar nýlendudrottnunar. Alþjóðlegur auðhringur á að fá hér einkaaðstöðu til arðráns íslenzkra auðlinda, og íslenzkur almenningur á í hækkuðu rafmagnsverði og þyngri sköttum að bera tapið af því að veita þessum alúmíníumhring hér sérréttindi fram yfir alla landsbúa. Að vísu er í 78. gr. stjórnarskrárinnar bannað að lögleiða sérréttindi, sem bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, en það er hvergi bannað að binda þau við mikinn auð. Og nú verður það Alþjóðabankinn í Washington, sem lætur ráðh. sína í Reykjavík veita útlendum auðmönnum þau sérréttindi á Suðurnesjum, sem kóngurinn í Kaupmannahöfn veitti aðalsmönnum og einokunarkaupmönnum undir handarjaðri Bessastaðavaldsins forðum daga. Það er ætlunin að bæta atvinnulegu hernámi ofan á það, sem fyrir er.

Í 25 ár hafa hervöld engilsaxnesku stórveldanna beitt þjóð vora ofbeldi og refjum, svikið gagnvart henni gefin heit, ógnað henni með herskipum sínum og innrásarher, knúið hana til afsláttar á réttindum til lands og sjávar. Í tæp 25 ár hefur land vort verið víghreiður fyrir peningavald Bandaríkjanna, þessa fjármálafursta, sem senda nú heri sína og morðdreka út um allan heim, gegn hverri þeirri þjóð, sem berst fyrir frelsi sínu og hyggur á þjóðfélagslegar umbætur á lífskjörum alþýðufólks. Í þessi 25 ár hefur íslenzk verkalýðshreyfing og róttækir verkamenn og bændur Íslands undir forustu Sósfl. og samherja hans háð hina nýju sjálfstæðisbaráttu gegn amerísku hervaldi með kerfisbundinni þjóðspillingu þess. Nú hyggst alúmínhringurinn fjárfesta hér 2500 millj. kr. í alúmínverksmiðju í Straumsvík syðra. Auðhringurinn hyggst með aðstoð Alþjóðabankans fá Íslendinga til þess að taka að láni yfir 1200 millj. kr. einungis til þess að virkja handa honum. Raunverulegar tekjur þjóðarinnar af rekstri þessa hrings gætu í hæsta lagi orðið um 140 millj. kr. eða eins og af 10 vélbátum, en þær gætu líka orðið engar, ef vinnuaflið til verksmiðjunnar er tekið frá útflutningsframleiðslunni. Hins vegar mundi vafalaust ekki á það skorta, að molar af gróðaborði hringsins hrytu til ýmissa útvaldra. Vonin um slíkt setur þegar mark sitt á Morgunblaðið. Þessi auðhringur mundi samstundis verða voldugasta afl í íslenzku atvinnulífi. 2500 millj. kr. fjármagn í höndum þessa eina aðila er miklu meira fjármagn en allt það auðmagn, sem öll atvinnurekendastétt Íslands á sjálf. Í öllum sjávarútvegi lands vors, útgerð og fiskiðnaði, er allt fjármagn nú að meðtöldu lánsfé undir 3000 millj. kr., og þótt allur iðnaður annar væri meðtalinn, nær fjármagn Íslendinga í atvinnurekstri ekki 6000 millj. kr. En auðhringnum finnst þau kjör, sem samningamenn ríkisstj. bjóða honum upp á nú þegar, slík kostakjör fyrir sig, að hann vill tryggja sér landrými til stækkunar verksmiðjunnar upp í 160 þús. smál. framleiðslu, sem mundi þýða allt að 7000 millj. kr. fjárfestingu af þeirra hálfu, en gæti þýtt, ef valdhafar Íslands álpuðust inn á þessar brautir, fjárfestingu frá Íslands hálfu, er næmi yfir 3000 millj. kr., einvörðungu fyrir hringinn. Þessi auðhringur yrði skjótt áhrifaríkasta aflið í íslenzkum stjórnmálum, tryggði sér blöð, menn og flokka til þess að gæta hagsmuna sinna og tryggja efnahagsleg völd sín.

Ísland hefur nú í tvo áratugi verið frjálsast allra landa Vestur- og Norður-Evrópu af erlendu auðmagni. Með því illa verki að hleypa alúmínhringnum inn í landið yrði hér alger umbylting, sem gerði Ísland háðast allra landa Evrópu erlendu auðmagni. 50% alls fjármagns í aðalatvinnulífinu yrði erlent, þar sem útlent fjármagn í iðnaði Noregs t. d. er aðeins milli 5 og 10%. Þess vegna er allt önnur og miklu meiri hætta á ferðinni hér heldur en þar. Hér er því verið að brugga fjörráð íslenzku frelsi.

Hinir fornu Grikkir sögðu, að sú borg væri auðunnin, þar sem asni klyfjaður af gulli kæmist inn um borgarhliðin. Það er nú verið að leggja tauminn á asnann. E. t. v. mun einhver spyrja: Er okkur ekki nauðugur einn kostur að ganga að skilmálum auðhringsins og Alþjóðabankans, af því að við fáum hvergi lán til eigin rafvirkjana annars? Því er til að svara, að jafnvel þó að við fengjum hvergi lán, sem þó mun auðvelt að útvega, gætum við Íslendingar virkjað handa okkur sjálfir. 70 þús. kw. stöð við Búrfell mundi líklega kosta um 900 millj. kr. Árleg fjárfesting okkar er nú 5000 millj. kr. eða á 3 árum 15 þús. kr. millj. Og okkur er engin skotaskuld að leggja fram 900 millj. kr. af þessum 15 þús. í Búrfellsvirkjun, ef heildaráætlun er gerð og framkvæmd um fjárfestingu lands vors. Það væri því barnaleikur að borga okkar eigin Búrfellsvirkjun niður á nokkrum árum, ef þörf gerðist. Aðeins meðfram Suðurlandsbraut í Reykjavík milli Nóatúns og Grensásvegar eru nokkrir bílasalar og fleiri að byggja 16 verzlunarhallir, sem munu kosta uppkomnar um 500 millj. kr. Svona er fénu kastað í braskið í skjóli skipulagsleysisins, en þjóðinni síðan talið trú um, að hún verði að ofurselja erlendum auðhringum auðlindir sínar til þess að geta fengið okurlán til rafvæðingar. En ríkisstj. skellir skollaeyrum við öllum frv. okkar þm. Alþb. um áætlunarbúskap, sem Íslandi er brýn þörf á. Þar eru höfð fögur orð, eins og hjá hæstv. menntmrh. áðan, en er ekki gerður nokkur skapaður hlutur.

Með þeim samningum, sem nú eru í undirbúningi um sérréttindi alúmínhringsins á Íslandi, mundi sú stjórnarstefna ná mámarki sínu að gera peningana og peningavaldið að drottnara íslenzks mannfélags, en þrengja að sama skapi kosti hins vinnandi fólks, annaðhvort með óhóflegum vinnuþrældómi eða fátækt og skorti ella. Þessum smánarsamningum þarf að afstýra. Það hefur aldrei verið hátt risið á íslenzkri burgeisastétt. En með allri stefnu sinni nú virðast valdhafar hennar stefna markvisst að því að umhverfa því manngildi, sem verið hefur aðall vor Íslendinga frá

upphafi, í peningagildi. Það er máske táknrænt, að þegar einn af unglingum þeim, sem Heimdallarskrillinn fékk í fyrradag til að gera aðsúg að hernámsandstæðingum og m. a. að ráðast að Jóhannesi úr Kötlum, af því að hann hafði lesið upp ættjarðarljóð, — þegar hann fékk sitt tiltal frá fullorðnu fólki, þá svaraði strákurinn: „Já, en okkur var svo vel borgað fyrir það.“

Íslendingar. Við siðgæðisleysi brasksins og peningadýrkunarinnar og ofstæki auðvaldstrúarinnar er verið að vega að því, sem þjóð vorri hefur verið helgast, manngildinu. Áhangendur taumlausrar auðhyggju eru að gera íslenzka þjóð að umskiptingi. Gegn þessu þarf þjóðin að rísa, og það mun hún gera. Það sýndi hin glæsilega Keflavíkurganga og útifundurinn á sunnudaginn. Það sannar samtaka kröfugerð allra verkalýðssamtaka. Alþýðan og æskan munu hnekkja auðdrottnuninni og hernámsspillingunni á Íslandi. Fyrsta skrefið til þess er, að alþýðan rísi nú öll upp í vor og varpi af sér því oki óhóflegs vinnutíma, sem er orðið jafnóþolandi og ok atvinnuleysisins var forðum. Það verður tafarlaust að stytta hinn raunverulega vinnutíma með stórfelldri kauphækkun. Verkamenn Íslands eiga kröfu á því að lifa góðu lífi á 8 tíma vinnudegi. Atvinnulífið ber það auðveldlega. En ef óstjórn skammsýnnar atvinnurekendastéttar þolir það ekki, er það óstjórnin, sem verður að víkja, en ekki lífshagsmunir þeirrar alþýðu, sem auðinn skapar.

Það mun hrikta í braskkerfi hinnar efnahagslegu óstjórnar, þegar verkalýðssamtökin nú leggja til atlögu að útrunnu því vopnahléi, sem braskarastéttin hefur ekki haft vit á að nota. Og það liggur í augum uppi, að í þeirri atlögu verður knúin fram stórfelld kauphækkun, sumpart í þeim samningum, sem samtökin gera, en sumpart í því óskipulagða kapphlaupi atvinnurekenda og annarra um einkakauphækkanir og yfirborganir, sem þegar einkenna mikinn hluta atvinnumarkaðarins og munu óhjákvæmilega færast yfir hann allan, ef náttröll Vinnuveitendasambandsins eiga að ráða viðbrögðum ríkisstj., eins og þau hafa illu heilli gert allan þennan vopnahlésvetur. Til þess að tryggja samtökunum fullan sigur þarf verkalýðurinn að skapa sér algera einingu í hagsmunabaráttunni. Og þá einingu eru verkalýðssamtökin nú að smíða. Það var gerð vesældarleg tilraun til þess að spilla þeirri einingu hér í gærkvöld af Jóni Þorsteinssyni. Hann klykkti hér út með nokkrum andkommúnistískum harmagráti og bölbænum, svo sem vænta mátti af þessu steinblinda náttröllí í Alþfl., sem komið er í andstöðu við allan þorra flokksbræðra sinna. Af hverju heldur Jón Þorsteinsson, að Alþfl. sé minnsti flokkur á Íslandi, þegar samsvarandi flokkar eru þeir stærstu á Norðurlöndum? Af því að ofstækismenn af tagi Jóns Þorsteinssonar hafa ráðið of miklu í honum og hafa rekið úr honum beztu menn hans, eins og Héðin Valdimarsson og Hannibal Valdimarsson, varaformann og formann Alþfl., þegar þessir foringjar flokksins risu upp og vildu koma á samstarfi við verkalýðsflokkana. Af hverju heldur Jón Þorsteinsson, að Sósfl. og Alþb. séu forustukraftar Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar, en ekki Alþfl.? Af því að Alþfl. hefur látið menn af tagi Jóns Þorsteinssonar véla sig inn á brautir gerðardóma, gengislækkana og annarra kúgunarráðstafana gegn verkalýðnum, — ráðstafana, sem áður fyrr ollu því, að Alþfl. fór úr ríkisstj., eins og 1938 og 1942.

En nú rís sú alda í Alþfl., sem mun knýja fram samstarf við verkalýðsflokkana um róttæka pólitík, og ofstækis- og afturhaldsmenn eins og Jón Þorsteinsson mun daga uppi eins og náttröll gagnvart rísandi einingu alþýðunnar. Íslenzkur verkalýður mun sníða sér sína einingu undir átökin í vor, ekki einingu þrælsins, sem þolir möglunarlaust svipuhögg dýrtíðarinnar, ekki einingu undirlægjuskaparins undir erlent auðvald, ekki einingu um vinnuþrældóm, launakúgun og réttleysi, heldur þá einingu frjálsra verkamanna, sem láta ekki bjóða sér 50—70 stunda vinnuviku, heldur knýja fram núverandi árstekjur með 8 stunda vinnudegi.

Það eru nú liðin 10 ár, síðan íslenzkur verkalýður vann í 6 vikna verkfallinu vorið 1955 einn sinn stærsta sigur og felldi þá raunar um leið þá helmingaskiptastjórn gróðans, sem íhaldið og Framsókn hafði setið saman í í 6 ár. Þá stóðu Sósfl. og Alþfl. saman að þeim sigri, og það sýndi sig, eins og mun sýna sig enn, að Íslandi verður ekki stjórnað gegn verkalýðnum, þegar til lengdar lætur.

Nú leggur íslenzkur verkalýður til atlögu á ný, öll stéttin sameinuð um kröfur sínar. Ef svo fer, eins og nú virðist, að ekki sé lengur til neinn sá kraftur í íslenzkri borgarastétt, sem áður en of seint er orðið hafi viðsýni, þor og vald til að semja sómasamlega við verkalýð og aðra launþega landsins, á alþýðan einskis annars úrkostar en berjast, unz sigur er unninn. Og verði þá gerð alvara úr hótunum um lögbann, gengislækkun eða nýja verðbólguöldu, sannar það öllum verkalýð og öllum launþegum Íslands, að hin faglega kaupgjaldsbarátta ein saman nægir ekki til sigurs. Pólitísk eining alþýðunnar verður þá einnig að skapast og knýja fram þá nýju þjóðlegu og róttæku stjórnarstefnu, sem Ísland þarf á að halda til þess að tryggja mannsæmandi lífskjör alþýðu, reisn íslenzkrar menningar, sjálfstæði og hlutleysi Íslands og yfirráð vor Íslendinga einna yfir öllum auðlindum lands vors og atvinnutækjum. — Góða nótt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. — Það var grátbroslegt að heyra hæstv. menntmrh. harma það áðan, að fulltrúar atvinnurekenda, launþega og ríkisvaldsins ræddust ekki oftar við en raun ber vitni, því að ekki fara neinar sögur af því, að hæstv. ráðh. hafi beitt sér fyrir breytingum

í þessum efnum, sem honum væri þó í lófa lagið, og mér er tjáð, að enn þá hafi hæstv. ríkisstj. ekki haft neinn formlegan fund um launamálin við ofannefnd samtök í sambandi við endurnýjað júnísamkomulag, og þó eru nú aðeins eftir 3 vikur af samningstímanum. Það var enn fremur athyglisvert að hlýða á ræður stjórnarliða í gærkvöld. Mátti af þeim helzt draga þær ályktanir, að flest væri í góðu gengi í þjóðmálunum nú, meiri vöxtur þjóðartekna undanfarandi ár en nokkru sinni og í höfuðdráttum hefði hlutdeild launþega í vaxandi þjóðartekjum haldizt, nema lægst launuðu Dagsbrúnarverkamannanna. Sjálfur sjútvmrh. hélt langa ræðu og vann það einstæða þrekvirki, að minnast ekki einu orði á málefni sjávarútvegsins fremur en væri sá atvinnuvegur ekki til né vandamál hans honum meira viðkomandi en karlinum í tunglinu.

Heildarmyndin, sem stjórnarliðar brugðu upp í gærkvöld, var því fremur glæsileg og því lítil ástæða til að óttast um vinnufriðinn — eða hvað? — svo að eitthvert dæmi sé nefnt. En hvað þá um allar þær samþykktir, sem hvaðanæva berast frá launþegum og forustumönnum atvinnuveganna um óviðunandi ástand og kröfur um úrbætur? Eru þær tóm markleysa? Hver er eigin reynsla manna í þeim efnum? Því miður er sú glæsta mynd, sem upp var brugðið í gærkvöld, í grundvallaratriðum fölsk. Velmegun sú, sem margir búa við í dag, hvílir vægast sagt á mjög ótraustum grunni, því að sjálf undirstaðan er ótrygg. Á ég hér við að sjálfsögðu höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sem berjast í bökkum, og þá ekki sízt útflutningsatvinnuvegirnir og ótollverndaður iðnaður, sem keppir við innflutta iðnaðarvöru. Ætla ég hér á eftir að ræða málefni sjávarútvegsins, eftir því sem tíminn leyfir, og þá vantrú á getu hans, sem gagntekur nú hæstv. ráðh.

Samkvæmt skilgreiningu alþjóðlegra fjármálastofnana teldist Ísland í flokki með svonefndum þróunarlöndum, ef ekki væri fyrir þá staðreynd eina, að þjóðartekjur á íbúa eru hér langtum hærri en þar gerist. Einhæfni atvinnuvega okkar og iðnþróun, sem hér er á byrjunarstigi, ef undan er skilinn fiskiðnaðurinn, marka okkur bás í hópi þróunarlandanna. Það er aðeins fyrir gífurlega framleiðni í fiskveiðum og öflugan fiskiðnað, að þjóðartekjurnar eru jafnháar hér og raun ber vitni, segir í hinum alþjóðlegu skýrslum. Þessi eina staðreynd sýnir vel mikilvægi sjávarútvegsins fyrir þjóðina alla. Vegni honum illa sökum aflaleysis ellegar óstjórnar í landsmálum, segir það strax til sín í lífskjörum þjóðarinnar, því að enginn sá atvinnurekstur er til í landinu annar, er aflað geti nauðsynlegs gjaldeyris, sem er forsenda innlendra framfara. Við ráðum ekki yfir sjálfu aflamagninu nema að óverulegu leyti. Þar eru sterkari öfl að verki. En stjórn málefna landsmanna er í höndum okkar sjálfra og þá fyrst og fremst ríkjandi stjórnar og þess þingmeirihluta, er hana styður hverju sinni. Hvernig hefur nú stjórnarstefnan reynzt sjávarútveginum?

Megineinkenni stjórnarstefnunnar er æðisgengnari verðbólga en hér hefur áður þekkzt og meiri en í nokkru viðskiptalanda okkar. Enga atvinnuvegi leikur verðbólgan verr en útflutningsatvinnuvegina, því að hið erlenda markaðsverð, sem er endurgjald útflutningsverðmætanna, lagar sig sjaldnast að innlendum framleiðslukostnaði, sem vex risaskrefum á verðbólgutímum.

Eitt helzta verkefni allra ríkisstjórna á Íslandi eftir síðari heimsstyrjöldina hefur einmitt verið það að berjast við þetta vandamál. Með gengisfellingum, skattaálögum og uppbótargreiðslum og svipuðum ráðstöfunum hefur verið reynt að jafna þann mun, sem verðbólgan hefur skapað á milli innlends framleiðslukostnaðar og markaðsverðs útflutningsatvinnuveganna, og koma þannig í veg fyrir, að þeir stöðvist. Í dag er þetta vandamál sennilega stærra en oftast áður og skilningur hæstv. ríkisstj. ábyggilega minni en áður. Þessa staðhæfingu er skylt að rökstyðja.

Uppbygging fiskiðnaðarins er eitt af stærstu verkefnum okkar á komandi árum. Vinna þarf miklu meira þann afla, sem á land berst, en tekizt hefur til þessa. Til þess að það geti orðið, þarf mikið fjármagn, hagstæð lán og skipulega fjárfestingu. Verðbólgan hindrar eðlilega sparifjármyndun í landinu og skapar því lánsfjárskort. Sjálfsagt er, þegar þannig er ástatt, að ríkisvaldið tryggi verulegan hluta hins takmarkaða lánsfjár til undirstöðuatvinnuveganna. En það brýtur í bága við frelsisboðskap hæstv. ríkisstj. og gengur í berhögg við hagsmuni valdamikilla manna í Sjálfstfl. í verzlunar- og þjónustustétt. Þess vegna gerist það, að á sama tíma og fjármunamyndunin í fiskiðnaði lækkar úr 179 millj. kr. árið 1962 í 138 millj. kr. 1964, hækkar fjármunamyndunin í verzlunar- og skrifstofuhúsnæði úr 110 millj. kr. 1962 í 139 millj. kr. 1964. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að tölurnar um fjármunamyndunina 1964 eru áætlunartölur, sem geta breytzt eitthvað. Þannig metur þá stjórnarstefnan meir byggingu verzlunarhallanna við Suðurlandsbraut í Reykjavík en byggingu fiskvinnslustöðvanna víðs vegar um landið. Þess vegna gerist það enn fremur, að á sama tíma og vextir í landinu eru almennt lækkaðir verulega á hvers kyns lánum, nær sú vaxtalækkun ekki til lána úr aðalstofnlánasjóði sjávarútvegsins, fiskveiðasjóði, sem þó fær mestallt fjármagn sitt frá þessum atvinnuvegi með útflutningsgjaldi á útfluttar sjávarafurðir. Þess vegna gerist það, að rekstrarlán til útgerðarinnar hafa ekkert hækkað undanfarandi 5 ár þrátt fyrir stóraukinn útgerðarkostnað og að engin lánastofnun er til í landinu, sem lánar eyri til veiðarfærakaupa. Þess vegna gerist það við setningu nýrra tollskrárlaga, að tollar á algengustu vinnuvélar sjávarútvegsins eru ákveðnir frá 10% upp í 35%, á sama tíma og vélar til kísilgúrverksmiðju, sem framleiða á

til útflutnings, eru algerlega felldir niður. En einmitt nýjar og afkastamiklar vinnuvélar, t. d. í fiskiðnaðinum, gætu vegið á móti vinnuaflsskortinum þar, sem gerði hann færari um að greiða hærra kaup og þannig stytt hinn óhóflega langa vinnutíma fólksins, sem þar vinnur. Þess vegna gerist það enn fremur, að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. tryggir íbúðalánakerfinu 260—270 millj. kr. árlegar tekjur, sem í sjálfu sér er lofsvert, tilkynnir hún af nokkru yfirlæti, að stofnlánadeild sjávarútvegsins séu tryggðar 40 millj. kr. til útlána í fiskiðnaðinn allan, þ. á m. síldarverksmiðjur. Ekkert af þessu fjármagni er nýtt fé til þessara atvinnugreina, heldur endurlánaðar innborganir af eldri lánum, sem þegar eru bundin í þessari atvinnugrein.

Þessi dæmi um skilningsleysi valdhafanna á þýðingu sjávarútvegsins fyrir afkomu þjóðarinnar ganga ekkert síður fram af mörgum stjórnarstuðningsmanninum og þá fyrst og fremst þeim, er gerst til þekkja, heldur en okkur í stjórnarandstöðunni. Þannig ályktaði landsfundur útvegsmanna og fiskverkenda, haldinn í Reykjavík 21. apríl s. l., m. a., að breytingar verði að gera á afkomumöguleikum útvegs og fiskverkunar, þannig að sjávarútvegurinn geti aftur öðlazt verðskuldaðan sess í efnahagskerfinu sem meginundirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, eins og þar segir, og fjarri fer því, að stjórnarandstæðingar einir stæðu að þeirri samþykkt, það sá ég sjálfur.

En með þessu er sagan ekki öll sögð, þó að ærin sé þegar. Ofan á verðbólguerfiðleika og lánsfjárskort útvegsins, sem fylgir stjórnarstefnunni, bætast hvers kyns opinberar álögur og kröfur úr öllum áttum. Um þetta skrifaði Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður á Akranesi í Morgunblaðið 16. marz s. l. mjög athyglisverða grein, sem allir ættu að lesa með athygli, hafi þeir ekki þegar gert það. Hann segir þar m. a., að þótt útgerðarklárinn sé stólpagripur, sem alla tíð hafi borið þunga bagga, sé nú að því komið, að drápsklyfjarnar séu að sliga hann. Enn fremur segir hann, að ástandið sé orðið mjög ískyggilegt og hætta á, að þessi atvinnurekstur lognist út af fyrr en varir, ef svo haldi fram sem horfir. Það, sem mér finnst einna athyglisverðast við þessa grein, er, að hún skuli einmitt skrifuð af Haraldi Böðvarssyni, því að almennt mun atvinnurekstur hans vera talinn í fremstu röð um aðstöðu alla og stjórn. Sé ástandið í atvinnurekstri hans jafnerfitt og hann lýsir, sem ég vil alls ekki vefengja, hvað má þá segja um aðra, sem lakari aðstöðu hafa og rekstur? Hvað má enn fremur hugsa um þá stjórnarstefnu, sem leiðir til þessa ástands í höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar í mesta góðæri til sjávarins og við hagstæðari viðskiptakjör en Íslendingar hafa oftast búið við? Ég læt hverjum og einum eftir að fella dóm um það.

Ég hef enga löngun til að gera hlut hæstv. ríkisstj. og stefnu hennar lakari en efni standa til, enda hygg ég, að allt það, sem ég hef á undan sagt, styðjist við gild rök. Hitt veldur áhyggjum, að horfa upp á sívaxandi erfiðleika undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, sem öll okkar afkoma byggist endanlega á. Þrátt fyrir stóraukna framleiðni í sjávarútvegi og landbúnaði, leitar hvorki fólkið né peningarnir í þá atvinnuvegi. Ýmis þjónustustörf, sum nauðsynleg, önnur ekki, og milliliðastarfsemi virðast hafa meira aðdráttarafl og borga hærra kaup fyrir styttri og þægilegri vinnu. Það eru vissulega takmörk fyrir því, hvað slíkt getur gengið lengi. Hið marglofaða frelsi, sem hæstv. ríkisstj. segist berjast hvað mest fyrir, getur ekki talizt æskilegt nema að vissu marki. Leiði það til stórfelldrar aukningar á hvers kyns milliliðastarfsemi, óhóflegs kostnaðar við yfirbyggingu þjóðfélagsins, sem undirstöðuatvinnuvegirnir fá ekki undir risið, á ríkisvaldið að skerast í leikinn. Ég hef t. d. oft spurt sjálfan mig og aðra, hvaða nauðsyn beri til þess, að í innflutningsverzluninni vinni þúsundir manna í mörg hundruð fyrirtækjum, á sama tíma og útflutningsverzlun landsmanna er rekin af örfáum aðilum með fámennu starfsliði, borið saman við innflutningsverzlunina. Svipaðrar spurningar má spyrja varðandi margvísleg þjónustufyrirtæki útvegsins, sem öll virðast græða vel, og þannig mætti áfram spyrja.

Herra forseti. Tími minn er nú á enda. Segja má, að deilur um fortíðina setji of mikinn svip á stjórnmálaumr. hér á landi. Þær skipta þó nokkru máli, af því að af reynslunni eigum við að geta lært og forðazt endurtekningar stærstu mistakanna. Framtíðin hlýtur þó að verða aðalinntak frjórrar stjórnmálabaráttu. Í því sambandi langar mig til þess að vitna í ummæli Winstons Churchills, þau er hann viðhafði, er hann tók við forustu lands síns úr hendi mistakamannsins Chamberlains á erfiðri stundu. Hann sagði þá: „Við skulum ekki byrja deilur um nútíð og fortíð, því að þá eigum við á hættu að glata framtíðinni.“

Íslendingar þurfa á fáu meira að halda nú en eindrægni og betri samvinnu um málefni sín. Til þess að það geti orðið, þarf sterka og réttláta ríkisstj., sem sameinað getur sem flest hin stríðandi öfl um ákveðna stjórnarstefnu. Núv. hæstv. ríkisstj. er allsendis ófær um að veita þá forustu, þótt ekki væri fyrir aðra sök en þá eina, að hún styðst við lítinn meiri hluta landsmanna, sem fer minnkandi. Þegar þar á ofan bætist, að flest aðalstefnumál hennar hafa snúizt í höndum hennar, má fullyrða, að forusta hennar sé vonlaus. Þráseta hæstv. ríkisstj. leysir því engan vanda, heldur skapar marga nýja. Þess vegna á hún að segja af sér sem fyrst. — Góða nótt.

Helgi Bergs: Gott kvöld, góðir áheyrendur. Ríkisstj. hefur stýrt efnahagsmálum þjóðarinnar í algert óefni í mesta góðæri í manna minnum. Óvenjuleg aflabrögð hafa aukið þjóðarframleiðsluna um fimmtung á undanförnum 3 árum og hækkandi verðlag afurðanna á erlendum markaði hefur leitt til enn meiri aukningar þjóðarteknanna, sem hafa aukizt um fjórðung. Almennur vinnufriður í meira en

heilt ár fyrir biðlund og fórnfýsi launafólks hefur stuðlað að aukinni framleiðslu. Öll ytri skilyrði til góðrar efnahagslegrar afkomu hafa verið eins og bezt verður á kosið. Í þessu einstaka góðæri mun öllum þorra manna hafa tekizt með mikilli vinnu að skapa sér sæmilega afkomu, en hvergi nærri eins góða og ytri skilyrði gáfu tilefni til.

Þjóðinni hefur orðið lítið úr miklu aflafé, og er fróðlegt að kanna ástæður til þess. Hvert fara þessir auknu fjármunir? Ekki hefur afkoma atvinnurekstrarins batnað. Bændur búa við erfiðari hlut en áður, einkum þeir, sem staðið hafa og standa þurfa í framkvæmdum. Fiskframleiðendur hafa nýlega komið saman til fundar og ályktað, að rekstrargrundvöllur sé nú orðinn svo slæmur vegna dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar, að til vandræða og stöðvunar horfi.

Iðnaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á stjórnarstefnunni á þann hátt, að nú er mjög að honum þrengt vegna aukinnar samkeppni, en ríkisstj. hefur svikizt um að gera þær ráðstafanir, sem lofað var til þess að auðvelda iðnaðinum aðlögun að þessum aðstæðum.

Þannig fær atvinnureksturinn ekki of mikið í sinn hlut, en þvert á móti er hann illa settur.

Hár fjármagnskostnaður, sem ríkisstj. beitir sér fyrir, er að vísu þungur baggi. En það kemur fleira til, og ég vil nefna þrjár ástæður, sem ég tel, að eigi einna ríkastan þátt í því, að afkoma almennings batnar ekki meir, en raun ber vitni. Í fyrsta lagi hefur ríkisvaldið tekið til sín vaxandi hluta af tekjum manna, aðallega til þess að standa straum af óhóflegri opinberri eyðslu. Í öðru lagi hefur ríkt algert stjórnleysi í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum þjóðarinnar. Í þriðja lagi skortir ríkisvaldið skilning á þeim endurbótum, sem fram þurfa að fara í efnahags- ag atvinnulífi okkar til þess að tryggja aukna framleiðslu án aukins vinnuframlags.

Þegar ríkisstj. lyppaðist niður með þvingunarlagafrv. sitt í nóvembermánuði 1963, sneri hún sér að því að ná sér niðri á launþegum með öðrum hætti. Í janúarmánuði 1964 voru lögð á þjóðina hundruð millj. í hækkuðum söluskatti, sem þá var hækkaður úr 3% í 5½%. Um mitt sumar voru sýndir stærri skattareikningar en nokkru sinni fyrr. Og í des. voru menn krafðir um hundruð millj. í viðbót í hækkuðum sölusköttum, sem þá voru hækkaðir úr 5½% í 7½%. Á undanförnum 5 árum hefur söluskatturinn nifaldazt, úr 102 millj. kr., sem hann var 1960, í 923 millj. kr. skv. fjárl. 1965, og á sama tíma hefur tekju- og eignarskattur aukizt úr 97 millj. kr. í 375 millj. kr. eða fjórfaldazt.

Víst hefur ríkisstj. verið afkastamikil í því að smækka krónuna. En samt er hér um slíka margföldun á skattabyrðinni að ræða, að þess munu naumast dæmi áður í stjórnmálasögunni á svo skömmum tíma. Og ríkisstj. hefur ekki látið við þetta sitja. Varla hefur verið lagt fram nokkurt meiri háttar stjórnarfrv. á Alþ., svo að ekki hafi verið laumað inn í það ákvæðum um nýja skatta af einhverju tagi. Síðasta dæmi þessa eru breyt., sem gerðar voru á húsnæðismálalöggjöfinni skv. júnísamkomulaginu í fyrra, inn í það var á síðustu stundu skotið nýjum fasteignaskatti, sem fellur þungt á þá, sem staðið hafa sjálfir í því að byggja yfir sig íbúðir og eiga þær því án mjög mikilla skulda. Í frv. um skipulag rannsóknarmála var lætt inn ákvæðum um nýja skatta á iðnaðarvörur og á byggingarefni, að ógleymdum þeim sköttum, sem lagðir eru á atvinnuvegina í lögunum um stofnlánasjóðina, sem sett hafa verið á undanförnum árum, og svona mætti lengi telja.

Það kemur að vísu engum á óvart, að mikið þurfi til til þess að standa að þeirri eyðslu og óráðsíu, sem Halldór E. Sigurðsson gerði ýtarlega grein fyrir hér í gær og ég skal ekki endurtaka. En þó hefur ekki allt þetta fé farið til þess. Það er einnig reynt að réttlæta skattheimtuna með nauðsyn þess að taka fé úr umferð og safna greiðsluafgöngum, sem sagt er að komi í veg fyrir verðbólgu, þó að erlendir efnahagssérfræðingar virðist nú orðnir sammála um, að jafnvægi í efnahagsmálum verði ekki náð með ráðstöfunum í peningamálum einum saman. En það er eftirlætiskenning stjórnarliða, enda ætti raunar reynsla okkar undanfarin ár að kenna okkur þetta.

Á þeim fjórum árum, sem ríkisstj. hefur setið og ríkisreikningar eru til um, hefur skattheimtan orðið slík, að innheimtar hafa verið 690 millj. kr. umfram fjárl., rekstrarhagnaður ríkissjóðs hefur farið 466 millj. kr. fram úr áætlun og orðið 946 millj. og greiðsluafgangur hefur samtals verið 365 millj. kr. Þjóðina munar um minna en þetta.

En þó að þannig hafi flætt út úr öllum ílátum fjmrh., hefur dýrtíðin vaxið meira en nokkru sinni í tvo áratugi. Rétt er það að vísu, sem fram kom hjá Jóni Þorsteinssyni í gær, að þessi ríkisstj. á ekki Íslandsmet, það á minnihlutastjórn Sjálfstfl. frá 1942, og það met verður vonandi aldrei slegið.

Nú hvísla stjórnarliðar því í þingsölunum, að afkoma ríkissjóðs sé lakari á árinu 1964, sem reikningar hafa enn ekki verið birtir um. Því verður þó varlega trúað, þar sem ríkisstj. hefur neitað að leggja fram gögn um það í fjhn. Ed. þrátt fyrir áskoranir, og fráfarandi fjmrh. var hljóðar um það hér í gær, þó að menn hafi búizt við því, að hann gerði grein fyrir því, hvernig hann skilur við, þegar hann afhendir kassann eftir 5½ ár. En sé það rétt, að svo sé málum komið samfara stóraukinni skattheimtu, sýnir það aðeins það eitt, að þessari ríkisstj. er ekki trúandi fyrir fjármunum þjóðarinnar. Og nú hefur stjórnin ákveðið að skera niður opinberar framkvæmdir, fé til skóla, sjúkrahúsa, samgangna og annarra nauðsynlegustu framkvæmda um 1/5, til þess að hvort tveggja geti haldið áfram í senn, eyðslan og bruðlið og söfnun afganga í Seðlabankanum.

En jafnvel Seðlabankanum ofbýður skattheimtan og hann hefur varað ríkisstj. alvar-

lega við. Í ritstjórnargrein í Fjármálatíðindum, málgagni Seðlabankans, sem út kom í haust, segir m. a., að „ekkert þjóðfélagskerfi sé svo sterkt, að ekki sé nauðsynlegt að gæta hófs í skattlagningu, ef forðast á alvarlegar afleiðingar ofsköttunar í formi efnahagslegs tjóns og spillingar.“ Og enn fremur segir þar um beinu skattana: „Það virðist nú almennt álitið, að þær skattareglur, sem í gildi eru, hafi bæði leitt til hærri skattabyrða á launþegum en þeir vilja sætta sig við og jafnframt því hafi stórfellt ranglæti átt sér stað vegna útbreiddra skattsvika. Augljóst virðist, að úr þessu verður ekki bætt nema með verulegri lækkun beinna skatta.“ Um óbeinu skattana segir: „Skattheimtan á þessum sviðum er áreiðanlega þegar komin nærri og sums staðar yfir þau takmörk, sem heilbrigðri skattheimtu eru sett.“

Þetta er ótvíræð aðvörun, sem verður ekki með neinu móti misskilin. En ríkisstj. hefur látið hana sem vind um eyrun þjóta og hefur síðan hækkað söluskattinn stórlega, og í stað þess að lækka beinu skattana, hefur hún nú ákveðið að hækka þá enn úr 260 millj. kr. í fyrra og í 375 millj. kr. skv. fjárlögum þessa árs. Skattgreiðendur munu sannreyna það á komandi sumri, að hjá ríkisstj. hefur engin hugarfarsbreyting átt sér stað í skattamálum þrátt fyrir fögur fyrirheit á s. l. hausti. Öll þessi mikla skattheimta hefur átt drjúgan þátt í því að koma í veg fyrir, að almennar, raunhæfar kjarabætur gætu átt sér stað.

Og svo er það skipulagsleysið og handahófið í fjárfestingarmálum. Allt of mikið af fjárfestingunni miðast við það eitt að græða á verðrýrnun peninganna. Engin þjóð, sem við höfum spurnir af í nágrenni okkar, telur sig geta verið án löggjafar til þess að geta haft hemil á verðbólgufjárfestingunni nema við, og höfum við þó sýnu ríkari ástæðu til þess en aðrir, þar sem við búum við verðbólguóstjórn.

Það eru ekki bara hyggileg vinnubrögð, heldur líka óhjákvæmileg nauðsyn að raða niður fyrir sér verkefnum sínum og ráðast í það fyrst, sem mest kallar að í þjóðarþágu. Slík vinnubrögð eiga ekki síður við um búskap þjóðarheildarinnar en búskap hvers einstaklings. Ef við höldum áfram að láta kylfu ráða kasti í fjárfestingarmálunum, þá mun enn fara svo, að okkur verði lítið úr miklum fjármunum og verðbólgan eyði sívaxandi hluta þeirra.

Það er sorgleg staðreynd, sem lýsir betur en flest annað þeirri óstjórn, sem ríkt hefur í efnahagsmálum, að launþegar skuli ekki hafa getað bætt kjör sín nema með síaukinni vinnu í eindæma árferði og við vaxandi þjóðarframleiðslu og hækkandi afurðaverð. Ef nokkurt vit ætti að vera í slíkri niðurstöðu, þá ætti skýringin að vera sú, að sá vöxtur þjóðarframleiðslu, sem orðið hefur á síðustu árum, hafi krafizt að sama skapi aukinnar vinnu, en afköst og framleiðni hafi ekki aukizt að marki. Og þeir, sem sífellt eru að tala um vinnuaflsskortinn eins og forsrh. hér í gær, hljóta að vera þeirrar skoðunar, að svo sé. En vinnuaflsskortur er ekki vandamálið, heldur misnotkun vinnuaflsins. Okkur vantar ekki vinnuafl, heldur betri tæki, betra skipulag, svo að við getum afkastað meiru en við gerum nú.

Við bætum ekki kjör okkar með því að vera fleiri um að skipta þeim verðmætum, sem skapast, heldur með því að framleiða meira með jafnmörgum höndum. En við búum við þá ógæfu að hafa ríkisstj., sem kýs heldur að loka fjármuni þjóðarinnar inni í bankahólfum en afla þeirra véla og framleiðslutækja, sem þjóðina skortir til þess að geta aukið framleiðslu sína án aukins vinnuframlags.

Við verðum eins og aðrar þjóðir, sem búa við fulla atvinnu, að leggja megináherzlu á að taka tæknina í þjónustu okkar í sem allra ríkustum mæli og eftir föngum að efla þá þætti atvinnuuppbyggingarinnar, þar sem vélar og tækni skapa mikil framleiðsluverðmæti með sem minnstu vinnuafli. Með þeim hætti einum getur þjóðin stóraukið tekjur sínar án þess að leggja alltaf á sig meiri og meiri vinnu. En til þess þarf að nota fjármagn þjóðarinnar og hafa það í umferð.

Verðbólga og dýrtíð og bruðl og skattheimta, sem mun talin til eindæma, — þetta er myndin af þessari ríkisstj., sem geymast mun um langan aldur og vonandi reynast þjóðinni víti til varnaðar. En ríkisstjórn, sem í mesta góðæri í mannaminnum stefnir málefnum þjóðarinnar í ónýtt efni, er ekki líkleg til að vera þeim verkefnum vaxin, sem við stæðum frammi fyrir, ef náttúruöflin yrðu okkur ekki jafnhliðholl og verið hefur um hríð.

Þjóðin hefur fengið nóg af taumlausri dýrtíð, óhóflegri skattlagningu, eyðslu og óráðsíu, samfara niðurskurði á nauðsynlegum opinberum framkvæmdum. Vinnubrögð þingmeirihl. í vetur og sérstaklega nú síðustu vikurnar taka af öll tvímæli um það, að ríkisstj. er úrræðalaus og uppgefin. Af henni er einskis að vænta til framdráttar okkar þjóð. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég þakka hæstv. forseta og mínum ágæta fyrirrennara, hæstv. fyrrv. fjmrh., fyrir heillaóskir og traust, sem mér er mikils virði í því vandasama starfi, sem ég hef ráðizt í að taka að mér. Jafnframt óska ég Gunnari Thoroddsen gæfu og gengis í því virðulega embætti, er hann nú tekur við. Getum við Íslendingar naumast sýnt bræðraþjóð okkar, Dönum, betur vinarhug okkar en með því að senda þangað sem ambassador jafnglæsilegan fulltrúa og Gunnar Thoroddsen.

Ég býst ekki við, að neinn ætlist til þess, að ég gefi hér í þessum umr. nokkrar stefnuyfirlýsingar varðandi fjármálastjórn ríkisins. Fyrirrennari minn gerði í ræðu sinni í gærkvöld ýmsum veigamiklum atriðum fjármálanna svo glögg skil, að ég hef á þessu stigi engu þar við að bæta. Ráðherrarnir hafa að öðru leyti í ræðum sínum málefnalega gert grein fyrir þeim vandamálum, sem við er að fást, í einstökum atriðum. Mun ég því nota

þessar fáu mínútur til þess að ræða eðli vandamálanna að nokkru frá annarri hlið.

Því miður hafa stælur og kapp oftast einkennt um of útvarpsumræður frá Alþingi. Hefur það hvorki orðið til að auka veg Alþingis né gefa þá réttu mynd af þróun þjóðmálanna, sem borgarar í lýðræðisþjóðfélagi verða að fá, ef þeir eiga að geta myndað sér raunsæjar skoðanir. Með þessu er ekki sagt, að þm. eigi að hafa sömu skoðanir, því að menn skiptast í mismunandi flokka einmitt vegna mismunandi viðhorfa til heildarstefnu í þjóðmálum, heldur hitt, að menn viðurkenni staðreyndir, reyni ekki að villa um fyrir fólki um eðli vandamálanna og leyfi sér ekki tillögugerð og málflutning, sem þeim mundi ekki koma til hugar, ef þeir ættu sjálfir að fara með völd. Með þessum orðum er ég ekki að ákæra neinn sérstakan og sýkna annan, heldur benda á meinsemd, sem er þjóðfélagsleg nauðsyn að stjórnmálaflokkarnir allir leitist við að uppræta.

Það er menningarvottur, að dagblöðin hafa síðustu árin bætt mjög fréttaflutning frá umr. á Alþingi, því að áður var venja að segja frá ræðum samherja og afgreiða síðan andstæðingana á þann veg, að þeir hafi farið með tómt bull. Íslendingar hafa jafnan þótt þrætugjarnir, og þeir hafa naumast slitið barnsskónum í stjórnmálalegu uppeldi. Við stærum okkur gjarnan af að eiga elzta þjóðþing veraldar, en því miður nýtur Alþingi eigi þeirrar virðingar hjá þjóðinni, sem nauðsynlegt væri. Orsakirnar eru ýmsar, en óneitanlega eiga þm. fyrr og síðar eigi minnstan þátt í þeim virðingarskorti. Það er áreiðanlega ein veigamesta forsenda heillavænlegrar þróunar þjóðmála í lýðræðisþjóðfélagi, að borgararnir geti litið á þjóðþing sitt með stolti og virðingu, og það munu menn ósjálfrátt gera, þótt skoðanir verði ætíð skiptar um ýmsar aðgerðir þings og stjórnar, ef flokkar og þm. leggja sig fram um að skýra sjónarmið sín á þann veg, að almenningi verði smám saman ljóst, að staðreyndir séu virtar og hvorki stjórn né stjórnarandstaða reyni að fela vanmátt sinn í lýðskrumi og blekkingum.

Fjöldi manna í okkar litla þjóðfélagi lítur stjórnmálastarfsemi hornauga og þykir lítill sæmdarauki í því að skipta sér af stjórnmálum. Þetta lýsir alvarlegum misskilningi á eðli stjórnmálanna, sem nauðsynlegt er að uppræta. Stjórnmál eru í víðustu merkingu þess orðs þau úrræði, sem menn hafa til þess að treysta þjóðfélagið og búa borgurum þess þau menningarleg og efnahagsleg lífsskilyrði, sem hinar mismunandi stjórnmálastefnur telja þjóðinni farsælust. Í einræðisþjóðfélögum telja valdhafarnir það mestu varða, að borgararnir hugsi sem minnst og feli valdhöfunum allt sitt ráð. Í lýðræðisþjóðfélagi er það þjóðfélagslegt uppeldi hvers einstaklings, sem er forsenda heillavænlegrar þróunar. Það verður að fá almenning, sem við kosningar er hinn æðsti valdhafi í landinu, til þess að hugsa um eðli vandamálanna og mynda sér skoðanir um þau. En til þess að svo megi verða með eðlilegum hætti, verða umboðsmenn fólksins á þingi og í ríkisstj. að skýra málin rétt, og blöðunum er skylt að gæta hins sama í skrifum sínum.

Því nefni ég þetta í ræðu minni hér í kvöld, að ég tel framvindu mála okkar á næstu árum geta mjög á því oltið, að afstaða bæði stjórnmálamanna og þjóðarinnar almennt þróist í þessa átt. Það er ekki ólíklegt að heimurinn standi nú andspænis meiri byltingu bæði í veraldlegum og andlegum efnum en nokkurn jafnvel órar fyrir í dag, og við Íslendingar eigum þegar fram undan ýmis veigamikil úrlausnarefni, sem á miklu getur oltið fyrir allan okkar hag í framtíðinni að mætt verði með raunsæi og réttu mati staðreynda, en ekki von um stundarávinning af því að rangfæra málin. Einmitt hin öra framþróun gerir það enn nauðsynlegra, að hinir pólitísku forustumenn bregðist ekki þeirri skyldu sinni að túlka málin á réttan hátt fyrir almenningi, sem á erfiðara um vik að átta sig á nýjum viðhorfum.

Velgengni undanfarandi ára hefur valdið því, að við Íslendingar gerum nú orðið svo miklar kröfur um margvísleg lífsþægindi, að leggja verður mikla rækt við verðmætasköpun í landinu til þess að tryggja þau lífsskilyrði. Fólkið vinnur almennt mikið. En kröfurnar á hendur þjóðfélaginu eru líka miklar, og því miður vill það um of brenna við, að við gerum okkur ekki grein fyrir því, að ríki og sveitarfélög eru ekki neinir ópersónulegir aðilar, sem ekki eru of góðir til þess að veita okkur ein eða önnur þægindi, heldur er hér um aðila að ræða, sem hafa það eitt fé til ráðstöfunar, sem þeir taka úr vasa okkar sjálfra, skattborgaranna. Því miður eigum við enga töfrakistu, sem allir geti mokað úr, en enginn þarf að láta í. En sú þjóðsaga virðist óhugnanlega útbreidd, eigi aðeins meðal almennings, heldur eigi síður hér innan veggja hins háa Alþingis. Þetta er þó staðreynd, sem ætti að vera auðskilin, en því miður ein þeirra veigamestu staðreynda, sem mönnum þykir oft hagkvæmt í hinni pólitísku baráttu að þykjast eigi skilja.

En til þess að hægt sé að tryggja lífskjörin og bæta þau, er frumnauðsyn, að eigi aðeins ráðamenn, heldur þjóðin öll geri sér grein fyrir vissum staðreyndum efnahagslífsins, sem tilgangslaust er að komast fram hjá, hverja stjórnmálaskoðun sem menn hafa að öðru leyti. Við höfum haft ríkisstj. allra flokka síðustu áratugi, og það er hinn rauði þráður í örlagasögu þessara ríkisstj., að hin svokölluðu efnahagsmál hafa orðið þeim öllum að falli. Ótal úrræða hefur verið leitað, og allar hafa þessar ríkisstj. auðvitað unnið af góðum hug, en því miður hafa þær flestar reynt að leysa vandann með því að brjóta gegn eðlilegum lögmálum efnahagslífsins, fyrst og fremst vegna þess, að almennur skilningur hefur ekki verið fyrir hendi á gildi þessara lögmála.

Það er fyrst nú á allra síðustu árum, þegar farið er að leggja hér rækt við hagfræðilegar rannsóknir á þróun efnahagsmála, að skilningur er að verða á því, að ný vinnubrögð verði að hafa, ef vel eigi að fara. Við stöndum sem sé frammi fyrir þeirri nöpru staðreynd, að þrátt fyrir gilda sjóði í stríðslok, sem notaðir voru til margvíslegrar uppbyggingar í landinu, hefur hagvöxtur á Íslandi verið minni frá stríðslokum en hjá mörgum þeim þjóðum, sem urðu að reisa lönd sín úr rústum styrjalda. Það mun vera mat flestra hagfræðinga í dag, að hér um valdi fyrst og fremst ógætileg kröfugerð og óheppileg viðbrögð til þess að mæta þeirri kröfugerð með haftastefnu, sem í senn hindraði nauðsynlegt framtak til uppbyggingar og leiddi framleiðslustarfsemi í ýmsum greinum inn á óæskilegar brautir. Og hér er einmitt um að ræða þann þátt þjóðfélagsmála, þar sem hinn almenni skilningur á eðli vandans er frumskilyrði happasælla úrræða. Framleiðslan er undirstaða lífskjaranna. Verkföll geta verið óhjákvæmilegt neyðarúrræði fátækra verkamanna í þjóðfélögum, þar sem verkalýðurinn er að vinna sér viðurkenningu. En slík átök leiða oft til svo mikils tjóns framleiðsluverðmæta, er eigi lendi síður á launþeganum en vinnuveitandanum, að því alvarlega vopni verður að beita af sérstakri varúð í þjóðfélagi, þar sem verkalýðssamtökin hafa hlotið almenna viðurkenningu og eru sterkustu almannasamtökin, svo sem hér á landi. Þá veltur á miklu, að mat verkalýðsforingjanna sé rétt og jafnframt skilningur af hendi ríkisvalds og vinnuveitenda til þess að leggja sig fram um að finna leiðir til lífskjarabóta innan þess ramma, sem efnahagskerfið þolir. Það getur naumast dulizt lengur nokkrum hugsandi manni, að þau vinnubrögð ein geta tryggt raunhæfar lífskjarabætur, og allir ábyrgir aðilar verða að starfa í þessum anda, ef við eigum að geta sótt með sama hraða og aðrar menningarþjóðir fram til betra lífs.

Sú saga er sögð, að nokkrum árum fyrir heimsstyrjöldina síðari hafi ungur franskur blaðamaður heimsótt Churchill, sem þá var ekki sérlega hátt skrifaður í hinu friðsama Englandi, og spurt hann, hvernig hann gæti bezt gagnað þjóð sinni með skrifum sínum. Churchill svaraði: „Með því að skrifa á hverjum einasta degi þessi varnaðarorð í blað þitt: Þýzkaland er að vígbúast.“ Við eigum þess ekki kost að leita ráða hins framsýna stjórnmálasnillings, Churchills. En það ætti ekki að þurfa sérstaka framsýni til þess að gera okkur grein fyrir því, er við lítum á reynslu síðustu áratuga, að hvorki stjórnmálamenn, verkalýðsforingjar, blaðamenn né framleiðendur geta gert þjóð sinni meira gagn um sinn en hamra þá staðreynd bæði inn í sjálfa sig og allar þjóðfélagsstéttir, að óhjákvæmileg forsenda heilbrigðrar efnahagsþróunar og nýrra átaka til eflingar íslenzkum atvinnuvegum sé að sameina kraftana til þess að sætta fjármagn og vinnu, finna grundvöll kjaraákvörðunar án verkfalla og stuðla að gagnkvæmum skilningi milli stétta og starfshópa, en ekki ala á úlfúð og tortryggni.

Við höfum heyrt í kvöld og gærkvöld núv. stjórnarstefnu margt til foráttu fundið, en því miður minna um raunhæf úrræði til þess að leysa hin ýmsu vandamál og undirbyggja þær fjölþættu framfarir, sem vinna verður að á næstu árum til þess að tryggja hraðvaxandi þjóð viðunandi lífsskilyrði.

Þótt vandalítið sé að svara ásökunum stjórnarandstæðinga, læt ég það liggja á milli hluta. Fimm ár eru nú liðin, síðan núverandi stjórnarstefna var mörkuð, svo að þjóðin þekkir hana í reynd. Þótt því miður hafi ekki tekizt að stöðva verðbólguna, þá dylst naumast nokkrum, hverju hið frjálsa efnahagskerfi hefur fengið áorkað í þá átt að treysta efnahagslega undirstöðu þjóðfélagsins og örva framtak í landinu að því marki, að það er meira vandamál að hafa hemil á framkvæmdum en tryggja fulla atvinnu.

Því heldur enginn stjórnarsinni fram, að ekki megi margt betur fara í þjóðfélaginu, og við höfum alls ekki það oftraust á stjórnarstefnunni, sem stjórnarandstæðingar hafa, að nú geti þjóðfélagið gert ótalmargt, sem engum datt í hug að flytja till. um í tíð annarra ríkisstj. Við byggjum efnahagsstefnu okkar í senn á eigin reynslu og reynslu annarra vestrænna þjóða, sem flestar eða allar telja nú frjálst viðskiptakerfi öruggustu leiðina til þess að tryggja traust efnahagslíf. Það er grundvallarstefna okkar að freista allra úrræða til þess að efla atvinnulíf þjóðarinnar með það fyrir augum að bæta eftir föngum kjör allra vinnandi manna og tryggja jafnframt lífsafkomu þeirra, sem geta ekki sjálfir séð sér farborða. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að hugvit og framtak einstaklingsins sé styrkasti aflvaki framfaranna og því þurfi að örva einkaframtak og frjálst félagsframtak til forustu í framfarasókninni, en ríki og sveitarfélög verði þó að koma til, ef getu eða vilja bresti hjá öðrum til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum atvinnurekstri.

Við lifum á öld vísinda og tækni, og framfarir á mörgum sviðum eru svo örar, að við megum hafa okkur öll við til að dragast ekki aftur úr. Við verðum því að leggja sérstaka rækt við að veita æskufólki þá menntun, að það geti leyst af hendi þau margþættu sérfræðistörf, sem hin nýja tækniöld gerir kröfu til. Við verðum að sjálfsögðu á þessu sviði sem öðrum að sníða okkur stakk eftir vexti. En við verðum að gera okkur rækilega ljósa þá staðreynd, að vísindi og æðri menntun hafa grundvallarþýðingu í framfarasókn þjóðarinnar. Vegna auðs og annarrar aðstöðu munu stórveldin í flestum greinum verða leiðandi. En við þurfum að eiga vísindamenn og tæknimenntað fólk á sem flestum sviðum, sem geta vísað okkur veginn og valið það, sem okkur hentar. Hinar vinnandi hendur má ekki vanta, og þessar hendur má ekki skorta jákvæð verkefni, en það er þó þekkingin og hugvitið, sem er lykillinn að betra lífi fyrir okkur öll. Það

er skylda okkar, sem við stjórnmál fáumst, að greiða framförum leið og skapa nauðsynlegan skilning á nýjungum og breyttum viðhorfum með því að túlka þau rétt og veita þjóðinni réttar upplýsingar til raunsærrar skoðanamyndunar.

Ef okkur tekst öllum að vinna að úrlausn vandamálanna með jákvæðu hugarfari og vera jafnan reiðubúin til þess að láta þröngsýn flokks- og stéttarsjónarmið víkja fyrir þjóðarhag, þá þarf ekki að kvíða framtíðinni. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þeir, sem hlusta á eldhúsdagsumr. héðan frá Alþ., álykta oft sem svo, að þingið sé hin mesta rifrildissamkoma. En sem betur fer er þetta ekki rétt ályktað. Mörg mál eru afgreidd ágreiningslaust eða ágreiningslítið, eins og Emil Jónsson félmrh. sýndi ljóslega fram á í ræðu sinni í gær, og á mörgum sviðum hafa þm. úr öllum flokkum gott samstarf, þótt því séu takmörk sett af ýmsum ástæðum.

Áhugamál flokkanna og einstakra þm. úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu fara oft saman, en þegar um fjárútlát úr ríkissjóði er að ræða, verða stjórnarliðar að hafa gát á hlutunum, sem hinir eru óbundnir af. Þannig heldur stjórnarandstaðan því oft og einatt fram, að hún geti útvegað hv. kjósendum skóla, sjúkrahús, vegi, brýr, hafnir, rafmagn, flugvelli o. s. frv., löngu áður en stjórnarliðið er tilbúið með sínar ákvarðanir, og byggjast slík gylliboð til kjósenda oftast nær á óraunverulegum eða alls engum möguleikum til fjáröflunar til þessara mála. Geta vonandi allir séð, hversu lítils virði slík boð hljóta að vera. Svo þegar að því kemur, að stjórnarflokkarnir hafa tekið sínar ákvarðanir, og málin komast á framkvæmdastig, þenja stjórnarandstæðingar út brjóstin og segja: Þetta eru skrautfjaðrirnar okkar. — Þótt þetta sé barnalegt og stundum skoplegt, dylst samt ekki tilgangurinn, sem er sá að blekkja kjósendur og fala af þeim atkv.

Þessarar áróðursaðferðar hefur gætt nokkuð í ræðum hv. stjórnarandstæðinga í þessum umr. Einnig hafa þeir af fremsta megni leitazt við að gefa hlustendum sem ranghverfasta mynd af ástandi og horfum í þjóðarbúskapnum í dag. Lífskjörum þjóðarinnar hefur hrakað, segja þeir. Kjarabætur hafa gufað upp. Iðnaðurinn er að hrynja, sjávarútvegur og fiskvinnsla berjast í bökkum, og landbúnaðurinn er að syngja sitt síðasta, ef trúa má orðum manna eins og Eysteins Jónssonar og Björns Jónssonar. Framkvæmdir á öllum sviðum hafa dregizt saman, og þjóðin er að sligast undan sköttum, segja þessir menn. — Mér finnst alveg furðulegt að heyra þennan söng kyrjaðan fyrir þjóðina ár eftir ár af mönnum með mikla reynslu í stjórnmálum að baki. Ekki þarf annað en segja við þig, hlustandi góður: Gakk út og sjá, til þess að þú getir kynnt þér af eigin raun, að ástandið í hinu unga íslenzka lýðveldi er alls ekki eins og ræðumenn stjórnarandstöðunnar reyna að útmála það. Þjóðin býr við fulla atvinnu og allsnægtir, og hefur svo verið allan þann tíma, sem núv. stjórnarflokkar hafa starfað saman, eða í 5½ ár. Stjórnin hefur traustan meiri hl. þjóðarinnar að baki sér, traustari meiri hl. en nokkur önnur samsteypustjórn hefur haft á dögum lýðveldisins, og hún hefur jafnan gert sér far um að taka föstum tökum þau vandamál, sem að höndum hefur borið. Hún hefur valið sér til ráðuneytis færustu menn, sem völ er á, til að undirbúa málin og jafnan lagt spilin á borðið, þannig að allir, sem vildu, mættu sjá, hvað um var að ræða hverju sinni. Því er ekki neitað af hálfu stjórnarflokkanna, að sumt hafi farið öðruvísi en ætlað var, og aldrei er það svo, að ekki komi til staðbundnir erfiðleikar, svo sem vegna aflaleysis í einstökum landshlutum, eða nú í vetur vegna hafíss. En þjóðfélagið hefur aldrei áður verið jafnvel undir það búið og nú að koma til hjálpar í slíkum tilfellum, eins og forsrh. tók fram í sinni ræðu í gærkvöld.

Ég vil í þessu sambandi nefna, að vegna aflaleysis s. l. haust á Vestfjörðum og Norðurlandi gaf fiskveiðasjóður frest á allt að tveggja ára afborgunum stofnlána af bátum undir 100 rúml. á þessu svæði og á eins árs afborgunum annars staðar, þar sem með þurfti. Nú hafa nokkur erindi borizt til þm. á Vestfjörðum og Norðurlandi vegna erfiðleika á flutningum til þessara landshluta af völdum hafíssins. Hefur þessum erindum verið vísað til ríkisstj., sem áreiðanlega afgreiðir þau vinsamlega, þegar nægilegar upplýsingar liggja fyrir um, hversu víðtækrar fyrirgreiðslu sé þörf.

Margt er það í áróðri stjórnarandstæðinga, sem ástæða væri til að ræða nánar, þótt ekki vinnist tími til þess að sinni. Að lítt hugsuðu máli fleygðu tveir þm., þeir Hannibal Valdimarsson og Sigurvin Einarsson, inn í þingið till. um að færa út landhelgina fyrir Vestfjörðum, þannig að hún næði til landgrunnsins alls, og aðalrök þeirra fyrir till. voru þau, að afli brást við Vestfirði s. l. haust og í janúar. Það er að vísu yfirlýst stefna Íslands, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls. Um þessa stefnu er enginn ágreiningur. En þeirri stefnu verður ekki komið fram með einfaldri samþykkt á þáltill. sem þessari. Málið er í heild miklu flóknara en svo, og það gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afdrif þess, ef farið væri af stað með það án rækilegs undirbúnings. Hvaða hald er t. d. í aðalröksemd flm. till. fyrir útfærslunni við Vestfirði, þ. e. a. s. aflaleysinu, nú að afstaðinni aðalvertíð? Fyrir mitt leyti vil ég vara alla þá Vestfirðinga, sem í raun og veru hafa áhuga á útfærslu landhelginnar, við vinnubrögðum tillögumannanna í þessu máli, enda veit ég, að fyrir þeim vakti það eitt með flutningi till. að skapa sér betri áróðursaðstöðu gagnvart þeim þm. úr Vestfjarðakjördæmi, sem styðja ríkisstj. Ég hef reynslu af því hér

á Alþ., að til þess að koma málum fram fyrir einstök kjördæmi þurfi þm. jafnframt að líta á þarfir annarra kjördæma -- eða heildarinnar, því að ekkert kjördæmi getur verið eins og ríki í ríkinu. Út frá þessu er það sannfæring mín, að allar aðgerðir í landhelgismálinu þurfi að miða við landið allt, þannig t. d., að ef fært er út á einum stað, þurfi að vera hægt að byggja sams konar aðgerðir síðar alls staðar annars staðar á þeirri aðgerð.

Þm. Vestf. hafa nú á þessu þingi komið fram miklu áhugamáli sínu og flestra Vestfirðinga einmitt með því, að um leið voru leyst sams konar mál annars staðar. Hér á ég við menntaskólamálið. Það er nú orðið lögfest, að byggður skuli heimavistarmenntaskóli á Ísafirði, en jafnframt var ákveðið að byggja nýjan menntaskóla í Reykjavík og heimavistarskóla á Austurlandi, og menntmrh. hefur lýst því yfir, að fyrsta fjárveiting til Ísafjarðarskólans verði tekin inn á fjárlög næsta árs. Þessi málalok hljóta að verða öllum Vestfirðingum fagnaðarefni, og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka menntmrh., formanni menntmn. Nd., Benedikt Gröndal, og n. allri fyrir sérlega mikilsverða og góða fyrirgreiðslu við þetta mál. Í þessu sambandi vil ég einnig geta þess, að aldrei áður hafa verið veittar jafnháar fjárveitingar til skólamála á Vestfjörðum og í fjárl. þessa árs, en sú upphæð nemur um 15 millj. kr.

Nokkrir menn úr kennarastétt hér syðra hafa gerzt til þess að upphefja áróður gegn menntaskólum á Vestfjörðum og Austfjörðum í útvarpi og blöðum. Með því hafa þeir ekki uppskorið annað en það að auglýsa þröngsýni sína og skammsýni, því að minnast mættu þeir þess, að aðrir menntaskólar voru ekki miklir að vöxtum þegar við stofnun, þótt þeir séu orðnir það nú. Sú ákvörðun þings og stjórnar að stofna menntaskóla á Ísafirði er aðeins einn liður í þeim aðgerðum, sem nú eru að hefjast til þess að sporna gegn fólksflótta úr kjördæminu, en tækifæri til menntunar, bættar samgöngur og blómlegt atvinnulíf er það, sem með þarf framar öðru til þess að viðhalda byggð í hinum ýmsu landshlutum, og á þessum sviðum þarf aðstaða manna að vera sem jöfnust, hvar sem þeir búa, eftir því sem framast er unnt.

Alþfl. hefur átt frumkvæði að því í ríkisstj. að koma á nokkrum vísi að áætlunarbúskap hér á landi og skipulegri heildarstjórn fjárfestingarmála, og jafnframt hefur mönnum orðið ljóst, að einmitt á þann hátt þyrfti að vinna að því að leysa vandamál dreifbýlisins, en ekki með tilviljanakenndum og óskipulegum aðgerðum, eins og oft hafa tíðkazt. Þrátt fyrir fólksfækkun á Vestfjörðum að undanförnu, leggja Vestfirðingar stöðugt drjúgan skerf í þjóðarbúið og framleiða meiri útflutningsverðmæti en ýmsir aðrir landshlutar, miðað við íbúatölu. Það er þess vegna engin tilviljun, að Vestfirðir hafa orðið fyrir valinu nú, þegar ákveðið hefur verið að taka upp skipulega áætlunargerð um framkvæmdir, er miði að því að efla byggðina úti um land. Stöðugt er unnið að samningu framkvæmdaáætlunar fyrir Vestfirði, en einn mikilvægasti þátturinn, samgöngumálin, er þegar kominn það langt, að 4 ára áætlun liggur fyrir um vegi, brýr og flugvelli, og hefur verið útvegað það lánsfé, sem með þarf, auk venjulegra framlaga, til þess að framkvæma áætlunina. Áætlunin nær yfir árin 1965—1968 og er alls að upphæð 171½ millj. kr. Þar af verður varið til hafna 67.7 millj. kr., til vega 63.8 millj. kr. og til flugvalla á Ísafirði og Patreksfirði 40 millj. kr. Venjuleg framlög til framkvæmdanna nema 85½ millj. kr., en lánið, sem tekið verður hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, nemur 86 millj. kr. samtals. Fyrsti hluti þessa láns hefur þegar fengizt. Unnið verður í öllum höfnum frá Patreksfirði til Súðavíkur, og stefnt verður að því að koma á sem fullkomnustu vegasambandi til flugvallanna á Ísafirði og Patreksfirði alls staðar að úr nágrenni þessara staða. Byggðir verði sem öruggastir vegir milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, milli Ísafjarðar og Súðavíkur og svo vestur yfir til Súgandafjarðar, Flateyrar og Þingeyrar. Lokið verður við veginn úr Trostansfirði til Bíldudals og byggður vegur yfir Hálfdán til Patreksfjarðar. M. a. verða gerð göng gegnum Breiðadalsheiði, sem nú er einn versti farartálmi á veginum til Ísafjarðar. Loks verður lagður bílvegur sunnan Þingmannaheiðar frá Eiði að Auðshaugi. Með þessum framkvæmdum er fyrst og fremst stefnt að því að efla þéttbýliskjarnana á Ísafirði og Patreksfirði, en koma stöðunum þar á milli jafnframt í nánari tengsl við þessa tvo þéttbýliskjarna, viðskiptalega, félagslega og menningarlega.

Djúpvegur og Strandavegur eru að vísu ekki með í þessari áætlun, en ætlun okkar Vestfirðinga, sem ríkisstj. styðjum hér á Alþ., er sú, að einmitt vegna framkvæmdaáætlunarinnar muni möguleikarnir aukast til þess að gera meiri átök í Djúpvegi og á Ströndum. Og ástand það, sem hafísinn hefur skapað í vetur, hlýtur að knýja á það, að reynt verði af fremsta megni að flýta því, að Árneshreppur komist í vegasamband.

Tími minn leyfir ekki, að ég ræði ýtarlegar um Vestfjarðaáætlunina, en í næstu áföngum hennar mun verða fjallað um atvinnumálin og ráðstafanir til þess að gera atvinnulífið á Vestfjörðum fjölbreyttara. Jafnhliða því, að tekin hefur verið upp skipulögð áætlanagerð fyrir dreifbýlið, eins og ég nú hef lýst hvað Vestfjarðakjördæmi snertir, eru stjórnarflokkarnir að taka ákvarðanir um stórvirkjun og stóriðju á Suðvesturlandi. Þær ráðstafanir munu væntanlega verða til þess að renna stoðum undir uppbyggingu dreifbýlisins með framkvæmdasjóði þeim, sem stofnaður verður með tekjum af opinberum gjöldum stóriðjunnar. Með slíkri uppbyggingu í landinu er hvað látið styðja annað markvisst og skipulega, og með tíð og tíma munu nýjar kynslóðir hafa endurnumið marga þá landshluta, sem nú eru kallaðir dreifbýli.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Jóhann Hafstein iðnmrh., sem talaði hér áðan, var ánægður með þá staðreynd, að víða á landinu stendur atvinnulíf með blóma, og hann má vera ánægður. Víða er jafnvel stöðugur skortur á vinnuafli. Á eftir bætti ráðh. við í hálfkæringi: Atvinnuleysisdraugurinn, hvaða Móri er nú það? — En svo var eins og hann rankaði allt í einu við sér. Það var eins og hann rámaði í að hafa heyrt þess getið, að einhvers staðar á landinu væri nú erfitt um atvinnu.

Atvinnuleysisdraugurinn, hvaða Móri er nú það? Því munu ýmsir landsmenn geta svarað af reynslu dagsins í dag. Meðan meira góðæri gengur yfir þjóðina en nokkru sinni hefur þekkzt í íslenzkri sögu, ríkir kreppuástand í heilum landshlutum. Illt var ástandið á Norðurlandi í fyrravetur, og verra var það í vetur. Atvinnuleysisdraugurinn er ekki aðeins á vestanverðu Norðurlandi, þótt þar sé ástandið verst, heldur hefur hann nú víkkað út veldi sitt um allt Norðurland og hluta Vestfjarða.

Fyrir réttu ári, hinn 11. maí, voru eldhúsdagsumr. á Alþingi. Mér er það minnisstætt, að Jóhann Hafstein flutti þá lokaræðuna fyrir Sjálfstfl. Þá var helzt að sjá, að hinn norðlenzki draugur hefði vitjað ráðh. í draumi, og þá vantaði ekki tafarlaus úrræði. Eitt hið seinasta, sem ráðh. sagði í ræðu sinni, var þetta: „Í dag hef ég ákveðið nefndarskipun til þess að athuga, hvað hægt sé að gera til þess að auka iðnað í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem atvinna er ónóg.“ Jóhann Hafstein skipaði n. til að friða Norðlendinga. Hún átti að gera till. um úrræði í atvinnumálum. N. hóf þegar störf, ferðaðist víða, hélt marga fundi og skilaði ýtarlegu áliti til Alþingis, skömmu eftir að þingstörf hófust í haust. Um það bil, sem n. skilaði áliti sínu, bar ég fram fsp. á Alþingi til Jóhanns Hafsteins um það, hverjar af till. n. ríkisstj. hygðist taka upp á arma sína og framkvæma. Jóhann Hafstein var tregur til svars, sagði, að málið væri í athugun, og hálfpartinn snupraði mig fyrir að spyrja um málið, fyrirspurnin væri ótímabær og ríkisstj. yrði að fá frið til að hugsa sig um.

Jóhann Hafstein hefur haft góðan tíma til að hugsa í vetur. Þingstörf hafa gengið seint og þunglega. Oft hef ég séð Jóhann Hafstein í þungum þönkum, en ekki hef ég orðið var við árangurinn. Alúminbræðslan við Hafnarfjörð á hug hans allan.

Hvað ætlar ríkisstj. að taka til bragðs vegna ástandsins í atvinnumálum Norðlendinga? Lengi hafa menn beðið eftir svarinu, og ekki fékkst það fram í þessum umr. Hið eina, sem fram kom hjá ráðh. áðan, var loforð um, að stofnaður yrði sérstakur framkvæmdasjóður fyrir dreifbýlið. Ekki vil ég lasta, að slíkur sjóður verði stofnaður. En ég vil minna á, að fyrir eru í landinu tugir af sjóðum og lánastofnunum, sem gætu lánað fé til atvinnueflingar, þar sem þess er þörf, ef þeir aðeins fengju að lána. Við höfum atvinnubótasjóð, atvinnuleysistryggingasjóð, iðnlánasjóð, fiskimálasjóð og ótal aðrar stofnanir. Það vantar ekki sjóðina. Það, sem vantar, eru ákvarðanir. Það vantar viljann.

Það er seinasta afrek ríkisstj., að á elleftu stundu stöðvaði hún till. um aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði. Till. var þá komin langleiðina gegnum þingið og aðeins vantaði herzlumuninn, því að allshn. mælti einróma með samþykkt hennar. En þá lét ráðh. kippa henni út af dagskránni.

Í fyrra voru samþ. till. um, að ráðh. skyldi athuga um byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd og fóðuriðnaðarverksmiðju á sömu slóðum. Ekkert hefur frétzt af þessum málum, þau virðast gleymd og grafin í skrifborðsskúffu ráðh., heimagrafreit stjórnarráðsins fyrir slík málefni.

Hvað væri þá unnt að gera, ef vilji væri fyrir hendi, — eða er þetta kannske óleysanlegt vandamál? Nýlega samþykkti Alþingi þáltill., sem flutt var af okkur Birni Jónssyni, þar sem skorað er á ríkisstj. að beita sér fyrir skipulögðum síldarflutningum til þeirra staða, sem búa við erfitt atvinnuástand. Þessa ályktun ber ríkisstj. að framkvæma með myndarbrag, en ekki að salta hana í tunnu, eins og stundum vill henda.

Í öðru lagi mætti flytja bolfisk, slægðan og ísaðan, á Norðurlandshafnir að vetrarlagi, og þyrfti þá að velja góðan stað, t. d. landshöfnina á Rifi, til að taka við fiski, slægja hann til bráðabirgða og koma fyrir í flutningaskipi. Aðalvinnan færi þá fram í frystihúsi norðanlands.

Í þriðja lagi mætti koma á fót ýmiss konar iðnaði, eins og margoft hefur verið bent á. Ef tekið væri 200 millj. kr. lán, sem notað væri til atvinnueflingar, þar sem ástandið er verst, yrði þegar í stað gerbylting í atvinnulífi Norðlendinga. 200 millj. eru þó minna en tíundi hluti af kostnaði við raforkuverið, sem framleiða á raforku til útlendinga undir kostnaðarverði, og vafalaust yrðu þetta arðbærari fyrirtæki fyrir þjóðina.

Þannig mætti lengi telja. En sofandaháttur ríkisstj. í þessu efni er dýrkeyptur fyrir þjóðina. Þess verður áþreifanlega vart, að á Íslandi eru að myndast skörp skil á milli landshluta hvað atvinnumál snertir, líkt og landamörk þjóða í milli. Með því að vanrækja algerlega uppbyggingu atvinnulífsins úti um land, en hlaða niður allri fjárfestingu í einn landshluta og bæta svo risavaxinni alúmíníumverksmiðju ofan á allt saman, er ríkisstj. að skipta landinu í tvö þjóðfélög. Þetta verður ekki járntjald milli norðurs og suðurs og ekki heldur bambustjald. Hér á að rísa alúmíntjaldið, tjaldið, sem skilur á milli taps og gróða, milli atvinnulífs og atvinnuleysis.

Þessum stjórnmálaumr., sem kenndar eru af gömlum sið við eldhúsið, fer nú senn að ljúka. Eins og eðlilegt er, er það ríkisstj., verk hennar og áform, sem athyglin beinist að. Ráðherrarnir standa með svuntuna á maganum og dá-

sama eldamennsku sína. Þeir kynna fyrir þjóðinni þann mat og drykk, sem þeir hafa verið að brasa og brugga ofan í landsmenn hér á Alþingi í vetur, og sýna henni kræsingarnar, sem á að fara að stinga inn í ofninn. Síðan fara ráðherrarnir nokkrum orðum um ágætt innræti sitt og aðra kosti, lýsa sanngirni sinni og góðmennsku, sáttfýsi, einstökum stórhug og hjálpsemi við lítilmagna þjóðfélagsins.

Þegar litið er á meginviðhorf ríkisstj. og gerðir, hvert skyldi þá vera sterkasta einkennið í fari hennar? Er það réttlætiskenndin alkunna í garð allra stétta, stórhugur framkvæmdamannanna eða hin nýræktaða sáttfýsi Bjarna Benediktssonar? Eða er það kannske úrræðaleysi og sviksemi, eins og sumir segja?

Það er skoðun mín, að þrátt fyrir ýmis einkenni, sem oft heyrast nefnd, bæði ógeðfelld og fögur, sé þó eitt auðkenni öðrum skýrara. Þetta afgerandi sérkenni ríkisstj. er minnimáttarkenndin, vantrúin á getu þjóðarinnar til að standa á eigin fótum, vantrúin á hæfni landsmanna til að byggja einir upp íslenzkt atvinnulíf, vantrúin á vilja þjóðarinnar til að halda sjálfstæði sínu gagnvart erlendum þjóðum eða hvers konar útlendum hagsmunahópum. Það var eitt fyrsta verk ríkisstj. að semja af Íslendingum ein mikilvægustu réttindi þeirra. Áður höfðu Íslendingar óbundnar hendur um útfærslu landhelginnar eins og aðrar þjóðir. Með frumkvæði sínu voru Íslendingar meðal forustuþjóða í landhelgismálum, og markviss stefna þeirra hafði stórfelld áhrif til góðs á þróunina á þessu sviði alþjóðaréttar, þar sem engin lög eða alþjóðasamningar ríkja. Sú stefna leiddi tvívegis til sigurs, fyrst 1952, síðan 1958, enda þótt Bretar gerðu nokkrar misheppnaðar tilraunir til að hafa áhrif á stefnu okkar með valdbeitingu. Eftir samninginn við Breta vorum við ekki lengur frjálsir gerða okkar. Minnimáttarkenndin leiddi til þess, að Íslendingar verða hér eftir að lúta duttlungum gerðardóms í málefni, sem dæmt yrði ekki samkv. lögum, heldur eftir frjálsu mati erlendra dómara. Þetta veit Birgir Finnsson, sem talaði hér áðan um till. þeirra Hannibals Valdimarssonar og Sigurvins Einarssonar, en reynir nú að bjarga sér frá sannleikanum með fánýtu hjali um athugun og ónógan undirbúning.

Minnimáttarkenndin hefur ráðið stefnunni í utanríkismálum Íslendinga frá stríðslokum. Í stað þess að standa óháðir og hlutlausir í hernaði var Íslendingum troðið í hernaðarbandalag. Brynjaðir í bak og fyrir með flugstöð á Miðnesheiði, flotastöð í Hvalfirði er Reykvíkingum ætlað á síðkvöldum að sökkva sér niður í bandaríska morðmenningu. Nú er röðin komin að alþjóðlegum auðhringum. Íslendingar, sem á kreppuárum lyftu grettistökum í raforkumálum, eru nú sagðir svo aumir og vesælir, að þeir geti ekki séð sér fyrir rafmagni af eigin rammleik. Enn verða útlendingar að hlaupa undir baggann. Það er hið sanna um stórhug og bjartsýni ríkisstj. Sem betur fer verður þess áþreifanlega vart, að jafnvel ýmsum stjórnarsinnum ofbýður hin nagandi minnimáttarkennd, sem birtist í undirlægjuhætti ráðandi manna gagnvart útlendum húsbændum. Allir helztu menntamenn stjórnarflokkanna eru í uppreisn vegna sjónvarpsmálsins, svo að jafnvel ritstjóri Alþýðublaðsins, Benedikt Gröndal, einn helzti talsmaður bandarískra sjónvarpsins fyrir nokkrum árum, sá sig neyddan til þess að lýsa því yfir í vetur, að þetta mál væri ein andstyggileg sjálfhelda og bæri hiklaust að skrúfa fyrir bandarískra sjónvarpið, þegar það íslenzka kæmist í gagnið.

Þessa dagana er þess minnzt, að Ísland hefur verið hernumið land í 25 ár. Menningarvika hernámsandstæðinga, sem haldin var af þessu efni, var tákn um óbugaðan vilja íslenzkra listamanna og menntamanna til að varðveita, umskapa og endurnýja íslenzku menninguna í harðri samkeppni við afleiðingar hernámsstefnunnar. Skáld og rithöfundar, tónlistarmenn og leikarar, 36 íslenzkir myndlistarmenn, svo að dæmi séu nefnd, — framlag þessara listamanna talar sínu máli. Og sjaldan eða aldrei hefur mótmælaganga hernámsandstæðinga frá herstöðinni í Keflavík verið glæsilegri en nú. Þeir 270 andstæðingar hernámsins, sem gönguna hófu, sáu árangur erfiðis síns, þegar þeir hurfu eins og dropar í mannhafið, sem kom til móts við þá og fylgdi göngunni úr Hafnarfirði og Kópavogi. Þrátt fyrir hina einstæðu áróðursaðstöðu Bandaríkjamanna á Íslandi er mótstöðuaflið óbugandi, mergurinn í íslenzkri þjóðmenningu óbrotinn og sterkur sem fyrr. Þessu fékk forsrh. áþreifanlega að kynnast á sunnudagskvöldið, þar sem hann stóð á svölunum heima hjá sér og horfði á þúsundirnar streyma yfir Öskjuhlíðina á leið til mótmælafundar í Lækjargötu. Útifundurinn var tvímælalaust einn hinn fjölmennasti, sem sézt hefur í Reykjavík, og jafnframt einn eftirminnilegasti fyrir alla viðstadda, andstæðurnar furðulega sterkar, annars vegar mannhaf þúsundanna, einbeittur hópur friðsamra borgara, hins vegar æpandi, öskrandi Varðbergspiltar með grjótið og fúleggið að vopni. Aldrei hafa skrílslæti yngstu deildarinnar í Heimdalli verið með slíkum eindæmum. Við skulum gæta þess, að fyrir fáum árum var þetta algerlega óþekkt fyrirbrigði. Nú, þegar Bjarni Benediktsson er búinn að koma því svo fyrir, að bandarískir glæpamenn og slagsmálahetjur eru gestir á þúsundum íslenzkra heimila hvert einasta kvöld, segja uppeldisáhrifin þegar til sín. Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn segir um þennan lýð í viðtali við Tímann í morgun: „Nálægt 200 manns, mestmegnis unglingar, bæði strákar og stelpur, en einnig nokkrir fullorðnir menn."

Ég spyr nú að lokum: Hvort er sjálfur uppalandinn, Bjarni Benediktsson, óánægður eða stoltur, þegar 200 skipulagðir stríðsmenn úr Heimdalli vaða um götur bæjarins með grjóti og eggjakasti á friðsama borgara og berjast trylltir við lögregluna fram á rauða nótt, svo að suma verður að rota með lögreglukylfum, en aðra að setja í járn?

Góðir Íslendingar, tvær stefnur, tvö tákn blasa við sjónum: annars vegar hin glæsilega menningarvika hernámsandstæðinga, listahátíð ársins, hins vegar hinn æpandi skríll, merkisberi hernámsstefnunnar. Við skulum geyma í minni þessar tvær táknmyndir frá því um síðustu helgi. Bak við þær er sannarlega fólgin merkileg saga, sem draga má lærdóm af. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Dómsmrh., Jóhann Hafstein, var einstaklega ánægður yfir afkomu atvinnuveganna, alveg sérstaklega sjávarútvegsins, sem hann taldi standa með miklum blóma. Svo ætti það auðvitað að vera eftir öll góðærin. En hvað segja útvegsmenn sjálfir um þetta? Hafa þeir ekki einmitt nýlega haldið ráðstefnu og lýst því þar yfir, að hag sjávarútvegsins væri þannig komið, að hann þyldi alls engar kauphækkanir? Og hvað er um togaraútgerðina? Hvernig getur nokkur ráðh. verið svo utangátta að halda því fram, að hún standi með blóma? Sannleikurinn er sá, að útgerð á við stórkostlega erfiðleika að etja.

Hv. þm. Jón Þorsteinsson kallaði það yfirboð hjá framsóknarmönnum að flytja nokkrar till. um hækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda og vísindalegra rannsókna. Veit ekki þessi hv. þm. um þörfina á þessum fjárveitingum til vega, hafnargerða, skólabygginga, sjúkrahúsa og ýmiss konar rannsókna? Samkv. fenginni reynslu töldu framsóknarmenn tekjuáætlun fjárl. það lága, að þessar nauðsynlegu útgjaldahækkanir væru vel forsvaranlegar. Reynslan sker úr því, hvort svo hefur verið eða ekki. En þrátt fyrir eftirgangsmuni hefur enn þá engin skýrsla fengizt um afkomu ríkissjóðs s. l. ár. Það er því síður en svo ástæða til að saka framsóknarmenn um nokkurt ábyrgðarleysi í þessu sambandi, enda veit ég ekki betur en við höfum hvað eftir annað greitt atkv. með fjáröflun, sem talin var nauðsynleg, svo sem launaskatti og vegaskatti, og mun slíkt þó fátítt um stjórnarandstöðu. En að gefnu tilefni er rétt að spyrja: Á aldrei að ráðast í nýjar eða auknar verklegar framkvæmdir eða vísindalegar tilraunir, ef þær kosta peninga? Á þjóðfélagið nú að eyða peningum sínum í allt annað fremur en slíkt? Skilja stjórnarsinnar ekki, að einmitt þessi fjárframlög skila sér aftur margfaldlega? En viðkvæði íhaldsins við úrbótatill. framsóknarmanna er og hefur jafnan verið: Þetta er yfirboð, ábyrgðarleysi, kostar peninga og er ekki hægt. — Já, við þekkjum þann söng. En ósköp er það ömurlegt að heyra Alþfl.-þm. fara með þetta hreinræktaða íhaldsnöldur og tala eins og íhaldssamasti íhaldsmaður. Ósæmilegar dylgjur þm. um það, að framsóknarmenn væru í hjarta sínu andvígir fjárveitingum til almannatrygginga, eru illkvittnislegur uppspuni frá rótum. Hvenær hafa framsóknarmenn greitt atkv. gegn fjárveitingum til almannatrygginga? Bókstaflega aldrei.

Það er sagt, að sumir menn séu svo jarðbundnir, að þeir eigi dálítið erfitt með að yfirgefa sitt veraldlega vafstur við vistaskipti sín. Það er auðheyrt, að hv. þm. Gunnar Thoroddsen var ekki alveg búinn að skilja við sitt fyrra tilverustig, ef svo má að orði kveða. Hugur hans var enn þá eðlilega talsvert bundinn fjmrn. og sköttum. Hann virtist svo ánægður með frammistöðu sína þar og alla skattana, að eiginlega varð maður undrandi yfir því, að hann skyldi vera fáanlegur til að yfirgefa þann ánægjulega póst og sín pólitísku eftirlætisbörn, skattana. Og eftirmanni sínum gaf hann holl ráð, svo sem vænta mátti. Þau voru í stuttu máli að efni til þessi: Magnús minn góður, mundu eftir meirvirðisskattinum nýja, og viðurkenndu krónuhrunið með því að breyta um mynt og gera krónuna að tíeyringi og gera hana þannig að stærstu krónunni á Norðurlöndum. Þessi heilræði segja sína sögu. En manni verður að hugsa: Ja, þeir eru útspekúleraðir, þessir fjármálasnillingar.

Við skattahugleiðingar hv. þm. mætti vissulega gera margar aths., svo sem um ágæti hinna almennu neyzluskatta. En þar sem hann er nú eiginlega orðinn stikkfrí, ætla ég að sleppa því, en óska honum alls velfarnaðar í hans nýju og virðulegu stöðu í Kaupinhöfn.

Á valdatíma núv. ríkisstj. hefur lengst af verið hér óvenjulegt góðæri frá náttúrunnar hendi, þegar á heildina er litið: metafli ár eftir ár, hækkandi verðlag á útflutningsafurðum og vaxandi þjóðartekjur. Þrátt fyrir þær hagstæðu ytri aðstæður hefur ríkisstj. alls ekki tekizt að standa við fyrirheit sín um varanlegar úrbætur í efnahagsmálum. Í stað verðbólgustöðvunar, sem heitið var, er komin stórstígari verðþensla og risavaxnari dýrtíð en nokkru sinni fyrr. Í stað skattalækkunar, sem lofað var, hafa álögur á almenning margfaldazt svo, að miðað við fjárlög hafa heildarskatttekjur ríkissjóðs meira en fjórfaldazt frá 1959. Á ríkisstj. eflaust Íslandsmet í álagahækkunum og e. t. v. einnig heimsmet. Í stað sparnaðar, sem fögur fyrirheit voru gefin um, er fjáraustur og óhófseyðsla í opinberum rekstri meiri nú en dæmi eru áður til. Í stað bættra lífskjara, sem heitið var a. m. k. fljótlega eftir að fyrstu viðreisnarverkanirnar væru komnar fram, eiga margir þjóðfélagsþegnar við lakari aðstöðu að búa nú en við upphaf núv. stjórnartímabils, þegar alls er gætt og miðað er við vaxandi framleiðslu og auknar þjóðartekjur. Auðvitað hafa ýmsar starfsstéttir haft sæmilegar eða jafnvel mjög góðar tekjur á þessum uppgripaárum. En ég hygg, að það sé óhrekjandi staðreynd, að kaupmáttur samningsbundins tímakaups hinna lægst launuðu manna hafi rýrnað frá því 1959. Hitt er annað mál, að vegna vinnuaflseftirspurnar og þar af leiðandi mikillar eftirvinnu og e. t. v. yfirborgana hafa tekjur manna sums staðar á landinu verið meiri en orðið hefði undir venjulegum kringumstæðum. Hvernig hefðu menn líka annars átt að komast af í öllu dýrtíðarfárinu. Það hefur orðið neyðarúrræði manna að lengja vinnutímann, þar sem þess hefur verið kostur.

Hvernig halda menn, að útkoman hefði orðið og ástandið væri hér nú, ef við í stað uppgripaára hefðum búið við aflaleysisár á þessu tímabili? Til þess er óskemmtilegt að hugsa. Allt eru þetta skuggalegar staðreyndir og þungur áfellisdómur yfir stjórnarstefnunni.

Þó að hér hafi almennt verið góðæri á þessu tímabili, hafa einstök héruð aðra sögu að segja. Í sumum landshlutum, nú síðast t. d. á Norðurlandi, hefur verið við mikla atvinnuerfiðleika að etja af völdum aflabrests og óblíðrar náttúru. Hvað hefur verið gert af opinberri hálfu til að mæta þeim erfiðleikum eða til sérstakrar atvinnuuppbyggingar á þeim stöðum? Harla lítið eða jafnvel ekki neitt, — skipuð n. og annað ekki. Í stað þess eru fjárveitingar til verklegra framkvæmda skornar niður um 20% jafnt í þessum landshlutum sem annars staðar. Og jafnframt eru svo ráðgerðar stórfelldari framkvæmdir og fjárfestingar en áður hafa þekkzt hér á landi, einmitt á því svæði, þar sem verðþenslan er alvarlegust og vinnuaflsskorturinn er mestur. Svo heillum horfin er núv. stjórn.

Á valdaferli sínum hefur ríkisstj. þurft að kyngja mörgum stórum orðum. Hún ætlaði t. d. ekki að hafa afskipti af kaupgjaldssamningum. En reyndin hefur orðið sú, að hún hefur hvað eftir annað staðið í stríði við launþega og gripið til gerðardóma og valdbeitingar. Kaupgjaldsvísitalan var afnumin og fordæmd, en nú hefur ríkisstj. verið neydd til að lögleiða aftur verðtryggingu launa. Ríkisstj. ætlaði að afnema allt uppbótakerfi, sem sérfræðingar hennar töldu sérlega háskalegt, en nú hefur hún aftur innleitt það í stórum stíl, og er í því hin mesta gróska um þessar mundir. Engir höfðu fordæmt það meira en forvígismenn Sjálfstfl., að reynt væri að leysa vandasöm mál með samningum við stéttasamtök eða utanþingsöfl, eins og þeir kölluðu það. En það má segja, að það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann. Þessi ríkisstj. hefur einmitt gert víðtækari samninga við utanþingsöfl um þjóðfélagsmál en áður eru dæmi til og auðvitað án þess að hafa fyrst leitað umboðs hjá Alþ. Þannig mætti lengi telja. Ég er síður en svo með þessum orðum að andmæla þessum aðgerðum, en bendi aðeins á, að þær eru ekki í samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. markaði sér í öndverðu. Auðvitað hefði ríkisstj. átt að hafa sagt af sér fyrir löngu, ef hún hefði haft þor til þess að standa eða falla á verkum sínum, enda því lýst yfir á sínum tíma, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, væri allt annað unnið fyrir gýg. En stjórnin hefur valið þann kostinn að stritast við að sitja sem lengst, hvað sem það kostaði. Hún hefur fyrir þó nokkru að því er virðist gefizt upp við að hafa nokkra heillega stefnu, enda hefur hún lánað öðrum þjóðum sjálfan efnahagsráðunautinn. Í stað þess lætur hún reka á reiðanum, og allar þjóðfélagslegar aðgerðir hennar bera svip af handahófi, ráðleysi og ringulreið, og það er víst þetta stjórnleysi, sem málgögn stjórnarsinna kalla frelsi.

Auðvitað hljóta margir fylgismenn ríkisstj. að hafa gert sér ljóst fyrir löngu, í hvert óefni stefnir. En þeir hafa sjálfsagt margir hverjir lifað í þeirri von, að ríkisstj. tæki sig á, og hafa sagt eins og maðurinn: „Kannske Eyjólfur hressist.“ En nú hlýtur sá vonarneisti óðum að vera að kulna, því að Eyjólfi hefur bara alltaf hrakað. Víxlspor ríkisstj. hafa orðið æ fleiri og stærri. Þolinmæði manna hlýtur því að vera á þrotum og trú á því, að nokkurra nýrra raunhæfra úrræða sé að vænta af núv. ríkisstj., mun orðin næsta fágæt.

Fram undan er ný og geigvænleg verðbólgualda. Núv. stjórn hefur tvisvar gripið til gengisfellinga, í fyrra skiptið var hún óþarflega mikil og í síðara skiptið algerlega óþörf. Nú óttast margir og ekki að ástæðulausu, að ríkisstj. muni grípa til þriðju gengisfellingarinnar á komandi hausti. Vegna þess, sem á undan er gengið, duga því miður ekki yfirlýsingar hæstv. forsrh. hér í gærkvöld til að eyða þeim grunsemdum. En verði þriðja gengisfellingin framkvæmd, ætti mælirinn að vera fullur. En hvað sem er um það, er hitt víst, að gengi ríkisstj. er sílækkandi.

Ég fæ ekki betur séð en núv. ríkisstj. sé eins og á flótta, — á flótta frá upphaflegri stefnu, á flótta frá aðkallandi vandamálum, á flótta fyrir stjórnarandstöðunni, sem þrátt fyrir allt og sem betur fer hefur getað sveigt ríkisstj. til fylgis við sín sjónarmið á ýmsum málum, á flótta frá hinni eilífu sjálfstæðisbaráttu lítillar þjóðar í náðarskaut erlendra auðhringa. E. t. v. hafa hæstv. ráðh. það í huga, er einn orðhagasti Íslendingur á þessari öld, sem á efri árum og að fenginni reynslu sneri baki við Sjálfstfl., sagði eitt sinn: „Margur maðurinn hefur nú bjargað sér á flótta.“

Það má vel vera, að undir flóttans merki geti ríkisstj. framlengt eitthvað sitt pólitíska líf. Um það skal ég engu spá, en hitt er víst, að vandi framtíðarinnar vex með viku hverri, sem þessi ríkisstj. situr í stjórnarstólum aðgerðarlítil og úrræðasnauð. Og vandamálin, sem við er að glíma og leysa þarf, ef við ætlum að lifa við mannsæmandi lífskjör sem fullvalda menningarþjóð í þessu landi, eru meiri og stærri en svo, að líklegt sé, að við þau verði ráðið af stjórn, sem berst fyrir straumi og hefur eigi almennari tiltrú en núv. ríkisstj.

Þökk þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

II. Alúmíníumverksmiðja.

Á 48. fundi í Sþ., 7. maí, var tekin á dagskrá:
Skýrsla ríkisstj. um athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju á Íslandi (A. 635).

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ríkisstj. hefur nýlega lagt fyrir þingið skýrslu um athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju

á Íslandi, sem nú er til umr. á þessum fundi, á þskj. 635. Þessi skýrsla er fram lögð til þess að efna fyrirheit, sem ég hef gefið fyrir hönd ríkisstj. um það, að Alþ. verði látið fylgjast með í einu og öllu því, sem ríkisstj. hefur aðhafzt í þessu máli. Það mætti kannske telja, að ekki væri óeðlilegt, að ég fylgdi þessari skýrslu úr hlaði með nokkurri ræðu. En þegar hliðsjón er höfð af því, hvar störfum þingsins er komið, mun ég ekki gera það að neinu ráði, en vísa efnislega til sjálfrar skýrslunnar.

Ég vil vekja athygli á því, að meginmál þessarar skýrslu hafa hv. alþm. haft milli handa frá því í nóvember s. l., en þá voru öllum alþm. afhentar í trúnaði í bili þær skýrslugerðir, ýtarlegar skýrslur og grg. um það, sem gerzt hafði í alúmíníummálinu. Síðan fengu þm. viðbótarskýrslur, sem fólu í sér grg. um þær viðræður, sem fram fóru eftir afhendingu þessara skýrslna í Zürich í desember s. l., en þá var haldinn fyrsti sameiginlegi fundur milli þriggja aðila, þ. e. a. s. fulltrúa ríkisstj., fulltrúa Swiss Aluminium og fulltrúa Alþjóðabankans. Skömmu eftir áramótin var svo framhaldsfundur þessara sömu aðila í Washington, og nú ekki alls fyrir löngu fóru fram viðræður milli fulltrúa ríkisstj. og fyrirtækisins Swiss Aluminium hér í Reykjavík og fyrri hluti skýrslunnar fram að bls. 12 gerir nánari grein fyrir því, sem gerzt hefur í þessu máli frá því um miðjan nóv. s. l., og að hve miklu leyti málinu hefur þokað áfram í viðræðum milli þessara aðila síðan.

Í janúarmánuði tók ég upp viðræður við þingflokkana, stjórnarandstöðuna um þátttöku í þingmannanefnd til þess að undirbúa þetta mál fyrir þingið. Þá stóðu sakir þannig, að Framsfl. hafði gert um það ályktun í þingflokki sínum, að hann vildi athuga, hvort hægt væri að koma á með sómasamlegum kjörum eða góðum kjörum fyrir okkur, að hið erlenda fyrirtæki reisti hér alúmíníumverksmiðju og fengi keypta til hennar raforku frá fyrirhugaðri stórvirkjun í Þjórsá. Aftur á móti hafði ég engar yfirlýsingar fengið um þetta beint frá fulltrúum Alþb. á þessum tíma, eftir að þeir fengu skýrslurnar í hendur, — en þessi ályktun Framsfl. var gerð, eftir að þeir höfðu kynnt sér málið í skýrslum, sem fyrir lágu, — en fyrirsvarsmenn flokksins og aðalmálgögn höfðu tekið mjög ákveðna afstöðu gegn málinu, eins og kunnugt er Ég skal ekki rekja þetta frekar, en það var mín skoðun þá, að það mundi ekki greiða fyrir framgangi málsins eða undirbúningi undir þingið, að fulltrúar Alþb., miðað við það, sem ég nú hef sagt, tækju sæti í þessari n., enda þótt þeir óskuðu eftir því, og hóf því starfsemi sína þingmannanefnd til undirbúnings málinu skipuð fulltrúum þriggja flokka, þ. e. stjórnarflokkanna tveggja og Framsfl. með tveimur fulltrúum frá hverjum.

Fyrsti fundur þessarar n. var haldinn 9. febr., og n. hefur haldið 10 fundi síðan. Hún hefur fjallað allýtarlega um ýmsar greinar þessa máls, og sé ég ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að rekja það frekar. Hins vegar er það svo, að eftir viðræðurnar, sem áttu sér stað hér í Reykjavík síðast, hef ég litið svo á, að nokkur þáttaskil væru í þessu máli, að það væri í raun og veru komið eða mundi komast af þeim umræðugrundvelli, sem það hefur verið á fram til þessa, og á það stig, að freistað yrði að gera samninga við Swiss Aluminium um að byggja alúmíníumverksmiðju á Íslandi. Ég vil árétta í þessu sambandi, að allt það, sem gerð er grein fyrir í skýrslu þeirri, sem hér liggur fyrir, er algerlega óskuldbindandi fyrir hvorn aðilann sem er, en lýsir því, sem fram hefur komið um viðhorf aðilanna og vilja í þessu máli fram til þess tíma.

Þegar á þetta stig málsins var komið eftir síðustu viðræður og að því marki, sem mótast í efni þessarar skýrslu og hv. þm. hafa kynnt sér, og þegar þar við bætist, að Framsfl. hafði tjáð sig með ályktun þingflokks síns vilja gera úrslitaathugun á möguleikunum til þess að gera samninga um byggingu alúmíníumverksmiðju hér á landi, Alþfl. í miðstjórnaryfirlýsingu lýsti yfir hinu sama í vetur ekki alls fyrir löngu og hliðstæð yfirlýsing var gefin af landsfundi Sjálfstfl. nú nýverið, þá taldi ég einsætt, að miðað við þær niðurstöður, sem nú lægju fyrir, væri verkefni fram undan að freista þess, hvort hægt væri að ná viðunandi samningum. Það, sem fram undan er, er þess vegna að gera sér grein fyrir því og taka upp samningaviðræður við fyrirtækið Swiss Aluminium. Það mundi verða gert með þeim hætti, að reynt yrði að gera uppkast að samningi um almenna aðstöðu rekstrarfélags hér á landi, sem yrði íslenzkt félag, en Swiss Aluminium ætti, eins og kemur fram í skýrslunni, frv. að raforkusölusamningi við væntanlega stjórn Landsvirkjunar og öðrum sérsamningum, sem væntanlega þarf að gera, bæði í sambandi við aðstöðu, land og höfn og annað slíkt, og ef um þetta getur náðst samkomulag milli fulltrúa aðila á sumri komanda, yrðu slík samningsuppköst og samningsfrv. lögð fyrir Alþ. til þess að fjalla um, samþykkja eða synja á næsta hausti.

Ég taldi eðlilegt á þessu stigi málsins, að þm. fengju aðstöðu til þess að kynnast nokkru nánar af eigin raun rekstri alúmíníumverksmiðju, og hafði því í huga, að þeir, sem eru í þmn., færu í slíka kynnisferð, bæði til Noregs, þar sem Swiss Aluminium rekur alúmíníumbræðslu í samvinnu við Norðmenn og Norðmenn einir reka alúmíníumbræðslur, þar sem nú stendur yfir módelrannsókn í sambandi við ísmyndanir í Þjórsá, og einnig heimsæktu aðalstöðvar Swiss Aluminium í Zürich og fengju í því sambandi aðstöðu til þess að kynnast málum þar og rekstri þeirra á alúmíníumbræðslum í nágrenni, sem þeir hafa í Suður-Sviss, Frakklandi og Ítalíu. En þegar málið var komið á þetta stig, taldi ég eðlilegt, að fulltrúar frá Alþb. væru einnig aðilar að slíkri athugun mála, og það hefur nú orðið samkomulag milli mín og þingflokks Alþb., að þeir

tilnefni tvo menn í þmn. eins og hinir flokkarnir. Þetta mundi þýða það, að þingflokkarnir allir hefðu aðstöðu til þess að fylgjast stig af stigi með samningagerð í þessu máli fram til þess, að þingið kemur saman í haust, hafa aðstöðu til þess að bera sig saman við sína þingflokka og þar af leiðandi standa betur að vígi en ef slík samningsuppköst, sem eru kannske bæði nokkuð flókin og mikil, lægju aðeins fyrst fyrir þeim á hausti komanda.

Ég fagna því, að umr. fara nú fram um þessa skýrslu. Þær munu geta leitt til þess, að hv. þm. fái aðstöðu til þess að tjá sig um málið, enn fremur að koma fram aths. og koma fram með leiðbeiningar, sem kynnu að vera til góðs við áframhaldandi athugun á þessu máli.

Eins og ég sagði í öndverðu, ætla ég ekki að eyða tíma þingsins núna til þess að fjalla efnislega meira um málið og verð að láta nægja í því sambandi að vitna til efnis skýrslunnar, en vona að öðru leyti, að þær umr., sem hér eiga eftir að fara fram, geti orðið þessu máli til gagns og þeim, sem fjalla um það hér á eftir, bæði til leiðbeiningar og athugunar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var s. l. miðvikudag, 5. maí, sem Alþb. barst í hendur sú skýrsla, sem nú er hér til umr. Einmitt þann sama dag voru liðin full 4 ár síðan ríkisstj. skipaði svonefnda stóriðjunefnd, en í þessari skýrslu er frá því greint, að ráðh. iðnaðarmála hafi á þeim tíma skipað sérstaka stóriðjunefnd, 5. maí 1961. Í þessi 4 ár hefur þetta stórmál ekki legið hér formlega fyrir Alþ., heldur hefur málið verið í höndum stóriðjunefndar og í höndum ríkisstj., en aðeins borið hér á góma á Alþ. í umr. utan dagskrár eða í fsp.-tíma, og hafa þá skiljanlega farið hér fram aðeins litlar umr. um málið. Og nú, þegar þessi skýrsla loksins kemur til Alþ., er, eins og við vitum, komið að þinglokum, aðeins örfáir dagar eftir af þingtímanum og mörg og stór mál liggja fyrir þinginu, sem eðlilega taka hér talsverðan tíma enn við afgreiðslu, svo að í raun réttri er aðstaða harla lítil nú til þess, að Alþ. geti tekið á þessu máli eins og eðlilegt væri. Hætt er við, að umr. hljóti að markast af því, hve tíminn er orðinn naumur, og málið er einnig lagt þannig fyrir Alþ. nú, að ekki er til þess ætlazt, að Alþ. taki neina afstöðu í málinu.

Ég tel, að öll meðferð af hendi ríkisstj. og stóriðjunefndar á þessu máli sé næsta furðuleg og vítaverð, því að hér er um slíkt stórmál að ræða, að það er vitanlega eðlilegt, að Alþ. fengi að fylgjast með slíku máli stig af stigi allan tímann, en væri ekki í rauninni haldið meira og minna óvitandi um það, hvað væri að gerast í málinu, allan þennan langa tíma, því að vissulega er það stórmál, þegar um það er rætt að breyta í grundvallaratriðum um stefnu þá, sem ríkt hefur í landinu í atvinnumálum, þar sem ráð er fyrir því gert að gefa erlendum aðilum aðstöðu til þess að taka þátt og það í mjög ríkum mæli í atvinnurekstri í landinu sjálfu, og þar sem gert er ráð fyrir því, að efnt verði hér til fyrirtækis, sem ráðgert er að muni kosta í byrjun um 2500 millj. kr. og kallar á það, að ráðizt verði í virkjunarframkvæmdir, sem varla munu kosta undir 2000 millj. kr.

Það er ekkert um það að villast, að lengi var það svo, að það var pukrað með þetta mál á bak við Alþ. Fréttir af stóriðjunefnd komu helzt úr erlendum blöðum og svo í einstaka tilfellum hér í innlendum blöðum frá einstökum nm. Engin tilkynning mér vitanlega var gefin út um skipun þessarar n. eða störf hennar lengi vel framan af. Ég tel, að þessi vinnubrögð séu í mesta máta óeðlileg og ólýðræðisleg og óþingræðisleg, og því vil ég fyrir hönd Alþb. mótmæla þessum vinnubrögðum, eins og þau hafa fram komið. Og nú er gert ráð fyrir því, eins og fram kom hér í ræðu hæstv. iðnmrh., að að þessu stóra máli verði áfram staðið þannig, að það færist nú af viðræðu- og könnunargrundvelli yfir á samningagerð, án þess að Alþ. hafi tekið nokkra stefnumarkandi afstöðu í málinu. Það mun þó hafa verið ætlunin áður, eða um það féllu orð frá hæstv. ríkisstj., þegar þetta mál bar hér á góma fyrir nokkru, að það væri ætlunin, að áður en teknir yrðu upp eiginlegir samningar við hina erlendu aðila varðandi þetta mál, yrði málið lagt fyrir Alþ. og Alþ. tæki sína ákvörðun um stefnu í málinu. Þetta tel ég mjög óeðlilega vinnuaðferð og óheppilega og ekki í samræmi í rauninni við réttar þingræðislegar reglur.

Kjarni þessa stóriðjumáls, sem nú er hér rætt um, er í stuttu máli sá, að gert er ráð fyrir því, að erlent auðfélag fái aðstöðu til þess að byggja hér sunnan Hafnarfjarðar alúmíníumverksmiðju, sem framleitt getur um 60 þús. tonn af alúmíníum á ári og áætlað er að kosti í kringum 2500 millj. kr., og jafnframt er svo gert ráð fyrir því, að Íslendingar ráðist í stórvirkjun í Þjórsá, sem á að framleiða í kringum 210 þús. kw. og áætla má að muni kosta varla undir 2000 millj. kr.

Mér hefur skilizt, að það séu einkum þrjú atriði, sem þeir menn, sem einkum mæla fyrir þessum framkvæmdum, tefla fram máli sínu til stuðnings. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að með því að ráðizt verði á þennan hátt í þessar framkvæmdir, muni Íslendingar geta fengið í sinn hlut ódýrari raforku en þeir geta fengið með öðrum hætti. Í öðru lagi er því haldið fram, að það verði allmikill beinn gjaldeyrislegur hagnaður fyrir Íslendinga af rekstri alúmíníumverksmiðjunnar. Og í þriðja lagi er því haldið fram, að tilkoma alúmíníumverksmiðjunnar í landinu muni breikka grundvöllinn undir atvinnulífi landsmanna og skapa aukið öryggi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Mér þykir nú rétt að fara nokkrum orðum um þessi atriði hvert um sig, eins og þau koma mér fyrir sjónir, því að satt að segja sýnist mér, að þessar röksemdir verði harla léttvægar, þegar þær eru athugaðar nánar, miðað við þau gögn, sem fyrir okkur liggja, og eins og málið hefur helzt verið upplýst.

Ég vík þá nokkuð fyrst að fyrstu röksemdinni um það, að eftir þessari leið muni lands-

menn sjálfir fá ódýrari raforku en líkur væru til, að þeir gætu fengið með öðrum hætti. Á það er auðvitað bent, að þetta skapi grundvöll fyrir því, að Íslendingar geti ráðizt í stærri raforkuvirkjanir, og það er að sjálfsögðu rétt. Og einnig er á það bent, að stærri raforkuvirkjanir geti framleitt tiltölulega ódýrari orku en minni virkjanir, og því verður vitanlega ekki neitað. En þetta er vitanlega ekki nóg til þess að tryggja það, að í þessu tilfelli fái Íslendingar ódýrari raforku með þessum hætti en ef þeir hefðu valið sér aðrar leiðir í þessu máli. Hér er gert ráð fyrir því að selja meiri hlutann af þessari raforku frá hinu mikla raforkuveri Íslendinga, selja meiri hlutann af þeirri raforku, sem þar verður framleidd, til hins erlenda aðila með fyrirframsamningi til 25 ára, og í rauninni gengið þannig frá samningum, að hann eigi að hafa möguleika til þess að kaupa þessa orku um 45 ára tímabil. Og þessi fyrirframsamningur á að byggjast á því, að raforkuverðið til þessa stóra kaupanda sé ákveðið fyrir fram, ekki miðað við kostnaðarverð virkjunarinnar, heldur miðað við áætlun, sem fyrir fram er gerð um það, hvað virkjunin muni kosta. Og við þessa útreikninga eiga svo Íslendingar að vera bundnir um langan tíma, við fast raforkuverð. Samkv. útreikningunum er gert ráð fyrir því, að hinum erlenda kaupanda verði seld raforkan á 10.75 aura hverja kwst., en það er miðað við upplýsingar, sem fram koma í þeim áætlunum, sem lagðar hafa verið fram, þ. e. líklega nokkuð undir beinu framleiðslukostnaðarverði, miðað við þær tölur, sem fram eru lagðar, að dómi þeirra manna, sem kunnugastir eru í sambandi við útreikning á slíkum áætlunum sem þessum. Ég hygg, að enginn reyni að halda því fram, að þetta verð sé hærra en svo, að það rétt aðeins standi undir beinu framleiðslukostnaðarverði miðað við það, að allar byggingaráætlanir standist. Nú eru þessir útreikningar miðaðir við verðlag, sem var á árinu 1964, og alveg er fyrirsjáanlegt, að ekki verður byrjað á þessum framkvæmdum í virkjuninni fyrr en komið er alllangt fram á árið 1965. Á þessu tímabili hefur verðlag hækkað til muna, og síðan er gert ráð fyrir því, að byggingarframkvæmdir muni taka kringum 3 ár. Ég dreg stórlega í efa, að það finnist nokkur í hópi alþm., sem leyfi sér að halda því fram, að það sé líklegt, að byggingarkostnaðarverð standi óbreytt allan þennan tíma. Það má þvert á móti telja nokkurn veginn alveg víst, að fenginni reynslu um langan tíma, að byggingarkostnaður hlýtur á þessu tímabili að hækka mjög verulega frá því, sem hann var á árinu 1964. Það er vitanlega erfitt að segja um, hve hann kemur til með að hækka mikið, en það má telja alveg víst, að hann muni hækka. Hverjum dettur t. d. í hug, að það muni ekki verða einhverjar talsverðar kauphækkanir í þeim samningum, sem nú standa fyrir dyrum á milli atvinnurekenda í landinu og launþegasamtaka? Ég hygg, að það búist allir við því. A. m. k. hefur maður séð það beint úr málgögnum ríkisstj. sjálfrar, að þau telja, að hjá slíku verði alls ekki komizt, að það verði að hækka kaupið allverulega. Og annar kostnaður í ýmsum myndum mun að sjálfsögðu fylgja á eftir, eftir því sem reynslan hefur verið. Og hver er svo það, sem býst í rauninni við því, að áætlanir um byggingarkostnað eins og þær, sem hér liggja fyrir, muni standast fullkomlega? Hefur ekki reynslan þvert á móti verið sú, að hliðstæðar byggingaráætlanir hafa allar hrunið í reynd, að byggingarkostnaðurinn hefur í öllum tilfellum farið langt fram úr því, sem áætlað var? Það hefði því vitanlega skipt mjög miklu máli, hefðu samningarnir um raforkuverðið til hins stóra kaupanda í þessu tilfelli verið byggðir á framleiðslukostnaðarverði, miðað við raunverulegan byggingarkostnað mannvirkisins, eins og hann var þegar orðinn, en ekki eins og hann var áætlaður, áður en fyrsta rekustungan var tekin. Og það að vera bundinn við slíkt verð með föstum samningi langt fram í tímann er alveg einstætt hér í okkar málum, og ég hygg, að svo til enginn aðili, sem verzlar með sín framleiðsluverðmæti, mundi treysta sér hér á Íslandi til þess að gera hér slíka fyrirframsamninga.

Ég tel því engan vafa leika á því, — miðað við þá grg., sem fram hefur komið í þessu máli, að það er gert ráð fyrir því að selja meiri hluta raforkunnar eða um 126 þús. kw. af 210 á verði um alllangan tíma, sem er langt undir framleiðslukostnaðarverði, því að þannig er ætlað að ganga frá málunum, — að fari byggingarkostnaðurinn fram úr áætlun, skellur allur sá umframkostnaður á hluta landsmanna sjálfra.

Þá er augljóst á þeim áætlunum, sem fram eru lagðar, að það er ekki gert ráð fyrir því í áætlununum, að nein teljandi skakkaföll verði í rekstri þessa mikla raforkuvers, en þó hafa færustu sérfræðingar okkar í virkjunarmálum bent á það, að telja megi alveg víst, miðað við þær forsendur, sem fram eru settar, að um verulegar rekstrartruflanir hljóti að verða að ræða í þessu orkuveri, bæði vegna aurskriðs og ísrennslis, og af því verði um lengri eða skemmri tíma að taka til varaaflstöðva, sem einnig er gert ráð fyrir að byggja, en þar sem framleiðslukostnaðurinn á hverju kw. af rafmagni er um það bil fimmfaldur við það, sem ráðgert er að selja hinum stóra kaupanda raforkuna á. Þurfi nú að grípa til varaaflstöðvarinnar þó nokkurn tíma, er augljóst, að þar verður um allþungan bagga að ræða fyrir Íslendinga sjálfa, sem þeir verða að rísa undir í þessu tilfelli.

Þá hefur einnig verið á það bent og nú þegar viðurkennt í því frv., sem lagt hefur verið fyrir um Landsvirkjunina, að það muni verða nauðsynlegt að grípa til sérstakra byggingarráðstafana fyrir ofan sjálfa virkjunina til þess að reyna að gera þetta mikla raforkuver öruggara í rekstri en það annars mundi verða. Upplýsingar hafa hér komið fram um það, að ef ætti að byggja slíkt lón fyrir ofan, sem telja mætti öruggast, mundi það kosta 700

millj. kr. Vorum við upplýstir um það á sameiginlegum fjhn.-fundum nú fyrir nokkrum dögum. En jafnvel þótt ráðstafanir yrðu nú gerðar, sem yrðu ekki eins fullkomnar og dýrar og þetta, er augljóst, að hér er enn óframtalinn í sennilegum stofnkostnaði þessarar virkjunar mjög stór kostnaðarliður, sem hlýtur að skella á okkur fyrr eða síðar á þessu tímabili.

Þetta allt bendir að mínum dómi til þess, að það séu mjög litlar líkur til þess, að við munum fá lægra raforkuverð, meðan þessi samningur stendur, heldur en það raforkuverð hefur verið, sem við höfum búið við, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í frv., sem fjallar um Landsvirkjunina, að nú eigi að breyta til um stefnuna á verðlagningarmálum á rafmagni frá því, sem verið hefur, og það játað, að það eigi að miða verðlagninguna við mun meiri álagningu en hingað til hefur verið. Og það er einnig undirstrikað í þeim skýrslum, sem hér liggja fyrir, að fram hafi komið hjá þeirri lánastofnun, Alþjóðabankanum, sem mundi lána til þessara framkvæmda, að hann teldi nauðsynlegt, að Íslendingar yrðu við því búnir að geta hreyft til þetta rafmagnsverð og það greinilega til hækkunar. Ég tel því, að það bendi þvert á móti allt til þess, að þessi röksemd um það, að Íslendingar muni á næstu árum fá ódýrari raforku í sinn hlut, sé röng, það muni þvert á móti standa þannig, að miklu meiri líkur bendi til þess, að ef semja á á þessum grundvelli, verði Íslendingar að taka á sig hækkun á rafmagnsverði, a. m. k. um allmörg ár, þar til virkjunin hefur verið að verulegu leyti borguð niður.

Þá vil ég einnig benda á annað atriði, sem er mjög athyglisvert fyrir okkur Íslendinga, þegar rætt er um að gera slíkan samning sem þennan. Okkur er sagt, að búast megi við því hér á landi eins og í öðrum löndum, að raforkuþörf landsmanna vaxi þannig, að notkunin muni um það bil tvöfaldast á hverjum 10 árum. Miðað við virkjað vatnsafl hér þýðir þetta það, að á næstu 10 árum þyrftu landsmenn sjálfir að fá viðbótarvirkjun, sem nemur 125 þús. kw., og síðan á næstu 10 árum þar á eftir þyrftu þeir að fá viðbótarvirkjun, sem nemur 25 þús. kw. á ári, eða samanlagt á 20 ára tímabili þyrftu Íslendingar eftir þessari reglu að ráðast í nýjar virkjanir, sem nema 375 þús. kw., en út úr stórvirkjuninni í Þjórsá er gert ráð fyrir, að Íslendingar fái í sinn hlut 84 þús. kw. Það er því sýnilegt, að þá verða eftir um 291 þús. kw. á næstu 20 árum, sem Íslendingar verða að leggja sér til með einhverjum hætti úr öðrum fallvötnum eða öðrum virkjunum á þessu tímabili. En þá er búið að ganga þannig frá málum, að við erum búnir að gera samning, sem mun væntanlega standa allt upp í 45 ár, og binda með lágmarksverði hagstæðustu framleiðslu raforku, sem við áttum völ á, við erum búnir að selja hana á þessu lága verði til svona langs tíma fram í tímann, og vitanlega verða Íslendingar þá sjálfir að ráðast í óhagstæðari virkjanir á þessu tímabili fyrir sig, fyrir sína eigin notkun, og búa á þessu tímabili við mun hærra raforkuverð en þeir hefðu getað fengið í sinn hlut, hefðu þeir ætlað sjálfum sér þá virkjunina, sem var í rauninni hagstæðust, ef hún þá er það, þessi virkjun. En hún verður það a. m. k. fyrir þann erlenda aðila, sem á að fá þetta á þessu lága verði.

Þegar þetta er haft í huga, sýnist mér líka, að allt bendi til þess, að þessar ráðstafanir verði ekki til þess að tryggja landsmönnum sjálfum lægra raforkuverð en þeir mundu geta fengið eftir öðrum leiðum. Ég tel því, að þessi röksemd sé með öllu röng hjá talsmönnum þessarar stóriðju, a. m. k. eins og að þessum málum er ætlað að standa.

En víkjum þá nokkrum orðum að þeim mikla gjaldeyrishagnaði, sem ráðgert er, að landsmenn verði aðnjótandi frá hinni miklu alúmíníumverksmiðju. Í skýrslunni er því haldið fram, að hreinar gjaldeyristekjur Íslendinga muni verða á ári frá alúmíníumverksmiðjunni á milli 300 og 350 millj. kr., en þó verði ekki nema í kringum 450 Íslendingar í þjónustu fyrirtækisins. Og svo er það reiknað út, að þetta muni þýða það, að Íslendingar hafi á þennan hátt í hreinum gjaldeyri, eins og það er orðað, um 650 þús. kr. á ári út úr hverjum vinnandi manni, sem vinnur í þessu fyrirtæki, en það sé tvöfalt meira en landsmenn hafa nú út úr því vinnuafli, sem nú vinnur við fiskveiðar og fiskiðnað. Og svo er nokkur sundurliðun, sem fylgir þessu. Frá því er skýrt, að þessar gjaldeyristekjur muni þannig falla til, að fyrir selda raforku muni landsmenn fá um 103 millj. kr., í skattgreiðslu frá alúmíníumverksmiðjunni muni landsmenn fá um 50 millj. kr. og fyrir vinnulaun 450 manna muni fást um 150—200 millj. kr. á ári, eða samanlagt 300—350 millj. kr.

Nú er hér auðvitað um alveg augljósa blekkingu að ræða. Í fyrsta lagi er auðvitað rangt að telja, að þær 103 millj. kr., sem landsmenn mundu fá fyrir selda raforku, þar sé um nettógjaldeyristekjur að ræða, vegna þess að það kemur auðvitað glöggt fram, að landsmenn verða að borga vegna þeirra lána, sem taka þarf til virkjunarinnar, alveg samsvarandi fjárhæð a. m. k. fyrstu árin öll, þar til orkuverið hefur verið greitt niður. Hér er því ekki um neinar nettógjaldeyristekjur að ræða. Þessi upphæð kemur til með að ganga út og inn í gjaldeyrissjóðnum og á vitanlega engan rétt á sér í þessari tölu, þar sem verið er að tala um hreinar gjaldeyristekjur af þessum viðskiptum. Hér er því um villu að ræða upp á 103 millj. kr. í þessum lið.

Þá er um skattana frá verksmiðjunni. E. t. v. verða þeir í kringum 50 millj. kr. Það er að vísu algerlega óvíst, hverjir þeir verða, því að þær reglur, sem minnzt er á hér í skýrslunni, eru þannig, að mér sýnist nú, að skattarnir gætu hæglega flökt allmikið til. En segjum, að skattarnir verði um 50 millj. kr. á ári. Og þá kem ég að launaliðnum, fyrir 450 menn 150—200 millj. kr. á ári. Það þýðir, að það er ráðgert að borga í laun hverjum manni í fyrir-

tækinu 400—450 þús. kr. á ári. En þó er greinilega fram tekið í skýrslunni, að hér sé ekki um sérfróða menn að ræða. Á bls. 32 í skýrslunni segir:

„Hér er auk þess ekki um að ræða faglærða menn nema að litlum hluta, heldur fyrst og fremst ófaglærða menn, sem verksmiðjan mundi þjálfa til sérstakra starfa á svipaðan hátt og hefur átt sér stað í Áburðarverksmiðjunni og Sementsverksmiðjunni."

Það er líka nokkurn veginn gefið mál. Við eigum ekki marga sérfræðinga í þessari framleiðslugrein. En hins vegar er með því reiknað í þessari tölu, meðan er verið að gylla fyrirtækið hér fyrir landsmönnum, að meðaltalslaun hvers vinnandi Íslendings í þessari verksmiðju verði á milli 400 og 450 þús. kr. Það mætti segja mér, að menn yrðu ekki tilbúnir til þess að gera samning um þetta, þegar farið verður að semja um kaupið. Ef hins vegar miðað yrði við í þessum efnum það, sem er auðvitað miklu líklegra, miðað við almenn launakjör nú í hliðstæðum verksmiðjum, og er auðvitað það, sem við getum fyrst og fremst haldið okkur við, að við reiknuðum með því, að meðaltalskaup ófaglærðra manna væri í kringum 200 þús., gera það heldur í hærra lagi, yrði hér ekki um að ræða nema í kringum 90 millj. kr. í launatekjur á ári. Og væri þá þarna um að ræða gjaldeyristekjur upp á um það bil 140 millj. kr. á ári, en það mundi jafngilda, ef mennirnir, sem þarna ynnu, væru 450, um 300 þús. kr. á mann á ári. En til þess að gylla fyrirtækið fyrir landsmönnum í þeim áróðri, sem haldið hefur verið uppi, hefur vitanlega þótt sjálfsagt að reyna að mála það upp um leið, að sjávarútvegur okkar, fiskiðnaður og fiskvinnsla sé ekki nema hálfdrættingur og knapplega það á við slíkt ágætisfyrirtæki sem þetta, þar fáist ekki út úr hverjum vinnandi manni nema í kringum 300 þús. kr. á ári í þjóðarbúið. Þessi tala er algerlega úr lausu lofti gripin, fullyrði ég, vegna þess að það er ekki til nein statistík í landinu fyrir það, hvað raunverulega vinna margir menn sem heils árs menn, sem eingöngu gefa sig að bæði sjávarútvegi og fiskvinnslu í landinu. Hér eru tölur gripnar af handahófi til þess að reyna að fá ákveðið út úr dæminu, eins og í fleiri tilfellum í þessari skýrslu. En til gamans skal ég nefna það, af því að ég hef fyrir mér dæmi um eina tiltekna fiskiðnaðarverksmiðju og nýjar tölur frá henni, hvernig dæmin geta vissulega komið þar út í sjávarútvegi okkar. Þetta tiltekna fyrirtæki greiddi í opinber gjöld og í bein vinnulaun, svo að dæmið sé nú sett upp á sama hátt og gagnvart alúmíníumverksmiðjunni, á árinu 20 millj. kr. í opinber gjöld til ríkis, bæjar og í beinar vinnulaunagreiðslur, en auk þess færði þetta fyrirtæki upp í hreinan hagnað 25 millj. kr., eða á sama hátt reiknað var hér um að ræða hagnað upp á 45 millj. kr. nettó fyrir þjóðarbúið. Og þegar búið var að breyta því starfsfólki, sem við þessa verksmiðju vann, í heils árs menn, er hér um knapplega 30 menn að ræða, eða meðaltalsútkoma í þessu fyrirtæki jafngildir á þennan hátt ekki 300 þús., heldur 1½ millj. á mann, og ég fullyrði það, að miðað við þær aðstæður, sem við höfum búið við, væri lítill vandi fyrir íslenzka þjóðarbúið, miðað við þau tæki, sem við eigum í dag, eða ef við vildum t. d. taka hráefnið frá útlendingum, að leggja í fyrirtæki, sem þessu mundu skila.

Nei, við þurfum ekki að búa til blekkjandi útreikninga í sambandi við alúmíníumverksmiðju, til þess að sanna Íslendingum neitt í þeim efnum, að þeir þurfi nú að yfirgefa eða flýja að meira eða minna leyti frá sínum aðalatvinnuvegi, vegna þess að hann sé annars flokks og það sé eitthvað annað, sem geti tekið honum fram hér á landi. En þetta fyrirtæki, sem ég nefni, varð svo auk þessa auðvitað að borga — ég fullyrði margar millj. kr. á einu ári í ríkissjóð gegnum tolla og önnur gjöld í sambandi bæði við rekstrarvörur sínar og í sambandi við framkvæmdir sínar. En alúmíníumverksmiðjan á ekki að borga neitt af þessum gjöldum. Hún á að fá bara í stofnkostnaðinum einum saman eftir skýrslunni að dæma eftirgjöf, sem nemur 500 millj. kr., eða 20% af 2500 millj. Hún á að fá eftirgjöf í tollum og öðru slíku upp á 500 millj. kr., eða það jafngildir öllum hinum margumtalaða skatti fyrirtækisins í 10 ár. Það gætu ýmis önnur fyrirtæki án efa sýnt allgóða afkomu, ef ætti að búa að þeim á hliðstæðan hátt og gert er ráð fyrir í sambandi við alúmíníumverksmiðjuna. Og þetta fiskiðnaðarfyrirtæki, sem ég nefndi, mátti búa við það að borga rafmagnsverð nokkuð á aðra kr. kwst., enda er það ekki nema meðalverð það, sem við þurfum að borga fyrir rafmagnið frá rafmagnsveitum ríkisins úti á landi, en ekki 10.75 aurar, eins og gert er ráð fyrir að alúmíníumverksmiðjan eigi að borga.

Ég held því, að hér sé um algera blekkingu að ræða, þegar því er haldið fram, að alúmíníumverksmiðjan sem slík muni færa í þjóðarbú okkar einhverja fjármuni, sem verulegu máli skipti í íslenzkum þjóðarbúskap. Ég held, að þar sé um alveg blekkjandi rökfærslu að ræða.

Þá er því haldið fram, að alúmíníumverksmiðja í landinu mundi breikka atvinnugrundvöllinn í landinu og gera vanda þjóðarinnar í efnahagsmálum minni en hann hefur verið. Auðvitað má segja það, að allar nýjar starfsgreinar breikki atvinnugrundvöll okkar. Auðvitað mundi það breikka atvinnugrundvöll okkar, ef við réðumst í það að fullvinna alla þá ull, sem við framleiðum í landinu og flytjum nú út óunna. Auðvitað mundi það breikka atvinnugrundvöll okkar, ef við færum að framleiða í landinu sjálfu svo að segja öll þau veiðarfæri, sem íslenzki fiskveiðiflotinn þarf á að halda. Auðvitað mundi það breikka atvinnugrundvöll okkar, ef við hefðum okkur í það að byggja hér innanlands meginhlutann af fiskiskipastól okkar sjálfir. Og þannig er

þessu auðvitað varið með allar nýjar starfsgreinar og nýja starfsþætti. Allir hafa þeir einhverja þýðingu í þjóðarbúskapnum, misjafnlega mikla. En við eigum marga þætti, sem við eigum enn eftir að leysa og er nær okkur að leysa en þennan, sem hér er nú til umr.

En það, sem máli skiptir í þessum efnum, er það gífurlega vanmat á íslenzkum atvinnuvegum, sem sífellt gerir hér vart við sig og í vaxandi mæli nú í seinni tíð, þar sem í sífellu er klifað á því, að atvinnuvegir okkar séu ótraustir, óstöðugir, á þá megi ekki byggja, þó að reynslan sýni það, að okkar sjávarútvegur hefur t. d. ekki bilað, þegar litið er á heildina, svo að áratugum skiptir. Það er rétt, að einstakar greinar hans hafa bilað á vissum tímum, en þá hafa að jafnaði aðrar komið til, sem fyllt hafa í skarðið og fyllilega það. Og svo er vantrúin á Íslendinga sjálfa. Því er jafnvel haldið nú fram, að við getum ekki leyst raforkumál okkar með eðlilegum hætti, nema til komi sérstök aðstoð útlendinga, eða þá því er haldið fram, að við séum svo fáir, við séum svo smáir og fáir, að við getum ekki verið sjálfstætt ríki, við verðum að hengja okkar doríu aftan í stóru skipin og af því þurfum við að ganga í einhverjar ríkjasamsteypur.

Það er þessi hugsunarháttur, sem er í sífellu á ferðinni og er vitanlega mjög eitraður í sambandi við alla framþróun í atvinnulífi okkar. Það er auðvitað engin hending, að aðalefnahagsráðunautar ríkisstj. héldu því mjög á lofti um það leyti, sem fyrstu fréttir bárust frá þeim, sem störfuðu í þessari stóriðjunefnd, — þeir héldu því á lofti, bæði erlendis og hér á landi, að meginástæðan til þess, að Íslendingar yrðu nú að leita annarra úrræða, m. a. með stóriðju, væri sú, að komið hefði í ljós eftir nákvæma athugun, að aðalatvinnuvegir landsmanna, eins og sjávarútvegurinn, gætu ekki aukið afköst sín um meira en sem næmi 4.5% á ári, en það væri of lítið til þess að standa undir eðlilegum hagvexti. Þessar yfirlýsingar liggja greinilega fyrir, bæði frá dr. Jóhannesi Nordal og Jónasi Haralz. Reynslan hefur auðvitað umturnað þessu gersamlega síðan, því að framleiðsluaukningin í sjávarútveginum hefur ekki verið að meðaltali 4.5%, hún hefur verið núna síðustu árin, 3 síðustu árin í röð, yfir 20% á ári, enda hefur reynslan sýnt það, að hagvöxtur okkar hér hin síðari ár hefur verið mun meiri en í öðrum nálægum löndum. Ekkert land í Vestur-Evrópu hefur jafnmikinn hagvöxt nú síðustu 3 árin og við hér á landi, — ekkert. Við höfum ekki þurft að leita eftir framkvæmdum sem þessum til þess að breyta þróuninni þar.

En jafnhliða því, sem ég tel, að haldið hafi verið fram í sambandi við þessi stóriðjumál, mjög villandi röksemdafærslum og ýmsar tölur hafðar í frammi, sem ekki fá staðizt, þá hefur verið dregin dul á þann vanda, þá hefur verið reynt að dylja fyrir landsmönnum þann mikla vanda, sem mundi fylgja í kjölfar slíkra framkvæmda sem þessara. Þegar t. d. hefur verið minnzt á þann vanda, sem hlyti að koma upp fyrir atvinnuvegi okkar, þegar á sömu þremur árunum á að ráðast í fjárfestingu hér á Suðvesturlandi, sem nemur um 4500 millj. kr., að það mundi skapa mikinn vanda fyrir atvinnuvegi okkar varðandi vinnuafl, þá koma sérfræðingar þeir, sem ríkisstj. styðst aðallega við í þessum málum, og segja: Þessi vandi verður ekki mikill, vegna þess að nú eru árgangarnir, sem inn eru að koma á vinnumarkaðinn, stærri en hinir, sem áður komu inn. Þetta leysist allt af sjálfu sér. — Árgangarnir, sem hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn, hafa vissulega farið stækkandi og munu áfram fara nokkuð stækkandi. En þeir hafa einnig farið stækkandi á undanförnum árum. En reynslan hefur bara sýnt það, að sífellt hefur verið vaxandi vinnuaflsskortur í landinu, þrátt fyrir stækkandi árganga, sem hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn, og það er ofureðlilegt. Það er alveg útilokað með öllu, að við getum svo að segja frá ári til árs t. d. tekið á móti um 20% meiri afla en við gerðum árið á undan með jafnmörgum höndum. Það er alveg útilokað. Við höfum aðeins leyst það núna í bili með því að stórauka vinnutíma hvers og eins og með því að ganga svo langt í barna- og unglingavinnu, að við verðum allir að játa, að það er okkur til vansæmdar, því að það er ekki aðeins það, að það þurfi að sinna þessum mikla afla, það þarf vitanlega líka að byggja upp verksmiðjur og fyrirtæki, sem eiga að vinna úr þessum afla. Það þarf líka margar hendur til þess að koma þessum afurðum frá sér, og það þarf að byggja margs konar verksmiðjur og geymsluhús varðandi alla þessa framleiðslu. Og þannig er þetta einnig í öðrum framleiðslugreinum þjóðarinnar. Það er alveg fyrirsjáanlegt, að ef ekki á að gera einhverjar opinberar ráðstafanir til þess að hefja framkvæmdir í landinu, þá verður á næstu árum vaxandi vinnuaflsskortur.

Nú er bent á það í þessari skýrslu, að ráðið eigi að vera það, að ríkisstj. semji sérstaka framkvæmdaáætlun yfir framkvæmdir ríkisins á þessum þremur aðalbyggingarárum þessara mannvirkja og þar eigi að gera ráðstafanir til þess að draga úr framkvæmdum ríkisins, eins og það er orðað. Jú, úr hvaða framkvæmdum ríkisins á þá að draga á þessum tíma? Vitanlega eru það skólabyggingar, sjúkrahúsabyggingar, vegagerð í landinu, hafnargerð. Þetta eru aðalþættirnir í framkvæmdum ríkisins. Það getur þá ekki verið á kostnað annarra en þessara þátta. Og einn þáttinn enn getur ríkið ráðið miklu um, en það eru almennar íbúðarbyggingar. Á einum stað í skýrslunni er beinlínis vikið að því, að á þessum árum, frá 1965 til 1968, sem ætlað er að byggja þessi mannvirki, muni byggingariðnaður landsmanna sjálfra þurfa að taka við um þúsund mönnum til viðbótar, bara vegna eðlilegra þarfa landsmanna. En orð eru sem sagt látin liggja að því, að það muni verða tök á því að spara

nokkurt vinnuafl á þessum lið, svo að hægt sé að hallvika til vinnuafli handa þeim, sem ætla að ráðast í þessar miklu framkvæmdir.

Ég tel, að formælendur þessa máls villi um fyrir þjóðinni sem heild varðandi þetta vandamál. Vandamálið er allt annað og miklu meira en þeir vilja vera láta.

Þá er einnig það vandamál, sem hlýtur að koma upp í sambandi við, þessar framkvæmdir, þegar gengið er út frá því að veita hinum erlenda aðila sérstök fríðindi í íslenzku atvinnulífi, sem aðrar atvinnugreinar landsmanna eiga ekki að verða aðnjótandi. Það er vitanlega alveg útilokað annað en að þetta muni skapa margvísleg vandamál, því að þetta fyrirtæki ætlar sér vitanlega að keppa við önnur fyrirtæki í landinu um vinnuafl, en önnur fyrirtæki þurfi að borga alla tolla og gjöld til ríkisins og búa við allt aðrar kringumstæður. Þau eiga að borga samkv. lögum allmikið af framleiðslu sinni í alls konar sjóði, sem tilheyra landsmönnum sjálfum, eins og stofnlánasjóði og annað slíkt, en hinn erlendi aðili á að sleppa við þetta allt saman, en eigi að síður nýtur hann réttinda í landinu og getur keppt við þessa innlendu aðila. Hér vitanlega hljóta að rísa upp margvísleg vandamál alveg óhjákvæmilega, sem ekkert þýðir að loka augunum fyrir. Og þó að menn nefni það sem eitthvert töfraorð í þessum efnum, að það megi mynda í kringum verksmiðjuna fríhöfn, þar sem ýmsar atvinnugreinar landsmanna geti fengið að búa við sams konar fríðindi, sérstaklega alls konar framleiðsla, sem tengd yrði alúmíníum, þá vitanlega dregur það ekki úr vandanum, heldur hlýtur það að auka vandann, þegar farið er að skapa slíkt misrétti á milli þeirra, sem standa í íslenzkum atvinnurekstri.

En hinn vandinn, sem vitanlega hlýtur þó að koma upp og ég tel langalvarlegasta vandann í sambandi við þetta mál, — það vandamál hefur ekki heldur fengið að koma fram fyrir landsmenn á þann hátt, sem eðlilegt hefði verið í sambandi við hlutlausa skýrslu, því að með því að taka upp þá nýju stefnu að leyfa erlendum auðhring að taka þátt í atvinnurekstri í landinu er vitanlega verið að gerbreyta um stefnu í okkar atvinnu- og efnahagsmálum frá því, sem áður hefur verið. Við höfum haldið mjög fast á því í ýmsum greinum, og hjá okkur hafa gilt sérstaklega ströng lagaákvæði, sem miðað hafa að því að koma í veg fyrir það, að útlendingar gætu búið við sömu kjör og landsmenn sjálfir í atvinnurekstri okkar, en um leið og búið er að veita einum aðila þessi réttindi, koma auðvitað aðrir á eftir. Það getur ekki öðruvísi farið, enda er þegar farið að fitja upp á því. Í þessari skýrslu er sagt frá því, að hinn erlendi alúmíníumhringur sé þegar kominn í samband við íslenzka iðnrekendur um samstarf þeirra á milli, svo að það er gert ráð fyrir framhaldi, og við munum eftir því, að lengi var hér samhliða þessu máli annað um það, að hér yrði efnt til byggingar á olíuhreinsunarstöð, sem útlendingar áttu að eiga mestan hlutann í. Og ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um það, að verði þetta skref stigið, muni erlendir aðilar koma á eftir og ágirnast það af okkar verðmætum, sem ég tel dýrmætast, sem er einmitt aðstaðan til fiskveiða frá landinu og til fiskvinnslu í landinu sjálfu.

Erlendir auðhringar hafa leitað fyrir sér í þessum efnum hér í nálægum löndum. Fyrst kom sér þar fyrir í Noregi stórfyrirtækið Findus með erlendu fjármagni og fékk að reisa þar mikla fiskvinnslustöð og naut nokkurra sérréttinda þar í landi. En það kom brátt að því, að einn af stærstu auðhringum veraldarinnar setti sig í samband við þennan auðhring, sem var af minna taginu, þótt hann væri stór á norskan mælikvarða, og hinn mikli svissneski auðhringur Nestle eignaðist 80% af hlutafé Findus í Noregi, og stofnað var nýtt risafyrirtæki þar. Norðmenn hafa þegar átt í miklum innanlandsvandamálum í sambandi við tilkomu og rekstur þessa fyrirtækis, og þetta fyrirtæki hefur ekki aðeins reynt að hagnýta sér aðstöðuna í Norður-Noregi, það hefur einnig komið sér fyrir með sína fiskvinnslu í Kanada, og ég efast ekkert um það, að þetta mikla auðfyrirtæki mundi auðvitað leita til langsamlega bezta staðarins í þessum efnum, hingað til Íslands, ef þessi auðhringur teldi, að hér væru möguleikar á að fá aðstöðu. Og þegar fyrsta skrefið hefur verið stigið í þessa átt og ef til dæmis að taka þessi stóri auðhringur leitaði nú hingað og segði við núverandi stjórnarvöld: Eigum við ekki að byggja á Íslandi þrjú eða fjögur risafiskvinnslufyrirtæki? Við eigum nóg fjármagn, við eigum sterka og mikla söluaðstöðu í sambandi við dreifingu á vörunum, við höfum í okkar þjónustu kunnáttumennina, vísindamennina, og við erum tilbúnir að byggja þessar fiskvinnslustöðvar, leggja fram allt fjármagnið. Við fáum væntanlega sömu aðstöðu og hið svissneska alúmíníumfirma fær. — Ég efast ekkert um, að þessi hringur mundi glaður bjóða í upphafi: Ég skal borga ykkur a. m. k. 5 eða 10% hærra verð fyrir fiskinn en nokkur gerir á Íslandi nú. — Og hvað mundu þá íslenzk stjórnarvöld gera? Er það eitthvað alvarlegra að taka við góðum peningum frá slíkum aðila sem þessum og þá fyrir fisk en að taka við peningum frá alúmíníumhring fyrir raforku og aðra aðstöðu? Þessir aðilar kunna til verka alveg eins í þessari grein og í sambandi við alúmíníumframleiðsluna. Þeir vita, að leiðin er sú: Það þarf að útvega sér rétta og góða umboðsmenn í landinu sjálfu, þeir þurfa að hafa einhverja valdaaðstöðu, það er hægt að bjóða þeim sæti m. a. sem íslenzkum ríkisborgurum í stjórn hins mikla fyrirtækis, og það hlýtur að vera hægt að gera vel við þessa aðila í ýmsu formi. Og ég spyr um það: Þegar Íslendingar hafa tekið á þennan hátt upp nýja stefnu í atvinnumálum sínum og þeir stæðu frammi fyrir slíku tilboði sem þessu, sem allar líkur benda til, að gætu komið fram, mundu þá íslenzk stjórnvöld segja: Nei, þetta getum

við ekki samþykkt. Það er aðeins hið svissneska alúmíníumfirma, sem fær þennan rétt? — Ég treysti því ekki.

Ég vil taka annað dæmi, sem ég hygg, að sé einnig mjög nærri því að geta orðið hvenær sem er, þegar þessi stefnubreyting er tekin. Ég vil taka hið brezka auðfyrirtæki Unilever, sem sérstakan áhuga hefur á öllum fiskolíum, eitt hið stærsta í þeirri grein í öllum heiminum. Við framleiðum nú hér yfir 100 þús. tonn af fiskolíum á ári. Við erum þegar orðinn girnilegur staður fyrir þá, sem áhuga hafa á þessari vöru. Ef þessi hringur kæmi og segði við íslenzk stjórnarvöld: Leyfið mér að reisa lýsisherzlustöð á Íslandi, ég hef peningana, ég hef sérfræðingana, ég hef alla aðstöðuna, ég skal borga ykkur a. m. k. 5 eða 10% hærra verð en þið hafið fengið fyrir þessa vöru hingað til, — hvað verður þá gert? Ég held, að eftir að fyrsta skrefið er stigið, sé hætta á því, að annað og þriðja og fjórða skref verði einnig stigin. Menn fara ekki að gera mikinn mun á því, hvort hinn góði peningur kemur úr þessari átt eða annarri. En ég hygg hins vegar, að það verði lítið eftir af íslenzku efnahagslegu sjálfstæði, eftir að tveir eða þrír stórir auðhringar hefðu spannað þannig yfir megingreinar íslenzks atvinnulífs, eins og yrði, ef þetta yrði samþykkt. Ég held, að þá réðum við, úr því sem komið væri, harla litlu.

Ég held því, að þegar tekin er slík grundvallarstefnubreyting sem þessi, verði alþm. að átta sig fyllilega á því, hvað raunverulega er verið að samþ. Það þýðir ekki að stilla þessu máli á þann hátt, sem sumir áróðursmenn fyrir málinu hafa gert, að lengi var það svo, að menn töluðu um: Ja, hér er aðeins um 30 þús. tonna verksmiðju að ræða, 250 Íslendingar eiga að vinna í 30 þús. tonna verksmiðju, þetta er svo sem ekkert, skyldi landið fara á höfuðið, þó að við gerðum þetta? En nú er auðvitað komið í ljós, að hér er ekki aðeins um 30 þús. tonna verksmiðju að ræða. Hún er strax komin upp í 60 þús. tonn, og í skýrslu þeirri, sem hér liggur fyrir til umr., er frá því skýrt, að fyrirtækið vilji fá sér útmælt land og lóð, ekki fyrir 60 þús. tonna, heldur fyrir 160 þús. tonna verksmiðju. Svo er einnig skýrt frá því, að fyrirtækið geri sig ekki ólíklegt að vilja reisa aðra verksmiðju upp á 60 þús. tonn á Norðurlandi. Það er þegar farið að minnast á þetta í upphafi málsins. Og það er líka byrjað að minnast á hinar greinarnar. Það er ekki langt síðan það birtist í Morgunblaðinu mjög athyglisverð grein frá dr. Jóhannesi Nordal. Reyndar var greinin þannig, að það var aðalritstjóri blaðsins, Eyjólfur Konráð, sem þar hafði viðtal við dr. Jóhannes Nordal, því að þar virtust áhugamálin mjög falla saman. En efnið var það, að seðlabankastjórinn sagði, að hann teldi, að eitt af því allra nauðsynlegasta, sem nú þyrfti að gerast í íslenzkum fiskiðnaði, það væri að afla mikils erlends áhættufjármagns í fiskiðnaðinum, það þyrfti að koma hér upp miklu stærri heildum en nú væru hér fyrir, og hann hefði þegar verið í sambandi við erlenda lánastofnun, sem mundi senda fulltrúa hingað til landsins nú á næstunni til þess að ræða sérstaklega um það að láta af hendi mikið erlent fjármagn, sem ætti að vera áhættufjármagn, þ. e. hlutafé í vissu formi í íslenzkan fiskiðnað. Auðvitað er enginn vafi á því, hvað á eftir muni koma í þessum efnum. Og það er þetta, sem er kjarni þessa máls. Spurningin er sú: Á með glaprökum að reyna að leiða menn inn á þessa hættulegu braut með því að villa um fyrir þeim, hvað mikið muni vinnast og hvað hér sé um miklu dýrmætari atvinnugreinar að ræða en þær, sem við eigum sjálfir fyrir í landinu? Á með því að draga hulu yfir þau miklu vandamál, sem hér munu fylgja í kjölfarið, að villa mönnum á þennan hátt sýn og lokka þá hér inn á alveg nýja stefnu og raunar nýja þjóðmálaþróun í landinu?

Ég efast ekkert um, að það eru til þeir menn í landi okkar, sem líta þannig á, að það sé mesta vandamál, hvað atvinnurekendurnir á Íslandi, t. d. í sjávarútvegi og ýmsum öðrum greinum, séu margir, hvað það sé erfitt að eiga við þá. Maður heyrir því meira að segja fleygt hér stundum, hvað liggi við, að þeir hundrað eða um það bil hundrað hraðfrystihúseigendur, sem eru til í landinu, það sé svo mjótt á milli þeirra og ýmissa annarra ekki góðra kröfugerðarmanna, að þeir stilli sér jafnvel upp í kröfufylkinguna með hinum lægst launuðu gegn sjálfu ríkisvaldinu, það sé ekki allt of gott að eiga við þessa aðila. Og þeir menn eru á þeirri skoðun, að það færi miklu betur á því, að það væru bara tveir, þrír eða fjórir verulega stórir erlendir aðilar með rétta umboðsmenn, sem hefðu með þessi mál að gera. Þá væri kannske hægt að láta þær skila fullum arði, hinar kapítalísku efnahagskenningar, sem er verið að reyna á landsmönnum núna. Þá gæti kannske staðizt í framkvæmd að nota þessar formúlur, þó að þær passi ekki á íslenzkt efnahagslíf, eins og það er nú í dag. Það eru efalaust til þeir menn í okkar landi, sem vilja á þennan hátt grundvallarbreytingu í okkar atvinnu- og efnahagslífi. En ég dreg mjög í efa, að það sé meiri hluti landsmanna, sem er á þeirri skoðun. Það held ég, að sé ekki. Ég held, að þeir verði blekktir inn á þessa braut, verði hún ofan á.

Ég vil svo að lokum draga fram nokkur meginatriði af því, sem ég hef verið að segja í athugasemdum mínum og krítik á málið, eins og það liggur fyrir, sem þá jafnframt er hin almenna afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna í þessum málum.

Í fyrsta lagi mótmælum við þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið í þessu mikla máli. Við teljum, að það hafi verið lengst af pukrað með þetta mál og upplýsingum hafi verið haldið fyrir Alþ. og að enn eigi raunverulega að starfa að þessu máli á ólýðræðislegan og óþingræðislegan hátt með því að leggja nú út á samningabrautina í svona stóru máli, án þess að Alþ. hafi tekið stefnumarkandi afstöðu í málinu.

Í öðru lagi teljum við, að gefnar hafi verið að verulegu leyti rangar upplýsingar í þessu þýðingarmikla máli, bæði viðvíkjandi hugsanlegum fjárhagslegum ávinningi af alúmíníumverksmiðjubyggingunni og rekstrinum og eins varðandi virkjunarmálin og varðandi verð á rafmagni.

Í þriðja lagi teljum við, að það sé alveg augljóst, að miklar og hættulegar afleiðingar hljóti að verða af fjárfestingu hér suðvestanlands upp á 4500 millj. kr. á þriggja ára tímabili, eins og nú er ástatt í okkar atvinnu- og efnahagsmálum. Við teljum, að þetta muni leiða af sér truflanir í okkar atvinnulífi og okkar atvinnurekstri yfirleitt og mjög óheppilegar afleiðingar í sambandi við þróun byggðarinnar í landinu.

Í fjórða lagi teljum við, að hætturnar af því, að erlent einkafjármagn fái þá aðstöðu, sem hér er ráðgerð í íslenzku atvinnu- og efnahagslífi, séu gífurlega miklar með sérstöku tilliti til þess, sem búast má við um framhaldið.

Í fimmta lagi bendum við á, að það er ekkert, sem rekur okkur Íslendinga út í alla þessa áhættu, eins og málin standa nú. Afkoma okkar er tiltölulega góð, framleiðsla þjóðarinnar er vaxandi og mikil, og þjóðartekjur okkar eru fyllilega sambærilegar við þjóðartekjur annarra þjóða.

Í sjötta lagi teljum við það síður en svo nokkurn stórhug að vilja ráðast í þessar framkvæmdir á þessum grundvelli. Þvert á móti teljum við, að verði ráðizt í þessar framkvæmdir á þessum megingrundvelli, sem hér hefur verið markaður, og samkv. þeim áætlunum, sem hér liggja fyrir, bendi þetta til uppgjafar hjá forustumönnum þjóðarinnar. Hitt sýndi miklu frekar stórhug landsmanna, að virkja fyrir landsmenn sjálfa og það á myndarlegan hátt, þ. e. að snúa sér að því að efla iðnað landsmanna sjálfra, snúa sér að því að bæta við nýjum starfsgreinum, sem við augljóslega bæði ráðum við og þurfum á að halda í atvinnulífi okkar.

Og í sjöunda lagi teljum við, að Alþ. þurfi að taka þetta mál, eins og það er nú komið, föstum tökum, að það þurfi að efna til nýrra rannsókna í þessum málum, nýrra athugana á öllum staðreyndum, þar sem hagsmunir Íslendinga sjálfra eru settir efst, en ekki alltaf miðað við þarfir og óskir og hagsmuni erlendra aðila, þar sem miðað verði við það að leysa okkar raforkumál út frá okkar hagsmunasjónarmiðum og atvinnumál okkar á sama hátt, og að alveg sérstaklega verði við það miðað að ljá ekki erlendum gróða- eða auðfélögum fangastað á íslenzku atvinnulífi, þannig að þau geti náð meginþráðunum í sínar hendur, áður en við vitum af, en það álítum við skipta hvað mestu máli að forðast það á allan hátt, að erlendir auðhringar nái hér úrslitaáhrifum í íslenzku atvinnulífi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Af skýrslu þeirri, sem útbýtt hefur verið um hið svokallaða stóriðjumál, er ekki hægt að fá nákvæma vitneskju um, hvernig málið stendur, því að mjög margt þarf nánari skýringa við, sem þar er frá greint, en þó einkum í þeim kafla, sem flytur nýjar fréttir hv. þingmönnum, en það er sá kafli skýrslunnar, sem fjallar um, hvernig málin standa núna, en viðhorfið í málinu hefur allmjög breytzt upp á síðkastið.

Nú flæða um borðin ný þskj., sem þarf að lesa, svo að engin dæmi munu til annars eins á Alþingi voru, og er þá mikið sagt. Búið er að sprengja ríkisprentsmiðjuna og farið að fjölrita fyrir löngu. Afstöðu þarf að taka jafnt og þétt um flóknustu og örlagaríkustu nýmæli, en þingfundir svo fast pressaðir, að klipið er af flokksfundatímanum. En þar verður þó að ræða stóru málin, a. m. k. verða þeir að ræða þau þar, sem ekki hafa aðstöðu til að fylgjast með þeim fyrir fram, áður en þau eru lögð fram.

Af sjálfu leiðir, þegar svona stendur á, að enginn kostur hefur verið að verja tíma í að spyrjast fyrir út af stóriðjuskýrslunni eða kryfja hana til mergjar, svo sem þurft hefði fyrir umr., sem verða í flaustri við þessi skilyrði. Eru þetta allt mjög ámælisverð vinnubrögð og engu um þetta að kenna nema seinagangi hæstv. ríkisstj.

Við þessar ástæður tek ég það ráð að minnast á færri atriði en ella mundi orðið hafa, enda skilst mér takmarkaður tími ætlaður í þessar umr., og vil ég ekki verða til þess, að aðrir komi ekki að því, sem þeim finnst mestu skipta á þessu stigi málanna. Ég mun því reyna að takmarka mál mitt sem mest.

Áður en ég kem að sjálfri skýrslunni og því máli, sem hún fjallar um, finnst mér þó, að ég megi til með að nota þetta tækifæri til að segja örfá orð um stefnur varðandi erlent fjármagn til uppbyggingar í landinu. Almennt er um tvær meginstefnur að ræða, sem hægt er að fylgja í því tilliti, þ. e. a. s. þegar um það er að tefla að fá erlent fjármagn inn í löndin til að byggja upp. Það er fyrst lánaleiðin, en þá leið hefur Ísland farið sem betur fer. Hin leiðin er að veita erlendum aðilum sérleyfi eða frelsi til að eiga og reka fyrirtæki í löndunum. Þetta hafa Íslendingar ekki gert að neinu ráði, og stórar ráðagerðir um því líkt hafa ævinlega verið lagðar á hilluna, áður en til framkvæmda hefur komið, þótt þær hafi þó nokkuð oft komið fram.

Ég tel, að við eigum að fylgja lántökustefnunni sem hingað til, en vil ekki fremur en fyrr þar með segja, að ekki komi til mála að gera undantekningu, ef sérstaklega stendur á. En ég vara alvarlega við því að skipta um meginstefnu í þessu efni, sem er þó í vaxandi mæli ráðlagt og ráðgert af ýmsum.

Ég bendi í því sambandi á þrálátar ráðagerðir um, að útlendingar setji hér upp olíuhreinsunarstöð í landinu, sem er ekki stærra fyrirtæki en svo, að vel ætti að vera viðráðanlegt Íslendingum sjálfum, en olía og önnur bræðsluefni eru þær vörur, sem einna mesta þýðingu hafa í þjóðarbúskapnum.

Ég nefni einnig ýmsar ráðagerðir, sem nú

eru farnar að koma fram um erlent hlutafé í fiskiðnaði og ýmsar aðrar atvinnugreinar í landinu. Mér finnst það ekki heldur spá góðu, að meiri hluti stjórnarflokkanna á Alþ. vildi ekki á dögunum krefjast þess, að Íslendingar eigi 75% af hlutafé, til að félag teljist innlent, þegar Norðurlandaþjóðir krefjast þess, að 80% af hlutafé sé innlent, til þess að fyrirtækin teljist raunverulega innlend. Út af þessu hef ég áhyggjur, og ég vara við þessu. En þá má spyrja: Hvers vegna ekki breyta um og taka útlendinga inn í atvinnureksturinn á mörgum sviðum? Í fyrsta lagi vegna þess, að erlend fyrirtæki geta ekki jafnazt á við innlend, því að gróðinn og afskriftafé fer beint út úr landinu. En það er einmitt gróðinn eða afgangurinn og afskriftafé, sem byggir upp fyrir framtíðina mest í atvinnulífi landsins. Ég bendi á, að jafnvel auðug þjóð eins og Kanadamenn hefur átt í hinum mestu erfiðleikum vegna þess, hve mikið hefur verið þar í landi um erlenda fjárfestingu.

Engin trygging er fyrir stöðugum rekstri erlendra fyrirtækja. Þau deila yfirleitt ekki kjörum við landsmenn og hafa gróðasjónarmiðið eitt að leiðarljósi, og það er skylt að gera sér fulla grein fyrir þessu. Við höfum líka reynslu fyrir þessu, Íslendingar, af erlendum fyrirtækjum, sem hér hafa rekið togaraútgerðir o. fl., þótt nú sé farið að fyrnast yfir slíkt hjá mörgum.

Erlendir aðilar hljóta að verða áhrifaaðilar innanlands, ef rekstur erlendra verður verulegur þáttur í atvinnulífinu, og þetta sanna eldri og ný dæmi víðs vegar um lönd allt í kringum okkur. Jafnvel í háþróuðum iðnaðarlöndum Evrópu er „erlenda atvinnurekstrarmálið" orðið verulegt vandamál, hvað þá í öðrum heimsálfum sumum, þar sem heimafólk er skemmra á veg komið, en erlendir hafa mikinn rekstur með höndum.

Ég bendi á, að það að taka inn erlent hlutafé í fyrirtæki yfirleitt í stórum stíl, t. d. í stað þess að taka lán handa Íslendingum sjálfum í fyrirtækin, verður yfirleitt dýrara Íslendingum en að taka lánin. Og þegar talað er um að kaupa svo hlutabréfin af útlendingunum aftur, ef vel gangi, hvað kostar það? Hvað kostar það? Hvað kostar þá það fjármagn Íslendinga, sem þannig er fengið eftir þeirri leið, í staðinn fyrir eftir lánaleiðinni, sem yfirleitt hefur verið notuð fram að þessu?

Og hvernig ættu yfirleitt erlend stórfyrirtæki hér að komast í eigu Íslendinga, eins og sumir þeirra tala um, sem ráðleggja stefnubreytinguna? Menn vitna í Norðmenn í þessu sambandi, en ég hygg, að Norðmenn hafi fyrst og fremst eignazt þau fyrirtæki erlendra, sem tekin voru í bætur af Þjóðverjum. Eða hvernig hugsa menn sér, að erlend fyrirtæki hér kæmust í eigu Íslendinga? Ég hef ekki séð málefnalegar umr. um það, hvernig slíkt ætti eða mætti verða, en meira af bollaleggingum um, að slíkt kynni að geta skeð.

Íslendingar eru allra þjóða smæstir og hafa ríkari ástæðu til þess en nokkur önnur þjóð að fara varlega, enda hefur verið farið mjög varlega í þessum efnum og vel farnazt og mikið gert samt í landinu.

Ég vara alvarlega við því að líta svo á sem atvinnurekstur útlendinga geti yfirleitt jafnazt á við rekstur innlendra að gagnsemi fyrir þjóðarbúið, og ég vara við því að ráðgera fullum fetum þátttöku erlendra í hverri starfsgreininni á fætur annarri, eins og hér sé ekki um nokkurt vandamál að ræða, heldur stefnu, sem upp eigi að taka. En slíkar ráðagerðir má heyra nálega daglega, t. d. einhvers staðar úr herbúðum sjálfstæðismanna.

Ég legg ríka áherzlu á, að þeirri meginstefnu verði fylgt sem áður, að atvinnurekstur á Íslandi sé í höndum Íslendinga og af þeim rekinn, og komi annað til greina, þá sé þar um hreinar undantekningar að ræða samkv. sérstökum samningi hverju sinni og sérstökum lögum hverju sinni og tryggilega um búið, eftir því sem verða má, og þá gert til þess að leysa verkefni, sem annars eru óleysanleg, en mjög þýðingarmikil fyrir landsmenn. Sé þess þá og vandlega gætt, að rekstur erlendra aðila verði aldrei nema lítill hluti af atvinnurekstrinum í landinu. Þessi hefur og verið stefna Framsfl. frá fyrstu tíð, að því viðbættu, að slík fyrirtæki njóti ekki hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi og lúti íslenzkum lögum. Síðast, en ekki síst tek ég þó fram, að flokkurinn hefur ætíð lagt mikla áherzlu á, að staðsetning slíkra fyrirtækja stuðlaði að jafnvægi í byggð landsins, enn fremur, að með þessu móti, ef til kæmi, flyttist í landið verkkunnátta og ný tækni.

Framsfl. hefur alltaf fylgt lánastarfsemi varðandi erlent fjármagn, en aldrei lokað fyrir, að samningar ættu að geta komið til greina við erlenda aðila um atvinnurekstur, ef sérstaklega stæði á, og þá sem undantekning frá meginreglunni. Þannig hefur þetta verið frá fyrstu tíð í Framsfl., og ég vitna til þess, að á Þingvallafundi framsóknarmanna 1919 var ályktað um þessi efni efnislega á þá lund, að fara skyldi varlega, en ljá þó máls á, ef þannig stæði á, að einn sérleyfissamningur yrði gerður hér í landinu til reynslu.

Auðvitað hefur hin varfærnislega afstaða framsóknarmanna eða Framsfl. alltaf verið talin ámælisverð af einhverjum og stefnan óskýr og þá ýmist legið á hálsi fyrir að vilja ekki fyrir fram annaðhvort útiloka allt, sem kæmi til greina af þessu tagi, eða fyrir fram gína við öllu skilyrðislaust, opna þá sem sé allar gáttir fyrir útlendingum til að reka hér atvinnu og veita þeim sérréttindi og fríðindi umfram landsmenn sjálfa o. s. frv., o. s. frv.

Það vantar ekki álas venjulega í þeirra garð, sem þræða vilja vandrataðar götur í þessum efnum. En engin ástæða er til að kippa sér upp við þetta eða láta leiðast í öfgarnar, þótt stundum sýnist léttara í bili að skeiða á þeim brautum.

Ég kem þá að stóriðjumálinu svokallaða, sem hér liggur fyrir skýrsla um. Ríkisstj. hefur árum saman, að því er virðist, bitið sig nokk-

uð fast í þá hugmynd, að næstu virkjun á Íslandi skyldi og yrði að fylgja alúmíníumbræðsla. Út af þessu hefur hún vafið þessi tvö mál saman, og hefur það orðið til þess, að virkjunarmálin hafa tafizt til tjóns. Látið hefur verið í veðri vaka, að ekki mundi hægt að virkja hagkvæmt né myndarlega nema fá stóriðju með. Nú liggur á hinn bóginn fyrir, að slíkt er hægt, sem raunar átti að vera ljóst frá upphafi. Búrfellsvirkjun í Þjórsá, t. d. fyrsti áfangi hennar, er sízt meiri áfangi í virkjunarmálum landsins en Sogsvirkjunin á sinni tíð og hæfilega stór áfangi fyrir þarfir Íslendinga sjálfra, en stórmyndarleg framkvæmd.

Framsóknarmenn hafa lagt á það megináherzlu, að alúmíníumbræðsla, ef til kæmi, gæti stuðlað að því að leysa byggðavandamálið. En það hefur engar undirtektir fengið enn þá að staðsetja slíka verksmiðju annars staðar en hér í mesta þéttbýlinu, sem mundi auka byggðavandamálið í stað þess að hjálpa til að leysa það. Haldið hefur verið áfram sleitulaust að því marki, eins og annað sjónarmið kæmi ekki til greina, og ber raunar allt þann svip, að sú staðsetning hafi verið ákveðin í raun og veru eða málið fest í þeim farvegi, áður en þm. var sýnt dálítið inn fyrir tjöldin í þessum efnum í nóvember í haust.

Svo er helzt að sjá t. d., að Norðurland og Dettifossvirkjun hafi verið úrskurðuð frá einhvern tíma snemma í málinu á þeim grundvelli, að Dettifossvirkjun þarfnaðist 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju til að fá raforkuverðið *nægilega niður*, en Svisslendingar þá ekki sagðir vilja reisa nema 30 þús. tonna verksmiðju. En nú um miðjan vetur sveiflaðist málið allt í einu í annan farveg, og kemur í ljós, að Svisslendingar geri að skilyrði að reisa 60 þús. tonna verksmiðju, og þannig er komið gerbreytt viðhorf í málinu, sem ásamt fleiru gerir eðlilegt og nauðsynlegt, að staðsetningarmálið sé endurskoðað frá grunni. Enn fremur liggur ekki fullnægjandi fyrir um, hvaða aðrir staðir hafa verið úrskurðaðir frá og þá af hverjum eða með hvaða rökum, en er þó að því vikið í skýrslunni, en um þetta þyrfti að upplýsa.

Gert er ráð fyrir því í þessari skýrslu, að svissneska fyrirtækið kaupi raforku af Búrfellsvirkjun fyrir 2½ mill, *eins og það er orðað á* tæknimáli um einingarverðið í skýrslunni, þ. e. a. s. fyrstu 15 árin, en óljóst fyrir mér, hvernig svo á að breyta verðinu eða hvernig það verður í framkvæmd. Upplýst er í skýrslunum, að Alþjóðabankanum þykir þetta of lágt verð fyrir raforkuna handa raforkuverinu, a. m. k. fyrstu árin. Er því ráðgert að taka hlut af skatttekjum af félaginu og borga í nokkur ár sem eins konar uppbætur á raforkuverðið upp í 3 mill. Samt er ætlað, að raforkuverið borgi engin aðflutningsgjöld, og er það í fyrsta sinn, sem raforkuver fær slík hlunnindi á Íslandi. Ráðgert raforkuverð er líka, að því er mér skilst, nálægt 17% lægra en Norðmenn fá fyrir raforku til alúmíníumvera, eftir því sem upplýst er í skýrslunum. Þeir eru sagðir fá 3 mill.

Um hagnað fyrir raforkuverið af orkusölusamningi, sem gerður væri núna um fast verð til 15 ára úr orkuveri, sem á að byggja á næstu 7 árum, skilst mér vægast sagt allt vera á huldu, þar sem óðaverðbólga ræður hér ríkjum og allt efnahagskerfið í upplausn, sem verið hefur árum saman. Þar sem svo er ástatt, er engar áætlanir nokkuð að marka og allt á flugsandi byggt.

Orkuverið er áætlað í þessum plöggum tæpar 1700 millj., en hæglega gæti þannig til tekizt, að endanlegt verð yrði 2500 millj. eða hver veit hvað? Byggingarkostnaður mun t. d. hafa hækkað hér um a. m. k. 40% á 4 síðustu árum. Hvernig yrði þá komið hag orkuversins og þessum málum yfirleitt og þessum viðskiptum, og hvernig ætti að leysa slíkt vandamál? *Ráðstafanir til að vinna bug á óðadýrtíðinni* og koma á heilbrigðri þróun efnahagsmála virðast því alger forsenda þess, að hægt sé að gera samninga af svona tagi. Sjá menn á því, að ekki verður þetta mál slitið úr sambandi við önnur atriði efnahags- og atvinnumála.

Fram kemur af skýrslunni, að ekki er gert ráð fyrir því, að alúmíníumverið sitji við sama borð og íslenzkir atvinnurekendur varðandi skattgreiðslur og álögur. Það á ekki að vera undir íslenzkum skattalögum. Ómögulegt er að átta sig á því til fulls, hvað í skýrslunni stendur um þetta, nema fá skýringar og útlistanir, t. d. hvernig greiðslur hugsanlega passa við greiðslur samkv. íslenzkum skattalögum í dag, enda verða menn til þess að geta spáð um afkomu fyrirtækisins fram í tímann, svo að það yrði víst í meira lagi örðugt, þótt ýmsir Íslendingar taki sér það nú fyrir hendur. Hitt sést, að talað er um, að skattar, útsvör og álögur fari aldrei yfir 50% af ágóða í 45 ár, sem á að verða hinn raunverulegi samningstími, og er það athyglisvert, að nú er fullum fetum farið að tala um hámarksprósentu af ágóða í þessi gjöld, en upphaflega var sagt, að sérreglan ætti að vera og raunar þyrfti að vera fyrir félagið, til þess að Íslendingar þyrftu ekki að reyna að gera upp reikninga félagsins til skatts, því að það væri svo erfitt. Er hér því sú ástæða fyrir sérreglu að falla burt eftir þessum nýjustu fréttum. Lágmarksskattagreiðslur eiga að vera 4—8 millj. á ári. Ekki eiga skattar né álögur á fyrirtækið að hækka í 25 ár, þótt álögur aukist á Íslandi, en fylgja allt öðrum reglum. Eftir því sem ég bezt veit, hafa hliðstæð fyrirtæki í Noregi lotið almennum skattalögum þar, en það verður þá leiðrétt, sé þetta misskilningur.

Tollahlunnindi mikil á verksmiðjan að hafa umfram nálega allan íslenzkan atvinnurekstur, og munar það ekki neinum smávegis fjárhæðum, og verður þarna um mikið misrétti að ræða, nema miklar breytingar verði gerðar á tollalöggjöf Íslendinga.

Oft hefur verið sagt, að Íslendingar mundu geta eignazt hlut í alúmíníumbræðslum, sem síðar yrðu byggðar, og helzt þá talað svo sem bygging þeirrar fyrstu gæti orðið grundvöllur að slíku. Þetta atriði finnst mér nauðsynlegt

að ræða nánar, en ég fæ á hinn bóginn ekki séð, að í þessum ráðgerðu viðskiptum við Svisslendingana sé nokkurs staðar að finna þá fjármagnssöfnun Íslendinga, sem geti gefið vonir um, að þeir hefðu fé að leggja út frá þessu í þess konar verksmiðjur síðar að einhverju verulegu eða öllu leyti. Ég segi þetta núna vegna þess, að í sjálfri skýrslu ríkisstj. eru hugleiðingar um framtíðarþátttöku okkar sjálfra síðar í alúmíníumbræðslu, en þessi mikilsverði þáttur málanna ekkert ræddur. Ég kem ekki auga á neina brú yfir það úr þessum viðskiptum, en missýnist mér, mun ég verða leiddur í allan sannleika.

Í þessu sambandi á einnig við að benda á, að frá því greinir í skýrslu ríkisstj. á bls. 8, að menn hafa gefizt upp við samninga um eignarhlutdeild Íslendinga að loknum samningstímanum, þ. e. a. s. þessum 45 árum, enda þótt sagt sé, að fram hafi komið skýrt, að Svisslendingar teldu æskilegt að tryggja rekstur eða uppgjör, eins og það er orðað, verksmiðjunnar á einhvern hátt í lok tímabilsins. En samningar um þetta hafa strandað, að því er fram kemur, og þá helzt ráðgert í skýrslunni, að þetta sé opið og óumsamið. Allt þarf þetta nánari athugunar við, en sýnir hvað með öðru, að ekki er Íslendingum auðgengið inn í atvinnurekstur af þessu tagi, og verða menn að hafa alveg opin augun fyrir því. Vantar raunar alveg málefnalegar umr. hér í landinu um þennan þátt þessara mikilsverðu mála.

Sjálfsagt er að gefa vandlega gaum bæði að kostum og göllum í þvílíku stórmáli sem þessu og áríðandi, að sem flest komi fram í umr. og málflutningi, svo að mönnum veitist léttara að mynda sér endanlega hleypidómalausa skoðun. Því drep ég m. a. á, að í skýrslu stjórnarinnar er komið inn á það, sem oft hefur verið lögð mikil áherzla á af öðrum, að út frá alúmíníumvinnslu hér muni íslenzkir aðilar, íslenzk fyrirtæki, geta komið upp atvinnurekstri á eigin spýtur til að vinna úr alúmíníummálminum frá verksmiðjunni. Er sagt, að þegar sé farið að athuga þetta. En ég hef hvergi séð þetta skýrt nánar og ekki heldur í þessari skýrslu, en bara sagt, að hér sé um mjög stórfelldan þátt að ræða í málinu. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðh., sem fjallar um þessi málefni: Hvað kemur aðallega til greina að vinna hér úr alúmíníummálmi frá svona verksmiðju? Eiga þær vörur að vera til útflutnings, og eru líkur til, að við getum keppt við aðrar þjóðir í slíkum iðnaði? Og af hvaða stærð eða stærðargráðu, eins og sérfræðingar segja stundum í mæltu máli, eru þá þær verksmiðjur, sem til þess þarf að annast slíkan atvinnurekstur? Eru þær verksmiðjur á okkar meðfæri, sem til þess þarf að annast slíkan atvinnurekstur? Eru þær verksmiðjur á okkar meðfæri eða er þá hugsunin, að erlendir ættu þá enn að koma til? Eða er hér átt við að framleiða úr alúmíníum fyrir innanlandsmarkað einvörðungu, og hvaða iðnaður yrði það þá aðallega?

Um þetta vantar upplýsingar, sem þyrftu að koma fram, því að þessi þáttur þarf að skoðast ásamt öðru sem æðistórt atriði í málinu. En ríkisstj. hlýtur að vita talsvert um þetta, það sýna ummælin í skýrslunni, þótt almenn séu.

Stórt orkuver og stóriðjufyrirtæki eru miklar framkvæmdir á okkar mælikvarða, sem bezt sést á því að hugsa sér, að hlutfallslega jafnstórar einstakar framkvæmdir kæmu til greina í nálægum, fjölmennari löndum. Ef menn setja upp þetta dæmi fyrir sér, fá menn betri hugmynd um, hve hér eru stórir hlutir á ferðinni, enda telur stóriðjunefndin þetta meðal hinna meiri háttar vandamála og í því sambandi vinnuaflið. Þetta vandamál mundi minnka stórlega, ef staðsett væri þar, sem þessar framkvæmdir gætu hjálpað til að leysa okkar stórfellda byggðavandamál, t. d. við Eyjafjörð. Á hinn bóginn magnast og margfaldast þetta vandamál, ef því er fram haldið endanlega að staðsetja stóriðju þar, sem hún eykur sogkraftinn, sem dregur fólkið úr þremur landshlutum í einn stað. En einmitt sú þróun er eitt helzta áhyggjuefni langflestra hugsandi manna í landinu og það ekkert síður þeirra, sem búsettir eru á mesta þéttbýlissvæðinu. Og skilningur á þessu vandamáli eykst sífellt. Ekki minnkar þessi vandi við það, að í vændum eru taldar á sömu slóðum verulegar framkvæmdir, í Hvalfirði, á vegum Bandaríkjamanna, sem væntanlega taka til sín talsverðan mannafla, ef úr verður, nema hugsunin sé að fresta þeim, eins og að vísu lauslega hefur komið fram hjá mönnum, sem kunnugir eru mörgu því, sem er að gerast.

Ráðgert er, að nálægt 900 manns þyrfti við virkjun og verksmiðju, þegar mest væri á framkvæmdatímanum, og að þessu dregst svo þjónustulið og viðskiptalið, sem tölu er erfitt á að koma eða á að gizka, hversu fjölmennt yrði. En það er ekkert smávægilegt, sem um er að vera í kringum svona lagað, með beinum eða óbeinum hætti, ef til kemur.

Af þessu sjáum við glöggt, að framkvæmdir af þessu tagi verða ekki slitnar úr sambandi við aðra þætti í þjóðarbúskapnum, heldur hafa þessar framkvæmdir þau áhrif, að allar áætlanir um aðrar framkvæmdir í landinu yrði að gera með tilliti til þeirra. Allar áætlanir um aðrar framkvæmdir í landinu yrði um margra ára bil að gera með tilliti til þeirra. Fram hjá þessu verður ekki komizt.

Það er því nauðsynlegt og hollt að minna á verkefnin, sem skoða verður í sambandi við þessar stóriðjuáætlanir og aðrar fyrirætlanir í landinu. Íslenzka framleiðsluatvinnuvegi vantar mjög vinnuafl, og sem betur fer úir allt og grúir af áætlunum um eflingu þeirra, sem ýmsar komast þó ekki í framkvæmd vegna skorts á vinnuafli, því að það fer í annað. Samt eru íbúðabyggingar á eftir og húsnæðisvandræði fara vaxandi. Vegagerðir, hafnargerðir, skólabyggingar, sjúkrahúsabyggingar og rannsóknarframkvæmdir í þágu sjálfra atvinnu-

veganna eru langt á eftir þörfinni, svo að í öngþveiti stefnir nálega í sumum greinum. Byrjað er samt að skera framlög til þeirra niður til að draga úr framkvæmdaþenslunni, að sagt er. Og í álitsgerð stóriðjunefndar eru ráðagerðir um, að einmitt opinberar framkvæmdir verði að víkja fyrir stóriðjunni, ef til kemur.

Fyrirhuguð staðsetning stóriðju eykur stórkostlega þörfina fyrir nýjar framkvæmdir í öðrum landshlutum, ef ekki á að snarast gersamlega og endanlega. Það er hér í skýrslunni talað um að taka upp hugmyndina um jafnvægissjóð og setja upp framkvæmdasjóð strjálbýlis með hluta af skatttekjum frá alúmíníumverinu sem tekjustofn. Allt er betra en ekkert, sem sýnir viðleitni í þessa átt. En hvað dugir það, ef enn verður magnaður vandinn margfalt á móti því, sem þarna á að koma til? Og enginn getur spáð um skatttekjur af verinu, eins og nú er ráðgert um skattreglurnar, nema lágmarkið vitum við, hvað verður.

Hér mundi því þurfa allt önnur og meiri átök en þetta. En þá verða það að vera nýjar framkvæmdir, sem þurfa vinnuafl og aftur vinnuafl, og einmitt ekki sízt á meðan verður vinnuaflið fastast togað í þessar stóriðjuframkvæmdir. Annars koma þvílíkar ráðstafanir ekki að gagni til að styðja byggðina í landshlutunum, er mest á ríður einmitt á þessum sömu árum.

Hvað á svo að víkja út úr þessu dæmi? Auðvitað veit ég um fjárfestingarsóunina, sem á sér stað, og vinnuaflssóunina, sem verðbólgan hefur í för með sér, hina skipulagslausu handahófs- og verðbólgufjárfestingu, sem sogar til sín fjármuni og vinnuafl. En verður verðbólgufjárfestingin látin víkja? Verður ráðin bót á því ástandi, sem henni veldur, eða tekin upp skynsamleg stjórn á fjárfestingarmálunum? Því miður bendir fátt eða ekkert til þess og allar ráðagerðir vísa í öfuga átt, því er verr. Eða hvað sýnir 20% niðurskurður verklegra framkvæmda hins opinbera og ráðagerðir um framhald af slíku? Og hvað sýnir reynsla þeirra Íslendinga, sem eru að reyna að koma upp nýjum atvinnurekstri eða bæta þann, sem fyrir er?

Ég ætlaði með þessum fáu orðum um þetta mikla efni m. a. að reyna að sýna fram á, að þessi stóriðjuplön eða áætlanir er ekki hægt að einangra né unnt að taka afstöðu til þeirra að fullu, nema meta um leið margt annað, æðiveigamikið og örlagaríkt, varðandi framkvæmdir og áhugamál einstaklinga og á þjóðarbúinu.

Mín ályktunarorð að sinni eru því þessi: Ég tel nauðsynlegt að snúa sér að því með mesta mögulegum hraða að virkja myndarlega, miðað við okkar raforkuþörf, og þá m. a. fyrsta áfanga við Búrfell, ef ekkert óvænt kemur fram á lokastigi, og þá með stækkunarmöguleikum að sjálfsögðu, og svo raforkuver og tengilínur fyrir aðra landshluta eftir þörfum. En stóriðjuáætlanirnar og höfuðþætti í efnahags-, atvinnu- og fjárfestingarmálum tel ég að þurfi að endurskoða frá rótum. Tel ég þau höfuðsjónarmið, sem taka þurfi tillit til, koma fram í ályktun aðalfundar miðstjórnar Framsfl., sem samþykkt var í síðasta mánuði og ég leyfi mér að ljúka máli mínu með því að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af þeim samningaumleitunum, sem nú standa yfir um alúmíníumvinnslu hér á landi, lýsir miðstjórnin því yfir, að slíkt stórmál sé ekki hægt að afgreiða nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum og ekki tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir búa nú við. Eins og sakir standa er því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt sé að ráðast í stóriðju. Hið erlenda fyrirtæki njóti engra hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi og lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og raforkusala til þess standi a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Enn fremur hafi íslenzk stjórnarvöld á hverjum tíma íhlutun um skipun stjórnar verksmiðjunnar og meiri hluti stjórnenda séu íslenzkir ríkisborgarar.

Miðstjórnin minnir sérstaklega á, að staðsetning alúmíníumverksmiðju á mesta þéttbýlissvæði landsins mundi, eins og nú háttar, auka mjög á ójafnvægi í byggð landsins. Að óbreyttum þeim aðstæðum felur miðstjórnin framkvæmdastjórn og þingflokki að beita áhrifum sínum þannig, að verksmiðjan verði staðsett annars staðar."

Með þessu vil ég ljúka máli mínu, en ályktunarorðin eru þau, að ég tel, að stóriðjuáætlanirnar og höfuðþætti í efnahags-, atvinnu- og fjárfestingarmálum þurfi að endurskoða frá rótum, eins og nú standa sakir.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er alkunna, að fjölmargar þjóðir, sérstaklega smáþjóðir, sem eru að byggja upp atvinnulíf sitt á skömmum tíma, leitast við að ná til sín erlendu fjármagni, fá erlenda aðila til að byggja verksmiðjur eða atvinnufyrirtæki í landinu. Við þekkjum viðhorf Norðmanna í nágrenni okkar allt aftur til aldamóta og síðustu tilraunir þeirra til að auka þessa starfsemi, sem Trygve Lie hefur fengið að verkefni. Við vitum það, að margar þjóðir ganga svo langt í þessum efnum, að þær tryggja svo að segja hverjum, sem koma vill, margvísleg hlunnindi, þ. á m. tollfrelsi og oft algert skattfrelsi, t. d. til 10 ára. Við Íslendingar höfum byggt upp atvinnulíf okkar með mjög miklum þrótti undanfarna áratugi, en höfum þó ekki gripið til þessarar aðferðar. Við höfum fylgt þeirri leiðinni að tryggja okkur erlent lánsfé, en hleypa erlendum aðilum ekki inn í landið frekar.

Nú hefur verið mikið um það rætt undanfarið, hvort rétt væri að fylgja þessari stefnu áfram algerlega og undantekningarlaust. Þar eru sjálfsagt margar skoðanir, og eru þeir menn til, sem vilja keppa að því takmarkalítið að ná erlendu fjármagni á allan mögulegan hátt inn í landið og hleypa útlendum

fyrirtækjum hingað inn og mundu sjálfsagt telja það eðlilegt, að við gerðum það sama og margar aðrar þjóðir hafa gert, að setja löggjöf um slík mál, bjóða upp á viss hlunnindi þeim, sem koma vilja. Aðrir standa gersamlega á móti því að hleypa erlendum fyrirtækjum inn eða taka erlent fjármagn á þennan hátt. Á milli þessara tveggja sjónarmiða eru enn aðrir aðilar, og í þeim flokki er Alþfl. Við höfum ekki talið rétt, að sett yrðu nein almenn ákvæði um innflutning á erlendu fjármagni, að það verði sett nein lagaleg skilyrði, sem mætti kalla ramma utan um slíkan innflutning. Hins vegar höfum við ekki talið rétt að útiloka algerlega, að þjóðin geti notað þessa leið til þess að koma upp nýjum atvinnugreinum, en við viljum, að það sé metið hverju sinni og ákvörðun tekin um hvert og eitt tilfelli. M. ö. o.: við teljum rétt að fara mjög varlega inn á þessa leið, að gæta þar ýtrustu varúðar.

Nú hefur verið um nokkurt árabil rætt um þann möguleika að koma hér upp erlendum alúmíníumverksmiðjum. Hugmyndir um virkjun fallvatnanna eru gamlar, og enginn getur neitað því, að ef Einari Benediktssyni og félögum hans hefði tekizt betur en á horfðist, þeir hefðu komið upp stórvirkjun í Þjórsá og áburðarverksmiðju á árunum um og eftir 1920, hefðum við haft þar stóra atvinnugrein, og getur enginn efazt um það, að við mundum vera komin langleiðis með að ná áhrifum útlendinganna alveg þar í okkar hendur, eins og á málum hefur verið haldið hér síðan.

Ástæðan til þess, að talað er um alúmíníum, er fyrst og fremst sú, að það er orkufrek atvinnugrein og orkuna getum við haft. Mér virðist, að alúmíníumiðnaður gæti orðið mjög góð viðbót við íslenzka atvinnuvegi, ný atvinnugrein, sem mætti hafa af margvíslegt gagn. Ég vil vara við því að ota hugmyndinni um nýja atvinnugrein gegn hinum eldri atvinnuvegum og gera úr þessu máli einhvers konar togstreitu, t. d. á milli sjávarútvegs, fiskiðnaðar og landbúnaðar annars vegar og þeirrar hugsanlegu nýju atvinnugreinar. Mér kemur ekki til hugar, að nokkur maður geti á það fallizt að tala um nýjar atvinnugreinar með erlendu fjármagni eða án þess, sem væru látnar ganga út yfir eðlilega þróun og öra þróun í höfuðatvinnuvegum þeim, sem eru fyrir. Og það er því að skemmta skrattanum og skaða sjálfa okkur og enga aðra, ef við fjöllum um það mál á þann hátt að tala um þetta sem togstreitu eða reyna að magna einhvers konar samanburð og kapp á milli atvinnuvega.

Við þurfum að nota raforkuna, hana getum við haft. En nú er komin til kastanna kjarnorka, og okkur er tjáð, að innan fárra ára verði raforkuver knúin kjarnorku samkeppnisfær við vatnsaflið. Það hefur verið reynt að spyrja ýmsa erlenda sérfræðinga um álit þeirra á því, hve fljótt þetta muni gerast. Og margir þeirra, sumir, sem hér hafa verið á ferð, hafa talað um 4—5 ár. Aðrir tala um nokkru lengri tíma. En þess höfum við orðið vísir, að frændur okkar Norðmenn hafa miklar áhyggjur af þessu vandamáli og hafa einsett sér að virkja nú fljótlega það fossaafl, sem er ónotað og þeir geta við ráðið, og reyna að afskrifa orkuverin, ef þess er nokkur kostur, á næstu 20—30 árum. Hugmyndin hjá þeim er sú, að þeir verði að vera við því búnir, að kjarnorkan bjóði betur, raforku ódýrari til iðnaðar en fallvötnin geta gert, eftir rúmlega 20—30 ár, en þó muni mega hafa mikil not af vatnsorkunni, ef um er að ræða orkuver, sem hafa verið að verulegu leyti skrifuð niður.

Þetta sjónarmið verðum við að taka til greina, og það er vert að taka eftir viðhorfum Norðmanna, sem okkur standa næstir. Það getur farið svo, að ef við getum ekki notað vatnsorku okkar til iðnaðar í stórum stíl á næstu 2—3 áratugum, missum við alveg af þeim strætisvagni.

Í sambandi við það að hleypa erlendu auðfyrirtæki inn í landið eru að sjálfsögðu fjölmargar hættur. En Íslendingar eru þjóð, sem hefur mjög sterka þjóðernistilfinningu og mikla árvekni í þeim efnum, eins og sjá má, heyra og lesa hér á hverjum degi, og við megum ekki láta minnimáttarkenndina ráða þessum málum, heldur þurfum við að sýna árvekni og skynsemi. Þegar þess er gætt og þess verður einnig gætt, hve mikil áhrif erlendra fyrirtækja hafa verið á stjórnmál, fullveldi og félagsmál í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi, þá held ég, að áhættan á því sviði sé ekki svo mikil, að það sé ekki rétt að taka hana í einu tilfelli. En hitt vil ég ítreka, að árvekni okkar megum við aldrei tapa á þessu sviði.

Ef til vill er ekki rétt að tala um það gagn, sem þjóðin muni hafa af væntanlegu alúmíníumveri í krónum og aurum. Ef til vill verður það, sem við höfum bezt upp úr því fyrirtæki, tæknin, að með þessu opnum við braut inn á nýtt svið iðnaðar, eins og við höfum áður gert með verksmiðjum, sem voru stórar á okkar mælikvarða. Og ef við fáum inn í landið tæknikunnáttu og verkkunnáttu á sviðum, þar sem við höfum þá kunnáttu ekki, þá er til mikils að vinna, og hinu er rétt að taka eftir, að ég hygg, að engin þjóð nú á dögum, sem hefur lífskjör eins og við eða vonir um lífskjör eins og við Íslendingar, láti sér detta í hug, að hún geti haldið uppi slíkum lífskjörum án þess að hafa iðnað og hraðvaxandi iðnað.

Staðsetning verksmiðjunnar er mikið og vandasamt mál og verður að taka þeim rökum, sem kunnáttumenn færa fram í þeim efnum. Virðist svo sem því miður sé ekki um þann möguleika að ræða, að þessi verksmiðja verði byggð norðanlands. Hins vegar hefur ríkisstj. skýrt frá þeirri hugmynd sinni, að hún muni leggja til, að meginið af þeim sköttum, sem þessi verksmiðja muni greiða, verði notað til þess að koma upp atvinnuvegum í dreifbýlinu, og má þá vissulega gera ráð fyrir því, að verksmiðjan geti orðið að miklu gagni, því að sjálfsagt yrði hér um að ræða 1000—1500 millj. kr. á næstu 15—20 árum.

Mér finnst, að þessi hugmynd ætti að geta gengið eins langt og hægt er að ganga, að því er bezt verður séð í dag, til þess að sætta landshlutana um þetta mál. Það er hverju orði sannara, sem hér hefur komið fram, að slíkar framkvæmdir verður að athuga innan ramma efnahagskerfisins alls og má ekki líta á þær einangraðar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að gera mun sterkari og víðtækari áætlanir fyrir næstu ár en hingað til hafa verið gerðar, og þarf þá mjög að taka til athugunar, á hvern hátt hægt er að tryggja framkvæmd áætlananna betur, hvort það verður gert með einhvers konar áætlunarráði eða á annan hátt. Framkvæmdaáætlun þarf að sjálfsögðu að gera og um leið áætlun um vinnuafl. En að sjálfsögðu byggjast öll þessi áform fyrst og fremst á því, hve þjóðinni fjölgar ört, og 400—450 manna starfslið við þessa verksmiðju mundi vera rúm 10% af árlegri fólksfjölgun í landinu, eins og nú standa sakir. Ýmsir hagfróðir menn hafa varað við því, að ástandið á vinnumarkaðinum, sem við höfum búið við nú undanfarin ár, sé engan veginn tryggt og það mundi vera mjög óvarlegt af okkur að telja, að hin mikla atvinna, sem við höfum haft, sé árviss, án þess að neitt sé frekar um það hugsað. Það getur vel komið til, að raða þurfi framkvæmdum, láta einhverjar aðrar bíða meðan mestur mannfjöldi yrði við byggingu orkuversins og þessarar verksmiðju, og hygg ég þá, að framkvæmdir eins og skrifstofuhallir og verzlunarbyggingar mættu vera þar efst á borði. Hitt verður að sjálfsögðu að fara mjög varlega í, að draga úr framkvæmdum ríkisins eða láta slíkan tilflutning innan framkvæmdaáætlunar ganga yfir ríkissviðið eitt. Ástandið í þessu landi er miklu nær því að vera þannig, að ríkis- og bæjaframkvæmdir séu á eftir miðað við aðra hluta efnahagslífsins.

Það hefur verið gagnrýnt hér, að væntanlega muni alúmíníumfyrirtækið fá að flytja inn vélar og tæki tollfrjálst. Ef þetta verður gert, eins og allar horfur eru á, tel ég, að þetta ætti að vera aðeins eitt skref í þeirri þróun, sem þegar er byrjað á, að reyna að draga úr þeirri tollbyrði, sem atvinnufyrirtæki okkar hafa orðið að bera. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf., að íslenzk fyrirtæki mundu una því illa að þurfa að borga háa tolla af vélum og öðru, sem þau flytja til landsins, þegar þetta fyrirtæki fengi að flytja vélar inn tollfrjálst. Hins vegar er þegar stefnt í þá átt, við höfum á þessu þingi lækkað tolla á margvíslegum vélum og afnumið jafnvel á einstaka vélum, og nú er gert ráð fyrir því í fyrsta sinn, að orkuverið fái að flytja inn sín tæki tollfrjálst. Ef við lítum á þessa mynd í heild, virðist þegar mega sjá hér stefnu í þá átt að létta þá byrði, sem íslenzk atvinnufyrirtæki hafa mátt bera vegna tolla á vélum, tækjum og öðru því, sem þau þurfa til starfsemi sinnar. Og þegar talað er um, hvernig íslenzk fyrirtæki standist samkeppni við erlend fyrirtæki, t. d. í iðnaði, er rétt að minnast þess, að þau munu vera fá í öðrum löndum, sem þurfa að byrja starfsemi sína með svo háum tollum sem hér hafa tíðkazt um áraraðir.

Nokkuð hefur verið rætt um þær skattareglur, sem menn hallast helzt að í sambandi við væntanlegt alúmíníumfyrirtæki. Nú er talað um að skattleggja fyrirtækið ekki á venjulegan hátt með því að láta það telja fram til skatts og leggja síðan á það að undangenginni athugun, heldur taka upp sérstakan skatt á hvert tonn af málmi, sem framleiddur yrði eða fluttur út. Þessi skattur yrði að sjálfsögðu að miðast við, hvað menn telja, að mundi koma út úr íslenzkum skattalögum. Það, sem út úr dæminu kæmi, væri svipað, þótt við veldum þessa aðferð. En ástæðan fyrir því, að menn hallast að þessari leið, er ekki aðeins það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austf., að það sé mikið og erfitt verk fyrir skattyfirvöld okkar að skoða allan rekstur í svo stóru fyrirtæki. Það er ekki höfuðatriði, heldur hitt, að við verðum að muna eftir því, að við erum að skipta við hring og þessi hringur, eins og svo að segja allir alúmíníumhringarnir, sem ráða lögum og lofum í þeirri framleiðslugrein, ræður yfir allri framleiðslukeðjunni, frá því að krýolítið er grafið úr jörðu suður í Frakklandi eða Afríku og þangað til pottar og pönnur koma út úr síðustu verksmiðjunni. Hringurinn mundi því geta ráðið verðinu á hráefninu, sem flutt yrði inn til okkar, og hann mundi líka geta ráðið verðinu, sem greitt er fyrir málminn, þegar hann er fluttur héðan burt. Og ég hygg, að Norðmenn, sem hafa af þessu mikla reynslu, hafi gefið Íslendingum þau einlægu ráð að taka upp þetta skattakerfi, ef þess væri nokkur kostur, hafa einmitt bent á það, að reynsla Norðmanna er sú, að það erfiðasta í viðskiptum við erlend félög er einmitt þetta í iðnaði eins og alúmíníumframleiðslu, að það er svo erfitt að hafa stjórn á fjárreiðum þeirra, þegar þau eru að skipta við sjálf sig, bæði það, sem flutt er inn, og það, sem flutt er aftur út. Þetta er höfuðástæðan fyrir því, að menn hafa heldur hallazt að þessari leið. Að vísu mundu þá skattarnir ekki breytast, ef skattalögum væri breytt hér innanlands, nema á þeim tímum, sem samið er um endurskoðun, og er það raunar eitt mikilvægasta atriðið í öllum samningunum, sem fram þurfa að fara í sumar, og sem rúmust ákvæði um endurskoðun, ekki aðeins á sköttum, heldur á rafmagnsverði og fleiri atriðum.

Alþfl. hefur, eins og ég sagði í upphafi máls míns, fylgt þeirri stefnu að leyfa ekki innflutning á erlendu fjármagni almennt, en taka ákvörðun um hvert og eitt tilfelli. Þessi stefna þýðir það, að flokkurinn vill ganga inn á þessa braut af ýtrustu varkárni, en ekki útiloka það, að við getum í einstökum tilfellum haft mikil og góð not af því að beita þessari leið, eins og margar aðrar þjóðir hafa haft. Þess vegna er nú eðlilegt, að haldið sé áfram samningum, og ég hygg nú raunar, þó að ávallt megi deila um meðferð mála, að hér hafi ein ríkis-

stj. lagt spilin á borðið öllu ljósar en venja er um slík mál hjá öðrum þjóðum, þar sem það mun vera tiltölulega sjaldgæft t. d., að höfuðatriði slíkra samninga séu yfirleitt birt og sumir samningarnir eru alls ekki birtir opinberlega. Ég sé enga aðra leið en þá, að framkvæmdavaldið gangi til samninga, geri samninga og leggi þá síðan fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það er sú leið, sem yfirleitt er höfð um alla samninga, sem snerta erlenda aðila, og verður þingið þá að hagnýta sér hvort tveggja, að framkvæmdavaldið er frá því sprottið og hluti af því í raun og veru og svo hitt, að þingið hefur óumdeilanlega rétt til þess að hafna samningunum eftir á, ef því sýnist svo. Þar að auki hefur ríkisstj. boðið upp á það, að þmn. mætti vera til ráðuneytis og fylgjast nákvæmlega með samningunum í sumar, og hygg ég, að varla verði betur um búið sambandið milli þings og stjórnarframkvæmda í máli sem þessu. Ég hygg, að við getum hér stofnað til nýs atvinnuvegar, sem ekki megi undir neinum kringumstæðum og muni ekki ganga út yfir þá atvinnuvegi, sem fyrir eru, eða draga á nokkurn hátt úr eðlilegri þróun þeirra. Ég hygg, að við getum haft gagn af því að nota erlent fjármagn á þessu takmarkaða sviði, en að við verðum að fjalla um þau mál öll af ýtrustu varkárni, sérstaklega í samningunum, enda mun ekki aðeins fyrirhugað, að Íslendingar sitji fyrir okkar hönd við það samningaborð, heldur að ráðnir verði lögfræðingar einhvers staðar frá þriðja ríki, sem eru vanari slíkum samningagerðum en jafnvel þeir, sem mest hafa um þær fjallað hér innanlands. Ég efast ekkert um, að það verði margvíslegir erfiðleikar á leið okkar í þessu máli. Þau eru fá, málin, sem eru nokkurs virði, þar sem ekki þarf að glíma við meiri eða minni erfiðleika. En það er til mikils að vinna í þessu máli. Það er nokkur áhætta, sem um er að ræða. En að vandlega yfirveguðu máli og eins og það lítur út í dag, samningar eru þó ekki lengra komnir en raun ber vitni, tel ég rétt að taka þá áhættu og treysti því, að vel muni fara og þjóðin muni njóta góðs af þessari framkvæmd, þegar fram líða stundir.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Skýrslu hæstv. ríkisstj. á þskj. 635, um svonefnda stóriðju, hefur nú verið útbýtt á Alþ., og er það í sjálfu sér, eins og fram hefur komið í þessum umr., ekki vonum seinna, að Alþ. fái vitneskju um þetta mál og þær samningaumleitanir, sem átt hafa sér stað í því að undanförnu. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, mál, sem er einstakt í þingsögunni, mál, sem gæti orðið fordæmi um fleiri samninga við erlenda aðila, en einnig dæmi um það, hvernig ekki ætti að halda á málum í samningum við erlenda aðila og um hvað Íslendingar ættu ekki að semja. Þess vegna verður að vænta þess, að Alþ. gefist meiri tími til að ræða þetta mál en þau sálsýkisvinnubrögð, sem einkenna þingstörfin núna síðustu dagana, benda til. Því verður ekki trúað með nokkru móti, að frá máli eins og þessu verði gengið, án þess að það sé rætt frá atriði til atriðis, og hér koma margir tugir eða hundruð atriða til greina, stórra og smárra, sem verður að ganga vandlega og nákvæmlega frá, og því verður ekki trúað, að íslenzk ríkisstj., hver sem hún er, vilji í þessum efnum gera verri samninga fyrir okkar hönd en ríkisstj. í nágrannalöndum okkar hafa gert fyrir hönd sinna þjóða, og því verður ekki heldur trúað, að nokkur ríkisstj. á Íslandi berji svona stórmál í gegn með litlum meiri hl. á Alþ. og gegn mikilli og alvarlegri andstöðu þjóðarinnar. Það verður að treysta því, að allir aðilar, sem að þessu máli vinna, sýni þá sjálfsögðu ábyrgð gagnvart þjóð sinni að ganga frá þessu máli þannig, að sem allra flestir geti orðið sammála um, að það skuli gengið frá því á þann veg, sem gert verður.

Ég skal taka það fram strax í upphafi, að ég tel algerlega rangt og hættulegt að vera með hreina fordóma um það, hvort við eigum að hagnýta okkur erlent fjármagn í atvinnurekstri á Íslandi. Ég tel það út af fyrir sig jafnhættulegt og rangt eins og að vera með fyrirframsannfæringu um það, að þetta skuli menn gera, menn skuli nú grípa hvert einasta tækifæri, sem býðst til þess að ná í slíkt fjármagn án tillits til þess, hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Og ég verð því miður að segja, að í áróðri ákveðinna aðila að undanförnu fyrir alúmíníummálinu hefur því miður gætt allt of mikið þessarar fyrirframsannfæringar, fyrirframsannfæringar um það, að hér væri á ferðinni gott og sjálfsagt mál og nauðsynlegt mál, löngu áður en þessir aðilar höfðu nokkur tök á því að kynna sér efnislega þær umr., sem að sumu leyti hafa farið fram og að sumu leyti hljóta að vera eftir. Og þannig má ekki ræða slíkt mál sem þetta.

Það er alveg augljóst og hlýtur að vera, jafnt stjórnarandstæðingum sem stjórnarsinnum, að efnahagskerfi okkar er svo smávaxið, að við þurfum að hafa meiri gát á í umr. og samningum um svona hluti en allar nágrannaþjóðir okkar, hvað þá stærri þjóðir, að hér verður fyrst og fremst að kanna burðarþol íslenzkra atvinnuvega í þessu sambandi, hvort það kiknar ekki undan því álagi, sem á það er lagt, þegar í svona stóra hluti er ráðizt innan þessa litla kerfis. Höfuðröksemd talsmanna stóriðju á Íslandi hafa verið þau, að við gætum ráðizt í þessa hluti og ættum að gera, eins og Norðmenn hefðu gert allt síðan nokkru eftir aldamótin. Það er að vísu dálítið ólíku saman að jafna íslenzku og norsku efnahagskerfi. Það er nokkuð annað, hvað íslenzkt efnahagskerfi eða norskt þolir í þessu sambandi. En engu að síður er rétt að hlusta á röksemdir í þessum efnum og athuga gaumgæfilega, hvað Norðmenn hafa gert og hvernig þeir hafa gengið frá þessum málum. Og nú vill svo til, að ég hef hér undir höndum samninga þá, sem Norðmenn hafa gert um alúmíníumvinnslu í Noregi við sömu aðila og verið er að semja

hér, og það er því ástæða til að bera þessa samninga nokkuð saman. (**Dómsmrh.:** Bera hvaða samninga saman?) Samninga þá, sem Norðmenn gerðu við sama fyrirtæki um 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju í Noregi og sömu aðila, Swiss Aluminium, sem við erum að semja við nú. Þessir samningar Norðmanna eru í þrennu — (**Dómsmrh.:** Bara svo að ég fylgist með, hvaða samninga á að bera saman?) Samninga, sem Norðmenn hafa gert, og það uppkast að samningum eða þær upplýsingar, sem fyrir liggja sem drög að samningum við sama fyrirtæki. Norsku samningarnir eru þrír, það er samningur um rafmagnsleigu, dags. 26. apríl 1962, samningur um byggingu alúmíníumverksmiðju, dags. 20. maí 1962, og endurskoðun á þeim samningi, dags. 2. okt. 1963.

Í skýrslu hæstv. ríkisstj. um stóriðjumálið á bls. 3 er greint frá því, að hér eigi að stofna hlutafélag erlendra aðila á Íslandi, sem erlendir aðilar eingöngu eigi, og að hlutafé þess muni verða allt að 1250 millj. ísl. kr. Hér er e. t. v. um að ræða meginatriði málsins þegar í upphafi. Það heitir svo í skýrslunni, að þetta hlutafélag eða dótturfélag svissneska félagsins eigi að vera íslenzkt hlutafélag, sem lúti íslenzkum lögum. Þetta er orðaleikur og hártogun. Hér er um erlent hlutafélag að ræða, þó að það lúti íslenzkum lögum. Hvernig gætu menn hugsað sér erlent hlutafélag hér á landi, sem lyti öðrum lögum en íslenzkum? En það þyrfti að vera mögulegt, ef þetta erlenda félag gæti heitið íslenzkt hlutafélag, þegar Íslendingar eiga ekkert hlutafé í því.

Hér er komið að atriði, sem strax í upphafi gerir þessa hluti allt aðra, þessa fyrirhuguðu samninga hér á landi allt aðra en þá samninga, sem Norðmenn hafa gert til þessa. Til þessa hafa Norðmenn ævinlega átt meiri hluta af hlutafé fyrirtækja, sem byggð voru með þátttöku erlends fjármagns. Alúmíníumverksmiðjan, sem nú er verið að byggja í Noregi samkv. þeim samningum, sem ég hef hér undir höndum, var í upphafi hugsuð þannig, að Norðmenn ættu helming hlutafjár og erlendir aðilar helming, en Norðmenn hefðu samt sem áður meiri hluta í stjórn félagsins og meiri hl. atkv., þar sem þeirra hlutabréf skyldu verða forgangshlutabréf. Hlutafé í þessari verksmiðju, sem á að verða 60 þús. smál. eins og hér, var ákveðið með samningi 100 millj. norskar kr., eða rúmar 600 millj. ísl. kr., og vekur það strax athygli, hvað látið er að liggja, að hlutafé hér eigi að vera miklu hærra en í Noregi. Gæti manni e. t. v. dottið í hug, að þetta væri m. a. gert til þess að sýna Íslendingum fram á það, að svona risafyrirtæki hefðu þeir ekkert bolmagn til að eignast nokkurn tíma? Nú var þannig frá þessum samningum gengið í Noregi, sem er einstætt í atvinnusögu Norðmanna, að þegar Norðmenn fengu að kynnast samningunum, fengu þeir ekki trú á því, að þetta fyrirtæki yrði arðbært, því að Svisslendingarnir höfðu náð of hagkvæmum samningum og ætluðu að nota fyrirtækið fyrir mjólkurkú í þágu Swiss Aluminium. Fresturinn, sem þeir fengu til þess að kaupa hlutabréf, leið því án þess að norskir menn skrifuðu sig fyrir meira en 2.6 millj. norskra kr. af hlutafénu og norski Kreditbankinn fyrir 3 millj. í viðbót. Þetta þýddi það, að samkv. samningnum höfðu Svisslendingarnir rétt á að kaupa öll önnur hlutabréf.

Þegar málum var svona komið, hófust miklar deilur um málið í Noregi, sem enduðu með því, að iðnmrh. Noregs, sem frá samningum hafði gengið, Kjell Holler, átti ekki afturkvæmt í ráðherrastól. Við hans sæti tók Trygve Lie, og honum tókst með samningum 2. okt. 1963 að tryggja það, að Norðmenn skyldu þrátt fyrir allt fá að kaupa 20% af hlutabréfum í fyrirtækinu, en fá 21% atkv., sem þýddi samkv. samningum um hlutafélagið, að í öllum meginmálum fyrirtækisins fengu Norðmenn úrslitavald, þar sem 80% atkv. þarf til að ráða niðurstöðu í öllum meginmálum, svo sem breytingu á fyrirtækinu, úthlutun arðs o. s. frv. Og Norðmenn fengu einnig samkv. þessum samningi meiri hluta stjórnar félagsins, sem situr þar í krafti þessa norska úrslitavalds. Hér er gert ráð fyrir í skýrslu hæstv. ríkisstj., að meiri hl. í stjórn fyrirtækis yrðu Íslendingar, en þeir Íslendingar fara ekki með íslenzkt vald. Og það yrði sjálfsagt sögulega séð fróðlegt að sjá það, hvaða Íslendingar vildu setjast á þessa stóla og rétta upp hendur á þessum fundum í krafti erlendra hlutabréfa. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma heyrt það eða séð í ræðum eða ritum manna um stóriðju á Íslandi, að hún skyldi framkvæmd eða um hana skyldi samið á þann hátt, að erlendir aðilar ættu allt fyrirtækið og stjórnuðu því. Þvert á móti held ég, að allir menn hafi gert ráð fyrir því, að þessari meginreglu Norðmanna yrði fylgt, að Íslendingar ættu a. m. k. helming hlutafjár, með þessari einu undantekningu í Noregi, sem ég hef nú greint frá, sem kostaði iðnmrh. Noregs, sem gekk frá samningunum, embættið. En það, sem kostaði iðnmrh. Noregs embætti og ráðherrastól, virðast íslenzk stjórnarvöld, samkv. skýrslu ríkisstj. til Alþ. um athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju á Íslandi, ætla að bera á silfurfati fram fyrir hina erlendu aðila og bjóða þeim. Ef svona hefði verið gengið frá málum í norsku samningunum, er alveg óefað, að það hefði kostað alla ríkisstj. þar völdin og stólana. Og ég er á þeirri skoðun, að Íslendingar verði að staldra alvarlega við, áður en þeir gera slíkan samning við erlenda aðila, þeir reisi sem sagt hér og eigi fyrirtækið, en Íslendingar enga hlutdeild í því á neinn hátt. Ef við viljum nota fordæmi Norðmanna um að semja við erlenda aðila, erlenda fjársterka aðila um atvinnufyrirtæki í landi okkar, skulum við líka gæta að því, hvort okkur er ekki hagkvæmt að miða við þá hagkvæmustu samninga, sem Norðmenn hafa gert fyrir sína hönd í slíkum málum.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta atriði, því að fleiri atriði þarf að drepa á. Í skýrslu hæstv. ríkisstj. er rætt um orkukaup alúmín-

íumverksmiðju og orkuverð. Þar sem hér er um að ræða jafnstóra verksmiðju og þá, sem Norðmenn hafa samið um nýlega, er eðlilegt að bera þetta tvennt saman. Samningur Norðmanna um leigu á rafmagni til þessarar verksmiðju hefst með því, að þar er samið um, að alúmíníumverksmiðjan fái 130 þús. kw. á ári til sinna nota, og er talið, að a. m. k. fyrst um sinn, á fyrstu áföngum verksmiðjunnar, kunni þetta að reynast of lítið rafmagn, þannig að í 3. gr. rafmagnssamningsins eru sett sektarákvæði gagnvart alúmíníumverksmiðjunni, þar sem hún á að borga ákveðna sekt, 1 kr. norska af kw. á sólarhring, ef hún notar meiri orku en sem svarar sólarhringshlut af þessum 130 þús. kw. Hér er aftur á móti gert ráð fyrir nokkru minni orku til verksmiðjunnar, og er að vísu munurinn ekki mjög mikill. En þetta telja Norðmenn sem sagt lágmark, miðað við sína reynslu af málinu, og þá fer, eins og hér hefur komið fram í umr., að vandast dálítið málið í sambandi við orkuþörf okkar sjálfra. Ef við af 210 þús. kw. orkuveri eigum að selja stóriðjunni 130 þús. kw., eigum við ekki nema 80 þús. kw. eftir, og mundi það samkv. áætlun um orkuþörf okkar sjálfra ekki nægja okkur nema í rúmlega 6 ár, þannig að við yrðum miklu fyrr en ella að grípa til þess að virkja fallvötn, sem samkv. þessari skýrslu eru talin miklu óhagstæðari en Búrfellsvirkjun. Og þetta er auðvitað atriði, sem verður ekki komizt hjá að athuga og rannsaka mjög gaumgæfilega.

Um verðið á raforkunni er það að segja, að það er hér í skýrslu hæstv. ríkisstj. tengt meira og minna skattlagningu fyrirtækisins, þannig að það er gert ráð fyrir, að verði orkan 3 mill á fyrstu vinnslustigum verksmiðjunnar, lækki skattar verksmiðjunnar sem þessu nemi, þannig að þetta tvennt er tengt saman. Og það liggur ljóslega fyrir, hvers vegna þetta er tengt svona saman. Alþjóðabankinn hefur haft hönd í bagga með þessum samningum, fylgzt með þeim nokkuð af sinni hálfu, og það kemur greinilega í ljós, að Alþjóðabankinn reiknar með að lána til verksmiðjunnar. Hann vill þess vegna a. m. k., að frá samningum sé gengið þannig, að lánin, sem hann veiti, séu nokkurn veginn tryggð. Þess vegna beinir hann því aftur og aftur til íslenzku samningamannanna, að þeir verði að reikna með hærra verði á raforkunni en þeir virðast hafa getað hugsað sér að fallast á. Aftur á móti kemur það líka jafngreinilega í ljós, að Alþjóðabankinn er auðvitað ekki að hugsa um heildarútkomu íslenzks þjóðfélags út úr samningunum eins mikið og það lán, sem hann veitir sjálfur og vill fá endurgreitt. Þess vegna skýtur þessi hugmynd upp kollinum, að tengja þetta tvennt saman, annars vegar verðið fyrir raforkuna, sem á að standa undir lánum, afborgunum og vöxtum af lánum til erlendra lánastofnana, og hins vegar skattana, sem hefðu átt að renna inn í íslenzkt þjóðfélag fyrir ýmsa aðra þjónustu og fyrir aðra hluti, sem þetta erlenda fyrirtæki hlýtur að njóta hér hjá okkur. Og satt að segja finnst mér það dálítið áberandi í skýrslu hæstv. ríkisstj., hvað Alþjóðabankinn eða fulltrúar frá honum hafa í þessu sambandi staðið sig miklu betur fyrir okkar hönd en hinir íslenzku samningamenn. Það kemur fram á bls. 26 og sérstaklega 27 og 28, hvað Alþjóðabankinn leggur mikla áherzlu á þetta fjárhagslega öryggi, og hann telur, að láta þurfi Svisslendingana standa frammi fyrir því að taka afstöðu til ákveðinna hluta, leggja sig ekki of mikið í líma við að fórna og fórna til að fá þá til að gera samninginn, heldur setja þeim stólinn fyrir dyrnar og sjá, að hverju þeir vilja ganga og að hverju ekki. Vitanlega er ekki þægileg aðstaða fyrir alþjóðastofnun eins og Alþjóðabankann að setja það fram á mjög áberandi hátt, hvað hann vanmeti kunnáttu og getu okkar Íslendinga til að standa í svona samningum, en ég tel, að hann geri það þó eins skýrt og verður með því að áskilja sér rétt til að hafa sína fulltrúa við frekari framhaldsviðræður um málið.

Samkv. skýrslu ríkisstj. er ráðgert, að þessi samningur standi í 45 ár. Ég skal ekki fara mjög ýtarlega út í það, hvað þetta gæti í sambandi við rafmagnsverðið orðið okkur til mikils óhagræðis, hér hefur verið rætt um það af öðrum. Á hitt vil ég benda, að í norsku samningunum er Swiss Aluminium gerð grein fyrir því, að rafmagnsverð muni hækka í Noregi eins og aðrir þættir efnahagslífsins, og fallast samningamenn Swiss Aluminium á það, að þeir muni ekki geta búizt við því að fá fast verð á rafmagni í Noregi lengur en til 5 ára. Síðan megi gera ráð fyrir lágmarksverðhækkun 2% á þessu verði á ári næstu árin, sem þýðir um 22% hækkun á 10 árum. Hins vegar hafa þeir látið í ljós ósk um það, að slíkar hækkanir verði ekki látnar dynja yfir þá eins og flóðalda, heldur reynt að jafna þeim út yfir öll árin.

Í sambandi við skatta fyrirtækisins má einnig minnast á það, að eftir þessari skýrslu hér frá hæstv. ríkisstj. er auðséð, að það á að reikna með 33% skatti sem hámarksskatti á alúmíníumverksmiðjuna og honum breytt yfir í magnskatt. Í Noregi hins vegar hefur þetta svissneska fyrirtæki undirritað samning um að borga þar 54% skatt af tekjum, skattskyldum tekjum, áður en arður er dreginn frá þeim tekjum. Og þá hefur jafnframt verið um það samið, að þessi hringur, sem hefur ráð á öllu verðlagi á öllum framleiðslustigum í alúmíníumframleiðslunni, skuli ekki geta notað þarna tilfæringar með verðlagi og hráefni eða á þeim framleiðsluvörum, sem framleiddar eru í Noregi, til þess að lækka tekjur sínar, heldur skuli norska verksmiðjan fá hráefni til alúmíníumframleiðslunnar á heimsmarkaðsverði og óheimilt sé að selja framleiðsluvörur undir heimsmarkaðsverði nema með sérstöku samþykki iðnmrn. í Noregi hverju sinni, ef sérstaklega standi á. Og svissneski hringurinn hefur ekki samkv. þessum samningum Norðmanna söluumboð fyrir norsku verksmiðjuna nema í 15 ár, aðeins 15 ár. Eftir þann tíma eru Norðmenn frjálsir að því að taka söluna í sínar

eigin hendur eða útvega sér annað söluumboðsfirma. Og að sjálfsögðu hafa þeir þar að auki allt eftirlit með bókhaldi og rekstri fyrirtækisins, þar sem þeir sitja í stjórn þess og þetta er norskt fyrirtæki, þótt svo óhönduglega hafi tekizt til með hlutaféð í þessu tilfelli eins og ég hef áður greint frá.

Þá kemur næst í skýrslu hæstv. ríkisstj. að aðflutningsgjöldum og öðrum greiðslum, og er þá skemmst af því að segja, að hér á alúmíníumverksmiðjan að fá mikil fríðindi, því að það er gert ráð fyrir því, að hún verði undanþegin öllum aðflutningsgjöldum og tollum af byggingarvörum o. s. frv. Í norsku samningunum hins vegar er það tekið fram hvað eftir annað, að verksmiðjan þar nýtur engra sérréttinda í þessum efnum. Þar er gert ráð fyrir að jafnaði 15% tolli á þeim vörum, sem þarf til byggingar verksmiðjunnar, að öðru leyti en því, að fram er tekið, að hráefni hennar muni vera tollfrjáls í Noregi, og enn fremur er því lýst yfir í samningnum, að norska stjórnin hafi ekki í hyggju að tolla þessi hráefni, en hins vegar á það bent, að í norskum lögum sé heimild fyrir því að leggja toll á hráefni til alúmíníumframleiðslu og norska stjórnin geti þess vegna ekki gefið bindandi loforð um, að það verði ekki gert á samningatímanum. Auk þess er um það samið, að alúmíníumverksmiðjan kaupi efnivörur í Noregi, þó að þær séu allmiklu dýrari en erlend tilboð hljóða upp á, allt að 10%. Þó er veitt undanþága frá þessu ákvæði að því er snertir EFTA-löndin svonefndu, því að Noregur er aðili að þeim og í árslok 1966 verða allir tollar og svona ákvæði um sérfríðindi að falla niður á milli þeirra landa.

Hér er því greinilegt, eins og víða annars staðar í þessari skýrslu hæstv. ríkisstj., að svissneska fyrirtækið fær til muna betri aðstöðu á Íslandi, eða fengi, ef fylgt yrði þessari skýrslu í samningagerðinni, til muna betri aðstöðu en í Noregi. Og það kemur líka fram ábending um það í þessari skýrslu frá Alþjóðabankanum, að svo kunni að vera, að við séum að gefa þessu svissneska fyrirtæki, veita því of góða aðstöðu og það muni hagnast of mikið á samningunum, ef þeir verði gerðir út frá þeim forsendum, sem þessi skýrsla skýrir okkur frá.

Af þeim atriðum, sem meginmáli skipta í skýrslu hæstv. ríkisstj., segir þessu næst frá lóð og hafnarmannvirkjum, að íslenzka ríkið muni byggja hafnarmannvirki á verksmiðjustaðnum. Í norsku samningunum er þetta í 10. gr., og þar er um það samið, að verksmiðjan byggi sjálf alla vegi og öll þau mannvirki önnur, sem tilheyra verksmiðjunni, einnig hafnargerðir, en jafnframt um það samið, að Norðmönnum skuli heimil frjáls afnot af þessum mannvirkjum, nema það hindri eða trufli starfsemi verksmiðjunnar verulega. Þetta er því nokkuð á annan veg í norsku samningunum en þessari skýrslu hæstv. ríkisstj., og enn hallar þetta á ógæfuhliðina fyrir okkur, því að enda þótt tekið sé fram, að alúmíníumverksmiðjan skuli greiða hafnargjöld, þá má, ef að líkum lætur, gera ráð fyrir, að þeim verði ekki síður en rafmagnsverðinu stillt mjög í hóf, þannig að þau fái seint risið undir byggingarkostnaði þessara hafnarmannvirkja. Og í sambandi við þetta er rétt að vekja athygli á því, að þótt mörg atriði séu hér, sem eru á annan veg en er í Noregi, eru meginatriðin þó þau, að í Noregi er um norskt fyrirtæki að ræða, sem hagar allri sinni framleiðslu nákvæmlega eins og hvert annað norskt fyrirtæki, sem framleiðir til útflutnings, þannig að allur gjaldeyrir, sem fæst fyrir framleiðsluafurðir fyrirtækisins, kemur inn í norska banka, og norskir bankar ábyrgjast síðan að greiða hráefni, vexti af lánum, tækniaðstoð til hins erlenda fyrirtækis, arð til erlendra hluthafa, þegar og ef um hann verður að ræða, og alla aðra hluti. Afgangurinn verður síðan eftir í Noregi. En hér er þetta ekki hugsað á þennan veg eða ómögulegt að skilja það af þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir.

Þá er rætt í þessari skýrslu nokkuð um gjaldeyristekjur af þessari alúmíníumverksmiðju, og það hefur löngum verið ein aðalröksemd þeirra, sem mæla fastast með alúmíníumverksmiðjunni hér, að hún sé svo þýðingarmikil í sambandi við gjaldeyrisöflun okkar og að hún hafi í för með sér ákveðið öryggi fyrir okkur Íslendinga í sambandi við gjaldeyrismál okkar. Hér í skýrslunni segir, að hreinar árlegar gjaldeyristekjur af rekstri 60 þús. tonna verksmiðju séu áætlaðar 300—350 millj. kr. á ári. Ég tel nú einna líklegast, að hér sé um prentvillu að ræða í skýrslunni, að þetta eigi að vera árlegar brúttó-gjaldeyristekjur, og það hlýtur eiginlega að vera svo. Það er einhver misskilningur þarna á ferðinni. Skal ég síðar aðeins víkja að því. En segjum, að þetta væri nú samt sem áður rétt, það væri um að ræða 300—350 millj. kr. árlegar gjaldeyristekjur af verksmiðjunni. Er þá í þessum 300—350 millj. kr. falið svo ákaflega mikið öryggi fyrir okkur í sambandi við gjaldeyrismál okkar, gjaldeyrisþarfir okkar? Brúttó-gjaldeyristekjur okkar 1963 munu hafa verið um 6100 millj. og fara vaxandi. Brúttó-gjaldeyristekjur okkar fyrir útflutningsvörur aðeins 1964 voru tæpar 4800 millj., en brúttó-gjaldeyristekjurnar munu hafa verið um 6500 millj. eða þar yfir. Og þó að þessar tölur um gjaldeyristekjur af verksmiðjunni væru nú hreinar, eins og stendur, þá er þetta þó innan við 5% af brúttó-gjaldeyristekjum okkar, eins og þær eru í dag, og fer minnkandi, hlutfallslega minnkandi væntanlega, nema einhver ráðstöfun verði gerð til þess að draga úr gjaldeyrisöflun útflutningsatvinnuvega okkar. Er þá svo ákaflega mikil trygging í þessum 350 millj., þegar dæmið er þannig skoðað í ljósi staðreyndanna? Með sama hraða í þróun útflutningsatvinnuvega okkar og verið hefur síðustu árin, þá verða ekki nema 4—5 ár, þangað til brúttó-gjaldeyristekjur okkar væru komnar í 10—12 þús. millj., eða segjum, að eftir 10 ár verði þær komnar það. Þá sjáum við, hvað þetta er lítill hluti,

sem þarna er um að ræða, og þó enn þá minni, ef athugað er, að hér mun vera átt við brúttógjaldeyristekjur af verksmiðjunni, en ekki hreinar gjaldeyristekjur.

Sveifla til eða frá í síldarvertíð getur þýtt einn milljarð í gjaldeyristekjum okkar meira eða minna, svo að þá sjáum við, að hér eru engir stórir hlutir á ferðinni, og eru þeir þó enn þá minni en gert er ráð fyrir í þessari skýrslu. Það er t. d. reiknað með 150—200 millj. kr. á ári í vinnulaun sem hreinum gjaldeyristekjum. Norðmenn skýra frá þessu í skýrslum sínum eins og gert er hér. Þar er einnig gert ráð fyrir, að 450 menn starfi við verksmiðjuna, eftir að hún er tekin til starfa að fullu, eins og gert er ráð fyrir í skýrslu hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir þessu af hálfu Svisslendinganna. Norðmenn hafa vefengt þessar tölur, vefengt þessa áætlun. Þeir hafa talið, að lágmark starfandi manna við verksmiðjuna, eftir að hún væri tekin til starfa, yrði 700 manns. Svisslendingar hafa svarað því til, að það væri ekki ólíklegt, að það þyrfti 700 manns, á meðan verið væri að þjálfa starfsliðið. En þegar norskir menn hefðu fengið fulla þjálfun við þessi störf, ætti að vera hægt að koma þeim niður í 450. Norðmenn hafa bent á það, að í tveimur starfandi alúmíníumverksmiðjum í Noregi, sem framleiða 125 þús. tonn samtals, eru bundnir 300 norskir menn, beint í verksmiðjunum og óbeint í alls konar þjónustustarfsemi vegna þeirra. En Norðmenn telja sig munu fá í gjaldeyristekjur af 700 mönnum á ári aðeins 14 millj. norskra króna, miðað að vísu við vinnulaun í Noregi eins og þau voru 1961. En þessar 14 millj. norskra króna þýða ekki nema 84 millj. íslenzkra króna og eru fyrir 700 menn, en ekki 450. Samsvarandi hlutfall fyrir 450 menn yrði 54—55 millj. hér í staðinn fyrir 150—200 millj. Nú hefur að vísu kaupgjald í Noregi hækkað frá 1961 eitthvað lítils háttar, og gerum ráð fyrir því, að það hafi hækkað það mikið, að fyrir þessa 700 menn, sem þeir telja sig þurfa að binda í verksmiðjunni, fengju þeir sem svaraði 100 millj. ísl. kr. á ári. En þá sjá menn, að allmikill munur er á því og þeim tölum, sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun, og auðvitað er það ljóst, að brúttótekjur af orkusölunni eru ekki nettógjaldeyristekjur fyrir okkur. Það mundi því ekki fráleitt að gera ráð fyrir því, að hreinar gjaldeyristekjur okkar af 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju, miðað við það, að samið væri eins og þessi skýrsla gerir ráð fyrir að gert yrði í megindráttum, yrðu um 150—200 millj. kr. á ári. En Norðmenn hafa líka gert upp hreinar gjaldeyristekjur sínar af 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju, og þeir hafa gert ýtarlega grein fyrir þessu lið fyrir lið, hvað þeir fá, — ekki í örfáum orðum eins og hér er gert, heldur sundurliðað þetta á pappírunum lið fyrir lið. Og þeir gera ráð fyrir að fá nettó-gjaldeyristekjur fyrir þessa verksmiðju sem svarar 480 millj. ísl. kr. á ári, eða 80 millj. norskar krónur, og á 10 árum 800 millj. norskra króna, eða 4800 millj. ísl. kr. Segjum, að við fengjum 1500—2000 millj. Þá yrði munurinn á norska samningnum og þeim íslenzka, eftir því sem hér liggur fyrir, um 2800—3300 millj. kr. óhagkvæmari útkoma fyrir okkur en fyrir Norðmenn. Á þessum grundvelli getum við auðvitað ekki samið. Um það hljóta allir að vera sammála. En ef menn vilja samt halda áfram að reyna að semja og bæta það, sem hér liggur fyrir, þá teldi ég nauðsynlegt, að þeir gerðu sér grein fyrir þessum hlutum, hvernig þeir standa í Noregi, um hvað Norðmenn hafa samið. Ákveðnustu talsmenn erlendrar stóriðju hér geta ekki boðið þjóðinni upp á neina samninga um hana, fyrr en þeir hafa tryggt það, að þeir hafi ekki miklu lakari útkomu að bjóða en norska ríkisstj. hefur boðið sinni þjóð.

Þá er einnig í skýrslu hæstv. ríkisstj. rætt allmikið um eitt meginvandamál, ef til framkvæmda kæmi í þessu efni, en það er vinnuaflsskorturinn. Hér er sýnilega ekki gert allt of mikið úr þessu vandamáli. Það er t. d. í sambandi við vinnuaflsþörf við starfrækslu verksmiðjunnar reiknað með því algera lágmarki, sem svissneska fyrirtækið telur nauðsynlegt, eftir að búið er að þjálfa menn í þessum störfum, og það er langt fyrir neðan það vinnuafl, sem þarf, á meðan menn eru að læra til þessara starfa og það tekur sinn tíma. Það er ekki aðstaða til að ræða það í sjálfu sér, hvort upplýsingar þær, sem hér liggja fyrir um vinnuaflsþörf við byggingarframkvæmdir bæði orkuversins og verksmiðjunnar, eru einnig í lágmarki eða langt fyrir neðan það, sem raunverulega verður, þegar farið yrði að vinna að þessum framkvæmdum. En þó að þessar tölur hér séu réttar, þá er um svo stóra hluti að ræða, að það er allsendis óvíst, hvort hreinar gjaldeyristekjur okkar yxu nokkuð fyrsta kastið við tilkomu alúmíníumverksmiðju. Það gæti alveg eins farið svo, að þær minnkuðu. Pressan á vinnumarkaðinum er slík í dag og verður á næstu árum, að tvö stór fyrirtæki, sem soguðu til sín það vinnuafl, sem hér er um að ræða, mundu valda endanlega mjög miklum og alvarlegum áföllum í útflutningsframleiðslu okkar. Þetta væri tiltölulega auðvelt að leysa, ef hér væri einræðisríki, ef hér væri hægt að leggja niður ákveðin fyrirtæki og taka mannaflann úr þeim og færa yfir. Hér er sem betur fer ekkert slíkt vald til, en það hefur það í för með sér, að vinnuaflið streymir ekki frá einu eða tveimur eða nokkrum fyrirtækjum algerlega, heldur kemur einn maðurinn úr þessari áttinni, annar úr hinni, þannig að öll heildin í þjóðfélaginu, allt framleiðslukerfið, getur starfað með hálfum eða stórminnkuðum afköstum, og það getur þýtt miklu stærri hluti gjaldeyrislega séð en þær milljónir, sem verið er að tala um að alúmíníumverksmiðjan muni færa okkur í þjóðarbúið.

Það hefur verið haldið uppi í ákveðnum blöðum áróðri um það, að við hefðum ekkert að

óttast í þessu sambandi, því að nú kæmust svo margir menn á tvítugsaldur á næstu árum, að hér yrði miklu meira vandamál að sjá þessum mörgu nýju höndum fyrir arðbærum verkefnum. Þetta er að sjálfsögðu marklaust bull, ef ekkert verður annað með það gert en bara að birta það í blöðum. En ef farið verður að byggja alvarlegar ákvarðanir á þessum og þvílíkum vangaveltum, er þetta miklu verri hlutur og getur dregið miklu alvarlegri dilk á eftir sér. Atvinnuleysi er ekkert vandamál í dag og verður ekki á Íslandi á næstu áratugum. Hér verður hitt sífellt vaxandi vandamál, að okkur vantar fólk til að vinna, og þá gætu, ef við rösum um ráð fram og byrjum á framkvæmdum, sem við höfum ekki vinnuafl til, blasað við okkur enn ný vandamál, sem við höfum sem betur fer ekki kynnzt og ekki þurft við að stríða hingað til, þ. e. a. s. vandamálið að fara að flytja inn vinnuafl. En í þeim efnum þyrftum við ekki að gera ráð fyrir að fá neitt mannbætandi lið hingað, enda ætti öllum að vera augljóst, að jafnlítil þjóð og við Íslendingar erum þolir ekki slíkar tilfæringar.

Við höfum fengið nokkuð af þessum stóru árgöngum, sem talað er um í áróðrinum fyrir alúmíníumverksmiðjunni, til þess að menn verði ekki hræddir um það, að allt fari nú á bólakaf, ef í þetta verði ráðizt, — við höfum fengið nokkra af þessum árgöngum og ástandið er þó þannig í dag, að mér er kunnugt um dæmi þess, að nú er verið að bjóða 14—15 ára drengjum upp í 45 kr. kaup á tímann í þeim fyrirtækjum, sem verst eru á vegi stödd með vinnuafl. Ég skal nefna eitt dæmi því til sönnunar, hvað hér gerist á næstu árum, bara eitt lítið dæmi. Það er ekki langt síðan hæstv. ríkisstj. fékk norskan sérfræðing til að gera áætlun um fjölgun bifreiða á Íslandi fram til 1980 eða svo, og þessi sérfræðingur komst að þeirri niðurstöðu, ef ég man rétt, — ég þori nú ekki að ábyrgjast, að ég fari rétt með tölur, en sú áætlun er birt í riti Framkvæmdabankans, — Úr þjóðarbúskapnum, og þar geta menn séð tölurnar, — en mig minnir, að hann hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að bílum á Íslandi mundi fjölga um 65 þús. á þessu tímabili. Menn geta gert sér grein fyrir því á þessu litla dæmi, hvað inn í svona þjónustustarfsemi sogast miklu fleiri menn á næstu árum en nokkurn tíma hefur gerzt í okkar þjóðarsögu. Hér er aðeins um eina grein að ræða. Á síðustu árum höfum við fengið aðra grein, sem nú þegar hefur tekið til sín 100—200 manns, nefnilega flugið. Það á eftir að vaxa. Grein eftir grein af þessum þjónustuiðnaði í þjóðfélaginu kallar á nýtt vinnuafl. Við höfum byggt upp fiskiskipaflota og vélaflota bæði í iðnaði og landbúnaði. Þetta er enn þá tiltölulega nýtt. Á næstu árum kallar þetta á enn meira vinnuafl í þjónustu við þessa tækni, og ný og aukin tæki frá ári til árs kalla alltaf á meira og meira vinnuafl, og útkoman er sú, að það verður sáralítið eða ekkert eftir, sem veldur neinni aukningu á erfiðisvinnumarkaði. Enda er mér nær að halda, að t. d. skráðir sjómenn í dag og 1955 séu nákvæmlega jafnmargir. Og þó að það sé auðvitað út af fyrir sig rétt, að það komast á tvítugsaldur stærri árgangar á næstu 20 árum en voru á s. l. 20 árum, þá er bara þess að gæta, að þessir árgangar fara til starfsemi, sem ekki var til hér á landi fyrir 20 árum. Nýjar atvinnugreinar, aukin kennsla vegna þessara stóru árganga tekur til sín sinn hlut af þeim o. s. frv. Þess vegna má ekki blekkja sig með því, að hér sé ekkert vandamál á ferðinni. Hér er kannske eitt höfuðvandamálið á ferðinni.

En ég er því miður hræddur um, að sumir menn hér á landi séu svo bjartsýnir á ágæti þess að fá hingað erlent fjármagn og svo ákafir í áróðri sínum fyrir því að berja í gegn, að það skuli leyft hér, að þeir líti alveg yfir allar þessar staðreyndir, að þeir afgreiði þær með einhverjum blekkingavaðli eins og þeim, sem maður hefur lesið um þessa stóru árganga í blöðunum að undanförnu og raunar örlar á hér í þessari skýrslu hæstv. ríkisstj., enda allt frá sama brunni.

Ég hef nú rakið nokkur atriði, sem er hægt að bera beinlínis saman í skýrslu hæstv. ríkisstj. um stóriðjuna og í þeim samningum, sem Norðmenn hafa gert nú síðast um þessi mál og ég hef undir höndum. En einmitt þeir samningar eru verstu samningarnir, sem Norðmenn hafa gert í þessu efni, svo að hæstv. ríkisstj. er ekki gert rangt til með að bera saman við þá. Og útkoman er öll á eina lund: Norðmenn hafa þrátt fyrir allt gert mun betri samninga heldur en hér er talað um í skýrslu hæstv. ríkisstj. og beinlínis í ræðu hæstv. iðnmrh. sagt, að þetta væri allt saman það vel á veg komið, nú gætu orðið þáttaskipti, nú mætti fara inn á samningaleiðina með þetta veganesti. En eftir eru enn nokkur atriði, sem ekki er hægt að bera saman í sjálfu sér í skýrslu hæstv. ríkisstj. og samningum norsku ríkisstjórnarinnar, þar sem þessi atriði eru ekki til í skýrslu hæstv. ríkisstj. Það er í fyrsta lagi . . .

Forseti: Ég bið hv. ræðumann velvirðingar á því, að ég trufla hann í ræðu hans, en það var ætlunin, að þessi fundur stæði ekki nema til kl. 5, og ef hann á mikið eftir af máli sínu, vildi ég fara þess á leit við hann, að hann gerði hlé á ræðu sinni.) Já, ég mun nú eiga nokkuð eftir. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 8. maí, var umr. fram haldið.

Bergur Sigurbjörnsson [frh.]: Herra forseti. Í samningum Norðmanna um 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju í Noregi við svissneska fyrirtækið Swiss Aluminium er kveðið á um nokkur atriði, sem ekki virðast hafa komið til athugunar eða umræðu í þeim samningaumleitunum, sem farið hafa fram milli íslenzkra stjórnarvalda og þessa sama svissneska fyrirtækis. Það er lítið svo á, að vinnan við alúmíníumverksmiðju sé öðrum atvinnugreinum

fremur heilsuspillandi og því þörf sérstakra ráðstafana og ákvæða einmitt í sambandi við þessa starfsemi. Þannig hafa Norðmenn samið um það við hið svissneska fyrirtæki, að alúmíníumverksmiðjan í Noregi byggi sérstakt sjúkrahús á verksmiðjusvæðinu, sem geti bæði veitt hjálp, þegar slys ber að höndum, og eins séu þar sjúkrastofur fyrir aðra sjúklinga. Sömuleiðis er um það samið, að alúmíníumverksmiðjan myndi sjóð, sem endurgreiði norskum sjúkrasamlögum þann kostnað, sem veikindi starfsmanna fyrirtækisins hafa í för með sér, og annan sjóð, sem tryggi afkomu fjölskyldna þeirra manna, sem í verksmiðjunni vinna. Á ekkert af þessum atriðum virðist hafa verið minnzt enn í viðræðum hæstv. ríkisstj. Íslands við hið svissneska fyrirtæki, og væri þó sennilega ekki minni þörf á, að um þetta væri eitthvað samið og um þetta hefði verið rætt hér en í Noregi. Og vissulega ber okkur að hafa í huga hina miklu reynslu Norðmanna í þessum efnum. Þeir hafa um langt skeið rekið alúmíníumverksmiðjur og vita, hvað hér er að gerast. Þá er um það ákvæði í norsku samningunum, að alúmíníumverksmiðjan skuli koma upp mannvirkjum, sem þarf til þess að eyða reyk og gasi, svonefndu flúor, sem talið er hættulegt umhverfinu, bæði gróðri og öðru, og rækilega gengið frá því, að þetta verði gert. Einnig eru ákvæði um það, að því sveitarfélagi, þar sem verksmiðjan er byggð, skuli tryggð réttindi til þess að fylgjast með, að frá þessu sé tryggilega gengið og af starfsemi verksmiðjunnar leiði enga hættu fyrir umhverfið. Er þar ákveðið, að verksmiðjan greiði kostnað norskra aðila við allt slíkt eftirlit. Hér í skýrslu hæstv. ríkisstj. er beinlínis tekið fram, að um það hafi verið rætt, að ekkert yrði gert til þess að hindra skaðsemi af reyk frá verksmiðjunni á landi, en hins vegar rætt um, að efni frá henni bærust ekki út í sjó. Þá er í norsku samningunum atriði, sem má segja að sé ekki stórvægilegt, en þar er svo ákveðið, að verksmiðjan greiði norska ríkinu ákveðið fastagjald fyrir raforkunotkun auk þess verðs, sem verksmiðjan borgar fyrir rafmagnið. Þetta gjald er 2 kr. norskar á hverja kwst. á ári og samsvarar, miðað við þá orkunotkun, sem hér er um að ræða, 1½ millj. rúmlega á ári. Þetta er ekki stórt atriði, eins og ég tók fram, en þó ekki sama, í hvaða vasa þessi skildingur lendir, hvort hann fer eins og margt fleira til þess að bæta aðstöðu og ágóða hinna erlendu aðila af starfsemi verksmiðjunnar eða til ríkisins, sem heimilar hana í landi sínu. Einnig eru í norsku samningunum mjög ýtarleg ákvæði um sektir, dagsektir, ef verksmiðjan brýtur ákvæði samninga, og á hún samkv. þessum samningum, þegar um fyrsta brot er að ræða, að borga 200 kr. norskar á dag, en þær sektir fara síðan vaxandi við endurtekin brot.

Ýmis fleiri ákvæði eru einnig í þessum samningum, sem of langt mál er að rekja, og skal ég ekki tefja umr. með því. Heildarniðurstöðurnar af þessum samanburði á þeim drögum að samkomulagi, sem hér hefur verið lagt fram, eða upplýsingum, sem hæstv. iðnmrh. taldi í ræðu sinni áðan, að gætu orðið grundvöllur beinna samningaviðræðna og samningar yrðu byggðir á, leiða það í ljós, að tekjur Norðmanna af slíku fyrirtæki eru samkv. hinum norska samningi til muna meiri árlega en yrði, ef í megindráttum yrði farið eftir þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir. Eins og ég sagði áðan, gera Norðmenn ráð fyrir því samkv. mjög nákvæmum áætlunum, að þeir muni hafa um 80 millj. kr. norskar á ári í tekjur af verksmiðjunni, sem í íslenzkum krónum yrðu um 480 millj. En samkv. þeirri hámarksáætlun, sem hér er gert ráð fyrir, eru það 300—350 millj., sem Íslendingar mundu fá, ef samið yrði eftir þeim línum, sem hér eru lagðar, en þar mun vera um bráttótekjur að ræða, en ekki nettó.

Engu að síður vildi ég mega taka fram, að ég tel viðræður hæstv. ríkisstj. við hið erlenda fyrirtæki að ýmsu leyti jákvæðar. Það er auðvitað sjálfsagt fyrir okkur og nauðsynlegt að kanna slíka möguleika, sem fyrir hendi eru, og ræða þá, þótt ekki væri til annars en að komast að þeirri niðurstöðu, hvað við eigum ólært í þeim efnum að fást við svona samninga, og afla okkur þá um leið upplýsinga, sem við getum fengið. Og mér sýnist hafa komið ákaflega áþreifanlega í ljós í þeim umleitunum, sem hér hafa farið fram um það, hvað okkur ber að forðast og hvað það er af þeim möguleikum, sem til greina kæmu í sambandi við erlent fjármagn, sem okkar litla þjóðfélag ræður ekki við, því að vissulega verðum við að treysta því, þó að svona umræður fari fram í fullri alvöru og samningaumleitanir fari fram í fullri alvöru af beggja hálfu, að þá komi aldrei til þess, að íslenzk stjórnarvöld geri samning við erlenda aðila, sem gæti verið eins og lýsandi viti í 45 ár um það, hvernig við mættum ekki semja og hvernig við ættum ekki að semja.

Hitt er svo að sjálfsögðu aðalatriðið, að við gerum það upp við okkur einmitt í sambandi við svona samningaumleitanir, hvort nokkur nauðsyn er á því, að erlent fjármagn flytjist hingað til lands í íslenzka atvinnuvegi í stórum stíl og hvenær og við hvaða skilyrði slíkt kæmi helzt til greina. Og um það hljóta út af fyrir sig allir að vera sammála, að þegar spenna er mjög mikil í íslenzku atvinnulífi, þegar allar eða flestallar atvinnugreinar okkar vantar vinnuafl, ekki aðeins í dag, heldur fyrirsjáanlega um næstu ár, skortir mjög mikið vinnuafl, þá muni einmitt ekki rétti tíminn til að auka á þessa spennu með miklum fjárfrekum og fólksfrekum framkvæmdum erlendra aðila í landinu. Og við verðum einnig að komast með einhverju móti fram hjá því að einblína á einn möguleika, eins og annað kæmi ekki til greina. Við verðum að athuga, hvort ekki sé um fleiri leiðir, fleiri möguleika að velja, ef við teljum á annað borð nauðsyn á að ráðast í einhverja slíka hluti eins og hér hefur verið rætt um, og vega og meta, hverjir

af þeim möguleikum, sem fyrir hendi kunna að vera á hverjum tíma, eru æskilegastir, valda minnstu tjóni í okkar þjóðfélagi og gætu á einn eða annan hátt stutt við bakið á íslenzkum atvinnuvegum í stað þess að brjóta þá niður. Og eins og nú standa sakir vildi ég mega segja í sambandi við þá möguleika, sem á undanförnum árum hafa verið ræddir í þessu þjóðfélagi í sambandi við erlent fjármagn til stórra framkvæmda, eins og alúmíníumvinnslu, olíuhreinsun og ýmislegt fleira, sem kæmi til greina, þá hygg ég, að augu okkar hefðu fyrr átt að beinast að t. d. olíuhreinsunarstöð en alúmíníumvinnslu, því að slík stöð gæti þó á ýmsan hátt eða væri líkleg til að stuðla að ákveðinni tryggingu fyrir íslenzka atvinnuvegi, fyrir íslenzka útgerð, ef einhverja þá atburði bæri að höndum, sem við vonum nú að ekki verði, en gætu torveldað aðflutninga hingað. Og ég held, að það hefði verið miklu skynsamlegra fyrir núverandi stjórnarvöld að leggja fram einhverja skýrslu um viðræður í slíku efni. Það er að öllu leyti minna mál, sem mundi ekki valda annarri eins spennu í þjóðfélaginu og greinilegt er, að það stóra fyrirtæki, sem hér um ræðir, mundi gera, auk þess sem slíkt fyrirtæki yrði sennilega að öllu samanlögðu hagkvæmara. Mér er mikið til efs, að það sé nokkur atvinnugrein á Íslandi, sem mundi gefa þjóðinni jafnlítinn arð fyrir jafnmikla fjárfestingu og um er að ræða í alúmíníumvinnslunni eins og einmitt þessi alúmíníumverksmiðja. Það er talað um, að fjárfesting verksmiðjunnar verði 2500 millj., og ég held, að hvergi í þjóðfélagi okkar væri hægt að leggja annars staðar 250 millj. í uppbyggingu og skipulagningu á einum atvinnurekstri þannig, að gjaldeyristekjur okkar, að ég ekki tali um þjóðartekjur, yrðu ekki margfaldar á við það, sem þarna er um að ræða, og er þá íslenzkur landbúnaður langt frá því undanskilinn.

Að lokum vildi ég aðeins hvetja til þess, að menn færu með sérstakri gát að þeim hlutum, sem hér er verið að ræða um. Hér er um að ræða samning til mjög langs tíma, sem við losnum ekki við, eftir að búið er að gera hann, hvernig svo sem hann reyndist okkur, fyrr en eftir 45 ár. Og á þeim tíma gætu svo alvarlegir hlutir gerzt í sambandi við þetta, að mér þætti ólíklegt, að nokkur þeirra, sem nú hefur þó mestan áhuga á þessu fyrirtæki, vildi stuðla að þeim hlutum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í upphafi þessarar skýrslu er frá því skýrt, að sett hafi verið upp sú stóriðjunefnd, sem við könnumst við, og hún hafi átt að athuga, hvort unnt væri og hagstætt að koma hér á landi á alúmíníumverksmiðju eða öðrum orkufrekum iðnaði. Ég vildi leyfa mér að spyrja: Hvað hefur þessi stóriðjunefnd gert í því sambandi til að athuga fleira en þennan alúmíníumiðnað? Mér er ósköp vel kunnugt um það, að á síðustu 10 árum hafa erlendir alúmíníumhringir, bæði brezkir og amerískir, nokkrum sinnum borið víurnar í íslenzk vatnsföll, og sömuleiðis hafa íslenzkir — ja, hvað á ég að kalla það, áhugamenn um erlenda fjárfestingu gengið með grasið í skónum á eftir sérstaklega amerískum alúmíníumhringum til þess að reyna að fá þá til þess að festa sitt fé hér. Og mér finnst ákaflega hart, ef þessi stóriðjunefnd hefur ekkert gert annað en að halda áfram að athuga um þennan alúmíníumiðnað, og ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það. Okkur var haldið utan við þessa n., Alþb.-mönnum, ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hversu margar athuganir hafa verið gerðar þar á ýmsum öðrum hugsanlegum stóriðjuframkvæmdum hér á Íslandi. Þó að við hugsum um slíka stóriðju, þá þýðir það ekki, að við viljum endilega fara að ráðast í hana nú, heldur hitt, að við viljum fá að fylgjast með því, hvað er að gerast í veröldinni, til þess að það, sem við gerðum, þegar við ráðumst í það, yrði af einhverju viti.

Ég hef nokkrum sinnum bent á það, þegar þessi mál hafa verið rædd hér, að sérstök iðngrein, sem er að ryðja sér mjög til rúms og kölluð er á erlendu máli petrolkemi, sem byggist á því að kljúfa olíuna og vinna úr henni ýmis efni, hún mundi vera mjög athugandi fyrir okkur, þegar að því kæmi, að við vildum ekki lengur eða gætum ekki lengur notað okkar eigin íslenzku hráefni, fiskinn, landbúnaðarvörurnar og annað slíkt, og þyrftum að fara að flytja inn útlend hráefni til að vinna úr. Olían hefði þá þá aðstöðu fyrir okkur, að hún er ákaflega þægileg til flutnings og lítill vandi að skipa henni upp, og við höfum hér mikið af geymum, sem við getum hagnýtt í slíku sambandi, og svo er hitt, að úr olíunni, þegar hún er klofin nú, er hægt að vinna í fyrsta lagi þau efni, sem nú er farið að nota bæði í byggingarefni og annað slíkt, og þau efni, sem koma í staðinn fyrir stál og annað þess háttar, og hins vegar efni, sem hægt er að nota í föt og annað þess háttar. Plast, nælon og annað þess háttar eru nú orðin þau töfraefni, sem unnin eru að mestu leyti úr olíu, þannig að með þeim er hægt að skapa alveg nýjar iðngreinar, sem að mörgu leyti mundu liggja mjög vel fyrir okkur. Og þegar við erum að athuga um stóriðju, sem við viljum fara að leggja í, og nútímaiðju í þessu sambandi, þá má ekki gleyma því, að allt það, sem við stöndum frammi fyrir og nú er að gerast í sambandi við elektronik, eins og Ameríkanar kalla það, allt það, sem heitir reikniheilar og annað þess háttar, er að umskapa allt, sem heitir möguleikar á stóriðju, og þessir hlutir gerast á þessum áratug, þannig að ef við ætlum að byggja á því, sem væri skynsamlegast að leggja í í þessum efnum, þá er það fyrst og fremst mannvitið og þekkingin sjálf, sem við þurfum að leggja þarna til grundvallar. Og mér þætti ákaflega vænt um að fá að vita það, hvort þessi stóriðjunefnd hefur hugsað nokkurn skapaðan hlut um öll þessi atriði.

Það er það fyrsta, sem slík n. yrði að gera sér grein fyrir, hve stórkostlegar breytingar eru fram undan í öllu því, sem heitir tækni í heiminum, og hvernig verði að reyna að samræma það, sem Íslendingar gera við þá þekkingu, sem þar er um að ræða. Við höfum aldrei fengið neinar upplýsingar frá þessari stóriðjunefnd. Hún hefur ekkert lagt fyrir. Við höfum ekki neina hugmynd um, hvort hún hefur nokkra hugmynd um nokkurn skapaðan hlut í þessu eða hvort hún hefur látið svo lítið að athuga þær ábendingar, sem hér hafa komið fram. Hins vegar er hér lagt fyrir okkur, að það sé farið að semja við ákveðinn alúmíníumhring, og í samninganefnd sem þessa hafa verið settir menn eins og dr. Jóhannes Nordal og Steingrímur Hermannsson. M. ö. o.: þar sem verið er að semja við einhverja kaldrifjuðustu fjármálamenn í veröldinni, einhvern part af þeim einokunarhring, sem voldugastur og sterkastur er í heiminum hvað það snertir að einoka undir sig svo til allt, sem unnið er á þessu sviði, því að það gera alúmíníumhringarnir, þá eru settir í þetta hérna heima hálfgerðar prófessoratýpur eða þá hins vegar menn, sem eru upplagðir agentar fyrir útlenda auðvaldið, þ. e. a. s. menn, sem eru vissir með, eins og við sjáum strax af þessum samningsuppköstum, sem hér liggja fyrir, að gera undireins allar þær vitleysur, sem hægt er að gera af Íslendinga hálfu, og kjafta úr sér allt vit, þegar þeir eiga að tala við þessa menn, þannig að ef hæstv. ríkisstj. dettur í hug á eftir að fara að ráða til þessa, við skulum segja einhverja harðsvíraða lögfræðinga utan úr heimi, sem kynnu einhver tök á þessum auðhringum, sem þarna er um ræða, þá mundu þeir standa uppi eins og glópar, af því að þessir Íslendingar, sem í þetta eru settir, eru búnir að kjafta eins og vitleysingar. M. ö. o.: þegar farið er að ráðast í það að fara að gera svokallaða samninga við svona hring, þá eru settir í þetta menn, sem auðsjáanlega hafa ekki hundsvit á því eða skilja, hvernig eigi að semja við svona aðila, og vara sig þess vegna ekki á neinu af því, sem erlendir menn mundu vara sig á, og svo er passað um leið, að þeir menn, sem eru gagnrýnir á þessa hluti, sem hafa varað við þessu frá upphafi, séu hvergi látnir koma þarna nærri. Það hefði kannske mátt nota þeirra andúð gegn þessu til þess að láta þá benda þessum blessuðum sakleysingjum, ef maður talar linlega um þá, á það, sem þeir hefðu kannske fengizt til þess að sjá, ef andstæðingar þessa máls hefðu verið með frá upphafi.

Þarna er sem sé um mál að ræða, þar sem hæstv. ríkisstj. bar fyrst af öllu að reyna að sjá til þess, að að þessum samningum væri almennilega unnið. Og mér sýnist það strax á fyrstu síðunni, að þá komi það í ljós, að þarna hefur sem sé verið stokkið til að reyna að elta þær hugmyndir, sem fyrir löngu hafa komið fram og við höfum orðið varir við og við höfum alltaf séð, hvaða hættu hefðu í för með sér. Ég vil þess vegna segja það, að með því, sem hér er að gerast, ef þessu verður haldið áfram, sem hér er nú hafið, er verið að gera algerlega ný tímamót í Íslandssögunni. Það urðu hér mikil tímamót 1940, þegar erlendur her kom í fyrsta skipti hingað til lands og lagði undir sig landið, og við það hernám höfum við ekki losnað síðan, og það er nú á aldarfjórðungi búið að hafa stórkostlega spillandi og eyðileggjandi áhrif á okkar þjóð og lítillækka hana og stofna henni í hættu móralskt séð, sem við sjáum ekki enn þá, hvernig við komumst fram úr. Ef úr því verður, sem hér er til stofnað, er hafið nýtt tímabil enn þá hættulegra. Fram að þessu höfum við verið tiltölulega efnahagslega sjálfstæð þjóð, vegna þess að við höfum verið svo að segja eina þjóðin í Evrópu, sem hefur sjálf átt atvinnutæki. Ísland hefur verið einstakt land í Evrópu hvað það snertir, að hér hefur svo að segja ekkert útlent auðvald verið síðan 1940. Það, sem þess vegna vofir yfir nú, er, að hér verði nú framkvæmt, ef úr þeim samningum verður, sem hér verður stofnað til, eins konar atvinnulegt hernám, sem fyrir fram sé slegið föstu, að verði til 25—40 ára, og felst í því að skipuleggja arðránið á íslenzkum auðlindum og á íslenzku fólki, á auðlindunum annars vegar með því að sölsa undir erlenda auðhringi ódýrasta aflið, sem Ísland getur framleitt, og fólkinu hins vegar með því að ræna það þessu afli og láta það borga rafmagnið á næstu 25—40 árum með þrefalt hærra verði a. m. k. en hringurinn mundi borga það og með miklu hærra verði en hefði þurft að borga það annars. Þess vegna ber að ræða þetta mál frá því sjónarmiði, hvort við séum á því að brjóta nú blað í Íslandssögunni til ills, að í staðinn fyrir að losna við það hernám, sem við höfum haft hér undanfarin 25 ár með þess siðspillandi áhrifum, verði nú innleitt það hernám í atvinnulífinu, sem hér er lagt til, með því að hleypa útlendu auðvaldi inn í landið. Það á að binda þetta með samningi, ef úr þessu verður, til 25—40 ára, sem þýðir það sama, sem að alla næstu kynslóð skuli erlendur auðhringur sölsa undir sig bezta fossaaflið, sem hér er til, með álíka aðstöðu og hann hefði eignazt það fossaafl. Það þýðir, að það eigi að afhenda erlendum auðhringi ódýrasta rafmagn, sem hægt er að framleiða á Íslandi og verður hægt að framleiða, og ódýrasta rafmagn, sem hægt er að framleiða í Evrópu núna. Það þarf að fara alla leið suður í Afríku, í stórárnar þar, til þess að finna ódýrara rafmagn. Við eigum síðan, Íslendingar, að taka á okkur alla áhættu af virkjuninni. Útlendi auðhringurinn á að setja á okkur alla áhættuna af öllum verðhækkunum — og eins og víða kemur fram og ég mun síðar koma að — af öllum markaðskreppum eða að meira eða minna leyti. Það þýðir, að þessi útlendi auðhringur á að fá til sín svo að skiptir hundruðum þús. kw. af ódýrasta rafmagni, sem Ísland getur framleitt, upp á okkar áhættu. Hann á ekki einu sinni sjálfur að eiga það á hættu að virkja þetta og borga það, sem

það kostar. Það virðist eiga að semja við hann fyrir fram. Og til þess að gera þetta, eigum við að leggja fram frá 2000 millj. kr. allt upp í 5000 millj. kr., svo framarlega sem allt yrði virkjað, sem þessi hringur vildi fá, og þetta eigum við að taka að láni erlendis með ránd ýrum eða mjög erfiðum kjörum eða allt að 5½% vöxtum. Allri þessari áhættu á að skella á Íslendinga til þess eins að leyfa erlendum auðhringi að ræna okkar auðlindum. Og þannig á að tryggja þetta til 25—40 ára. M. ö. o.: einhverja af þeim dýrmætustu auðlindum, sem um er að ræða, eigum við að ofurselja á þennan máta. Það, sem okkur var forðað frá að gera fyrir 45 árum, þegar búið var að selja meginið af fossunum, erum við nú að byrja að gera sjálfir og undir enn hættulegri kringumstæðum.

Hver er þá þessi 25 ára tími, svo að við tökum styttra skeiðið, sem við stöndum núna frammi fyrir og er að hefjast? Þetta 25 ára skeið verður langsamlega mesti umbyltingartími mannfélagsins í tæknilegum efnum. Á þessu skeiði munu verða sköpuð efni, sem við þekkjum yfirleitt ekki núna, eins og þegar er nú, að um 60% af þeim efnum, sem notuð eru í iðnaðarlega allfullkomnum ríkjum, voru ekki til um síðustu aldamót. Og þá ættum við að fara að ofurselja einar dýrmætustu auðlindirnar, sem við höfum, í heila kynslóð í hendurnar á erlendum hring, getandi sjálfir ekki haft nokkurn skapaðan hlut upp úr því og eigandi aðeins á hættu að geta á því tapað, því að þannig er auðsjáanlega nú þegar frá þessu gengið.

Hverjar hljóta að verða þær þjóðfélagslegu afleiðingar af því að hleypa slíkum erlendum auðhring, eins og hér er um að tala, inn í landið og tryggja honum hér sérréttindi í 25 ár? Þessi erlendi auðhringur talar um að festa nú þegar 2500 millj. ísl. kr. í sínum hluta hér, í sínum verksmiðjum, og svo framarlega sem úr því yrði, að hann fengi hér að byggja alúmíníumverksmiðju, sem ætti að framleiða allt upp í 160 þús. tonn á ári, eins og hann hefur jafnan látið í ljós, mundi það þýða, að hann mundi leggja í þetta fjármagn, sem væri um 7000 millj. kr., bara í alúmíníumverksmiðjurnar. En á sama tíma, ef hann legði lægri upphæðina fram, 2500, mundum við verða að leggja fram allt upp í 2000 millj. kr., og ef hann færi allt upp í 7000 millj., mundum við verða að leggja fram um 5000 millj. kr.

Nú skulum við athuga, hvernig yrði aðstaða þessa hrings, þegar hann væri búinn að leggja fram, hvort þetta væru nú 2500 millj. kr. eða mun meira, í fyrirtæki hér innanlands. Slíkur hringur yrði það langsamlega sterkasta vald, sem til væri í íslenzku atvinnulífi. Allt okkar fjármagn í öllum okkar skipum, öllum okkar fiskiskipum og öllum okkar fiskiðnaði, er hátt metið 3000 millj. kr., — ég býst við, að það sé langt of hátt metið. Og iðnaðurinn allur saman kemst vart upp í slíkt, 5—6 þús. millj. kr. munu núna vera það fjármagn, sem er í öllum íslenzkum fiskveiðum, fiskiðnaði og iðnaði. Og af þessum 5—6 þús. millj. kr., sem við Íslendingar höfum fest í þessum okkar atvinnuvegum, er einkafjármagnið í þessu ekki nema nokkur partur, ég þori ekki að segja, hve mikill. Það er varazt að láta menn hafa nákvæmar hagskýrslur um þetta. En lán bankanna í þessum atvinnugreinum eru ekkert smáræði. En jafnvel þótt menn reiknuðu með, að íslenzkir atvinnurekendur ættu um 3 þús. millj. kr. af þessu, sem ég býst við, að sé fullhátt metið, sjáum við, að þessi hringur, undireins og hann væri kominn hér inn, á álíka fjármagn hér og allir íslenzkir atvinnurekendur, eins og öll íslenzk borgarastétt til samans. Og ég verð að segja, að ég á bágt með að skilja þá sjálfstæðistilfinningu hjá íslenzkri atvinnurekendastétt, að hún óski eftir að fá slíkan aðila inn í sitt land.

Hvað gerist, um leið og slíkur aðili, erlendur auðhringur með 2500 millj. kr. eign, er setztur að hér suður í Straumsvík? Hvað gerist? Ég býst við, að það sé enginn maður hér inni, — það eiga allir hér að heita stjórnmálamenn, — það blindur, að hann geri sér ekki ljóst, að samstundis er þetta félag orðið mesta áhugafélag í íslenzkum stjórnmálum, sem til er. Það er enginn aðili á Íslandi, sem á eins mikið undir þróun íslenzkra stjórnmála og þessi auðhringur, þegar hann er búinn að eignast hér 2—3 þús. millj. kr. fyrirtæki, — enginn aðili. Jafnvel öll íslenzk borgarastétt samanlögð hefur ekki eins mikilla hagsmuna að gæta. Það þýðir, að þessi erlendi auðhringur hefur þar með fengið áhuga á íslenzkri pólitík. Þessi erlendi auðhringur skilur það undireins og er nú þegar byrjaður að skilja það, svo sem sjá má af Morgunblaðinu og þess síðum þessa dagana, að hann þarf að hafa áhrif í íslenzkum stjórnmálum. Hann þarf í fyrsta lagi að tryggja sig gegn íslenzkri löggjöf, sem væri hagsmunum hans hættuleg. Hann á 3000 millj. kr. og ætlar sér að eiga allt upp í 7000 millj. kr. undir því, hvernig íslenzk löggjöf verður á næstu 25 árum. Það þýðir, að hann reynir að tryggja sér ítök í fyrsta lagi í íslenzkum blöðum. Það er e. t. v. ekki mjög erfitt fyrir hann. Ætli Vísir þurfi ekki t. d. á peningum að halda núna? Ætli það verði mikill vandi fyrir eitt auðfélag upp á 2500 millj. kr. að kaupa upp einhver smáblöð hérna, dagblöð og annað slíkt, og sjá um að gera þau að þó nokkuð miklu valdi í íslenzkum stjórnmálum? Við skulum muna eftir því, að það voru hérna nokkrir pínulitlir heildsalar, pínu-, pínulitlir heildsalar 1920, og nokkrir fleiri hálfdanskir, sem ákváðu það, að þeir þyrftu hér að eignast dagblað, og fóru til Vilhjálms Finsens og hótuðu honum því, að svo framarlega sem hann seldi þeim ekki Morgunblaðið, mundu þeir hætta að auglýsa hjá honum og stofna eigið dagblað hér, og Vilhjálmur Finsen sá fram á, að þar með mundi hans Morgunblað vera fjárhagslega eyðilagt. Hann gafst upp, segir frá þessu í endurminningum sínum, sem

prentaðar eru, og endar þennan kafla með því að segja: „Þannig komst mitt hjartans barn í hendurnar á kaupmannavaldinu í Reykjavík.“ Það voru litlir karlar, þeir sem þá keyptu Morgunblaðið. Sá aðili, sem kæmi hér inn núna með 2500 millj. kr. auðmagn, sem hann ætlaði sér að auka hér, er enginn smákarl og hann mundi þurfa meira en einhver smáblöð, sem væru 4—8 síður, til þess að tryggja sína hagsmuni. Við skulum gera okkur ljóst, að við erum, eins og Diogenes sagði, þegar hann var í tunnunni forðum: Hver vill kaupa sér herra? — við erum að kaupa okkur herra hér inn, ef við ætlum að fara að hleypa svona erlendu auðmagni inn í landið, eins og þetta auðfélag, sem þarna á í hlut. Og þessi sami aðili, sem mundi hafa áhuga hér á að móta almenningsálitið á Íslandi, mundi á sama hátt hafa áhuga á íslenzkum stjórnmálaflokkum og tryggja sér ítök í þeim, og fengi hann það ekki í þeim flokkum, sem fyrir eru, mundi hann sjá um að skapa sér flokka, og hver sá, sem á dagblað hér í Reykjavík, getur séð um að skapa sér hér stjórnmálaflokk.

Við höfum haft ofurlítið af spillingu að segja á undanförnum 25 árum á Íslandi. Hún hefur verið að aukast. En hún er víst smáræði í sambandi við það, sem um yrði að ræða, þegar auðhringur með 2500 millj. kr. kapítal til að byrja með væri farinn að hafa áhuga ekki aðeins á íslenzku atvinnulífi, heldur íslenzku stjórnmálalífi og þess þróun og íslenzku almenningsáliti og þess gerð. Þetta yrði stórkostlegasti hagsmunaaðilinn í íslenzkri pólitík á næstu 25 árum, ef við hleyptum honum inn núna. Og það er bezt, að menn geri sér það strax ljóst, hvaða afstöðu þeir ætla að taka gagnvart honum, hvort þeir ætla að byrja með því frá upphafi vega að þjóna þessum auðhring með því að hleypa honum hér inn. Það þýðir ekkert að koma á eftir og þykjast ekkert hafa vitað og þykjast ekkert hafa séð, hvað menn væru að gera í þessum efnum.

Það eru einhver blessuð börn, sem tala hér um, að Norðmenn hafi hleypt inn útlendu auðmagni. Jú, vissulega hafa allar þjóðir í Evrópu hleypt inn meira eða minna útlendu auðmagni. En það auðmagn hefur hjá þeim verið kannske frá 5—10% af því fjármagni, sem verið hefur í þeirra atvinnulífi. Ef ég man rétt, er útlenda fjármagnið í Noregi einhvers staðar á milli 5 og 10% bara af fjármagninu í þeirra iðnaði. Ég held, að það sé rétt hjá mér, og þá er skipaútgerðin og landbúnaðurinn og slíkt ekki með. Norsk borgarastétt, norsk auðmannastétt er sterk stétt, tiltölulega mjög þjóðlega hugsandi á margan máta, sem alls ekki lætur bjóða sér neina slæma skilmála. Það var rætt hér áðan af hv. 9. þm. Reykv., hvernig þeir brugðust við þessum skilmálum. Þeir höfðu nóga peninga, en þeim fannst skilmálarnir, sem þarna höfðu verið gerðir, slæmir, þá líta þeir ekki við þessu. Hér aftur á móti á Íslandi höfum við unga borgarastétt, sem eiginlega finnur ósköp lítið til sín gagnvart útlöndum, svo að vægt sé að orði komizt. Hún er stundum nokkuð frek gagnvart verkamönnum og öðrum launþegum og ég tala nú ekki um gagnvart ríkisstj. En mér finnst fara lítið fyrir hennar aðgát og sjálfstæðishugmyndum, þegar hún horfir framan í það auðmagn, sem nú er verið að setja hér inn. Og hvað á þetta auðmagn að verða mikill hluti af því auðmagni, sem er í íslenzkum iðnaði og íslenzkum fiskveiðum? Þetta auðmagn á að verða 50% til að byrja með af því, sem þá yrði alls af auðmagni í íslenzkum iðnaði og íslenzkum fiskveiðum. Það þýðir, að frá því að Ísland væri frjálsasta land í Evrópu af erlendu auðmagni yrði Ísland háðasta land í Evrópu erlendu auðmagni. Það er alger bylting, sem gerð yrði með þessu, hvað snertir aðstöðu Íslendinga. Það yrði gerbylt öllu okkar efnahagslífi.

Ég veit, að menn segja: Ja, það eru ekki nema kannske 300—400 verkamenn, sem eiga að vinna þarna. — Valdið liggur ekki í því, hvað séu margir verkamenn. Valdið liggur í hinu, hvað er mikil eign, hvað er mikið fjármagn, sem þarna er, og hvað sá fjármagnseigandi, sem þarna á í hlut, hefur þess vegna mikilla hagsmuna að gæta gagnvart íslenzkri löggjöf. Ég býst við, að menn hafi vissulega orðið varir við á undanförnum árum, að okkar íslenzka borgarastétt hefur vissan áhuga á íslenzkri löggjöf. Henni er ekki alveg sama um, hvort hún fær t. d. styrki eða hvort hún fær ekki styrki. Henni er ekki alveg sama, hvert gengið er. Henni er ekki alveg sama, hver launin eru. Hún hefur áhuga á þessu öllu saman. Það hefur varla farið fram hjá mönnum. Hvað halda menn þá um þessa aðila, þegar þeir væru komnir þarna inn?

Ég vil vekja athygli á því, að þetta Alþ. setur ekki lög fyrir næstu 25 ár. Það gera þeir Íslendingar, sem kosnir verða á þing hér á næstu 25—40 árum, og þar getur komið fjöldinn allur af lögum, sem geta komið við hagsmuni þessa hrings á allan mögulegan máta. Það verður aldrei nokkurn tíma girt fyrir það með neinum samningi, hversu vitlaus sem hann verður, að það er ekki hægt að ná sér niðri á þessum hring á allan mögulegan máta, þegar vilji er fyrir hendi um það. Það veit þessi hringur. En hvað mun hann gera til að fyrirbyggja slíkt? Hann mun reyna að hafa áhrif á vilja þjóðarinnar. Hann mun reyna að villa um fyrir henni, þannig að hún verði svo blinduð í þessu, að hún sjái ekki, hvað til hennar friðar heyrir í þessum efnum. Hér verður komið upp blöðum, hér verður komið upp stjórnmálaflokkum eða stjórnmálaflokkar, sem fyrir eru, yfirteknir. Hér verður komið upp leppmennsku í stórum stíl. Hér er erindrekasturinn þegar byrjaður fyrir þennan hring. Ef það verður ákveðið, að hlutfall erlends auðmagns í íslenzkum iðnaði skuli vera að 4—5 árum liðnum 50%, er Ísland ekki lengur efnahagslega sjálfstætt land. Þá eru komnir svo sterkir erlendir aðilar hér inn, að við ráðum

lítt við þá með þeim áhrifatækjum, sem þeir hafa í sínum höndum til þess að geta ráðið almenningsáliti á Íslandi.

Við skulum muna eftir því, að prentfrelsið í okkar landi er fyrst og fremst prentfrelsi peninganna, þ. e. þeir, sem hafa nægа peninga til þess að gefa út blöð, gefa þau út, og þeir hringar, sem þurfa að horfa í peningana, geta leyft sér að gera hluti í þessum efnum, sem Íslendingar af sinni fátækt geta ekki leyft sér, þeir, sem eru að berjast við að halda uppi blöðum, sem eiga að þjóna málstað verkamanna, bænda og annarra vinnandi stétta á Íslandi. Þess vegna geta erlend auðfélög skapað sér hér áhrifatæki, sem stórspilla okkar þjóð og móta almenningsálit, sem sé í þeirra þágu. M. ö. o.: ef horfið verður að þessu ráði, er verið að innleiða nýlendustefnu á ný á Íslandi og gera íslenzkar auðlindir að arðránslind fyrir erlent vald og gera íslenzkt fólk aftur háð erlendu valdi, gera Ísland aftur að landi, sem sé arðrænt af útlendingum. Hér hefur verið hrakið í þeim ræðum, sem hafa verið haldnar af hálfu stjórnarandstöðunnar, allmikið af þeim blekkingum og þeim áróðri, sem þetta mál hefur verið flutt með. Það hefur verið rakið, hvernig Alþingi hefur verið sniðgengið í þessum málum. Það hefur verið sýnt fram á, hvernig fólk hefur verið vélað og blekkt, sumpart af mönnum, sem eru nú þegar beinir erindrekar þessa erlenda hrings, sumpart af mönnum, sem hafa barnalega trú á erlendu auðmagni og halda, að það sé svo blessunarríkt fyrir okkar land, — menn, sem auðsjáanlega hafa ekki hugmynd um, hvað Ísland er ríkt í sínum fiskveiðum og hvað afköst þeirra Íslendinga, sem fiskinn draga úr sjónum, eru margfalt meiri en afköst flestallra annarra manna, jafnvel þótt þeir vinni með tiltölulega stórfelld tæki. Og hér hefur þegar verið rakið, hvernig allt, sem þeir menn, sem standa að þessum samningum, sem nú hafa verið gerðir, — þessir efnahagssérfræðingar ríkisstj., — hvernig þeir hafa reiknað allt hringlandi vitlaust út viðvíkjandi því, hvað íslenzkt efnahagslíf gæfi, en sleikja svo aftur á móti út um, þegar þeir eru með áróður fyrir því að fá útlent auðmagn inn í landið, sem við höfum svo að segja ekki nokkurn skapaðan hlut upp úr.

Það er mjög náin samvinna á milli allra þeirra hringa, sem þarna eiga í hlut, svo náin, að voldugasti hringur í þessum efnum, bandaríski hringurinn, kanadíski hringurinn, sem er partur af honum, franski hringurinn, brezki alúmíníumhringurinn, sem nú nýlega var keyptur upp af Reynolds, og þessi svissneski hringur vinna allir saman og hafa allir samráð um sína stórpólitík, og á sumum sviðum, eins og t. d. í því, sem þeir núna eru að gera í sambandi við Guineu, þar sem þeir eru að stofna til 4000 smál. framleiðslu af alúmíníummálmi á ári, þar starfa þeir saman, amerísku hringarnir, með helminginn af hlutafénu, þessi svissneski hringur, sem við erum hér að tala um, brezki alúmíníumhringurinn og franska félagið, sem þessi hringur var að hugsa um um tíma að hafa samstarf við. Þessi útlendi peningaaðall, sem á þessa hringi, stendur sem einn og voldugur aðili í allri alúmíníumframleiðslu heimsins, og hann notar þann hátt að etja smáríkjunum í heiminum hverju á móti öðru, láta þau undirbjóða hvert annað, sumpart til þess að losna við báxítið, eins og hann hefur gert gagnvart Jamaica og öðrum slíkum, sumpart til þess að bjóða fram rafmagnið, eins og hann gerir núna við löndin suður í Afríku, Guineu og önnur slík, og eins og hann gerir við Norðmenn og Íslendinga. Þessi hringur er einokunaraðilinn. Í hans augum erum við og Norðmenn og þeir þarna suður í Guineu og annars staðar smákarlar, sem hann er að etja saman.

Þegar okkur voru afhentar leyniskýrslurnar upphaflega frá hæstv. ríkisstj., var leyndin á þeim tengd við það, að við værum að keppa við Norðmenn og þetta mætti ekki fara út, vegna þess að þá gætu Norðmenn hreppt hnossið og við orðið af því. Það var búið að telja þessum blessuðum sakleysingjum, Jóhannesi Nordal doktor og seðlabankastjóra og öðrum slíkum, trú um, að það væri slíkt hnoss að ná í viðskipti við þennan alúmíníumhring, að það væri um að gera frá Íslands hálfu að undirbjóða í kapp við Norðmenn og aðra slíka, til þess að við hrepptum hnossið. Og eftir þessu hefur verið breytt. Við annars vegar og Norðmenn hins vegar höfum verið notaðir eins og hanar, sem att er saman, eða naut, og við höfum auðsjáanlega undirboðið Norðmennina á öllum sviðum, sem hér er búið að rekja mjög greinilega, þ. e. í hreinum barnaskap. Í eltingarleik við þetta mýraljós hafa þessir svokölluðu samningamenn af Íslands hálfu verið svo áfjáðir í að fá þennan hring hingað til lands, að þeir hafa talið sjálfsagt að byrja að fyrra bragði að minnast á hluti, sem Norðmönnum hefði aldrei dottið í hug að minnast á. Ég get ímyndað mér, hvernig þessi útlendi peningaaðall hlæi að okkur, þegar við erum að ganga svona eftir þeim með grasið í skónum og undirbjóða alla aðra eins og fáráðlingar. Þeir hugsa sem svo: Það er auðvelt að plata sveitamanninn þarna úti á Íslandi. Þeir eru auðsjáanlega ekki vanir að fást við kaldrifjaða auðhringa. — Og mér er sagt, að hæstv. ríkisstj. sé farin að opna augun fyrir þessu núna og sé núna að hugsa um að fara að fá útlenda harðskeytta lögfræðinga til þess að standa að þessum samningum. Ég er hræddur um, að það sé nokkuð seint. Þegar menn eru búnir að hafa fyrst samninganefndarmenn, sem hafa ekki hundsvit á því, sem þeir eru að gera, og kjafta frá sér allt vit og eru farnir að minnast á aðra eins hluti og þá, sem í þessu samningsuppkasti felast, er erfitt að draga sig til baka, nema bara að segja: Við ætlum ekkert að eiga við þetta meir. — Annars standa menn frammi fyrir því að gera þessa menn ómerka. Það er ákaflega leiðinlegt, því að þetta eru sumpart skikkanlegustu menn, — það er ósköp leiðinlegt að vera að

gera þá ómerka að sínum orðum, og það er miklu betra að segja þá bara undireins: Nú viljum við ekki meira við ykkur eiga. Við finnum það, að andrúmsloftið er þannig á Íslandi, að við viljum ekkert undir því eiga að reyna að pína þetta í gegn. — Ég býst við, að menn sjái fram á það, að það verði marið í gegn hér á Alþ. að lokum, kannske með nokkurra atkv. mun, og það má vera undarlegur auðhringur, sem vill eiga það undir því, hvernig kunni að skiptast í næstu kosningum á Íslandi, hvernig hans aðstaða verði hér.

Eitt af því, sem útlendir auðhringar fyrst og fremst spyrja að, þegar þeir eru að festa fé sitt í einu landi, það er, hvað það sé pólitískt tryggt, hvernig þeir geti tryggt sig gegn því, að þetta sé þjóðnýtt eða farið þannig að því á ýmsan máta, eins og alltaf er hægt, að þeir geti ekkert upp úr þessu haft. Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur nú þegar að horfast í augu við, að við þennan hring eigum við ekkert að eiga meir. Okkur liggur ekkert á með þetta. Okkur eru þessar auðlindir okkar ekkert útfalar. Okkur er enginn akkur í að fara að setja 2000 millj. kr. í að rafvirkja handa þessum hring, og við getum fengið nóga peninga til þess að rafvirkja án þess að vera að rafvirkja handa honum. Við höfum nóg annað við 2000 millj. að gera, sem við getum haft margfalt meira upp úr, m. a. með því að margfalda okkar flota og vinna betur úr okkar fiski. Og ég verð að segja, að lágt er þá íslenzk burgeisastétt farin að leggjast, ef hún ætlar nú að verða samsek um það að kalla þessa aðila hér inn í landið.

Þegar núv. Sjálfstfl., þá undir nafninu Íhaldsflokkur, var að hefja göngu sína, þá var Jón Þorláksson formaður hans, og það var Jón Þorláksson, sem þá var þegar einn af fremstu mönnum íslenzkrar borgarastéttar, sem tók þá afstöðu á því þingi, þegar útgert var um fossamálin 1923, að berjast gegn því, að útlendir auðhringar fengju að ná tangarhaldi á fossunum, og þá flutti hann þau skilaboð í ræðu, sem hann flutti í Nd. Alþ. 3. maí 1923, skilaboð frá Guðmundi Björnssyni, sem hafði verið með honum ásamt Bjarna frá Vogi í fossanefndinni og myndað meiri hl. þar, — skilaboð, sem hljóðuðu svo:

„En nú vill hv. meiri hl.," þ. e. þeirrar n., sem þá liggur fyrir þinginu, „fara þessa leið og gefa útlendingunum allan þann framtíðargróða, sem við getum haft af notkun fallvatnanna. Ég er ekki fyrir að nota stór orð, en get þó ekki látið hjá líða að flytja þessari hv. d. þá orðsendingu frá fyrrv. forseta Ed., fyrrv. meðnm. mínum, Guðmundi Björnssyni landlækni, eftir beinum tilmælum hans, að hann geti ekki skoðað þetta öðruvísi en föðurlandssvik."

Síðan gerir Jón allýtarlega grein fyrir skoðunum sínum og Guðmundar Björnssonar og lýkur svo með þessu:

„Við fögnum og höfum enn trú á því, að sá tími komi, að unnt verði að ráða fram úr þeirri fjárhagslegu þraut að nota vatnsorkuna fyrir ljósgjafa og hitagjafa handa landsmönnum, og við förum fram á það, að löggjafarvaldið sýni þá framsýni að taka tillit til nauðsynjarinnar á þessum framkvæmdum og leggja ekki stein í götu þeirra, og við förum fram á það, að þeir jarðeigendur, sem kynnu að hafa gert sér vonir um að geta selt einhver vatnsréttindi, sleppi þeim vonum vegna nauðsynjar eftirkomendanna."

Þegar íslenzk borgarastétt hóf göngu sína, hafði hún enn þá á árunum 1920—1923 það stolt, skulum við segja, að hún vildi sjálf og þeir, sem við tækju af henni, fá að sitja að íslenzkum auðlindum, en ekki glopra þeim í hendurnar á útlendum auðkýfingum. Bjarni frá Vogi hafði sagt þetta sama, þegar barátttan byrjaði í þinginu 4 árum fyrir 1923, 1919, og þá hafði hann seinast út af sérleyfislögunum sagt þessi orð, — það var í ræðu 18. sept. 1919, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar vífilengjur um, að sérleyfislög eigi ekki að samþykkja nú, eru því til þess eins fram bornar, að fossafélögin geti grætt sem mest á bralli því, sem þau hafa haft hér í frammi með því að senda hingað leynilega sendimenn til þess að ginna þessa hluti út úr fáfróðum mönnum fyrir smámuni. Það er því til góðs þjóðum þessara félaga, sem eiga hér bæði heil blöð og venzlamenn, og nú er að sjá, að eigi suma þm. líka. Þetta er það, sem orsakar allt hatrið og allar skammirnar, sem dynja á okkur, meiri hl. fossanefndar, í blöðum þessara þjóna erlendra auðkýfinga."

Þessi voru orð Bjarna frá Vogi. Þeim mönnum úr íslenzkri borgarastétt, sem höfðu tekið þátt í því að heyja íslenzka sjálfstæðisbaráttu, var það ljóst, að það átti ekki að glopra þessum auðlindum út úr höndunum á okkur. Og mér finnst það hart, ef það á nú að fara að ofurselja í hendurnar á erlendum auðhring á miklu hættulegri máta en jafnvel þá var hugsað þessar auðlindir, sem þarna er um að ræða. Kjörorðið var þá enn þá: Ísland fyrir Íslendinga. Nú virðist það fara að verða það, að Ísland eigi að verða fyrir erlenda auðhringa.

Það var spurt að því áðan af hv. 1. þm. Austf., á hvern hátt hæstv. ríkistj. hefði hugsað sér það, að Ísland gæti komizt inn í þennan atvinnurekstur. Og hv. 1. þm. Austf. sá enga möguleika á því, og ég býst við, að það sé nokkurn veginn rétt hjá honum. Það eru engir möguleikar á því á neinn venjulegan máta. Ef svona samningar eru gerðir nú, þá væri aðeins eitt eftirskilið þeim, sem á eftir koma, þeirri kynslóð, sem kæmi til með að glíma við afleiðingarnar af slíkum samningum, og það væri fyrr eða síðar skaðabótalaust eignarnám á eignum slíks hrings, og það er það sverð, sem kemur til með að hanga yfir höfði þessara útlendu auðkýfinga næstu 25—40 ár, að íslenzk þjóð muni taka þessar eigur skaðabótalaust eignarnámi, vegna þess að þessi hringur sé þá búinn að fléttа Íslendinga svo

lengi sakir fáfræði þeirra aðila, sem gerðu þá samninga, sem nú stæði til að gera, að hann væri búinn að fá fullkomlega borgað það, sem hann hefði lagt í þessa verksmiðju, með þeim gróða, sem hann hefði haft af íslenzku rafmagni, sem er 30% af öllum kostnaði hans á þessum tíma, öllum framleiðslukostnaði hans, og það er það, sem kemur til með að verða barizt um á næstu áratugum, ef þessum hring verður hleypt hér inn í landið nú.

Við höfum áður knúið það í gegn, Íslendingar, að við fengjum skaðabótalaust í okkar hendur það, sem áður var stolið af okkur, það, sem kaþólska kirkjan hafði sölsað undir sig af íslenzkum jarðeignum, og það, sem konungur hafði síðan lagt undir sig. Það knúðu Íslendingar fram, að var afhent sem íslenzkar þjóðjarðir, án þess að fyrir það væri greitt. Og það eru nóg ráð í íslenzkri löggjöf til þess að gera félög eins og þau, sem hér er talað um, réttindalaus, hvaða samningar sem eru gerðir. Það er líka hægt að breyta íslenzkri stjórnarskrá þannig, að þessir aðilar hafi hér enga tryggingu. Þótt það standi í núverandi stjórnarskrá, að það skuli borga öllum fullar bætur, þá er hægt að breyta þeirri stjórnarskrá þannig, að þegar útlendir aðilar eigi í hlut, skuli slíkt ekki gilda. Íslendingar hafa nóga aðstöðu til þess að breyta slíku, svo framarlega sem útlendum hring með hans aðstöðu til blaðaútgáfu og flokkastarfsemi og áhrifa á íslenzkt almenningsálit tekst ekki að spilla svo íslenzkri þjóð, að hún hafi ekki samsvarandi sjálfstæðistilfinningu gagnvart útlendingum og við höfðum á 19. öld og framan af þeirri 20.

Það er vitanlegt, að við þurfum, áður en 25 ár eru liðin, sjálfir á þessu rafmagni að halda og verðum farnir að virkja þá miklu, miklu dýrara rafmagn en þetta. Og þeir menn, sem þá eiga að borga það dýra rafmagn, koma til með að segja: Ég heimta, að það sé stöðvað rafmagn til þessa hrings, sem selt er fyrir smánarverð. — Og þeir koma til með að finna aðferðir til þess.

Þar að auki vil ég segja það og aðvara núverandi valdhafa, að það hefur enginn maður rétt til þess að gera samning til þess að ætla að binda komandi kynslóðir. Það er hægt að reyna að finna út lagalegar refjar til þess, en það er enginn siðferðilegur réttur til þess, ekki nokkur. Menn geta gert milliríkjasamninga við annað ríki, þar sem ríkið getur staðið erfiðlega að vígi, vegna þess að ríkið er ákveðið vald gagnvart okkur. En það er ekki hægt að gera slíka samninga gagnvart einu litlu hlutafélagi og ekki heldur stóru, sem ætlar að starfa undir íslenzkum lögum, hvernig sem íslenzkum lögum og íslenzkri stjórnarskrá kann að verða breytt. (Gripið fram í.) Nei, ríkið er voldugt, það er hægt að gera milliríkjasamninga. En það verða ekki gerðir milliríkjasamningar um þetta. Það er hægt að gera samning eins og gerður var núna við England í sambandi við landhelgina, og það skapar okkur vissa erfiðleika, þegar við eigum að fara að sækja undir dómstól í Haag og annað slíkt. En það er ekki hægt að gera samning við hlutafélag. Eitt ríki gerir ekki slíkan samning við eitt hlutafélag.

Hv. 5. þm. Vesturl. var að tala hér um það, að ýmsar þjóðir væru nú að lokka til sín útlent auðmagn. Það eru fleiri þjóðir nú, sem eru að þjóðnýta útlent auðmagn í sínum löndum, miklu fleiri. Og það er háttur, sem kemur áreiðanlega á næstu 25 árum til með að verða miklu algengari, að þjóðir hagnýti það erlenda auðmagn, sem í þeim löndum er.

Hv. 5. þm. Vesturl. talaði hér áðan um það, eins og hann sagði orðrétt, að ef Einar Benediktsson og þeir, sem með honum stóðu í kringum 1920, hefðu fengið að gera það, sem þeir þá höfðu ætlað, hefði það verið mjög gott. Það er máske athyglisvert, að upp úr þeim mönnum, sem lítið virðast þekkja til íslenzkrar sögu, skuli gloprast svona nokkuð, og dæmi um það, hve þekkingarleysið á íslenzkri sögu er mikið, enda varla von, að það sé stórkostlegt, ef Háskóli Íslands hefur ekki treyst sér til þess að kenna neina Íslandssögu eftir 1904. Það, sem var að gerast eftir 1920, var alveg þveröfugt. Það var stórkostleg hætta á ferðum þá. Þá var búið að selja alla íslenzka fossa að Soginu undanteknu í hendurnar á útlendum félögum og félögum, þar sem útlendingar áttu yfirgnæfandi meiri hl., og það, sem hefði gerzt, og það, sem var verið að knýja í gegn á Alþingi þá, var, að þessir erlendu aðilar, sem áttu fossana, fengju að virkja þá, þeir fengju að virkja þá og hagnýta þá, og Titan, sem var útlent félag, hafði þá þegar með áætlun Sætersmoen gert áætlun um 6 virkjanir í Þjórsá, sem Titan átti, þar sem þurfti 2000 verkamenn til þess að vinna að því að koma þeim virkjunum upp, og þar sem meiningin var að koma upp áburðarverksmiðju og öðru slíku. Hvað hefði gerzt, ef þetta hefði orðið? Hv. 5. þm. Vesturl. hélt, að þá hefði þetta allt verið í þessu fína lagi og við verið búnir að eignast þetta allt saman. Það, sem hefði gerzt, hefði verið þveröfugt. Það, sem hefði gerzt, væri það, að þessir stóru erlendu aðilar hefðu eignazt öll þessi fyrirtæki, sem þarna var um að ræða, í þjónustu þessara útlendu aðila hefði starfað þorrinn allur af íslenzkum verkalýð. Þessir útlendu aðilar hefðu átt fossana, verksmiðjurnar, og þeir hefðu komið sér upp miklu sterkari blöðum og flokkum á Íslandi en dönsku heildsalarnir réðust í að gera 1920, þegar þeir keyptu Morgunblaðið, eins og ég sagði frá áðan. Þessir útlendu aðilar hefðu orðið sterkustu aðilarnir í íslenzkri pólitík. Og þeir hefðu mótað almenningsálit meira og minna á þessum 25 næstu árum. Mér er spurn, hvort Ísland hefði orðið lýðveldi 1944, ef danskt auðmagn hefði verið svo sterkt hér, að það hefði ráðið hér bæði voldugum blöðum og flokkum. Og ég held, að Jón Þorlákssson og Bjarni frá Vogi og þeir menn, sem hér á Alþingi báru gæfu til þess að smeygja einni brtt. inn í fossalögin 1923 um, að ríkið eitt mætti virkja fossana, þótt útlendingarnir ættu þá, — ég

held, að þeir hafi gert rétt með því að hindra þessa þróun útlends fjármagns í íslenzku atvinnulífi. Ég held, að það hafi verið blessunarríkt fyrir Ísland og það hafi þýtt, að Íslendingar sjálfir hafa þróað sitt atvinnulíf og eiga sjálfir sín atvinnutæki og eru þess vegna efnahagslega með sjálfstæðustu þjóðum í Evrópu í dag.

Ég vona, að menn séu ekki búnir að gleyma því, að við keyptum Þjórsá 1948 af Titan á 3 millj. kr. Þessi Búrfellsvirkjun, sem við erum að ræða í dag, sem við komum til með að ræða á næstunni, byggist á því, að við keyptum Þjórsá fyrir 3 millj. kr. En við vorum búnir í 28 ár að eyðileggja það fyrir Titan, að þeir gætu notað Þjórsá, með þessari litlu brtt. í fossalögunum. Og hefði Titan þess vegna átt Þjórsá og önnur útlend félög aðra íslenzka fossa, að Soginu einu undanteknu, þá hefðu þær virkjanir, sem við hefðum þurft að ræða um í dag, ekki verið ræddar hér á Alþ. Þá hefðu þessir aðilar samið við þessa útlendu aðila um þessa hluti. Við hefðum verið eins og nýlenda, nema okkar sjálfstæðishreyfing í formi baráttu fyrir þjóðnýtingu á þessum hlutum, þjóðnýtingu á ánum, þjóðnýtingu á fossaaflinu, þjóðnýtingu á verksmiðjum, hefði fengið þá útrás, að við hefðum lagt í það að þjóðnýta þetta, og þannig gekk þetta í íslenzka eign. Ég held þess vegna, að það geti verið gagnlegt að ræða það, sem gerðist 1923, og það, sem afstýrt var þá, ef menn hafa svona rangar hugmyndir um, hvað þá hafi raunverulegt gerzt, eins og hv. 5. þm. Vesturl. sýndi hér áðan, því að við eigum einmitt að læra af því, sem þá gerðist, í því, sem við gerum nú, og við skulum heldur láta svo og svo mikið af okkar vatnsorku vera ónotað og geyma handa okkar eftirkomendum, sem vissulega þurfa á henni að halda, heldur en að glopra henni út úr höndunum á okkur og þeim og fá þar með jafnvel voldugan einokunarherra inn í landið til að drottna yfir okkur.

Hv. 5. þm. Vesturl. var, eins og sumir sérfræðingarnir hafa gert, að hræða okkur á því, að kjarnorkan yrði bráðlega svo ódýr, að við ættum að koma fossaflinu sem fyrst í lóg. Það liggur ekkert fyrir um það, að kjarnorkan verði á næstunni svo ódýr, að hún verði ódýrari en annað, — ekki nokkur skapaður hlutur. Og þar að auki skulum við minnast þess, að til kjarnorkunnar þarf úraníum, þarf erlent efni, en okkar eigin fossar eru innlendur kraftur, sem við getum notað. Það er hins vegar annað til, sem getur gerbreytt þessu. Ef vetnisorkan verður beizluð í friðsamlega þágu, breytir það öllu spursmáli um orkugjafa í veröldinni. Þar er hlutur, sem gerbreytir öllu saman. En það er mikil spurning, þótt hægt verði að nota það í vetnissprengjur, hvort hægt verði að nota það til friðsamlegrar orku. En þá yrði það sú langódýrasta og ótæmandi orka, sem mundi slá allt annað út, þannig að það mundi gerbreyta öllum efnahagslegum grundvelli að allri orkuframleiðslu yfirleitt í veröldinni, vegna þess að það gerði svo að segja alla orku ókeypis og skapaði grundvöll fyrir slíkum allsnægtum hjá mannkyninu hvað það snertir, að alveg sérstök tímabil mundu þar upp renna.

Hv. 5. þm. Vesturl. varaði hins vegar á ýmsan hátt við þeim hættum, sem í þessu fælust. Og eitt af því, sem hann virtist treysta á og mér skildist, að Alþfl. treysti á í þessum efnum, væri sú sterka þjóðernistilfinning Íslendinga. Við skulum ekki treysta of mikið á hana. Það er líka hægt að brjóta hana niður á 25—40 árum, ef erlendur auðhringur, sem er ríkari og voldugri en öll íslenzk borgarastétt samanlögð, getur beitt hér fyrir sig blöðum og flokkum í heila kynslóð til þess að móta þá kynslóð, sem hér er að vaxa upp.

Hv. 5. þm. Vesturl. kom enn fremur inn á það í sambandi við þá hættu, sem er mjög greinilega að eyða dreifbýlinu, að hann vonaðist eftir, að landsfjórðungarnir þrír, sem urðu að blæða fyrir þetta, mundu sætta sig við það með þessu litla, sem í þá væri hent í sambandi við framkvæmdasjóðinn. Við skulum ekki vera með neinar tálvonir í þessum efnum og því síður blekkingar. Ákvörðunin um byggingu alúmíníumverksmiðju í Straumsvík þýðir ákvörðun um að eyða í hraðara mæli en gerzt hefur á undanförnum áratugum þremur landshlutum í landinu, þ. e. a. s. bein ákvörðun, sem hver þm. hlýtur að taka þátt í að gera vitandi vits, alveg óhjákvæmilega. Menn geta ekki verið svo blindir, að menn sjái ekki, hvað þarna vofir yfir. Ef það eru t. d. einhverjir þm., sem væru eitthvað að hugsa, við skulum segja viðvíkjandi íslenzkri bændastétt eða slíku, þá skulum við gera okkur grein fyrir, hvað það er, sem vofir yfir á næstu 10—15 árum í slíkum efnum í sambandi við þá tæknibyltingu, sem er að gerast hjá mannkyninu. Bændurnir eru taldir um 13% á Íslandi núna. Ég held, að í Svíþjóð séu þeir í dag um 9%, og Svíar reikna með því, að innan áratugs sé bændastéttin í Svíþjóð komin niður í 4% af íbúum landsins. M. ö. o.: það, sem hér mundi vofa yfir í sambandi við svona ráðstafanir, eins og þarna er gert, er kerfisbundin eyðing á þessum landshlutum og sérstaklega hröð eyðing á bændastéttinni. Það er varla ástæða til þess, þegar búið er að flytja 9/10 af öllum Íslendingum til svæðisins við Faxaflóa, annað en hafa svo að segja allan íslenzkan landbúnað á Suðurlandsundirlendi, allt annað mundi verða tæknilega mjög ópraktískt, séð frá hálfu þeirra efnahagssérfræðinga, sem ættu þá að fara að ráða Íslendingum, þannig að við skulum alveg horfast í augu við, hvaða ráðstafanir er verið að gera með þessu.

Það er öllum ljóst, að það er engin þörf á neinni alúmíníumverksmiðju hér suður frá upp á atvinnu eða neitt slíkt. Það er ekki nokkur þjóðhagsleg þörf á henni, hún er ekki til. Þetta er aðeins bein ráðstöfun til þess að hraða eyðileggingu landsbyggðarinnar miklu meira en gert hefur verið. Það er alveg gefið, að með svona ráðstöfunum væri verið að vinna að því að drepa íslenzka atvinnuvegi. Við skul-

um gera okkur það ljóst. Menn eru hér að tala um áætlanir, og hér var jafnvel hæstv. fjmrh. að lesa fyrir okkur áætlanir áðan. Allar þessar áætlanir, — og það hélt ég nú, að hæstv. ríkisstj. væri farin að skilja, — eru tómt bull og blekking, á meðan ekki er nein heildaráætlun til um fjárfestinguna í landinu. Að búa til áætlanir, t. d. um þriðjung af fjárfestingunni, eins og ráðh. var að tala um áðan, án þess að hafa hugmynd um, hvernig fjárfestingin eigi að vera, það er tóm vitleysa, sem þýðir aðeins, að einu ári eða tveimur eða þremur síðar segja menn: Þessa áætlun, ef hún yrði bara til eins árs, verðum við á miðju næsta ári að skera niður um 20%. Við erum búnir að lifa það varðandi fjárlög, sem við vorum að afgreiða, að ákvörðun um niðurskurð á þeim var tekin nokkrum mánuðum seinna. Það vinnur engin þjóð af viti með svona aðferðum, eins og gert er á Alþingi Íslendinga. Það hefur hver einasta þjóð, ekki bara i Austur-, heldur líka í Vestur-Evrópu, tekið upp meira eða minna heildaráætlun um sinn búskap. Og það hefur á þessu þingi verið gerð tilraun til þess að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. um, að þetta væri nauðsynlegt á Íslandi líka. Hún hefur núna ráðizt í að ætla að fara að leggja í þessa alúmíníumverksmiðju hér og þessa stóru Búrfellsvirkjun án þess að samrýma á nokkurn hátt í eina 10 ára áætlun. Hér er verið að vinna eins og blindir kettlingar, þannig að menn bara reka sig á það allt í einu, þó að núna séu þeir kannske fullir af hugmyndum um að viðhalda okkar gömlu atvinnuvegum, sjávarútvegi, landbúnaði o. s. frv., — reka menn sig allt í einu á, að þessir atvinnuvegir bara detta niður. Eða muna menn ekkert eftir því, að það hafi haft nein áhrif á útgerðina við Faxaflóa, þegar 3000 menn voru á Keflavíkurflugvelli, þegar sjómennirnir fóru af bátunum og ekki var hægt að manna þá, af því að þeir höfðu betri laun á Keflavíkurflugvelli? Það hefur ekki verið hægt að koma neinu viti fyrir hæstv. ríkisstj. í því að reyna að koma hér á heildaráætlun um þessi störf. Og hennar ákvarðanir nú, ef hún ætlar að leggja út í það fyrst að undirbúa þá stóru Búrfellsvirkjun, eins og hún er að, og síðan alúmíníumverksmiðju í sambandi við hana, — þær þýða að segja við íslenzkan verkalýð: Spennið þið nú upp allt kaup, eins og þið frekast getið, því að hér á að hafa uppboð á öllu vinnuafli. — Og vafalaust verður það skilið þannig af öllum. Það er búið að vera í fullum gangi nú, og hæstv. ríkisstj. gerir sínar ráðstafanir til þess að margfalda það uppboð. Lögmál framboðs og eftirspurnar koma til með að verka í þjóðfélaginu, og það sæmir sízt af hálfu þeirra manna, sem prédika það mest, að vera að tala eitthvað um eða undrast eitthvað yfir því, að það verði margfaldað kaupið í landinu á næstunni. Það gerist af sjálfu sér og án allra samninga verkalýðsfélaga, alveg eins og kaup Dagsbrúnarmanna í dag er upp í 60 kr. í stað 35, eins og stendur í einhverjum töxtum, sem ekkert verður að marka, þegar þessir hlutir koma, um hvað sem samið er.

Svo rekum við okkur á það í öllum þessum skýrslum, sem hérna liggja fyrir, að það virðist svo sem Alþjóðabankinn hafi alveg sérstaklega áhuga á þessum málum, og jafnvel það virðist vera svo, að þessi sami Alþjóðabanki ætli sér að lána jafnvel til þessa svissneska hrings líka, þannig að hann hafi hagsmuni af hvoru tveggja, hvernig allt gengur.

Ég hef áður lent ofurlítið í því að eiga við slíka samninga, þegar Alþjóðabankinn er annars vegar. Það var þegar hann var að setja Sogsvirkjuninni stólinn fyrir dyrnar um, hvernig rafmagnsverð skyldi ákveðið til áburðarverksmiðjunnar, í 15 ára samningi um hana. Þá hótaði Alþjóðabankinn því, að hann lánaði Sogsvirkjuninni ekki til Írafossvirkjunarinnar, nema því aðeins að hún féllist á samning til 15 ára um rafmagnsverðið til áburðarverksmiðjunnar, og kúskaði þar fram mjög lágt verð. Þessi banki er um leið að kúska okkur til þess að fallast á vexti, sem eru 15½%, þ. e. a. s. rándýr lán og það til langs tíma, á sama tíma sem við þyrftum ekki á neinu slíku að halda. Við fjárfestum á ári 5000 millj. kr. núna, á þrem árum 15 þús. millj. kr. Sú fjárfesting, sem væri t. d. upp á 2000 millj. kr. í virkjunum, þó að við virkjum svo mikið fyrir okkur sjálfa, en við skulum bara virkja um 1000 millj. kr. fyrir okkur sjálfa, þá er það barnaleikur fyrir okkur meira að segja að leggja þetta fram sjálf, ef við viljum, ef við bara höfum stjórnað okkar fjárfestingu og þurfum ekki að taka þetta að láni erlendis með 5½% vöxtum í mynt, sem við síðan sífellt hækkum í verði, þar eð við erum að borga alltaf upp aftur og aftur sama lánið, eins og reynslan sýnir. Alþjóðabankinn hefur á tvennan hátt áhuga á okkur. Hann er að arðræna okkur með því að kúska okkur til þess að taka hjá sér lán með 5½% til þess að virkja handa sjálfum okkur, og hann vill í öðru lagi kúska okkur til þess að taka lán með 5½% til þess að virkja handa hring, sem hann er að lána, og útvega þeim hring sem ódýrast rafmagn. Og það er alveg sérstaklega eftirtektarvert, að því er virðist, að þessi Alþjóðabanki er hvað eftir annað að skipta sér af því, hvernig þessir samningar séu gerðir, og alveg sérstaklega með eitt fyrir augum, og það er hvað snertir markaðsörðugleika þessa hrings, sem líka er skjólstæðingur þessa Alþjóðabanka. Á bls. 3 í stjórnarskýrslunni stendur: „Er til þess ætlazt af hálfu Íslendinga, að verksmiðjan verði jafnan rekin með fullum afköstum, eftir því sem tæknilegar aðstæður leyfa, nema sérstakir markaðsörðugleikar komi til.“ Hver setur þetta inn í þessa skýrslu: „nema sérstakir markaðsörðugleikar komi til“? Það er ætlazt til þess af Íslendinga hálfu, að þetta sé rekið með fullum afköstum, nema „sérstakir markaðsörðugleikar komi til“. Eru það Íslendingar, sem setja þetta inn, að það eigi að reka þetta með fullum afköst-

um, nema sérstakir markaðsörðugleikar komi til? Erum við að setja þetta inn í þetta samningsuppkast? Er það okkar að hugsa um slíkt?

Þá er á bls. 6 í sambandi við grunnskattinn líka talað um, hvort hann verði háður breytingum til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á heimsmarkaðsverðinu. Og áfram er þar um heimsmarkaðsverðið og hvað það eigi að vera og miðað við ákveðið. Eru það íslenzkir hagsmunir að vera að setja þetta inn í? Hvað varðar okkur um aðstöðu hringsins, verð hans, markaðsörðugleika hans og verðið á hans vöru? Það er annar aðili, sem varðar um það, þ. e. Alþjóðabankinn. Hann er að lána hringnum, og hann hefur áhuga á þessu, og hann vill koma áhættunni af markaðssveiflunum yfir á okkur Íslendinga.

Á bls. 9 er þetta sama endurtekið: „með fullum afköstum". Hringurinn er að tryggja sig í sambandi við bæði skatta og öryggi með rekstrinn um markaðsörðugleika. Hvað stendur í þeim tímaritum, sem fylgjast einna bezt með því, sem er að gerast í heiminum núna sem stendur? Það er gengið út frá því vegna þeirrar miklu fjárfestingar, sem nú á sér stað í þessum efnum, ekki sízt í Afríku, þar sem þessir hringar standa saman að þessu, að 1966 geti orðið nokkrar erfiðleikar með sölu á alúmíníum, að framleiðslan geti farið að minnka, markaðurinn geti minnkað, vegna þess að þá verði búið að tvöfalda framleiðslumöguleikana á alúmíníum utan Norður-Ameríku. Það var kominn upp ótti um það 1963, að á árinu 1966 geti orðið verðfall á alúmíníum. Ef ég man rétt, er það 1965 sem þeir eru að verða búnir með sínar stóru verksmiðjur í Guineu, og þá væri komið á markaðinn margfalt meira alúmíníum en framleitt hefur verið áður. Líka er eitt 60 þús. tonna fyrirtæki að taka til starfa 1965 í Suður-Ameríku.

Þarna eru á ferðinni hlutir, sem við Íslendingar höfum enga ástæðu til þess að taka tillit til. Ef þessi hringur heimtar af okkur, að við leggjum í 2000 millj. kr. fjárfestingu handa honum til þess að tryggja hann með rafmagn, þá varðar okkur ekkert um það, hvort hann selur sitt alúmíníum eða hvort hann tapar á því eða græðir. Við verðum að hafa öryggi fyrir einu, og það er, að hann borgi þetta upp í topp, þó að hann reki ekki verksmiðjuna, og það eru vissar tilhneigingar hér til þess að reyna að tryggja þetta, en samt er alltaf verið að skjóta inn öðru hverju í sambandi við vissa hluti, að þarna sé hægt að fá undanþágu, ef um sérstaka markaðsörðugleika er að ræða.

Alúmíníum hefur verið málmur, sem hefur aukizt alveg gífurlega framleiðsla á á undanförnum áratugum, jókst ekki minnst á stríðsárunum, þegar Bandaríkjastjórn átti í sinni hörðu baráttu við alúmíníumhringina, sem vildu ekki auka framleiðsluna út af óttanum við, að það yrði allt of mikil framleiðslugeta eftir stríð.

Alúmíníum er hins vegar málmur, sem er ákaflega háður hergagnaframleiðslunni, og það er vitanlegt, að svo framarlega sem friðvænlega fer að líta út í heiminum, er hættan á verðfalli á alúmíníum alveg gífurleg. Bandaríkjastjórn hafði fyrir 2 árum meira en tveggja ára birgðir af báxit og gífurlegar birgðir bæði af alúmína og alúmíníum, sem hvað eftir annað hefur verið óttazt, að hún skellti á markaðinn í heiminum. Alúmíníumhringurinn annars vegar og Bandaríkjastjórn hins vegar eru þess vegna aðilar, sem geta alveg gerbreytt öllum aðstæðum í þessum efnum, þegar þeim þóknast. Alúmíníum er hins vegar málmur, sem notaður er ákaflega mikið í sambandi við flugvélaframleiðsluna og alveg sérstaklega í sambandi við herflugvélaframleiðsluna, og svo framarlega sem samningar tækjust um það að fara að stórminnka þá framleiðslu á næstu árum, er gefið, að gerbreyting mundi verða um allt viðhorf um alúmíníum og þess framleiðslu í heiminum. Hins vegar er vitanlegt, að plast er hlutur, sem núna er að vinna álíka á í veröldinni og stálið á síðari hluta 19. aldarinnar og alúmíníum á tímabilinu 1930—1960, og menn vita, að plast er farið að koma í staðinn fyrir stál, af því að það er sterkara, en léttara, plast er farið að koma í staðinn fyrir tré, af því að það fúnar ekki, plast og nælon og allir mögulegir hlutir, sem úr þessu eru unnir, eru farnir að koma í staðinn fyrir vefnað, farnir að koma í staðinn fyrir ull, m. ö. o. þau töfraefni, sem nú er verið að framleiða í þessu, liggja á sviði plastsins, en ekki á sviði alúmíníums, og ef Íslendingar ætla sér, — við getum vel beðið í þessum efnum, okkur liggur ekkert á með neitt af þessu, við getum alveg eins eftir 10 ár lagt í það og hugsað okkar mál almennilega, — ef við ætlum okkur að fylgjast með í því, sem er að gerast í heiminum, en ekki vera með þeim síðustu og grípa í rassinn á þessu öllu og fara svo á rassinn með það allt saman, þá eigum við að athuga þessa hluti. Hins vegar hefur þetta mál verið sótt af ofstæki, og það mátti greinilega sjá það ofstæki af hálfu þess skriffinns, sem skrifaði í Morgunblaðið í þessum efnum, sem sjálfur er umboðsmaður fyrir alúmíníumhring hér á Íslandi. Þarna er verið að vinna vitandi vits af hálfu manna, sem eru erindrekar útlendra auðhringa, til þess að reyna að blekkja Íslendinga inn á hluti, sem eru stórhættulegir fyrir okkur og við þar að auki höfum ekki nokkra hagsmuni af. Þess vegna er það svo, að í þessu máli, sem núna kemur svona seint fyrir þingið, á ekki að gera neitt meira, fyrr en búið er að ræða þetta eins og mönnum sæmir. Það er ekki sæmilegt að ræða svona mál eina kvöldstund. Það var máske skiljanlegt, þegar hernámið var framkvæmt hér 1940, að það væri komið mönnum að óvörum. Það var líka skiljanlegt, þegar Bandaríkjamenn tóku við því hernámi, að ríkisstj. Íslands væru settir úrslitakostir með 24 klst. fresti og ríkisstj. gert annaðhvort að ganga að þessu eða herinn væri settur á land

í banni hennar. Þarna var um stríðstíma að ræða og stríð og voldugir aðilar, sem vildu ekki láta komast upp um, hvað þeir voru að gera, og íslenzka ríkisstj. hafði kannske ýmsar afsakanir. Það var lítið land og vopnlaust, sem var verið að níðast á, og það var lítil aðstaða til að hugsa um málið. Hnífurinn var í hálsinum á þjóðinni, eins og einn þm. Sjálfstfl. komst að orði, þegar hann gerði grein fyrir því, að hann sagði já, en vildi hafa sagt nei.

En hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Okkur er engin þörf að ganga inn á þetta, — ekki nokkur þörf. Við getum alveg rólega hugsað þetta mál. Og ég vil leyfa mér að álíta, að hæstv. ríkisstj. hafi verið meira eða minna hlunnfarin í þessu máli af hennar eigin sérfræðingum, sem hafa ekki staðið í stöðu sinni, sem hafa verið áhugamenn um að fá þennan alúmíníumhring hér inn í landið, sem hafa verið þekkingarlitlir á ferli slíkra hringa og aðferðum þeirra og hafa ekki skilið, hvernig aðstaðan er í veröldinni í þessum málum, og gera sér ekki ljóst, hvaða afleiðingar slíkur verknaður hefur.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái að sér í þessu máli, henni skiljist það, að þetta er ekki mál, sem leyfilegt að að hroða af, hvorki á einu ári né tveim, heldur mál, sem á að fá þaulrætt í þinginu, áður en ríkisstj. tekur sjálf ákvörðun sína. Þess vegna vil ég eindregið óska þess og vona það, að hæstv. ríkisstj. detti ekki í hug að framkvæma nú samninga í þessum efnum, áður en næsta Alþ. kemur saman, og hafa þann hátt á að leggja síðan slíka samninga fyrir þetta þing sem raunverulega orðinn hlut frá sinni hálfu. Við vitum, að þó að slíkir samningar séu gerðir með því fororði, að þeir séu ekki gildir, fyrr en Alþ. hefur samþykkt þá, getur engin ríkisstj., sem hefur meiri hluta í sínu þjóðþingi, verið þekkt fyrir að gera slíka samninga við erlendan aðila og geta ekki komið þeim í gegn á eftir. Sá siðferðilegi þrýstingur, sem slík ríkisstjórn mundi leggja á sína þm., þegar hún væri búin að gera slíka samninga, er svo sterkur, að þeir mundu að öllu jöfnu bogna fyrir slíkum þrýstingi, jafnvel þótt á móti vilja þeirra væri, og þeir mundu á eftir segja frammi fyrir dómstóli sögunnar: Við gátum ekki annað gert en að treysta okkar forráðamönnum. — Þess vegna er það, að ábyrgðin mundi hvíla á hæstv. ríkisstj.

Ég er ofurlítið kunnugur því, hvernig Íslandi er stjórnað og hefur verið stjórnað síðustu 25—30 ár. Íslandi hefur verið stjórnað þannig, að ráðh. hafa sjaldnast gefið sér tíma til að hugsa um, hvernig eigi að stjórna því, vegna þess að þeir eru svo önnum kafnir við þær daglegu afgreiðslur og þeim hættir þess vegna við að treysta meira eða minna á hina og þessa sérfræðinga, sem þeir fela hin og þessi mál að athuga, en sérfræðinga, sem hafa ekki til að bera þann pólitíska þroska, sem ætlazt er til, að íslenzkir ráðh. hafi. Þess vegna hafa verið gerðar svo hrapallegar villur í íslenzkri pólitík á síðustu 25 árum, sem þeir menn, sem hafa gert þær, hafa iðrazt eftir, en kunna ekki við að viðurkenna seinna meir, vegna þess að þeir gerðu það í góðri trú og án þess að hafa nægа þekkingu á þeim málum, sem um var að ræða. Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. athugi nú eftir þessa fyrstu stuttu umr., sem fram hefur farið um þetta veigamikla mál hér á þinginu, athugi þetta mál það vel og ræði þetta mál það vel við alla flokka þingsins, áður en hún sjálf tekur ákvarðanir í því og bindur þannig móralskt meiri hl. þings, þó að hún geri það ekki formlega, að það gefist tækifæri til þess, sem frá mínu sjónarmiði væri að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. um að gera ekki þennan hlut.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er nú sitt hvað, sem fram hefur komið í ræðum manna, eins og vænta mátti. Það er kannske rétt að víkja fyrst að síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Hann talaði þannig áðan, að ég er farinn að fá miklu sterkari sannfæringu fyrir, að málið sé gott, en ég hafði, áður en hann talaði Ég marka það af því, að þessi tónn er í honum, þessi hamur er á honum, sem hann talaði í hér áðan. Hann spurði fyrst í ræðu sinni, hvort ekkert fleira hefði verið athugað í sambandi við orkufrekan iðnað hér en að koma upp alúmíníumverksmiðju. Hann sagði, að þm. hefðu aldrei fengið nokkurn skapaðan hlut frá stóriðjunefnd. Við fengum nú mjög ýtarlega skýrslu frá stóriðjunefnd og þessi hv. þm. líka um miðjan nóv. s. l., og í þessari skýrslu, sem hv. þm. er búinn að hafa undir höndum frá því sem sagt í nóv., stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin (þ. e. stóriðjunefnd) hefur í störfum sínum reynt að gera sér grein fyrir, hvaða möguleikar aðrir til orkufreks iðnaðar væru fyrir hendi hér á landi. Til að fá sem gleggstar upplýsingar hér að lútandi kom nefndin því til leiðar, að 4 sérfræðingar frá norsku fyrirtækjunum Norsk Hydro og Electrokemisk A/S komu hingað til landsins í desember 1961 nefndinni til ráðuneytis og til þess að gefa sérstaka álitsgerð um hina ýmsu möguleika til orkufreks iðnaðar, sem til greina kæmu hér á landi. Í skýrslu hinna norsku sérfræðinga er vikið að möguleikum til áburðarframleiðslu, vinnslu á magnesíum, klór og natrónlút, kalsíumkarbid, fosfór, þungu vatni og járnblöndum auk alúmíníums. Voru hinir norsku sérfræðingar þeirrar skoðunar, að alúmíníumvinnslan væri sú tegund orkufreks iðnaðar, sem helzt kæmi til greina á Íslandi, eins og öllum aðstæðum er háttað. Allar frekari athuganir á viðræðum n. hafa stutt þessa skoðun. Sú leið virðist að vísu enn vera hugsanleg að halda áfram að auka framleiðslu köfnunarefnisáburðar með raforku fyrir innanlandsmarkað, enda þótt nú sé talið ólíklegt, að sú leið verði valin. Um meiri háttar áburðarvinnslu,

sem gæti orðið undirstaða stórra virkjunarframkvæmda, virðist alls ekki geta orðið að ræða.“ Hér lýkur þessari tilvitnun.

Allan þann tíma, sem hv. þm. hefur haft þetta undir höndum, hefur hann ekki haft neitt fyrir því að spyrjast frekar fyrir, ef hann hefði haft hug á því, um þessar athuganir aðrar, sem vikið er að, en staðhæfir nú, að þm. hafi ekkert heyrt frá n. og alls ekki neitt um það, hvort þeir nokkurn tíma hafi hugsað sér eða verið gerð nokkur minnsta athugun á öðru en alúmíníumbræðslu hér á landi.

Þó að það sé ákaflega lítilfjörlegt atriði og komi þessu ekki mikið við, kann ég ekki við að láta það alveg athugasemdalaust fara fram hjá hv. þm., þegar hv. 3. þm. Reykv. er að vitna í Jón Þorláksson og taka sundurlaus ummæli úr þingræðum hans hér máli sínu til stuðnings. Það hafa gert aðrir í hans flokki, þó að miklu minni menn séu fyrir sér, og var miklu afsakanlegra. Var það leiðrétt á sínum tíma í Morgunblaðinu, þar sem greinilega kom fram, að þær tilvitnanir, sem þar var vitnað til, voru bæði slitnar úr samhengi og úr fellt það, sem breytti algerlega meiningu í þessari ræðu Jóns Þorlákssonar. Að sjálfsögðu er hægt að athuga það nánar, en ég hef fyrir mér hérna ummæli úr þessari sömu ræðu, sem sýna nokkuð annað viðhorf Jóns Þorlákssonar til málsins, og ég skal leyfa mér aðeins — með leyfi hæstv. forseta — að vitna til þess, þar segir Jón Þorláksson: „Það eru þá í stuttu máli 3 höfuðatriði, sem útheimtast, til þess að orkan verði sem ódýrust, að fallvötnin séu sem hagkvæmust til virkjunar“ o. s. frv. „og orkuverin séu sem stærst, svo að virkjunarkostnaðurinn á hvert hestafl geti náð lágmarki eftir stærð orkuverksins, og í þriðja lagi, að nægilega mikill hluti orkunnar sé frá upphafi seldur til fastrar iðju, sem geti borið fyrirtækið uppi fjárhagslega að sínum hluta og stutt fyrirtækið að öðru leyti með því að nýta að nokkru leyti afgangsorkuna frá almenningsþörfunum,“ eins og hér er stefnt að og er að öllu leyti í samræmi við það, sem hér kemur fram. Jón Þorláksson vitnar til þess í þessari ræðu sinni, að það hafi verið hindrun fyrir stóriðjuna á þeim tíma, hræðslan við innstreymi útlendinganna, eins og við höfum heyrt, að fram hefur komið í ræðum manna hér í dag, ef stóriðja væri hafin. Hann segir, að þetta hafi stafað að miklu leyti af því, að miðað var við miklu stærri fyrirtæki á þessu sviði en þörf væri á og upphaflega var til ætlazt. „En það þarf varla að taka það fram,“ segir Jón Þorláksson, „að sú hræðsla er algjörlega ástæðulaus,“ þ. e. a. s. hræðslan við innstreymi útlendinganna, „og óþarft að setja hana í samband við okkar fyrirætlanir.“

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri í sambandi við það, sem vitnað hefur verið í Jón Þorláksson, en annars fjallar sú ræða hans öll um allt annað mál en við erum að ræða um, allt annað mál, eins og hv. þm. skýrði alveg réttilega frá, og þess vegna hefur það ákaflega lítinn tilgang í einu eða öðru sambandi að vitna til hennar, þegar við erum að ræða um mál, sem er allt annars eðlis en hann var þá að tala um.

Hv. þm. var tíðrætt um prófessora og agenta. Agenta þekkir hann nú kannske eins vel og hver annar, sérstaklega fyrir erlenda valdinu. Hann talaði af mikilli fyrirlitningu um þá dr. Jóhannes Nordal og Steingrím Hermannsson í stóriðjunefnd. Nú er Steingrímur Hermannsson ekki í stóriðjunefnd. Hann hefur verið í viðræðum með fulltrúum frá stóriðjunefnd frá því í nóvember s. l. sem framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Aðrir í stóriðjunefnd voru m. a.: ég fram til ársloka 1963, þegar Magnús Jónsson alþm. tók þar við, Sveinn Valfells, sem ég veit, að hv. þm. er að góðu kunnur. Þótt hann nefndi ekki okkar nöfn, var vitnað til þessara manna, sem ríkisstj. hafði fengið sér til ráðuneytis í stóriðjunefnd, eins og blindra kettlinga, svo að notuð séu hans orð, og þessir menn kjöftuðu alveg eins og vitleysingar, sagði hv. 3. þm. Reykv. Skyldi nú einhverjum hafa dottið í hug, þegar hann hlustaði á ræðu þessa hv. þm.: Maður, líttu þér nær?

Það var furðulegt að hlusta á reikningsdæmisteoríuna hjá þessum hv. þm. um 160 þús. tonna alúmíníumverksmiðju á Íslandi, sem enginn er að tala um, og erlent fjármagn, sem væri meira á örfáum árum, 4—5 árum, a. m. k. helmingurinn af öllu fjármagni í íslenzkum atvinnugreinum, og myndirnar, sem hann var að draga upp af þessari óskaplegu hættu. Hv. þm. sagði: Hver vill kaupa sér herra? Ég skal ekki svara þeirri spurningu. En ég veit, að hann vill ekki kaupa sér herra, hann hefur aldrei þurft að kaupa sér herra, hann hefur fengið hann ókeypis, eftir að kommúnisminn bjó um sig nógu rækilega í hans hugskoti, og það kemur ósköp greinilega fram í ræðuhöldum hans í máli eins og þessu.

En af hverju stafar þessi ofsalegi ótti við erlenda valdið, við erlent auðmagn? Þekkir þessi hv. þm. kannske manna bezt skaðleg áhrif hins erlenda valds, og er hann að vara okkur við sinni eigin reynslu? Er samvizkan að slá þennan hv. þm., og ætlar hann svo að láta það bitna allt á okkur, sem ætti að vera hjá honum eintal sálarinnar? Hann talaði af slíkum fjálgleik um vísindi og efnafræði og þróun í þessu, tækniþróun og annað slíkt, eins og hann hafi safnað í sig öllu viti, ekki aðeins allra alþm., heldur einnig meira og minna allra landsmanna og allra landa. Það er ekki ónýtt að vera svona alvitur og vita svona feiknalega mikið um, hvernig hlutirnir eiga að gerast og ekki gerast. Hann sagði, að 25 ára skeiðið, sem við eigum fram undan núna, mundi áreiðanlega verða mesti umbyltingatími í tækni og tækniþróun, og þá ættum við að fara að ofurselja okkar dýrmætustu auðlindir erlendum auðhringum. Nokkru seinna sagði hann náttúrlega, að það lægi ekkert fyrir um það, að t. d. kjarnorkan gæti orðið ódýrari en rafmagn, en vetnisorkan, ef hægt væri að nota hana í friðsamlega þágu, þá væri fengin

orkan. Hvernig stendur á því, að hann veit svona ákaflega vel um kjarnorkuna, að einmitt liggi ekkert fyrir um það, þegar þeir menn, sem þó fylgjast nokkuð með því, sem skrifað er í erlend tæknitímarit á þessu sviði, hvað eftir annað staðhæfa það, að það megi búast við því innan skamms, kannske 10 ára, segja sumir, 20 ára, segja aðrir, 30 ára, segja hinir þriðju, þá er kjarnorkan orðin ódýrari en bæði vatnsorkan og eldsneytisstöðvarnar. En það verður samt sem áður engin orka ódýrari en vatnsorkan, sem búið er að skrifa niður, og það er ekki fráleitt, sem fram kemur í hugleiðingum stóriðjunefndar, að það kunni að skipta nokkru máli einmitt, að við Íslendingar getum virkjað með tilstuðlan erlends fjármagns meiri orku núna en við ella gætum sjálfir, vegna þess að eftir tiltekinn tíma eigum við þessa orku sjálfir og getum þá væntanlega keppt við hvaða aðra orku sem við í dag a. m. k. sjáum fyrir, að standi til boða í heiminum.

Ég vil aðeins segja nokkur orð í sambandi við það, sem hann vék að því, að við gerðum ráð fyrir, að alúmíníumverksmiðjan væri yfirleitt rekin með fullum afköstum, nema sérstakir markaðsörðugleikar komi til. Eins og hann vék að, höfum við okkar tryggingu fyrst og fremst í því, að þó að enginn markaður verði fyrir alúmíníum og rekstur þessarar verksmiðju leggist þar af leiðandi niður, er verksmiðjan skuldbundin til þess að kaupa rafmagnið, þó að hún noti það ekki, og verksmiðjufyrirtækið að setja að okkar dómi sjálfra fullnægjandi tryggingar fyrir því, að slíkt verði gert. Í þessu felst okkar trygging, og á þessu er t. d. mikill munur eða þeim samningum um raforku, sem Norðmenn hafa gert, því að þar getur svissneska fyrirtækið sagt upp orkusölunni eftir 10 ár, og þeir geta þá kannske sett upp kjarnorkuofn þar, ef það væri ódýrara, eða einhverja aðra orku. En þetta geta þeir ekki hér hjá okkur og ekki notað neina aðra orku og eru skuldbundnir til þess að borga fyrir íslenzku raforkuna, enda þótt þeir noti hana ekki.

Ég skal svo ekki elta ólar meira við það, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Mér gengur alltaf ágætlega að komast að niðurstöðu með hv. þm., þegar við tölum saman einslega, en okkur gengur alltaf mjög illa að koma okkur saman, þegar við erum í ræðustólnum. Það hefur verið svona um 20 ára skeið hér á þingi, og það er víst ekkert við því að segja og verður svo að vera.

Ég skal svo víkja nokkuð að ræðum hv. þm. í dag. Fyrstur talaði hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson. Hann dró saman í sjö liðum niðurstöður úr ræðu sinni, og mig langar til þess að víkja að hverjum lið fyrir sig, aðeins stuttlega, en það má segja, að í þessum niðurstöðum hafi hann dregið saman efni sinnar ræðu. Hann sagðist mótfallinn fyrir hönd Alþb. þeim vinnubrögðum, sem við hefðu verið höfð. Það hefði verið pukrað með málið og upplýsingum haldið leyndum fyrir alþm. Það ætti að halda áfram þessum sama óþingræðislega og ólýðræðislega hætti. Þessum ásökunum vísa ég í einu og öllu heim til föðurhúsanna. Hv. þm. lagði áherzlu á, að skýrsla ríkisstj. hefði verið lögð fram á fjögurra ára afmæli stóriðjunefndar, og af því átti að marka, að mikið hefði verið gert á þessum langa tíma, sem enginn hefði fengið að vita um. Í þessu sambandi finnst hv. þm. 4 ár langur tími. En það kemur ekki heim við fullyrðingar flokksbræðra hans um það, hversu óðfúsir og óþreyjufullir við séum og fyrirhyggjulitlir í að hleypa erlendu fjármagni inn í landið, eins og þeir orða það. Það hefði ekki átt að taka okkur 4 ár, ef við værum svo ginnkeyptir fyrir þessu sem menn vilja vera láta. En látum það liggja á milli hluta. Hv. þm. veit, að þessi skýrsla er ekki fyrsta vitneskja þm. um þetta mál. Reyndar gat hann þess líka sjálfur, að svarað hefði verið fsp. um málið áður á Alþingi og það rætt utan dagskrár. Enn fremur er það kunnugt, að meginefni þessara skýrslna var afhent hv. alþm., eins og ég hef áður sagt, um miðjan nóvember, og síðan hafa þeir fengið viðbótarskýrslur um efni viðræðna við Swiss Aluminium og fulltrúa Alþjóðabankans, sem fram fóru eftir það. Því fer svo fjarri, að pukrað hafi verið með málið, að ég fullyrði, að það sæti óvanalegri meðferð um málefni, sem ríkisstj. vinna að, að því leyti, hvað það hefur verið upplýst, áður en það er fram lagt til þinglegrar ályktunar.

Hv. 9. þm. Reykv. (BergS) talaði mikið um samninga Swiss Aluminium við Norðmenn, um alúmíníumbræðsluna í Haugsnesi. E. t. v. getur hv. þm. upplýst okkur engu síður um, hvenær norska stórþingið fékk skýrslu um þessa samninga? Var það löngu áður en þeir voru gerðir? Var það skýrslugerð eins og hér um viðræður, sem e. t. v. gætu leitt til samninga, eða var e. t. v. bara lagt fyrir stórþingið frv. að samningi, þegar það var tilbúið? Eða fékk norska stórþingið e. t. v. ekkert að vita um málið fyrr en 1½ ári eftir að samningar voru undirritaðir af norska iðnmrn.? Hvað hefði verið sagt, hefði ég nú farið svona að því að undirskrifa samningana fyrir 1½ ári og væri núna að tala við hv. þm. um og upplýsa þá um samningagerðina? Við megum ekki standa okkur verr en Norðmenn, síendurtók hv. 9. þm. Reykv. Eigum við nú að fylgja slíku fordæmi? En svona var gangur málsins í Noregi.

Nei, við höfum farið öðruvísi að og ætlum að fara öðruvísi að. Eins og ég gat í dag um, hefur orðið samkomulag um það við Alþb., að það eða þingflokkur þess tilnefni tvo þm. til viðbótar í þmn., sem skipuð er þm. frá hinum þingflokkunum, til þess að fjalla um framhaldsundirbúning málsins fyrir næsta þing. Í þessu mundi felast, að þm. frá öllum þingflokkunum hefðu ekki aðeins aðstöðu til þess sjálfir að fylgjast með áframhaldandi gangi málsins, heldur að bera sig saman við sína flokksbræður um þau atriði, sem þeir vildu gera aths. við og kynna sér betur og koma á framfæri aths.

við innan þmn. Hún er að vísu þannig skipuð, að þar ræður ekki afl atkv. Hún er kvödd til ráðuneytis til undirbúnings málsins fyrir þingið. En auðvitað kæmu öll þau sjónarmið fram hjá hverjum aðila sem væri í þessari n. gagnvart ríkisstj., áður en gengið yrði endanlega frá málinu, þegar að því kæmi, að það kynni endanlega að verða lagt fyrir Alþingi.

Ég kem þá að öðrum lið í niðurstöðum hv. 5. þm. Austf., að gefnar séu rangar upplýsingar í skýrslunni um hag okkar af verksmiðjunni og virkjunarmálin. Um þessi atriði má eflaust deila, og allt of langt yrði að fara út í það nú. En ég fullyrði, að ekkert rangt sé vísvitandi sagt í skýrslunni um þessi atriði né nokkuð í þeim tilgangi að blekkja í málinu. Með þeirri málsmeðferð, sem viðhöfð er, gefst fulltrúum Alþb. nú nægur tími til þess í þmn. að fá nánari athugun eða grg. frá sérfræðingum, sem gert hafa áætlanir, sem þessar upplýsingar eru byggðar á, og ég hef sjálfur sagt, að það væri til góðs, að það kæmu hér fram ábendingar og aths., sem tóm gæfist til þess að athuga betur og gætu orðið þeim til styrktar, sem áfram vinna að málinu.

Hv. 5. þm. Austf. taldi í þriðja lagi geta stafað mikla hættu eða miklar og hættulegar afleiðingar af svo mikilli fjárfestingu hér sunnanlands og truflanir í öðrum atvinnurekstri og þróun hans. Í þessu felst því raunar tvennt. Það er annars vegar hætta fyrir svokallað byggðajafnvægi og hætta fyrir þróun atvinnuveganna, sem hv. þm. vikur að. Okkur er öllum ljós fyrri hættan, og fram kemur í skýrslunni, að ríkisstj. hyggst undirbúa fyrir næsta þing frv. að l. til þess að mæta þessari hættu, eftir því sem verða má. Um síðara atriðið er ég á gagnstæðri skoðun við hv. þm. Ég held, að rekstur alúmínfumverksmiðju hér með þeim hætti, sem við ræðum hér um, taki ekki neitt frá neinum öðrum atvinnuvegi, a. m. k. augljóslega ekki fjármagn, því að ekki á að vera íslenzkt fjármagn í þessari alúmínfumbræðslu. Hins vegar held ég, að það gefi okkur fjárhagslega bætta aðstöðu til eflingar öðrum atvinnugreinum með auknum lánsfjármöguleikum þeim til handa. Þetta er mín skoðun. Þarna erum við á öndverðum meiði, og ég skal ekki hafa um það fleiri orð. En um vinnuaflið geta menn spurt, og það er að vonum. Við sjáum í dag fréttir í blöðunum um, að það sé vinnuaflsskortur við höfnina, og við vitum allir, að á undanförnum árum hefur verið vinnuaflsskortur hér. En í þessu sambandi vil ég segja þetta: Við skulum hafa það í huga, að við rekstur alúmínfumverksmiðju mun ekki þurfa nema liðlega 10% af aukningu vinnuaflsins í landinu fyrst þegar hún hefur að fullu tekið til starfa og síðan stöðugt minna, stöðugt minnkandi hundraðshluti af vinnuaflsaukningunni, sem fer stöðugt vaxandi í okkar öru fólksfjölgun.

Þegar allur ráðgerður samningstími, sem er 45 ár frá fyrsta stigi þess, að verksmiðjan tekur til starfa, og það er gert ráð fyrir, að hún taki til fullra starfa 6 árum þar á eftir, og þá mundi frá þeim tíma vera aðeins 39 ára samningstími, — þegar þessi samningstími er allur úti, mun láta nærri, að íslenzka þjóðin verði nærri 400 þús. manns. Það er vonandi, að enginn þeirra ungu, sem þá kemur á vinnumarkaðinn, þurfi að ganga atvinnulaus. En ekki er það öruggt án fyrirhyggju um eflingu nýrra atvinnugreina og vöxt þeirra, sem fyrir eru.

Fjórða niðurstaða hv. 5. þm. Austf. var sú, að hættan af erlendu fjármagni væri gífurleg og sérstaklega með tilliti til framhaldsins. Þarna erum við enn á öndverðum meiði. Við erum taldir litlir og lágkúrulegir að treysta ekki einvörðungu á sjálfa okkur og okkar eigið fjármagn. Mér finnst þeir minnstu karlarnir, langminnstu karlarnir, sem ekki treysta Íslendingum til þess að semja við erlenda öðruvísi en að glata bæði virðingunni og jafnvel sjálfstæði, fjárhagslegu og pólitísku sjálfstæði þjóðarinnar.

Hv. 5. þm. Austf. telur í fimmta lagi enga nauðsyn að vera að hugsa um að gera atvinnulífið fjölþættara. Það rekur engin nauður til að vera að hugsa um þetta, segir hann. Það er svo mikil gróska í okkar atvinnulífi. — Ég veit, að það er mikil gróska í atvinnulífinu og hefur verið á tímum viðreisnarstjórnarinnar, og þurfti náttúrlega ekki að láta hv. þm. segja mér það. En hann fór nú samt sem áður heldur geyst, svo geyst, að hann var farinn að segja, að undanfarin 3 ár hefði orðið nærri 70% framleiðsluaukning í sjávarútveginum, þ. e. 20% aukning hvert árið, sagði hann. En ég vil bæta því við, að líklega hefur hann átt við 20% aukningu að meðaltali, og ég sé, að hann samsinnir því. En því miður er það nú ekki svo vel. Hún mun vera rétt um 10% að meðaltali þessi 3 ár, og er það að vísu geysimikil aukning. Það telst svo til, að hún hafi verið 11% árið 1963, 6.5% 1963 og 12% 1964, en aukning þjóðarframleiðslunnar í heild er ekki nema 5.7% s. l. 4 ár. Ég byggi þessar tölur á útreikningum Efnahagsstofnunarinnar, og þær sýna í heildinni, að það er full nauðsyn að hafa gát á öllu, ef við ætlum ekki að dragast aftur úr, heldur sækja á og kannske sækja fram úr, sem við helzt viljum, öðrum þjóðum og hafa nægileg verkefni fyrir okkar öru fólksfjölgun á komandi árum.

Sjötta niðurstaðan var sú, að hv. 5. þm. Austf. fyndist enginn stórhugur í fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum á grundvelli stóriðju. Um það skal ég ekkert deila við hann.

Sjöunda niðurstaðan og sú síðasta var, að Alþ. yrði að taka málið föstum tökum. Því er ég alveg sammála. Enn fremur, að við mættum ekki ljá fangstaðar á íslenzku atvinnulífi og erlendir nái hér úrslitaáhrifum. Um þetta er ég líka alveg sammála hv. þm.

Fleira er það ekki, sem mér finnst, að ég þurfi að tjá mig um úr ræðu hv. 5. þm. Austf.

Þá tók til máls hv. 1. þm. Austf. Hann rakti fyrst stefnu Framsfl. varðandi erlent fjármagn í landinu, reyndar allt frá stofnun hans 1919.

Það, sem hann sagði í þessu sambandi, er mjög í samræmi við mínar skoðanir, og var ekkert sérstakt atriði, sem þar á milli ber. Hann vék að því á einum stað í ræðu sinni, að á bls. 8 mætti skilja það, að Íslendingar hefðu gefizt upp við að ná eignarhlutadeild Íslendinga að loknum samningstímanum. Það er kannske rétt, að ég skýri svolítið nánar frá en fram kemur í skýrslunni um þetta atriði, svo að á eftir verði þó ekki sagt, að hér hafi verið nokkur leynd af ríkisstj. hálfu. Ég held reyndar, að það komi fram, ef betur er að gáð, — jú, það kemur fram á bls. 8. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt er ljóst, að þeir mundu reiðubúnir til að afhenda Íslendingum endurgjaldslaust tiltekna eignarhlutdeild í verksmiðjunni, ef gerðir yrðu bindandi samningar til lengri tíma. Af hálfu íslenzku fulltrúanna hefur verið talið eðlilegra að láta með öllu ósamið um slík atriði, en leggja fremur áherzlu á að fá sanngjarnan samningstíma."

Það er til þessa, sem hv. þm. vitnaði, og það er rétt, eins og segir þarna, að þessir viðsemjendur mundu vera reiðubúnir til þess, að Íslendingar eignuðust tiltekið eignarhlutfall, einn þriðja eða helminginn af verksmiðjunni að samningstímanum loknum. En okkar skoðun var sú, og þetta kom fram á viðræðufundunum, sem voru haldnir hér í Reykjavík, og ég lagði á það sérstaka áherzlu, að um þetta skyldum við ekkert semja. Við getum skrúfað fyrir rafmagnið, þegar samningstíma er lokið. Við höfum enga skuldbindingu til þess að láta þeim í té meiri orku, enga nýja orku, og þeir geta ekki heldur án okkar leyfis komið með neina nýja orku. Ég taldi því, að málið væri á þessum tíma algerlega í okkar höndum, og við ættum ekkert að tala nú um 1/3 eða einhvern hluta sem okkar eign að þessum tíma liðnum. Ef þeir, sem þá fjölluðu um þessi mál, vildu reka þessa verksmiðju áfram, er það mín skoðun, að Íslendingar hefðu svo sterka aðstöðu, að það væri langbezt að láta þá um það og óumtalað nú. Þetta er efni þessa máls. En það er engin uppgjöf í þessu, síður en svo, eða það er mín skoðun, að það sé ekki.

Þá spurði hv. 1. þm. Austf., hvað kæmi aðallega til greina að vinna úr alúmíníummálmi hér og af hvaða stærðargráðu kynni að verða slíkur rekstur. Að þessu er vikið nokkuð í skýrslunni, og fyrir tilstuðlan bæði mína og stóriðjunefndar tóku þessir fulltrúar Swiss Aluminium, sem voru hér í viðræðunum, síðast upp samband við Félag ísl. iðnrekenda til þess að ræða þessi mál. Ég taldi eðlilegra, að iðnrekendur sjálfir kynntu sér þessa möguleika, og það hafa síðar verið hér uppi menn frá þeim til þess að athuga aðstæðurnar hér á landi, og það mun standa fyrir dyrum, að fulltrúar frá íslenzkum iðnrekendum fari í kynnisför, þar sem slík vinnsla úr alúmíníummálmi á sér stað á vegum Swiss Aluminium. Ég þori ekki að svara þessari spurningu og hef aldrei viljað gera neitt mikið úr þeim möguleikum, sem í þessu kynnu að felast. Ég get játað það alveg, að ég hef verið svolítið varasamur í því efni, vegna þess að ég minnist þess, að þegar áburðarverksmiðjan var sett upp, var talað um margvíslega efnavinnslu, nýjar atvinnugreinar sem kynnu að koma upp samhliða henni eða eftir að hún væri farin að starfa, og okkur var sagt af mörgum sérfræðingum, að möguleikar væru til slíks. Það hefur ekkert orðið, en hér horfir að vísu öðruvísi við. Málið virðist upplagðara. Það er alveg tiltekinn málmur, sem þessi verksmiðja bræðir, sem iðnrekendur hér vita alveg hver er, og úr honum er hægt að vinna ýmislegt hér, svokallaða prófíla í glugga, hurðir og annað slíkt, plötur á þök og ýmislegt annað í byggingariðnaðinum, umbúðir, dósagerð og því um líkt. Ég hef talið, að þetta mál ætti að athuga af íslenzkum aðilum, iðnrekendum og hverjum sem hefðu áhuga á því, og vil ekki gylla það og hef aldrei viljað gylla það fyrir neinum, hversu mikið gæti úr þessu orðið, og mín afstaða til þessa máls hefur verið alveg óháð því. Ég mundi gleðjast yfir því, ef svo færi, að þetta mál kæmist í framkvæmd, að hér yrði hliðarvinnsla, sem yrði hagkvæm fyrir íslenzkan iðnað, og margir hafa haldið, að slík starfræksla hér eins og alúmíníumbræðsla gæti að ýmsu leyti aukið tækniþekkingu okkar og stutt okkur tæknilega og fjárhagslega í okkar íslenzka iðnaði. Ég þori ekki að segja meira um það en ég hef þegar gert og vil ekki vekja neinar tyllivonir um það.

Ég skal koma nokkrum orðum að hv. 9. þm. Reykv. Hann var mikið að bera saman samninga, sem Norðmenn hafa gert. Ég vék nú svolítið að því áðan, hvernig þessir samningar urðu til, með töluvert öðrum hætti en til er stofnað af okkur Íslendingum. Hann sagði, að þar væri það norskt hlutafélag, enda væri þar norskt hlutafé, og þó að það væri lítið, norska hlutaféð, hefði það þó vald á hluthafafundum, hér væri aðeins um erlent félag að ræða og hér hefðumst við ólíkt að. Hér skal ég lýsa því alveg hreinlega yfir, að það er mín einlæg skoðun, að það sé miklu eðlilegra fyrir okkur að blanda okkur alls ekki í neinn félagsskap um þessa alúmíníumbræðslu við Svisslendingana. Þetta er mín skoðun. Og ég get getið þess, að ég hef átt viðræður um þetta við menn, sem hafa unnið við þetta alla sína ævi eða eftir að Norðmenn fóru að setja upp alúmíníumbræðslur. Og einn af þeirra fremstu mönnum á þessu sviði var ekkert hikandi um það, að hann taldi okkar fyrirætlanir um að semja bara við erlenda félagið um að reka verksmiðjuna hér án þess að vera á nokkurn hátt riðnir við þann rekstur sjálfir, það sýndist honum miklu hyggilegra. Og þetta er m. a. af því, að við mundum hafa svo veika aðstöðu í svona rekstrarfélagi, sem er aðeins ein grein af mörgum af sama stofni, eins og gerð var grein fyrir hér af hv. 5. þm. Vesturl. í dag, frá því að vinnslan byrjar í námunum, málmgrýtinu, og svo þegar unnið er það alúmína, sem er það hráefni, sem hingað verður flutt, síðan er unninn málmurinn, svo er unnið úr málm-

inum, og ég held, að við yrðum að horfast í augu við miklu, miklu meiri og margvíslegri erfiðleika að þykjast vera einhverjir hluthafar í þessu fyrirtæki, og það hefur frá öndverðu verið mín skoðun. Hitt dreg ég ekki dul á, og ég hygg, að það komi einhvers staðar fram í skýrslunum, að það hafi ekki verið nein fyrirstaða af hálfu Svisslendinganna, að við værum þarna hluthafar og þá helzt að einhverju verulegu marki. Það er þá áreiðanlega meira vegna þess, að við, sem að þessu höfum unnið, höfum heldur viljað hafa þann hátt á. Þess vegna kýs ég heldur okkar hátt en Norðmannanna.

Hv. þm. sagði, að norskur ráðh. hefði ekki átt afturkvæmt í embættið vegna norsku samninganna, sem væru þó miklu hagstæðari en okkar. Um það má náttúrlega lengi deila. Við höfum enga samninga gert. Hvernig okkar samningar verða, getur enginn sagt um. En hann miðaði í þessu sambandi við ráðagerðir, sem væru í skýrslunni. Um það má lengi deila, og hann sagði, að nú ætti að bera á silfurfati fram hér það, sem hefði kostað erlendan ráðh., norskan ráðh., embættið, og ef það hefði verið farið að í Noregi eins og hérna, hefði það kostað alla ríkisstj. ráðherrastólana. Sannleikurinn er sá, að það, sem kostaði ráðh. embættið, var ekki aðeins það, að það voru léleg ákvæði í samningnum, heldur það, að það varð uppvíst, að hann hafði leynt þingið veigamiklum atriðum í þessu máli. Og það er þess vegna, sem hann átti ekki afturkvæmt. Ég veit ekki til þess, að ég hafi leynt þingið neinu, og ég mun ekki leyna þingið neinu í þessu máli.

Allt var nú á ógæfuhliðina fyrir okkur hjá þessum hv. þm., við værum með ráðagerðir um að eiga höfnina sjálfir. Norðmenn væru það sniðugir, að þeir létu fyrirtækið eiga höfnina sjálft og leggja vegi og brýr o. s. frv. En hérna ber að sama brunni. Við vildum eiga höfnina sjálfir og fannst það miklu mannalegra að eiga höfnina sjálfir og leigja þeim afnot af höfninni, heldur en láta þá byggja höfnina og nota hana, svo að það er hreinlega vegna vilja okkar, sem að þessu höfum staðið, að þessi háttur sé á, en ekki það, að þeir hafi fengið okkur til þess að taka að okkur að gera eitthvað það, sem þeim hafi verið ætlað að gera í Noregi.

Eins var það með gjaldeyrinn, þegar hv. þm. kom að því, að hann kæmi inn í norska banka, svo færi hann í greiðslur, afborganir og vexti af lánum og vinnulaun og allt mögulegt, og svo það, sem afgangs er, hvað um það? Það er eftir í Noregi. Eftir þessu virðist hv. þm. endilega vilja, að Swiss Aluminium eða þetta verksmiðjufyrirtæki eignist smátt og smátt innstæður í íslenzkum bönkum. Auðvitað væri það gott út frá sjónarmiði þeirra manna, sem vildu þeirra ítök sem mest hér. Þeir gætu þá borgað meira í blöðin og pólitísku flokkana, eins og hv. 3. þm. Reykv. vék að, eða a. m. k. með hægara móti en ella. Þetta höfum við ekki lagt neina áherzlu á, að þeir færu að fá betri aðstöðu til þess að auka ítök sín hér en ella mundi vera.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að því í enda sinnar ræðu, að hann vonaðist til þess, að tillit væri tekið til þess, sem fram hefði komið í umr. hér. Og við munum gera það auðvitað, sem að þessum málum stöndum, við munum taka tillit til alls þess, sem fram hefur komið, og þeirra vísbendinga, sem við teljum, að séu á rökum reistar og til góðs fyrir málið. Og ég lét í ljós þá von mína í dag í þeim fáu inngangsorðum, að þessar umr. mættu verða gagnlegar. Ég held, þegar á allt er litið og ýmislegt er vinzað frá, sem eins og gengur og gerist kemur nú fram í máli manna og þegar mönnum hleypur kapp í kinn, að það hafi verið mjög gott, að þessar umr. fóru einmitt hér fram á þessu stigi málsins, og þær fara fram á mjög heppilegum tíma, þegar fulltrúar frá Alþb. koma inn í þmn. og þmn. á nú að fara að athuga sinn gang á öðrum grundvelli, eins og ég orðaði það í dag, heldur en fram til þessa hefur verið unnið, því að það hefur verið unnið aðeins á viðræðugrundvelli, en það verður að ætla, eða það hefur verið mín skoðun, að málin væru nú komin á það stig, að við ættum að fara að freista þess að gera uppkast eða frumdrög að samningnum. Ég held, að með þeim ráðagerðum, sem nú eru uppi, geti allir þingflokkar fylgzt með þeim undirbúningi, áður en þing kemur saman. Það eru að sjálfsögðu takandi til athugunar öll þau samráð, sem hv. 3. þm. Reykv. var að tala um að hafa við þingflokkana, áður en frv. að svona samningum væri lagt inn í þingið og menn stæðu þá bara andspænis því að segja já eða nei við samningnum. Hinu skal ég ekki neita, og maður tekur það þá til nánari athugunar, að í mínum huga var það, að það mætti takast fyrir þingið að ganga frá í samráði við þessa þmn. samningsuppkasti, sem yrði undirritað með fyrirvara um það, að Alþ. staðfesti eða samþykkti samningana. Ég held, að það sé erfitt að hafa nokkurn annan hátt á heldur en að á einhverju stigi málsins komi samningarnir í því formi, ef menn komast svo langt, fyrir þingið, og ég verð að segja það, að mér finnst, að ég hafi gert alla þá tilraun, sem hugsanleg er, til þess að hafa samráð við þingflokkana, sem einmitt hv. þm. var að óska eftir, áður en þessi formlega framlenging slíkrar samningagerðar kæmi til. Það eru fleiri samningar, eins og ég sagði í dag, heldur en aðeins sá almenni samningur við alúmíníumfyrirtækið. Það er þá náttúrlega ekki sízt og kannske fyrst og fremst raforkusölusamningurinn, sem mundi verða gerður á vegum væntanlegrar stjórnar Landsvirkjunar, og mér telst svo til, að það séu líka fulltrúar allra stjórnmálaflokka í þeirri stjórn, eins og hún er ráðgerð. Þegar á allt er litið, finnst mér ekki maklegt að ásaka okkur fyrir pukur og leynd í þessu máli, heldur þvert á móti, og ég hef alltaf frá öndverðu og gerði það á þinginu, þegar það var rætt í fyrra, lagt megináherzlu á, að það mætti

takast sem víðtækust samstaða um jafnstórt mál og hér er um að ræða, og það verður svo að arka að auðnu, við getum ekki beðið eftir, að við séum allir sammála frekar í þessum málum en öðrum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sagði.

Það var í fyrsta lagi viðvíkjandi því, sem hann las upp um skýrslu stóriðjunefndar ríkisins, sem þar er á bls. 15, hvað hún hefði athugað, það var áburðarframleiðsla og magnesíum o. s. frv. Um hvert einasta af þessum atriðum, sem stóriðjunefndin virðist þarna hafa athugað og verið hefur í skýrslum norsku sérfræðinganna, um hvert einasta af þessum atriðum voru skýrslur til áður, sem atvinnumálanefnd ríkisins hafði látið gera og fengið íslenzka sérfræðinga til að gera, rætt heilmikið um og athugað verulega um, og um þungavatnið var búið að gera meira að segja í sambandi við vestur-evrópskar nefndir alveg sérstakar athuganir hér á árunum, sem ef ég man rétt hafa komið hér fyrir þingið á sínum tíma, þannig að í þessu fólst ekki neitt nýtt. Stóriðjunefndin hefur þarna ekki athugað neitt, sem ekki var til áður. Ég á meginið af þessum skýrslum, sem gerðar voru. Það, sem ég var að ætlast til, var, hvort stóriðjunefndin hefði athugað eitthvað fleira en búið var að athuga, eitthvað nýtt í þessu, og sérstaklega af því að ég benti á eitt atriði í því, og það var þessi petrolkemi. Ég er búinn að reyna að gera nokkuð ýtarlega grein fyrir því, hvaða hagsmunir gætu verið í því fyrir okkur, og því hefur auðsjáanlega ekki verið sinnt. Þar held ég þó líka, að sé um að ræða, að við hefðum þó nokkurn markað fyrir rafmagn og jafnvel að ýmsu leyti markað, sem getur verið nokkru praktískari. Í sambandi við alúmínium verðum við að skaffa rafmagn, sem verður að notast allan tímann, og koma upp alldýrum fyrirtækjum sem varastöðvum handa hringnum og verðum jafnvel skaðabótaskyldir, ef erfitt verður með þá rafmagnsframleiðslu. Hins vegar held ég í sambandi við petrolkemiuna, að þá hefðum við a. m. k. á vissum stigum þar möguleika til þess að nota að vísu mjög mikið rafmagn, sem við gætum notað, þegar okkur þóknaðist, og skrúfað fyrir þess á milli.

Þá kom hæstv. ráðh. inn á þetta með Jón Þorlákssson. Þessi atriði viðvíkjandi Jón Þorlákssyni voru alveg skýr. Jón tók alveg greinilega afstöðu gegn því, að útlendingar gætu virkjað þetta þá, og stóð einmitt að þeirri tillögu, sem gerbreytir þá fossalögunum, að ríkið eitt réði virkjuninni, sem varð til þess, að útlendingar virkjuðu ekki. Þeir vildu sem sagt, að það væri ríkið, sem réði virkjuninni, og vildu helzt meira að segja, að ríkið ætti fossana, og þessi afstaða þá var nægileg til þess að afstýra, að erlent fjármagn lenti hér í fossunum eða gæti hagnýtt þá, svipti þá bókstaflega valdinu yfir þeim.

Svo kom hæstv. ráðh. inn á spursmálið um samninganefndina og stóriðjunefndina, og hélt, að ég hefði verið að skamma stóriðjunefndina sérstaklega, þar sem ég var að rífast út í samninganefndina, og nefndi þess vegna 2 menn úr henni, þannig að það fór ekkert á milli mála, við hverja það var, sem ég þar átti, þannig að það var misskilningur, sem hann var að taka til sín í því. En svo sýnist mér á því, sem hæstv. ráðh. segir, að hann hafi alls ekki áttað sig á einum aðalhlutnum í því, sem ég kom með. Hann var að tala um, að það væru einhver óskapleg reikningsdæmi, sem ég hefði verið með, hefði verið að tala um allt upp í 160 þús. tonn eða möguleikarnir væru allt upp í það, sem væri hrein vitleysa, og ég hefði talað þarna um margar, margar millj., sem ekki ættu neinn grundvöll. Í fyrsta lagi er þetta að segja í sambandi við 160 þús. tonn. Á bls. 24 í skýrslu stjórnarinnar hljóðar síðasta setningin í 3. kafla svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kemur þetta m. a. í ljós af því, að fyrirtækið hefur lagt mikla áherzlu á, að nægilegt rými væri á verksmiðjusvæðinu til stækkunar, jafnvel upp í 160 þús. tonna ársframleiðslu.“ Það er sem sagt alveg greinilegt, að þessi hringur telur sig fá svo góð kjör á Íslandi, að hann vill jafnvel tryggja sér aðstöðu, að það bara hér syðra svaraði allt upp í 160 þús. tonna ársframleiðslu. Þetta var fyrst og fremst í sambandi við fjármagnið, sem í þessu væri bundið Ef við erum með 60 þús. tonna alúmíníumframleiðslu, er fjárfestingin í því 2500 millj. Það hélt ég, að við værum sammála um. Ef um væri að ræða 120 þús. tonn, er fjárfestingin að líkindum upp undir 5000 þús. millj. Ef um væri að ræða 160 þús. tonna ársframleiðslu þarna, yrði fjárfestingin milli 6 og 7 þús. millj. Þetta held ég, að sé rétt reiknað, og mér sýnist hæstv. ráðh. koma þetta á óvart. Hann gerir sér ekki grein fyrir því, að þarna er um að ræða fjárfestingu, sem er svo gífurleg á íslenzkan mælikvarða, að þetta eina félag fjárfestir hér, ef reiknað er með þessu smæsta, sem það ætlar að byrja með, 60 þús. tonna ársframleiðslu, þá fjárfestir það álíka mikið og nú er í öllum íslenzkum sjávarútvegi og fiskiðnaði. Ef það fer upp í 120 þús. tonn, sem það talaði um í desember í vetur, ef ég man rétt, strax eftir að það sá, hve góðum samningum það gat náð, þá fer það upp í 5000 millj. kr. fjárfestingu, sem er álíka og er í öllum fiskiskipaflotanum, fiskiðnaðinum og íslenzka iðnaðinum öðrum. Og ef það fer svo þar yfir, þá er þetta sem sagt orðið eins og 50% af öllum þeim iðnaði, sem þá væri til á Íslandi, og allri fiskútgerð.

Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér grein fyrir þessu hlutfalli, og ég er hræddur um, að það séu fleiri, sem hafa ekki gert sér grein fyrir, hvílík gerbylting þetta er. Menn hafa talað um, eins og ég gat um í minni ræðu áðan, að það væru upp undir 10% af iðnaði Norðmanna erlent auðmagn, en menn hafa ekki gert sér grein fyrir, að þegar þetta væri komið hér inn, þá yrði þetta eins og 50%

af öllum íslenzkum iðnaði, fiskiðnaði og sjávarútvegi.

Svo kom hæstv. ráðh. inn á spursmálið með kjarnorkuna, en nefndi sjálfur í því sambandi, að menn greindi mjög á um þetta. Það er rétt, sumir hafa haldið því fram, að kjarnorkan yrði ódýrari eftir 10 ár, aðrir segja það yrði eftir 20 ár, sumir eftir 30 ár. Menn eru ákaflega ósammála um þessa hluti, þannig að það að reyna að nota þetta fyrst og fremst sem rök, að við þurfum sendilega að koma ódýrustu raforkunni, sem við getum framleitt, út í útlendinga þess vegna, það á ekki við. Það eru hlutir, sem menn eru að reyna að finna upp á til þess að búa til rök, sem vantar fyrir þessu. Við getum virkjað fyrir okkur sjálfa eins og við viljum, og náttúrlega mundum við þá skilja eftir það rafmagnið, sem okkur yrði ódýrast, láta það þá vera óvirkjað, ef einhver önnur ódýrari orka væri komin. En auðvitað eigum við að virkja fyrir okkur sjálfa allt, sem ódýrast er í þessum efnum. Hins vegar sagði ráðh., — kannske ég hafi verið óljós í orðum, þegar ég talaði um vetnisorkuna, — hann sagði, að ég hefði sagt, að hún yrði ekki virkjuð í friðsamlegum tilgangi. Það sagði ég ekki. Ég sagði aðeins, að það væri ekki enn þá, en hins vegar ef það yrði, þá mundu allir þessir hlutir gerbreytast, vegna þess að þá kemur til orkugjafi, sem er margfalt, margfalt ódýrari og gersamlega ótæmandi, þar sem allt hitt er að undantekinni vatnsorkunni náttúrlega meira eða minna tæmandi, þ. á m. kjarnorkan, vegna þess að úraníum er ekki ótæmandi.

Hins vegar heyrðist mér á hæstv. ráðh. á þeim aðdróttunum, sem hann kom með í minn garð, sem er nú frekar óvanalegt, að hann sé að beita, þá skildist mér eiginlega á honum, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir þeirri pólitísku hættu, sem af þessum hring stæði, rétt eins og hann áttaði sig ekki á, hvað sterkt vald þessi hringur yrði í efnahagsmálum á Íslandi. Eins hafði hann ekki gert sér grein fyrir þeirri pólitísku hættu, sem af þessu væri. Og þess vegna er eins og hann hafi nú reiðzt svona yfir því og þess vegna skellt fram ómaklegum aðdróttunum, þetta hafi komið svona við hjartað í honum og hann hafi ekki fundið neitt betra en að reyna þannig að skammast. Ég held, að í þeim efnum sé rétt fyrir hæstv. ráðh. að athuga alveg rólega þessa hluti. Þetta eru hlutir, sem nokkuð er hægt að reikna út, rétt eins og allt annað. Hagsmunirnir segja til sín, og þessir aðilar hafa sannarlega í öllum þeim löndum, þar sem þeir hafa haft einhverja aðstöðu, reynt að efla hana sem allra mest og tryggja, og það er ákaflega eðlilegt út frá þeirra hagsmunasjónarmiðum, að þeir reyni að tryggja sig sem allra bezt. Þeir geta það ekki með öðru móti en með því að blanda sér inn í pólitíkina.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann vildi ekki leyna þingið neinu í þessum efnum. Það tek ég hann trúanlegan um, þótt hin gagnrýnin standi, að það sé seint, sem þetta kemur allt saman fram og okkur gefst tækifæri til þess að ræða það. En ég vildi mælast til þess við hann um leið, að hann leyni ekki fyrir sjálfum sér hættunni, sem í þessu felst, og reyni ekki að breiða yfir þá hættu með neinum almennum pólitískum skömmum, eins og annars viðgangast á milli blaðanna. Við eigum, Íslendingar, allmikið undir honum einmitt í þessum efnum, og ég vil þess vegna vonast til þess, að einmitt hann setji stolt sitt í það að reyna að bregðast þannig við bæði þeirri gagnrýni og þeim viðvörunum, sem fram koma, að hann athugi það ákaflega gaumgæfilega, en setji sig ekki í þær stellingar að reyna bara að verjast með almennum pólitískum skömmum. Við eigum svo mikið undir honum í sambandi við þetta mál, að við höfum ekki átt slíkt undir mönnum, síðan við stóðum frammi fyrir hernáminu á stríðsárunum, og nú er aðstaðan sú önnur, að nú hefur hann aðstöðu til þess í fyrsta lagi að leyna þingið ekki þessu, leyna þessu ekki fyrir sjálfum sér og taka tillit til alls þess, sem fram kemur. Mesta hættan í þessu er sú, að áróðurinn, sem vissir erindrekar þessa hrings þegar hafa hér í frammi í blöðunum og þegar hafa smitað inn í þá n., sem sett hefur verið til samninga um þetta, — þessi áróður setji ríkisstj. í þá varnaraðstöðu, að henni finnist hún ekki geta annað metnaðar síns vegna en keyrt þetta mál í gegn, og þar vil ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. einmitt reynist það mikill maður, að hann geti, þegar hann sér það, að þetta mál sé of hættulegt fyrir okkar efnahagslega sjálfstæði og of hættulegt fyrir okkar pólitík, okkar pólitísku aðstöðu, þá geti hann fallizt á það að stöðva þetta mál.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. lengi með athugasemdum við ræðu hæstv. iðnaðarmrh., enda gaf hún ekki tilefni til þess.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefur dálítið ólíka afstöðu til eignarhalds Íslands eða eignarhluta Íslands í verksmiðjunni og eignarhluta Íslands í hafnarmannvirkjum verksmiðjunnar. Nú er þetta tvennt alveg násamtengt. Þetta er eitt og sama fyrirtækið. Ráðh. lýsti því yfir, að hann hefði ekki áhuga á því, að Íslendingar ættu neinn hluta í verksmiðjunni, en hins vegar þætti honum við litlir karlar, ef við vildum ekki eiga höfnina sjálfir. Mér finnst þessi afstaða dálítið í ósamræmi hjá hæstv. ríkisstj. og ekki mikil ástæða til að eiga frekar þann hluta af þessu fyrirtæki, sem heitir höfn, en einhvern annan hluta.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég mundi geta upplýst það, hvenær iðnmrh. Noregs hefði veitt þingi þar upplýsingar um málið. Og það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, það var nokkuð seint, sem hann gerði það, og þó aðalatriðið ekki það, að hann veitti ekki ákveðnar upplýsingar í þinginu, heldur var talið, að hann hefði leynt þingið nokkrum mikilvægum atriðum. Og í þeim samningum, sem Trygve Lie gerir seinna, þegar hann fær þessa fyrri samn-

inga endurskoðaða, þá er einn liður úr fyrri samningunum algerlega felldur úr gildi, og sá liður var nokkuð þýðingarmikill, því að hann varðaði greiðslu verksmiðjunnar til Svisslendinganna fyrir tæknihjálp og umboðslaun og annað þess háttar, og ákveðið, að það skyldu teknir upp nýir samningar um þennan lið. Ráðh. féll því auðvitað ekki eingöngu á því að hafa skýrt þinginu seint og illa frá málinu, heldur einnig og ekki síður fyrir það að hafa gert slæma samninga.

Einnig skildi hæstv. ráðh. orð mín þannig um gjaldeyrisviðskipti verksmiðjunnar við norska banka, að ég hefði sagt eða látið í það skína, að alúmíníumverksmiðjan sjálf eignaðist það, sem eftir yrði í norskum bönkum af gjaldeyri, þegar búið væri að taka inn gjaldeyri fyrir alla söluvöru og greiða kostnað erlendra aðila. Þetta er misskilningur. Það, sem eftir verður, eru nettótekjur norsku þjóðarinnar fyrir rafmagn, fyrir vinnulaun, skatta og annað það, sem norska ríkið lætur í té, svo að verksmiðjan sjálf eða hinir erlendu aðilar að verksmiðjunni eignast engar innstæður i Noregi í sambandi við þennan hátt á gjaldeyrisviðskiptum þar.

Hæstv. ráðh. vefengdi ekki þær upplýsingar, sem ég hafði gefið hér um ákveðinn mismun á ýmsum þáttum þeirra samninga, sem Norðmenn hafa gert í þessu efni, og því, sem má ætla, að hér yrði gert, ef byggt yrði á þeirri skýrslu, sem nú liggur fyrir. M. a. er eitt það, að Norðmenn gera ráð fyrir á 10 árum nettó-gjaldeyristekjum, sem nema um 4800 millj. ísl. kr., en þó að með mikilli vinsemd væri litið á áætlanir, sem felast í skýrslu hæstv. ríkisstj. um málið hér, þá mundum við á jafnlöngum tíma ugglaust ekki hafa yfir 2000 þús. millj. og aldrei yfir helming þess, sem Norðmenn hafa í hreinar gjaldeyristekjur af sinni verksmiðju.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er sáralítið, sem ég þarf við að bæta í sambandi við það, sem hv. 9. þm. Reykv. var nú að segja, og um það, af hverju hann hafi farið frá, sá norski kollegi minn, og þá m. a. vegna þess, að Trygve Lie hafði fengið felldan niður klásúlu um umboðslaun og annað og sett inn þar, sem var ákveðið um þau, umboðslaunin, ýmiss konar greiðslur fyrir tækniþjónustu o. s. frv., að það skyldu teknir upp nýir samningar. Já, þetta er alveg rétt. En mér er ekki kunnugt um, að það sé búið að taka upp neina nýja samninga. Hvort þeir verða nokkurn tíma teknir upp, skal ég ekki segja, en ég dró enga dul á það, að þetta voru samverkandi ástæður, illa gerður samningur og svo það að leyna því, sem illa var gert, fyrir Stórþinginu. Og það var líka af alveg sérstökum ástæðum, sem þetta mál kom upp, vegna stjórnarskiptanna, sem voru í Noregi, þegar hægri stjórnin komst til valda í nokkurra mánaða tíma. En þetta skiptir ekki svo miklu máli í þessu sambandi.

En ég vil segja eitt, að um það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að það væri eitt og hið sama, alúmíníumverksmiðjan og höfnin, þar er ég algerlega á annarri skoðun. Ég skal ekki segja neitt frekar um það, að hve miklu eða litlu leyti við getum notað höfnina til annarra þarfa, þegar þar að kemur, en það er langt í frá í mínum huga, að þetta sé eitt og hið sama.

Þá er hv. 3. þm. Reykv. óánægður yfir almennum pólitískum aðdróttunum af minni hálfu í sinn garð, og hann telur sig kannske ekki hafa verið með neinar aðdróttanir í minn garð og annarra í ríkisstj., sem berum ábyrgð á þessum hlutum, sem hér er um að ræða. En ef það er ekki að finna í hans ræðu, þá skil ég ekki mál manna.

Varðandi stærðina, 160 þús. tonna verksmiðjumöguleika, og reikningsdæmið á grundvelli þess, þá var eins og hv. þm. reiknaði með því og gengi út frá því sem gefnu, og út frá þeirri forsendu reiknaði hann hina miklu hlutdeild útlendinganna í fjárfestingunni í íslenzku atvinnulífi. En sannleikurinn er sá, að þó að það hafi komið fram hjá Svisslendingunum, og þess vegna er það tíundað hér á bls. 24 í skýrslunni, að þeir vildu gjarnan hafa rými til þess, ef svo vildi verkast, að stækka verksmiðjuna upp í 160 þús. tonn, þá hefur í okkar hugum, sem að þessu stöndum, ríkisstj., sem ber auðvitað mesta ábyrgð á þessu, sem er hér lagt fram, alls ekki verið um meira að ræða en 60 þús. tonn, og það hefur verið mín skoðun, að engan veginn gæti verið um annað að ræða, fyrr en þá þeir, sem um þessi mál fjalla síðar, eftir að reynsla væri fengin af starfsemi þessara aðila, teldu, að það væri ástæða til þess og gæti verið hagkvæmt fyrir okkur að veita einhverja stækkun. Þetta kemur alveg greinilega fram í þessari mgr., sem ég vildi nú mega taka upp úr skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 24, það er síðasta mgr. Þar segir: „Að lokum er rétt að benda á, að líklegt er, að Swiss Aluminium mundi vilja teygja sig lengra, ef það fengi um leið fyrirheit um möguleika til stækkunar verksmiðjunnar með sæmilega hagstæðum kjörum," þ. e. a. s. teygja sig lengra, gefa hærra rafmagnsverð, eitthvað betri kjör o. s. frv. Svo segir: „Það hefur hins vegar verið skoðun n., að Íslendingar ætti ekki að binda sig í þessu efni nema sem allra minnst. Vegna þess að fyrsti áfanginn í stórvirkjunarmálunum er sérstaklega erfiður hjalli fyrir Íslendinga, mundu þeir samningar, sem nú virðast mögulegir, geta orðið Íslendingum mjög hagstæðir. Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú er." Það er auðvitað mergur málsins í þessu, að það verður að meta aðstæðurnar í þessu sambandi, bæði efnahagsaðstæður, virkjunarmál og annað, þegar þar að kæmi, og við getum ekki núna, þegar við erum að tala um að setja upp verksmiðju, 60 þús. tonn, rökrætt dæmið út frá því,

að það sé komin 160 þús. tonna verksmiðja o. s. frv., á meðan ekkert liggur fyrir um það. Ég veit, að það mætti segja sem svo: Þetta er bara fyrsta skrefið, en svo verður haldið áfram og áfram. — En það verður ekki haldið áfram, ef Íslendingar sjálfir vilja ekki halda áfram, og það verður sem sagt ekki haldið áfram, ef aldrei verður byrjað, og við erum ekki byrjaðir enn. Við erum að glíma við að reyna að ná þeim samningum, sem við teljum, að okkur sé stætt á, og það er alls ekki nein vissa fyrir því í dag, og það getur vel svo farið, að við kynnum að vera í þeirri aðstöðu, að við vildum gera samning, sem við hins vegar ættum ekki kost á að gera. Ég held, að málið liggi þannig fyrir. Það hefur ekki verið svo mikið framboð af erlendum aðilum, sem vildu koma upp hér atvinnurekstri eins og þessum, að það er þvert á móti því, sem hv. 3. þm. Reykv. gaf í skyn, að menn hefðu falazt mikið eftir þessari aðstöðu hér.

Ég læt svo máli mínu lokið, en ég vil að sjálfsögðu endurtaka það, sem ég sagði, að það skal ekki standa á mér að taka til greina allar þær aths., sem fram koma í þessu máli og eru á rökum reistar.

III. Framkvæmd vegáætlunar 1964.

Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var tekin á dagskrá:

Skýrsla samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1964 (A. 46).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Samkv. vegalögum er ráð fyrir því gert, að grein sé gerð fyrir framkvæmdum í vegamálum fyrir liðandi ár eins fljótt og unnt er, eftir að Alþingi kemur saman. Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur verið lögð fram skýrsla um framkvæmdir í vegamálum á þessu ári. Er í sjálfu sér litlu við þessa skýrslu að bæta. Þó þykir eðlilegt að gera nokkur atriði skýrslunnar að umtalsefni og draga fram nokkur atriði, sem sérstaklega eru athyglisverð.

Vegalögin gera ráð fyrir, að vegáætlun sé gerð til 4 ára í senn. Á síðasta þingi var þó samþ. áætlun til aðeins eins árs, vegna þess að undirbúningur vegamálaskrifstofunnar vegna nýrra vegalaga var ekki nægilega langt kominn, til þess að unnt væri að gera áætlun til 4 ára.

Unnið hefur verið að vegamálum á þessu ári samkv. áætluninni. Tekjuáætlun var, eins og kunnugt er, 242 millj. 100 þús. kr. Var tekjuáætlun rúmlega 100 millj. kr. hærri en var á fjárl. 1963. Skipting útgjalda samkv. áætlunum var þannig: Stjórn og undirbúningur vegamála 8 millj. 867 þús. kr. Viðhald þjóðvega 80 þús. kr. Vegamerkingar 1 millj. kr. Til nýrra vega, hraðbrauta 10 millj. kr. Til þjóðbrauta 24 millj. 730 þús. kr. Til landsbrauta 27 millj. 160 þús. kr. Til fjallvega 2 millj. 315 þús. kr. Til brúargerða 31 millj. 705 þús. kr. Til sýsluvegasjóða 10 millj. kr. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum 30 millj. 262 þús. kr. Til vélakaupa 11 millj. Ýmislegt, orlof o. fl. 5 millj. 60 þús. kr.

Útgjöld hafa að sjálfsögðu verið miðuð við áætlunina, eftir því sem mögulegt hefur verið. Getur það stundum valdið talsverðum erfiðleikum að vera alveg bundinn við ákveðna upphæð, þegar lítið vantar til þess að ljúka vissu verki. Skýrslan ber með sér, hvernig að framkvæmdum hefur verið unnið. Kemur í ljós, að vegagerðin hefur að þessu sinni haft margvísleg verkefni, sem hún hefur ekki haft áður. Vegagerðin hefur annazt nær allar framkvæmdir á vegum sýsluvegasjóða, sem hún gerði ekki áður nema að litlu leyti. Sýslunefndir hafa verið aðstoðaðar við samningu reglugerða fyrir sýsluvegasjóði og áætlana um framkvæmdir á vegum sjóðanna. Vegagerðin hefur aðstoðað kaupstaði og kauptún við framkvæmdir á þjóðvegum innan þessara staða. Hreppsfélög og sýslufélög hafa um mörg undanfarin ár lagt fram bráðabirgðalán til vegaframkvæmda. Lán þessi hafa oft numið háum fjárhæðum, en urðu hæst á árinu 1963. Í ár hefur þeirri reglu verið fylgt yfirleitt að heimila endurnýjun bráðabirgðalána til einstakra vega að hálfu eða í hæsta lagi að 2/3 hlutum. Mögulegt var að draga þannig úr endurnýjun lána vegna heildarhækkunar á framlagi til vegamála. Ef framlagið hefði ekki hækkað eins og raun ber vitni, eða um rúmlega 100 millj. kr. miðað við næsta ár á undan, hefði ekki verið mögulegt að hækka bráðabirgðalánin, án þess að framkvæmdir hefðu dregizt verulega saman. Bráðabirgðalán voru í árslok 1963 23 millj. 300 þús. kr., en verða í árslok 1964 11 millj. 560 þús. kr. Þannig lækka bráðabirgðalánin um liðlega helming, þar sem nokkur tími er til áramóta, liggur eðlilega ekki fyrir endanlegt uppgjör fyrir allar framkvæmdir, þótt vitað sé í aðalatriðum, hvernig niðurstaðan verður.

Til viðhalds vega er varið á árinu 80 millj. kr. Er það 5 millj. kr. lægri upphæð en lagt var til, þegar till. til vegáætlunar var lögð fram. Með 5 millj. kr. hefði mátt sinna ýmsu í vegaviðhaldinu, sem varð að láta ógert að þessu sinni, vegna þess að fé vantaði. Vegaviðhaldið er enn nauðsynlegra en nýbygging vega, og má því ekki draga um of úr þeirri fjárhæð, sem til viðhaldsins er ætluð. Umferð á fjölfarnari vegum fer stöðugt vaxandi, og endist því malarslitlag mjög illa, eins og reynslan sýnir á mörgum vegum, sérstaklega í nánd við Reykjavík og fleiri stærri kaupstaði.

Til þess að koma í veg fyrir slysahættu hafa verið sett upp vegmerki á ýmsum stöðum. Var varið til þess á árinu 1 millj. kr. Þjóðvegir landsins eru 8628 km að lengd. Vegmerkingar hafa verið settar upp á 3224 km vegalengd.

Eftir er þá að merkja 5407 km. Þess má geta, að meiri vegalengd verður á milli merkjanna á þeim vegum, sem ólokið er að merkja, heldur en á þeim vegköflum, sem merktir hafa verið, þar sem vegamerki hafa verið sett upp á hinum hættulegu vegaköflum í fjalllendi, þar sem brattar brekkur eru og slæmar beygjur.

Til hraðbrauta hefur verið varið á árinu samkv. áætluninni 10 millj. kr., þar af 6 millj. 788 þús. kr. af fjárveitingunni til Reykjanesbrautar, en auk þess hefur verið unnið að Reykjanesbraut fyrir um 40 millj. kr. lánsfé. Markmiðið er að ljúka við Reykjanesbrautina á árinu 1965, eins og áður hefur verið boðað. Verður þá væntanlega mögulegt að hefjast handa við Austurveg eða Vesturlandsveg á árinu 1966.

Fjárfesting til þrengslavegar á árinu 1964 er 3 millj. 222 þús. kr. Nokkuð af þessari upphæð fór til þess að greiða lán, sem á veginum hvíldi, og einnig til þess að endurbyggja nokkurn kafla vegarins.

Eins og skýrslan ber með sér, sem hv. alþm. hafa fengið, hefur verið unnið í þjóðbrautum og landsbrautum samkv. vegáætlun. Sama máli gegnir um fjallvegi.

Brúargerðir hafa verið með mesta móti á árinu. Byggðar hafa verið 48 brýr, þar af 6 stórbrýr. 26 brýr hafa verið 10 m og lengri, en 23 brýr 4—9 m. Lengd nýrra brúa samanlagt er 1064 m. Varið var til brúa á árinu um 32 millj. kr. auk nokkurra framlaga frá sýslufélögunum til brúa á sýsluvegum.

Á hraðbrautum hafa verið undirbyggðir 15 km. Á þjóðbrautum hefur gerð nýrra vega numið 60,2 km og á landsbrautum 128,6 km. Nýir vegir í þjóðvegaflokknum hafa því orðið samtals á árinu 203,8 km. Auk þess hefur verið unnið að nýbyggingu sýsluvega, en endanleg skýrsla um þær framkvæmdir liggur enn ekki fyrir.

Til vega í kauptúnum og kaupstöðum hefur verið varið samkv. vegáætlun 30 262 500 kr. Hefur þegar komið í ljós, að kaupstaðir og kauptún hafa á fyrsta ári vegal. notfært sér þetta framlag og malbikað og bætt vegakerfið verulega.

Til vélakaupa var fjárveiting 11 millj. kr. Auk þess var tekið nokkurt erlent lán til kaupa á vegavinnuvélum, og hefur nú síðustu 3 árin verið varið talsverðu fé til vélakaupa, en þess gerist mikil þörf, þar sem vegagerðin hefur ekki fengið nýjar vélar um margra ára skeið. Venjan var lengi sú að kaupa notaðar vélar af varnarliðinu, og hefur vélakostur vegagerðarinnar því verið úreltur og allt of dýr í rekstri. Það verður að halda áfram að endurnýja vélakostinn með því að kaupa nýjar og vandaðar vélar, eins og þegar er byrjað á. Með því fást aukin afköst í vegagerðinni og meiri möguleikar til þess, að vegunum verði vel við haldið, og nýbygging vega geti aukizt tiltölulega miklu meira en fjárveitingarnar.

Nokkru fé hefur verið varið til þess að gera tilraunir við vega- og gatnagerð með það fyrir augum að fá betra efni og meiri afköst í framkvæmdum.

Það yfirlit, sem hér hefur verið dregið saman, ætti að nægja til þess að gefa heildarmynd af framkvæmdum í vegamálum á þessu ári, ekki sízt vegna þess, að hv. alþm. hafa fengið ýtarlega skýrslu um þessi mál, þar sem hver framkvæmd fyrir sig er tilgreind í samræmi við gildandi vegáætlun.

Vegaframkvæmdir hafa aukizt á árinu þrátt fyrir endurgreiðslu bráðabirgðalána og nokkra hækkun á framkvæmdakostnaði. Ljóst er, að framkvæmdir hefðu dregizt mjög saman á árinu, ef nýju vegalögin hefðu ekki tekið gildi með því aukna framlagi, sem áður hefur verið nefnt. Á árinu hafa verið greidd bráðabirgðalán, sem tekin voru á s. l. ári, en greiðsla bráðabirgðalánanna hefði ekki verið framkvæmanleg án aukningar fjárframlaga á árinu. Það er oft talað um nauðsyn þess að auka fjárframlög til vegamála. Það er vissulega auðvelt að færa sterk rök fyrir því, að betri vegir eru nauðsynlegir og auknar framkvæmdir, ekki aðeins fyrir þá, sem í dreifbýlinu búa, heldur einnig fyrir þá, sem eru í kauptúnum og kaupstöðum. Það er vitanlega Alþingi, sem kveður á um það hverju sinni, hversu miklu skuli varið til þessara mála og hvenær nauðsyn þykir bera til að auka þá tekjustofna, sem vegamálin nú hafa samkv. vegalögunum.

Innan fárra daga verður lögð fram vegáætlun fyrir næstu 4 ár. Hefur vegamálaskrifstofan unnið að samningu áætlunarinnar frá því snemma í sumar. Er það mikið verk og vandasamt að undirbúa og semja áætlun um framkvæmdir í vegamálum til svo langs tíma. Þegar vegáætlunin verður lögð fram og tekin til umræðu, gefst tækifæri til að ræða nánar um vegamálin í heild og framkvæmdir fyrir næstu framtíð.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta er í fyrsta sinn, sem lögð er fyrir Alþingi skýrsla um vegaframkvæmdir. Mér sýnist því full ástæða til að láta í ljós skoðun sína á skýrslunni, því að væntanlega verður hún síðan fyrirmynd um þær skýrslur, sem síðar verða lagðar fyrir Alþingi um vegaframkvæmdir.

Í þessari skýrslu felast mikilsvarðandi upplýsingar fyrir þm. um framkvæmdir í einstökum vegum og um kostnað við þær framkvæmdir á árinu. Hér er því sýnilega um framfarir að ræða í þessu efni, að slíkar skýrslur verði hér eftir fluttar. Á þessari skýrslu geta þm. séð, hver í sínu kjördæmi, hvað hefur þokazt áfram með hvern veg og hverju hefur verið varið til hans á þessu ári. En það þyrftu að vera fleiri upplýsingar í þessari skýrslu að mínum dómi, og því er það, sem ég kveð mér hljóðs, að ég vil mælast til þess, að væntanlegar skýrslur verði fullkomnari, enda er ekkert óeðlilegt við það, að í fyrsta sinn sé skýrslan ekki fullnægjandi öllum, og má því gera ráð fyrir umbótum á þessu sviði.

Nokkrir vegir eru það í landinu, sem unnið

hefur verið að á þessu ári og undanförnum árum fyrir ríkislán. Ég ætla, að þeir séu 5, þessir vegir: Reykjanesbraut, Ólafsvíkurvegur um Ólafsvíkurenni, Þrengslavegur, Siglufjarðarvegur um Stráka og Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla. Ég veit ekki til, að ríkislán hafi verið tekin til fleiri vega. Mér finnst nokkuð skorta á um upplýsingar um þessa vegi borið saman við það, hversu vel er upplýst um aðra vegi í landinu, og tel ég það sjálfsagt, að sem ýtarlegastar upplýsingar liggi fyrir um þá alveg eins og aðra vegi.

Ég drap á það, að það væri e. t. v. nokkuð margt, sem mönnum dytti í hug að spyrja um í sambandi við þessa vegaskýrslu, en ég geri hins vegar ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi ekki tök á því fyrirvaralaust að leysa úr þeim spurningum, sem kynnu að verða bornar upp. Ég ætlast ekki til þess eða vil ekki gera þær kröfur til hans, að hann hafi í höndum upplýsingar, sem einstakir þm. kunna að vilja fá. Þess vegna finnst mér, að annaðhvort væri æskilegt að fresta þessari umr., svo að hæstv. ráðh. gæfist kostur á að afla sér frekari upplýsinga, eða þá að hann hlutaðist til um, að þær lægju fyrir, þegar vegáætlunin kemur til umr. í þinginu, sú vegáætlun, sem á að gilda til næstu 4 ára.

Eins og menn sjá á þessari skýrslu, hafa verið tekin lán á þessu ári til vega. Eru það bæði ríkislán, sem hafa verið veitt í suma af þessum 5 vegum, sem ég nefndi, en auk þess bráðabirgðalán, sem tekin hafa verið heima í héruðum. Nú mæla vegalögin nýju fyrir um það, að öll fjáröflun til vega á tímabili vegáætlunarinnar skuli tekin upp í vegáætlunina, og eru allnákvæm fyrirmæli um það í vegal., að því aðeins megi vinna fyrir fé í vegum, að það sé samkv. vegáætlun. Hins vegar sjáum við, að það hefur verið unnið fyrir allmikla upphæð í vegum fyrir lánsfé, sem ekkert er á minnzt í vegáætlun. Hér er um atriði að ræða, sem ég vil leggja allmikla áherzlu á. Það hefur um langa tíð tíðkazt að heimila héruðum að lána fé til einstakra vega í bili, og hefur þá venjan verið sú, að þessi lán eru greidd af fjárveitingu næsta árs. Nú er ætlunin hér eftir samkv. nýju vegal., að þetta sé ekki gert nema að því leyti, sem það er tekið upp í vegáætlun. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, þó að heimahéruð vilji lána fé í vegi, og það þarf ekkert að vera því til fyrirstöðu, að það sé gert, ef það er tekið upp í áætlunina. En að veita lán eða heimila lán í stórum stíl án þess að neitt sé um það í vegáætlun, það tel ég, að sé ekki í samræmi við vegalögin.

Nú minntist hæstv. ráðh. á það áðan, að enn væru skuldir á vegunum, eins og rétt er, en yfirleitt hefði verið greitt af hinum gömlu lánum, og ég skildi hann svo, að hér væri aðallega um eftirstöðvar að ræða af skuldum, þar sem fjárveitingar hefðu ekki dugað til að greiða þær upp. En það er öðru nær en að svo sé. Á þessu ári hafa verið veitt lán til margra vega, fjölmargra vega í landinu, þó að fjárveiting væri til að greiða að fullu upp skuldina frá fyrra ári, og meira að segja eru dæmi til, þó að fá séu, að það hafi verið veitt lán til vega, sem engin fjárveiting var til og engin skuld var á. Um þetta geta menn sannfærzt með því að lesa þessa skýrslu. Ég þarf ekki að nefna um þetta nein sérstök dæmi, þar sem menn hafa þessa skýrslu fyrir sér og sjá, að þetta er þannig. Það er um allmarga vegi að ræða, þar sem fjárveitingin dugði fyrir skuldinni, en tekið var nýtt lán, kannske lægra en skuldin var, en oft hér um bil alveg jafnhátt og skuldin var, svo að hún stendur svo að segja í stað. Þá eru nokkur dæmi um það, að fjárveiting hefur að vísu ekki nægt til þess að greiða skuldina, einhver afgangur hefur orðið, en skuldin núna er ekki aðeins þessi afgangur, heldur bætt við nýju láni og skuldin hækkuð. Það er allur gangur á þessu enn þá. Að vísu hafa skuldir á vegum lækkað um hér um bil helming frá því, sem þær voru í árslok 1963, en þá voru skuldirnar líka um 23.3 millj. fyrir utan allar skuldirnar vegna ríkislána, bara skuldir úr heimahéruðum og umframgreiðslur ríkisins til vega voru þá 23.3 millj., en þá munu fjárveitingar til allra nýbygginga vega á landinu hafa numið eitthvað rúmum 30—32 millj. Þetta ár, 1963, er þess vegna alveg einstætt í sögunni hvað snertir lánveitingar til vega. Það ætti reyndar hver að geta skýrt það fyrir sér, hvernig á þessu muni hafa staðið, að svona geysileg þörf var fyrir lánsfé á árinu 1963, sem engin dæmi eru til um fyrr né síðar. Já, þessar skuldir hafa verið lækkaðar hér um bil um helming, en hefðu auðvitað getað lækkað miklu meir, ef ekki hefði verið stofnað til nýrra skulda eða ný lán tekin. En ég vil endurtaka það, ég hef ekki á móti því,, að bráðabirgðalán séu tekin, ef þau eru tekin upp í vegáætlun, en ég vil, að það sé fylgt ákvæðum vegal. og að þar séu ákveðin slík lán, en ekki ákveðin af viðkomandi ríkisstj. í hvert sinn. Ég vil því óska upplýsinga frá hæstv. ráðh. um það, hvaða reglu hefur verið fylgt um þessar nýju lánveitingar til vega á þessu ári. Hefur einhverjum beiðnum um bráðabirgðalán verið neitað, eða hefur öllum beiðnum um bráðabirgðalán verið játað? Eftir hvaða reglum er farið? Ég spyr að þessu vegna þess, að það skiptir í tvö horn eftir því, um hvaða kjördæmi er að ræða, hvar þessar skuldir eru. Ég ætla, að af þessum 11.6 millj., sem nú eru skuldir á vegum, sé mestur hlutinn í þremur kjördæmum, önnur kjördæmi skulda svo að segja ekki neitt af þessum bráðabirgðalánum.

Í tilefni af því, að ég spyr um þetta, vil ég minna á 16. gr. vegal. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal ráðh. að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.“

Var um slíka atburði að ræða, þegar hæstv.

ríkisstj. heimilaði þær lántökur, sem teknar voru í sumar, náttúruhamfarir, eldgos eða vatnavexti? Í bæði 10. og 11. gr. vegal. er þetta einnig skýrt tekið fram, að því aðeins má vinna fyrir vegafé, að það sé ákveðið með vegáætlun. Og það er enginn vandi að fylgja ákvæðum vegal. í þessum efnum. Það er ekkert annað en gera áætlun um það, eins og aðra vegi, hvort þurfi að ná einhverjum ákveðnum áfanga og hvað hann kosti, og taka það upp í vegáætlun, að heimilt skuli að taka til þess bráðabirgðalán. Hér er enginn vandi á ferðum að fylgja ákvæðum vegalaganna út í æsar. En auk þessara bráðabirgðalána má nefna það, að ríkissjóður virðist greiða til vegagerða í landinu umfram fjárveitingar á þessu ári, þótt ekki sé ýkjahá upphæð. Samkv. skýrslunni, bls. 2, stendur, að fyrirframgreiðsla úr ríkissjóði til þjóðbrauta hafi numið 200 þús. og fyrirframgreiðsla úr ríkissjóði til landsbrauta 650 þús. Þarna er ekki lán úr héraði, þarna er ekki heldur lán, sem ríkið tekur, heldur bein greiðsla úr ríkissjóði umfram það, sem vegáætlun segir fyrir um. Er þetta vegna náttúruhamfara, sem þurfti að grípa til þessara upphæða?

Um vegina 5, sem unnið var við fyrir ríkislán, er það að segja, eins og ég minntist á áðan, að þar sýnist mér skorta nokkrar upplýsingar, og væri mjög æskilegt, að þær lægju framvegis fyrir í vegaskýrslu, alveg eins og um aðra vegi.

Á bls. 4 er gerð grein fyrir Reykjanesbraut. Þar segir, að unnið hafi verið að undirbyggingu vegarins á 14.6 km kafla, og áætlað, að það kosti um 43.6 millj. kr. eða 3 millj. kr. á hvern km. Þar sem hér er um stórframkvæmd að ræða, tel ég nauðsyn á, að þm. fái að vita, hve mikið fjármagn er komið í þennan veg alls. Ég skil þetta svo, að á þessu eina ári hafi verið varið í þennan veg 43.6 millj. kr., og er ekkert við því að segja, það er samkv. einróma samþykkt Alþingis að taka lán til þessa vegar. En það stendur ekkert um það, hve mikið fjármagn er komið í þennan veg, og ekki heldur, hvað muni þurfa enn til þess að ljúka honum. Fjárveitingin var notuð til greiðslu skulda, stendur í skýrslunni. En það stendur ekkert um það, hvort það hefur þurft að greiða vexti af þessari skuld. Þurfti að verja einhverju af fjárveitingunni í vaxtagreiðslur, og ef það er, hvað miklu? Það stendur heldur ekkert um það, til hve langs tíma lánið er til þessa vegar, á hve löngu tímabili á að greiða það upp eða hvort á að greiða það upp með fjárveitingum, bæði afborganir og vexti, ef á að greiða vexti, hvað það muni taka langan tíma með fjárveitingum að greiða þetta lán upp að fullu. Þá stendur auðvitað ekkert um vaxtakjörin.

Alveg sama er um Þrengslaveg að segja. Þar mun hafa verið tekið lán, því að það stendur, að fjárveitingin hafi verið notuð að nokkru til greiðslu skulda, eða 1 millj. 513 þús. hafi farið upp í greiðslu skulda. Það stendur ekkert um vexti, ekkert um heildarkostnað, ekkert um, hvað skuldirnar eru núna á þessum vegi.

Um Ólafsvíkurveg segir á bls. 5, að fjárveitingar hafi verið 4 millj. 220 þús. og fór til greiðslu upp í skuldir vegna vegar um Ólafsvíkurenni. Þar er greint frá, hvað standi eftir af skuldinni, þvert á móti því, sem er um hina vegina. Þar stendur, að skuldin sé nú 11 041 300 kr., og það er sýnilegt af því, sem segir um þennan veg, að þarna eru engir vextir greiddir, því að fjárveitingin að viðbættri núverandi skuld er nákvæmlega skuldin, sem var í fyrra, 15 261 300 kr. Það hafa því engir vextir fallið á þessa vegaskuld á þessu ári. Hins vegar sér maður ekki á skýrslunni, hvað vegurinn hefur kostað. Það stendur bara, að í fyrra hafi skuldin verið rúmar 15 millj., en hvort hann hefur kostað meira, það sér maður ekki. Þá vil ég enn spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort ég muni það ekki rétt, að þessi vegur hafi verið boðinn út og að það hafi komið nokkur tilboð í að leggja veginn, en að tilboðið, sem tekið var, hafi verið miklu lægra en skuldin á veginum við síðustu áramót. Liggur það í því, og það dettur mér helzt í hug, að það hafi aðeins verið partur af veginum boðinn út? Ég held, að tilboðið hafi verið nokkrum millj. kr. lægra en skuldirnar á veginum við síðustu áramót. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. geti svarað þessu núna. Mér sýnist, að það hljóti að liggja þannig í þessu, að það hafi aðeins verið hluti af veginum boðinn út. En hvers vegna var þá ekki allur vegurinn boðinn út, fyrst farið var að hafa útboð?

Um Siglufjarðarveg um Stráka segir, að fjárveiting hafi verið 1½ millj. og lán hafi verið tekið 3 millj. Síðan er gerð grein fyrir því, hvernig fjárveitingunni og láninu hafi verið varið, og segir:

„Til greiðslu á vöxtum og afborgunum af láni frá 1963.“ Þarna verður auðsjáanlega að greiða vexti. Ekkert stendur heldur um, hvað eftirstöðvar af lánum eru þarna eða hvað mikið er í heild komið í þessa framkvæmd.

Um Ólafsfjarðarmúla segir, að fjárveiting hafi verið 1 millj. 350 þús. og tekið hafi verið 2 millj. kr. lán til vegarins og varið hafi verið 165 þús. kr. í afborgun og vexti af lánsfénu. Þarna eru greiddir vextir.

Af þessu, sem ég hef sagt um þessa 5 vegi, er þá sýnt, að vextir hafa verið greiddir af lánum til tveggja, engir vextir hafa á þessu ári verið greiddir vegna lána af einum þeirra og ómögulegt að sjá, hvort vaxtagreiðslur eiga sér stað af tveimur þeirra, þ. e. Reykjanesbraut og Þrengslavegi.

Eins og ég nefndi áðan, sé ég ekkert á móti því, að áfram verði haldið að taka bráðabirgðalán til vega, ef þau eru tekin upp í vegáætlun. Hitt tel ég lagabrot, að heimila lán til vega hér eftir, ef það er ekki samkv. vegáætlun. Hvers vegna var þetta ákvæði sett inn í nýju vegalögin? Hvers vegna ætli 16.

gr. vegal. hafi verið orðuð svona strangt, eins og ég nefndi hér áðan? Það er vegna þess, að Alþingi ætlast til, að fjárveitingavaldið sé algerlega í höndum þess, en ekki ríkisstj., hver sem hún er. En það sjá menn í hendi sinni, ef ríkisstj. getur veitt heimild til lána eða lánað sjálf til vega, sem ekkert er rætt um í vegáætlun, þá er í raun og veru verið að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis yfir til ríkisstj., því að alþm. geta svo ekki á næsta ári annað en samþykkt fjárveitingar til að greiða þessar skuldir, sem það hefur alls ekki stofnað til.

Þá sakna ég þess í þessari skýrslu, að alþm. skuli ekki verða gerð grein fyrir því, hvernig vegaviðhaldsfénu hefur verið varið. Viðhaldsfé er um 80 millj. á þessu ári Til nýbygginga eru hins vegar ekki nema rúmar 60 millj. Mér sýnist, að þm. þyrftu að vita, hvernig viðhaldsfénu hefur verið varið, alveg eins og nýbyggingarfénu og það hljóti að vera tiltölulega mjög auðvelt fyrir vegamálastjórnina að láta það fylgja í vegaskýrslunni, hvernig viðhaldsfénu hefur verið varið. Menn láta sig ekkert minna skipta með viðhaldið heldur en um nýbyggingu vega.

Og loks er eitt atriði enn, sem ég vil beina til hæstv. ráðh., að auk þess sem ég tel, að skýrsla ætti að liggja fyrir um skiptingu viðhaldsfjár, eigi líka að gera grein fyrir, hvað hafi verið varið miklu fé til snjómoksturs. Það er ekki hægt að kalla snjómokstur viðhald og ekki heldur nýbyggingu vega. Þess vegna á að gera grein fyrir því fé, sem varið er til snjómoksturs í landinu hverju sinni, og þá jafnframt, hvar er krafizt framlaga úr héraðinu móti framlagi ríkissjóðs og hvar er ekki krafizt framlaga úr héraði. Þetta tel ég, að eigi líka að fylgja.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að ég er ekki að gera neinar kröfur til hæstv. ráðh., að hann svari á þessum fundi því, sem ég hef verið að spyrja um, því að ég tel, að það sé til of mikils mælzt, en að þm. fái þessi svör, annaðhvort með því að fresta þessari umr. eða þeir fái þau við umr. um vegáætlun næstu 4 ára.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur gert þessa skýrslu um framkvæmdir í vegamálum á yfirstandandi ári að nokkru umtalsefni, og hann hefur farið dálítið út fyrir framkvæmdirnar á þessu ári með því að tala um nokkra vegi, hvernig fjárhagur þeirra er, hvaða skuldir á þeim hvíla, og jafnvel, hvað fyrirhugað er að gera, en að sjálfsögðu kemur þetta allt fram í vegáætlun til 4 ára, þeirri till., sem lögð verður fram næstu daga.

Eins og hv. alþm. muna, var mikið rætt um það hér á síðasta þingi við setningu vegal., að það væri nauðsynlegt, að það kæmi fram í vegáætluninni, hvaða lán hvíldu á vegunum, hvaða vaxtakjör væru á lánunum o. s. frv., og höfðu menn þá auðvitað helzt í huga Reykjanesbrautina. Nú þykir mér það leiðinlegt, að hv. 3. þm. Vestf. vildi gefa í skyn, að það hefði verið farið út fyrir heimildir á þessu ári í sambandi við lántökur. Aðallántakan er til Reykjanesbrautar, hitt eru smámunir, sem hefur verið tekið til annarra vega á þessu ári, og hv. 3. þm. Vestf. sagði reyndar hér áðan orðrétt, eftir að hafa fullyrt um heimildaleysið, að það hefði verið einróma samþykki Alþingis fyrir að taka lán til Reykjanesbrautar, og ég vil upplýsa það, ef einhver er í vafa, að það hefur ekkert lán verið tekið til Reykjanesbrautar nema með heimild frá hv. Alþingi, og þá finnst mér ekki, að við þurfum að vera að gefa það í skyn, að þar hafi verið um heimildarleysi að ræða, þó að það hafi ekki verið ákveðið í vegáætluninni þetta lán. Í sambandi við Reykjanesbrautina hef ég ekki tölurnar hjá mér um þetta, hvað mikið er í þennan veg komið, en það er eitthvað yfir 100 millj. Það er langleiðina búið að undirbyggja allan veginn, það er eftir að setja slitlag á 22 km kafla. En það er eitthvað talsvert á annað hundrað millj., sem komið er í veginn, geri ég ráð fyrir, því miður hef ég ekki þessar tölur, enda ætlaðist hv. þm. ekki til þess, að ég hefði þær handbærar. Það kemur alveg glögg grg. um þetta með vegáætluninni fyrir næstu 4 ár og einnig um aðra vegi.

Um Þrengslaveginn vil ég segja það, að það hvílir ekkert lán á honum. Það var tekið lán til vegarins 1963, en hluti af fjárveitingunni var notaður til þess að greiða það lán upp og ekki stofnað til neinna skulda á þessu ári til þess vegar.

Um Strákaveginn og Múlaveginn er það að segja, að þetta eru vegir, sem hafa verið á dagskrá, og hv. alþm. hafa haft mörg orð um það, að þessum vegum bæri að ljúka, og satt að segja bjóst ég við öðru en því, að það væri nokkuð að því fundið, þó að það hefði verið ýtt á þessa vegi með smávegis lántöku, og það hélt ég, að kæmi engum hv. alþm. á óvart. Það stendur til að ljúka Múlavegi á árinu 1965, sem er búinn að vera mörg ár í byggingu, og það er rekið eftir Strákaveginum. Það er ákveðið að vinna að honum samkv. áætlun nú, eftir að undirbúningsrannsóknum er lokið.

Um Ennisveginn eða Ólafsvíkurveg er það að segja, að það var tekið lán til hans á árinu 1963, og lánið var vitanlega nokkru hærra en tilboðið, vegna þess að tilboðið miðaðist aðeins við það að gera veginn í brekkunni, en það var margs konar kostnaður annar í sambandi við þetta, og vextir hafa ekki fallið á þessa skuld enn, vegna þess að hún var ekki tekin fyrr en seint á árinu 1963, og ég man ekki, hvernig þau lánskjör eru. Vitanlega fást engin lán nema borga vexti eftir tilskilinn tíma. En grg. um þennan veg kemur að sjálfsögðu með vegáætluninni, hvað mikið á veginum hvílir, hvaða greiðsluskilmálar eru og hvaða vaxtafótur er á láninu. Þetta mun allt koma nákvæmlega fram, og verður ekkert undan dregið.

Eins og ég sagði áðan, hafa bráðabirgða-

lánin verið lækkuð um líðlega helming á þessu ári miðað við það, sem þau voru í árslok 1963. Og þeirri meginreglu hefur verið fylgt að endurnýja þessi bráðabirgðalán að helmingi eða jafnvel 2/3. Þetta hefur ekki verið gert í heimildarleysi. Ég man það, að þegar við vorum að ræða um þessi mál hér við setningu vegáætlunarinnar fyrir þetta ár, þá kom það fram hjá mörgum hv. þm., að þeir kviðu því, ef þess yrði krafizt að greiða upp bráðabirgðalánin á árinu, það mundi leiða til þess, að framkvæmdir drægjust saman. Ég varð að lýsa því hér yfir í hv. Alþingi, að það yrði samkomulag um það, að þessi lán yrðu endurnýjuð með þeim hætti, sem hér hefur verið gert, ekki ef til vill alveg á sama vegi, heldur að í hverju kjördæmi þyrfti skuldin ekki að minnka um meira en 1/3 eða helming. Og nú er það svo, að það eru tvö eða þrjú kjördæmi, sem skulduðu mest 1963, höfðu fengið mest bráðabirgðalán til 1963. Það eru þau sömu kjördæmi, sem skulda mest núna. Þessi kjördæmi hafa lækkað bráðabirgðalánin um 1/3 og jafnvel helming. Ég held, að ef hv. 3. þm. Vestf. meinar það, sem ég held að hann geri ekki, en orðin voru þannig, að það hefði jafnvel mátt skilja það, að í framkvæmdinni í sambandi við endurnýjun lánanna hefði verið beitt einhverri hlutdrægni, — ég segi það, að ef hann meinar það, sem ég held að hann hafi ekki gert, þá væri æskilegt, að hann teldi upp þá vegi og þau kjördæmi, þar sem hlutdrægni hefur átt sér stað. En ég endurtek, að ég held, að hann hafi ekki meint þetta, og þess vegna frá minni hendi, ef það kemur í ljós, að hann hefur aðeins meint vel og eyra mitt hefur gripið þetta skakkt, þá skal ég láta þetta gott heita. En ef á að gefa það í skyn, að um hlutdrægnislega framkvæmd hafi verið að ræða, þá held ég, að hv. þm. verði að hafa greinargerðina ljósari.

Með því, sem ég hér hef sagt, ætla ég, að framkvæmdin hafi verið eins nákvæm samkv. vegáætluninni og í samræmi við vegalögin og hægt er að ætlast til. Ég gat um það áðan, að það gæti verið dýrt og óþægilegt að hætta við verk, þegar fjárveitingin er búin, ef það kostar kannske aðeins 10 þús. kr. að ljúka því. Þá gæti verið dýrt að þurfa að fara með vinnuflokk á næsta ári og vélar til þess að ljúka þessu verki. En vitanlega er sjálfsagt að halda sér við áætlunina eins nákvæmlega og mögulegt er. Og ég get vel sætt mig við það, að sú skýrsla, sem hér hefur verið lögð fram, sé gagnrýnd á einhvern hátt, að það sé óskað eftir því, að hún sé fyllri, að hún sé nákvæmari og hún sé jafnvel með öðru sniði. Þetta er fyrsta skýrslan, sem gerð er um framkvæmd vegamála, og það er þess vegna ekkert óeðlilegt, þó að brtt. kæmu fram um það, og sjálfsagt að læra af reynslunni í því efni og breyta um búning skýrslunnar, ef það kemur í ljós, að það sé betra að hafa annan hátt á.

Ég sé t. d. ekkert athugavert við það að gera grein fyrir því, hvernig viðhaldsfénu hefur verið varið, ef þess er óskað. Og í sjálfu sér er ekki nema eðlilegt, að það sé gert. Það er heldur ekkert leyndarmál og ekkert óeðlilegt við það að gera grein fyrir því, hvað hefur farið mikið fé í snjómokstur og hvaða vegir hafa verið mokaðir. Þetta getur ekki verið neitt leyndarmál. Og ef hv. Alþingi óskar eftir því að fá slíka skýrslu og sundurliðun á því öllu, þá sé ég ekki, að það eigi að vera neitt til fyrirstöðu með það. Það hefur ekki verið minnzt á það fyrr, og þess vegna er þetta ekki í skýrslunni nú, en það getur ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að þetta verði með.

Ég ætla, að um það, sem hv. 3. þm. Vestf. gerði hér að umtalsefni áðan og hann hefur ekki fengið nægilega greið svör um hjá mér nú, eins og hann ætlaðist ekki til, þá muni hann fá þau svör á skýran hátt, þegar till. til vegáætlunar næstu 4 ára verður lögð fram nú innan skamms, og ég sé því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, sem hv. þm. sagði.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur svarað sumu af því, sem ég var að spyrja um, og ég er þakklátur honum fyrir það. Og það er vitað mál, að það er ekki hægt að krefjast þess af honum að svara öllu, sem menn kynnu að vilja fá að vita. En hann talaði þó í þeim dúr, að ég hefði verið að gagnrýna það, að unnið hefði verið fyrir lánsfé í Reykjanesbraut, Siglufjarðarvegi, Þrengslavegi o. fl. Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh. Eða heldur hann, að ég fari að gagnrýna það, að notuð sé lánsheimild, sem ég hef sjálfur verið með að samþ.? Það er ekki það, sem ég var að gagnrýna, heldur hitt, að mér sýnist, að það eigi að vera í vegaskýrslu grg. yfir þetta, en ekki í vegáætlun fyrir næstu 4 ár. Og mér er ekki ljóst, hvernig það getur heyrt undir vegáætlun næstu 4 ára, hvað er búið að gera. Ég held, að það sé fyrst og fremst í vegaskýrslunni, sem þetta á að standa. Og það er ekkert annað sem ég er að fara fram á, heldur en það, að hún geri grein fyrir því, sem búið er að gera. Vegáætlunin næsta gerir grein fyrir því, sem á að gera. Og það er þess vegna, sem ég er að benda á þetta, því að þetta er fyrsta skýrslan og verður því til fyrirmyndar.

Hæstv. ráðh. hefur svarað því, sem ég spurði um Ólafsvíkurveg og útboð á þeim vegi, og það kom í ljós, sem ég gizkaði á, að það var aðeins hluti af veginum, sem var boðinn út, og er það fullnægjandi svar. Þá segir hæstv. ráðh., að það hafi verið endurnýjuð gömul lán, af því séu skuldirnar núna svona. Og hann benti á, að það gæti verið hagur í því að ljúka einhverjum vegarkafla. Þetta er rétt hjá honum. Það er hagræði að því að hætta ekki við verk, þegar lítið skortir á að ljúka því. En það er vel hægt að taka í vegáætlun að heimila einhverja upphæð til slíks, svo að það sé líka í samræmi við vegáætlun. En það er ekki það, sem ég var að gagnrýna. Það er rétt

hjá hæstv. ráðh., ég gagnrýndi sum bráðabirgðalánin, þ. e. a. s. þar sem fjárveitingar voru til þess að greiða gömlu skuldirnar upp að fullu, en tekin eru ný lán, án þess að séð verði, að það hafi verið aðkallandi. Hann veit það alveg eins vel og ég, að ætlunin með vegal. er að afnema það form að vinna í vegagerð í landinu fyrir lánsfé, sem ríkisstj. heimilaði, án þess að það kæmi til Alþingis, að unnið skyldi fyrir slíkt fé. Þetta er skýrt tekið fram í vegalögunum, að þessari reglu skuli fylgt. Og af því er ég að gagnrýna það, að til einstakra vega hafi verið veitt lán, þótt fjárveiting væri til að ljúka gömlu lánunum að fullu. Samt eru veitt lán aftur og það há, án þess að það hafi verið aðkallandi, því að það leysir engan sérstakan vanda að taka lán núna og eiga að greiða það að fullu á næsta ári. Það hraðar að vísu um eitt ár, en það verður ekki hægt að koma fastri reglu á þetta, nema ákvæðum vegal. sé fylgt. Og ég skil líka hæstv. ráðh. svo, að hann sé sammála mér um það, að þessum ákvæðum vegal. verður að fylgja, og um þetta varð samkomulag, þegar vegal. voru sett, á milli allra flokka, að taka upp þá reglu. En mér sýnist, að henni hafi ekki verið fylgt nema að parti til á þessu ári. Ég spurði hæstv. ráðh. um það, hvaða reglu hefði verið fylgt um að heimila slíka lántöku, en hann hefur ekki svarað því. Hefur einhverjum héruðum verið neitað um vegaframkvæmdir fyrir slík bráðabirgðalán, og ef það er, eftir hvaða reglu var farið á þessu ári um það að heimila lán eða neita um lán,

Ég get vel fallizt á það með hæstv. ráðh., að frekari upplýsingar í þessum efnum komi til greina við umr. um vegáætlun. En ég vil endurtaka að lokum, og það viðurkenndi hann, að það sé full þörf á að gagnrýna hina fyrstu vegaskýrslu, til þess að þær verði sem fullkomnastar í framtíðinni. Og ég er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir það, hve vel hann hefur tekið undir það, að í vegaskýrslunni skuli verða framvegis sundurliðun á ráðstöfun viðhaldsfjárins, einnig sundurliðun á því fé, sem fer til snjómoksturs í landinu, og á hvaða vegum er krafizt mótframlags heiman frá úr héraði og hvar ekki. Í snjómokstur hafa farið allmargar millj. kr. á undanförnum árum, þó að það sé minna nú tvö s. l. ár en áður vegna tíðarfars, en þetta voru allmiklar upphæðir til skamms tíma, og það er ekki nema sjálfsagt, eins og hæstv. ráðh. líka sagði, að þm. fái fullnægjandi grg. yfir það.

Ég sé ekki, að það skorti neitt að ráði á þær upplýsingar, sem ég óskaði eftir hjá hæstv. ráðh. nú, sem hægt er annars að krefjast af honum svona fyrirvaralaust, nema ef það væri helzt það, sem ég nefndi, hvort einhverjum héruðum hefði verið neitað um bráðabirgðalán, og eftir hvaða reglum hefði verið farið um þá hluti.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er ánægður með það, að hv. 3. þm. Vestf. er nú orðinn hér um bil sammála mér í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða, og er auðheyrilegt á seinni ræðunni, að það er ekki mikið, sem á milli ber. Og hann telur, að það sé aðeins eitt, sem hann eigi eftir að fá upplýst af því, sem hann geti vænzt af mér að þessu sinni, þ. e. hvaða reglum hafi verið fylgt við endurnýjun bráðabirgðalánanna. Það hélt ég, að ég hefði verið búinn að segja hér áðan. Það var í samræmi við þær yfirlýsingar, sem ég gaf hér í hv. Alþingi, þegar við vorum að ganga frá vegáætluninni fyrir árið í ár. Ekki man ég, hvort hv. 3. þm. Vestf. var með kviðboga fyrir því, að Vestfirðir þyrftu að greiða öll sín bráðabirgðalán, en áreiðanlega voru það einhverjir Vestfjarðaþm., og ég gæti trúað því, að hv. 3. þm. Vestf. hafi verið einn í þeirra hópi. Þá var það, sem ég gaf yfirlýsingu um, að það yrði heimilað að endurnýja bráðabirgðalánin um helming eða jafnvel 2/3, og það er þessi regla, sem hefur verið fylgt fyrir hvert kjördæmi, og sum kjördæmi hafa þó greitt meira en 2/3, því að bráðabirgðalánin í heild hafa lækkað um líðlega helming. Ég held, að það sé ekkert leyndarmál að upplýsa alveg um það, hvar þessi lán eru, sem endurnýjuð hafa verið, og ég fagna því, að hv. 3. þm. Vestf. meinti það ekki, sem ég hafði tilhneigingu til að lesa út úr hans fyrri ræðu, að við framkvæmd á endurnýjun lánanna hafi verið hlutdrægni beitt. Hann meinti það ekki, og það er ágætt, vegna þess að það hefur ekki verið gert. Þess vegna væri ekkert því til fyrirstöðu að birta það. En framkvæmdin hefur verið þessi, að ekkert kjördæmi mátti endurnýja meira af bráðabirgðalánunum en 2/3. Sum hafa endurnýjað að helmingi til, sum hafa komizt langt með að borga allt lánið. Og þau kjördæmi, sem skulduðu mest 1963, skulda einnig mest núna. Þess vegna þarf það ekki að vera undrunarefni fyrir hv. 3. þm. Vestf., eins og hann lét þó í ljós í fyrri ræðu sinni, að það væru 2 eða 3 kjördæmi, sem hefðu endurnýjað mest af bráðabirgðalánum. Þetta liggur ljóst fyrir. Vegna þess að þau skulduðu mest 1963, þá skulda þau mest í dag.

IV. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1965.

Á 49. fundi í Sþ., 7. maí, var tekin á dagskrá:
Skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1965.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um leið og gerð er grein fyrir fjáröflunar- og framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir árið 1965, er ástæða til að gera stutta og almenna grein fyrir þróun þjóðarbúskaparins á fyrra helmingi þess tímabils, sem þjóðhags- og fram-

kvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966 náði yfir.

Sú þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem lögð var fram fyrir rúmum tveim árum, var mikilvægt nýtt hagstjórnartæki í íslenzkum efnahagsmálum. Öllum, sem að henni stóðu, var hins vegar ljóst, að mörg mikilvæg skilyrði skorti hér á landi, til þess að áætlanagerð næði til fulls þeim árangri, sem æskilegt væri. Ég vil nefna hér fjögur atriði, sem sérstaklega valda vandkvæðum varðandi gerð og framkvæmd þjóðhagsáætlana hér á landi.

Í fyrsta lagi ber að nefna þá sérstöku óvissu, sem ætíð hlýtur að vera um framleiðsluþróun í landi, þar sem aðalatvinnuvegurinn er háður mikilli óvissu um aflabrögð og ytri skilyrði, eins og hér á sér stað um sjávarútveginn. Hlýtur þetta að skapa miklu meiri óvissu um þróunina frá ári til árs heldur en í löndum, sem byggja á stöðugri iðnrekstri. En þetta er að sjálfsögðu á engan hátt röksemd gegn áætlanagerð, en veldur því á hinn bóginn, að sérstök ástæða er til að ætla, að sú breyting aðstæðna geti átt sér stað á áætlunartímabilinu, sem geri mikil frávik frá áætluninni, jafnvel í veigamiklum atriðum, bæði eðlileg og óhjákvæmileg.

Í öðru lagi er það meginforsenda sæmilega öruggrar áætlunargerðar, að jafnvægi haldist í efnahagsmálum. Verði veruleg röskun á tekjum, verðlagi og hlutfallinu milli heildareftirspurnar og framboðs í þjóðfélaginu, hlýtur það að koma fram í hlutfallslegum breytingum á þeim meginþáttum, svo sem einkaneyzlu, fjárfestingu og samneyzlu, sem í áætluninni felast. Í þessum efnum og þá sérstaklega verðlagsmálum hefur þróunin orðið á annan veg, einkum á árinu 1963, heldur en ríkisstj. hefði helzt kosið og hún gerði ráð fyrir í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni. Á því ári átti sér stað mikil röskun kaupgjalds og verðlags, sem víðtæk áhrif hafði bæði á einkaneyzlu og einkafjárfestingu. Nokkrum tökum tókst þó að ná á þessari þróun, áður en í óefni var komið, fyrst með ráðstöfunum í lánsfjármálum haustið 1963 og síðan með hinu almenna launasamkomulagi, sem gert var í júní 1964.

Í þriðja lagi hlýtur það að takmarka áhrifavald áætlunargerðar hér á landi, að ríkisstj. hefur ekki bein áhrif á framkvæmdaákvarðanir nema á takmörkuðu sviði efnahagskerfisins. Um fastar áætlanir, sem örugglega sé hægt að framfylgja, getur varla orðið að ræða nema á því sviði ríkisbúskaparins, sem framkvæmdavaldið ræður yfir. Í meginhluta hagkerfisins ráða einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök ákvörðunum og framkvæmdum, en áhrif ríkisins hljóta að verða einskorðuð við almennar efnahagslegar ráðstafanir. Í sama hópi má að verulegu leyti telja sveitarfélögin, en áhrif ríkisvaldsins á framkvæmd þeirra eru tiltölulega lítil og óbein. Þrátt fyrir þessar takmarkanir á áhrifavaldi ríkisins, er enginn vafi á almennri gagnsemi áætlanagerðar fyrir stjórn efnahagsmála. Hún getur orðið mikilvæg leiðbeining um þá raunverulegu möguleika, sem um er að velja í stjórn efnahagsmála, og skapað skipulegan ramma, er tryggi innbyrðis samræmi milli ákvarðana. Ríkisstj. telur þessa gagnsemi áætlanagerða hafa komið greinilega fram á þeim tveimur árum, sem nú eru liðin af áætlunartímabilinu.

Í fjórða lagi er það skilyrði traustrar framkvæmdar allra áætlana, að áætlunargerðin taki til alls framkvæmda- og ákvörðunarkerfis ríkisins. Heildaráætlanir eru því aðeins raunhæfar, að gerðar séu undiráætlanir fyrir hvert einstakt framkvæmdasvið og ráðstafanir gerðar til þess að tryggja, að áætlanirnar verði raunverulega framkvæmdar. Mjög hefur verið unnið að því undanfarin tvö ár að skapa slíkan grundvöll áætlunargerða. Hefur verið lögð mikil vinna í einstakar áætlanir, svo sem vegáætlunina, áætlun fyrir Vestfirði, áætlanir í virkjunarmálum, skólamálum, sjúkrahúsamálum og mörgu fleira. Í þessum efnum er enn mikið verk óunnið. En það, sem þegar hefur áunnizt, er mikils virði og líklegt til þess að skapa sterkari grundvöll raunhæfrar áætlunargerðar á Íslandi í framtíðinni.

Skal nú í megindráttum rakin þróun þjóðarbúskaparins fyrstu tvö ár áætlunartímabilsins, þ. e. a. s. árin 1963 og 1964. Þjóðarframleiðslan jókst bæði þessi ár meira en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhagsáætluninni. Aukningin var bæði árin aðallega borin uppi af sjávarútvegi, ásamt vinnslu sjávarafurða, iðnaði fyrir innlendan markað, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Á árinu 1963 var framleiðsluaukningin 7%, og átti þá aukin mannvirkjagerð mikinn þátt í aukningunni. Árið 1964 var aukningin nokkru minni eða um 5½%, og byggðist hún þá í nokkru meira mæli en fyrra árið á aukningu sjávarafla og vinnslu hans, en minna á auknum framkvæmdum. Þar sem nokkur aukning varð á aukavinnu, einkum á árinu 1963, varð framleiðsluaukningin á vinnustund ekki að ráði meiri en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni í upphafi. Er því ekki sérstök ástæða til að ætla, að aukning þjóðarframleiðslunnar fari næstu árin verulega fram úr því, sem þjóðhagsáætlunin gerði ráð fyrir.

Í þjóðhagsáætluninni var ekki talið fært að reikna með neinni bót viðskiptakjara á áætlunartímabilinu. Reyndist það að mestu rétt á árinu 1963, en árið 1964 varð mjög veruleg hækkun á útflutningsverðlagi, og er áætlað, að viðskiptakjör hafi batnað um nær 6%. Þjóðartekjur jukust því nokkru meir en þjóðarframleiðslan, eða um nær 7.5%, sem er svipað hlutfall og árið áður.

Sé nú litið á hina hlið þjóðhagsreikninga, þ. e. a. s. ráðstöfun þeirra verðmæta, sem þjóðarbúið hafði yfir að ráða, kemur í ljós, að verðmætaráðstöfun í heild jókst á árinu 1963 miklu örar en þjóðartekjurnar, eða um rúm 12% á móti 7% aukningu þjóðartekna. Á árinu 1964 hneigðist þetta hins vegar aftur til jafnvægis, svo að verðmætaráðstöfun varð mjög svipuð aukningu þjóðartekna í heild. Hin mikla aukning verðmætaráðstöfunar bæði til

neyzlu og fjárfestingar á árinu 1963 umfram aukningu þjóðartekna varð svo til þess, að greiðslujöfnuðurinn við útlönd snerist úr verulegum greiðsluafgangi á árinu 1962 í 220 millj. kr. halla á árinu 1963. Viðskiptahallinn varð svo aftur svipaður á árinu 1964. Talsverður hluti innflutnings þessi tvö ár var skip og flugvélar, sem greitt var með lengri lánum og hafði því ekki áhrif á gjaldeyrissölu bankanna, og hélt því gjaldeyrisstaðan áfram að batna.

Hin mikla aukning eftirspurnar árin 1963 og 1964 beindist að mjög stórum hluta að auknum innflutningi og hafði því í för með sér minni röskun innanlands en ella hefði orðið. Á árinu 1963 varð þó aukning almennrar eftirspurnar verklegra framkvæmda og vinnuaflsnotkunar svo ör, að til alvarlegrar jafnvægisröskunar stefndi. Úr þessu rættist þó verulega á árinu 1964. Sé litið á einstaka þætti verðmætaráðstöfunarinnar, er sérstaklega vert að nefna eftirfarandi:

Um einkaneyzlu er það að segja, að hún jókst mun örar 1963 en gert hafði verið ráð fyrir, eða um tæp 7%, en á árinu 1964 virðist aukningin hafa verið allmiklu minni. Hefur einkaneyzlan aukizt hægar en þjóðartekjur, eins og áætlunin reyndar gerði ráð fyrir. En sé reiknað á verðlagi hvers árs fyrir sig, hefur hlutfall einkaneyzlunnar numið um 65% af þjóðartekjum öll þrjú árin 1962—1964.

Annar þáttur verðmætaráðstöfunarinnar er samneyzlan, en svo nefnist kostnaður af þjónustu ríkis og sveitarfélaga við borgarana, en þróun hans hefur verið svo að segja alveg í samræmi við þjóðhagsáætlunina, ef reiknað er á föstu verðlagi.

Vegna launahækkunar opinberra starfsmanna hefur hlutfall samneyzlunnar þó hækkað nokkuð frá miðju ári 1963, ef reiknað er með verðlagi þess árs. Hlutdeild samneyzlunnar í verðmætaráðstöfuninni liggur á milli 8 og 9%.

Þá er komið að síðasta þætti verðmætaráðstöfunarinnar, fjárfestingunni, en það er hún, sem mestri þenslu hefur valdið.

Á árinu 1963 jókst fjárfestingin um 29%, og var það um 9% meira en áætlunin hafði gert ráð fyrir. Þótt aukningin yrði mest í vélum og tækjum af öllu tagi, varð aukning í mannvirkjagerð um 20%, og hafði hún í för með sér tilsvarandi kröfur um aukinn mannafla og vinnuálag.

Á árinu 1964 varð aukningin hóflegri, eða um 13% eftir bráðabirgðatölum að dæma. Mestur hluti aukningarinnar varð nú á skipum og flugvélum, en byggingar og önnur mannvirki jukust um 7%, og átti þar m. a. þátt í betra jafnvægi á árinu. Hlutfall fjárfestingar í verðmætaráðstöfuninni í heild hefur aukizt verulega undanfarin tvö ár og varð 29% árið 1963 og tæp 31% árið 1964. Hlutfallið er nokkru lægra, ef reiknað er á verðlagi hvors árs fyrir sig.

Skal nú að lokum drepið á skiptingu fjárfestingarinnar í eftirfarandi meginþætti: atvinnuvegina, íbúðarhúsabyggingar og mannvirki og byggingar hins opinbera.

Atvinnuvegirnir juku fjárfestingu sína mest af þessum þremur höfuðgreinum og fóru lengst fram úr þeim áætlunum, sem gerðar höfðu verið. Á árinu 1964 nam fjárfesting atvinnuveganna 64% meira en árið 1964. Mest varð aukningin á þessu tímabili í flutningatækjum 166%, en þar komu fram áhrif hinna miklu flugvélakaupa Loftleiða á árinu 1964. Fjárfesting í fiskiskipum jókst um 140% og fjárfesting í ýmiss konar vélum og tækjum um 81%. Í landbúnaði var aukningin um 18%, iðnaði rúm 13% og byggingu verzlunar-, skrifstofu- og gistihúsa 26%.

Um byggingu íbúðarhúsa er það að segja, að hún jókst mjög ört á árinu 1963, en nokkru hægar á árinu 1964. Það ár voru byggingar íbúðarhúsa 37% meiri en á árinu 1962. Að magni til svöruðu byggingarframkvæmdir ársins 1963 því, að lokið væri 1400 íbúðum af meðalstærð, og árið 1964 samsvöruðu þær 1500 íbúðum á ári, en höfðu verið um 1100 árið 1962. Vegna þess, hve ráðizt var í margar nýjar íbúðabyggingar á þessum tveimur árum, sem ólokið var í árslok 1964, kom þessi mikla aukning ekki að fullu fram í meira framboði á nýjum íbúðum.

Þá er komið að síðasta þættinum, mannvirkjum og byggingum hins opinbera. Í heild voru þau í samræmi við áætlunina, enda þótt veruleg frávik væru í einstökum greinum. Sérstaklega hafa framkvæmdir sveitarfélaga aukizt meira en áætlað hafði verið. Framkvæmdir ríkisins jukust því í raun og veru heldur minna á árunum 1963 og 1964 en áætlað hafði verið, en það stafar að nokkru leyti af því, að veruleg útgjöld til virkjanaframkvæmda hafa frestazt nokkru lengur en upphaflega hafði verið áætlað. Í heild bera tölurnar um þróun opinberra framkvæmda það með sér, að orsakir þeirrar ofþenslu, sem verið hefur í framkvæmdum undanfarin tvö ár, eigi ekki rætur sínar að rekja til aðgerða ríkisins í þeim efnum.

Fyrir árið 1965 hefur sem að undanförnu verið gerð sérstök framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, og skal nú nánar vikið að henni.

Ríkisstj. hefur rætt og samþ. skýrslur og till. um alla málefnaflokka áætlunarinnar og einnig þá fjáröflunaráætlun, sem mætir samanlagðri fjárþörf. Áætluninni er ekki rígskorðaður rammi um framkvæmdir ríkisins og þær framkvæmdir aðrar, opinberar eða einkaframkvæmdir, sem hún fjallar um. Frekar ber að líta á hana sem viðmiðun, er sýni fyrirætlanir ríkisstj., þegar litið er annars vegar til þeirra margvíslegu þarfa, sem að kalla, og hins vegar til þess, að fé er af skornum skammti til þess að mæta þessum þörfum.

Áætlunin nær ekki til allra framkvæmda hins opinbera. T. d. er ekki gerð grein fyrir framkvæmdum á vegum sveitarfélaga nema að því leyti, þar sem um náin tengsl við fjármál ríkisins er að ræða, svo sem skóla, hafnir

o. fl. Nokkrum framkvæmdaflokkum hjá ríkinu sjálfu er einnig sleppt, og eru ástæður fyrir því margvíslegar, þ. á m. að ekki hefur verið um sérstök fjáröflunarvandamál að ræða.

Skv. þeirri þjóðhagsáætlun, sem Efnahagsstofnunin hefur gert fyrir árið 1965, má áætla alla fjárfestingu ársins um 5 milljarða króna. Segja má, að áætlun ríkisstj. nái til um þriðja hluta þessarar heildarfjárfestingar eða um 1722 millj. Upp í þetta eru til ráðstöfunar 1250 millj. kr. eigið fé og framlög hins opinbera, tryggt lánsfé nemur um 92 millj., þannig að um 380 millj. kr. þurfti að útvega með sérstakri fjáröflun. Ríkisstj. hefur samþ., að þessi fjáröflun verði þannig:

1. Ónotað fé, aflað vegna áætlunar 1964, 40 millj.
2. Innlent ríkislán 75 millj.
3. Innlend lán frá bönkum 75 millj.
4. Mótvirðisfé 20 millj.
5. PL-480-lán 60 millj.
6. Aðrar lántökur 110 millj., en verulegur hluti af þessum 110 millj. mun verða tekinn að láni erlendis.

Samtals eru þetta 380 millj. kr.

Á þeim töflum, sem útbýtt hefur verið meðal hv. alþm., er heildaryfirlit yfir þá fjárfestingarlánasjóði og fyrirtæki og þær opinberar framkvæmdir, sem áætlunin fjallar um, og skal nú gerð nánari grein fyrir einstökum liðum áætlunarinnar.

Fiskiðnaður: Í janúar s. l. var undirritaður samningur milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans um, að það fjármagn frá þessum bönkum, sem nú er bundið í útlánum stofnlánadeildarinnar, verði að verulegu leyti látið ganga til nýrra lána, eftir því sem það losnar. Hér er um að ræða 100 millj. kr. sem framlagsfé bankanna, en 235 millj. kr. sem lán til 25 ára. Á þessu ári ætti að vera hægt að lána úr deildinni a. m. k. 40 millj., auk þess sem stofnlánadeildin mun hafa með höndum útlán til dráttarbrauta og fær til þess 15 millj. kr. viðbótarfé umfram þær 40 millj., sem áður er getið. Útlán annarra fjárfestingarlánastofnana til fiskiðnaðar árið 1964 voru samtals rúm 41 millj. kr., en eru áætluð 56 millj. kr. á þessu ári. Heildarútlán til fiskiðnaðar á árinu 1965 verða því um 96 millj. kr. og eru eingöngu veitt af eigin fé viðkomandi stofnana.

Fiskveiðasjóður: Í greiðsluáætlun fyrir 1965 er gert ráð fyrir, að útlán fiskveiðasjóðs innanlands nemi samtals 80 millj. kr., en auk þess nema þegar umsamdar endurgreiðslur lána vegna innflutnings fiskiskipa um 98 millj. kr. Auðvelt verður fyrir sjóðinn að standa undir þessum greiðslum án þess að ganga nema lítið eitt á handbært fé sitt.

Dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar: Stefnt verður að því að ljúka við a. m. k. 5 dráttarbrautir á næstu 2—3 árum. Samtals er hér um að ræða um 80—90 millj. kr. fjárfestingu. Gert er ráð fyrir, að nýtt innlent lánsfé á þessu ári til slíkra framkvæmda þurfi að nema um 15 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að hafizt verði handa um smíði þriggja nýrra dráttarbrauta. Unnið verður áfram að heildarathugun á þörf fyrir dráttarbrautir og þörf fyrir skipasmíðastöðvar til smíði stálskipa.

Iðnlánasjóður: Útlán iðnlánasjóðs 1964 námu rúmlega 50 millj. kr. Skv. greiðsluáætlun sjóðsins fyrir árið 1965 verður ráðstöfunarfé um 37 millj., en hins vegar er talin þörf á, að útlán sjóðsins geti orðið a. m. k. 55 millj., og nemur fjárvöntun sjóðsins því um 18 millj. kr., sem ákveðið er að afla sérstaklega.

Stofnlánadeild landbúnaðarins: Útlán stofnlánadeildar landbúnaðarins urðu á árinu 1964 þau sömu og árið áður, eða um 103 millj. kr. Áætlað er, að um 120 millj. þurfi til þess að mæta útlánaþörf á árinu 1965, að óbreyttum lánareglum til annarra framkvæmda en íbúðarhúsa. Lán til íbúðarhúsa mundu geta hækkað til samræmis við íbúðarlán húsnæðismálastjórnar. Enn fremur ætti að vera hægt að lána um 10 millj. kr. til vinnslustöðva. Ráðstöfunarfé er áætlað 71 millj., og þarf sérstök fjáröflun vegna deildarinnar þannig að nema um 49 millj.

Ferðamálasjóður: Hann var stofnaður með lögum nr. 29 frá 1964, og er hlutverk sjóðsins m. a. að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag ríkissjóðs, sem eigi er lægra en 1 millj. kr., en einnig hefur ferðamálasjóði verið veitt heimild til þess að taka lán allt að 20 millj. kr. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að notaður verði helmingur af lántökuheimild sjóðsins eða 10 millj. kr.

Íbúðarlán. Veðlánakerfið. Gert er ráð fyrir, að útlán húsnæðismálastjórnar muni nema um 248 millj. kr. á árinu 1965. Þar af er nú búið að úthluta 78 millj., en auk þess verður um 65 millj. úthlutað fyrir mitt ár í samræmi við þau fyrirheit júnísamkomulagsins frá 1964, að samtals 250 millj. kr. skyldu lánaðar vegna umsókna, sem lágu óafgreiddar hinn 1. apríl 1964. Loks er gert ráð fyrir, að í haust verði veitt lán út á 750 íbúðir, alls 105 millj. kr. Fjáröflun til að mæta þessum útlánum er launaskattur 60 millj., skyldusparnaður 50 millj., framlag ríkissjóðs 40 millj., frá atvinnuleysistryggingasjóði 38 millj., tolltekjur 10 millj. og frá tryggingarfélögunum 5 millj. Samtals er hér um að ræða 203 millj. Afgangurinn, um 45 millj. kr., er eigið fé sjóðsins. Lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sem veitt eru gegn jafnháu framlagi bæjar- og sveitarfélaga, eru áætluð um 20 millj. kr., og heildarútlán veðlánakerfisins eru þannig áætluð samtals um 268 millj.

Verkamannabústaðir: Gert er ráð fyrir um 30 millj. kr. lánsfjáröflun til verkamannabústaða og verði um 20 millj. kr. af þessari fjárhæð varið til að hækka lán vegna þeirra íbúða, sem eru í byggingu, úr 300 þús. kr. á íbúð í 450 þús. kr., en að um 10 millj. kr. gangi til nýrra íbúða. Annað fjármagn, sem deildin hefur til útlána á árinu, mun vera um 10 millj. kr.

Kísilgúrverksmiðjan: Heildarkostnaður væntanlegrar kísilgúrverksmiðju við Mývatn er áætlaður 146 millj. kr., en gert er ráð fyrir, að verksmiðjan verði reist á árunum 1965—1967. Fjárþörfin verður mest 1966 og 1967. Framkvæmdir á þessu ári mundu verða lagning fyrsta áfanga vegar og bygging dælustöðvar og leðjuþróa, en kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður alls 25 millj. Gert er ráð fyrir, að um 5 millj. kr. erlent lán fáist í sambandi við vélakaup, og mundi því nauðsynleg fjáröflun til framkvæmdanna á þessu ári vera um 20 millj. kr.

Raforku- og jarðhitamál: Ákveðið hefur verið að verja um 104 millj. til framkvæmda og til rannsókna á þessu sviði. Fé þessu sé skipt þannig, að til virkjanarannsókna fara 16 millj. kr., til jarðhitamála 27 millj. og til framkvæmda rafmagnsveitna ríkisins um 61 millj., en af því fé eru 21.5 millj. kr. ætlaðar sveitaveitunum, en 39.6 millj. öðrum framkvæmdum. Um 30 millj. kr. þarf að afla með sérstakri fjáröflun. Raforkuframkvæmdir á vegum annarra aðila en ríkisins eru áætlaðar rúmlega 76 millj. Til þess að mæta lánsfjárþörf þessara framkvæmda hefur verið ákveðið að afla sérstaklega 15 millj. kr. Heildarlánsfjáröflun til raforku- og jarðhitamála er þannig í heild áætluð 45 millj.

Hafnir: Hafnarframkvæmdir eru áætlaðar um 130 millj. á árinu. Eigið fé hafnanna nemur um 38 millj., en lánsfé, sem þegar hefur verið samið um, nemur um 33 millj., þannig að um 59 millj. kr. þarf að útvega sérstaklega. Á s. l. ári voru miklar framkvæmdir við landshafnirnar í Rifi og Keflavík-Njarðvík. Rifshöfn er nú fyllilega nothæf fyrir báta. Reiknað er með frekar litlum framkvæmdum í ár, en hins vegar með því, að greiddar verði upp lausaskuldir frá fyrra ári. Í landshöfninni í Keflavík-Njarðvík er gert ráð fyrir, að lokið verði gerð innri hafnargarðs, og höfnin mun þá koma að verulegu gagni, þótt enn vanti mikið á, að framkvæmdum þar sé lokið. Fjáröflun til Þorlákshafnar er áætluð um 16 millj. og af því mun um 13 millj. kr. verða varið til framkvæmda, en afganginum til greiðslu lausaskulda. Miklar framkvæmdir voru við Þorlákshöfn árið 1964, en nokkru minni í ár, eða um 12½ millj. kr. Ónotaðar eru um 4 millj. af því 45 millj. kr. erlenda láni, sem hafði verið aflað til þessarar hafnargerðar. Verður því að afla á þessu ári sérstaklega um 8.5 millj. kr. Áætlað er, að unnið verði fyrir um 92 millj. kr. á árinu 1965 við aðrar hafnir en þessar þrjár, og er það nokkur hækkun frá árinu 1964. Eigið fé hafnanna að meðtöldu ríkisframlagi til framkvæmda nemur um 38 millj. Auk þess er reiknað með tæplega 20 millj. kr. láni úr atvinnuleysistryggingasjóði og sérstöku láni, um 8½ millj., úr viðreisnarsjóði Evrópu til hafnargerða á Vestfjörðum. Lánsfjárþörf vegna almennra hafnargerða nemur því um 25 millj. kr.

Vegir: Áætlað er, að varið verði alls um 365 millj. kr. til vegamála á árinu 1965. Á töflu þeirri, sem útbýtt hefur verið, eru þó aðeins tilfærðar þær nýbyggingarframkvæmdir, sem ríkið greiðir að öllu leyti, og eru þar með taldar skuldir, er nema um 33 millj. kr. og greiða þarf á árinu. Upphæðin í töflunni er því 226 millj. Framkvæmdir við Reykjanesbraut eru áætlaðar 99 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir því, að vegurinn verði allur steyptur á þessu ári. Þar sem eigið fé til ríkisframkvæmda nemur aðeins um 92 millj., þarf að afla aukalega 134 millj. Um 17 millj. eru þegar tryggðar, eftir verða þá 117 millj., sem afla þarf sérstaklega.

Flugmál: Um 28.4 millj. verður varið til flugmálaframkvæmda á árinu 1965, og gert er ráð fyrir um 2.7 millj. kr. skuldagreiðslu af umráðafé ársins. Þar sem eigið fé nemur alls um 12.6 millj., vantar um 15.8 millj. Um 5.8 millj. fást af láni, sem tekið er til flugvallargerðar á Patreksfirði hjá viðreisnarsjóði Evrópu. Sérstök fjáröflun þarf því að vera um 10 millj.

Póstur og sími: Í hinni upphaflegu áætlun póst- og símamálastjórnarinnar var gert ráð fyrir um 111 millj. kr. framlagi til framkvæmda á árinu 1965. Þar af var áætlað að verja til nýrra húsa og til lóðakaupa um 30 millj. kr. Í samræmi við þá ákvörðun að fresta til ársins 1966 20% af framlögum til verklegra framkvæmda ríkisins var ákveðið, að framkvæmdaáætlun pósts og síma skyldi lækka í sama hlutfalli. Gert er ráð fyrir og talið æskilegt, að þessi lækkun komi fyrst og fremst niður á byggingum og lóðakaupum, en þeir liðir eru, eins og áður er nefnt, áætlaðir um 30 millj. kr.

Skólar: Undanfarið hefur menntmrn. í samráði við Efnahagsstofnunina, fræðslumálaskrifstofuna og fjármálaeftirlit skóla unnið að undirbúningi framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar í því skyni, að þær byggingar verði látnar sitja fyrir, sem þörfin er mest á, og til þess að byggingartími styttist verulega frá því, sem verið hefur.

Ríkisstj. hefur nú samþykkt framkvæmdaáætlun, þar sem tekið er tillit til þess 20% niðurskurðar á framkvæmdafé, sem ákveðinn hefur verið. Framkvæmdir eru áætlaðar alls um 170 millj. á árinu 1965. Fé til þessara framkvæmda fæst þannig, að heildarfjárveiting til skólabygginga í fjárl. þessa árs að frádregnum 20%, nemur um 111.5 millj., að auki eru 15.3 millj. geymt fé fyrri ára til ráðstöfunar, og reiknað er með um 42.8 millj. kr. framlagi sveitarfélaganna til þeirra bygginga, sem á framkvæmdaáætluninni eru.

Á framkvæmdaáætlunina hafa verið teknar allar þær skólabyggingar, sem veitt er fé til í fjárl. og fyrirsjáanlegt er, að unnt sé að ljúka að fullu eða koma að einhverju leyti í nothæft ástand á árunum 1965 og 1966, miðað við það fé, sem til ráðstöfunar er.

Sýningar- og íþróttahús í Laugadal og umferðarmiðstöð: Fjármál þessara framkvæmda eru ekki endanlega frágengin, og nokkur óvissa ríkir um áframhald. Hins vegar hefur verið reiknað með sérstakri fjáröflun að upphæð 5 millj. kr. vegna sýninga- og íþróttahúss

í Laugardal og 2 millj. vegna umferðarmiðstöðvar.

Sjúkrahús: Rétt þótti að nefna sjúkrahúsin á framkvæmdaáætlun vegna mikilvægis þessara framkvæmda, en um eiginlega framkvæmdaáætlun fyrir 1965 sem lið í langtímaáætlun til þess að leysa sjúkrahúsavandamál þjóðarinnar er þó ekki að ræða. Áætlaðar eru framkvæmdir fyrir um 75 millj. kr., og eru þá ekki taldar með framkvæmdir við borgarsjúkrahúsið í Reykjavík. Tryggð framlög nema um 63 millj. kr. til ríkisspítalanna og til sjúkrahúsbygginga sveitarfélaga annarra en borgarsjúkrahúss í Reykjavík, en tryggð lán um 12 millj. kr. Um sérstaka fjáröflun vegna sjúkrahúsa er því ekki að ræða.

Útbýtt hefur verið til hv. alþm. yfirlitstöflum og tel ég því ekki þörf á að lesa þær tölur allar, sem þar eru taldar upp. Þar er gerð grein fyrir: a) fjárfestingarlánasjóðum og fyrirtækjum og að hve miklu leyti er um eigið fé og skattfé að ræða; b) þegar tryggðu lánsfé, sérstakri fjáröflun og hver upphæðin er samtals, en heildarupphæðin vegna fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja er 807 millj. Í öðru lagi er rætt um opinberar framkvæmdir og heildarupphæðin til þeirra er 915 millj. Niðurstöðutölur þessara tveggja heildarliða eru því, eins og hér var áður getið, 1722 millj. kr.

V. Olíugeymar í Hvalfirði.

Á 27. fundi í Ed., 7. des., utan dagskrár, mælti

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár, er sú, að á föstudaginn var birtist opinberlega tilkynning frá utanrrn. þess efnis, að Atlantshafsbandalaginu hefði verið heimilað að gera tilteknar framkvæmdir í Hvalfirði. Hér er að vísu ekki spánnýtt mál á ferðinni. Það hefur lengi verið á döfinni, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, og það mátti því búast við því eftir það, sem á undan var gengið, að eitthvað frekara gerðist í því máli heldur en orðið var. En allt fram að þessu hefur þetta mál verið á umræðu-, athugana- eða áþreifanastigi. En nú er þetta mál komið á nýtt stig, þar sem ljóst er af þeirri tilkynningu, sem ég gat um, að hæstv. ríkisstj. hefur heimilað tilteknar framkvæmdir á þessu svæði.

Ég lít svo á, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að það sé vissulega full ástæða til þess, að Alþingi láti það til sín taka. Það er greinilegt, bæði af því, sem áður hefur gerzt í þessu máli, til að mynda hér á Alþingi í fyrra, svo og því, sem í ljós kemur af hinni opinberu tilkynningu frá því á föstudaginn, að núv. ríkisstj. er staðráðin í því að ganga fram hjá Alþingi í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Varðandi málið var flutt hér í sameinuðu þingi þáltill. í fyrra, en þannig fór um hana, að hún fékkst aðeins rædd, að því er mig minnir, á einum einasta fundi og síðan ekki söguna meir. Og enginn afstaða fékkst tekin til málsins á Alþingi.

Einhver kann nú að spyrja: Er þetta mál þannig vaxið, að sérstök ástæða sé til þess, að Alþingi hafi afskipti af því, eða er þetta mál, sem eðlilegt má telja, að ríkisstj. ein fjalli um og afgreiði? Þetta er spurningin um tvennt: í fyrsta lagi um eðli málsins og í öðru lagi, hvort málið sé svo stórt, að ástæða sé til, að Alþingi láti það til sín taka. Hæstv. ríkistj. segist leyfa þessar framkvæmdir, sem hér er um að ræða, á grundvelli herstöðvasamningsins, sem gerður var við Bandaríkin árið 1951, og jafnframt leggur hæstv. ríkisstj. á það mjög ríka áherzlu, hefur gert það áður og gerir ekki síður nú, að hér sé um eitthvert smámál að ræða, þarna sé aðeins um það að ræða að endurnýja eigin olíubirgðastöð þá, sem hefur verið í Hvalfirði um tveggja áratuga skeið. Það eigi að byggja fjóra nýja olíugeyma, það eigi að smíða einn vatnsgeymi, það eigi að byggja nýja bryggju og staðsetja þarna nokkur legufæri. Og það kemur greinilega fram í tilkynningunni, að á þetta er litið af hálfu hæstv. ríkisstj. eða það á að láta líta svo út af hennar hálfu, að þetta sé ákaflega lítið mál og þar af leiðandi sé ekki aðra að spyrja um það og sjálfsagt, að því er virðist, að verða við svona lítilli bón.

Ég leyfi mér að fara örfáum orðum um þetta stóra mál hér utan dagskrár, en skal ekki fara mjög langt út í það að þessu sinni. Ég vil leggja á það höfuðáherzlu, að ég tel það skyldu Alþingis að gera sér ljósa grein fyrir því, hvað hér er raunverulega um að ræða eða a. m. k. hvað hér getur verið á ferðinni. Þetta mál verður að skoðast í því ljósi, hvað áður hefur gerzt. Það verður að skoðast í því ljósi einnig, hversu hæstv. núv. ríkisstj. hefur staðið að málum og það einmitt viðkvæmum utanríkismálum, málum, sem lúta að öryggi okkar og sæmd sem þjóðar.

Þetta Hvalfjarðarmál á langan aðdraganda, og ég ætla ekki að fara að rekja hann. Það munu vera allt að því 10 ár, síðan íslenzkum stjórnarvöldum bárust tilmæli um það, að því er ég hygg frá Bandaríkjunum, en e. t. v. á vegum Atlantshafsbandalagins, að mega koma upp í Hvalfirði öflugri og varanlegri flotastöð, mun jafnvel hafa verið imprað á því að fá leyfi um slíkt til 99 ára, þ. e. um óralanga framtíð. Það er einnig vitað, að hernaðarsérfræðingar og þá sérstaklega flotasérfræðingar hafa lengi haft augastað á Hvalfirði sem hentugri bækistöð fyrir herskipaflota. Eftir að kjarnorkuvopn komu til sögunnar, einkum eftir að kafbátar voru búnir slíkum tækjum, urðu þess háttar bækistöðvar herflota mjög viðkvæm og mjög erfið vandamál. Hættan af slíkum flotastöðvum var og er flestum ljós, svo og það, að því fleiri og því dreifðari sem þess háttar stöðvar yrðu, þá gæti það aukið á spennuna í alþjóðamálum og jafnvel aukið

líkurnar á því, að allt gæti farið í bál og brand. Þess vegna eru flestar þjóðir mjög á verði í sambandi við þessi viðkvæmu mál. Ég skal aðeins nefna frændþjóðir okkar, Norðmenn og Dani. Þær hafa margsinnis gefið yfirlýsingar í sambandi við þessi mál, sem benda á hina fyllstu varfærni af þeirra hálfu.

Þegar svo var komið, að menn gerðu sér ljóst, hversu stórlega aukin hætta gat orðið af því að hafa herbækistöð í landi sínu, þrengdist eðlilega um og var erfiðara að finna stöðvar fyrir slíkan flota. Og því er ekki að leyna, að af hálfu hinna stóru hernaðarþjóða hefur verið hafður sérstakur augastaður á Íslandi og þá e. t. v. alveg sérstaklega á Hvalfirði. Á því svæði, sem segja má, að væri hættusvæði í sambandi við hernaðarmannvirki eða herstöð af einhverju tagi í Hvalfirði, búa að vísu um eða yfir 100 þús. manns. Þetta er mikill eða lítill fólksfjöldi eftir því, hvernig á það er litið, hvort það er litið á það frá sjónarmiði stórra og mjög mannmargra þjóða eða hvort það er litið á það frá sjónarmiði okkar Íslendinga, að á þessu svæði býr hálf íslenzka þjóðin.

Tilmælunum um framsal eða leigu á landi í Hvalfirði undir flotastöð var á sínum tíma hafnað, undir flotastöð til langs tíma. Þeim tilmælum var hafnað. En málið var ekki þar með úr sögunni. Ég hygg, að það sé rétt, að þau tilmæli hafi verið ítrekuð og það hafi jafnvel verið leitazt við að finna nýjar leiðir til þess að koma málinu á einhvern hátt í framkvæmd, e. t. v. í minna mæli, e. t. v. í áföngum, ef ekki vildi betur til. Það, sem ég og ég hygg að margir fleiri óttist, er það, að nú sé ætlun a. m. k. vissra aðila að gera tilraun til þess að framkvæma einhverjar slíkar fyrirætlanir smátt og smátt í áföngum og að heimildin, sem nú hefur verið veitt af hæstv. ríkisstj., geti verið fyrsta sporið, fyrsti áfanginn á þeirri leið. Eins og ég sagði áðan, er reynt að láta líta svo út sem þetta sé ákaflega lítið mál, það sé í rauninni ekki um annað að ræða en að manni skilst næstum óhjákvæmilegt viðhald á þeirri olíubirgðastöð, sem þarna hefur verið síðan á styrjaldarárunum. Sú birgðastöð hefur þó verið í íslenzkri eigu hin síðari ár, og hvers vegna á þá að leyfa erlendum aðila, leyfa herbandalagi að koma sér þarna upp slíkri olíu- og benzínbirgðastöð, svo að maður nefni nú það eitt? Hvers vegna endilega á þessum stað, þeim stað, sem erlendir herfræðingar hafa hvað eftir annað lagt sérstaka áherzlu á, að væri hentugur sem herskipa- og jafnvel kafbátahöfn? Og hvers vegna að heimila sama erlenda aðila jafnframt þessu bryggjugerð, staðsetningu legufæra og byggingu vatnsgeymis handa skipaflota? Ég held, að allir, sem hugsa þetta mál, sjái, að hér býr eitthvað annað og meira undir heldur en viðhald einnar olíubirgðastöðvar, hæfilega stórrar fyrir hið fámenna herlið á Keflavíkurflugvelli, og jafnframt einhverrar varastöðvar fyrir íslenzka aðila. Ég lít þannig á, að Alþingi verði að krefjast skýrra svara af hæstv. ríkisstj. um það, hvað raunverulega býr að baki þessum aðgerðum. Ég held, að það þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, að það er algerlega rangt, sem verið er að láta skína í, að þarna sé um að ræða ósköp venjulegt viðhald þessarar olíubirgðastöðvar, sem þarna hefur verið.

Ég tel ástæðulítið að fara mörgum orðum um þá röksemd, ef röksemd skyldi kalla, sem helzt hefur verið hampað í stuðningsblöðum stjórnarinnar á laugardag og sunnudag, að þessar framkvæmdir séu í og með eða kannske einna helzt til þess gerðar að draga burst úr nefi Olíufélagsins h/f, sem hefur haft þarna olíu- og benzínbækistöð, og blöðin leggja á það áherzlu, að á þeim bæ séu nefnilega samvinnumenn og framsóknarmenn innan veggja og þess vegna komi vel á vondan, ef gróði þeirra í þessu efni minnkaði eitthvað verulega. Í fyrsta lagi hef ég nú haldið, að innan Olíufélagsins h/f væri slíkt samkrull mattadora, a. m. k. úr Framsóknar- og Sjálfstfl. — eða sem tilheyra þeim flokkum, að það væri dálítið líkt á komið og hjá Molbúunum forðum — eða kannske hafa það verið Bakkabræður, sem þekktu ekki lengur í sundur á sér fæturna. Ég er enginn talsmaður Olíufélagsins h/f, og ég mun ekki harma hlutskipti neins, sem kynni að missa af einhverjum hernámsgróða, stórum eða smáum. En væri það ekki nokkuð dýru verði keypt að koma upp nýrri herbækistöð á vegum erlendra aðila til þess að svipta Olíufélagið einhverjum gróðamöguleikum í sambandi við varnarliðið, sem svo er kallað? Ég held, að ef þetta hefði í og með eða jafnvel sérstaklega vakað fyrir ráðamönnum, væru til þess ýmis önnur ráð. Ég skal aðeins nefna tvö. Það gagngerðasta væri að sjálfsögðu að segja upp herstöðvasamningnum og lofa herliðinu að fara úr landi. En þeim hv. stjórnarsinnum, sem þykir þetta of róttækt, vil ég hins vegar benda á, að það væri vissulega hægt fyrir ríkið að taka birgðastöðina í Hvalfirði eignar- eða leigunámi og sjá síðan um rekstur hennar og það viðhald, sem nauðsynlegt kynni að þykja miðað við allar aðstæður og eftir mati íslenzkra aðila.

Nei, ég held, að staðhæfingin um það, að Atlantshafsbandalaginu sé veitt þessi heimild til þess að annast viðhald núverandi birgðastöðvar í Hvalfirði, eigi ekki að þurfa að blekkja nokkurn mann. Að svo miklu leyti sem þörf var og er á slíkri birgðastöð, er hægt að leysa það mál á allt annan og Íslendingum miklu hættuminni og geðfelldari hátt.

Í lok tilkynningar utanrrn., þeirrar sem ég nefndi hér í upphafi máls míns, er eins og varpað sé svolítilli birtu á það, sem hér er í rauninni verið að framkvæma. Þar segir í lokin, að tilgangur þessarar nýju mannvirkjagerðar sé sá, að þau mannvirki séu til taks, sem þarna á að byggja, ef til ófriðar kemur eða dregur. Og nú vil ég spyrja í sambandi við þetta, sérstaklega við þetta orðalag: Hver á að ákveða það, hvenær ástandið í heimsmál-

um er talið það alvarlegt, að heimilt sé og rétt samkv. þessu samkomulagi að nota þessa bækistöð, gera hana að herskipahöfn eða kafbátalægi raunhæfu? Varla eru það Íslendingar, sem koma til með að ákveða þetta. Ætli það séu ekki heldur hinir herfróðu menn, fulltrúar þess aðila, sem kemur til með að eiga þessa bækistöð fyrirhuguðu í Hvalfirði? Ætli það verði ekki þeirra mat á því, hvort styrjaldarhætta sé það mikil, að ástæða sé til að koma hingað með herskipaflota? Í því sambandi má minna á það, að þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, var því á sínum tíma heitið, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. Árið 1951 var íslenzkum ráðamönnum sagt, að nú væri hættuástandið svo mikið, nú væri ný heimsstyrjöld yfirvofandi og þess vegna yrði herinn að koma, og hann hefur setið hér síðan samfellt í meira en 13 ár. Mundi ekki eitthvað slíkt, eitthvað svipað geta gerzt a. m. k. að því er varðar þessa fyrirhuguðu stöð í Hvalfirði?

Ég heiti á hv. alþm. að gera sér ljósan kjarna þessa máls, gera sér það fyllilega ljóst, að þetta er stórmál og getur verið örlagaríkt mál. Hér er allt annað og meira á ferðinni heldur en að viðhalda og endurnýja þessa olíubirgðastöð, sem verið hefur í Hvalfirði. Fram að þessu hefur þar ekki verið um annað að ræða en allmarga olíu- og benzíntanka og aðeins aðstöðu fyrir venjulegt olíutankskip til þess að athafna sig á þessum stað. Nú er hins vegar stefnt að því að reisa þarna birgðastöð fyrir herskip, birgðastöð með sérstakri bryggju og legufærum, afgreiðslu olíu, vatns og þá vitanlega annarra vista, jafnvel gæti farið þarna fram afgreiðsla hergagna, ef því væri að skipta. Þetta nýja hernaðarmannvirki er að sögn sjálfrar ríkisstj. Íslands samkv. tilkynningunni á föstudaginn ætlað til notkunar í styrjöld eða þegar ráðamenn Atlantshafsbandalagsins telja, að til styrjaldar kunni að draga. Ég býst við, að það verði ekki aðrir en þeir, sem kveða upp úr um það, hvenær til styrjaldar kunni að draga. Ég ætla ekki að fjölyrða um hættuna, sem af þessu getur stafað, að hægt verði að breyta Hvalfirði svo að segja á einni nóttu í herskipalægi. Ég læt nægja um það efni að vitna til skýrslu, sem sérfræðingur hæstv. ríkisstj. um almannavarnir hefur samið og öllum er kunn síðan í fyrra.

Ég vil að síðustu segja það, að ég tel það furðu gegna, að hæstv. ríkisstj. skuli gera þetta samkomulag um auknar hernámsframkvæmdir hér í landinu, á sama tíma og friðarhorfur hafa þó farið verulega vaxandi og til að mynda Bandaríkin hafa nýlega ákveðið að leggja niður mikinn fjölda herstöðva víðs vegar um heim. Og það er ekki síður furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að gera að Alþingi forspurðu samning eða samkomulag við erlendan aðila um nýja herbækistöð, um afhendingu nýs landssvæðis, afhendingu aðstöðu til handa herskipaflota að athafna sig í íslenzkri landhelgi og á íslenzku landi. Um það eru þó skýlaus ákvæði í stjórnarskrá okkar, að ekki megi semja við erlenda aðila um kvaðir á íslenzku landi, án þess að samþykki Alþingis komi til. Ég mótmæli því, að Alþingi og utanrmn. þess skuli sniðgengin og hunzuð hreinlega í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég lít svo á, að Alþingi beri skylda til að fjalla um málið, krefjast nauðsynlegra upplýsinga og taka síðan afstöðu til þess á þinglegan og lögformlegan hátt. Einhliða afgreiðsla þess af hálfu ríkisstj. er, að því er mér sýnist, gerræði og lögleysa, og því skal harðlega mótmælt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur Guðmundur Í. Guðmundsson, hæstv. utanrrh., verið á sjúkrahúsi að undanförnu, og þó að hann hafi nú fengið leyfi til að fara heim, er heilsa hans ekki talin þannig, að hann geti sinnt störfum fyrst um sinn a. m. k. Hv. þd. verður því að gera sér að góðu, að ég svari þessu, sem hér hefur verið flutt utan dagskrár, nokkrum orðum, þó að ég vitaskuld sé ekki málinu jafnkunnugur og hæstv. utanrrh. En ýmislegu því viðkomandi, a. m. k. öllu því, sem hefur verið borið undir ríkisstj. alla, hef ég fylgzt með og þekki þess vegna nokkuð.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi eða flm. þessa máls utan dagskrár sagði, að þetta er ekki spánnýtt mál. Það hefur verið hér til umr. áður á hv. Alþingi og rætt mjög, a. m. k. tvisvar. Það var haustið 1963, sem hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, flutti fsp. vegna fréttatilkynningar, sem birzt hafði um þetta mál og var birt 7. ágúst 1963 og hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið hafa farið fram umr. um, að Atlantshafsbandalagið endurnýjaði og fjölgaði olíugeymum í Hvalfirði og bætti afgreiðsluskilyrði þar. Athuganir eru nú að hefjast um staðsetningu nýrra geyma, ef til framkvæmda kemur."

Þessa fréttatilkynningu sendi ríkisstj. frá sér um málið 7. ágúst í fyrra. Af því tilefni spurði svo hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, eins og ég sagði, um málið, og það var mjög ýtarlega rætt og hæstv. utanrrh. gerði þá mjög nákvæma grein fyrir málinu öllu. Síðar, eða í desembermánuði 1963, var rædd till., sem fram hafði verið borin um það, ef ég man rétt, að ekkert yrði í þessum málum gert, án þess að samþykkis Alþingis yrði leitað, og einnig þá gerði ráðh. mjög ýtarlega grein fyrir málinu. Svörin við þessum aths., sem hér hafa komið fram utan dagskrár, er því að langmestu leyti að finna í þessum tveim ræðum hæstv. utanrrh., sem hann flutti í október og desember 1963. Þessar upplýsingar, sem hann flutti þá, voru í fyrsta lagi um það, hvað hefði verið farið fram á af hálfu Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins, og í öðru lagi, hvað samþykkt hefði verið að ræða sem möguleika. Og það, sem samþykkt var að ræða sem möguleika, var þetta, sem nú hefur verið samþykkt að gera, að heimila Bandaríkjunum og Atlantshafsbandalaginu að byggja olíugeyma í Hval-

firði ásamt bryggju vegna afnota geymanna og aðstöðu fyrir legufæri skipa samkv. framkvæmdaáætlun Atlantshafsbandalagsins. Í þessari tilkynningu felst það, að það hefur verið orðið við þeirri beiðni, sem fram hefur komið um að endurnýja þann olíugeymakost, sem nú er í Hvalfirði og er í eigu Olíufélagsins h/f, en hefur verið leigður Atlantshafsbandalaginu eða Bandaríkjunum til þess að hafa þar birgðastöð fyrir varabirgðir sínar.

Þessir geymar, sem þarna eru í Hvalfirði, voru flestir byggðir árin 1942 og 1943 og eru þess vegna orðnir yfir 20 ára gamlir. Í stríðslok voru þeir seldir Olíufélaginu, og fram til 1950—1951 voru þeir notaðir til birgðageymslu fyrir landsmenn, en þá voru þeir teknir á leigu til birgðageymslu fyrir Atlantshafsbandalagið. Það hefur bæði í umr. 1963, í fyrra, og núna komið fram eða verið haft mjög á oddi, að þessi leyfisveiting, sem nú hefur verið gerð, væri óheimil, án þess að til kasta Alþingis kæmi og Alþingi tæki þá málið til meðferðar, annaðhvort til samþykktar eða synjunar. Ríkisstj. hefur hins vegar bent á það, að samkv. samningnum, sem gerður var 1951 við Bandaríkin, séu þau ákvæði, sem heimili, að ríkisstj. veiti aðstöðu til mannvirkjagerðar, eftir því sem samkomulag verður um milli ríkisstj. og bandarísku stjórnarinnar. Málið hefur þess vegna verið borið undir Alþingi og Alþingi hefur samþykkt þennan samning, sem gerður var 1951 og ber í sér þá heimild, sem fullkomlega nægir til þess að veita þau leyfi, sem hér hefur verið farið fram á. Þetta er líka samhljóða þeim praxis, sem verið hefur um þessi mál á síðustu 12—13 árum, frá því að samningurinn við Bandaríkin var gerður 1951. Það var ekki leitað samþykkis Alþingis, þegar lóranstöðin var reist á Gufuskálum. Og hún var fyrst og fremst rökstudd sem fjarskiptatæki fyrir Atlantshafsbandalagið, þó að hins vegar hafi hún einnig orðið að miklu gagni fyrir landsmenn sjálfa. Það var ekki heldur leitað samþykkis Alþingis, þegar radarstöðvarnar voru reistar á Straumnesi, Hlíðarfjalli og Stokkanesi. Á öllum þesum stöðum settust varnarliðsmenn að og land var látið í té undir þessi mannvirki, án þess að leitað væri til Alþingis. Þetta sýnir, hvernig menn hafa allan þann tíma, sem liðinn er, síðan þessi samningur var gerður, trúað því og raunar vitað það, að þetta var heimilt, án þess að leitað yrði eftir nýrri samþykkt frá Alþingi. Benda má á það einnig, að þegar Olíufélagið leigði Atlantshafsbandalaginu eða Bandaríkjunum geyma sína í Hvalfirði, var ekki leitað til Alþingis um það, að þeir fengju þá aðstöðu þar, sem þeir nú hafa.

Ég tel þess vegna, að sú athugasemd, að ekki hafi verið heimilt að gera þetta samkomulag án samþykkis Alþingis nú, hafa ekki við nein rök að styðjast.

Þá vaknar spurningin um það, hvort þessi framkvæmd sé nauðsynleg. Bandaríkjamenn hafa haldið því fram, að þessir geymar, sem byggðir voru fyrir rúmum 2 árum og byggðir þá úr lélegu efni, eins og tíðkaðist mjög á styrjaldarárunum, séu nú orðnir ónýtir og þeir geti ekki haft full not af þeim lengur. Þetta hefur ríkisstj. fallizt á, og það er ein aðalástæðan til þess, að endurnýjun hefur verið leyfð. Og ég sé nú sannast sagna ekki mikinn mun á því, hvort eitthvert félag hér á Íslandi leigir Atlantshafsbandalaginu eða Bandaríkjunum þá aðstöðu, sem þeir þurfa í Hvalfirði fyrir skipakomur og annað slíkt í því sambandi, eða hvort þeir fá aðstöðu til þess að gera þetta sjálfir. Í öðru tilfellinu er það að vísu innlent félag, sem er nokkurs konar leppur fyrir starfsemina, en í hinu tilfellinu eiga þeir mannvirkin sjálfir, og samkv. samningnum frá 1951 erum við skuldbundnir til að veita þeim þá aðstöðu, sem við teljum nauðsynlega til þess að sinna því hlutverki, sem þeir eru hér kallaðir til að gegna. M. ö. o.: ég sé ekki neina ástæðu til þess, að við höfum nein sérstök óþægindi af því frekar, hvort Bandaríkjamenn sjálfir byggja þessa geyma eða hvort einhver og einhver hér á Íslandi ljær þeim þá til afnota í alveg nákvæmlega sama augnamiði.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði: Er málið svo stórt, að Alþingi beri um það að fjalla, eða er það svo smátt, að það sé ekki þess vert að bera það fram hér á Alþingi? Út af þessu vil ég aðeins segja það, að af þeim orðum, sem ég nú sagt, get ég ekki litið á þetta sem stórmál, því að munurinn á stöðinni í Hvalfirði eins og hún var og eins og hún verður, er eftir mínu viti nánast enginn. Það verður í báðum tilfellunum höfð hér birgðageymsla, varabirgðageymsla fyrir herskipaflota Atlantshafsbandalagsins, til þess að geta gripið til á styrjaldar- eða hættutímum, og þannig verður þetta áfram, að þessi birgðageymsla verður hér aðeins í öðru formi.

Hv. þm. sagði, að hér yrði að gæta fyllstu varfærni, og ég er alveg sammála honum um það. Það er nauðsynlegt og það er sjálfsagt og það tel ég, að ríkisstj. hafi gert, sem m. a. kemur fram í því, að hún hefur ekki tekið til greina allar óskir, sem fram hafa komið í þessu máli, hvorki fyrr né síðar, og í öðru lagi, að í samkomulaginu, sem nú er gert, er greinilega tekið fram, að öll afnot þessara tækja og þessarar aðstöðu séu háð samþykki íslenzku ríkisstj.

Hvað býr þá hér á bak við? spyr hv. þm. Og raunar fann hann ekki nema eitt svar við því, hvað hér byggi á bak við. Það væri að svipta Olíufélagið gróða. Nú veit ég að vísu, að Olíufélagið hefur haft allmikinn hagnað af þessari starfsemi, en ég hygg, að það komi engum til hugar, að þessar ráðstafanir sé verið að gera, hvorki af hálfu Bandaríkjanna né af íslenzku ríkisstj., sérstaklega í því augnamiði að koma í veg fyrir, að Olíufélagið geti haft einhvern hagnað af sinni geymaeign þarna á staðnum. En annað hef ég ekki heyrt, að á bak við þessa ráðstöfun byggi. Ráðstöfunina tel ég eðlilega, vegna þess að hér er eingöngu um endurnýjun að ræða og ekkert annað.

Þá sagði hv. þm. í lokin, að sér þætti það

iskyggilegt, að hér væri verið að stofna til nýrra herstöðva, þegar friðarhorfur í heiminum eru vaxandi. Nú skal ég út af fyrir sig ekki dæma um það, hvort friðarhorfur eru vaxandi eða ekki. Það má vel vera, að þær séu það, og við skulum vona, að þær séu það. En af hverju eru þær vaxandi? Þær eru þá fyrst og fremst vaxandi vegna þess, að Atlantshafsbandalagið hefur sýnt sig sem það sterkan varnaraðila, að á meðan það hefur aðstöðu til þess að gegna því hlutverki að verja þau lönd, sem að bandalaginu standa, muni það koma í veg fyrir styrjaldarhættu. Og ég tel, að einmitt þessi aðgerð, sem hér er verið að hefja í Hvalfirði, sé einn liðurinn í því að gera Atlantshafsbandalaginu fært að sinna sínu hlutverki og uppfylla þannig, að friðarhorfur í heiminum geti farið vaxandi.

Ég held, að ég hafi þá ekki fleira um þetta að segja. Ég vísa alveg á bug, að hér sé um nokkurt stjórnarskrárbrot að ræða, eins og hv. þm. vildi láta liggja að, heldur sé þessi samningsgerð eða þetta samkomulag fullkomlega heimilt samkv. þeim samningi, sem Alþingi samþykkti árið 1951.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þar sem umr. hafa hér verið vaktar um fyrirhugaðar framkvæmdir NATO í Hvalfirði, þykir mér rétt að undirstrika og rifja upp með örfáum orðum, hver afstaða Framsfl. hefur verið og er til þvílíkra framkvæmda. En eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., kom þetta mál fyrst á dagskrá sumarið 1963, þó að það ætti sér að vísu nokkuð lengri aðdraganda, eins og ég mun síðar nokkuð að víkja. En þá, þann 7. ágúst, var gefin út sú fréttatilkynning frá utanrrn., sem hæstv. ráðh. las hér áðan. Framsóknarmönnum þótti þessi tilkynning, þegar þeir heyrðu hana, þannig vaxin, að ástæða væri til að athuga nánar, hvað þar byggi á bak við. Þess vegna óskuðu fulltrúar Framsfl. eftir viðtali við hæstv. utanrrh., hvað hann fúslega lét í té, og gengu á hans fund 8. ágúst, eða strax daginn eftir að þessi fréttatilkynning var birt, og leituðu upplýsinga hjá honum um þær samningaviðræður, sem yfir hefðu staðið að undanförnu. Utanrrh. gaf þá þær upplýsingar, að viðræður hefðu farið fram um, að ég held að segja megi, allverulega stækkun eða ný mannvirki í Hvalfirði, þar sem hann nefndi, ef ég man rétt, að rætt hefði verið um byggingu 25—28 olíugeyma. Enn fremur hefði verið rætt um og viðræðurnar snúizt um byggingu á hafskipabryggju eða hafskipabryggjum, þar sem stór skip gætu bæði landað olíu og tekið á móti olíu, og í þriðja lagi, að það hefði verið rætt um byggingu eða steypu og festingu legufæra í botni Hvalfjarðar, þar sem stór skip gætu við legið, en tók þó jafnframt fram, að notkun slíkra legufæra mundi, ef til kæmi, verða háð samþykki ríkisstj. hverju sinni. Þá upplýsti ráðh., að ríkisstj. mundi ekki telja sér skylt að leggja þessa samninga, sem gerðir kynnu að verða, fyrir Alþingi til samþykktar.

Að fengnum þessum upplýsingum hélt framkvæmdastjórn Framsfl. fund næsta dag á eftir, 9. ágúst, og gerði þá ályktun um þetta mál og sendi þá ályktun þegar í stað til utanrrh. Í upphafi þeirra ályktunar og þess bréfs, sem ríkisstj. var þá sent, var það nokkuð rakið, að áður fyrr og nokkur ár þá að undanförnu, þó að nokkurt hlé kunni að hafa verið á því um sinn, hafði verið eftir því sótt af hálfu Atlantshafsbandalagsins eða varnarliðs Bandaríkjanna fyrir þess hönd að fá að gera hernaðarleg mannvirki í Hvalfirði. Það var minnt á þetta í þessari samþykkt og jafnframt minnt á, að þessum tilmælum hefði jafnan verið eindregið vísað á hug. Síðan sagði svo í þessari ályktun, að í tilefni af viðræðum Atlantshafsbandalagsins og ríkisstj. lýsir Framsfl. sig andvígan því, að aukinn verði herbúnaður í Hvalfirði með byggingu nýrra flotamannvirkja eða á annan hátt, og skorar á ríkisstj. að ljá ekki máls á samningum um slíkt. Eins og hæstv. ráðh. vék að í ræðu sinni hér áðan, bar svo hv. 1. þm. Austf., formaður Framsfl., fram fsp. um það í þingbyrjun, þá næsta haust, hvað þessum samningsviðræðum liði, og var í sambandi við þá fsp. og þær umr., sem þá fóru fram, undirstrikuð og lögð áherzla á þessa afstöðu Framsfl. til þessa máls.

Afstaða flokksins nú er að sjálfsögðu óbreytt. Flokkurinn er andvígur þeim samningum, sem nú eru sagðir hafa verið gerðir um þessi efni, þó að að vísu sé í þeim samningum gengið nokkru skemmra, a. m. k. að því er varðar tölu þeirra geyma, sem byggja á, heldur en rætt mun hafa verið um í öndverðu. En það breytir vitaskuld ekki eðli málsins. Og ég vil einmitt nota þetta tækifæri til þess að ítreka þessa afstöðu og stefnu Framsfl. til þessa máls.

En eins og kom fram í ræðum þeirra hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh., er æðilangt orðið síðan fyrst var sett fram ósk af hálfu þeirra aðila, sem ég áðan nefndi, um hernaðarmannvirki í Hvalfirði. Þau tilmæli munu fyrst hafa komið fram, þegar Framsfl. átti aðild að ríkisstj. En þá strax var Framsfl. þeim tilmælum algerlega andvígur og beitti áhrifum sínum í þá átt, að þeim væri alveg hafnað. Ég skal ekkert um það fullyrða, af því að mér er ekki um það persónulega kunnugt, hver hefur verið afstaða fulltrúa annarra flokka þá í ríkisstj., en ég veit það og þori að fullyrða, að þessi var afstaða Framsfl. Niðurstaðan þá var og sú, að þessum málaleitunum var algerlega hafnað. Og þessi tilmæli munu hafa verið ítrekuð nokkrum sinnum, eftir því sem ég bezt veit, en niðurstaðan varð jafnan sú hin sama þar til nú á stjórnarárum núv. hæstv. ríkisstj.

Rökin fyrir því, að þessum tilmælum hefur verið hafnað, liggja nokkuð í augum uppi. Það var yfirlýst stefna, þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, að hér skyldi ekki staðsettur her á friðartímum. Þó að aðstæðurnar breyttust á þá lund, að ekki þótti fært að standa gegn því, að hér væri varnarlið stað-

sett vegna ófriðarhættu, sem þá var talin yfirvofandi, hefur stefna Framsfl. í sjálfu sér verið alveg óbreytt, að því er þetta atriði varðar, að hann vill ekki, að hér í landinu sé her á friðartímum. Og í samræmi við þá stefnu vill hann forðast allar aðgerðir, sem geta orðið til þess að torvelda það, að varnarliðið hverfi úr landinu svo fljótt sem ástæður annars leyfa að okkar dómi. En það er augljóst mál, að ef lagt er í miklar framkvæmdir og hernaðarleg mannvirki á stað eins og Hvalfirði, þá gæti það a. m. k. orðið til þess að torvelda það, að varnarliðið hyrfi af landi brott, þó að aðstæður breyttust þannig í veröldinni, að friðvænlegar horfði. Það er þess vegna nokkuð augljóst, að nýjar herstöðvar hér á landi, hvar sem væri, og aukning herbúnaðar í Hvalfirði mundi ekki vera í samræmi við þá yfirlýsingu, sem gefin var á sínum tíma af fyrirsvarsmönnum þriggja stjórnmálaflokka. Enn fremur er það, að þegar á að meta þær framkvæmdir, sem nú hafa verið leyfðar, verður að líta á það, hvað farið hefur verið fram á áður í þessum efnum. En eins og hv. þm. sjálfsagt öllum er kunnugt, var það, sem á sínum tíma var farið fram á, og var reyndar upplýst um það, ef ég man rétt, í umr. hér í fyrra, miklum mun meira en þó nú hefur verið leyft. En ég a. m. k. óttast það, að þegar nú hefur verið fallizt á að stefnu til að veita bandalaginu eða varnarliðinu á þess vegum þessa aðstöðu í Hvalfirði, sem hér er um tefla, muni þar aðeins vera um fyrsta skrefið að ræða, og ég óttast, að síðar meir muni koma fram tilmæli um aukningu á þessum mannvirkjum, og þá held ég, að verði miklu verri aðstaða en áður var að standa gegn því, að þessi mannvirki séu aukin, þegar einu sinni er búið að leyfa byrjunina. Það verður hægara að sækja á, og má sjálfsagt þá kannske benda á ýmis rök, sem frá sjónarmiði Atlantshafsbandalagsins gerðu það æskilegt, að stöðin þar væri aukin. Og þá væri synjun af hálfu íslenzkra yfirvalda kannske í litlu samhengi við það að leyfa þessar byrjunaraðgerðir, því að vitaskuld er hér verið að leyfa nýja mannvirkjagerð.

Ég ætla alls ekki að fara að ræða það hér, sem hæstv. ráðh. var að víkja að í sinni ræðu, að blanda saman þeirri olíustöð, sem þar hefur verið, og þessum framkvæmdum, sem nú á að gera.

Af því, sem ég hef hér drepið á, vona ég, að það sé ljóst, sem reyndar var áður af fyrri umr., sem farið höfðu fram hér um þessi mál, hver afstaða Framsfl. hefur verið og er til þessara mála, að hann er því andvígur, að þessi hernaðarmannvirki eða mannvirki, sem nota má í sambandi við hernað, séu reist þarna í Hvalfirði. Það má vitaskuld segja, að þegar litið er á þessar framkvæmdir út af fyrir sig einangraðar, sé þarna ekki um stórkostlegar framkvæmdir að tefla. En það væri að mínum dómi óskynsamlegt að líta þannig á, heldur er rétt að gera sér þegar ljóst í upphafi, hvern dilk þetta muni draga á eftir sér.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, sem kom reyndar líka fram í umr. á Alþingi í fyrra, að Framsfl. taldi þá og telur enn sjálfsagt, að um mál þetta væri fjallað á Alþingi, áður en frá samningum væri gengið. Og alveg sérstaklega vil ég benda á, að hvernig sem menn annars kunna að líta á þetta mál og hvort sem menn telja, að Alþingi eigi stjórnskipulegan rétt á því að fjalla um það eða ekki, þá getur hitt ekki vafizt fyrir neinum, að það er skylt samkv. lögum að leggja þetta mál fyrir utanrmn. Það er svo augljóst, að um það getur engin deila orðið, því að utanrmn. á ekki aðeins að fjalla um þau mál, sem eru þingmál í venjulegri merkingu, hún á ekki aðeins að fjalla um þau mál, sem lögð eru fyrir Alþingi, heldur á hún að vera ríkisstj. til ráðuneytis um utanríkismál jafnt um þingtímann sem utan þingtímans. Það á að bera undir hana utanríkismál almennt, og það er engum blöðum um það að fletta, að þetta mál er þannig vaxið, að það hefði átt að bera undir utanrmn., og það verður að telja það mjög miður farið, að hér hefur ekki verið farið að lögum í þessu efni, vegna þess að ef málið hefði verið borið undir utanrmn., áður en frá samningum var gengið, svo sem nú virðist hafa verið gert samkv. tilkynningu ríkisstj., þá hefði það gefið fulltrúum stjórnarandstöðunnar í utanrmn. færi á að kynna sér málið, áður en það var komið á það lokastig, og þá hefði það gefið þeim færi á því að hreyfa málinu hér á Alþingi, þannig að Alþingi hefði þá enn á ný getað átt þess kost að taka afstöðu til þess, áður en frá samningum væri gengið. Ég vil þess vegna alveg sérstaklega mælast til þess, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því, hvers vegna málið var ekki lagt fyrir utanrmn., en að því vék hann alls ekki í sinni frumræðu, þó að hann leitaðist við að færa fram þau rök, sem færð voru fram í fyrra fyrir því, að ekki þyrfti samkv. stjórnarskránni að leggja málið fyrir Alþingi. En hvað sem allri stjórnarskrá líður í þessu sambandi, þá held ég, að fram hjá því verði ekki komizt, að málið hefði átt að leggja fyrir utanrmn.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja frekar, hver afstaða Framsfl. hefur verið, nema þá tilefni gefist til þess að fara nánar út í þau efni.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði í ræðu hæstv. sjútvmrh., sem ég vildi gera stuttlega að umtalsefni.

Hæstv. ríkisstj. hefur nýlega veitt NATO aðstöðu til athafna í Hvalfirði. Því hefur verið haldið fram, að hér væri um að ræða brot á stjórnarskrá landsins. Hæstv. ráðh. mótmælti því algerlega og taldi, að hér hefði hvorki verið framið stjórnarskrár- né lagabrot. Rök hans voru þau, að sams konar verknaður hefði svo oft verið framinn áður af stjórnarvöldum á umliðnum árum. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu og spyrja: Eru þetta nú ekki heldur hæpin og jafnvel varhugaverð rök, að það nægi til þess að afsaka einhvern verknað, að

hann hafi svo oft verið framinn áður og geti því ekki talizt lagabrot? En eins og okkur öllum er kunnugt hér, hafa íslenzk stjórnarvöld, það er rétt, oftlega framið sams konar verknað áður í viðskiptum sínum við NATO og Bandaríkjaher. En því mun næstum ávallt hafa verið mótmælt af vissum hópum manna í landinu og aldrei viðurkennt af öllum, að hér væri farið að lögum.

Þá ræddi hæstv. ráðh. lítillega um friðarhorfurnar í heiminum og vildi ekki neita, að þær væru máske eitthvað betri í seinni tíð. En ef svo væri, væri það ekki sízt aðgerðum Atlantshafsbandalagsins að þakka. Nú leyfir hæstv. ríkisstj. NATO auknar athafnir hér á landi í vígbúnaðarskyni. Ég hygg, að ég hafi skilið hæstv. ráðh. rétt, að hann líti svo á, að aukinn vígbúnaður NATO á Íslandi muni frekar bæta friðarhorfur í heiminum en veikja þær. Það lítur hver sínum augum á silfrið. Íslenzkir ráðh. líta kannske þessum augum á málið. Starfsbræður þeirra í Noregi og Danmörku virðast líta allt öðrum augum á sama mál. Þar hafa bæði forsrh. Noregs og utanrrh. Danmerkur nú nýlega lýst því yfir, að þeir séu andvígir því, að NATO-her verði búinn kjarnorkuvopnum, og segja, að lönd sín muni ekki taka þátt í slíkum NATO-her. Hvers vegna? Það er vegna þess, að þeir líta svo á, að aukinn vígbúnaður NATO í heiminum í dag spilli friðarhorfum, en bæti þær ekki. Hér virðast íslenzk stjórnvöld líta þveröfugt á málið, telja sig, að því er mér heyrist, vera að efla frið í heiminum eða friðarútlit með því að bæta aðstöðu NATO á Íslandi til aukins vígbúnaðar. Það er eins og hér var tekið fram áðan, að þetta eina skref, sem íslenzk stjórnarvöld hafa stigið nú í afstöðunni til NATO og Bandaríkjahers, er í sjálfu sér ekki svo ákaflega stórt eða mikilvægt, ef ekkert væri á undan gengið. En það má segja, að allar götur síðan 1946 hefur ekki linnt á tilslökunum við hinn útlenda her á Íslandi. Það er þetta, sem er svo alvarlegt. Það er hvert skrefið á fætur öðru stigið í þá átt að afsala réttindum í hendur útlendra hervelda. Ég held, að íslenzk stjórnarvöld hafi aldrei neitað þessum erlendu aðilum um nokkurn hlut? Undantekning er, að tilmælunum um flotahöfn í Hvalfirði til 99 ára var hafnað. En er ekki verið að veita það nú eða hliðstætt og samsvarandi? Er ekki verið að stíga í átt til þess í nokkrum skrefum í staðinn fyrir að taka það í einu skrefi, eins og farið var fram á í upphafi?

Það var athyglisvert í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, að hann talaði nokkuð um olíugeyma. En ég held, að hann hafi varla minnzt á hafskipabryggjuna og legufæri skipanna, sem er þó ekki síður mikilvægt atriði í þessu sambandi.

Ég skil það vel, að bæði hæstv. sjútvmrh. og aðrir hæstv. ráðh. hliðri sér hjá að fara að ræða þessi mál og rökræða þau, því að aðstaðan er svo veik hjá þeim. Röksemdir eru ekki margar fyrir því að ívilna þannig ár eftir ár og eitt skiptið eftir annað þessum erlendu stórþjóðum, sem hér eiga hlut að máli. Sú afsökun, sem hæstv. ríkisstj. hefur á takteinum og mikið er notuð, er, að með því að við ekki leggjum NATO til herafla og með því að við leggjum ekki annað í beinan kostnað vegna aðildarinnar að NATO, beri okkur að gefa öll þessi leyfi, sem gefin hafa verið á umliðnum árum. Þetta er dálítið sérkennileg afsökun. Í henni felst það, að úr því að við erum svo heppnir að hafa engar fjárhagslegar byrðar í sambandi við aðildina að NATO, beri okkur skylda til að veita NATO allt annað, sem um er beðið. Fyrir það eigum við að þakka, hvort sem það eru menningarleg verðmæti eða umráðin yfir landi okkar. Danir og Norðmenn hafa hvað eftir annað neitað NATO um bækistöðvar í löndum sínum. Þeir hafa afdráttarlaust hafnað því, að í Danmörku og Noregi yrðu nokkurn tíma erlendar herstöðvar eða erlendur her. Hvers vegna gera Danir og Norðmenn þetta? Hæstv. ríkisstj. mundi segja: Það er af því, að þeir hafa sjálfir her. En þetta er ekki rétt. Tyrkir eru í NATO, og þeir hafa her. Samt leyfa þeir herstöðvar og erlendan her í landi sínu, svo að þetta er ekki nægileg skýring. Nei, Danir og Norðmenn gera sér fulla grein fyrir þeim hættum, sem smáþjóð er af því að hafa til lengdar erlendar bækistöðvar í landi sínu.

Ég minnist á þetta til þess að sýna fram á, hversu erfið aðstaða hæstv. ríkisstj. er í þessum málum yfirleitt, hversu hún hlýtur að standa rökþrota í umr. um þessi mál.

Ég gat þess áðan, að í einu einasta tilfelli hefði hinum erlendu herveldum verið neitað um leyfi. Þeim var að vísu neitað um fleiri leyfi, en þau hafa öll verið veitt nú þegar. Einu sinni höfðu íslenzkir ráðamenn hátt um það, að á Íslandi skyldi aldrei leyfður her né herstöðvar á friðartímum. Þessar fullyrðingar eru fyrir löngu orðnar markleysa. Herinn er kominn og herstöðvarnar. Skyldi það ekki geta farið eins um þetta eina, sem þeim hefur verið neitað hingað til, flotastöð í Hvalfirði til 99 ára? Er ekki að fara á sömu leið um þá synjun og þær synjanir, sem ég nefndi áðan í sambandi við her og herstöðvar í landinu?

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði í tilefni af ræðu hæstv. félmrh., sem ég vildi gera hér stuttlega að umtalsefni.

Mér virtist, að það væri einkum þrennt, sem hæstv. ráðh. vildi leggja áherzlu á í vörn sinni fyrir þeim samningi, sem nú hefur verið gerður. Það væri í fyrsta lagi það, að sú olíu- og benzínbirgðastöð, sem verið hefur og er í Hvalfirði, væri orðin úrelt, þ.e. a. s. olíugeymarnir þar væru yfir 20 ára gamlir og þyrftu þess vegna endurnýjunar, þess vegna hefði verið eðlilegt að gera slíkan samning, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú gert. Í öðru lagi taldi hæstv. ráðh., að ekki hefði verið ástæða til þess að bera slíkan samning sem þennan undir Alþingi

á neinu stigi málsins, vegna þess að ákvæði herstöðvarsamningsins við Bandaríkin giltu í því efni og það væri á grundvelli þess samnings, sem nú hefur verið samið. Og í þriðja lagi lagði hæstv. ráðh. á það ríka áherzlu, sem líka hefur verið gert að meginatriði eða verulegu atriði í fréttatilkynningu ríkisstj. og í skrifum stjórnarblaðanna um málið, að það sé í rauninni ekki um neinn eðlismun að ræða, þó að þessar framkvæmdir verði gerðar í Hvalfirði, frá því, sem verið hefur. Ég ætla að fara um þessi atriði fáeinum orðum hvert um sig.

Það er þá fyrst, að hér sé um eðlilega framkvæmd að ræða til endurnýjunar á þeirri birgðastöð, sem í Hvalfirði hefur verið og þar er í dag. Ég held, að það þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, að þarna er um allt annað og meira að ræða í raun heldur en endurnýjun þeirrar stöðvar. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, er þar í dag ekki um aðra aðstöðu að ræða af sjó heldur en þá, að venjuleg olíuflutningatankskip geta athafnað sig þar. Þar er engin aðstaða til annars. En eftir að upp væru komin þau mannvirki, sem þar eiga að koma samkv. samningnum, auk nýrra olíutanka, þ. e. a. s. vatnsgeymir, bryggja eða bryggjur og legufæri fyrir skip, er, eins og ég hélt fram í fyrri ræðu minni, í einu vetfangi, á einni svipstundu hægt að breyta þessari stöð í herskipalægi, þar sem herskip gætu athafnað sig til hverra þeirra hluta, sem þau teldu sig þurfa, þau gætu ekki aðeins fengið þar olíu, heldur einnig vatn, og með notkun bryggna gætu þau einnig birgt sig upp af vistum og meira að segja hergögnum, ef því væri að skipta. Hér er þess vegna reginmunur á.

Ég skal ekki fara langt út í rökræður um það, hvort það fái staðizt hjá hæstv. ríkisstj., að hægt hafi verið að byggja þessa samningagerð á herstöðvasamningnum frá 1951. Í sjálfu sér er það ekki kjarni þessa máls, þó að vitanlega skipti það máli og það verulegu máli, hvort hæstv. ríkisstj. hefur hlýtt þarna lögum og jafnvel stjórnarskrá eða ekki. En um þetta vil ég aðeins segja það, að það virðist þó upplýst, að hér sé um að ræða samningagerð við annan aðila en samið var við 1951. Hér er ekki um að ræða samning við Bandaríki Norður-Ameríku, eins og herstöðvasamningurinn frá 1951 er þó samningur við, heldur er samið við annan aðila, þ. e. a. s. NATO, hernaðarbandalag margra ríkja. Og m. a. vegna þess virðist mér mjög svo hæpið, að ekki sé meira sagt, að skjóta sér á bak við þann samning. En jafnframt vil ég spyrja: Hverjar eru í rauninni skoðanir hæstv. ríkisstj. á því, hvað leyfilegt sé samkv. hinum svokallaða varnarsamningi frá 1951? Það væri mjög æskilegt, að það kæmi skýrt og greinilega fram, hvort hægt sé að hennar dómi að leggja í þann samning slíkan skilning, að ríkisstj. geti sem eini íslenzki aðilinn samið um ný og ný landssvæði, jafnvel nýjar herstöðvar, án þess að spyrja Alþingi neitt um það, hvað hún geri í því efni. Það væri mjög fróðlegt að fá skýr svör við því, hvað hæstv. ríkisstj. telur, að þessi samningur gefi íslenzkum stjórnarvöldum einum víðtæka heimild til slíkrar samningagerðar.

Þá kem ég aðeins að þriðja atriðinu, sem lögð er á rík áherzla, bæði hjá hæstv. félmrh. hér áðan og í blöðum stjórnarflokkanna. Það er, að þetta sé í rauninni ákaflega lítið mál, að þarna sé eingöngu um að ræða endurnýjun þeirrar olíu- og benzínbirgðastöðvar, sem nú er í Hvalfirði. Ég held, að það sé ástæðulaust að fara mörgum orðum um þessa staðhæfingu, svo fjarstæð er hún, er menn leiða hugann að henni. En því miður, vil ég segja, er þetta ekki í fyrsta sinn, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur í viðkvæmum utanríkismálum gert tilraunir til þess að láta hlutina líta öðruvísi út en þeir eru, gert tilraun til þess að blekkja. Ég ætla ekki að fara langt aftur í tímann og ekki að nefna mörg mál í því sambandi. Ég vil aðeins nefna sjónvarpsmálið, af því að það er nú tiltölulega nýtt og er öllum kunnugt. Þess er skemmst að minnast, að hér var í fyrstu heimilað að setja upp á Vellinum litla stöð, sjónvarpsstöð, sem bundin var við Völlinn einan. Svo liðu fáein ár. Ég held, að það hafi verið árið 1961, sem sagt var: Þessi stöð er lítil og úr sér gengin, og nú leyfum við, sögðu hæstv. ráðamenn, stækkun þessarar stöðvar úr 50 wöttum, ef ég man rétt, í 250 wött, og það var látið fylgja með þá, að þetta væri í sjálfu sér sáralítil eða jafnvel engin breyting, stöðin nýja mundi ekki ná til miklu fleiri aðila en gamla stöðin, og það var jafnframt fullyrt, að það væri ekki hægt að fá minni stöð en þessa. En hver hefur reynslan orðið? Reynslan hefur orðið sú, að hvorugt þessara atriða hefur reynzt sannleikanum samkvæmt. Annað tveggja hefur því skeð, að þeir, sem ábyrgðina bera í þessu máli, hafi sakir vanþekkingar á sínum tíma eða annars verra gefið skakkar upplýsingar um þetta mál. Og þegar maður minnist þess, að hæstv. ríkisstj. hefur leyft sér slík og þvílík vinnubrögð í öðrum málum, þá er kannske ekki furða, þó að menn séu dálítið tortryggnir í sambandi við það mál, sem hér er til umræðu, þessa Hvalfjarðarstöð.

Mér þykir miður, að hæstv. utanrrh. skuli vera forfallaður nú, þegar þessi mál eru hér enn til umr. og auðsjáanlega komin á lokastig og í rauninni samkv. því, sem hæstv. ríkisstj. hefur tilkynnt, búinn og gerður hlutur. Ég hefði viljað spyrja hann nokkurra spurninga um málið, en þar sem hann er forfallaður, þá verður það að bíða, og ég ætla að láta nægja að beina enn aðeins einni fyrirspurn til hæstv. félmrh. í sambandi við þetta mál, og hún er þessi: Hvaða tímatakmörk eru í þessum nýja samningi? Hvaða uppsagnarákvæði gilda um hann? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti og vilji upplýsa þetta.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ýkjamargt, sem ég þarf að svara.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir stefnu

Framsfl. í þessu máli og að hún væri sú sama og hún hefði verið, og hef ég vitaskuld ekkert við það að athuga, þó að hins vegar hafi komið fram og verið bent á atriði í því sambandi, sem ekki samrýmast þeirri afstöðu flokksins, sem hv. þm. vill vera láta, en þar á ég við, án þess að fara út í það frekar, þær upplýsingar, sem gefnar voru um afstöðu utanrrh. Framsfl. 1955—56, þegar hann var formaður Atlantshafsbandalagsins. En ég skal ekki ræða um það frekar, um það var deilt, en ég skal ekki taka það upp á ný hér.

Hv. þm. vildi líka, að málið yrði borið undir utanrmn., og taldi skylt, að það væri gert. En honum er það jafnkunnugt og mér, af hverju mál yfirleitt eru að litlu eða að engu leyti borin undir utanrmn. Það er vegna þess, að hún hefur sýnt sig að meira eða minna leyti ófæra í starfi, og m. a. utanrrh. hefur ekki viljað leggja mál fyrir hana, eins og hann mundi hafa gert, ef allt hefði þar verið með eðlilegum hætti.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt, að rökin í þessu máli væru þau, að þetta hefði margsinnis verið gert og þessi framkvæmd nú helgaðist af því. Þetta er alveg rangt. Þetta sagði ég ekki. Ég sagði hins vegar, að framkvæmd þessa viðbótarsamnings, sem nú hefur verið gerður, byggðist á því, að það væri fullkomlega heimilað í samningnum, sem gerður var 1951 og margsinnis hefur verið vitnað til, eins og sýndi sig um framkvæmd ýmissa annarra mála áður, þ. e. a. s. það, sem ég taldi afleiðingu af samningnum 1951, það vildi hann telja, að ég hefði borið fram sem rök fyrir þessari afgreiðslu nú. En þetta er bara ekki svo, heldur alveg öfugt. Ég benti á það, að ýmsar framkvæmdir, sem gerður hefur verið samningur um, hliðstæðar, hefðu sýnt það, að þar hefði eins og nú verið byggt á ákvæðum samningsins frá 1951. Þá taldi ég, að aukinn styrkur Atlantshafsbandalagsins yrði til þess að auka friðarhorfur í heiminum. Þetta taldi hv. þm., að væri rangt, vegna þess að Danir og Norðmenn væru á móti NATO-kjarnorkuher. Þessi afstaða Dana og Norðmanna sé ég ekki, að þurfi að sanna eða auka líkurnar fyrir hans máli, því að þótt Danmörk og Noregur séu á móti að hafa uppi kjarnorkuher, þá hafa þessar þjóðir báðar vígbúizt mjög greinilega innan takmarka NATO og eru svo langt, langt á undan þeim viðbúnaði, sem hér hefur verið hafður uppi, að það er ekkert sambærilegt. En munurinn er bara sá, að bæði Danir og Norðmenn geta og hafa haft möguleika til þess að gera þetta sjálfir, en það höfum við ekki. Þá sagði hv. þm. einnig, að Danir og Norðmenn hefðu neitað um bækistöðvar. Það er rétt. En það byggist bara á því, að þeir hafa komið þessum bækistöðvum upp sjálfir og reka þær sjálfir.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykn., að rök mín í málinu hefðu verið aðallega þrenn, og ræddi þau: í fyrsta lagi, að geymarnir væru taldir ónýtir, það er rétt, að óþarft væri að bera þetta undir Alþingi vegna samningsins frá 1951, það er líka rétt, og að ekki væri hér um eðlismun að ræða frá því, sem verið hefði. Hann sagði, að þetta væri fjarstætt og tilraun til að blekkja. Þessu vil ég mótmæla. Hvað hafði skeð? Það hafði skeð það, að einkafyrirtæki hér í landinu hafði tekið að sér að leigja Bandaríkjamönnum aðstöðu til þess að geyma olíu og flytja hana þar til og frá. Þessi aðstaða, sem félagið veitti, var notuð, á meðan olíugeymarnir voru nothæfir að dómi þeirra, sem á því töldu sig hafa bezt vit. Það, sem kemur nú, er það, að þeir byggja sér sína geyma sjálfir og nota þá nákvæmlega á sama hátt og hinir fyrri geymar voru notaðir, til þess að geyma varabirgðir af olíu á þessum stað.

Það var þarna stofnað til varðgæzlu af hálfu varnarliðsins, lítil stöð byggð í Hvalfirði til þess að annast þarna umsjón að vissu leyti með þessum birgðum. Þessi stöð verður væntanlega rekin áfram alveg eins og hingað til og að ég ætla óbreytt. Það, sem skeður, er þess vegna aðeins, að hér er um að ræða formlegan mismun, en ekki raunverulegan. Þeir fá að nota hér geyma, alveg eins og þeir hafa áður gert. Þeir fá að skipta um olíu í tönkunum, alveg eins og þeir hafa áður gert. En munurinn er bara sá, að nú komast geymarnir í eigu þeirra sjálfra og eru notaðir alveg eins og hinir fyrri.

Þá sagði hv. þm., að þetta væru ekki samningar við sama aðila og áður. Það er ekki rétt nema að nokkru leyti. Þessar framkvæmdir, sem nú á að gera í Hvalfirði, eru kostaðar af framkvæmdasjóði Atlantshafsbandalagsins. Fé til þessa framkvæmdasjóðs er safnað hjá öllum þátttökulöndunum nema Íslandi. En í reglum um sjóðinn er gert ráð fyrir því, að hann kosti ekki þessi mannvirki nema að nokkru leyti, heldur kosti það land, sem aðstaðan er byggð í, það, sem á vantar. Í þessu tilfelli gerist það, að Bandaríkjamenn taka að sér að greiða þann hlut, sem vantar á kostnaðinn frá Atlantshafsbandalagsframkvæmdasjóðnum, og þess vegna var þessi samningur gerður við Bandaríkin, sama aðila og við gerðum samninginn við 1951.

Þá spurði þm., hvað stjórnin teldi leyfilegt á grundvelli samningsins frá 1951. Við erum samkv. honum skuldbundnir til þess að veita þá aðstöðu, sem ríkisstjórn Íslands og Atlantshafsbandalagið koma sér saman um, að sé nauðsynleg. Það, sem rúmast innan þess skilnings, er heimilt fyrir ríkisstj. að veita að hennar dómi og meir en heimilt, henni er það skylt, á meðan hún er þátttakandi í Atlantshafsbandalaginu. Ef það ætti að fylgja þeirri reglu og þeim hugsanagangi, sem hér hefur komið fram, aðallega hjá hv. Alþb.-mönnum og enda að nokkru leyti hjá fulltrúa Framsfl., þá væri að mínu viti hreinlega réttara að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu, ef við teljum okkur ekki færa um að uppfylla þær skyldur, sem okkur ber, á meðan við erum þátttakendur í samtökunum. Nú hefur það ekki verið gert,

og ég hygg, að yfirgnæfandi meiri hluti íslenzku þjóðarinnar sé ekki á því, að svo verði gert.

Þá spurði hv. þm. í lokin: Hvaða tímatakmörk gilda um þennan samning? Og hvað er að segja um uppsögn á samningnum? Þetta hefði hann getað sparað sér. ef hann hefði athugað fréttatilkynninguna vel, því að í niðurlagi hennar stendur, að um mannvirkin og framkvæmdirnar í Hvalfirði gildi uppsagnarákvæði varnarsamningsins frá 8. maí 1951, þannig að það fer ekki á milli mála.

Ég ætla, að það hafi svo ekki verið meira, sem þarf að taka fram í þetta skipti.

Á 24. fundi í Nd., 7. des., utan dagskrár, mælti

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég sé mig tilneyddan til að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, þar sem þeir atburðir hafa gerzt, er Alþingi hlýtur að láta sig nokkru varða. Ég á þar við tilkynningu ríkisstj. s. l. föstudag um, að gerðir hafi verið samningar um olíustöð fyrir herskip Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði. Þegar ég segi, að Alþingi varði þetta mál, þá á ég ekki aðeins við, að hervæðing Hvalfjarðar sé stórmál, stórháskalegt mál, sem allir hv. þm. hljóti að hafa áhuga á. Ákvörðunin um nýjar herstöðvar í Hvalfirði er óhugnanleg staðreynd, á sama tíma og friðarhorfur í heiminum fara batnandi og aðrar smáþjóðir reyna að hreinsa sig af óþverrabælum erlendra herstöðva. En það er ekki einungis þess vegna, sem Alþingi varðar þetta mál. Hvalfjarðarmálið varðar Alþingi sem stofnun. Það varðar Alþingi sem æðstu yfirstjórn landsins. Hvalfjarðarmálið varðar Alþingi vegna þess, að með því er verið að ræna þingið rétti sínum. Í þessu máli er ríkisstj. að svipta Alþingi valdi, sem því er ótvírætt gefið samkv. stjórnarskránni.

Strax eftir að ríkisstj. tilkynnti í fyrrasumar, að samningaviðræður um Hvalfjörð væru hafnar, komu fram eindregin mótmæli frá Framsfl. og Alþb. Sérstök áherzla var á það lögð í yfirlýsingu beggja, að ekkert yrði í þessum málum aðhafzt, nema samþykki Alþingis lægi fyrir. Strax á fyrstu dögum þingsins kom fram þáltill. frá nokkrum þm. Alþb., þar sem megináherzla var á það lögð, að ríkisstj. hefði ekki heimild til að gera nokkurn samning við NATO um Hvalfjörð, nema samþykki Alþingis kæmi til.

Það er sannarlega hörmulegt fyrir sérhvern unnanda lýðræðis og þingræðis að horfa upp á bolabrögð ríkisstj. í þessu máli. Till., sem flutt var til að vernda sjálfsagðan rétt Alþingis, var kæfð hér í þinginu með forsetavaldi. Till. kom fram á þriðja degi þingsins, en þegar Alþingi var slitið 7 mánuðum síðar, hafði hún ekki enn fengizt send til n., hvað þá meir. Allan veturinn er hæstv. forseti Sþ. látinn sitja sem fastast á till., meðan ríkisstj. stendur í leynisamningum við Atlantshafsbandalagið.

Á s. l. vori komu 3 eða 4 hershöfðingjar og flotaforingjar í heimsókn til ríkisstj. að fjalla um það mál, sem Alþingi mátti ekki ræða um, hvað þá taka ákvörðun um. Þannig hefur ríkisstj. múlbundið Alþingi, en fengið herforingjaráði NATO í hendur það hlutverk, sem Alþingi bar. Hvers konar tilmæli stjórnarandstöðuflokkanna um þinglega meðferð málsins eru algerlega hunzuð og grafarþögn ríkir um málið í blöðum ríkisstj. þar til skyndilega einn góðan veðurdag, að þjóðin stendur frammi fyrir gerðum hlut. Það er búið að semja og ekkert meira um það að tala.

Þessi framkoma ríkisstj. er ekki aðeins móðgun við Alþingi, heldur hrein lögleysa og alvarlegt lögbrot. Samningurinn um Hvalfjörð er ógildur, vegna þess að sá aðili, sem undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd, hafði ekkert umboð til að semja um slík mál, nema Alþingi hefði áður veitt honum heimild.

Áður en ég sný mér að efnishlið Hvalfjarðarmálsins, vil ég í örstuttu máli ræða lagalega hlið málsins, — það lögbrot ríkisstj., sem nú liggur fyrir.

Hv. þm. munu kannast við 21. gr. stjórnarskrárinnar, en í henni segir ótvírætt, að ríkisstj. megi enga samninga gera við erlend ríki, sem fela í sér kvaðir á landi, nema samþykki Alþingis komi til. Kvaðir á landi eru takmarkanir á yfirráðarétti lands. Erlendum aðila eru veitt afnot og umráð lands. Það er samdóma álit fræðimanna, að yfirleitt sé um kvaðir að ræða, þegar hernaðarleg aðstaða er veitt. Ég þykist viss um, að því muni ekki verða mótmælt hér, að um kvaðir á landi sé að ræða með samningunum um olíustöð fyrir herskip í Hvalfirði. Ég minnist þess einnig, að þá stuttu stund, sem málið var rætt í þinginu hér í fyrrahaust, gerði hæstv. utanrrh. enga tilraun til að mótmæla því, að um kvaðir á landi væri að ræða. Einu rökin, sem hæstv. utanrrh. reyndi að bera fyrir sig, voru þau, að samningarnir um Hvalfjörð væru byggðir á herverndarsamningnum svonefnda frá 1951 og með þeim samningi hefði ríkisstj. fengið vald til þess í eitt skipti fyrir öll að gera slíka samninga, Alþingi hefði sem sagt afsalað sér ákvörðunarrétti um þessi mál í hendur komandi ríkisstj. og með byggingu lóranstöðvarinnar á Snæfellsnesi hefði ríkisstj. notað sér þetta vald án þess að biðja Alþingi leyfis. Aðferðin við samningagerð um lóranstöð sýndi, hvaða fordæmi hefði skapazt.

Áður en lengra er haldið, er rétt að staldra við þessa lóranstöð á Snæfellsnesi. Það er rétt að minna á, að sú samningsgerð var einnig stjórnarskrárbrot. Lögbrot ríkisstj. í dag verða ekki fyrirgefin vegna fyrri afbrota. Auk þess er óhjákvæmilgt að geta þess, að þegar samningurinn um lóranstöðina var gerður, gaf utanrrn. blöðunum alranga hugmynd um þær framkvæmdir, sem þá var um samið, og má auðveldlega sanna það með tilvitnunum í blöð, þó að ekki sé tími til að gera það hér.

En hvað er þá að segja um herverndarsamninginn frá 1951? Er þar að finna eitthvert ákvæði, sem sýnir, að Alþingi hafi afsalað þessum rétti sínum samkv. stjórnarskránni í hendur komandi ríkisstj.? Sá, sem les herverndarsamninginn, sem prentaður er í Lagasafninu, mun fljótlega sannfærast um, að þar er ekki eitt einasta ákvæði um, að Alþingi afsali sér þessum rétti. Og það þarf reyndar engan að undra, að slíkt ákvæði skuli ekki vera til í þessum samningi, því að slíkt ákvæði gæti tæpast verið atriði í millirikjasamningi. Í þessum samningi segir m. a. í inngangsorðum, að þar sem Íslendingar geti ekki sjálfir varið land sitt og þar sem tvísýnt sé um alþjóðamál, hafi NATO farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau gerðu ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu. Í 1. gr. segir, með leyfi forseta, m. a.:

„Að í þessu skyni lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg."

Í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ísland mun afla heimildar á landssvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum."

Og í 3. gr. segir, og ég bið hv. þm. að taka vel eftir:

„Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum."

Og í 4. gr. segir:

„Það skal háð samþykki íslenzku ríkisstj., hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkv. samningi þessum."

Ég leyfi mér að fullyrða, að aðrar gr. samningsins skipta ekki máli í þessu sambandi. En ég spyr hæstv. forsrh., sem ég vænti, að muni ræða þetta mál og svara spurningum hér á eftir í forföllum hæstv. utanrrh.: Hvar í þessum samningi er nokkurs staðar gefið í skyn, að Alþingi afsali sér valdi til að fjalla um samninga við Bandaríkin eða NATO um kvaðir á landi? Og ég vil leyfa mér að benda á, að megi nokkuð lesa út úr þessum samningi, þá er það það, að Alþingi hafi þetta vald áfram ásamt ríkisstj.

Þegar rætt er um íslenzka aðila í þessum herverndarsamningi, er ýmist talað um Ísland eða íslenzku ríkisstj. Þegar hugtakið Ísland er notað, er auðvitað átt við þá aðila, sem samninginn gera af hálfu Íslendinga og heimild hafa til að gera slíka samninga af hálfu Íslendinga, þ. e. a. s. Alþingi og ríkisstj., hvort tveggja Alþingi og ríkisstj.

Eins og áðan kom fram, segir ótvírætt í 3. gr. samningsins, að það skuli háð samþykki Íslands, þ. e. Alþingis og ríkisstj., með hverjum hætti varnarliðið tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum. Í 4. gr. segir aftur á móti, að íslenzka ríkisstj. skuli ráða því, hve margir menn hafi setu á Íslandi samkv. samningi þessum. Í þessari gr. er ekki gert ráð fyrir því, að Alþingi hafi afskipti, og með því er undirstrikað, að um önnur atriði eigi Alþingi einmitt að fjalla. Af þessu hlýtur að mega draga þá augljósu ályktun, að með samningnum hafi það beinlínis verið ætlunin að undirstrika það sérstaklega, að Alþingi ætti að fjalla um sérhverja nýja kvöð á landinu, stóra og smáa, eins og stjórnarskráin gerir að sjálfsögðu ráð fyrir. Nú er það staðreynd að vísu, að Alþingi fékk ekki árið 1951 að fjalla frekar um hernámsframkvæmdirnar, eftir að búið var að samþykkja sjálfan samninginn, eins og eðlilegt hefði þó verið. Skýringin á þessu er ef til vill sú, að samningurinn var ekki löggiltur á Alþingi, eins og menn muna, fyrr en 7 mánuðum eftir að bandarískt herinn kom til landsins.

Þegar Alþingi fjallaði um samninginn, var herinn búinn að koma sér fyrir. Þá var búið að ákveða þær kvaðir á landi, sem hersetunni fylgdu. Þessi framkoma gagnvart Alþingi var stórhneyksli og lögbrot á sínum tíma. En um síðir hlaut samningurinn lagagildi. Samþykkt Alþingis var þá ef til vill óbein viðurkenning á þeim ákvörðunum og hernaðarframkvæmdum, sem ríkisstj. hafði þá þegar gert. En hvort sem löggilding samningsins var viðurkenning Alþingis á þeim kvöðum, sem þá þegar tilheyrðu fortíðinni, eða ekki, þá er hitt ljóst, að Alþingi gat ekki afsalað sér um alla framtíð því valdi, sem stjórnarskráin veitir, og þess vegna varð óhjákvæmilega að leggja fyrir Alþingi sérhverja nýja framkvæmd hersins, sem fól í sér einhverja kvöð á landi eða landhelgi.

Hæstv. utanrrh. hélt því blákalt fram hér í þinginu í fyrra, að með samningnum frá 1951 væri öllum ríkisstj. veittur réttur til að semja við Bandaríkin og NATO um nýjar framkvæmdir á vegum hersins án þess að leita samþykkis Alþingis. Í framhaldi af þessari fullyrðingu vil ég leggja aðra spurningu fyrir hæstv. forsrh.: Álítur ríkisstj. engin takmörk fyrir því, hve miklar kvaðir á landi megi semja um við NATO og Bandaríkin á grundvelli herverndarsamningsins? Ímyndar ríkisstj. sér, að fræðilega væri ekkert því til fyrirstöðu, að Bandaríkin fengju að byggja herstöðvar í hverjum einasta firði, án þess að Alþingi fjallaði um málið?

Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. svari þessum spurningum alveg undanbragðalaust, og ég vænti þess líka, að hv. þm. skilji, hvílíka endaleysu leiðir af þeirri fullyrðingu, að Alþingi hafi afsalað sér þessu valdi 1951. Og jafnvel þó að í herverndarsamningnum, — það vil ég að lokum taka fram í þessu sambandi, — jafnvel þó að í herverndarsamningnum hefði verið ákvæði, sem segði skýrt og skorinort, að Alþingi afsalaði sér hér með þessum rétti, þá get ég leyft mér að fullyrða, að fræðimenn eru almennt þeirrar skoðunar að slíkt ótak-

markað framsal valds af hálfu Alþingis sé óheimilt með öllu og ógilt og geti þar af leiðandi ekki átt sér stað.

Ég vil minna hv. alþm. á þá staðreynd, að Alþingi er æðra ríkisstj. Ríkisstj. er fyrst og fremst verkfæri í höndum þingsins. Við, þessir 60 þm., erum raunverulega húsbændur ríkisstj., þó að einstakir ráðh. vilji kannske gleyma því á stundum. Alþingi ber skylda og réttur til þess að varðveita vald sitt og rétt. Hér hefur það hins vegar gerzt, að þjónninn hefur stolið húsbóndaréttinum. Hæstv. ríkistj. hefur gert samning, sem hún hefur enga heimild til að gera, og þessi samningur er því ekki gildur, hvorki gagnvart einum né öðrum. Kvenfélag Hallgrímskirkju hefði alveg eins getað gert þennan samning við NATO eins og ríkisstj. Heimildarlaus aðili er enginn aðili. Samningurinn er því aðeins ómerkilegt pappírsgagn. Þetta er rétt að hafa í huga nú þegar, svo að menn geri sér ljóst, að engum Íslendingi ber skylda til að virða þennan samning eða afleiðingar hans, hvorki nú né síðar.

Hvað er svo að gerast í Hvalfirði? Hinn ógildi samningur ríkisstj. við NATO fjallar um það fyrst og fremst að breyta núverandi olíubirgðastöð í Hvalfirði í olíuafgreiðslustöð fyrir herskip. Svo á að heita, að stöðin verði ekki notuð hversdagslega, heldur aðeins þegar í harðbakka slær. Að áliti ríkisstj. má þó breyta þessu með stuttri fréttatilkynningu úr stjórnarráðinu hvenær sem er. Ríkisstj. dregur enga dul á það, að stöðin á fyrst og fremst að koma að gagni í hugsanlegri styrjöld. Vísvitandi er því með þessu verið að gera ráðstafanir til þess, að Íslendingar og land þeirra dragist sem mest inn í styrjaldarátökin. Enginn mun lengur reyna að telja Íslendingum trú um, að ráðstafanir hernámsliðsins séu Íslendingum til varnar og sízt af öllu þetta nýjasta tiltæki. Á einni nóttu má breyta Hvalfirði í herskipalægi, og þegar það hefur gerzt, hafa Íslendingar verið settir í fremstu víglínu stríðsátakanna.

Það er ekki unnt að ræða Hvalfjarðarmálið án þess að skoða það í ljósi þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað seinustu árin. Á valdaskeiði vinstri stjórnarinnar dró ekki aðeins stórlega úr öllum hernámsframkvæmdum, heldur voru áformin um Hvalfjörð, sem 1956 voru komin á flugstig, algerlega lögð til hliðar. Fyrsta alvarlega skrefið er hins vegar stigið af ráðherrum Alþfl. 1959, þegar þeir eru orðnir einir í ríkisstj. Þá er í algeru heimildarleysi samið um byggingu lóranstöðvar á Snæfellsnesi, í næsta nágrenni Hvalfjarðar, og þessi miðunarstöð mun nú vera orðin hæsta mannvirki Evrópu og sérstaklega ætlað að auðvelda kafbátum og skipum miðanir.

Næst var Keflavíkurflugvöllur gerður að stjórnarmiðstöð fyrir kafbátaflotann á norðanverðu Atlantshafi, og flotinn tók við yfirstjórn bandarísku herliðsins. Og nú er farið að rannsaka sem bezt allar aðstæður. Bandaríkjamenn fá í framhaldi af þessu leyfi íslenzku ríkisstj. til að mæla upp og kortleggja botn Faxaflóa, og því verki er nú lokið. Síðan koma samningarnir um Hvalfjörð. Það er vissulega blindur maður, sem sér ekki, hvert stefnir. Það er stefnt á volduga flotahöfn í Hvalfirði. En ríkisstj. veit, að ef hún vill notfæra sér andvaraleysi almennings, verður hún að ná markinu í litlum áföngum. Hæstv. ríkisstj. þykist kunna þá kúnst að matreiða ofan í Íslendinga, og í þetta sinn á aðeins að bera á borð eina litla olíustöð.

Þessir nýju samningar um Hvalfjörð hljóta að minna menn á þá staðreynd, að einmitt um þessar mundir er verið að ræða um stofnun kjarnorkuflota NATO-ríkjanna. Að svo stöddu er auðvitað ekki unnt að slá því föstu, hvort stöðin í Hvalfirði er hugsuð í tengslum við slíkan flota eða ekki, en vissulega er það ekki ólíklegt. Og samkv. rangtúlkun ríkisstj. á lögum landsins og samkv. samningunum um Hvalfjörð þarf ekki annað en ráðherraleyfi til að skapa kjarnorkuflotanum aðstöðu í Hvalfirði. Við umr. um þessi mál í þinginu í fyrra lagði ég á það sérstaka áherzlu, að gagnvart Íslandi ættu Bandaríkjamenn nú um tvær leiðir að velja: volduga herstöð í landinu eða enga herstöð. Bandaríkjamenn hafa tekið herstöðvamál sín til endurskoðunar nú í seinni tíð vegna breyttra viðhorfa í vígbúnaðartækni, og nú fyrir skömmu munu menn minnast, að þeir tilkynntu, að þeir hygðust leggja niður 500 herstöðvar í einu. Samningurinn um Hvalfjörð táknar örlagarík tímamót, vegna þess að hann sýnir, hvor stefnan hefur orðið ofan á varðandi Ísland. Á sama tíma og friðarhorfur fara ört batnandi, er hernámið á Íslandi magnað um allan helming.

Ég vil ekki orðlengja þetta mál frekar hér utan dagskrár, enda geri ég ráð fyrir, að margir aðrir þm. vilji komast að, og einn hefur nú þegar kvatt sér hljóðs. En ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. forsrh. enn einnar spurningar, og það er þriðja og síðasta spurningin og lokaorð mín að sinni. Ég vil spyrja: Hvenær gerir ríkisstj. ráð fyrir, að framkvæmdir muni hefjast í Hvalfirði?

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér utan dagskrár út af fréttatilkynningu, sem komið hefur frá hæstv. ríkisstj. varðandi nýjan samning, sem gerður hafi verið við NATO eða Atlantshafsbandalagið um nýjar framkvæmdir í Hvalfirði. Með leyfi hæstv. forseta, er fréttatilkynningin þannig:

„Eins og áður hefur verið skýrt frá opinberlega, féllst ríkisstj. á sínum tíma á, að fram færi athugun á byggingu olíugeyma í Hvalfirði ásamt bryggju vegna afnota geymanna og aðstöðu fyrir legufæri skipa samkv. framkvæmdaáætlun Atlantshafsbandalagsins. Í framhaldi af þessari athugun hefur ríkisstj. nú leyft ofangreindar framkvæmdir:

Verða byggðir í Hvalfirði 5 nýir geymar, 4 fyrir olíu og 1 fyrir vatn, auk afgreiðslubryggju og legufæra. Hinir nýju geymar eru nauðsynleg endurnýjun á gömlum geymum, sem fyrir eru í Hvalfirði, og verður öll notkun þeirra og

mannvirkjanna háð samkomulagi við ríkisstj. Íslands. Skipaferðir um Hvalfjörð breytast ekkert frá því, sem verið hefur, í sambandi við hin nýju mannvirki, og tilgangur stöðvarinnar þar verður sá einn að geyma varabirgðir og legufæri, sem nota má, ef til ófriðar kemur eða dregur. Um mannvirkin og framkvæmdirnar í Hvalfirði gilda ákvæði varnarsamningsins frá 8. maí 1951."

Þannig hljóðar þessi fréttatilkynning frá hæstv. ríkisstj. Ég vil í þessu sambandi koma því enn á framfæri, að Framsfl. er algerlega mótfallinn þessari nýju samningagerð um flotamannvirki í Hvalfirði, og í því sambandi leyfi ég mér að lesa eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var í framkvæmdastjórn Framsfl., þegar þetta mál fyrst bar á góma opinberlega og ríkisstj. gaf í skyn, að til stæði að gera slíka samninga, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. tilkynningu frá utanrrn., sem lesin var í útvarpsfréttum 7. þ. m.," — þetta var samþ. í fyrra í ágústmánuði, — „og viðtali, sem fulltrúar Framsfl. hafa átt við utanrrh., fara nú fram viðræður milli Atlantshafsbandalagsins og ríkisstj. um, að bandalagið byggi stóra olíubirgðastöð í Hvalfirði, hafskipabryggju eða bryggjur og legufæri, sem ætluð eru herskipum. Af hálfu bandalagsins hafa áður verið bornar fram óskir um svipaðar framkvæmdir í Hvalfirði, en þeim hefur verið hafnað. Í tilefni af framangreindum viðræðum Atlantshafsbandalagsins og ríkisstj. lýsir Framsfl. sig andvígan því, að aukinn verði herbúnaður í Hvalfirði með byggingu nýrra flotamannvirkja eða á annan hátt, og skorar á ríkisstj. að ljá ekki máls á samningum um slíkt."

Þessi afstaða var svo margítrekuð við umr., sem áttu sér stað á hv. Alþingi í fyrravetur, og þá sterklega skorað á hæstv. ríkisstj. af hendi Framsfl. að láta ekki verða af slíkum samningum og þung áherzla lögð á, að ekki bæri að koma til greina neitt í því efni, nema málið hefði áður fengið afgreiðslu á Alþingi. En nú hefur hæstv. ríkisstj. þrátt fyrir þetta gert þennan samning, og vil ég því ítreka þessa afstöðu Framsfl. og mótmæli gegn samningsgerðinni og fara um þessi efni fáeinum orðum til rökstuðnings því.

Það segir í tilkynningu hæstv. ríkisstj., að hinir nýju geymar séu nauðsynleg endurnýjun á gömlum geymum, sem fyrir eru í Hvalfirði. Og það hefur verið lögð nokkur áherzla á það í blöðum hæstv. ríkisstj., blöðum stjórnarflokkanna, að hér væri í raun og veru um það eitt að ræða að endurnýja olíugeyma, sem þar væru fyrir og væru farnir að ganga úr sér, því væri í raun og veru ekkert nýtt að gerast í Hvalfirði. En þessi liður tilkynningarinnar frá hæstv. ríkisstj. er villandi og því miður vafalaust gerður í því skyni að villa mönnum sýn í þessu sambandi, en hefði þó verið skylt, að hæstv. ríkisstj. segði mönnum hreinskilnislega, hvað þarna er raunverulega að ske. En málavextir og kjarni málsins er auðvitað þessi: Til þess að byggja nýja geyma í Hvalfirði í stað þeirra, sem fyrir eru, þurfti engin ný hafnarmannvirki í Hvalfirði, bryggjur né bryggju, vatnsbirgðastöðvar né legufæri. Það er hægt að athafna sig viðunandi í firðinum með núverandi mannvirkjum í Hvalfirði til að losa úr flutningaskipum olíu og setja hana aftur í flutningaskip til að flytja hana þaðan á burtu. Þetta hefur verið gert í Hvalfirði, og þetta er hægt að gera þar áfram. Bygging á nýrri, stórri bryggju eða hafnarmannvirkjum í Hvalfirði, vatnsbirgðastöðvum og ný legufæri standa því ekki í neinu sambandi við þá nauðsyn, sem á því kynni að vera að endurnýja olíugeyma þá, sem hafa verið í Hvalfirði, og halda uppi svipaðri þjónustu og þar hefur verið gert um geymslu á olíu. Þessar framkvæmdir standa ekki í sambandi við slíkt, og þess vegna er uppbygging geyma í stað þeirra, sem þar eru nú, vitanlega og öllum augljóslega ekki aðalatriði málsins.

En í Hvalfirði vantar á hinn bóginn aðstöðu til þess að athafna sig með flota, til að taka eldsneyti í flota með sæmilegu móti og aðstöðu til legu, t. d. herskipa, í firðinum. Slík aðstaða er ekki fyrir hendi í Hvalfirði. Í Hvalfirði vantar sem sé, þó að þessi gamla olíustöð sé þar og ein bryggja í sambandi, frumskilyrði flotahafnar. Og það er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að með þessu, sem nú er hugsunin að framkvæma í Hvalfirði, sé ætlunin sú að stíga fyrsta skrefið í þá átt að gera Hvalfjörð raunverulega að flotahöfn, byggja upp flotahöfn í Hvalfirði, bryggjur, vatnsforðabúr og legufæri, en hitt því miður haft á oddinum til þess að leiða athyglina frá þessum aðalkjarna málsins.

Og þetta er auðvitað aðalmergur þessa máls og hefur verið síðustu áratugina, hvort Íslendingar eiga að ljá máls á því, að Hvalfjörður verði byggður upp sem flotastöð. Slíkt hefur áður komið til greina, eins og hér hefur verið frá skýrt, af hendi hinna erlendu aðila að fara fram á slíkt. Það hefur verið af hendi þeirra farið fram á slíkt áður. Það hefur komið til greina frá þeirra hendi að bera fram slíkar óskir, eins og margsinnis hefur verið upplýst. En þeim hefur alltaf verið synjað. Allar ríkisstj., sem hér hafa setið undanfarna áratugi, hafa synjað um leyfi fyrir nýjum framkvæmdum í Hvalfirði, vegna þess að stefna þeirra ríkisstj. hefur verið sú að gera Hvalfjörð ekki að flotastöð. En nú er einmitt sú stóra hætta fyrir hendi, þegar ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um að breyta þessari stefnu og leyfa þessar framkvæmdir, að nú verði gengið á lagið og reynt að þrýsta í framkvæmd enn frekari mannvirkjagerð í framhaldi af þessu. Komið verður með eitt í dag og annað á morgun. Það er sú hætta, sem við stöndum frammi fyrir nú, þegar ríkisstj. hefur breytt stefnunni og lið máls á því, sem allar ríkisstj. áður hafa synjað um.

Við í Framsfl. teljum, að það hefði átt að halda við þá stefnu, sem áður hefur verið framfylgt í þessu efni, alveg skilyrðislaust og

alls ekki átt að leyfa nýjar framkvæmdir af því tagi, sem þarna eru ráðgerðar. Við teljum auk þess, að horfur í heiminum yfirleitt í friðarmálum séu þannig, að það sé nú enn síður ástæða en áður til að leyfa aukinn búnað frá því, sem verið hefur. Og batnandi friðarhorfur í heiminum hefðu átt að vera aukin hvöt fyrir núv. ríkisstj. til að halda þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. hafa haft í þessu, sem sé þeirri að fallast ekki á nýjar framkvæmdir eða frekari framkvæmdir í Hvalfirði en þær, sem þar áttu sér stað á styrjaldarárunum.

Ég vil taka það skýrt fram nú, eins og svo oft áður, að Framsfl. er fylgjandi þátttöku Íslands í samstarfi vestrænna þjóða og þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. En ég vil leggja áherzlu á, að okkur ber engin skylda til, hvorki lagalega né „móralskt", að hafa hér her né annan varnarbúnað umfram það, sem við sjálfir teljum nauðsynlegt og skynsamlegt, og er þetta sjónarmið margviðurkennt af samstarfsþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu. Og einmitt út frá þessu sjónarmiði nær að okkar dómi engri átt að leyfa nú ný og aukin flotamannvirki í Hvalfirði.

Engar skuldbindingar okkar við NATO, ekkert, sem sagt hefur verið af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, svo að mér sé kunnugt, við NATO eða forsvarsmenn NATO, bindur Íslendinga á einn eða annan hátt til að leyfa slíkt, og ekkert bindur okkur samningslega til að ganga inn á slíkt, og ekkert bindur okkur til þess á nokkurn hátt „móralskt" séð, því að okkar fyrirvarar hafa ævinlega verið þannig í sambandi við þátttöku í NATO, að það eitt kæmi í eðlilegu framhaldi af þeim, að synjað væri um þessar framkvæmdir á sama hátt og gert hefur verið áratugum saman um hliðstæðar framkvæmdir. Það hefði verið í beinu framhaldi af þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið varðandi Hvalfjörð, að haldið hefði verið áfram að synja um slíkt.

Það var skýrt og greinilega tekið fram af þeim aðilum, sem ræddu við Íslendinga um þátttöku þeirra í Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma, að þátttaka Íslendinga í bandalaginu væri mikilsverð fyrir bandalagsþjóðirnar og bandalagið sjálft, enda þótt hér yrðu ekki leyfðar neinar herstöðvar á friðartímum né neinn erlendur her. Það var lögð mikil áherzla á það af hálfu forráðamanna Atlantshafsbandalagsins þá, að það hefði verulega þýðingu fyrir þjóðir Atlantshafsbandalagsins, að Íslendingar væru með, þó að þessi fyrirvari fylgdi. Og hann var látinn fylgja. Og þeir í NATO gátu því alls ekki og hafa aldrei getað búizt við öðru en því, að þeirri stefnu yrði framfylgt, sem þá var lýst yfir af Íslands hendi. Það var fyllilega gerð grein fyrir því af Íslands hendi þá, að ekki mætti gera ráð fyrir því, að hér yrðu varanlegar herstöðvar eða varnarherstöðvar í landinu.

Ég endurtek því, að Íslendingum ber engin skylda til þess, hvorki samkv. Atlantshafssáttmálanum sjálfum né því, sem á milli hefur farið um þessi efni, og ekki heldur móralskt, miðað við fyrirvara og þá afstöðu alla, sem uppi hefur verið látin, að leyfa hér auknar hernaðarframkvæmdir eða ný flotamannvirki.

Það er eitt þýðingarmesta atriðið í utanríkismálum Íslendinga og fullveldismálum, að Íslendingar haldi hjá sér sjálfum og einum ákvörðunarréttinum um, hvað leyft er hér af hernaðarmannvirkjum eða hvað leyft er hér af mannvirkjum eins og þeim, sem hér eru til umr. Og á þetta var einnig megináherzla lögð í sambandi við þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Þetta sjónarmið og það sjónarmið, sem ég var að rekja hér áðan varðandi framlag Íslands til varnanna yfir höfuð, var fullkomlega viðurkennt af bandalagsþjóðunum og er það áreiðanlega enn, ef því er fram haldið eins og eðlilegt er.

Ég vænti, að margir hljóti að sjá, að með því, sem nú er verið að gera, með þeirri stefnubreytingu er innleidd veruleg hætta, ekki sízt á því, að haldið verði áfram að ganga á lagið um að auka búnaðinn í Hvalfirði, síðan kæmi sjálfsagt í framhaldi af því krafan um að hafa varnarlið í þeim stöðvum, og þá gæti auðveldlega svo farið með því að halda á þennan hátt á málunum, að áður en langt um liði væri komin þar í Hvalfirði önnur herstöð eða varnarstöð hliðstæð Keflavíkurstöðinni, sem gæti orðið álíka og a. m. k. ekki minna vandamál í landinu en Keflavíkurstöðin hefur vitanlega ævinlega verið. Og væri þá ekki vel komið málefnum, ef slík stöð yrði byggð upp á aðalþjóðleiðinni umhverfis landið í Hvalfirði.

Með þessum orðum tel ég mig hafa rökstutt þá afstöðu, sem ég hef nú enn greint frá, — afstöðu Framsfl. Ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár til að ítreka enn einu sinni andstöðu Framsfl. gegn því að gera þennan samning um flotamannvirkin í Hvalfirði og til að gagnrýna það og mótmæla því, að samningur um svo mikilsvert mál sé gerður, án þess að málið sé borið undir Alþingi. Ég tel, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða, að þennan samning hefði ekki átt að gera, án þess að hann væri borinn undir Alþingi, þar sem fullkomlega var tóm til þess á allan hátt, því að strax í fyrravetur var þetta málefni rætt og þá virtist málið liggja þannig fyrir, að það hefði verið hægt að taka þá stefnuna í málinu. Og ég vil láta það verða mín síðustu orð að beina því til hæstv. ríkisstj. að skora á hana að leggja mál þetta fyrir hv. Alþingi til samþykktar eða synjunar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umr. þeirra hv. þm., 5. landsk. þm. og 1. þm. Austf., sem hér hafa tekið til máls, er hér um að ræða gamalþekkt og þrautrætt mál. Frá þessum ráðagerðum var skýrt í fréttatilkynningu, sem ríkisstj. gaf snemma í ágúst á árinu 1963. Þá þegar hófust um málið miklar umr., bæði með yfirlýsingum beggja stjórnarandstöðuflokkanna og í blöðum. Síðan var málið mjög rækilega

rætt hér á hv. Alþingi a. m. k. þrisvar í fyrravetur, fyrst tvisvar sinnum um miðjan október og síðan einnig snemma í desember. Nú hygg ég, að í þessum umr. hafi komið fram öll þau sjónarmið, sem máli skipta, m. a. það, að því var þá þegar lýst af hálfu ríkisstj., að hún teldi sig hafa óyggjandi heimildir til þess að gera slíkan samning, sem nú hefur verið gerður, og hún mundi gera samninginn, ef hún teldi það rétt að athugun málsins lokinni. Nú er þeirri athugun lokið, og ríkisstj. hefur í samræmi við fyrri yfirlýsingar gert þetta samkomulag.

Því er haldið fram, einkanlega af hv. 5. landsk. þm., að þessi samningsgerð stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þetta er misskilningur hjá hv. 5. landsk. þm., því að ljóst er og ótvírætt með öllu, að heimild til slíkrar samningsgerðar er í varnarsamningnum frá 1951, sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 110 19. des. 1951. Þar segir m. a. í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu skyni og með varnir á því svæði, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg."

Þegar af þessu ákvæði og raunar fleiri ákvæðum samningsins er ótvírætt, að heimild er fyrir hendi til þessarar samningsgerðar, enda játaði hv. þm., að þvílíkir samningar hefðu áður átt sér stað. Og mér skildist hann meira að segja telja og benda á, að vist varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli væri fyrsta dæmi þvílíkrar samningsgerðar af hálfu ríkisstj. Nú má e. t. v. segja, að í varnarsamningnum sjálfum felist a. m. k. óbein heimild fyrir vist varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, eins og hv. þm. raunar drap á, þó að það sé með nokkuð öðrum hætti rökstyðjanlegt heldur en hann vildi gera, og skal ég ekki fara út í þá sálma hér. En þar fyrir utan eru mörg dæmi þess, að óátalið af Alþingi hefur varnarliðið fengið stöðvar til afnota með samþykki ríkisstj., og þetta hlýtur hv. þm. að vera kunnugt, ekki einungis varðandi lóranstöðina á Snæfellsnesi, heldur einnig fleiri atvik, því að hæstv. utanrrh. rakti það rækilega í umr., sem urðu um málið í fyrra.

Þá er fyrst að geta þess, sem hv. þm. hlýtur að vera kunnugt um og hv. 1. þm. Austf. vék nú að, þó að hann færi þar dálítið svipað og köttur kringum heitan graut, að varnarliðið hefur nú þegar og í mörg ár haft svipaða aðstöðu í Hvalfirði og hér er ráðgerð. Hv. 1. þm. Austf. talaði um það, að ef þessi samningsgerð færi fram, ættu menn e. t. v. von á því að sjá varnarstöð við aðalþjóðveginn um Hvalfjarðarströnd. Ég hef nú farið þarna nokkuð mörg undanfarin ár, og ég hef séð varnarstöð á þessari leið, og mér þykir það mjög furðulegt, ef hv. þm. hefur ekki einnig séð þessa varnarstöð, sem þarna er á leiðinni. Og ég man það, að ég og hv. þm., 1. þm. Austf., vorum saman í ríkisstj., og ég held, að ég fari rétt með það, að hann hafi þá verið fjmrh., þegar ríkið keypti a. m. k. eina jörð í Hvalfirðinum til þess að leggja undir þessa varnarstöð. Og hv. þm. er þá nú á sínum efri árum orðinn léttúðugri um meðferð fjármála en hann var, þegar við vorum saman í ríkisstj., ef hann er búinn að gleyma því, að hann greiddi töluvert fé úr ríkissjóði til þess, að þessari stöð yrði komið upp.

Nei, það er vissulega engin ný bóla, að þarna sé nokkur varnarstöð í Hvalfirði, bæði með beinni íhlutan og samþykki ríkisins, auk þess sem tiltekinn félagsskapur hefur leigt varnarliðinu mjög sambærilega aðstöðu og notkun á olíugeymum og nú er ráðgert, að það komi sér sjálft upp. Þetta er engin nýjung. Þetta hefur öllum landslýð verið kunnugt nú töluvert á annan áratug. Alþingi hefur um þetta vitað. Sumir hafa verið óánægðir með þetta frá fyrstu tíð, eins og hv. flokksmenn hv. 5. landsk þm., og það er þess vegna sízt óeðlilegt, að hann sé óánægður og hans félagar séu óánægðir með, að þessari ráðstöfun skuli haldið áfram, þótt í nokkuð breyttri mynd sé. Hinu hljóta menn að furða sig mjög á, að hv. 1. þm. Austf. skuli nú láta svo sem honum sé með öllu ókunnugt um þá aðstöðu, sem varnarliðið hefur haft í Hvalfirði langan tíma með beinu samþykki, beinni íhlutun ríkisstj. og með mikils háttar fyrirgreiðslu — að vísu ekki alveg ókeypis — alþekkts félagsskapar, sem ég veit, að hv. 1. þm. Austf. einnig kannast við.

En það er ekki einungis þessi aðstaða í Hvalfirði, sem hér kemur til álita, heldur minnti hæstv. utanrrh. á það í umr. í fyrra, að þrjár radarstöðvar, sem eru undir hergæzlu, hefðu verið leyfðar af ríkisstj. á mismunandi tímum, frá því að varnarsamningurinn var gerður, og án þess að það væri leitað til Alþingis um samþykki á þeim leyfum. Þarna er um að ræða tvær stöðvar, sem ég hygg að enn séu í notkun, önnur nærri Hornafirði, hin á Langanesi, og ein var á Vestfjörðum, þótt hún sé nú niður lögð. Þessu til viðbótar kemur svo lóranstöðin á Snæfellsnesi, sem hv. 5. þm. landsk. sjálfur minnti á.

Það er þess vegna ekki um það að villast, að bæði orðalag varnarsamningsins, sjálft efni hans allt saman og óslitin framkvæmd, allt frá því að hann var gerður, heimilar slíka samningsgerð eins og nú hefur verið ákveðin af ríkisstj. (Gripið fram í.) Það táknar þann aðila, sem með þessi mál fer að hálfu íslenzka ríkisins. Alþingi hefur þegar með 1. gr. varnarsamningsins og varnarsamningnum í heild samþykkt að veita þá aðstöðu, sem nauðsynleg er, og síðan er það á mati ríkisstj. að kveða á um, hversu mikil og hvers eðlis sú aðstaða skuli vera hverju sinni.

Um þetta verður ekki deilt, þó að hitt sé svo eðlilegt, að menn greini á um það, hvort ríkisstj. haldi rétt á valdi sínu í þessu efni eins og ótalmörgum öðrum. Það orkar allt tvímælis þá gert er, og það er ósköp skiljanlegt, að þeir, sem eru sannfærðir um það, að varnir

séu hér óþarfar og beinlínis skaðlegar, eins og hv. 5. þm. landsk. telur, að þeir eru auðvitað á móti því, að varnir séu í skaplegu horfi. Það er eðlilegt. Þeir vilja varnirnar burtu. Þeir eru á móti öllum þeim ráðstöfunum, sem til þess horfa, að þær komi að notum.

Hitt verður að telja merkilegra, að þeir menn, sem að meginstefnu segja, að þeir séu vörnum samþykkir, lýsi því yfir, að þeir séu þessari ákveðnu ráðstöfun ósamþykkir.

Nú er ég algerlega sammála hv. 1. þm. Austf. um það, að það er algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvort þessi samningur er gerður, hvort þetta leyfi er veitt. Það er auðvitað ekki nein herforingjasamkunda suður í París eða neinir aðrir aðilar, sem um þetta eiga að ákveða, heldur eru það rétt íslenzk stjórnarvöld, í þessu tilfelli ríkisstj. í samráði við sína fylgismenn á Alþingi, meiri hluta þm., sem hún vitanlega fullvissar sig um, að séu henni sammála í þýðingarmiklum málum, jafnt þessu sem öðru. Það er ríkisstj. að kveða á um þetta. Ef Alþingi telur, að ríkisstj. hafi misfarið með sitt vald, þá getur það veitt henni vantraust, látið hana hverfa frá störfum. Það má segja, að ríkisstj. hafi gert samning, sem sé bindandi og þess vegna illviðunandi fyrir Ísland, að slíkt sé gert. Hættan því samfara er þó sáralítil, vegna þess að ef Alþingi veitti ríkisstj. vantraust af þessum sökum og vildi losna við samningsgerðina, væri það einfalt mál að segja varnarsamningnum upp, svipað og ráðgert var að gera hér 1956, en raunar varð þá minna úr en stóru orðin stóðu til.

Alþingi hefur því endanlega þetta mál í hendi sér, ef það vill, og vitanlega mundi ekki verða farið að reisa þessa nýju olíugeyma í Hvalfirði, ef það lægi fyrir, að meiri hluti Alþingis vildi, að varnarsamningurinn missti sitt gildi. Þá mundu þær framkvæmdir verða látnar eiga sig, svipað og var um ýmsar framkvæmdir á árinu 1956, og ég man þá, að t. d. Tíminn taldi það óvinskaparbragð af hálfu þáverandi ráðamanna varnarliðsins eða í Washington, þegar ákveðið var að draga úr varnarframkvæmdum hér á landi vorið 1956, eftir að samþykktin hafði verið gerð í marz, og mátti af því marka, að ekki hefur nú alltaf verið talið, að þessar varnarframkvæmdir væru Íslendingum til óþurftar, úr því að talið var, að það væri beinlínis fjandskaparbragð að draga úr þeim.

Vitanlega er það svo matsatriði, hvaða framkvæmdir hverju sinni eru nauðsynlegar og æskilegar. En ég hygg, að þegar á það er litið, að þessir olíugeymar, sem nú eru í notkun handa varnarliðinu og þar sem geymdur er forði handa flota Atlantshafsbandalagsins, ef í hart fer, — þar sem þessir geymar eru nú meira en 20 ára gamlir og öll aðstaða umhverfis þá miðuð við það, sem þá tíðkaðist, þá sé engan veginn óeðlilegt, heldur einungis mjög skiljanlegt, að þessi mannvirki þurfi endurnýjunar við ekki síður en önnur mannanna verk og á þetta hljóti þeir að fallast, sem á annað borð telja, að það sé til góðs, að varnir séu á Íslandi.

Hv. ræðumenn minntust annars báðir á það, að nú væri ófriðarhættan mun minni í heiminum en oft áður. Það er rétt, að á yfirborði horfir friðvænlegar en stundum áður. En af hverju kemur það? Það kemur fyrst og fremst af því, að Atlantshafsbandalagið hefur í þessum heimshluta komið á svo sterkum og öruggum vörnum, að hér hefur ekki nú lengi komið til stórátaka, og menn vona, að svo muni enn haldast. Hins vegar þarf ekki annað en að líta til Suður-Asíu, svo að við sleppum Afríku, svo að við sleppum bollaleggingum um, hvað býr í huga Kínverja, hvað verður ofan á í öðru stórveldi Kína ekki fjarri, — okkur nægir að líta á þann ófrið, sem þegar er í heiminum, til þess að sjá, hversu fjarri því fer, að enn sé kominn á sá Fróðafriður, sem við óskum. Enn er því miður fullkomin óvissa um, hvað verða vill, og það er styrkleikinn einn, styrkleiki lýðræðisaflanna einn, sem hingað til hefur tryggt friðinn, og nægir þá að minna á átökin út af Kúbu haustið 1962. Sá friður, sem í skjóli þessa styrkleika og þessarar einbeitni býr, helzt því aðeins, að ekki sé slakað á, þangað til aðrar öruggari stoðir fyrir friðnum fást. Og ég tel, að Íslendingar eigi ekki síður en aðrir að leggja sitt af mörkum til þess að reyna að koma í veg fyrir, að á ný horfi ófriðlegar í heiminum, að á ný verði vegna vangæzlu, vegna þess að menn vilji láta aðra taka á sig óþægindi, en skjóta sér undan sjálfir, verði vakin von árásaraðila um, að þeir þrátt fyrir allt séu ekki fyrir fram vonlausir um sigur, ef þeir leggi í ævintýri.

Um friðarvarnir má segja nokkuð svipað og um eldvarnir, að það er of seint að grípa til þeirra eða fara að smíða þær — réttara sagt að safna þeim saman, eftir að eldsvoðinn hefur brotizt út. Það verður að hafa slökkviliðið til áður, það verður að vera viðbúið til þess að geta kæft eldinn strax í byrjun, ef eldvarnirnar eiga að koma að gagni. Með sama hætti verður vitanlega að búast við því fyrir fram að geta staðið á móti árás, ef hún brýzt út, vegna þess að það er eina vonin til þess, að af slíku glapræði verði látið. Og ég hygg, að með því litla framlagi, sem hér er ætlazt til, að af hálfu Íslands verði unnið, sé sízt of mikið fram á farið við Íslendinga. Enda kom það glögglega fram hjá báðum hv. þm., að þeir viðurkenndu, að hér væri einungis um smáræði að tala, þetta væri í sjálfu sér lítilvægt. Þeir óttuðust, að eitthvað annað, meira og verra, kæmi á eftir. Ég veit ekki, hvað þeir hafa í huga í þeim efnum. Ég veit það eitt, að þessi samningsgerð af hálfu ríkisstj. er hrein og skýr. Hér hefur ekki verið farið dult með neitt, eins og sést af því, að það var þegar skýrt frá aðalatriðum þessa máls fyrir meir en ári, og allir, sem fylgzt hafa með og vilja fylgjast með, hafa vitað, að síðan hefur málið verið í undirbúningi og ríkisstjórnin hefur talið, að þessa aðstöðu ætti að veita, ef athugun sýndi, að hún

gæti orðið veitt án þess að valda Íslendingum verulegum trafala, en þó komið að gagni til þess, sem mikið er á sig leggjandi fyrir, og það er að styrkja friðarvonir mannkynsins.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. sagði í byrjun ræðu sinnar áðan, að þáltill., sem hann flutti á síðasta þingi, hefði verið „kæfð" með forsetavaldi og að forseti sameinaðs þings hefði „setzt" á málið, eins og hann orðaði það, meðan ríkisstj. hefði staðið í leynisamningum um herstöðvar í Hvalfirði. Ég vil fara um þessa fullyrðingu nokkrum orðum.

Þáltill. um framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði frá hv. 5. landsk. þm. var útbýtt hinn 15. okt. 1963. Þann 16. s. m. var ákveðin ein umr. um málið. Till. var síðan tekin á dagskrá í sameinuðu þingi 30. okt., 13. nóv. og 20. nóv. 1963, en tekin út af dagskrá í þau skipti. Hinn 4. des. 1963 fóru fram umr. um þáltill., og eftir það var hún á dagskrá 11. des. 1963, 19. febr. 1964 og 8. apríl, 24. apríl og 6. maí s. l. Umr., sem urðu um till., eru 68 vélritaðar blaðsíður. Auk þess fóru fram umr. um þetta sama mál utan dagskrár í sameinuðu þingi 16. okt. og 24. okt. 1963, og er sá umræðupartur 78 vélritaðar síður, eða umr. samtals um málið 146 vélritaðar síður.

Virðist mér af þessu augljóst, að hv. flm. till. og aðrir hv. þm., sem láta sig þetta mál varða, hafa á síðasta þingi fengið mjög rúman tíma til þess að túlka sjónarmið sín, og það svo, að í þessum umr. upp á 146 vélritaðar síður eru sömu skoðanirnar endurteknar í belg og biðu. Getur því naumast hjá því farið, að hv. alþm. hafi áttað sig til hlítar á máli því, sem hér er um að ræða, enda þótt það hafi ekki komið til atkvæða í þinginu.

En hverjum er það þá að kenna, að þáltill. hv. 5. landsk. þm. komst ekki af umræðustigi á síðasta þingi? Hv. þm. vill kenna þetta forseta sameinaðs þings. Ég vísa þeirri ásökun til föðurhúsanna. Till. var 11 sinnum á dagskrá og tvisvar sinnum rædd utan dagskrár, sbr. það, sem ég rakti áðan, og í þau skipti, sem hún var tekin út af dagskrá, mun það nokkrum sinnum hafa verið að beiðni flm. sjálfs, en í önnur skipti einfaldlega vegna málgleði hv. þm. um önnur mál. Það er nú einu sinni svo, að hv. þm. ráða því að verulegu leyti sjálfir, hvort málin komast til nefndar og hljóta þar afgreiðslu. Ef umr. um einstök mál í Sþ. eða deildum dragast úr hófi fram, getur það leitt til þess, að málin komist ekki til nefndar og hljóti þar ekki afgreiðslu og komi þar af leiðandi ekki til atkvæða í þinginu. Þannig var um þetta mál. En það er ekkert einstakt, eins og hv. alþm. sjálfum er bezt kunnugt. Þeir geta rifjað þetta upp fyrir sér með því að líta á úrslit þingmála, bæði frá síðasta þingi og öðrum þingum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði nokkra tilraun til þess hér áðan að verja hið augljósa stjórnarskrárbrot ríkisstj. í þessu máli. Við hlýddum á varnir hans, og áður en þessar umr. halda öllu lengra, þá vil ég taka vörn hans fyrir í stuttu máli, áður en hún gleymist um of.

Ég bar þrjár spurningar upp við hæstv. forsrh. Engri þeirri svaraði hann nú beint, en tók lítillega til meðferðar þá fyrstu. Sú spurning var um það, hvar í herverndarsamningnum væri nokkurt ákvæði um það, að Alþingi hefði afsalað sér rétti til að ákveða, hvort gerðir skuli samningar um kvaðir á landi við erlend ríki, — hvar í þessum samningi sé að finna nokkurt slíkt ákvæði. Hæstv. forsrh. svaraði þessari spurningu alls ekki beint, en vísaði í 1. gr. herverndarsamningsins, og ég get ekki séð með nokkru móti, að í svari hans felist nein sönnun fyrir því, að Alþingi hafi afsalað sér þessum rétti. Hann vitnaði í þessa grein, sem ég vil lesa, eða þessi orð, sem ég hef að vísu ekki öll, en mergurinn málsins í þessari grein er: „Í þessu skyni lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg." Það er þetta hugtak: Ísland, sem skiptir máli í þessu sambandi. Hvað er átt við með hugtakinu Ísland? Hæstv. forsrh. svaraði því hér áðan og sagði, að þar væri átt við ríkisstj. Ég er honum algerlega ósammála, og ég býst við, að svo sé um fleiri. Með hugtakinu Ísland er að sjálfsögðu átt við Alþingi og ríkisstj., þ. e. a. s. þá aðila, sem gera þennan samning, þar sem þessi grein er í, og gera yfirleitt skv. stjórnarskránni þá samninga, sem hafa í sér fólgnar kvaðir á landi, þegar þeir samningar eru við erlend ríki. Og ég tók það fram hér áðan og vil endurtaka það, að í herverndarsamningnum eru notuð tvö hugtök í þessu sambandi um íslenzka aðila. Það er annars vegar notað hugtakið Ísland, og það er hins vegar notað hugtakið íslenzka ríkisstj. Þetta bendir ótvírætt til þess, að þarna sé ekki um sama aðilann að ræða og þegar talað er um Ísland, þá sé ekki átt við íslenzku ríkisstj. Ég held, að það sé ákaflega einfalt að álykta út frá þessari staðreynd á þennan veg.

Ég benti á það hér áðan, að þegar um það er að ræða, eins og segir í 3. gr. samningsins: „Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum," sem sagt, það er Ísland, eins og segir í samningnum, sem um þessi mál skal fjalla, en hins vegar er í 4. gr. sagt: „Það skal háð samþykki íslenzku ríkisstj., hversu margir menn hafa setu á Íslandi skv. samningi þessum." Hér eru gerð glögg skil í samningnum. Annars vegar hefur ríkisstj. þetta ákveðna yfirráðasvæði og ákvarðanasvæði, meðan aftur Alþingi og ríkisstj. fer með önnur atriði þessa máls, eins og hafði ævinlega verið fram að þeim tíma og hlýtur að verða áfram.

Önnur vörn hæstv. forsrh. var að styðja sig við þau fordæmi, sem gefin hafa verið, og ég tók það mjög skýrt fram áðan, að ég gæti ekki séð, að hægt væri að verja sig með slíkum fordæmum, sem væru út af fyrir sig sjálf stjórnarskrárbrot og hefðu verið það á sín-

um tíma. Eftir að herverndarsamningurinn var gerður, var óhjákvæmilegt, að sérhver ný hernámsframkvæmd, sem fól í sér nýjar kvaðir á landi, væri lögð fyrir Alþingi, og væri það ekki gert, hlaut það að vera stjórnarskrárbrot. Ég er í þessu tilfelli aðeins að endursegja það, sem ég sagði hér áðan, en vegna þess að hæstv. forsrh. gerði enga tilraun til að svara þessu, sé ég mig tilneyddan til þess að endurtaka það. Ég bar upp þá spurningu við hæstv. forsrh., hvort hann áliti ekki, að einhver takmörk væru fyrir því, hvert vald ríkisstj. hefði í samningum við Bandaríkin og við Atlantshafsbandalagið. Ég spurði hann, hvort ríkisstj. ímyndaði sér, að hún gæti gert samning við Atlantshafsbandalagið um, að komið skuli á fót herstöðvum í hverjum einasta íslenzkum firði eða hverjum einasta íslenzkum dal, án þess að Alþingi kæmi þar nokkurs staðar nærri. Ég get ekki annað séð en fullyrðing hæstv. forsrh. leiði til þessarar niðurstöðu, en ef svo er ekki, þá væri mjög ánægjulegt og fróðlegt að fá skýr svör hæstv. forsrh. við þessu atriði.

Það er að sjálfsögðu ákaflega erfitt að halda uppi málefnalegum umr. og rökræðum um mál eins og þessi, þegar annar málsaðilinn gefst hreinlega upp, eins og hæstv. forsrh. gerði hér áðan. Og ég vil aðeins segja það, að rökþrot hans í þessu máli eru að sjálfsögðu staðfesting á þeirri staðreynd, að hér er um lögleysu að ræða og hér er um ógildan samning að ræða.

Ég vil svo minna hæstv. forsrh. á það, ef hann skyldi sjá sér fært að svara þeirri spurningu, sem ég lagði fyrir hann hér áðan, að ég lagði einnig fyrir hann þriðju spurninguna, þ. e. a. s. hvenær ríkisstj. ímyndaði sér, að framkvæmdir mundu hefjast, og ef hann sér sér fært að koma hér í ræðustólinn á nýjan leik, þá væri æskilegt að fá svar við þeirri spurningu einnig.

Um ræðu hv. 2. þm. landsk., hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Ég held, að hún hafi verið fullkomin staðfesting á því, sem ég hélt hér fram áðan, hvernig legið var á þessu máli hér á s. l. Alþingi. Hann staðfesti það, sem ég sagði, að það liðu mánuðir frá því að málið kom fram á Alþingi og þar til þingi var slitið og allan þann tíma tókst ekki einu sinni að koma málinu til nefndar, hvað þá meir. Hann sagði, að málið hefði 11 sinnum verið á dagskrá. Það kann að vera rétt. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að flestum hv. þm. sé kunnugt um, að það skiptir mjög miklu um afgreiðslu mála, ekki hvort þau eru á dagskránni, heldur hvar á dagskránni þau eru. Við þekkjum mörg dæmi um það hér í þinginu, að það eru kannske 30 eða 40 mál, eins og var á dagskrá seinasta fundar sameinaðs þings, og ef mál er mjög neðarlega á dagskránni, þá er það sama og það sé alls ekki á dagskránni. Ég man ekki eftir því, að ég hafi farið fram á það nokkru sinni, að það yrðu ekki umr. um þetta mál, þó kann það að vera í einu tilfelli eða svo, en ég minnist þess ekki. Hins vegar man ég eftir því, að ég kvaddi mér sérstaklega hljóðs hér utan dagskrár a. m. k. einu sinni til þess að minna hæstv. forseta sameinaðs þings á, að þetta mál væri ævinlega svo neðarlega á dagskránni eða ekki á dagskránni, að það væri ekki útlit fyrir, að það fengist afgreitt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki á þessu stigi að ræða þetta mál neitt efnislega, heldur læt ég nægja að vísa til þess, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austf. Ég er honum að öllu leyti sammála um það, sem hann sagði, og læt nægja að vísa til þess.

En það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi gjarnan fá nánar upplýst, vegna þess að mér finnst, að eftir ræðu hæstv. forsrh. sé það ekki fullkomlega ljóst, hvaða aðili það er, sem hefur fengið leyfi til að gera hinar umræddu framkvæmdir í Hvalfirði. Ég hef staðið í þeirri meiningu vegna fyrri fréttatilkynningar, sem ríkisstj. gaf út, að það væri Atlantshafsbandalagið, sem hefði sótt eftir því að gera þessar framkvæmdir, og það væri Atlantshafsbandalagið, sem hefði fengið nú leyfi ríkisstj. til að gera þessar framkvæmdir. Af ræðu hæstv. forsrh. skildist mér hins vegar helzt, að það væri varnarliðið eða Bandaríkjastjórn, sem hefði fengið leyfi til að gera þessar framkvæmdir, því að hann nefndi alltaf varnarliðið í sambandi við þessi mál, en ekki Atlantshafsbandalagið. Og ég vildi gjarnan þess vegna fá það upplýst hjá hæstv. forsrh. til að fyrirbyggja allan misskilning í þessum efnum, hvort það væri frekar Atlantshafsbandalagið eða varnarliðið, þ. e. a. s. Bandaríkjastjórn, sem hefði fengið leyfi til þess að gera þessar framkvæmdir. En þetta hefur að vísu meginþýðingu fyrir heimild ríkisstj. til þess að gera þennan samning, vegna þess að t. d. varnarsamningurinn frá 1951 er samningur milli Íslands og Bandaríkjanna, en ekki milli Íslands og Atlantshafsbandalagsins, og samkv. honum hefur ríkisstj. ekki neina heimild til þess að leyfa Atlantshafsbandalaginu að gera hér sérstakar framkvæmdir. Ef hún leyfir Atlantshafsbandalaginu að gera hér einhverjar sérstakar framkvæmdir, þá þarf hún sérstakan samning til þess að gera það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er um mikið stórmál að ræða, og það er því ofur eðlilegt, að talsverðar umr. verði hér um þetta mál, þó að þær verði að vera utan dagskrár á Alþingi.

Mér sýnist, eins og umr. hafa fallið hér, að í rauninni sé hér um tvö meginatriði að ræða og nokkuð sérskilin. Annars vegar er um lagagildi þessa samnings að ræða, sem gerður hefur verið af hálfu ríkisstj., og um aðstöðu Alþingis í sambandi við þetta mál, en hins vegar er svo aftur um að ræða hinar hernaðarlegu framkvæmdir, sem nú er verið að efna til hér í landinu. Eftir að ég hef hlustað hér á hæstv. forsrh. verja hina lagalegu hlið málsins eða verja afstöðu ríkisstj. varðandi hina

lagalegu hlið, verð ég að segja það, að minn dómur er alveg hiklaust sá, að hæstv. forsrh. hafi fundið það, að hann skorti rök til þess að sannfæra þm. um, að hér væri rétt að farið samkv. lögum. Hæstv. forsrh. reyndi að halda sér við 1. gr. herverndarsamningsins frá 1951 eða það ákvæði í 1. gr. samningsins, sem segir, að Ísland lætur í té land o. s. frv., eftir því sem aðilar koma sér saman um, — að þetta ákvæði í 1. gr. l. veiti ríkisstj. heimild til þess um óákveðinn tíma að semja um kvaðir á íslenzku landi til hins aðila þessa sáttmála, eftir því sem ríkisstj. ákveður á hverjum tíma, án þess að þurfa að spyrja Alþingi um það. Nú er þessi samningur þegar orðinn 14 ára gamall. Ég tel alveg augljóst, að það sé ekki aðeins, að það hljóti að vera efi hjá öllum mönnum um heimild ríkisstj. samkv. þessum ákvæðum um langt árabil til þess að semja um kvaðir á íslenzku landi þrátt fyrir skýlaus ákvæði í stjórnarskránni um annað, það sé einnig hrein móðgun við Alþingi, sem situr að störfum, í jafnmikilvægu máli og hér um ræðir að leita ekki álits Alþingis í slíku máli. Ég held líka, að hæstv. forsrh. hafi fundið þetta í málflutningi sínum, og þá var það, sem hann komst þannig að orði, að ríkisstj., sem að vísu hefði þetta vald, leitaði eftir samþykki stuðningsmanna sinna á Alþingi eða eftir áliti þeirra alþm., sem hún styddist við, og hagaði sínum framkvæmdum síðan eftir því. Nú veit hæstv. forsrh. það manna bezt, að frá lagalegu sjónarmiði í þessum efnum er ekkert til, sem heitir einhver hluti af Alþingi. Annaðhvort ber ríkisstj. að hafa samráð við Alþingi sem heild eða ekki. Það eru ekki aðeins einhverjir nokkrir alþm., sem hún á að hafa samband við um afstöðu til mikilvægustu mála, slíkt er vitanlega ekki til. Slíkt getur hún gert um afgreiðslu minni háttar mála. Og það er meira en lítil hætta í því, ef það á að taka upp þann sið á Alþingi í hinum mikilvægustu málum, að ríkisstj. geti tekið afstöðu til þeirra aðeins með því að bera sig saman við tiltekinn hluta af þinginu. Alþingi er eitt í þessum efnum. Það er að vísu meiri hl., sem ræður, en hann á þá líka að taka afstöðu til málanna eftir þinglegum venjum.

Hæstv. forsrh. sem sagt minntist á það, að ríkisstj. hefði gert þennan samning í samráði við sína fylgismenn á Alþingi, eins og hann orðaði það. En ríkisstj. er að mínum dómi í rauninni að viðurkenna með því að skýra frá þessu, að hún fann það, að hún þyrfti raunverulega á samþykki Alþingis að halda, en gerði það bara ekki formlega. Vitanlega er það fráleit túlkun á l. um herverndarsamninginn frá 1951, að hann veiti ríkisstj. um alveg ótakmarkaðan tíma heimild til þess að semja við erlendan aðila um kvaðir á íslenzku landi og það alveg ótakmarkað. Eins og hér hefur verið bent á, mundi t. d. hæstv. ríkisstj. ekki detta það í hug, að hún hefði vald samkv. þessum samningi til þess að heimila Atlantshafsbandalaginu að setja upp herstöðvar í hverjum firði á Íslandi. Auðvitað veit ég, að ríkisstj. dettur slíkt ekki í hug. Ef ætti að fara að færa út þessar herstöðvar í mjög stórum stíl, mundi ríkisstj. í reyndinni ekki telja sér annað fært en leita formlega til Alþingis í slíku tilfelli. En ég hygg hins vegar, að það, sem hefur ráðið úrslitum um þá leið, sem ríkisstj. valdi í þessu efni, hafi verið það, að hún ætlaði sér að gera á yfirborðinu eins lítið úr þessu máli og mögulegt væri. Hún reynir að halda því fram, að hér sé svo sem ekki um neitt að ræða, það sé, eins og hér hefur verið sagt, aðallega um það að gera, að endurnýja þurfi fjóra olíugeyma og einn vatnsgeymi, sem séu orðnir um 20 ára gamlir, og um þetta þurfi ekki ýkjamikið fjas. En ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. veit mætavel, að hér er um miklu meira mál en svo að ræða, að hægt sé að verja sig með slíkum fyrirslætti.

En það er reyndar gamalt í þessum hernámsmálum að halda einmitt svona á hinum mikilvægustu málum. Þegar Keflavíkursamningurinn var gerður á sínum tíma, 1946, var því haldið fram opinberlega af þeim, sem að þeim samningi stóðu, það var aðalforskriftin í blöðum ríkisstj. þá, að Íslendingar fengju nú fullnaðarvald yfir Keflavíkurflugvelli. Þá loksins áttu Íslendingar að ráða þar einir öllu, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður. Þannig var reynt að blekkja menn um hið raunverulega innihald samningsins og í hvaða átt var verið að stefna. Við vitum, hvernig reynslan hefur orðið. Og þegar þátttaka Íslands var ákveðin í Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma, var því beinlínis lýst yfir, að ekki kæmi til mála að hafa erlendan her á Íslandi samkv. þessum samningi á friðartímum. Hver hefur reynslan orðið? Allir alþm. þekkja það og allir landsmenn sömuleiðis. Og þegar verið var að veita sjónvarpsleyfi á sínum tíma fyrir herliðið á Keflavíkurflugvelli, var því blákalt haldið fram, að það væri útilokað með öllu að sjá þetta sjónvarp nema af þeim, sem væru innan girðingar á Keflavíkurflugvelli. Og síðar, þegar verið var að samþykkja stækkunina, var því blákalt haldið fram hér og það meira að segja af ráðh., að þrátt fyrir margfalda stækkun á stöðinni sæist sjónvarpið ekki lengra en áður hafði verið, það yrði aðeins skýrara innan girðingarinnar þar suður frá. En hver hefur reynslan orðið? Svona hefur alltaf verið reynt í þessum málum að fara að Íslendingum, segja þeim allt annað en það, sem raunverulega lá á bak við. Og nú, þegar er verið að efna til þess að koma upp flotastöð í Hvalfirði, þá er mönnum sagt: Í rauninni er nú bara verið að gera við 20 ára gamla tanka, 4 stykki, það er nú allt og sumt.

Nei, það er ekki það, sem hér liggur á bak við. Hér er um miklu stærra mál að ræða en svo, að það sé aðeins um viðgerðir eða endurnýjun á einhverjum örfáum geymum að ræða. Hér er um það að ræða, hvort á að fallast á þá beiðni, sem Íslendingar hafa verið að neita um leyfi fyrir langan tíma, eins og margsinnis hefur verið upplýst í umr. um þetta mál á Alþingi. Spurningin er sú: Á nú að láta

af fyrri stefnu í þessu máli, hætta við að synja um leyfi til þess að koma upp flotastöð í Hvalfirði, á nú að fallast á það? Og fyrsta skrefið er svo að veita þá heimild, sem ríkisstj. hefur nú samþykkt að veita, aðstöðu til þess að byggja nýja birgðastöð, sem sérstaklega er ætluð fyrir herskip og engin dul er dregin á, að eigi að notast í ófriði eða takast í notkun, ef ófriðlega horfir, og á það að skapa sérstaka aðstöðu fyrir stór og mikil herskip til þess að geta legið þarna eða haft þann útbúnað, sem þau telja sig þurfa að hafa. Þetta hafa þau ekki haft í Hvalfirði. Það er því verið að leggja grundvöllinn að því að gera Hvalfjörð að flotastöð. Það er sannleikur málsins.

Hér er því vissulega um stórmál að ræða, sem ríkisstj. átti, þótt ekki væri nema af siðferðilegum ástæðum, að leggja fyrir Alþingi og láta Alþingi taka afstöðu til. Það er Alþingi, meðan það situr að störfum, sem á að taka afstöðu til hinna þýðingarmestu mála. Og þannig er það líka í flestum lýðræðis- og þingræðislöndum, að það er talin skylda, meðan þingið situr að störfum, að leggja fyrir þingið til afgreiðslu hin stærstu og þýðingarmestu mál, jafnvel þó að gamlar heimildir kunni að að vera til þess, að afgreiða mætti málið með öðrum hætti. En nú veit ríkisstj. mætavel í þessu tilfelli, að um það bil helmingur alþm. a. m. k. vefengir það, að ríkisstj. hafi þessa lagalegu heimild, og hefur krafizt þess áður, að þetta mál yrði lagt fyrir Alþingi. Þrátt fyrir það víkur ríkisstj. sér undan og reynir að gera sáralítið úr málinu og ætlar að reyna að standa á því, að þrátt fyrir skýlaus ákvæði í stjórnarskránni hafi hún rétt samkv. þessum ákvæðum í 1. gr. hernámssamningsins, þá hafi hún heimild til þess að semja um kvaðir á íslenzku landi, hvar sem er á landinu og hversu langt sem liðið er frá þeim tíma, að þessi samningur upphaflega var gerður.

Ég tel, að það sé ekkert um að villast, að hér hafi ekki verið farið að lögum og hér hafi Alþingi verið sýnd alveg ótvíræð lítilsvirðing í meðferð málsins. En það væri ástæða til að spyrja um það, hvernig stendur á því, að nú þykir nauðsynlegt að veita þetta leyfi og skapa þessa nýju aðstöðu í Hvalfirði, hvernig stendur á því, að einmitt nú þykir ástæða til þess að veita þetta leyfi, en það hefur ekki verið gert áður. Hvaða ný viðhorf hafa skapazt, sem kalla á það, að þeir, sem annast varnir landsins, eins og það er orðað, þurfa einmitt á þessu að halda nú, því, sem þeir hafa getað komizt af án síðustu 15 árin, á þessum varnartíma? Hvað er það, sem hefur gerzt? Okkur er almennt sagt, að nú sé útlitið í heimsmálunum með betra móti, nú sé friðvænlegra en um langan tíma áður hefur verið að ræða. Okkur er sagt, að Bandaríkin hafi nýlega tekið ákvörðun um það að leggja niður um 500 herstöðvar á erlendri grund. En einmitt þegar þetta er að gerast, virðist koma hér upp einhver ný nauðsyn til þess að veita hernámsliðinu hér nýja hernaðarlega aðstöðu í landinu, sem það hefur ekki beinlínis þurft á að halda fram til þessa. Hvað er það, sem kallar á þetta? Hæstv. forsrh. sagði í þessu efni og varpaði fram þeirri spurningu: Hvers vegna er friðvænlegra nú en áður? Og hann komst að þeirri niðurstöðu, að nú væri einungis friðvænlegra í heiminum vegna þess, að NATO væri sterkara en nokkru sinni áður, vegna þess að árásaraðilar treystu sér ekki til atlögu við hið sterka NATO. Við erum nú að heyra og lesa í Morgunblaðinu alltaf annað slagið, að það horfi nú ekki allt of vel hjá NATO, það séu jafnvel ýmsir stærstu og þýðingarmestu aðilar að þessu bandalagi að tala um að segja sig úr því og það riði til falls og það sé meiri ágreiningur nú en nokkru sinni áður. Og heldur finnst mér, að þessi röksemd skjóti skökku við það, þegar þess er gætt, að nú um þessar mundir sitja Bandaríkin og aðrir aðilar að NATO að samningum um það að framkvæma, eins og það er orðað, allsherjarafvopnun í heiminum, eyðileggingu á vopnum og vopnabúnaði í stórum stíl. Og þá kemur fram þessi kenning: Friðvænlegt er í heiminum vegna þess, að menn eru nógu sterkir fyrir. Ef menn væru enn á þessari gömlu kenningu, þá ættu þeir ekki að sitja að samningaborði og tala um það að framkvæma allsherjar afvopnun. Þeir menn, sem trúa því, að friðurinn í heiminum verði einungis tryggður með því að hervæða sem mest, byggja upp sem flestar herstöðvar, þeir ættu auðvitað að halda áfram á þeirri braut og vera ekki að tala um hitt í sömu andránni, að þeir ætli að bjarga mannkyninu með því að eyðileggja vopn og leggja niður herstöðvar.

Sannleikur málsins er sá, að þessi kenning um það, að hinn mikli herstyrkur tryggi mönnum frið, sú kenning er orðin úrelt. Hæstv. forsrh. og aðrir gátu notað þessa kenningu og gerðu það alveg óspart fyrir nokkrum árum. En hún er úrelt. Þeir, sem þá höfðu hana mest á lofti, eru hættir að hafa hana á lofti. Þeir hafa tekið upp aðra taktik í þessum efnum. Nei, við Íslendingar, sem ég hélt að hefðum af einlægni tekið undir það, að við fögnuðum því, að reynt er nú að semja um afvopnun, reynt er nú að leysa vandamálin í heiminum á friðsamlegum grundvelli, reynt er nú að leggja niður herstöðvar, fækka þeim, — við eigum vitanlega ekki að gera neitt í þessum efnum, sem fer í bága við þessa stefnu. Við eigum ekki að stuðla að því, að hér sé verið að fjölga herstöðvum á okkar landi og okkar land verði umdeildara hernaðarlega séð en það hefur verið. Slíkt er röng stefna.

Ég held, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi nú gert þennan samning, sem að mínum dómi stenzt ekki lög, þá ætti hún að láta sér það að kenningu verða í sambandi einmitt við þær umr., sem fram hafa farið, bæði nú og áður, um þessi mál hér á Alþingi, að á þennan hátt má ekki standa lengur að þessum mikilvægu málum. Ríkisstj. ber skylda til þess að leggja mál eins og þessi fyrir Alþingi, og alveg sérstaklega þegar Alþingi er að störfum, annars fyrir utanrmn., og Alþingi á að fá fulla að-

stöðu til þess að vega og meta aðstæður allar og taka afstöðu til þess, hvort það á að veita ríkisstj. nýjar heimildir í þessum efnum eða ekki. Vinnubrögð eins og þau, sem hér hafa verið viðhöfð, ber að fordæma, þau eru hættuleg, og það er satt að segja ekki gott að sjá út, til hvers slík vinnubrögð gætu leitt, ef þessi ríkisstj. eða einhver önnur, sem á eftir henni kemur, ætlar sér að nota vafasamar heimildir, vægast sagt, eins og þá, sem hér hefur verið vitnað til, til slíkra viðtækra ráðstafana.

Ég endurtek það sem skoðun okkar Alþb.-manna, að við álítum, að sá samningur, sem hér hefur verið gerður af ríkisstj., eigi ekki við lög að styðjast og hafi því ekki lagagildi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. Að mestu get ég vísað til þess, sem kom fram áðan í minni ræðu. Hann segir, að ég hafi nánast látið eins og mér væri ókunnugt um, hvaða þjónusta hafi verið í Hvalfirði. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Það er kunnugt, hvaða þjónusta hefur verið í Hvalfirði.

Hann segir enn, að það þurfi að gera þessar framkvæmdir, sem nú eru fyrirhugaðar, til þess að sú þjónusta geti haldið áfram, það þurfi að endurnýja eitthvað af geymum, sem hafa verið undanfarið í Hvalfirði. En þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Þetta er ekki aðalatriði málsins, því að ef hér hefði einvörðungu verið um það að ræða að gera þann útbúnað, sem þyrfti, til þess að sama þjónusta gæti verið í Hvalfirði áfram og verið hefur, þá þyrfti ekki að byggja þar nein hafnarmannvirki, engar bryggjur, engin vatnsforðabúr og engin ný legufæri í firðinum. Það þyrfti sem sagt ekki að stíga nein þessi skref, til þess að sama þjónusta gæti verið þar áfram. Og ef hæstv. ríkisstj. vildi ekki, að sú þjónusta væri úr þeim sömu geymum og hún hefur verið, þá hefði það eitt verið látið nægja að veita leyfi til geymabygginganna, en nota þau hafnarmannvirki og þær bryggjur, sem fyrir eru. Hæstv. ráðh. er að reyna hér að komast fram hjá aðalkjarna málsins, sem er raunar nýjar flotaframkvæmdir í Hvalfirði. Þarna er verið að draga athyglina frá því.

Það er sagt: Hér er aðeins verið að endurnýja gamla geyma. En það er alls ekki rétt. Meginkjarni málsins er raunar eins og ég hef leyft mér að draga fram.

Stjórninni er mjög illa trúað í sambandi við þetta mál, eins og vonlegt er, m. a. vegna reynslunnar af sjónvarpsmálinu. Þegar hæstv. ríkisstj. hafði leyft að stækka sjónvarpsstöðina, sem áður hafði verið gert að skilyrði, að væri mjög veik, til þess að hún næði ekki til Íslendinga, var því haldið fram hér á hv. Alþingi af hæstv. utanrrh., að með þessu yrði í raun og veru engin breyting, því að stöðin yrði eftir sem áður svo veik, að Íslendingar mundu ekki hafa gagn af henni. En nú er það upplýst, að þessar upplýsingar voru beinlínis rangar. Enn fremur var því blákalt haldið fram þá úr stjórnarherbúðunum, að varnarliðið gæti ekki haft sjónvarp hjá sér með veikari stöð en þeirri, sem nú væri ráðgerð. En það er líka upplýst nú, að þessar upplýsingar hæstv. ríkisstj. voru rangar, og þessar röngu upplýsingar voru gefnar meðan stjórnin var að koma því í framkvæmd, að varnarliðssjónvarpið gæti náð til manna hér á Suðvesturlandi. Stjórninni er mjög illa trúað í þessu tilliti, sem eðlilegt er. Og það er líka augljóst, að nú er hún að reyna að draga athyglina frá aðalatriði þessa máls, nokkuð hliðstætt því, sem þá var gert.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mætti teljast merkilegt, að þeir, sem að meginstefnu vildu varnir eða vera í varnarsamtökum, skyldu vera ósamþykkir því að bæta við þessum framkvæmdum í Hvalfirði. En ég spyr: Hvers vegna hafa þá allar ríkisstj., sem setið hafa fram að þessu, synjað um flotaframkvæmdir í Hvalfirði? Hvers vegna hafa allar ríkisstj. frá stríðslokum og þ. á m. ríkisstj., sem hann hefur setið í, ekki viljað verða við óskum, sem fram hafa komið um flotaframkvæmdir í Hvalfirði, nýjar framkvæmdir, hvorki smáar né stórar? Það er vitanlega vegna þess, að ríkisstj. hafa fram að þessu talið óeðlilegt að verða við slíkum óskum, þótt Ísland væri í Atlantshafsbandalaginu, alls ekki talið, að Íslandi bæri nein skylda til að leyfa slíkar framkvæmdir í Hvalfirði, þó að við værum í Atlantshafsbandalaginu, og það væri líka óeðlilegt að leyfa þetta. Þessi hefur verið fram að þessu afstaða allra ríkisstj., sem um þessi efni hafa fjallað.

Það er vitanlega fjarstæða að halda því fram, að verunni í Atlantshafsbandalaginu fylgi skylda til að fallast á allt það, sem forráðamenn bandalagsins vilja gera á Íslandi, því að slíkt nær vitanlega engri átt, og Íslendingar eru ekki einir um að hafa þann fyrirvara. T. d. hafa Norðmenn ekki viljað fallast á nándar nærri allar óskir, sem komið hafa fram úr höfuðbúðum Atlantshafsbandalagsins, ekki treyst sér til að fallast á þær sumar, og telja þeir þó, að Atlantshafsbandalagið eigi rétt á sér, og vilja vera þar.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Mér skilst, að hv. 5. landsk. þm. vilji láta líta svo út, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem ég gaf hér um meðferð á þáltill. hans frá síðasta þingi áðan, að þessi meðferð hafi verið eitthvað óvenjuleg. Þess vegna vil ég aðeins bæta við það, sem ég sagði áðan, örfáum orðum.

Það er í fyrsta lagi þetta, að hv. þm., ekki síður en forsetar, hafa áhrif á það, hvaða mál komast til nefndar, með því að draga ekki umr. á frumstigi mála úr hófi fram. Og í öðru lagi geta langar umr. um einstök mál orðið þess valdandi, að önnur mál komist ekki að, og frá síðasta þingi minnist ég nokkurra slíkra mála. Í þriðja lagi geta langar umr. utan dagskrár valdið því, að dagskrármálin komist ekki

til umr., hvað þá meir, og á þessum fundi hv. þd. höfum við gott dæmi um þetta.

Á síðasta þingi komu fram 54 þáltill., sem ekki urðu útræddar, og sýnir það, að það er ekki einsdæmi, þótt þáltill. sú, sem hv. 5. landsk. þm. flutti þá, yrði ekki útrædd. Þetta er engan veginn góð útkoma, það skal ég játa. En ég mótmæli því, að sú útkoma sé skrifuð á minn reikning sem forseta sameinaðs Alþingis, og það vænti ég, að hv. alþm. skilji manna bezt.

Að lokum vil ég biðja þá hv. þm., sem mest segjast bera fyrir brjósti, að þingmál hljóti þinglega meðferð, að íhuga, hvort langar umr. utan dagskrár séu þinglegar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má auðvitað endalaust deila um, hvaða heiti menn vilja velja þessum framkvæmdum, sem nú eru ráðgerðar í Hvalfirði, hvort menn vilja kalla það flotastöð eða eitthvað annað, alveg eins og endalaust má deila um, hvort það sé réttnefni, sem ýmsir hafa kallað þá aðstöðu, sem varnarliðið hefur nú í Hvalfirði. Sú aðstaða hefur verið kölluð flotastöð. Þó að hv. þm. Austf. séu nú ekki alltaf sammála um allt, þeir sem hér hafa talað, þá virðast þeir nú báðir vera í bili sammála um, að það, sem nú eigi að gera, sé flotastöð, en hitt hafi ekki verið flotastöð. Ég veit ekki, hvort þeir hafa sjálfir verið í göngu, sem var frá Hvalfirði fyrir eitthvað 2—3 árum, að því er ég hygg, en a. m. k. hef ég heyrt af flokksmönnum beggja í göngu frá Hvalfirði til Reykjavíkur, sem voru að mótmæla þeirri flotastöð, sem þeir fullyrtu, að þá þegar væri í Hvalfirði. Og hvort sem um þetta mál verður talað langt eða skammt, er enginn eðlismunur á þeim framkvæmdum, sem nú eru ráðgerðar, og þeim, sem þar hafa átt sér stað að undanförnu og verið í skjóli ríkisstj. með þegjandi samþykki Alþingis og ekki síður hv. þm. Framsfl., heldur kannske fremur þeirra en flestra annarra. Þetta liggur í augum uppi. Það verður auðvitað ekki frekar flotastöð eða hættulegt fyrir framtíð þjóðarinnar að geyma olíu í tönkum í Hvalfirði, þó að það sé ekki Olíufélagið h/f eða eitthvert dótturfélag þess, sem eigi tankana, heldur séu það aðrir aðilar, né heldur er hægt að segja, að það sé stórhættulegt fyrir tilveru Íslands, þó að geymt sé vatn í einum tank í Hvalfirði. Er þá farið að leggjast lítið fyrir kappann, þegar slíkt á að vera höfuðsönnun fyrir því, að nú séum við að leggja Ísland í stórhættu og taka upp nýja stefnu í þessum málum. Það, sem þarna er um að ræða, er að koma þessum mannvirkjum, sem þarna hafa verið notuð, í nýtízku horf og þannig, að þau verði að því gagni, sem þeim hefur verið ætlað að vera, allt frá því að varnarliðið fékk þessa aðstöðu, og mun nú vera nokkuð komið á annan áratug, síðan það varð.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að þræta hér almennt um afstöðu manna í varnarmálum eða viðhorf í heimsmálum utan dagskrár. Það er eðlilegt, að það sé rætt með þinglegum hætti, og skal ég því halda mér frá frekari almennum bollaleggingum um þessi efni. Ég vek þó athygli á því, að hv. 5. þm. Austf. gerði í sinni ræðu glöggan greinarmun annars vegar á lagaheimild ríkisstj. og hins vegar skyldu hennar til þess að hafa samráð við þingið um meiri háttar mál, sem hann virtist telja siðferðilega skyldu, en ég vil þó fremur kalla pólitísk hyggindi eða hvernig sem við viljum á það líta. Nú má auðvitað deila um það, hvort þetta sé sérstaklega mikilvægt mál eða ekki, — sú endurnýjun á olíutönkum og annarri aðstöðu, sem hér er ráðgerð, — en það er þó ljóst og varð ljóst þegar í fyrra, að þetta mál veldur miklum pólitískum ágreiningi. Það sannaðist strax og fréttatilkynningin var gefin út í ágúst 1963 og af hinum löngu og ítrekuðu umr., sem áttu sér stað fyrir rúmu ári á Alþingi. Þess vegna var það, að þó að lagaheimild ríkisstj. væri og sé með öllu ótvíræð til samningsgerðarinnar, þá hefur ríkisstj. auðvitað kynnt sér viðhorf þingsins til þessa máls, eins og til annarra mála, sem líklegt er, að verulega pólitíska þýðingu hafi. Það lá fyrir frá því í ágúst í fyrra og frá umr. í fyrrahaust alveg ljóst, hver afstaða hv. Framsfl. og hv. Alþb. í málinu er. Ríkisstj. þurfti ekki að spyrja þá aðila frekar. Þær yfirlýsingar voru skýrar. Þær hafa nú verið ítrekaðar. Hins vegar hefur ríkisstj., vegna þess að hún vildi hafa vaðið fyrir neðan sig, að sjálfsögðu haft samráð við sína menn um, hvort afstaða þeirra væri hin sama og áður, og það hefur komið fram í viðræðum innan flokka, eins og tíðkanlegt er, að svo er. Á undirbúningi málsins hefur því verið hafður venjulegur, þingræðislegur háttur, eins og tíðkanlegt er um málefni, sem stjórnmálaþýðingu geta haft, og Alþingi síður en svo sýnd nokkur lítilsvirðing, vegna þess að skoðanir þingsins voru kunnar frá því í fyrra, skoðanir þingflokkanna allra. Við höfum að vísu nú einungis talað við okkar eigin menn. Við bjuggumst við, að hinir mundu halda fast við sína andstöðu. Ef þeir vilja breyta til og nú fallast á rétt mál, þá sýnist, að við höfum verið of svartsýnir. Við gerðum ráð fyrir því, að þeir mundu halda áfram á sínum villigötum, en við tryggðum okkur, að við höfum engu að síður, þrátt fyrir þeirra blindu, stuðning meiri hluta þings fyrir þessari samningsgerð.

Varðandi lagahliðina ræddi ég hana alveg skýrt áðan. Ég get ekki gefið hv. 5. landsk. þm. skilning, það er annar mér miklu öflugri og æðri, sem ræður þeim skilningi, sem hverjum einum er gefinn, svo að ég skal ekki fara að reyna að gera það, sem mér er ómegnugt. (Gripið fram í.) Jú, jú, röksemdir bíta á þá, sem rök skilja, en ekki á þá, sem fyrir fram hafa lokað sínum skilningi eða hafa hann ekki. En ég skal ekki fara að þræta við hv. þm. frekar um þetta. Ákvæðin eru alveg ljós í sjálfum samningnum, sem fékk lagagildi 1951, og um framkvæmd hans hefur skapazt alveg ótvíræð og hingað til óumdeild venja, þannig að lagalega þarf ekki um þetta að deila.

Hitt er svo allt annað mál, að menn geta haft um þetta og hafa um þetta með eðlilegum hætti, vil ég segja, misjafnar skoðanir, hvað skynsamlegt sé að gera. Við því er ekkert að segja. Það er eðlilegt, að sumir menn séu svo íhaldssamir og langt á eftir sinni samtíð, að þeir haldi, að hið gamaldags hlutleysi sé fullnægjandi. Þannig eru alltaf vissir steingervingar til í öllum þjóðfélögum, og við Íslendingar getum ekki vænzt þess fremur en aðrir að vera lausir við slík fyrirbæri.

Heimild ríkisstj. er sem sagt ótvíræð, og þarf ég þess vegna ekki að svara frekar þeim spurningum, sem hv. 5. landsk. bar fram til mín. Það eru engin rök á móti þeirri heimild, þó að hægt sé að segja, að það mundi þá líka vera heimilt fyrir ríkisstj. að ganga svo langt í beitingu heimildarinnar, að um augljósa misnotkun væri að ræða. Svo er um allar heimildir, að það er auðvitað hugsanlegt, að þeim sé misbeitt, en á þessu ber ríkisstj. ábyrgð, þinglega ábyrgð, stjórnmálalega ábyrgð, og ef hún misfer með vald sitt, getur Alþingi tekið í taumana. Og þannig stendur á varðandi þessar framkvæmdir, að ef Alþingi er á annarri skoðun raunverulega, er engu til hætt, því að hægt er að stöðva framkvæmdir með því að segja varnarsamningnum upp. Þá er ljóst, að í þær mundi ekki verða ráðizt, og Alþingi hefur heimild til þess, ef það kýs að hafa þann hátt á.

Hv. 5. landsk. spurði mig einnig um það, hvenær í þessar framkvæmdir yrði ráðizt. Það mun verða komið undir nánari samningum milli ríkisstj. íslenzku og Bandaríkjastjórnarinnar, sem þessi samningur er gerður við. Og kem ég þá að því, sem hv. 5. þm. Reykv. spurði um, hvort samningurinn væri gerður við Bandaríkjastjórn eða varnarliðið eða við Atlantshafsbandalagið. Hann er gerður við Bandaríkjastjórn. Það má segja, að hann sé eins og sjálfur varnarsamningurinn gerður við Bandaríkjastjórn fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins. Þessar framkvæmdir eru í samræmi við framkvæmdaáætlun Atlantshafsbandalagsins, þannig að önnur aðildarríki standa að verulegu leyti undir kostnaði við þessa framkvæmd, vegna þess að talið er, að það séu allsherjar not og allsherjar þörf fyrir þessa framkvæmd ýmsum öðrum fremur. Íslendingar hafa hins vegar ekki viljað taka á sig nein útgjöld af þessari framkvæmd fremur en öðrum. Bandaríkin hafa tekið að sér varnir landsins og þar með á sig skuldbindinguna til að standa undir þessum útgjöldum eins og öðrum, sem eru af vörnum landsins, og þar af leiðandi er þessi tiltekna samningsgerð við Bandaríkin gerð, en segja má, að þau komi þar beinlínis fram fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, eins og þau gerðu raunar varðandi sjálfan varnarsamninginn 1951. Það var gott, að þessi spurning kom fram frá hv. 5. þm. Reykv., vegna þess að það var ljóst, að hann taldi, að lögmæti samningsins mundi velta á því, og er þá ljóst eftir það, sem hér er upplýst, að hann er ekki sammála hv. 5. þm. Austf. um, að þessi samningsgerð sé út af fyrir sig ólögmæt, eins og til hennar sé stofnað. Hitt er svo allt annað mál, að menn geta verið á móti samningnum vegna þess, að þeir telji, að hann sé ástæðulaus eða óhyggilegur.

Þá er vitnað til þess, að einkennilegt sé, að slíkur samningur sé gerður hér, samtímis því sem verið sé að leggja niður erlendar herstöðvar víðs vegar. Þá er á það að líta, að við höfum sjálfir ekki neinar eigin varnir, og þegar menn t. d. bera saman aðstöðu okkar og aðstöðu Norðmanna, skulum við hafa það í huga, að Norðmenn hafa sínar eigin varnir og leggja á sig mjög verulegan kostnað til þess að halda uppi vörnum. Við aftur á móti höfum engar eigin varnir. Ef við aftur á móti hefðum einhverjar eigin varnir, er vafalaust, að framkvæmd slík sem þessi varúðarráðstöfun, miðuð við, að ófriður kynni skyndilega að brjótast út, og til að gera það óliklegra, að svo yrði, og án þess að í því felist nokkur ögrun við neinn annan aðila eða möguleiki til árásar á hann, — slík framkvæmd mundi vafalaust vera ein sú fyrsta, e. t. v. sú allra fyrsta, sem við sjálfir réðumst í, ekki sízt þar sem það er ljóst, að svo mikil áherzla er á það lögð af okkar bandamönnum, að þessi framkvæmd sé gerð, að hún er á þeirra allsherjar framkvæmdaáætlun, ekki þannig, að þeir geti ákveðið það fyrir okkar hönd, það erum við, sem höfum úrslitaráðin, en þeir hafa sannfært okkur um, að eftir atvikum er þessi endurnýjun tankanna nauðsynleg og eðlileg, til þess að hægt sé að segja, að varnir Íslands séu í skaplegu horfi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. Það er rétt, að það er margrætt. Í því hefur ekkert nýtt komið fram í þessum umr. umfram það, sem kom fram í umr. á síðasta hv. Alþingi. Ef menn vilja færa frekar sakir á ríkisstj. fyrir þessa samningsgerð, koma fram á henni ábyrgð, er hægurinn hjá að gera það með þinglegum hætti, hvort sem menn vilja með vantrauststill. eða sjálfstæðri yfirlýsingu af þingsins hálfu, og ég skal til að fyrirbyggja allan misskilning um það beita mér fyrir og reyna að hafa áhrif á, að slík till. fái skjótan framgang í þinginu, þannig að um hana verði greidd umsvifalaust atkv., þegar þá hv. flm. og fylgjendur málsins hafa lokið sínum ræðum til að skýra sitt mál, svo ósennilegt sem það er órökstutt.

VI. Stóriðjunefnd.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., utan dagskrár, mælti

forseti (BF): Hv. 5. þm. Austf. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár, en ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. alþm. á því, að til þessa fundar er fyrst og fremst boðað til þess að koma áleiðis þeim málum, sem á dagskránni

eru. Þó mun ég gefa hv. 5. þm. Austf. orðið utan dagskrár í því trausti, að það mál, sem hann innleiðir, eða sú ræða, sem hann heldur, leiði ekki til allt of langra umræðna.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í fréttatilkynningu í Alþýðublaðinu, sem birtist í dag, er skýrt frá því, að ríkisstj. hafi nú nýlega skipað 7 alþm. í nefnd í svonefndum stóriðjumálum til þess að athuga sérstaklega um hugsanlega stórvirkjun og byggingu alúmíníumverksmiðju í því sambandi. Í þessari fréttatilkynningu er frá því skýrt, að samkv. ósk ríkisstj., eins og segir í blaðinu, hafi lýðræðisflokkarnir þrír, Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl., fengið tækifæri til þess að skipa menn í þessa nefnd. Mér var vel kunnugt um, að það var á döfinni, að slík n. sem þessi yrði skipuð. Hæstv. iðnmrh. hafði haft samband við mig fyrir hönd okkar Alþb.-manna nokkuð um þetta mál og sagt okkur þá m. a. frá því, að í ráði væri að skipa slíka nefnd sem þessa. Við höfðum í tilefni af því sett fram eindregna ósk og ákveðna kröfu um það, að menn frá þingflokki Alþb. ættu þarna jafnan rétt á við þm. úr öðrum þingflokkum, til þess að eiga sæti í þessari n., sem ynni að athugun fyrir Alþingi í jafnmikilvægu máli og hér er um að ræða. Og ráðh. tók málið til nánari athugunar. En þessi fréttatilkynning, sem hér er nú birt í Alþýðublaðinu, virðist vera staðfesting á því, að ríkisstj. hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að það ætti að ganga fram hjá einum þingflokknum í þessu máli, það ætti að synja þeim flokki um rétt til þess að fylgjast með undirbúningi þessa stórmáls. Ég hlýt því að mótmæla með hinum hörðustu orðum slíkum vinnubrögðum sem þessum, og það því fremur sem um jafnstórt og veigamikið mál er að ræða eins og það, sem hér er um að ræða.

Fyrir Alþingi hefur legið þáltill. um það, að Alþingi kysi 7 manna nefnd til þess að kynna sér öll gögn þessa máls og fá að fylgjast með framhaldsundirbúningi málsins. Og það hafa komið hér fram á Alþingi hvað eftir annað óskir um það frá alþm., að Alþingi fengi að fylgjast betur með þessu máli en raun hefur verið á. Ríkisstj. hefur haft málið í sínum höndum eða í höndum sérstakrar nefndar, sem hún hafði valið, í 3½ ár, hygg ég. En nú er sem sagt orðið við þessum kröfum, en þá á þennan hátt, að þáltill., sem hér liggur fyrir Alþingi, er ekki afgreidd, heldur látin liggja, en ríkisstj. bregður á það ráð að skipa 7 manna nefnd til þess að koma í veg fyrir það, að sá þingflokkur, sem á tvímælalaust þingræðislegan rétt til þess að eiga mann í 7 manna nefndum, geti fengið að fylgjast með jafnþýðingarmiklu máli eins og hér er um að ræða. Hæstv. forsrh. hefur tilkynnt það hér í ræðu, sem hann hefur haldið, þar sem hann hefur drepið á þessi mál, að hann teldi einmitt, að þessi mál væru langsamlega veigamestu málin, sem Alþingi það, sem nú situr, þyrfti um að fjalla. Og ég býst við því, að það sé nokkuð nærri lagi. Við vitum, að hér er um það að ræða, hvort Íslendingar eigi að ráðast í stærri raforkuvirkjun en hér hefur verið rætt um að ráðast í áður, — virkjun, sem talið er, að muni kosta 1100—1200 millj. kr. og mundi að sjálfsögðu hafa mikil áhrif á það, hvernig verður í framtíðinni með raforkuverð. En það hefur einnig mikið að segja í þessum efnum, hvernig á að fara með þessa raforku, hvort það á að gera einhvern fyrirframsamning um ráðstöfun á henni til lengri eða skemmri tíma. Í slíkum málum sem þessum, eru að jafnaði lögð fram löng og mikil álit sérfræðinga, sem hafa unnið að athugun málsins um langan tíma. Slíkt álit er vitanlega ekki hægt að kynna sér til neinnar hlítar í stuttri þingmeðferð á málum, en það er að jafnaði gert einmitt í slíkum undirbúningsnefndum eins og þeirri, sem hér er verið að skipa. Það er líka skiljanlegt, að við undirbúning slíkra mála sem þessara þarf að yfirheyra sérfræðinga, spyrja þá um marga hluti og hlusta á þeirra svör. Það er því beinlínis að ganga á hlut þm. og þingflokka, þegar þannig er á málum haldið í slíkum stórmálum sem þessu, að þeim er ekki gefinn kostur á því eftir eindreginni ósk að fá að eiga mann í slíkri undirbúningsnefnd sem þessari.

Ég hlýt því hér við þetta tækifæri að mótmæla því harðlega, að svona er á málunum haldið. Auk þessa koma svo jafnveigamiklir þættir inn í þetta mál eins og samningar við erlenda aðila um atvinnuréttindi og aðstöðu í því sambandi í landinu, svo að full ástæða er einnig til, að allir þingflokkar fái að koma sínum sjónarmiðum að í sambandi við undirbúning málsins. Þá ber vitanlega að hafa það í huga, að í þessum efnum hefur Alþingi enn enga ákvörðun tekið. Alþingi hefur enn enga ákvörðun tekið um það, hvorki hvort í þessar framkvæmdir skuli ráðast né hvernig. Sú nefnd, sem því er skipuð nú, er undirbúningsnefnd í málinu, og geta eðlilega öll sjónarmið komið fram. En það eru vitanlega engin rök að halda því fram: Þessi mun verða á móti málinu, af því hefur hann ekkert inn í nefndina að gera. Slíkt eru vitanlega óþingræðisleg vinnubrögð í mesta máta. Og ef þannig á að halda á þessu máli, mun það hefna sín grimmilega í sambandi við afgreiðslu annarra mála á Alþingi. Ef á að reyna að troða þannig á þingmannsréttindum heilla þingflokka, þá verður það ekki þolað með þögninni.

Ég vil nú alveg sérstaklega í tilefni af því, sem þegar hefur gerzt í þessu máli í sambandi við þessa frétt, sem birzt hefur í Alþýðublaðinu, leyfa mér að skora alveg sérstaklega á hæstv. forsrh., að hann hlutist til um það, hafi þessi ákvörðun verið tekin, að hún verði tekin til endurskoðunar og þingmannsréttur okkar Alþb.-manna verði ekki brotinn á jafnherfilegan hátt eins og hér er sýnilega stefnt að, því að það er ekkert um það að villast, það þýðir ekki að vera með nein undanskot í máli eins og þessu, að hér sé aðeins um að ræða n., sem

ríkisstj. er að skipa. Hún er að skipa hér n. alþm. til þess að fjalla um mál, sem Alþingi á eftir að taka ákvörðun um, og till. hafa legið hér fyrir Alþ. um það, að Alþ. kysi þessa sérstöku n., og hefði Alþ. kosið n., áttum við hér fullan þingræðislegan rétt á því að eiga mann í n. Ég verð að segja, að það er einkennilegt pukur, sem virðist þurfa að vera í sambandi við þetta mál, ef það þarf að vinna þannig að undirbúningi þess, að það þarf að halda ákveðnum hópi alþm. þar fyrir utan, ef dagsljósið má ekki skína á þetta mál.

Ég ítreka svo og þarf ekki að hafa mitt mál lengra að þessu sinni, — ítreka svo óskir mínar til hæstv. forsrh. sem forustumanns í ríkisstj., að hann sjái um það, hafi þessi ákvörðun verið tekin, sem Alþýðublaðið skýrir frá, á þennan hátt, þá verði hún tekin til endurskoðunar og réttur okkar Alþb.-manna verði ekki fyrir borð borinn á þann hátt, sem hér hefur verið greinilega stefnt að.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég harma það, að hv. 5. þm. Austf. skuli ekki hafa haft samband við hæstv. iðnmrh., svo að hann gæti fengið upplýsingar hjá honum um málið, hvort heldur hér á fundinum eða utan fundar. Það er síður en svo ætlun ríkisstj. að halda nokkurri launung yfir þessu máli eða reyna að koma í veg fyrir það, að Alþb. fái að fylgjast með því, sem í því hefur gerzt og kann að gerast. Og hæstv. iðnmrh. hefur einmitt átt tal við hv. þm., fyrirspyrjanda, um það, hvernig bezt væri að koma því við, að Alþb. fylgdist með málinu. Það mun vera rétt, að hv. þm. lét uppi ósk um það, að flokkur hans fengi fulltrúa í þessari n. En hann var að því spurður, hvort það gæti komið til greina, að hans flokkur yrði með því að samþykkja samningsgerð við erlenda aðila um alúmíníumverksmiðju hér. Og hv. þm. mun hafa lýst því yfir við hæstv. iðnmrh., að það kæmi ekki til neinna álita, að þingflokkur hans yrði með þessu, um það væri ekki að ræða.

Nú er þessi sérstaka nefndarskipun ætluð til að kanna það mál, hvort þingflokkur geti á það fallizt, að slíkur samningur verði gerður. Enginn þingflokkur hefur tekið ákvörðun um slíka samningsgerð, en þrír þingflokkar hafa talið málið þess vert, að það væri skoðað ofan í kjölinn, hvort þvílíkan samning ætti að gera. Fjórði þingflokkurinn hefur hins vegar nú þegar tekið ákvörðun um það að verða með öllu á móti málinu. Hann hefur því fyrir fram klofið sig frá þeirri athugun, sem nú á að fara fram. Ég get ekki séð, að það sé eðlilegt, að hann taki þátt í þeirri athugun, ef það er rétt, sem hæstv. iðnmrh. skildist á hv. 5. þm. Austf., að Alþb. væri þegar staðráðið í því að vera undir öllum kringumstæðum og hvað sem upplýstist í málinu á móti því, að þessi samningur yrði gerður. Þá er hans afstaða slík, eins og þegar búið er að kljúfa nefnd, þá starfa nefndarhlutar ekki saman. Byggt á þessu virtist okkur það eðlilegasta vera, að Alþb. tilnefndi fulltrúa til þess að fylgjast með málinu og eiga um það viðræður við hæstv. iðnmrh. jafnóðum og fá upplýsingar um allt, sem gerðist, þannig að engu væri fyrir þeim haldið leyndu og þeir ættu kost á því, eins og ég segi, jafnóðum að fá upplýsingar, sem fram koma. En það mundi einungis verða til tafar og að engu gagni, að þeir tækju þátt í að athuga þá ákvörðun, sem þeir þegar eru búnir að taka. Ef þetta er misskilningur og þeir hafa enn opinn huga í málinu og vilja taka þátt í efnisathugun þess, þá horfir málið öðruvísi við. En það verður þá að liggja fyrir, að þeir hafi opinn hug og séu ekki fyrir fram ákveðnir. Ef þeir eru búnir að taka sína ákvörðun, er þýðingarlaust fyrir þá að skipa menn til þess að rannsaka málið og komast að niðurstöðu, sem þeir þegar hafa fundið.

Nú hafði iðnaðarmrh. ætlað sér að tala um þessa málsmeðferð við hv. þm., áður en störf væru tekin upp að málinu, og ríkisstj. á engan þátt í þeirri birtingu fréttar, sem er í Alþýðublaðinu, og ég hef ekki séð hana. Það er engin fréttatilkynning komin frá ríkisstj. um málið, og ætlun okkar var, að málsmeðferð yrði rædd við formann Alþb. eða formann þingflokks Alþb., áður en störfin hæfust. En ég held, að það hljóti allir að vera sammála um, að það sé þýðingarlaust fyrir þá að taka þátt í störfum að athugun, sem þeir þegar hafa framkvæmt og eru komnir að óhagganlegri ákvörðun um, eftir því sem iðnmrh. skildi hv. þm.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við Alþb.-menn erum ekki að biðja um neina náð í þessu sambandi, heldur erum við að heimta okkar rétt. Það er okkar réttur að fá að hafa mann í nefnd, sem skipuð er 7 alþm., og það er aðeins krókaleið til þess að komast hjá því, ef það á að fara að skipa það þannig, að það séu skipaðir af hálfu ríkisstj. 6 menn og svo einn ráðh. sem oddamaður. Það er satt að segja hálfundarlegt að vera að halda því fram, að það, hvaða skoðanir menn hafi á þessum málum, eigi að ráða því, hvernig sé skipað í nefnd eða ekki. Það er fyrir Alþingi og þjóðina í heild nauðsynlegt, að þessi mál séu athuguð í nefnd frá öllum hliðum og þeir menn, sem eru á móti því, að erlent auðvald nái tökum hér á Íslandi, þeir eigi fulltrúa í slíkri nefnd líka, en að aðrir, sem álíta, að slíkt væri heppilegt, séu þar ekki einir. Það er þess vegna alveg tvímælalaust, að frá hagsmunum þjóðarinnar séð og frá heiðri Alþingis séð á að skipa svona nefnd fulltrúum Alþingis án tillits til þess, hvaða skoðanir þeir hafa. Ef það á að fara að taka upp einhverjar utangarðsreglur að nýju, þá hefur það aldrei reynzt Alþingi vel fram að þessu, og ég held, að það reynist ekki heldur núna. Ég held, að það sé bezt fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga undireins sinn gang í þessu.

Hæstv. forsrh. sagði, að hér ætti ekki neinu að leyna. Ég skal þá gefa smáupplýsingar, af því að það vill þannig til, að ég á sæti í nokkrum nefndum, sem hafa með vissa hluta af þessu máli að gera, bæði fyrir hönd ríkisstj.,

Alþingis og Reykjavíkurborgar. Og ég sé ekki betur en það sé ýmislegt á ferðum, sem eigi að leyna þjóðina. Ég er fulltrúi í Sogsvirkjuninni fyrir Reykjavíkurbæ. Það hefur ekki verið haldinn fundur í henni, sem ætti þó að láta það nokkuð varða sig, um Búrfellsvirkjun og annað slíkt í allmarga mánuði, ef ekki meir en ár. Ég er fulltrúi Alþingis í raforkumálanefnd, þar sem talað var um fyrir nokkru að fara að ræða þetta mál, og síðan hafa engir fundir verið haldnir þar. Ég var skipaður í sumar af hálfu hæstv. ríkisstj. í sérstaka landsvirkjunarnefnd, 10 manna, þar sem átti að ræða um landsvirkjun hjá Búrfelli, og menn geta haft mismunandi skoðanir á Búrfelli og virkjuninni þar, hvort sem menn eru með eða móti útlendu auðvaldi, þannig að það mál kemur alveg jafnt til kasta manna, hvaða skoðanir sem menn hafa á slíku.

Það voru haldnir fundir í sumar, 2—3, í þessari nefnd, og síðan hefur það verið stöðvað. Og af hverju hefur það verið stöðvað? Af því að tæknilega séð liggur það nú þegar fyrir, að Búrfellsvirkjunin er hreinasta vitleysa að leggja í án frekari rannsókna. Og af því hafa þeir menn, sem þarna eiga sæti og hafa þarna forustu, og þar með hæstv. fjmrh. sem formaður n., þeir hafa ekki treyst sér til þess að kalla saman fund í þessari nefnd aftur. Það mundi þá hafa verið óskað eftir því, að þeir menn, sem hæstv. ríkisstj. fékk til þess að athuga hér ýmislegt viðvíkjandi ísalögum og öðru slíku í sambandi við okkar fallvötn, norskir sérfræðingar, sem hingað komu og rannsökuðu þessi mál í haust, — það mundi hafa verið óskað eftir því, að þeir yrðu látnir segja sínar skoðanir á þessu, vegna þess að það er vitað, að þeir hafa þegar lýst því yfir, að Búrfellsvirkjun sé dýrasta virkjun, sem Ísland getur lagt í. En það á að leyna þjóðina þessum hlutum, því að það er verið að fara með menn út í hreina vitleysu þarna. Það á að reyna að útiloka alla þá, sem eru með opin augun og vilja gagnrýna þetta, frá því að geta komið þarna nærri og frá því að geta sett fram sínar spurningar. Síðan á að marka þessi mál innan þröngra vébanda og koma með þau sem fullgerðan hlut fram fyrir Alþingi. Ég þekki allt of vel af langri reynslu meðferð slíkra mála, til þess að ég noti ekki tækifærið til þess að vara bæði Alþingi og þjóðina við því, sem þarna er að gerast. Þau myrkraverk, sem tæknilega séð er þarna verið að undirbúa og menn ætla að vera komnir svo langt með, að búið sé að semja um þau erlendis, áður en Alþingi fær raunverulega nokkuð að segja, — þau verður að afhjúpa, og þess vegna er nauðsynlegt að ræða þessi mál í tíma.

Ég skora ekki síst á hæstv. raforkumálaráðh. að koma hér með yfirlýsingar frá þeim sérfræðingum, sem hérna voru, um útlit fyrir virkjun í Búrfelli og leggja þær fram. Það er ekki til neins að eiga að vera trúnaðarmaður ríkisstj., Alþingis og Reykjavíkurborgar í mismunandi nefndum og horfa síðan upp á það, að öll störf allra þessara nefnda eru stöðvuð, þegar málið er komið á þetta stig, sem núna er, af því að það er verið að reyna að pína þarna fram ákvarðanir á bak við tjöldin, án þess að þær fáist ræddar opinberlega.

Svo verð ég að segja það, og það datt mér satt að segja ekki í hug fyrr en í dag, að mig fór að gruna margt, þegar ég sá Alþýðublaðið í morgun, þegar það var allt í einu komið upp, að sú gamla afturganga, lýðræðisflokkarnir þrír eru nú farnir að setja menn í að athuga sérstaklega undirbúning að því að fá erlent auðvald inn í landið. Hvað þýðir: lýðræðisflokkarnir þrír? Hvað dettur manni í hug, undireins og minnzt er á þetta? Jú, manni dettur í hug hernám, hermang, sölunefnd setuliðseigna, allt þess háttar svínarí, sem þolir ekki dagsljósið, það, hvernig menn skipta á milli sín bak við tjöldin hinum og þessum gróða, sem hvergi kemur fram til skatts, og láta hann renna eftir ýmsum brautum til hernámsflokkanna þriggja. Ég hef sjálfur flutt hér áður till. um að rannsaka starfsemi sölunefndar setuliðseigna, en aldrei fengizt neitt í gegn. Á þessi n., sem nú á að skipa, að verða eitthvað í þá áttina, að það fáist ekki einu sinni rannsókn á því, hvernig hennar undirbúningur hafi verið í sambandi við samningana og annað slíkt? Eða á þetta að merkja, að það sé verið að undirbúa að koma upp nýjum Keflavíkurvelli? Á að fara að koma upp nýjum Keflavíkurvelli hérna rétt í nánd við Reykjavík, einhverju sérréttindasvæði hentugu fyrir smygl eða eitthvað þess háttar, sem á að undirbúa? Það er bezt, að hlutirnir fari að koma alveg fram í dagsljósið, þegar farið er að vinna svona að þessum málum. Er það eitthvert samkomulag eins og Aðalverktakar eða eitthvað þess háttar? Þegar við heyrum talað um þetta, samstarf lýðræðisflokkanna þriggja, og þeir eigi að vera þarna, þá vitum við fyrir fram, að það er eitthvert svínarí, sem á að fara að gera.

Framsfl. — það er ekkert undarlegt, að hann komi þarna inn. Að vísu var hann að gefa ákaflega fagrar yfirlýsingar fyrir nokkru og sérstaklega formaður hans, og einu sinni datt mér í hug að treysta þeim, að sá flokkur væri á móti því að vera að fá erlent fjármagn inn í landið. Hins vegar hefur maður þá reynslu, að sá flokkur er alltaf á uppboði, svo að ég býst við, að það muni vera búið að bjarga honum núna með þessa hluti, og ég óska ríkisstj. til hamingju með það og allt það þokkalega, sem í sambandi við það stendur. Mér skilst, að það sé búið að kaupa Framsfl. til þess að vera með í þessu. Og það er náttúrlega ákaflega ánægjulegt fyrir okkur, að það skuli ekki aðrir eiga að vera í svona nefnd en þeir, sem sé hægt að kaupa. En hvort það sé jafnheppilegt fyrir þjóðina, það gegnir aftur á móti öðru máli. Mér sýnist sem sé verið að undirbúa þarna eina nefndina enn þá, sem muni ekki þola að sjá dagsljósið.

En það er annað, sem er vert að menn geri sér alveg ljóst í þessu sambandi. Um hvað á að semja þarna? Það á að semja um að fá erlendan auðhring hér inn í landið, sem á að koma upp stærsta og ríkasta fyrirtæki, sem til verði í landinu. Það á að fá erlendan auðhring hingað, sem ef framhald verður á þessu kemur til með einn saman að eiga meira í fyrirtækjum á Íslandi heldur en allir íslenzkir atvinnurekendur í sjávarútvegi til samans. Það á að semja við einn atvinnurekanda, sem verður ekki aðeins ríkastur allra atvinnurekenda á Íslandi, heldur ríkari en allir aðrir til samans. Það á að semja á þeim grundvelli við þennan aðila, að hann á að fá sérréttindi eins og aðalsmenn í Frakklandi í gamla daga, sérréttindi fram yfir alla íslenzka atvinnurekendur. Ég efast ekki um, að hann eigi að fá raunverulegt skattfrelsi. Ég gæti trúað, að hann ætti líka að fá raunverulegt tollfrelsi, og ég gæti trúað, að það ætti að tryggja honum allmörg fleiri sérréttindi. Á kannske að fara að semja við þennan erlenda auðhring eins og hann væri erlent ríki? Á að fara að veita honum með einhverjum milliríkjasamningi rétt til þess, að hann verði ekki skattlagður í framtíðinni á sama máta og aðrir atvinnurekendur á Íslandi? Á að fara að gera milliríkjasamning við eitt erlent félag eins og það væri eitthvert erlent ríki, sem í hlut ætti? Það er bezt að við spyrjum, og það væri æskilegt, að það væri svarað einhverju, þegar svona hlutir eru að gerast. Og má ég þá spyrja: Er meiningin að semja við þennan erlenda atvinnurekanda þannig, að hann kannske fyrir utan visst skattfrelsi og visst tollfrelsi og viss sérréttindi fram yfir alla atvinnurekendur á Íslandi eigi líka að fá sérstök réttindi gagnvart íslenzkri verkalýðshreyfingu, þannig að þessi maður eða þessi hluthafi, þetta hlutafélag heyri ekki undir íslenzka vinnulöggjöf? Á að semja þannig, að allur sá réttur, sem íslenzkur verkalýður hefur áunnið til þess að heyja sína kaupgjaldsbaráttu og til þess að knýja fram í samningum við atvinnurekendur ýmsa hluti, sem knúðir hafa verið fram á undanförnum árum, það komi ekki þessum atvinnurekanda við? Á að semja þannig við þennan atvinnurekanda, að ef verkalýðshreyfingin semur við íslenzka atvinnurekendur um, að það skuli greiða 6%, 7%, 10% í orlof, þá skuli hann ekki heyra þar undir? Á að semja við hann um það, að ef íslenzk verkalýðshreyfing semur við íslenzka atvinnurekendur um, að það skuli leggja á launaskatt, og ríkisstj. undirskrifar það, þá skuli hann vera undanþeginn honum? Á að semja við þennan aðila um það, að allt, sem íslenzk verkalýðshreyfing kann að gera á næstu 25 árum í samkomulagi við íslenzka atvinnurekendur og íslenzka ríkisstj., það skuli ekki gilda fyrir hann, ríkasta atvinnurekandann á Íslandi? Ef hæstv. ríkisstj. og sá nýi meiri hluti Alþingis hugsar sér, að hægt sé að gera einhverja þess háttar samninga, án þess að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar komi þar nærri, og gera það bak við þá og útiloka þá fyrir fram frá því að reyna að koma í veg fyrir svona hluti, þá eru menn orðnir blindaðri en ég hélt.

Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en sem svo, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið í sambandi við þá nýju hernámsstefnu, sem nú skal upp taka og kannske yrði kennd við Straumsvík í staðinn fyrir Keflavík, að hún hafi ákveðið að kasta hanzkanum til íslenzkrar verkalýðshreyfingar, íslenzk verkalýðshreyfing skuli líta svo á héðan af, að hún skuli vera utan garðs.

Ég hef satt að segja hingað til haft þá trú á skynsemi manna í stjórnarflokkunum og þeim tilvonandi stjórnarflokki, Framsfl., að það þyddi eitthvað að tala við þessa menn með rökum og þegar verið væri að athuga mál í n. eins og 7 manna n. frá Alþingi, skipaðri alþm., þá þyddi það eitthvað að koma fram með rök, þótt menn væru á móti útlendu auðvaldi, þá væri hægt að sýna mönnum fram á t. d., að eitthvað væri rangt í Búrfellsvirkjun eða vitlaust væri að gefa útlendu auðvaldi þessi og þessi stórkostlegu sérréttindi á Íslandi. Og ég hef haldið, að það hefði einhver áhrif, að menn, sem hafa opin augu fyrir slíku, en loka þeim ekki, ættu fulltrúa í slíkri nefnd til þess að reyna að koma viti fyrir þá menn, sem eru að láta blindast. En það verður náttúrlega hæstv. ríkisstj. sjálf að ákveða, hvað henni finnst. Íslenzk verkalýðshreyfing mun náttúrlega taka afleiðingunum af því. Það er greinilegt, að hverju er stefnt. Það hefur áður verið reynt á Alþingi og það af þeim þrem lýðræðisflokkum, sem nú eiga að skipa þessa nefnd, að setja verkalýðshreyfinguna utangarðs á Alþingi, og því lauk svo, að það var sú ríkisstj. og sú stjórnarsamsteypa, sem að því stóð, sem varð að fara, en ekki verkalýðshreyfingin.

Fyrir mér er þetta hitamál, vegna þess að ég veit m. a., að hér hefur verið dreift meðal þm. plöggum, þar sem eru mjög villandi og einhliða upplýsingar og áróður frá hálfu þeirra manna, sem vinna að því að reyna að fá útlent auðvald hér inn í landið og það í svo ríkum mæli, að það yfirgnæfi alla íslenzka atvinnurekendur. Og mér er það fyllilega ljóst, svo harðvítuglega sem við, sem nú erum í Alþb., börðumst gegn því að fá hernámið hér yfir landið, þá er innrás þessa útlenda auðvalds enn þá hættulegri fyrir efnahagslegt sjálfstæði Íslands og íslenzkt þjóðerni heldur en nokkurn tíma hernámið hefur reynzt. Þess vegna er bezt, að menn frá upphafi geri sér alveg ljóst, hve harðvítuglega muni verða um þetta mál barizt. Við vitum það ósköp vel, og ég vona, að það sé ekki leyndardómur hér fyrir neinn, að það er meiningin skv. þessum samningi að stórhækka allt rafmagn til allra neytenda á Íslandi, og ég hef séð því haldið fram í sumum blöðum í blekkingarskyni, að það ætti að tryggja með þessu eitthvað ódýrara rafmagn en ella. Það er nauðsynlegt, að þetta mál verði rætt og það nú þegar, ekki sízt ef það á að fara að stíla upp á svona undirbúning að því. Þegar lýðræðisflokkarnir

þrír, þegar hernámsflokkarnir þrír ætla að fara að sameinast um það að innleiða nýtt efnahagslegt hernám yfir landið, nýja spillingu og allt, sem því fylgir, allt það, sem þolir ekki dagsins ljós, þá er bezt, að baráttan út af því sé tekin upp nú þegar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð til þess að skýra það, sem Framsfl. hefur framkvæmt í þessu máli, síðan það var síðast hér til umr., og í sambandi við þá nefndarskipun, sem rædd hefur verið.

Eins og hv. þm. er kunnugt, var útbýtt til þeirra nokkrum gögnum varðandi rannsóknir, sem átt höfðu sér stað í þessum málum, bæði varðandi virkjanir og hugsanlega alúmíníumverksmiðju. Þetta var þm. afhent, ef ég man rétt, annaðhvort í byrjun desember eða seint í nóvember, og þingflokkur framsóknarmanna gerði svofellda ályktun um þetta efni 7. des., sem send var í bréfi til hæstv. iðnmrh.:

„Á fundi í þingflokki framsóknarmanna í gær, 7. des., var gerð eftirfarandi samþykkt:" — Ég skal taka það fram, að við vildum, að þetta kæmi fram strax þá frá okkur til hæstv. ríkisstj., áður en nokkuð frekar yrði afhafzt í þessum málum en búið var að setja í þær skýrslur, sem þá lágu fyrir. — „Í tilefni af bréfi iðnmrh., dags. 23. nóv. s. l., og skýrslum og grg. þeim, er því fylgdu, tekur þingflokkur framsóknarmanna þetta fram:

1. Flokkurinn telur aðkallandi að hraða svo sem unnt er virkjunarframkvæmdum til að bæta úr rafmagnsskorti í landinu.

2. Flokkurinn telur rétt, að athugaðir séu í sambandi við stórvirkjun möguleikar á því að koma upp alúmíníumverksmiðju. Jafnframt leggur flokkurinn á það megináherzlu, að hann telur, að slíkri verksmiðju beri, ef til kemur, að velja stað með það fyrir augum, að starfsemi hennar stuðli að jafnvægi í byggð landsins.

3. Flokkurinn leggur til, að þingkjörin nefnd, sbr. þáltill. á þskj. 13, taki þessi mál til frekari athugunar og geri um þau tillögur, svo fljótt sem verða má.

Þetta tilkynnist yður hér með, hæstvirtur ráðherra."

Í lok bréfsins er, eins og allir mega heyra, ítrekað það, sem oft áður hafði komið fram af hendi flokksins, að hann teldi eðlilegt, að þingkjörin nefnd yrði sett í þessi mál, og vísað til þáltill. um þau efni.

Í janúarmánuði bað hæstv. iðnmrh. mig um að ræða við sig, og erindi hans var að segja mér frá því, að ríkisstj. hefði í hyggju að stjórnskipa n. til þess að fjalla um þessi efni á mjög hliðstæðan hátt og stungið var upp á í þáltill. framsóknarmanna. Þetta ætti þó að vera stjórnskipuð nefnd. Ég sagði hæstv. ráðh. þá, að okkar stefna væri sú í málinu, að í því starfaði þingkjörin n., og þá með það fyrir augum, að við álitum eðlilegt, að allir þingflokkar gætu átt þar hlut að máli. Spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort ekki væri hægt að fá fylgi stjórnarflokkanna við þá lausn, að sú till. gæti orðið samþ. eða önnur till. hliðstæð að efni um þingkjörna mþn. Hæstv. ráðh. sagði, að stjórnarflokkarnir mundu ekki fylgja því, að á þessu þingi yrði sett þingkjörin mþn., og þar af leiðandi mundu þeir ekki veita fylgi okkar þáltill. um þetta efni. Það væri því einungis um það að ræða, ef fram ætti að fara athugun á málinu, að það yrði í stjórnskipaðri nefnd, og ósk ríkisstj. væri sú, að Framsfl. legði til tvo þm. í slíka nefnd með mjög hliðstæðu verksviði og gert var ráð fyrir, að mþn. hefði.

Við athuguðum þetta síðan í flokknum, og okkur fannst það vera í samræmi við tillögur okkar um þetta mál að taka þátt í slíkri nefnd, enda þótt við fengjum því ekki ráðið, að það yrði mþn. á þá lund, sem við höfðum gert uppástungu um. Þetta mótast af því, að við viljum, að þessi mál séu betur athuguð og skoðuð ofan í kjölinn, áður en afstaða verður tekin til þeirra. Höfum við oft lagt áherzlu á þetta hér áður, og raunar vil ég enn taka fram, að ég tel það mikið tjón, að það hefur ekki verið efnt til mþn. um þetta mál fyrir æðilöngu.

Að íhuguðu öllu þessu varð niðurstaðan sú, að við svöruðum hæstv. ráðh. og ósk hans á þessa lund með bréfi, dags. 2. febr.:

„Með bréfi, dags. 1. febr., mælizt þér til þess, að Framsfl. tilnefni af sinni hálfu tvo menn í stjórnskipaða nefnd til þess að athuga stóriðju- og virkjunarmál. Þingflokkur framsóknarmanna hefur ákveðið að verða við þessari ósk, þar sem upplýst er í viðræðum við yður, að stuðningur stjórnarflokkanna fæst ekki við þáltill. Framsfl. um þingkjörna mþn. í þessu máli, en kosningu slíkrar n. hefði flokkurinn talið heppilegasta meðferð á málinu.

Hefur þingflokkurinn samþykkt að tilnefna í nefndina alþm. Gísla Guðmundsson og Helga Bergs."

Þetta ætla ég, að skýri alveg, hvað gerzt hefur af hendi Framsfl. í sambandi við þetta og í tengslum við það, sem hann hefur áður lagt til. Það leiðir af því, sem ég þegar hef sagt, að við erum samþykkir því, að fulltrúar allra flokka verði í þessari n., og mundum vilja styðja eindregið fyrir okkar leyti, að svo yrði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af fullyrðingum hv. 3. þm. Reykv. Hv. þm. talar um Búrfellsvirkjunina og vitnar í orð norskra sérfræðinga, að þeir hafi fullyrt, að þetta yrði dýrasta virkjunin og Búrfellsvirkjunin væri hrein vitleysa. Nú hefur hv. 3. þm. Reykv. eins og aðrir hv. þm. fengið greinargerð og skýrslur um virkjunarrannsóknir ekki aðeins í Búrfelli, heldur um marga staði, sem til greina gæti komið að virkja hér á landi, og þessar skýrslur hafa hv. þm. vitanlega lesið og kynnt sér rækilega, þar sem þær voru afhentar nokkru fyrir áramótin. Og það kemur fram í þessum skýrslum, að fjórir tæknimenntaðir menn hafa sérstaklega athugað þessi mál og gefið út sam-

eiginlegt álit, — er óþarfi að nefna þá, þar sem það liggur fyrir, — og auk þess hafa verkfræðingar frá alþjóðlegu firma, sem einnig er kunnugt um, lagt blessun sína yfir þessar athuganir. En ég ætla ekki að fara að ræða virkjunarmálin á þessu stigi, en vil lýsa því yfir, að til viðbótar því, sem fyrir liggur og hv. þm. hafa fengið, er alveg sjálfsagt að leggja fram frekari greinargerð um ísrekið, sem ég hygg, að hv. 3. þm. Reykv. hafi mesta ótrú á. En það liggur nú fyrir, að ísrek er í öllum íslenzkum jökulám, og það hefur engum dottið í hug að afskrifa möguleikann til virkjunar í þessum ám, þótt það sé fyrir hendi. Og í áætlun um Búrfellsvirkjun eins og aðrar virkjanir, sem hefur verið gerð áætlun um, er reiknað með ísrekinu. Það er reiknað með þeim viðbótarkostnaði, sem af því leiðir að tryggja nægilegt varaafl, — varaafl, sem verður að vera fyrir hendi, þótt ekki væri um ísrek að ræða, vegna þess að bilanir geta komið á línum og öðru, og til þess að skapa fyllsta öryggi og útiloka truflanir þurfa varastöðvar að vera til. Veit ég, að allir hv. alþm. gera sér fulla grein fyrir þessu. En mér finnst sérstök ástæða til þess að mótmæla þessum fullyrðingum og einnig því, að hér er sveigt mikið að okkar sérfræðingum og alþjóðlegum sérfræðingum, sem unnið hafa að þessu máli, að fullyrða þrátt fyrir þeirra niðurstöður, þrátt fyrir þeirra sameiginlegt álit, að hér sé um hreina vitleysu að ræða.

Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. er á móti alúmíníumverksmiðju, hann hefur sagt það. Hann er á móti því að fá erlent fjármagn inn í landið, í hvaða mynd sem það er og undir hvaða kringumstæðum sem það er, og hv. þm. veit, að alúmíníumverksmiðja hér á landi kemur því aðeins til greina, að virkjað verði í einu meira en fyrir almenna notkun í landinu, að það verði ráðizt í stórvirkjun, sem getur látið af hendi rafmagn til þessarar verksmiðju. Það er ótrúlegt, að afstaða hv. þm. til Búrfellsvirkjunar mótist af þessu, að hún skapi möguleika fyrir alúmíníumverksmiðju, en smáu virkjanirnar, sem hv. þm. hefur gerzt talsmaður fyrir, þær geri ekki mögulegt að setja upp slíka verksmiðju, sem flytur inn í landið erlent fjármagn. Ég held, að það sé sjálfsagt, að við höfum alla varúð á að hleypa erlendu fjármagni inn í landið. En við verðum að athuga það hverju sinni, undir hvaða kringumstæðum þetta erlenda fjármagn gæti komið, hvort við setjum okkar sjálfstæði eða atvinnuöryggi í hættu með því eða ekki eða hvort við erum að tryggja efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði okkar með því. Norðmenn eru meðal smáþjóða, en þeir hafa ekki óttazt það að fá erlent fjármagn til sín. Þeir hafa talið, að þeir gætu tryggt réttindi sín öll með samningum, og vissulega hafa þeir gert það. Þeir hafa tryggt sitt efnahagslega öryggi með því að flytja erlent fjármagn inn í landið með þeim hætti, sem kunnugt er.

Það er fáránleg fullyrðing, að ef að því ráði yrði horfið að byggja hér verksmiðju fyrir erlent fjármagn, þá væri verið að kasta hanzkanum á verkalýðinn, eins og hv. 3. þm. orðaði það hér áðan. Ég segi, að þar sem hv. þm. talaði um það hér áðan, eins og augljóst var, að honum væri sérstaklega heitt í hamsi, þá verði réttast að skoða fullyrðingar hans í því ljósi, að hann hafi sagt ýmislegt í fljótræði, því að ég er sannfærður um það, að íslenzkur verkalýður geti ekki litið svo á, að það sé verið að vinna gegn honum með því að auka fjölbreytni atvinnulífsins og skapa viðtækari möguleika til atvinnuöryggis en hingað til.

En ég sem sagt ætla ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég vildi aðeins segja, að það, sem gert hefur verið í virkjunarmálunum, er gert fyrir opnum tjöldum. Þær upplýsingar, sem menn óska frekar eftir í sambandi við það, er sjálfsagt að láta af hendi, alveg sjálfsagt, og ákvörðun um það, hvar verður virkjað, verður vitanlega tekin að vel athuguðu máli. Það verður auðvitað stuðzt við álit sérfræðinganna í því efni, og þar verður ekki nein tilfinningasemi látin ráða, heldur rökhyggja og skynsemi, sem byggð er á sérfræðilegum athugunum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. sagði í þessu máli. Hann vildi túlka afstöðu ríkisstj. í þessu máli, þ. e. a. s. réttlæta það, sem gert hefur verið þegar varðandi skipun þessarar n., með því, að ég muni hafa sagt í viðtali við iðnmrh., að við Alþb.-menn yrðum á móti þessu máli í öllum tilfellum, eða eins og hæstv. ráðh. sagði, undir öllum kringumstæðum og hvað sem upplýstist í málinu. Ég vil aðeins segja það, að þetta er með öllu rangt. Hæstv. ráðh. ætti að taka þetta mál upp á ný og kynna sér það, og þá veit ég, að hann sannfærist um, að þetta er með öllu rangt. Það eina, sem ég hef sagt í þessum efnum við hæstv. iðnmrh., er það, að við Alþb.-menn værum að meginstefnu á móti því, að erlend auðfélög fái úrslitaáhrif í íslenzku atvinnulífi, — annað hef ég ekki sagt í þessum efnum, — að við værum að meginstefnu á móti því, að erlend auðfélög fái úrslitaáhrif á íslenzk atvinnumál. Ég hef ekki verið spurður neitt sérstaklega út úr í þessu máli og hef ekki heldur sagt neitt annað en þetta. En auk þess vil ég svo segja, að það er með öllu rangt, að þingflokkur Alþb. hafi tekið einhverja sérstaka afstöðu í þessu máli, sem hefur ekki verið lagt fyrir það í einu eða neinu formi. Þingflokkur Alþb. hefur enga afstöðu tekið í sambandi t. d. við meginþátt þessa máls, sem er raforkuvirkjunin, engin sérstök afstaða hefur verið tekin til þess. Menn hafa verið að lýsa sig hafa vantrú á þessu eða vantrú á hinu, á meðan ýmsar sundurleitar upplýsingar koma fram í málinu. Það fer auðvitað heldur ekkert á milli mála, að við erum margir á talsvert mikið annarri skoðun en ýmsir sjálfstæðismenn varðandi notagildi byggingar alúmíníumverksmiðju í landinu og einnig um það, hvernig ætti að ganga frá slíkum samningum, ef til þeirra kæmi.

Þá segir hæstv. forsrh., að tilgangur þessarar n., sem nú sé verið að skipa, sé sá, að þingflokkarnir þrír, sem hafi ekki tekið neina afstöðu í þessu máli enn þá, þurfi að skipa með sér nefnd til þess að reyna að finna út afstöðu sína í málinu, en við, fjórði þingflokkurinn, séum búnir að taka afstöðu í málinu og af því þurfum við auðvitað ekki inn í n. Ég verð að segja það, að svona málflutningur er ekki hæstv. forsrh. samboðinn, því að ég hygg, að það væri lítill vandi að halda því fram, að þeir í ríkisstj. og Sjálfstfl. væru búnir að mynda skarpar sína afstöðu til þessa máls heldur en t. d. við, sem höfum ekki fengið að fylgjast með undirbúningi málsins.

Nei, það, sem um er að ræða og glögglega var líka staðfest í bréfum þeim, sem formaður Framsfl. las hér upp og Framsfl. hefur skipzt á við ríkisstj. um það, sem um er að ræða, enda kom það mjög skýrt fram í viðtölum iðnmrh. einnig við mig, að þessi n., sem nú er verið að skipa, á að fá það verkefni að rannsaka stórvirkjunarmálin, hvar á að virkja, hversu stórt á að virkja og hvernig á að haga þeim málum. Hún á að rannsaka, hvort á að virkja með tilliti til þess, að mikill hluti af orkunni, sem fæst, verði seldur til langs tíma til erlends fyrirtækis, sem hér kæmi t. d. upp alúmíníumverksmiðju. Þetta á n. að athuga. Hún á að athuga um lántökur þjóðarinnar í sambandi við þessar framkvæmdir. Og hún á að athuga um hugsanleg sérréttindi, sem fært þætti að veita þeim erlenda aðila, sem hér reisti alúmíníumverksmiðju. Þetta á n. að athuga. Og ég vil aðeins segja: Vill hæstv. forsrh. neita því, að þetta sé verkefni, sem n. á að hafa? Nei, ég veit, að hann neitar því ekki, því að það er alveg augljóst mál, enda hefur það komið skýrt fram. Þetta eru verkefnin. Það getur vel verið, að þessi n. eigi að hafa eitt viðbótarverkefni enn. Þar kem ég að vísu með getgátu, en mér sýnist margt benda til þess, eins og að málinu er staðið, að þessi n. eigi að hafa það viðbótarverkefni, að það eigi að reyna að bræða saman þessa svonefndu lýðræðisflokka til þess að standa að málinu og halda saman um það á móti öllum öðrum og af því megi ekki aðrir vera þar nærstaddir, á meðan verið er að bræða slíkt saman. Það má vel vera. En það er sérstakt verkefni, sem Alþ. sem slíku kemur ekki við. Og það hefur verið skýrt tekið fram við mig, að verkefni þessarar n. ætti að vera framhaldsundirbúningur og athugun á þessu máli fyrir Alþingi, því að síðan ætti að leggja málið fyrir Alþingi og Alþingi ætti að taka endanlega ákvörðun um, hvað gera skal. Hér er því verið að setja á laggirnar undirbúningsnefnd fyrir Alþingi, og spurningin er um það: eiga þingflokkar Alþ. að fá rétt til þess að fylgjast með þessum undirbúningi málsins eða ekki? Um það snýst málið. Allt hitt eru undanbrögð. Og ég vil segja það við hæstv. ríkisstj., að það er með öllu þýðingarlaust fyrir hana að vera með slík undanbrögð sem hún reynir að hafa í þessu máli. Eða þá hitt, þegar það er sagt, sem hæstv. forsrh. sagði hér og ég hafði reyndar áður heyrt frá hæstv. iðnmrh., að það eigi ekki að leyna Alþb. neinu í þessu máli, hann, iðnmrh., ætlaði að vera svo elskulegur, að þó að við gætum ekki fengið rétt til þess að eiga mann í n., þá ætlaði hann að eiga viðtöl við okkur og segja okkur, ef við spyrðum, eitthvað eða það, sem honum þætti merkilegast að skýra okkur frá í sambandi við gang málsins. Hæstv. forsrh. var að láta í það skína, að þetta væri meiningin, að haga þessu svona. En þetta eru líka undanbrögð og ekkert annað. Hér er stefnt að því að halda heilum þingflokki fyrir utan undirbúning málsins, svipta þennan þingflokk þeim rétti, sem hann á samkv. réttum leikreglum hér á Alþingi. Við vitum það, að slíkar upplýsingar eru harla lítils virði. Þar á aðeins að velja það úr, sem gott þykir að láta aðra fá að vita um. En við eigum jafnan rétt til þess sem aðrir að vera í þessari n., sjá þar allt, sem fram er lagt, og heyra þau svör, sem þar koma fram, og taka þátt í undirbúningi málsins að minnsta kosti allt fram að þeim tíma, sem Alþingi tekur endanlega ákvörðun um afgreiðslu málsins.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri í raun inni illt, að ég skyldi ekki hafa haft tækifæri til þess að hafa samband við iðnmrh. um þetta mál, áður en ég kvaddi mér hér hljóðs utan dagskrár. Ég hafði haft samband við hann áður. Hann ræddi við mig einmitt snemma í morgun og baðst út af fyrir sig afsökunar á því, að Alþýðublaðið skyldi hlaupa fram fyrir hann og tilkynna okkur þetta, áður en hann tilkynnti okkur um þessi úrslit, og svo það líka, að hann mundi út af fyrir sig vera fús til þess að svara fsp. okkar og láta okkur vita eitthvað til hliðar við n., þótt við gætum ekki verið nægilega hreinir eða góðir til þess að eiga sæti í þessari n. Þetta var það, sem hann hafði mér að tilkynna um málið, og það er einmitt vegna þess, að þetta allt liggur fyrir og málið er svona, sem ég mótmæli þessum vinnubrögðum sem brotum á réttum leikreglum hér á Alþingi, sem freklegu lýðræðislegu broti. Og það er heldur hastarlegt, að þegar menn eru að vinna slík ólýðræðisleg verk sem þetta, skuli þeir sérstaklega flagga með því, að þetta sé gert í nafni lýðræðisflokkanna. Ég efast ekkert um það, að hæstv. forsrh. gerir sér fulla grein fyrir því, að hann sér það mætavel, hve óréttilega er hér á málum haldið og óviturlega. Þá er aðeins spurningin um það, hvort hann vill leiðrétta það, sem hér hefur verið misgert, eða ekki.

Það er vitanlega svo fráleitt sem mest má vera, að það geti skýrt þessa afstöðu ríkisstj., að hún hafi grun um það, hver sé afstaða manna til vissra þátta málsins, hvort þeir eigi að fá að vera í undirbúningsnefnd að málinu eða ekki. Það skyldu eiga eftir að koma þær reglur hér á Alþingi, að það megi yfirleitt ekki kjósa menn í nefndir, nema þeir

hafi fyrir fram ákveðið það, hvaða afstöðu þeir hafa. Ég veit ekki nákvæmlega fyrir mitt leyti t. d. viðvíkjandi Framsfl., hvort hann er búinn fyrir fram að selja í hendur ríkisstj. loforð um það, hver sé hans endanlega afstaða í málinu. Satt að segja hefur mér virzt það, bæði á skrifum frá þeim flokki og ræðum, sem hér hafa verið haldnar, að ekki sé með öllu ljóst, hver yrði endanleg afstaða Framsfl. til vissra þátta málsins. Ég spyr því einnig um það: Hefur Framsfl. verið látinn gefa það upp, áður en hann var talinn nægilega góður til þess að eiga menn í þessari n., fyrir fram, hver væri afstaða hans til einstakra þátta málsins, eins og virðist vera ætlunin gagnvart okkur Alþb.-mönnum, að halda því fram, að við séum ekki nægilega góðir í þessa n., vegna þess að við munum hafa þannig afstöðu til vissra þátta?

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en ítreka áskorun mína til hæstv. forsrh. að kippa þessum málum aftur í lag og leiðrétta það, sem hér hefur verið misgert. Það mun verða bezt, bæði fyrir vinnubrögð í þessu máli og öðrum málum, sem þarf að afgreiða hér á Alþingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda neinum óskyldum málum inn í það, sem ég segi um þetta mál, en það er sannfæring mín, að málið lítur ljósast út, ef það er bara skoðað út af fyrir sig.

Hér eru þau vinnubrögð viðhöfð, að einn þingflokkurinn er talinn ósamstarfshæfur um eitt stærsta mál þjóðarinnar, sem Alþingi á um að fjalla, þegar þar að kemur. Og hann er talinn ósamstarfshæfur um undirbúning þessa máls. Ég hlýt að krefjast þess, að sá eða þeir herrar, sem hafa kveðið upp þann dóm um þingflokk Alþb., rökstyðji hann, færi fram skýr rök fyrir því, í hvaða máli þingflokkur Alþb. hefur brotið af sér svo stórlega gagnvart þingræðis- og lýðræðisvinnubrögðum, að hann sé dæmdur ósamstarfshæfur. Ef hæstv. forsrh. vill kveða upp þann dóm á eigin ábyrgð, þá geri hann það. Ef hæstv. samgmrh. vill gera það, þá geri hann það og rökstyðji sitt mál. En svona dómi er ekki hægt að una, nema skýr rök séu færð fram fyrir því, að þessi þingflokkur sé ósamstarfshæfur, og þá leiðir fleira af því.

Þetta mál ber þannig að, að mér skilst, að hæstv. iðnmrh. hafi rætt við formann þingflokks Alþb. Til hvers var það samtal? Var það ekki til þess að gefa Alþb. kost á því að eiga menn í þessari hugsuðu nefnd? Formaður þingflokks Alþb. hefur litið þannig á, því að hann lagði málið í spurnarformi fyrir þingflokkinn og spurði, hver væri afstaða þingflokksins, hvort þingflokkurinn vildi, að við ættum þá aðstöðu að fylgjast með störfum þessarar n. og eiga þar fulltrúa, 1—2. Þingflokkurinn svaraði því játandi, og eftir það átti ég ekki von á öðru en það kæmi tilkynning um það, ef n. væri skipuð, að þá ættum við þar fulltrúa. En svo birtist það í einu af stjórnarblöðunum, að lýðræðisflokkarnir skipi nú 7 manna nefnd til þess að fást við undirbúning þessa stórmáls, og eftir að búið er að ræða við þingflokk Alþb., er þingflokkurinn hunzaður. Hefði þá ekki þögnin verði sæmri og að ganga fram hjá honum frá byrjun?

Fyrir okkur vakir ekki launung í málinu, sagði hæstv. forsrh. Hvað vakir þá fyrir þeim með útilokuninni? Ekki pukur. En einum þingflokki skal samt haldið utan við athugun og undirbúning málsins. Hvað annað? Segið þið það. Ekki launung. Ekki pukur. En hvað er það þá? Hvað er það þá, sem knýr ríkisstj. til þess að halda einum þingflokki utan við og brjóta þannig allar þingræðislegar reglur? Er það hræðsla kannske? Er það hræðsla? Og þá við hvað? Ég get ekki séð, að hér væri við neitt að vera hræddur, því að ef þátttakendur í Alþb. í slíkri undirbúningsnefnd beittu sér ofstækisfullt á móti öllum málsatriðum í athuguninni, kæmi það í ljós, þegar n. skýrði frá sínum störfum, og ef þessi andstaða væri ekki byggð á neinum haldgóðum rökum, tefði þetta ekkert málið auðvitað.

Það er eðli og andi lýðræðisins að skoða mál frá öllum hliðum og leyfa minni hl. sem meiri hl. að fjalla um þau. Það fer því ákaflega illa á því, eins og að var vikið hér áðan, að kenna þennan verknað einmitt við lýðræðisflokkana.

Ég furða mig á því, að hæstv. forsrh. skuli stíga hér í stól og halda því fram sem meginrökum fyrir því, að Alþb.-mönnum sé haldið utan við þessa undirbúnings- og athugunarnefnd, að þeir hafi fyrir fram tekið afstöðu á móti málinu. Í þingflokki Alþb. var það tekið fram, að auðvitað mundu fulltrúar bandalagsins taka málefnalega afstöðu til hvers atriðis í þessu starfi n., málefnalega afstöðu, hver sem endanlega niðurstaðan yrði í okkar þingflokki um afstöðu til málsins. Og auðvitað kemur ekki neitt annað til greina. Menn, sem taka hér þátt í störfum í þn., hafa auðvitað hinn fyllsta rétt og þingmannsskyldu til að taka málefnalega afstöðu til málsatriða og endanlegrar niðurstöðu máls, og afstaða þeirra til niðurstöðu máls getur ekki mótazt, fyrr en búið er að líta á hin einstöku málsatvik á athugunarstigi og framkvæmdastigi. Að halda annarri eins fásinnu fram og að við höfum brotið af okkur rétt þingflokksins til þess að eiga menn í athugunarnefnd, af því að það sé vitað um, að menn séu á móti þessum stóriðjuplönum, sem hér um ræðir, — ég veit, að þeir, sem segja þetta, finna það um leið og þeir segja það, að svona nokkuð tekur þjóðin ekki sem góð og gild rök og sér, að þarna er verið að fela eitthvað annað og hafa þetta að yfirvarpi, og þetta er lélegt yfirvarp. Ég fullyrði það, að þátttakendur Alþb. í svona n. hefðu ekki umboð til neins annars frá þingflokknum heldur en taka málefnalega afstöðu til hvers málsatriðis, sem fyrir kæmi í starfi þessarar n. Á þeim grundvelli er ekki til minnsti flugufótur til þess að svipta okkur aðstöðu til starfa í nefndinni.

Þingflokkur Alþb. sem allir aðrir þingflokkar á skilyrðislausan rétt til þátttöku í þessari n., án alls tillits til þess, hver verða kynni endanleg afstaða þingflokksins til lokaafgreiðslu málsins, það fullyrði ég. Ég tel, að yfirvarpsrök hæstv. forsrh. hafi verið á þessa leið: Ef fulltrúi frá þingflokki er á móti endanlegri afgreiðslu máls, -- sem engan veginn er heldur gefið á þessari stundu, — þá hefur hann ekkert að gera í n. Andstæðingar hafa einmitt verulegu hlutverki og þýðingarmiklu hlutverki að gegna í n. og við athugun mála, að bera fram rök, sem kynnu að mæla á móti, og það er alveg eins nauðsynlegt og að borin séu fram rök, sem mæla með máli, til þess að heildarathugun fáist. Athugun eintómra jákvæðra er auðvitað ekkert annað en yfirborðsathugun á máli, og þetta er svo þýðingarmikið og stórt mál, að þarna veitir ekkert af, að það sé notuð aðstaða út í yztu æsar, til þess að málið sé á undirbúningsstigi skoðað frá öllum hliðum. Og þeir, sem vilja loka þá möguleika úti, að málið sé þannig skoðað, vilja eitthvað annað en þeir segja um endanlega niðurstöðu þessa máls, og þar er eitthvað óhreint í pokahorni. Það mun þjóðin seinna segja, að óhreinindi hafi verið í pokahorninu, ef menn vilja útiloka það, að alhliða skoðun fari fram. Hins vegar ef fulltrúar Alþb. væru með hégóma einn og ofstækisfulla afstöðu, sem styddist ekki við rök, er ég alveg viss um það, að meiri hl. hefði þrótt til þess að hrista allt slíkt af sér og láta það ekki verða til tafar í málinu.

Dettur nokkrum manni í hug, að nokkur maður utan þings eða innan taki afstöðu til stóriðjumála á þann hátt, ef hann er spurður: Ertu á móti stóriðju? Það mundi enginn heilvita maður segja: Ég er á móti stóriðju. Er stóriðja alveg óþekkt fyrirbæri á Íslandi? Var ekki byrjað á stóriðju með togaraútgerðinni? Hefur það farið eftir flokkum, hvort menn voru með eða móti togaraútgerð? Eru ekki ríkisverksmiðjurnar stóriðja? Hefur það farið eftir flokkum? Nei. Er ekki verksmiðjan í Gufunesi stóriðjuvísir? Er ekki sementsverksmiðjan það? Hefur afstaða til þessara mála farið eftir flokkum? Alls ekki. Það verður ekki í afstöðunni til þessara mála fundinn grundvöllur undir þann fordæmingardóm, sem nú er ætlunin að kveða yfir þingflokki Alþb. Það verður að finna hann einhvers staðar annars staðar. Og þeir, sem kveða upp þennan dóm, eru ekki of góðir til þess. Þeir eru siðferðilega skyldir til þess að rökstyðja þennan dóm og segja með sanni, hvað veldur því, að þeir stíga það skref að útiloka þingflokk Alþb. frá þátttöku í starfi undirbúningsnefndar í stóriðjumálum.

Hitt getur vel verið, að skiptar verði skoðanir um, hvort það skref að reisa með erlendu fjármagni alúmínfumverksmiðju á Íslandi, sem eigi að fá kannske helminginn af raforku frá stórorkuveri á raunverulegu framleiðsluverði, þegar engir aðrir landsmenn fái það og enginn annar atvinnurekstur í landinu fái það með slíku verði, — um það geta orðið skiptar skoðanir. En þær skoðanir verða að mótast við meðferð málsins, og endanlega afstaðan verður að byggjast á því og hlýtur að gera það, og þá m. a. á matinu á því, hvort ekki sé hyggilegra að líta sér nær og stíga einhver smærri skref, fara t. d. í það nauðsynlega skref fyrir sjávarútveginn að byggja upp dráttarbrautir, skipasmíðastöðvar, svo að við séum menn til þess að annast sjálfir viðhaldið á okkar skipaflota. Það eitt að byggja 10—12 slíkar stöðvar, sem gerðu okkur fært að annast viðhaldið á okkar flota og byggja upp einhvern hluta af honum, það væri nærtækt verkefni og mætti kallast stóriðja, og ég efast um, að við réðum við miklu meira, meðan við værum að því. Þannig hrópa á okkur nærtæk verkefni í iðnaði og iðju og stóriðju, sem álitamál mikið getur verið, hvort eigi að þoka aftur fyrir annað. Og afstaða manna endanlega til stóriðjumála hlýtur að markast af því, hvað menn vilja láta ganga fyrir af því marga, sem við þurfum að gera, en höfum ekki afl til að gera.

Ég kallaði hér fram í áðan, þegar um það var rætt, hvort við hefðum gefið yfirlýsingu eða formaður okkar þingflokks hefði gefið yfirlýsingu um það, að við værum á móti þessu máli og yrðum það endanlega. Ég sagði: Hafi ráðh. spurt um þetta, þá er það áreiðanlegt, að hann hefur engan rétt til þess að spyrja um slíkt, hver yrði okkar endanlega afstaða, því að hún hlýtur, eins og ég sagði, að mótast af afstöðunni til hinna einstöku atriða málsins, sem blasa ekki nú við. Hefur Framsfl. verið spurður um þetta, og hefur hann goldið þann inngangseyri fyrir að vera í n. að segja, lýsa því yfir: Ég er endanlega með málinu? Ef hann hefur ekki gert þetta, er ekki hægt að loka þingflokk Alþb. úti á þeim grundvelli, að hann neiti að gefa svona yfirlýsingu. Og spurningin er því: Eru þeir komnir inn í n., fulltrúar Framsfl., að gefinni svona yfirlýsingu um lokaafstöðu til málsins?

Auðvitað er það svívirða við þingflokk Alþb. að bera honum þau boð, að hann geti fengið skilaboð, hann geti fengið vitneskju frá einhverjum úr n. eða einhverjum úr ríkisstj. af því, sem sé að gerast eða hafi gerzt í n. Það er svívirða. Það lætur enginn þingflokkur bjóða sér það að fá þannig fréttir undan og ofan af, en mega ekki starfa í n. Slíka vitneskju um einstök atriði höfum við ekkert með að gera. Á því gætum við ekki myndað okkur neina heildarskoðun um málið. Einungis með því að fylgjast með starfi undirbúningsn. og meta hvert einasta atriði fæst það, sem leyfir okkur að undirbyggja endanlega afstöðu okkar.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég þykist hafa sagt hér fá orð í fullri meiningu, sem mega skiljast, ef menn vilja skilja. Það er krafa Alþb., að hér verði leiðrétting á gerð með einhverju móti á þann veg, að Alþb. fái fulltrúa að þingræðislegum rétti sínum og venjum í þessari n., annaðhvort með því að eiga 2

af 7 eða 2 af 9 mönnum, svo að þeir geti fengið að vera, sem þar eru, en Alþb. fái 2 menn í nefndina.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt, að það komi fram, að hæstv. iðnmrh. boðaði þegar í gær forföll sökum slæms kvefs, sem hann er með. En hann hefur í morgun talað við formann Alþb., tjáði honum þá lasleika sinn og jafnframt, að hann harmaði það út af fyrir sig, að fregn hefði komið af þessu máli, áður en þeirra samtal hefði átt sér stað, svo sem hann ætlaði, um það, með hverjum hætti væri hægt að koma því við, að Alþb. fengi að fylgjast með því, sem gerðist í þessu máli.

Ég ítreka það, að það hefur aldrei verið ætlun hans né ríkisstj. að halda neinum upplýsingum í málinu fyrir Alþb. Hitt er svo annað mál, að það ríkir mjög mikill misskilningur hjá hv. Alþb.-mönnum á því, hvað gerzt hefur og til hvers þessi nefndarskipun er. Hér er vitanlega ekki um þn. að ræða, heldur að ríkisstj. hefur fengið sér til ráðuneytis aðila til undirbúnings tillögugerð fyrir Alþingi. Og það er ljóst, að áður en þessu máli verður ráðið til lykta, hlýtur Alþingi með venjulegum þinglegum hætti að taka tvær mikilsverðar ákvarðanir, annars vegar um, hvort ráðizt skuli í stórvirkjun, væntanlega við Búrfell, og í öðru lagi, hvort samning eigi að gera við erlendan aðila um byggingu alúmíníumverksmiðju. Þessi atriði eru auðvitað tengd hvert öðru, en mundu vafalaust koma fyrir Alþingi sitt í hverju lagi. Og að undirbúningi málsins er raunar unnið með mismunandi hætti.

Hv. 3. þm. Reykv. skýrði frá því, að hann hefur af hálfu ríkisstj. verið fenginn til athugunar ásamt fleirum á virkjun í Þjórsá og hugmyndum um landsvirkjun. Hann segir að vísu, að ekki hafi verið lengi haldinn fundur í þeirri n. En vitanlega verður engin ákvörðun tekin um landsvirkjun eða virkjun í Þjórsá, nema málið komi fyrir þessa n. og málið komi fyrir Sogsvirkjunarstjórn, ef Sogið, eins og ráðgert hefur verið, yrði aðili að virkjuninni, og síðan verði málið tekið upp á Alþingi með þinglegum hætti, fái hér löglega meðferð og þn. athugi málið.

Segja má, að það, sem hér er um að ræða nú, sé sams konar athugun á hugsanlegri alúmíníumverksmiðju og n., sem hv. 3. þm. Reykv. er í, á að framkvæma á landsvirkjun eða stórvirkjun. Og þá sjá það auðvitað allir menn, að það er með öllu óeðlilegt, að sams konar aðild eigi þeir að undirbúningi ákvörðunar um þetta mál, sem fyrir fram hafa lýst því yfir, að þeir séu algerlega á móti málinu, eins og hinir, sem segja: „Ég er ekki búinn að taka ákvörðun. Ég get hugsað mér að verða með málinu.“ Menn geta haft mismunandi ríka tilhneigingu til þess að vera með málinu eða á móti, en þeir segja: „Ég hef opinn hug. Ég er ekki búinn að komast að niðurstöðu.“

Nú höfðum við talið, með réttu eða röngu, að Alþb. væri búið að taka sína ákvörðun. Við höfðum skilið það m. a. af daglegum skrifum Þjóðviljans að undanförnu, og ég verð að segja, að ég held, að engum hafi blandazt hugur um það, sem hlustaði á hv. 3. þm. Reykv., að hann var búinn að taka ákvörðun, og hann talaði ekki fyrir sig einan, heldur fyrir allan sinn flokk. Hitt er svo annað mál, að hv. 5. þm. Austf. er dálítið loðnari í máli, eins og stundum hefur átt sér stað áður, og hv. 5. þm. Vestf. segir, að þeir séu alls ekki búnir að taka ákvörðun, nei, alls ekki. Já, í mörgu er nú Alþb. klofið.

Þarna höfum við m. a. mjög ólíkan vitnisburð frá þremur talsmönnum í þessu stórmáli nú á þessum fundi. Ég vil ekki segja, hvern af þessum þremur heiðursmönnum ég met mest, og skal þess vegna ekkert gera upp á milli, hver sannast segir af þeim. En ef taka á mark á hv. 5. þm. Vestf., — ég hugsa, að hann vilji láta taka mest mark á sér, en lítið mark á hv. 3. þm. Reykv., — þá væri eðlilegt að taka þetta mál upp til endurskoðunar. En ef ég á að taka mark á hv. 3. þm. Reykv., er mjög erfitt að taka málið upp til endurskoðunar. Ég held, að menn hafi tekið sér tíma til umhugsunar, þegar um minna vafamál hefur verið að ræða en þetta.

Við hljótum allir að vera sammála um, að það er þýðingarlaust, bæði fyrir andstæðinga málsins og fyrir meðhaldsmenn málsins og fyrir þá, sem opinn hug hafa í málinu, að vera að eyða löngum tíma í bollaleggingar um það við menn, sem eru fyrir fram ákveðnir undir öllum kringumstæðum að vera á móti málinu. Það er alveg á sama hátt og ég sagði, að þegar kominn er slíkur skilsmunur fram í þn., klofnar þn. og hver hluti hefur sína sérstöku fundi. Það breytir ekki því, að hvor nefndarhluti á þinglegan rétt á því að fá vissar upplýsingar, líka sá hluti n., sem er á móti máli. Og ég ítreka það hér, að það hefur aldrei komið til álita að halda neinum upplýsingum, er máli skiptu, fyrir neinum þingflokki. Þingflokkum hefur verið gefin skýrsla um þessi mál, og hæstv. iðnmrh. talaði einmitt um það á ríkisstjórnarfundi í gær, að hann mundi einhvern næstu daga gefa þinginu nýja skýrslu um málið, svo að tal um launung í þessu sambandi er gersamlega ástæðulaust. Og tal um það, að það sé verið að taka þinglegan rétt af Alþb., er þegar af þeirri ástæðu fjarstætt, að málið er ekki enn þá komið inn í þingið. Það má í raun og veru miklu frekar segja, að ríkisstj. hafi fengið menn til þess að vinna ákveðið verk fyrir sig að undirbúningi stjórnarfrv. Nú veit ég að vísu, að þessir mætu Alþb.-menn hafa mikið dálæti á ríkisstj., en að þeir vilji endilega komast í þann hóp að verða taldir hennar sérfræðingar, hef ég ekki haft hugmynd um, að þeir væru svo áfjáðir, fyrr en þá nú.

Hv. Framsfl. hefur metið það svo, að afstaða hans í málinu væri slík, að hann teldi eðlilegt að taka upp þetta samstarf við stjórn-

ina. En hann segir: Það er vegna þess, að hann er ekki búinn að gera upp sinn hug. Hv. 5. þm. Vestf. segir raunar það sama: Ég er ekki búinn að gera upp minn hug. Alþb. er ekki búið að gera upp sinn hug. — Hv. 3. þm. Reykv. kemur aftur og segir: Það er smáræði, okkar barátta gegn hernáminu, — sem hann svo kallar, — gegn þeim ósköpum, sem hér eiga að ske. Það er aðeins lítill forsmekkur af okkar baráttu, sem þið hafið séð, á móti þeirri baráttu, sem við ætlum að hefja á móti þessu máli. — Nú skal ég að játa það, að þegar þeir voru í ríkisstj., hv. 5. þm. Austf. og hv. 5. þm. Vestf., voru þeir ekkert ákaflega æstir á móti hernáminu og meira að segja gerðu nýjan samning um að halda því við, svo að það getur vel verið, að þeir yrðu dálítið meðgjörlegri í málinu, líka í þessu, heldur en hv. 3. þm. Reykv. En hans yfirlýsingar eru þarna alveg ljósar. Þær eru alveg ljósar. Og það er mjög eðlilegt, að ríkisstj. hugsi sig vel um, áður en hún taki þá menn til þess að að undirbúa þetta mál af sinni hálfu, sem hafa sömu afstöðu í málinu og hv. 3. þm. Reykv. hefur og okkur hingað til hefur skilizt, að a. m. k. hv. 5. þm. Austf. hefði, hvað sem hv. 5. þm. Vestf. líður.

Alþb. á ekki frekari þinglegan rétt að því að koma að undirbúningi þessa máls á þessu stigi en hverju öðru máli, sem ríkisstj. er með til athugunar og hyggst e. t. v. munu leggja fyrir Alþingi. Ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um að leggja málið fyrir Alþingi í frv.-formi. Það er hugsanlegt, að hún geri það, en þannig er um ótalmörg mál, og það á enginn, allra sízt andstöðuflokkur, rétt á því, meðan mál er til slíkrar athugunar hjá ríkisstj., að það sé komið til hans og leitað fyrir fram samstarfs við hann um málið. Það fer vitanlega algerlega eftir mati stjórnarinnar á öllum aðstæðum, hvort hún telur það vera sjálfri sér og sínum áhugamálum til styrktar að leita slíkrar samvinnu við andstöðuflokka stjórnarinnar.

Það liggur alveg ljóst fyrir, af hverju leitað hefur verið til Framsfl. Það liggur alveg ljóst fyrir, að það var talað við hv. 5. þm. Austf., formann þingflokks Alþb., og að eftir að þeir höfðu skipzt á skoðunum, hæstv. iðnmrh. og hann, virtist okkur sú skoðun hafa komið fram hjá hv. 5. þm. Austf., að það væri þýðingarlaust að ætla að hafa við hann eða hans flokk samvinnu við undirbúning málsins. Ef hann hefði lýst því yfir: Okkar hugur er algerlega opinn í málinu, við höfum enga ákvörðun tekið, — þá hefði málið horft öðruvísi við af hálfu ríkisstj. En slík yfirlýsing kom a. m. k. ekki fram við hæstv. iðnmrh., og ég hef þrátt fyrir nokkra loðnu hjá hv. þm. nú ekki heyrt hann gefa þá yfirlýsingu af hálfu Alþb., svo að ég verð að ætla, að hv. 5. þm. Vestf. hafi frekar talað fyrir sjálfan sig heldur en fyrir þingflokkinn í heild.

Það er svo allt annað mál, hvort menn á sínum tíma verða með eða móti stórvirkjun. Eins og ég segi, við erum margir, sem teljum, að stórvirkjun og hugsanleg alúmíníumverksmiðja hér með erlendu fjármagni muni verða til góðs fyrir landið og að þessu beri að keppa, svo framarlega sem viðunandi skilmálar fást. Og við teljum benda svo miklar líkur til þess, að þeir muni fást, að það sé sjálfsagt að kanna málið ofan í kjölinn. Margir okkar líta þannig á málið. Ýmsir segja: Okkur er málið of óljóst, til þess að við viljum nokkuð um það segja á þessu stigi, en við erum a. m. k. ekki fyrir fram á móti.

Hingað til hefur Alþb. viljað láta menn ætla, að það væri fyrir fram algerlega á móti málinu. Og til hvers vill það þá komast í þessa n.? Getur tilgangurinn verið annar en sá að reyna að drepa málinu á dreif, draga það, hindra með öllum líklegum ráðum, að málið fái framgang? Ég spyr hv. 3. þm. Reykv.: Er það ekki einmitt hans ósk og von, að þetta takist? Var það ekki vegna þess, að hann hafði trú á því, að það væri hægt að drepa málinu á dreif með smávirkjunum, sem gerð voru boð eftir tilteknum verkfræðingi hér í bænum austur til Moskvu í haust og málið þar tekið til athugunar á þann veg, hvort hugsanlegt væri, að Rússar með einhverju móti fengjust til þess að greiða fyrir smávirkjunum og gera þær líklegri í augum Íslendinga heldur en þessa stórvirkjun, sem í huga hv. þm. er tengd við alúmíníumverksmiðju og við heyrðum nú, að hann telur, að með öllu móti beri að gera tortryggilega í því skyni að hindra skjóta ákvörðun?

Málið mun undir öllum kringumstæðum verða lagt fyrir Alþingi, ef og þegar þar að kemur, með þinglegum hætti. Og enginn flokkur þarf að óttast eða kvíða því, að hann verði sviptur þinglegum eða lýðræðislegum rétti. Og ég fullvissa hv. Alþb.-menn um, að þeir skulu fá allar efnisupplýsingar á málinu, eftir því sem stjórnin telur rétt vera og tímabært. Hitt, að þeir geti með hótunum eða svigurmælum fengið ríkisstj. til þess að hafa annan hátt á undirbúningi mála fyrir þing, kemur auðvitað ekki til mála. Þeir geta espað sig hér upp eins og þeir vilja, hótað að tefja þingstörf og framgang annarra mála og sagt, að annað meira muni á eftir fylgja, ef ekki verði að þeirra kröfum farið. Ég fullvissa þá um það, að slíkt orðbragð hefur engin áhrif. Þetta mál mun verða metið eftir efnislegum rökum. Ef menn sannfærast um, að það sé verulegur hluti Alþb., sem enn hafi raunverulega opinn hug í málinu og sé fús til efnislegra viðræðna, þá er eðlilegt, að það hafi áhrif á undirbúning málsins. En að svo miklu leyti sem rök hníga að því, að þeir séu raunverulega búnir að taka sína ákvörðun og m. a. þessar umr. hér séu einungis upphaf að þeirri gífurlegu andstöðu, sem hv. 3. þm. Reykv. boðaði, sýnir það einungis glögglega, að það er gersamlega þýðingarlaust að ætla að láta þá vera með í að undirbúa tillögugerð í málinu. Á hinu eiga þeir svo skilyrðislausan rétt, að málið verði

undir þá borið á þinglegan hátt, þegar ríkisstj. hefur til sínar tillögur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. spurði, til hvers við vildum vera með í n. Til þess að reyna að opna augun á þeim stjórnarsinnum og þeim tilvonandi stjórnarsinnum, framsóknarmönnum, fyrir því, hvað þeir eru að gera í þessu, vegna þess að það, sem við þekkjum af undirbúningnum í þessu sambandi nú þegar, er þannig, að það er einhliða áróður, sem rekinn er, og plögg aðeins frá annarri hlið, sem lögð eru fyrir allar nefndirnar, líka landsvirkjunarnefnd. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. að vera að reyna að breiða neitt yfir þetta. Ríkisstj. er búin að taka sína ákvörðun í þessu máli, það er greinilegt. Það, sem ríkisstj. vill gera með þeim undirbúningi, sem nú á að fara fram, er ekki að athuga málið frá báðum hliðum um, hvort virkja skuli t. d. við Búrfell og hvort komið skuli upp alúmíníumverksmiðju, heldur skuli aðeins athuga málið frá annarri hliðinni og útbúa áróðursplögg í sambandi við það. Það á að athuga málið einhliða, en ekki frá báðum hliðum, og það er sú málsmeðferð, sem við erum á móti. Við álítum, að frá upphafi eigi að athuga þetta mál frá báðum hliðum, og þess vegna eigum við að vera með í þessari nefnd. Ef ríkisstj. væri ekki búin að ákveða sig í þessu máli, mundi hún ekkert hafa við það að athuga, að við værum í svona nefnd, en af því að ríkisstj. er búin að taka ákvörðun í þessu máli og ætlar að útvega sér almennileg áróðursplögg og véla Framsfl. inn í þetta samsæri með sér, vill hún einvörðungu fá Framsókn þarna inn og ekki okkur.

Hæstv. samgmrh. sagði hér nokkur orð út af því, sem ég hafði sagt, og kom með nokkrar spurningar um leið til mín og aths. Hann sagði, að sérfræðingar, verkfræðingar, hefðu lagt fram sín plögg og þau hefðu verið send til þm. í þeim leyniskjölum, sem þeir hafa fengið. Þessi plögg sýna undireins, hvernig á að undirbúa þetta mál. Hæstv. samgmrh. veit það ósköp vel, að þessi plögg eru aðeins frá annarri hlið. Það eru aðeins plögg frá þeim verkfræðingum, sem eru með virkjuninni, og reynt að drepa á dreif öllum aths., sem fram hafa komið. Það liggur fyrir nú þegar álit frá einum helzta sérfræðingi Íslands viðvíkjandi Búrfellsvirkjuninni, frá Sigurði Thoroddsen verkfræðingi. Þau plögg fá ekki að koma fram. Það liggja fyrir rannsóknir nú þegar frá sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna, líka við Búrfell. Þau plögg fá ekki að koma fram. Og ég býst við, að það eigi að sjá um að skipa þessa n., sem ríkisstj. talar um, þannig, að þessi plögg fái ekki að koma fram, og það, sem gerir það að verkum, að við viljum vera með í þessari nefnd, er að koma með kröfurnar um það, að plöggin frá hinni hliðinni fái líka að koma fram.

Hæstv. samgmrh. sagði, að vafalaust ættum við að virkja okkar jökulvötn í framtíðinni. Jú, vissulega eigum við að virkja okkar jökulvötn. En við eigum að undirbúa þá virkjun þannig, að við séum öruggir með, að þær virkjanir verði heppilegar fyrir okkur, en ekki dýrustu og ópraktískustu virkjanirnar, sem hægt er. Það er algerlega rangt hjá honum, að við höfum nokkurt öryggi í þessum málum enn þá, þótt við komum upp allmörgum varastöðvum og rekum þær með dísilvélahreyflum. Það er gefið mál, að svo framarlega sem við þurfum að reka samfleytt vikum saman, þegar lagt er saman yfir árið, slíkar varastöðvar þannig, þá er rafmagnsframleiðslan orðin dýrari en hún mundi vera í sumum bergánum okkar núna.

Það er ekki til neins heldur fyrir hæstv. samgmrh. að vera að segja það, að okkur liggi svo mikið á í þessu efni, að við getum ekki beðið. Við höfum bergár enn þá, sem við getum lagt í, og við höfum, að því er hæstv. forsrh. sagði, látið að því liggja, að við höfum verið á móti stórvirkjun, við höfum meira að segja Laxá á Norðurlandi, jafnódýra virkjun og Búrfell með 9 þús. kw., sem við getum virkjað. Við getum komið með stórvirkjun nú þegar í bergá, þannig að það þýðir ekkert að fara að sletta neinu slíku fram, en þora svo hins vegar ekki að láta þær nefndir starfa, sem eiga að vinna að þessu, vegna þess að það er verið að drepa niður, að það komi fram upplýsingar í þessu máli, af því að þær eru óþægilegar fyrir þá agenta, sem vilja eindregið, hvað sem það kostar og hve dýrt sem það kann að verða þjóðinni, koma upp útlendu auðvaldi hérna suður í Straumsvík.

Þarna er þess vegna um hreina vitleysu að ræða. Við getum alveg hreint ráðizt í okkar raforkuvirkjanir. Við getum líka ráðizt í stórvirkjanir. Við getum líka komið upp stóriðju og ráðizt í það strax á grundvelli þeirra virkjana, sem nú þegar eru mögulegar í okkar bergám. Þetta liggur fyrir. En það er bara reynt að stinga þessu undir stól, líka í þeim nefndum, sem þegar hafa verið skipaðar.

Hæstv. samgmrh. fór svo að tala um, að Norðmenn hefðu hleypt inn útlendu auðvaldi. Hvert mundi verða hlutfallið? Ég þori ekki að segja það alveg nákvæmlega hérna, en mér er nær að halda, að af öllum auð Noregs muni það útlenda auðvald varla eiga yfir 5%. En hvað mundi alúmíníumhringurinn eiga mikið af því fjármagni, sem fest væri í atvinnufyrirtækjum á Íslandi? Við vitum það allir, að það er ekki bara talað um þessar 1100 millj., sem 30 þús. tonna verksmiðjan kostar. Það er talað um að auka það rétt strax, þrefalda það, vegna þess að 100 tonna alúmíníumverksmiðja er meðallagið, sem þarf í Evrópu nú, þannig að það mundi kosta yfir 3000 millj. kr., það fyrirtæki, sem þarna væri komið upp. Þið vitið það náttúrlega allir, að við Íslendingar getum hvenær sem er þjóðnýtt þetta fyrirtæki. Það er ekkert, sem bannar Alþingi Íslendinga það. Það er Alþingi Íslendinga, sem ræður lögum hér, en ekki útlendur alúmíníumhringur.

En erlendur aðili, sem á 3000 millj. kr. og meira til í íslenzku atvinnulífi, gerir sínar ráðstafanir til þess að eiga ekki neitt slíkt á hættu. Og hverjar eru þær ráðstafanir? Þær ráðstafanir eru að ná þeim tökum á stjórnmálaflokkum á Íslandi með ýmsum ráðum, að það verði ekki gerðar slíkar samþykktir. Þær ráðstafanir eru að kosta t. d. íslenzk blöð og hafa slík ítök þannig í stjórnmálalífi á Íslandi, að hann eigi ekki á hættu, að menn fari að komast á þá skoðun, að það eigi að þjóðnýta svona fyrirtæki. M. ö. o.: það er verið að bjóða upp á að fá voldugan auðhring inn í landið, sem skellir sér á bak við tjöldin inn í íslenzk stjórnmál, reynir að „finansera" íslenzka stjórnmálaflokka, reynir að ná tökum á þeim til þess að koma í veg fyrir, að seinna meir sé kannske farið að þjóðnýta eignir hans og annað slíkt, ósköp eðlilegt frá hans hálfu. En þeir flokkar, sem æskja eftir að fá slíkt inn, gera sér þá e. t. v. einhverjar vonir um að verða fyrir náðinni á eftir.

Við skulum alveg horfast í augu við, hvað þarna er að gerast. Við höfum kynnzt því á öðrum sviðum líka. Við munum jafnvel þá tíma, þegar sérstakir passar voru gefnir út, til þess að atvinnulausir Íslendingar gætu komizt inn á Keflavíkurflugvöll, og hvaða stjórnmálaflokkar stóðu að því að gefa þá passa út, til þess að veita mönnum atvinnu, þegar lá við skorti úti um allt land, þannig að það er bezt fyrir menn að tala ósköp varlega. Við höfum náttúrlega reynslu í þessum efnum hér á Íslandi, og við vitum, að Straumsvík og Keflavík eru ekki langt hvor frá annarri.

Hæstv. samgmrh. fór að tala um, hvernig íslenzk verkalýðshreyfing gæti verið á móti þessu. Af hverju svaraði hann engu af mínum spurningum? Á að semja um það að gefa svona hring svo að segja exterritorial-rétt á Íslandi? Á að semja um það eða ekki? Því þorir hann ekki að svara? Á að semja um, að hann sé laus við þá venjulegu skatta, sem íslenzkir atvinnurekendur verða að bera, fyrir utan að fá lágt rafmagnsverð, og allir Íslendingar verði að borga hærra rafmagnsverð þess vegna? Af hverju þorir hann ekki að svara? Á þá líka að semja við hann um það, að hann sé undanþeginn íslenzkri vinnulöggjöf? Hann getur svarað strax. Hann er varkár, vegna þess að hann veit, að hvert orð, sem hann mundi nota núna, mundi verða notað á móti honum seinna. Það er óþægilegt að binda sig, af því að meginið af hv. þm., er ég hræddur um, sé ekki farið að hugsa það langt, að þeir skilji, hvað við liggur í sambandi við þetta. Það var fyrir réttum 20 árum farið fram á að fá 3 afgirt svæði á Íslandi, Keflavíkurflugvöll, Skerjafjörð og Hvalfjörð, fyrir ameríska yfirráðasvæði í 99 ár, sem ekki átti að heyra undir íslenzka lögsögu. Ég er hræddur um, að það, sem vakir fyrir í sambandi við þennan alúmíníumhring, sé að skapa sérstakt svæði á Íslandi, sem heyri ekki undir venjulega íslenzka lögsögu. Og ef enginn ráðh. þorir að gefa þá yfirlýsingu hér í dag, að það sé ekki meiningin að undanþiggja þennan hring undan íslenzkum sköttum, undan samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á Íslandi, þá er ég hræddur um, að það þýði, að þeir vilji hafa opna leið til þess að gera slíkt. Og ég sé, að þeir eru orðnir mjög varkárir strax. En við vitum fyrir fram, hver meiningin er í þessu, því að við höfum dálitla hugmynd um, hvernig svona samningar eru víða erlendis, einmitt við svona smáþjóðir eins og okkur. Ég veit ósköp vel, að þessi alúmíníumhringur leyfir sér það ekki gagnvart Norðmönnum, sem hann nú þegar í því plaggi, sem við höfum, er farinn að fara fram á við Íslendinga. Hann leyfir sér það ekki. Nei, hann stendur þar suður í Sviss, talar við Norðmenn annars vegar, Íslendinga hins vegar og pressar báða á víxl. Það er það, sem er að gerast í dag. Og þeir menn hér á Íslandi, sem eru svona æstir í að fá þennan hring hingað, eru að hjálpa honum til þess að pressa á þennan máta. Og síðan verður haldið áfram að segja við þessa aðila, sem nú á að fá svona áfjáða í að fá þennan útlenda hring hér inn: Það fer til Noregs, ef þið látið ekki undan með þetta. — Svona á að pressa og pressa á víxl.

Ég er ákaflega hræddur um, að meginið af hv. þm. geri sér enn þá ekki ljóst, inn í hvað þeir eru að fara með þessu. Þeir munu kannske gera það á eftir, þegar þeir eru búnir að láta hafa sig til þess að koma þessu í gegn. En þá er það of seint. Það er núna, sem á að athuga þetta mál. Við vitum það ósköp vel, — það þýðir ekkert að vera með þær yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. var með, — að þegar búið er að athuga þetta mál í þessari n., þá er búið að taka ákvörðunina og síðan er það mál pínt í gegnum þingið. Og af hverju er Framsókn tekin inn í það? Hún er tekin inn í það vegna þess, að þingmeirihl. stjórnarflokkanna hefði ekki dugað, ef Framsfl. hefði staðið á móti þessu máli. Þá hefðu þeir fyrir norðan farið að hreyfa sig, af því að það er vitað mál, að þetta verður hér syðra, og það hefði ekki verið hægt að koma málinu í gegn. Þess vegna er unnið að þessum málum á þennan hátt, sem gert er. Þess vegna var það núna, þegar þessi nefnd er sett, þegar samsærið er bruggað um þetta, að tækifærið var, ef það væru einhverjir menn innan stjórnarflokkanna enn þá, sem væru ekki búnir að taka ákvörðun um að gera þetta, hvað sem það kostar, — þá var tækifærið núna til þess, að við ræddum sameiginlega um þessi mál í þessari n. og við, sem værum á móti þessum yfirráðum útlenda auðvaldsins hér, hefðum tækifæri til þess að vara ykkur hina við, sem anið út í þetta eins og blindir kettlingar.

Og svo að síðustu ætla ég aðeins að koma með eina yfirlýsingu fyrir hönd Framsfl. Mér skilst það, að fyrst menn, sem eru á móti því að koma upp alúmíníumverksmiðju í Straumsvík, eiga ekki að fá að vera með í þessari n., þá sé Framsfl. hér með búinn að gefa út yfirlýsingu um það, að hann standi með því, að í Straumsvík verði komið upp alúmíníum-

verksmiðju með virkjun úr Búrfelli. Og ég vil um leið óska Framsfl. til hamingju með hans miklu og voldugu og heilögu baráttu fyrir dreifbýlinu á Íslandi, þegar hann stuðlar að því að fá upp nýjan Keflavíkurflugvöll hérna rétt fyrir sunnan Hafnarfjörð og stofnar til þess, að atvinnuleysingjarnir á Norðurlandi og Vestfjörðum fari í ríkara mæli að streyma hingað suður á næstu árum í vinnuna við það afmarkaða landssvæði, sem verður utan við íslenzka lögsögu suður í Straumsvík. Þetta er þá baráttan fyrir dreifbýlinu. Og ef Framsfl. er ekki með sjálfum sér, heldur bara á yfirborðinu búinn að taka þá ákvörðun að vera með alúmíníumverksmiðju í Straumsvík, þá er bezt, að hann gefi yfirlýsingu um það nú þegar, — ef það eru einhverjar vomur á honum enn þá, ef hann er ekki búinn að selja sig gersamlega í þessu máli. Ég hef fylgzt með því hérna í þinginu, hvernig agnið hefur sigið lengra og lengra niður í kok Framsfl. Því var kastað út til hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssonar, með því, að það var látið í ljós, að það yrði dálítill spotti úr Búrfellsvirkjun og norður og e. t. v. gæti það komið til mála, að alúmíníumverksmiðjan yrði reist við Eyjafjörð og að mín blómlega ættarbyggð ætti að fá þá blessun að láta drepa allan kvikfénaðinn í nánd hennar, eins og alls staðar hlýzt nú af, þar sem alúmíníumverksmiðja kemur upp, og hélt ég nú, að eyfirzkir bændur kærðu sig ekki um að lifa eins og þeir norsku bændur, sem lifa næst alúmíníumverksmiðjunni á kinda- og kúalausu búi með styrk frá alúmíníumverksmiðjunni, af því að búið sé að eitra þannig í kring, að kvikfénaður geti ekki þrifizt þar. En þessum litla, fallega spotta með þessari dásamlegu beitu á var kastað til Gísla Guðmundssonar í fyrra, og hann gleypti við og Framsfl. svelgdi þetta, og nú er fiskurinn dreginn inn á önglinum og þessi n. er komin.

Því gaf ég þessa yfirlýsingu hér fyrir hönd Framsfl., að hann væri með alúmíníumverksmiðju í Straumsvík, vegna þess að það þyrfti að flýta fyrir að eyða dreifbýlinu, og það væri kannske um leið hægt að spilla fyrir sjávarútvegi við Faxaflóa.

Ef Framsfl. er á annarri skoðun og vill lýsa því yfir nú, að þetta hafi verið alger misskilningur hjá mér og hann sé algerlega á móti því að koma upp alúmíníumverksmiðju í Straumsvík, þá hefur hann tækifæri til þess að gera það.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var einungis ein fsp. Við heyrðum það, að hv. þm. talaði fyrir hönd Framsfl., en ég spyr, talaði hann fyrir hönd Alþb.?

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda ræðu, því að ég þykist skynja, að það muni vera áhugamál að ljúka þessum umr. utan dagskrár á þessum fundi. En ég get ekki varizt því, að í mínum augum eru þessar umr., sem fara fram á milli stjórnarliðsins og Alþb., dálítið kímilegar, þegar tillit er tekið til þess, sem hér gerðist rétt fyrir þinghléið, þegar hátíðlegar yfirlýsingar voru gefnar af sumum, sem hér eiga hlut að máli, um lýðræðislega nauðsyn þess, að allir flokkar væru með í athugun allra mála, og ýmsar ráðstafanir voru gerðar, sem sumum komu dálítið einkennilega fyrir, til þess að, að því er sagt var, að tryggja slíkt. Þetta er því allt saman dálítið kátbroslegt í augum sumra.

Ég vildi aðeins segja það, sem er þó raunar alveg óþarfi að taka fram, að Framsfl. er að sjálfsögðu alveg óbundinn í stóriðju- og stórvirkjunarmálinu og hefur lagt til menn í þessa n. til að greiða fyrir því, að hægt væri að komast að niðurstöðu um, hver afstaða manna verði í því máli, og flokkurinn hefur enga yfirlýsingu varðandi þetta mál gefið aðra en þá, sem kemur fram í bréfi flokksins til ráðh. frá 7. des. og ég las hér áðan fyrir hv. þm.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Það hefur verið upplýst hér, að Framsfl. hefur verið tekinn í þessa n., þó að afstaða hans til málsins sé með öllu óbundin. En helzta röksemd forsrh. enn fyrir því, að halda beri Alþb. fyrir utan n., er sú, að hann telur, að Alþb. muni verða á móti málinu. Mér sýnist nú, að það sé alveg augljóst, að það er eitthvað annað og sennilega nær því, sem ég gat hér til áður, sem liggur á bak við það, að ríkisstj. leggur áherzlu á það, að fulltrúar Framsfl. eins verði með ríkisstj. í þessari n. Það er sennilega miklu nær því að vera það, að ríkisstj. vilji fá þessa n. til sérstakra samninga við Framsfl. til þess að standa að málinu með þeim hætti, sem ríkisstj. vill. En þrátt fyrir allt hefur nú hæstv. forsrh. gefið hér þá yfirlýsingu, að þessi n. eigi að undirbúa þetta mál fyrir Alþ. Það sagði hæstv. ráðh. nú í sinni ræðu. Og það er einmitt vegna þess, að hér er verið að skipa n., sem á að undirbúa þýðingarmikið mál fyrir Alþingi, sem við Alþb.-menn teljum okkur eiga rétt á því að vera í n. Hér er verið að safna gögnum fyrir Alþ., hér er verið að undirbúa málið sem bezt fyrir alla alþm., til þess að þeir geti tekið afstöðu til málsins, svo að ekkert verði undan dregið. Og það er einmitt, þegar málið liggur svona fyrir, sem það er réttmætt að halda því fram, eins og ég hef gert, að hér er unnið að málinu á ólýðræðislegan hátt og á óþingræðislegan hátt. En þegar hæstv. forsrh. sér, að þetta er svona, eins og ég hef rakið það nú, þá reynir hann að skjóta sér út um þá smugu að segja: Ja, þetta er nú ekki þn., þetta er ríkisstjórnarnefnd, það er ríkisstj., sem er að fá vissa menn til aðstoðar við sig, til þess að undirbúa málið fyrir ríkisstj., svo að ríkisstj. geti lagt það fyrir Alþingi. Og því hafa þingræðisreglur ekki verið brotnar, af því að Alþingi er ekki sjálft hér að setja þessa n. — En það er þetta, sem ég hef leyft mér að kalla undanbrögð og tiltölulega ómerkileg undanbrögð. Þegar er verið að setja n. til þess að rannsaka viðamikið mál og undirbúa það í hendur Alþingis og sú leið er valin, að ríkisstj.

skipar n., en kemur í veg fyrir það, að Alþingi fái að kjósa n., eins og till. liggur fyrir um í Alþ., eru þetta undanbrögð. Það er verið að skjóta sér fram hjá kjarna málsins, til þess að hægt sé að svipta ákveðinn flokk þeim þingræðislega rétti, sem hann hefur.

Hæstv. forsrh. varð að viðurkenna það líka hér í sinni ræðu, að verkefni þessarar n. ætti að vera það að athuga, hvort ráðast ætti í stórvirkjun eða ekki. Já, ætli ekki það? Ætli okkur Alþb.-mönnum komi það ekki við eins og öðrum alþm. að fá að sjá öll gögn og fylgjast með öllum undirbúningi þess, hvort á að ráðast í stórvirkjun og hvernig á að henni að standa? Og hann sagði enn fremur, að það ætti að ræða um það í n. og kanna það, hvort ætti að gera samninga við erlenda aðila og þá auðvitað hvernig, og vitanlega kemur okkur þetta við eins og öðrum alþm. Þá reyndi hæstv. forsrh. í þessum efnum að skjóta sér fram hjá kjarna málsins á þann hátt, að það mætti lesa það út úr því, sem hér hefur verið sagt af hálfu okkar Alþb.-manna, að við værum kannske ekki allir sammála um afstöðu til byggingar alúmíníumverksmiðju á vegum útlendinga í landinu. Hann veit mætavel, að það er rétt, sem hér hefur verið skýrt frá. Slíkt mál hefur ekki verið borið neitt undir Alþb., og það hefur engin sérstök samþykkt verið gerð í því. Hins vegar hafa komið fram margar hugmyndir og bollaleggingar manna og skrif í blöðum um það, hvernig að slíku ætti að standa, og sumir telja, að þetta sé það mikilvægasta, sem gert verður í atvinnuuppbyggingu landsins, að láta erlend auðfélög fá þarna þá aðstöðu, sem Íslendingum er neitað um í íslenzkum atvinnurekstri, og það fer ekkert á milli mála, að við Alþb.-menn erum yfirleitt með þá skoðun, sem ég hef hér lýst yfir, að við erum á móti því, að erlendum auðfélögum sé gefinn sá kostur til aðstöðu í íslenzku atvinnulífi, að þau fái þar úrslitaáhrif. En er það kannske það, sem um er teflt í þessu? Má ekki ræða þetta mál á öðrum grundvelli en þeim, að útlendingar eigi að fá hér úrslitaáhrif í íslenzku atvinnulífi?

Það er í rauninni alveg óþarft að lengja þessar umr. frekar en orðið er. Ég vil bara ætla það, að hæstv. forsrh. og ríkisstj. í heild skilji það, að þeim hefur ekki tekizt að smeygja sér út úr þessu máli með einhverjum undanbrögðum. Það hafa allir alþm. séð gegnum málflutning þeirra, allir, hver og einn einasti. Og það mun öll þjóðin sjá í gegnum það, að þeir eru að hafa rangt við í þessu máli. Þeir eru hér að reyna að níðast á ákveðnum þm. í sambandi við undirbúning á þýðingarmiklu þingmáli, þeir eru að beita órétti. Undanbrögð stoða hér ekkert. Það eina, sem þeir eiga til í þessu máli, er það, sem ég hef bent á. Það er, að þeir sjái sóma sinn í því að endurskoða afstöðu sína, hætta við að brjóta hér þingræðislegar reglur og gefa þeim flokki, sem á raunverulegan rétt á því að eiga mann í 7 manna nefndum til þess að athuga þýðingarmikil þingmál, gefa þeim flokki þann rétt eins og öðrum, en svipta flokkinn ekki þessum rétti. Það er með öllu þýðingarlaust að segja, að þessi flokkur hafi þennan rétt, því að síðar meir komi þetta mál fyrir Alþ. og þá fái menn að sjá málið. Það vita allir menn, að þegar slík stórmál sem þessi eru lögð fyrir Alþ., er það í frv.-formi eða ályktunarformi með litlum grg., flestu skotið undan, sem máli skiptir. En við förum fram á það eins og aðrir að fá að fylgjast með undirbúningi málsins og fá aðstöðu til þess að mega segja allri þjóðinni um hvern einstakan þátt málsins, hvernig hann bar að og hvaða umsagnir lágu fyrir um hann. En spurningin er þá þessi: Þolir málið ekki dagsljósið? Þarf að hafa eitthvert rökkur yfir því? Ríkisstj. á auðvitað valið í þessum efnum, hvort hún ætlar að halda sér við þetta eða ekki eða hvort hún sér að sér í málinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. tók það fram í sinni seinni ræðu, að hér væri ekki brotinn á okkur Alþb.-mönnum réttur, vegna þess að hér væri um stjórnskipaða n., en ekki þingkosna að ræða. Víst er þetta rétt. Þó er það áreiðanlega miklu þinglegri aðferð, að hér hefði verið kjörin n. af þinginu, eins og Framsfl. virðist hafa lagt áherzlu á, enda flytjandi að slíku máli sem þingmáli. En ég er alveg sannfærður um það, að ef það hefði gerzt, að Sjálfstfl. hefði einn þingflokka verið skilinn eftir utan við stjórnskipaða nefnd, þá hefðu skapsmunir núv. hæstv. forsrh. sagt til sín, ef hann hefði verið í stjórnarandstöðu og verið traðkað þannig á mannréttindum hans og hans flokks. Það þarf enginn að segja mér annað. Og það er alveg víst, að ef Framsfl. hefði verið svona aðferðum beittur og Alþb. smeygt inn í stjórnskipaða nefnd, en hann einn tekinn út úr og sviptur aðstöðu til að fylgjast með stórmáli, þá hefði Framsfl. líka sagt til sín réttilega.

Það eru engin rök í þessu máli að halda því fram, að þeir, sem séu andvígir þessu máli, eigi ekki að koma nálægt því. Það eru engin rök, alveg ósæmilegt að bera þau fram. Því var lýst hér áðan einmitt af hæstv. forsrh. sjálfum. Það gerist í hverri þn., að menn geta orðið ósammála. Menn eiga rétt á því að flytja sín rök, túlka sína skoðun og þegar ekki er hægt að brúa sjónarmiðin og komast að sameiginlegri niðurstöðu, þá klofna n., og þá kemur fram meirihluta- og minnihlutaálit, og þjóðin á heimtingu á því, að skoðun meiri hl. og minni hl. komi fram og þá ekki sízt í stærstu málunum. Og það gæti varðað þjóðina allmiklu að fá að vita um það, hverjar væru hinar ýmsu skoðanir þm. í svona stóru og þýðingarmiklu máli.

En sé nú litið fram hjá þessari rökleysu og staðnæmzt við hitt, að það er búið að taka þingflokk góðan og gildan til starfa í þessari n. án skilyrða um afstöðu hans, að því er formaður Framsfl. hefur upplýst, en það er hamr-

að á því, að hinn þingflokkurinn, Alþb., hann fái ekki að taka þátt í nefndarstörfunum, nema hann lýsi því yfir, að hann verði endanlega með málinu, og það standi í vegi, — eru þetta þingleg vinnubrögð? Er hægt að kenna þetta við lýðræði kannske? Er heppilegt að hafa orðið lýðræði á vörunum, um leið og þetta er gert? Nei, það held ég sé ekki.

Þingflokkur Alþb. fjallaði um málið vegna orðsendingar hæstv. iðnmrh., þegar þingflokkurinn fékk að vita, að það stæði til að setja slíka n. á laggir. Það var afstaða þingflokks Alþb. að vilja taka þátt í þessari n., og það var tekið skýrt fram í umr. þar, að það yrði auðvitað að vera áskilið, að fulltrúar Alþb. hefðu óbundnar hendur um afstöðu sína og tækju auðvitað málefnalega afstöðu til allra málsatvika í nefndarstarfinu.

Að lokum skal ég svo aðeins leysa hæstv. forsrh. úr þeim vanda að gera upp á milli þess í sínum huga, hvorn sé mest að marka, hv. 3. þm. Reykv. (EOl), hv. 5. þm. Austf. (LJós) eða mig, og geri ég þó enga kröfu til þess sjálfur að fást við það vandamál, hvern sé mest að marka í röðum Sjálfstfl., ég leiði það alveg hjá mér og hef ekki verið að brjóta heilann um það. En hér liggur það skýrt fyrir, formaður þingflokks Alþb., Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf., hefur hér lýst því yfir, að þingflokkur Alþb. hefur ekki tekið afstöðu til þessa máls, og í þessu tilfelli er það því rétt, sem ég áðan sagði, að þingflokkurinn tekur afstöðu til þessa máls, þegar málsatvik liggja fyrir, og vill fá að byggja skoðun sína, endanlega skoðun, á afstöðunni til hinna einstöku málsatriða með því að þekkja þau, fylgjast með þeim, starfa að þeim.

Ég held, að við höfum ekki verið að fara með neina ósvífni, málflytjendur Alþb., þegar við höfum lýst því hér yfir úr ræðustól þingsins, að við teljum brotinn rétt á okkar þingflokki. Við teljum á honum traðkað, við teljum honum misboðið, þegar sagt er: Þið fáið að frétta af störfunum í nefndinni, — teljum honum misboðið með því, og þess vegna berum við fram, ekki aðeins ósk um það, við leyfum okkur að leggja fram kröfu um það, að þingflokkur Alþb. sé ekki sniðgenginn í þessu nefndarstarfi og að málið verði tekið til endurskoðunar. Hæstv. forsrh. má taka það sem hótun, ef hann vill, en það er eindregin og skýlaus krafa okkar, ekki í neinum bænaskrárstíl.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er nú mjög vaxandi gengi stjórnarinnar, þegar þeir keppast jafnákaft um að komast í okkar þjónustu, hv. stjórnarandstæðingar, eins og þessar umr. bera vitni um, því að hér er, eins og margoft hefur verið tekið fram, eingöngu um það að ræða að vinna ákveðið verk fyrir ríkisstj., sem síðan kemur með lögformlegum hætti undir ákvörðun hv. Alþingis.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Málið liggur alveg ljóst fyrir. En ég vil einungis leiðrétta það — og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs — hjá hv. 5. þm. Vestf., að þess hefur aldrei verið krafizt, að menn lýstu fyrir fram stuðningi við málið, og það gert að skilyrði þess að komast í þessa n. Ákvörðun ríkisstj. byggist á hinu, að menn hefðu opinn hug í málinu og væru ekki búnir að taka ákvörðun. Og það er alveg ótvírætt og hefur hér komið fram af málflutningi hv. 3. þm. Reykv., eins og ég hef áður vitnað til, að af hálfu Alþb. hefur hingað til verið talað um málið á þann veg. (**HV:** Afstaða þingflokksins er ókunn.)

VII. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., utan dagskrár, mælti

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár til þess að vekja athygli á — með leyfi hæstv. forseta — 14. gr. vegal., en þar segir svo:

„Leggja skal fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun samkv. 10. gr. samtímis frv. til fjárl. Sama gildir um till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar."

Í dag er 9. des., og ekki er annað ljóst en stefnt sé að því að ljúka fjárlagaafgreiðslu nú fyrir þinghlé um jólin. Af þeirri ástæðu leyfi ég mér að spyrja hæstv. samgmrh., hvað líður því að leggja fram hér á hv. Alþingi vegáætlun þá, sem nú á að vera búið að leggja fyrir hv. Alþingi fyrir löngu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. vitnaði réttilega í vegal. Þar er svo kveðið á, að till. til vegáætlunar verði lögð fram samtímis frv. til fjárl. En það er nú svo, að þetta var ómögulegt, og ég veit, að hv. fyrirspyrjandi er mér sammála um, að það var ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að Vegamálaskrifstofan hefði lokið samningu þessarar till. um það leyti, sem Alþingi kom saman. Nú er það svo, að það er nokkur tími liðinn síðan till. kom í rn. Við vorum að tala um það í morgun, ráðuneytisstjórinn og ég, hversu langt væri síðan. Okkur taldist til, að það væru rúmlega 3 vikur. Það má vel vera, að hv. fyrirspyrjanda finnist þetta nokkuð langur tími, að rn. haldi hjá sér till. í meira en þrjár vikur, áður en hún kemur fram. En þetta er ekki bara venjuleg till., aðeins eitt blað, þetta er þykk bók, og eðlilega þurftu ráðh. að lesa þetta yfir, og eðlilega þarf prentsmiðjan nokkurn tíma til þess að skila því frá sér. Ég var að vonast eftir því, að till. yrði útbýtt í dag, en hún er ekki komin hér á borð hv. alþm., en ég vænti þess, að það verði á morgun. Og ef nokkurn er hægt að ásaka um seinagang í þessu máli, þá skulum við bara hafa

það samgmrh., að hann hafi legið á málinu í 1—2 vikur, á aðra viku, og síðan prentsmiðjuna, og þá skulum við segja, að ég hafi tafið þetta mál í 1—2 vikur, og þá tek ég þann dóm á mig. En ég er ekki viss um, að það verði af miklum þunga sagt, jafnvel hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég held, að hann sé svo sanngjarn maður í eðli sínu, að hann skilji nú aðstæður allar, og ég lít svo á, að hann hafi borið fsp. fram, ekki í ásökunartón fyrir drættinum, ekki vegna þess, að hann hafi ekki skilið allar aðstæður í þessu máli, heldur einfaldlega vegna þess, að það er eðlilegt, að hann eins og aðrir hv. alþm. vilji nú fara að sjá þetta plagg. Og ég fyrir mitt leyti hefði gjarnan viljað, að það hefði getað komið fyrr hér fram, en eðli málsins samkv., þegar það er skoðað ofan í kjölinn, var ekki mögulegt, að það gæti orðið öllu fyrr en þetta.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér orðræður. Ég gaf ekki heldur tilefni til þess eða var hér uppi með neinar ádeilur, heldur vakti athygli á lagagrein, sem hæstv. ráðh. hafði samþ. eins og ég og aðrir hv. alþm. Hins vegar er það eðlilegt, að þm. þurfi að sjá vegáætlunina, áður en fjárlög verði afgreidd, og svo skammur tími er nú til fjárlagaafgreiðslu, ef hún á að eiga sér stað fyrir áramót, að ekki er að undra, þótt spurt sé um jafnveigamikið atriði í fjárlagaafgreiðslunni og vegáætlunin er. Ég lýsi ánægju minni, að það skuli þó vera von á áætlun, en endurtek, að það þarf engan að undra, þó að um sé spurt. Miklu frekar væri ástæða til þess að lýsa yfir, hve þolinmæði þm. væri mikil að hafa beðið til þessa.

Á 35. fundi í Ed., 19. des., utan dagskrár, mælti

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að biðja um orðið utan dagskrár til þess að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. varðandi þann mikla vanda, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins virðist nú eiga við að stríða. Þessa fsp. ætlaði ég raunar að bera fram í gær, en hætti við það, vegna þess að hæstv. landbrh. hafði ekki ástæðu til að mæta á þingfundi að sögn hæstv. forseta deildarinnar.

Menn hafa átt því að venjast, að stofnlánasjóðir landbúnaðarins eða stofnlánadeildin, sem við tók af þeim, lyki afgreiðslu lána nokkru fyrir jól, og ég minnist þess oft og einatt, að ég hef farið heim af þingi fyrir jólin um þetta leyti og þá verið búið að afgreiða öll þau lán, sem ég hef haft umboð fyrir.

Nú er ástandið hins vegar þannig, að aðeins eru afgreidd lægstu lánin, en hin látin bíða afgreiðslu, jafnvel þótt þar sé um að ræða lán, sem bankinn var búinn að lofa skriflega að veita á þessu ári. Á það má einnig minna í þessu sambandi, að bankinn tók upp þá nýbreytni í ár að krefjast þess, að allar lánsumsóknir væru komnar fram þegar í aprílmánuði, og hefur einnig á annan hátt reynt að takmarka fjárfestingu í sveitum á árinu. Um þetta mun ég ekki ræða nánar að þessu sinni, en ég óska svars og upplýsinga hæstv. ríkisstj. um það, hvort bændur megi ekki vænta skjótrar úrlausnar í þessum vandamálum, þannig að öll þau lán, sem lofað var, verði afgreidd næstu daga.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. biður um orðið utan dagskrár í tilefni af þeim mikla vanda, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins er í, eins og hann segir, þar sem hún getur nú ekki fullnægt lánaþörfum, að mér skilst á hans fsp., og nú séu aðeins afgreidd lægstu lánin. Það væri náttúrlega ástæða til þess að ætla, að stofnlánadeildin væri í miklum vanda stödd, vegna þess að framkvæmdir á því ári, sem nú er að líða, eru miklu meiri en nokkurn tíma áður og því meiri vandi á höndum að fullnægja fjárþörfinni. En sem betur fer tekst ekki verr til núna en áður. Fjárþörfinni verður fullnægt, og til upplýsinga fyrir hv. þm. er þess að geta, að í gærkvöld hafði verið lánað úr stofnlánadeildinni, það sem af er þessu ári, 71.2 millj. kr. Hvað farið hefur út í morgun, skal ég ósagt láta, en það gætu vel verið 10 millj. kr. Það, sem er óafgreitt, eru nokkrir tugir millj. En það er gert ráð fyrir, að þegar afgreiðslunni er lokið núna fyrir jólin, verði útlánin á þessu ári 110—115 millj., sennilega 115 millj. Þá er þess að geta, að í fyrra urðu útlánin 102 millj., að mig minnir, 1963.

Það kemur mér alveg á óvart, ef hv. 1. þm. Vesturl. er með þá panka, sem hann hlýtur að vera, úr því að hann gerði þessa fsp., að hann fái ekki afgreiðslu á sínum málum nú, áður en hann fer heim, og ég vænti þess, að hv. þm. geti farið glaður heim í jólafríið með það að hafa lokið fyrirgreiðslu sinna umbjóðenda að undanskildum þeim, sem höfðu ekki sótt um lán í tæka tíð. Og út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við það, þótt bankinn afgreiði ekki þau lán fyrir áramót, sem ekki var sótt um á tilskildum og auglýstum tíma. En útlánin á þessu ári verða allmiklu hærri en 1963, en 1963 urðu þau langhæst, sem þau hafa nokkurn tíma verið. Þau urðu 1962 70.3 millj., en 1958 voru þau 52 millj., en eins og ég sagði áðan, má reikna með, að þau verði 110, jafnvel 115 millj. kr. á þessu ári.

Ég vænti þess, að hv. þm. nægi þessar upplýsingar og hann fari í Búnaðarbankann á mánudaginn og leiti eftir afgreiðslu sinna mála.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra, að það skuli eiga að afgreiða öll þau lán, sem lofað var á s. l. vori, að fjárhagur bankans sé það góður, að þess er auðið. En einkennilegt hefur verið, að það hefur verið ákaflega mikil tregða að fá lán, af hvaða ástæðu sem það hefur stafað, og afgreiðsla lána hefur verið allmiklu seinni en

nokkurn tíma áður. Venjulega hefur afgreiðsla verið búin um þetta leyti, enda mikið annað að gera fyrir starfsfólk bankans, þegar líður að áramótum, og ég hygg, að það sé ekki að ófyrirsynju, að það sé spurt um þessa hluti nú, þar sem aldrei hefur verið jafnáliðið, þegar lokið hefur verið við afgreiðslu lána. Og á annað vil ég minna líka, að bændur hafa verið skattlagðir sérstaklega í því skyni að tryggja fjárhag stofnlánadeildarinnar og því eðlilegt, að þeir geri meiri kröfur en áður var til þeirrar deildar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða hina svonefndu skattlagningu, sem hv. þm. minntist hér á, en ég skal taka undir það, að það er eðlilegt, að bændur geri hærri kröfur nú til afgreiðslu í stofnlánadeildinni og Búnaðarbankanum heldur en áður, vegna þess að áður höfðu þeir þá reynslu, að það þýddi ekki annað en takmarka kröfurnar. Nú hafa þeir gert hærri kröfur, og þeir hafa fengið aukna fyrirgreiðslu. En ég býst við því, að hv. þm. og ég þekkjum vel, hvernig hefur verið með afgreiðslu lána úr stofnlánadeildinni og búnaðarsjóðunum, sem fyrr voru að starfi. Báðir höfum við áreiðanlega haft umboð fyrir marga, og báðir vitum við það, að það hefur alltaf verið svo, að lánveitingarnar hafa staðið alveg fram að jólum. En það hefur ekki þótt fært að afgreiða lánin milli jóla og nýárs, því að þá er starfslið bankans bundið við uppgjör. Og mér er kunnugt um það, að starfslið bankans hefur unnið allan þennan mánuð sleitulaust og oftast fram á nótt við afgreiðslu lána, og eftir því sem lánin eru fleiri, verður verkefnið meira, vinnutíminn lengri, og það gæti þess vegna vel verið, að það yrði ekki búið nú að afgreiða fyrr en t. d. á Þorláksmessu, en það hefur verið búið daginn fyrir Þorláksmessu undanfarin ár. Ég skal ekki segja um það.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef kannske ekki tekið nægilega vel eftir, þegar hæstv. ráðh. talaði hér, og mitt erindi hingað var aðeins að fá það staðfest, sem mér skildist hann segja, að það mundu verða afgreidd þau lán úr Búnaðarbankanum fyrir jól, sem loforð hefði verið gefið fyrir, — fyrirheit hefðu verið gefin um á sínum tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. skildi mig rétt, því að þegar ég talaði um, að lánin verði 110—115 millj., er það sá rammi, sem var skapaður með loforðunum í vor.

Á 88. fundi í Nd., 11. maí, utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú komið að þinglokum, og því vil ég leyfa mér að gera hér fyrirspurn til hæstv. sjútvmrh. utan dagskrár.

Eins og kunnugt er, þá er vetrarvertíð bátaflotans nú að ljúka. Vetrarvertíðin hefur gengið misjafnlega eins og oft áður, sums staðar vel, en hjá öðrum miður vel. Nú er það kunnugt mál, að margir útgerðarmenn eiga í miklum erfiðleikum með að standa við umsamdar greiðslur af stofnlánum fiskibáta, einkum til fiskveiðasjóðs. Þá er það einnig vitað, að rekstrarlán bankanna í sambandi við síldarútgerð eru mjög lág og hvergi nærri jafnhá, miðað við tilkostnað við að gera út á veiðarnar, eins og þau voru áður.

Af þessum ástæðum vil ég nú spyrja hæstv. sjútvmrh. um það, hvort ríkisstj. hefði ekki í huga að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum til þess að greiða fyrir því, að útgerðarmenn geti tekið fullan þátt í sumarsíldveiðunum í sumar og þurfi ekki að lenda í greiðsluþrotum af þessum ástæðum. Ég er á þeirri skoðun, að það sé alveg nauðsynlegt að gera vissar ráðstafanir, ef það eigi ekki að bitna verulega á þátttökunni í síldveiðunum í sumar og því, hvernig bátarnir verða útbúnir til veiðanna.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þessari fsp. minni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Vertíðinni er að ljúka, það vitum við. En niðurstaða af aflabrögðum og afkomu hefur ekki legið að fullu fyrir enn sem komið er. Það er að vísu rétt, að sums staðar hefur veiðin gengið treglega og aflabrögðin verið minni en æskilegt hefði verið. Hins vegar er líka vitað, að annars staðar hefur veiðin gengið mjög sæmilega og sums staðar vel, en sem sagt, skýrsla um þetta er ekki fyrir hendi. En ég get hins vegar sagt, að það hafa ekki heldur borizt frá aðilunum neinar óskir sérstaklega í þessu sambandi enn sem komið er, en verða auðvitað, ef þær koma fram, teknar til athugunar. Hins vegar get ég skýrt frá því, að það hefur verið sótt um frest á afborgunum af stofnlánum báta á Vestfjörðum og Norðurlandi, aðallega þeim, sem línuveiðar hafa stundað og hafa haft mjög lélega afkomu. Í það mál var sett nefnd og rætt við aðallega fiskveiðasjóðinn, sem hefur mest af þessum lánum, og var þar tekið vel á þessari málaleitun útvegsmanna að norðan og frá Vestfjörðum, sem harðast hafa orðið úti, með því að fresta afborgunum af lánunum, sem áttu að greiðast á árunum 1963 og 1964. En sem sagt, það hefur ekki enn borizt í mínar hendur nein málaleitun fyrir vertíðina í ár, og þess vegna hefur engin afstaða verið tekin til þess máls enn, en verður að sjálfsögðu athugað, ef hún liggur fyrir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og undirstrika þær óskir mínar, að hann fylgist með þeim vanda, sem ég efast ekkert um, að hér er á ferðinni, og geri það, sem réttmætt er að gera í slíkum tilfellum sem þessu. Ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um, að

það er brýn þörf á því að vinna að því, að rekstrarlánin til síldveiðiskipa verði hækkuð allverulega frá því, sem verið hefur, og það með sérstöku tilliti til þess, hvernig nú stendur á.

VIII. Alþingishús.

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., utan dagskrár, mælti

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Á Alþingi 1960 flutti ég ásamt hv. 3. þm. Vesturl. svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er vinni að því í samráði við ríkisstj. að gera till. um stækkun Alþingishússins eða byggingu nýs þinghúss eftir því, hvort betur þykir leysa þörf Alþingis fyrir viðunandi húsnæði. N. skal skila till. til Alþingis eigi síðar en haustið 1962.“

Þessi till. var afgreidd frá Alþingi 28. marz 1961 á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum að gera till. um framtíðarhúsnæði Alþingis.“

Í framhaldi af þessu var svo sérstök nefnd skipuð samkv. þessari till. til þess að gera till. um þetta mál. Ég vildi nú beina þeirri fsp. til hæstv. forseta, hvað líði störfum þessarar nefndar, hvenær megi vænta álits frá henni og hvort vænta megi a. m. k. einhverra bráðabirgðaúrbóta á húsnæðismálum Alþingis.

Forseti (BF): Ég sé ekki ástæðu til að svara þesari fsp. utan dagskrár, en ég vil aðeins upplýsa það, að þinghúsnefndin hefur þegar haldið einn fund nú, eftir að þing kom saman, og formaður þingflokks Framsfl. mætti á þeim fundi. Er honum kunnugt um, hvað gerzt hefur í málinu.

IX. Athugasemdir um þingstörf.

Á 9. fundi í Ed., 2. nóv., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera hér stutta athugasemd við óheppileg vinnubrögð þingsins og þá sérstaklega þessarar hv. d., sem hæstv. forseti á að vísu ekki sök á, en ég tel mega rekja til starfshátta hæstv. ríkisstj.

Það, sem ég á hér við, er sú misskipting, sem á sér stað á framlagningu stjórnarfrv. í deildum þingsins. Á þeim þremur vikum, sem nú eru liðnar frá þingsetningu, hafa, að ég ætla, verið lögð fram í Nd. 11 eða 12 stjfrv., sum viðamikil, en hér í þessari hv. d. hafa aðeins fram að deginum í dag verið lögð fram tvö og nú í dag það þriðja.

Þessi tvö, sem áður hafa verið lögð fram, eru mjög einföld og ekki líkleg til þess að vekja miklar umr. eða valda deilum, enda er annað frv. þegar afgreitt frá þessari deild til Nd. Og nú í dag er lagt fram hér þriðja stjfrv. í Ed., og þá liggur ekki meir af málum fyrir þessari hv. d. en það, að það er óskað eftir afbrigðum og leyfi deildarmanna, til þess að þetta frv. megi takast fyrir strax í dag, áður en þm. hefur gefizt kostur á því að lesa það, og er hér þó um allmikinn lagabálk að ræða.

Það mætti segja, að það væri ekki ástæða til þess að sakast um þetta, ef þetta væri eitthvað alveg nýtt og hefði ekki komið til greina áður. En sannleikurinn er sá, að þessi vinnubrögð hafa viðgengizt nokkuð mikið á undanförnum þingum, þó að ég minnist þess ekki, að það hafi verið gengið jafnlangt í þessu nokkru sinni eins og nú. Afleiðingin af þessu hefur verið sú, að þegar málin hafa komið í þessa hv. d., þá hefur oft og einatt lítill tími unnizt til þess að athuga þau. Málin hafa verið keyrð áfram, ég vil segja stundum með óeðlilegum hraða. Það segir sig sjálft, að þetta eru ákaflega óheppileg vinnubrögð. Og maður getur ekki séð, hvaða ástæða liggur til þess, að hæstv. ríkisstj. misskiptir svo frv. á milli d. sem raun ber vitni.

Það er að vísu svo, að að ýmissa áliti er þessi hv. þd., Ed., eins konar yfirdeild, sem á að yfirskoða og endurskoða gerðir hv. Nd. En það er þó ekki í raun og veru rétt á litið, heldur eru báðar d. jafnréttháar. En ég tel það miklu heppilegri vinnubrögð að skipta málunum nokkurn veginn jafnt, — þeim stjórnarfrv., sem um er að tefla, — milli deildanna, þannig að þær hafi báðar við nokkuð að vera. En eins og við allir vitum, dm., sem sitjum í þessari d., þá hefur þessi hv. d. sannast sagna haft heldur lítil verkefni þann tíma, sem af er þingtímanum, eins og sést bezt á þeim vinnubrögðum, sem á að viðhafa hér í dag, þar sem ekki væri fundarfært, vegna þess að verkefni lægju ekki fyrir, ef ekki ætti að taka þetta mál fyrir með afbrigðum. Ég segi fyrir mig, að ég mun alls ekki greiða því atkv. Ég er á móti því, að mál séu tekin svona fyrir með afbrigðum og til 1. umr., án þess að þm. gefist kostur á að athuga þau. Auðvitað á ekki sama ætið við, — mál geta verið svo einföld og þeim getur legið svo mikið á, að slíkt sé réttlætanlegt.

Ég hef sem sagt viljað nota þetta tækifæri til þess að láta þessa athugasemd koma fram opinberlega og láta þingtíðindin geyma hana, því að ég sé ekki annað en að þessi vinnubrögð séu mjög óheppileg og óskynsamleg, ekki aðeins gagnvart stjórnarandstöðunni, heldur bitnar þetta á svipaðan hátt á stuðningsmönnum stjórnarinnar, þó að þeirra aðstaða sé að vísu alltaf nokkuð á aðra lund, þar sem þeim hefur áður oftast nær sjálfsagt gefizt

tími til þess að athuga þau mál, sem um er fjallað á þinginu, áður í stjórnarflokkunum.

Eins og ég sagði áðan, þá dettur mér ekki í hug að saka hér hæstv. forseta um. En ég vil mælast til þess við hann, að hann ásamt og í samvinnu við aðra forseta þingsins hlutist til um það við hæstv. ríkisstj., að eftirleiðis verði haldið öðruvísi á þessum málum en hingað til.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að flest þeirra stjfrv., sem lögð hafa verið fyrir þetta Alþingi, hafa verið lögð fyrir Nd. Ég er honum einnig sammála um, að þetta eru óheppileg vinnubrögð og þarf að skipta jafnar milli deilda, og er það öllum í hag, bæði Alþingi í heild, deildunum báðum, stjórnarandstöðu og stjórnarsinnum, og munu verða gerðar ráðstafanir til þess að kippa þessu í lag.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að blanda sér mikið inn í þessar umr., en ég vil þó taka undir það, sem hér hefur komið fram af gagnrýni í þessa átt. Yfirleitt hefur það verið svo, að það eru eingöngu þau mál, sem hæstv. fjmrh. hefur flutt, sem hafa verið lögð fram í Ed., en öll önnur mál verið lögð fram í Nd. af hálfu ríkisstj. Þetta er ekkert sérstakt nú. Þetta hefur oft gerzt áður. Að vísu hef ég ekki skoðað, hvernig það dæmi lítur út. En það er eitt, sem er ástæða til fyrir Ed.-menn að gagnrýna, ekki eingöngu út af því, að vinnubrögð verði með óeðlilegum hætti á þennan hátt, heldur einnig annað, að yfirleitt vill það brenna mjög við, að þegar lögð eru fram meiri háttar frv., þá flytja ráðh. um þau ýtarlegar framsöguræður, en það vill æðioft brenna við, að framsöguræður fyrir þeim í seinni d. séu miklu viðaminni, og þá oft látið nægja jafnvel að vísa til þess, sem sagt er í fyrri d. Þetta hlýtur að leiða til þess, ef það yrði að staðaldri haft þannig, að frv. yrðu lögð fyrir aðra deildina, að það væri þá jafnvel ætlazt til þess, að þm. hinnar d. ættu að fylgjast með umr. í Nd., sem ég tel ekki sérstakan virðingarauka fyrir Ed., að við þurfum að gera, þó að ekki beri að lasta þá ágætu Nd.

En í byrjun þings finnst mér það ákaflega óviðkunnanlegt a. m. k. að þurfa að halda þingfund á þann veg að þurfa að taka fyrir mál með afbrigðum. Ég veit, að hæstv. forseti mun ræða þetta mál við sína kollega, og einnig veit ég og er vel kunnugt um það, að hæstv. fjmrh., sem hér á sæti í þessari d., og einnig hæstv. utanrrh., þeir muni taka það til athugunar við sína meðráðh., að það verði reynt að finna á þessu eðlilegri skipan upp á starfshætti þingsins alla. En ég vil mega leggja til á þessu stigi, af því að mér finnst það óeðlilegt að þurfa í byrjun þings að fara að taka til 1. umr. mál með afbrigðum, nema það sé mál, sem af sérstökum ástæðum þurfi að hraða gegnum þingið, að þá yrði þetta mál nú tekið út af dagskrá.

Forseti (SÓÓ): Ég vil í tilefni þessara umr., sem eiga fyllilega rétt á sér, taka það fram, að ég mun taka þetta til athugunar og hlutast til um að fá fram breyt. á því.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., mælti

forseti (BF): Áður en lengra er haldið dagskránni, vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. alþm. á því, að þótt nú sé liðinn mánuður af þingtímanum, er ekki enn þá komið til nefndar í sameinuðu þingi nema eitt mál. Ég vil leyfa mér að mælast til betri samvinnu við hv. alþm. um það að koma málum til n. í sameinuðu þingi, án þess að ég vilji þó gera annað en að minna menn á þá góðu og gömlu dyggð **að vera stuttorðir og gagnorðir.**

X. Meðferð fyrirspurna.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., mælti

forseti (BF): Ég leyfi mér að vekja athygli hv. alþm. á því, að framvegis verður tekið fyrir, hvort leyfðar skuli fsp., á fundum sameinaðs þings á miðvikudögum, og er þá gert **ráð fyrir,** að þeim verði svarað viku síðar. Þurfa því fsp. að berast skrifstofunni eigi síðar en á mánudögum, þannig að útbýting þeirra geti farið fram á þriðjudögum. Þetta eru hv. alþm. vinsamlega beðnir að taka til athugunar.

XI. Breyting á ríkisstjórninni.

Á 50. fundi í Sþ., 8. maí, var tekin á dagskrá:
Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Nú fyrir hádegið í dag var haldinn ríkisráðsfundur, og bar ég þá svo hljóðandi tillögu upp fyrir forseta Íslands:

„Gunnar Thoroddsen fjmrh. mun takast á hendur sendiherraembætti í Danmörku og hefur því beiðzt lausnar frá ráðherraembætti. Leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til, að þér, herra forseti, fallizt á lausnarbeiðni ráðherrans. Jafnframt leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til, að Magnús Jónsson alþm. verði skipaður ráðherra í stað Gunnars Thoroddsens með sama verksvið og hann hafði.

Leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja fyrir yður, herra forseti, bréf um lausn Gunnars Thoroddsens frá ráðherraembætti, skipunarbréf handa Magnúsi Jónssyni alþm. til þess að vera ráðherra í ríkisstj. Íslands og enn fremur úrskurð um breyt. á forsetaúrskurði, nr. 64

1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.“

Á þessar till. féllst forsetinn, og hefur samkv. því Magnús Jónsson tekið við störfum fjármálaráðherra. Leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til síns vandasama starfs, jafnframt því sem ég þakka fyrrv. hæstv. fjmrh., Gunnari Thoroddsen, fyrir hans frábæra starf í ríkisstj., ágætt samstarf við okkur, sem með honum höfum unnið, og persónulega fyrir okkar langa samstarf í stjórnmálum og að öðrum efnum.

Gunnar Thoroddsen hefur nú setið á Alþ. lengst af allt frá því 1934. Ég hygg, að hann hafi verið kosinn á þing yngri en nokkur annar, og þó að hann sé enn á bezta aldri, á hann að baki sér lengri þingferil en flestir, sem á þingi hafa setið, og veit ég, að allir alþm. taka undir með mér, þegar ég þakka honum hans ágætu störf á þingi. Við óskum honum allir gæfu og gengis í framtíðinni.

XII. Þingmennskuafsal.

Á 54. fundi í Sþ., 12. maí, mælti

forseti (BF): Áður en gengið er til dagskrár, leyfi ég mér að lesa upp svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. maí 1965.

Þar sem ég hef verið skipaður sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og mun taka við því embætti síðar í þessum mánuði, leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, herra forseti, að ég afsala mér þingmennsku frá lokum þessa þings.

Gunnar Thoroddsen.

Til forseta Sþ.“

XIII. Minning látinna manna.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., mælti

forseti (BF): Páll Zóphóníasson fyrrv. alþm. og búnaðarmálastjóri lézt í borgarsjúkrahúsinu hér í bæ í gærkvöld eftir rúmlega árs vanheilsu, 78 ára að aldri.

Páll Zóphóníasson fæddist í Viðvík í Skagafirði 18. nóv. 1886. Foreldrar hans voru Zóphónías prófastur Halldórsson bónda á Brekku í Svarfaðardal Rögnvaldssonar og kona hans, Jóhanna Soffía Jónsdóttir háyfirdómara Péturssonar. Páll lauk námi í bændaskólanum á Hólum árið 1905, stundaði nám í búnaðarskóla og lýðháskóla í Danmörku 1906—1907 og lauk prófi í landbúnaðarháskólanum danska árið 1909. Sumarið 1909 ferðaðist hann um Noreg og Svíþjóð, en kom heim þá um haustið og hóf kennslu. Hann var kennari við bændaskólann á Hvanneyri árin 1909—1920 og jafnframt bóndi á Kletti í Reykholtsdal 1914—1920. Skólastjóri bændaskólans á Hólum var hann 1920—1928. Árið 1928 fluttist hann til Reykjavíkur og hóf störf hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hann var ráðunautur í sauðfjárrækt 1928—1936, ráðunautur í nautgriparækt 1928—1951 og búnaðarmálastjóri 1950—1956. Eftir að hann lét af föstu starfi vegna aldurs, hafði hann eftirlit með forðagæzlu á vegum Búnaðarfélagsins, meðan honum entist heilsa.

Páll Zóphóníasson gegndi margs konar trúnaðarstörfum jafnframt aðalstarfi sínu og átti mikinn þátt í félagsmálum. Hann var stofnandi og formaður ungmennafélagsins Íslendings í Andakíl og Ungmennasambands Borgarfjarðar, hreppsnefndarmaður í Reykholtsdal, oddviti í Hólahreppi og formaður búnaðarfélagsins þar, átti sæti í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga og Framfarafélags Skagfirðinga. Hann var í yfirfasteignamatsnefnd við fasteignamatið 1930, 1940 og 1956, í ríkisskattanefnd frá stofnun hennar 1931, var formaður kjötverðlagsnefndar 1934—1942 og mjólkurverðlagsnefndar 1934—1948, átti um skeið sæti í skipulagsnefnd fólksflutninga og úthlutunarnefnd jeppabifreiða. Á Alþingi átti hann sæti á árunum 1934—1959, sat á 32 þingum alls. Búnaðarþingsfulltrúi var hann 1925—1927.

Páll Zóphóníasson átti til mikilla gáfumanna að telja og hefur efalaust getað valið um ýmsar leiðir, þegar hann ákvað sér ævistarf. Hann kaus það hlutskipti að vinna að landbúnaðarmálum og aflaði sér víðtækrar þekkingar á því sviði. Þegar hann kom frá námi erlendis, hóf hann kennslu, og þótt hann léti af skólakennslu á miðjum aldri, var hann alla ævi ötull kennari bænda og leiðbeinandi í búnaðarmálum. Nemendur hans frá Hvanneyri og Hólum róma mjög kennslu hans. Leiðbeiningar hans og holl ráð í fyrirlestrum á mannfundum um land allt og í útvarpi eru kunnari en svo, að frá þurfi að segja. Þekking hans á landbúnaðarmálum var mikil, enda var hann með eindæmum glöggur og minnugur og eljumaður með afbrigðum. Á Alþingi lét hann sig mörg mál varða, en að sjálfsögðu voru landbúnaðarmálin honum hugleiknust.

Páll Zóphóníasson var heilsteypt persóna, fastur í skoðunum og einlægur. Hann var óhvikull í deilum um málefni, gat sótt fast á þeim vettvangi, og ekki var hann myrkur í máli um það, sem honum þótti miður fara. En hann var vinsæll um land allt og kunnur að góðvild og greiðasemi. Áhrifa af miklu ævistarfi hans mun lengi gæta í íslenzkum landbúnaði.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Páls Zóphóníassonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forseti (BF): Eftir þinghléið, sem nú er að ljúka, söknum við eins fulltrúa hér á Alþingi. Ólafur Thors fyrrv. forsrh. andaðist í Landakotsspítala 31. desember, tæpra 73 ára að aldri.

Hann var elztur okkar að árum og átti lengsta þingsetu að baki, nær fjóra tugi ára. Hann gegndi störfum aldursforseta í upphafi þessa þings, en varð að láta af þingstörfum sökum veikinda 27. okt. s. l. og átti ekki afturkvæmt til þingsetu.

Skömmu eftir andlát Ólafs Thors barst önnur harmafregn. Thor Thors ambassador Íslands í Bandaríkjunum og fulltrúi landsins á þingi Sameinuðu þjóðanna andaðist 11. janúar á heimili sínu í Washington, 61 árs að aldri. Vil ég leyfa mér að minnast þessara mikilhæfu og vinsælu bræðra, áður en horfið verður að öðrum verkefnum þingsins.

Ólafur Thors var fæddur 19. jan. 1892 í Borgarnesi. Foreldrar hans voru Thor Jensen kaupmaður þar, síðar þjóðkunnur athafnamaður, og kona hans, Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir bónda í Hraunhöfn í Staðarsveit Sigurðssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá menntaskólanum í Reykjavík 1912 og heimspekiprófi frá háskólanum í Kaupmannahöfn 1913. Árið 1914 varð hann framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Kveldúlfs og hafði það starf með höndum í áratug. Ævistarf hans var eftir það að langmestu leyti unnið á vettvangi stjórnmála og landsstjórnar, og þar hefur hann markað þau spor, sem lengi mun getið í sögu Íslendinga. Hann tók sæti á Alþingi snemma árs 1926 og átti hér setu óslitið síðan, á 48 þingum alls. Formaður Sjálfstfl. var hann frá 1934—1961, er hann kaus að láta af því starfi sökum vanheilsu. Hann var dómsmrh. um skeið síðla árs 1932, atvmrh. frá vori 1939 til vors 1942, síðan fors.- og utanrrh. fram undir árslok 1942. Fors.- og utanrrh. var hann á ný frá hausti 1944 fram í febr. 1947, því næst forsrh. frá því í des. 1949 fram í marz 1950, síðan atvmrh. fram á sumar 1953. Forsrh. var hann enn á ný frá miðju ári 1953 til miðs árs 1956. Loks var hann forsrh. frá því í nóv. 1959, þar til hann sagði af sér að læknisráði í nóv. 1963. Af öðrum störfum Ólafs Thors að opinberum málum skulu þessi nefnd: Hann var skipaður í gengisnefnd 1925 og átti sæti í samninganefnd um kjöttoll við Norðmenn 1932. Í landsbankanefnd var hann 1928—1938 og í bankaráði Landsbankans 1936—1944 og frá 1948 til dánardags. Í dansk-íslenzkri ráðgjafarnefnd átti hann sæti 1937—1938 og um skeið í orðunefnd og í stjórn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Ólafur Thors kynntist í foreldrahúsum stórhug og miklum framkvæmdum í atvinnulífi þjóðarinnar. Hann hvarf rúmlega tvítugur frá skólanámi að stjórnarstörfum í öflugu og vaxandi útgerðarfélagi með föður sínum og bræðrum. Þegar hann settist á Alþingi, tók hann í fyrstu sæti í sjútvn., en átti síðar lengi sæti í fjhn. og utanrmn. Á Alþingi lét hann þegar mikið að sér kveða, og samflokksmenn hans sáu fljótt, að hann mundi vel fallinn til forustu. Ólafur Thors var um áratugi formaður stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar, og hafa flokksmenn þess flokks jafnan rómað mjög forustuhæfileika hans, þótt að sjálfsögðu hafi stundum verið deilt um stefnu og leiðir að settu marki. Hann átti oft og lengi sæti í ríkisstj. af hálfu flokks síns, lengst af í samstarfi við aðra stjórnmálaflokka, og var forsrh. í fimm ríkisstj.

Um stjórnmálastefnu og störf Ólafs Thors hefur löngum verið deilt hart, eins og vænta má um slíkan forustumann. Hann var mælskur og markviss andstæðingur í kappræðum, mikill málafylgjumaður og harðsækinn baráttumaður. En hann var einnig manna sáttfúsastur og góður samstarfsmaður andstæðinga sinna í stjórnmálum, ef til þurfti að taka. Hann var gæddur ríkum hæfileikum til að tala menn á sitt mál með hispursleysi, húmör og smitandi fjöri. Einnig var hann fljótur að átta sig á málavöxtum og fús til að hlíta góðum ráðum annarra og að þessu samanlögðu var hann dugmikill og óviðjafnanlegur samningamaður. Hann var bjartsýnn hugsjónamaður á tímum mikilla breytinga og framfara í íslenzku þjóðlífi, djarfur og framtakssamur. Undir forustu hans voru teknar margar örlagaríkar ákvarðanir í þjóðmálum. Sjávarútvegs- og fiskveiðimál voru honum jafnan hugleikin, og hann átti ríkan þátt í veigamiklum ákvörðunum og aðgerðum á þeim sviðum. Hann vann ötullega að stofnun lýðveldis á Íslandi á árinu 1944, og í samskiptum og samningum við aðrar þjóðir stefndi hann jafnan af heilum hug að því, sem hann taldi þjóð sinni fyrir beztu. Hann var á þeim vettvangi sem annars staðar aðsópsmikill, virðulegur og einlægur fulltrúi þjóðar sinnar og þess málstaðar, sem hann barðist fyrir.

Ólafur Thors var í viðkynningu og samstarfi hvers manns hugljúfi, kátur, orðheppinn og gáskafullur, drenglundaður, hjálpsamur og góðgjarn. Hann var höfðinglegur og svipmikill í fasi og kunni vel að slá á þá strengi, sem við áttu hverju sinni. Við fráfall hans söknum við alþm. góðs félaga og samstarfsmanns, flokksmenn hans harma missi mikils og giftudrjúgs foringja, og þjóðin öll á á bak að sjá miklum stjórnmálamanni. Með honum er horfinn af Alþingi svipmikill og einstæður persónuleiki, — maður, sem var dáður af samherjum sínum, mikilsvirtur og viðurkenndur af öllum andstæðingum.

Thor Thors var fæddur 26. nóv. 1903 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Thor Jensen og Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir. Hann lauk stúdentsprófi frá menntaskólanum í Reykjavík vorið 1922 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands í ársbyrjun 1926. Síðan stundaði hann framhaldsnám í hagfræði erlendis fram á árið 1927. Hann var framkvæmdastjóri Kveldúlfs 1927—1934 og forstjóri Sölusambands ísl. fiskframleiðenda 1934—1940. Í ágúst 1940 var hann skipaður aðalræðismaður Íslands í New York, en í okt. 1941 var hann skipaður sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og ambassador þar 1955. Jafnframt var hann sendiherra og síðar ambassador í Kanada, sendiherra í Argentínu, Brasilíu og á Kúbu. Hann var formaður sendinefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum frá upphafi, 1946, og skipaður fastur fulltrúi Íslands þar sumarið 1947. Á námsárum og starfsárum sínum hér heima var hann vallinn til for-

ustu í félagsmálum, bæði í hópi stúdenta og innan þess stjórnmálaflokks, sem hann skipaði sér í. Á þeim árum og þó einkum síðar, er hann var tekinn við störfum í utanríkisþjónustu landsins, fór hann víða um heim í viðskiptaerindum og til þátttöku í alþjóðaráðstefnum. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna voru honum falin margs konar trúnaðarstörf, var framsögumaður stjórnmálanefndar 1950—1953, formaður hinnar sérstöku pólitísku nefndar 1954, formaður kjörbréfanefndar 1958 og 1961 og einn af varaforsetum allsherjarþingsins 1963. Hann var þm. Snæfellinga 1933—1941, sat á 9 þingum alls, en kom ekki til þings á árinu 1941 sökum dvalar sinnar og starfa vestan hafs. Sæti átti hann í mþn. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri 1937 og var formaður sýningarráðs Íslands á heimssýningunni í New York 1939. Á árinu 1944 var hann kjörinn heiðursdoktor í lögum við Rider College í Trenton.

Thor Thors var mikill námsmaður, lauk lögfræðinámi á óvenjulega skömmum tíma með mjög glæsilegu prófi. Að námi loknu sinnti hann á annan áratug stjórnarstörfum í umfangsmiklum fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs og utanríkisviðskipta. Jafnframt námi og aðalstarfi stefndi hugur hans til þátttöku í stjórnmálum. Um þrítugt tók hann sæti á Alþingi. Hann átti vísan frama á sviði stjórnmála, ef hann hefði helgað þeim krafta sína og hæfileika áfram. En hann hvarf af þingi og af landi burt rúmlega hálffertugur að aldri til trúnaðarstarfa fyrir land sitt og þjóð í annarri heimsálfu, og þar vann hann sér fljótt það traust, sem mannkostir hans stóðu til.

Thor Thors kynnti sér af gjörhygli og kostgæfni hvert það mál, sem hann þurfti um að fjalla. Hann var vel máli farinn, rökvís, vígfimur og einbeittur, en prúður í málflutningi. Hann var athafnasamur alþm., átti aðild að ýmsum stórmálum, er vörðuðu alþjóð, og vann ötullega að framfaramálum kjördæmis síns, meðan hann átti setu á Alþingi. Hann var frábær fulltrúi þjóðar sinnar erlendis og leysti af hendi með miklum ágætum mjög vandasöm störf á erfiðum tímum. Hann var virðulegur í framkomu, skapmikill, en hlýr í hjarta og traustur drengskaparmaður. Starfsmaður var hann mikill og ósérhlífinn, hjálpfús, ef aðstoðar var þörf, og höfðingi heim að sækja. Í málflutningi sínum fyrir hönd þjóðarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna var hann hófsamur, en ákveðinn, talaði máli sátta og sanngirni og ávann sér og þjóð sinni traust á alþjóðavettvangi. Við fráfall hans um aldur fram á íslenzka þjóðin að sakna góðs og mikilhæfs sonar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast þessara merku manna, bræðranna Ólafs Thors og Thors Thors, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Meðan á þinghléinu stóð, lézt í Bretlandi einn mesti þingskörungur þessarar aldar, Sir Winston Churchill. Forsetar Alþingis sendu í því tilefni forseta neðri málstofunnar brezku svo hljóðandi símskeyti:

„Í nafni Alþingis látum við í ljós innilegustu samúð í tilefni af fráfalli hins mesta þingskörungs vorra tíma, Sir Winstons Churchills.“ Undirskrift: Forsetar Alþingis.

Svo hljóðandi svar hefur borizt til þingsins:

„Neðri málstofan er yður mjög þakklát fyrir samúðarkveðju Alþingis vegna fráfalls Sir Winstons Churchills. Er oss styrkur að því að fregna, að Alþingi harmar ásamt oss það tjón, sem vér höfum beðið. Kveðja yðar mun um aldur varðveitast í gerðabók þingsins.

Harry Hylton-Foster, forseti.“

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast þingskörungsins Sir Winstons Churchills með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XIV. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá framkvæmdastjóra Sjálfstfl.:

„Reykjavík, 27. okt. 1964.

Samkv. beiðni Ólafs Thors, 1. þm. Reykn., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Axel Jónsson fulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Til forseta Nd. Alþingis.“

Kjörbréf varaþm., Axels Jónsonar, hefur áður verið rannsakað og hann undirritað eið að stjórnarskránni, og ég býð hann hér með velkominn til setu í hv. þd.

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 29. okt. 1964.

Samkv. beiðni forsrh., Bjarna Benediktssonar, 1. þm. Reykv., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Sveinn Guðmundsson vélfræðingur, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
framkvæmdastjóri Sjálfstfl.

Til forseta Nd.“

Sveinn Guðmundsson vélfræðingur hefur áður átt sæti á Alþingi, undirritað drengskaparheit, og kjörbréf hans hefur einnig áður verið rannsakað. Ég býð hann því velkominn til setu í hv. þd. að þessu sinni.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 5. nóv. 1964.

Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykn., Oddur Andrésson bóndi, Neðra-Hálsi í Kjós, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Odds Andréssonar liggur hér fyrir. Þar sem hann hefur ekki áður átt sæti á Alþingi, verður að fara fram rannsókn á því, og vildi ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka bréfið til athugunar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar til að rannsaka kjörbréf Odds Andréssonar bónda á Neðra-Hálsi í Kjósarsýslu, en hann er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, og hefur þess verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþingi í fjarveru Matthíasar Á. Mathiesens, hv. 3. þm. Reykn. 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Axel Jónsson, hefur þegar tekið sæti á Alþingi. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþykkt og kosning Odds Andréssonar bónda á Neðra-Hálsi í Kjósarsýslu verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Oddur Andrésson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1964.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að fyrsti varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Benedikt Gröndal,
5. þm. Vesturl.

Til forseta neðri deildar."

Þar sem kjörbréf Péturs Pétursonar hefur áður verið rannsakað og hann hefur átt sæti á Alþingi áður og undirritað drengskaparheit, þá býð ég hann velkominn til setu í hv. Nd.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

Reykjavík, 10. nóv. 1964.

Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138 gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Jónsson hefur að vísu áður mætt á Alþingi, en þá sem landsk. þm., og mætir nú í fyrsta skipti sem varamaður fyrir kjördæmiskjörinn þm. í Suðurlandskjördæmi. Þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Vildi ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund til að rannsaka kjörbréf Ragnars Jónssonar skrifstofustjóra í Reykjavík, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþingi í fjarveru Guðlaugs Gíslasonar, hv. 3. þm. Sunnl. N. finnur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþ. og kosning Ragnars Jónssonar skrifstofustjóra verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 25. nóv. 1964.

Mér hefur í dag borizt eftirfarandi bréf frá formanni þingflokks Alþfl.:

„Þar sem Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm., getur ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sjúkleika, leyfi ég mér samkv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Það liggur einnig fyrir svo hljóðandi símskeyti frá Friðjóni Skarphéðinssyni:

„Vegna embættisanna hef ég ekki tök á að taka varamannssæti á Alþingi þessu sinni."

Unnar Stefánsson hefur áður átt sæti á Alþingi og rannsókn farið fram á kjörbréfi hans. Tekur hann nú sæti á þinginu, og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 42. fundi í Nd., 22. febr., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. febr. 1965.

Þar sem ég undirritaður vegna veikinda mun ekki geta sinnt þingstörfum um sinn, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.

Skúli Guðmundsson.

Til forseta neðri deildar."

Jón Kjartansson hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Samkv. því tekur hann sæti Skúla Guðmundssonar á Alþingi, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 3. marz 1965.

Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta Sþ."

Það hefur áður farið fram rannsókn á kjörbréfi Kristjáns Thorlaciusar deildarstjóra, og tekur hann sæti á þinginu í fjarveru Einars Ágústssonar. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, mælti

forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. marz 1965.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna aðkallandi embættisanna heima í héraði get ég ekki sinnt þingstörfum um nokkurn tíma. Vildi ég því mega biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis jafnframt óska þess, að fyrsti varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskar Jónsson bókari, Selfossi, taki sæti á þingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Óskars Jónssonar bókara, Selfossi, hefur áður verið rannsakað. Þarf því ekki að fara fram rannsókn á því að þessu sinni, og tekur hann sæti á þingi sem 4. þm. Sunnl. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 30. fundi í Sþ., 8. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

Reykjavík, 6. marz 1965.

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að 2. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Hálfdán Sveinsson kennari, í forföllum 1. varamanns, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur einnig svo hljóðandi bréf frá Pétri Péturssyni:

„Reykjavík, 27. febr. 1965.

Með því að ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, er mér ókleift að taka sæti Benedikts Gröndals á Alþingi sem varamaður hans.

Virðingarfyllst,
Pétur Pétursson.

Til forseta neðri deildar Alþingis,
Reykjavík."

Þá liggur einnig fyrir kjörbréf, útgefið af yfirkjörstjórn í Vesturlandskjördæmi til handa Hálfdáni Sveinssyni, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fullskipaðan fund og tekið fyrir fyrirliggjandi kjörbréf til handa Hálfdáni Sveinssyni kennara á Akranesi, útgefið af kjörstjórn Vesturlandskjördæmis, sem 2. varaþm. Alþfl. í því kjördæmi, en fyrir fundinum lá einnig bréf frá 1. varaþm. flokksins í sama kjördæmi, Pétri Péturssyni, þar sem hann segir sér ókleift að mæta á þingi vegna fjarveru af landi. Kjörbréfanefnd mælir einróma með því, að kosning Hálfdáns sé tekin gild og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Hinn nýi þm., Hálfdán Sveinsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. marz 1965.

Vegna aðkallandi starfa heima fyrir næstu vikur get ég ekki sinnt þingstörfum um tíma. Vil ég því leyfa mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis jafnframt óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Matthías Ingibergsson lyfsali, Selfossi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ágúst Þorvaldsson,
2. þm. Sunnlendinga."

Kjörbréf Matthíasar Ingibergssonar hefur áður verið rannsakað og hann átt sæti á Alþingi áður og undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hann tekur því nú sæti á Alþingi.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 29. marz 1965.

Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að fara þess á leit, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Rannsókn hefur áður farið fram á kjörbréfi Ragnars Jónssonar skrifstofustjóra. Tekur hann samkv. þessu sæti á þingi sem 6. landsk. þm., og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 39. fundi í Sþ., 6. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

Reykjavík, 5. apríl 1965.

Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna aðkallandi starfa heima fyrir næstu vikur get ég ekki sinnt þingstörfum um nokkurn tíma. Vil ég því leyfa mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Sigfús J. Johnsen kennari í Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Kjörbréf Sigfúsar J. Johnsens kennara í Vestmannaeyjum liggur hér fyrir, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Sigfúsar J. Johnsens, 2. varaþingmanns Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, en eins og fram kom áðan, hefur hv. 3. þm. Suðurl. óskað eftir því, að varamaður sinn taki sæti á Alþingi, og þar sem 1. þm. kjördæmisins situr nú á hv. Alþingi sem varaþm., þá mælir n. með því, að kosning Sigfúsar verði tekin gild og kjörbréfið verði samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þm., Sigfús J. Johnsen, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 43. fundi í Sþ., 26. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 21. apríl 1965.

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér bréf á þessa leið:

„Þar sem ég vegna aðkallandi embættisanna heima í héraði mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Óskar E. Levy bóndi á Ósum, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Fyrir liggur svo hljóðandi símskeyti frá Hermanni Þórarinssyni:

„Get ekki mætt á Alþingi sökum mikilla anna hér."

Og enn fremur liggur fyrir kjörbréf Óskars E. Levys.

Þá hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 21. apríl 1965.

Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. óska þess, að vegna forfalla 1. og 2. varamanns Framsfl. í Norðurl. e. taki Sigurður Jóhannesson skrifstofumaður á Akureyri sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Einnig hefur borizt símskeyti frá Hirti Eldjárn Þórarinssyni, þar sem hann tilkynnir, að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Gísla Guðmundssonar, og sömuleiðis annað símskeyti frá Birni Stefánssyni, þar sem hann tilkynnir, að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Gísla Guðmundssonar. Loks liggur einnig fyrir kjörbréf Sigurðar Jóhannessonar.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. apríl 1965.

Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., hefur í dag sent mér svo hljóðandi símskeyti:

„Bið um fjarvistarleyfi vegna anna heima fyrir næstu vikur og óska eftir, að varamaður landsk. þm. Sjálfstfl. taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ."

Varamaður landsk. þm. Sjálfstfl. er Ragnar Jónsson. Hefur kjörbréf hans áður verið rannsakað, og tekur hann nú sæti á þingi sem 8. landsk. þm.

Óskar E. Levy og Sigurður Jóhannesson hafa ekki áður átt sæti á Alþingi og þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfum þeirra, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka bréfin til rannsóknar. Á meðan verður gert hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund til að athuga 2 kjörbréf, í fyrsta lagi kjörbréf Óskars E. Levys bónda að Ósum í V.-Húnavatnssýslu, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþ. í fjarveru sr. Gunnars Gíslasonar, 2. þm. Norðurl. v., og í öðru lagi kjörbréf Sigurðar Jóhannessonar verzlunarmanns á Akureyri, sem er 3. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþ. í fjarveru Gísla Guðmundssonar, hv. 3. þm. Norðurl. e. Fyrir liggur, eins og hæstv. forseti hefur lesið upp, tilkynning frá Hermanni Þórarinssyni, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. á Norðurl. v., um, að hann geti ekki mætt á Alþ., og sömuleiðis tilkynningar frá þeim Hirti Eldjárn, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., og Birni Stefánssyni, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., um, að þeir geti ekki tekið sæti á Alþingi nú.

Kjörbréfanefnd finnur ekkert athugavert við þessi tvö kjörbréf og leggur því einróma til, að þau verði samþ. og kosning þeirra Óskars E. Levys og Sigurðar Jóhannessonar verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Óskars E. Levys samþ. með 34 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Sigurðar Jóhannessonar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinir nýju þm., Óskar E. Levy og Sigurður Jóhannesson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég vegna aðkallandi anna heima í héraði mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi, og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. óska ég þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Vilhjálmur Hjálmarsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
2. þm. Austf."

Vilhjálmur Hjálmarsson hefur áður undirritað eiðstaf og kjörbréf hans verið samþ., og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 45. fundi í Sþ., 3. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SÁ): Mér hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Ed.:

„Reykjavík, 1. maí 1965.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér að fara fram á fjarvistarleyfi. Vegna forfalla 1. og 2. varamanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 3. varamaður flokksins í kjördæminu, Rafn A. Pétursson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ."

Þá er hér símskeyti frá Kristjáni Jónssyni, svo hljóðandi:

„Vegna embættisanna get ég ekki tekið sæti á Alþ. núna. — Kristján Jónsson."

Þetta er símskeyti til Þorvalds Garðars Kristjánssonar.

Þá er hér sömuleiðis bréf til skrifstofu Alþingis frá Einari Guðfinnssyni, svo hljóðandi:

„Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að vegna veikinda get ég ekki tekið sæti á Alþingi.

P.t. Reykjavík, 30/4 1965.

Einar Guðfinnsson."

Þá er hér kjörbréf fyrir Rafn Alexander Pétursson frá yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis. Ég vil leyfa mér að vísa kjörbréfinu til hv. kjörbréfanefndar. Og leyfi ég mér að fresta fundinum, á meðan rannsókn fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund til þess að rannsaka kjörbréf Rafns Alexanders Péturssonar framkvæmdastjóra á Flateyri, sem er 3. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþ. í fjarveru Þorvalds Garðars Kristjánssonar, hv. 4. þm. Vestf. Fyrir liggja tilkynningar frá 1. og 2. varaþingmanni Sjálfstfl. í Vestf. um, að þeir geti ekki mætt á Alþ. nú. Kjörbréfanefnd finnur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþ. og kosning Rafns Alexanders Péturssonar frá Flateyri verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 3. maí 1965.

Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að vegna forfalla 2. varamanns landsk. þm. Sjálfstfl. taki Ásgeir Pétursson sýslumaður sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Fyrir liggur símskeyti frá 2. varamanni landsk. þm. Sjálfstfl., á þessa leið:

„Get ekki mætt á Alþ. sökum mikilla anna hér heima. — Hermann Þórarinsson."

Enn fremur liggur fyrir kjörbréf Ásgeirs Péturssonar, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Ásgeirs Péturssonar sýslumanns, 3. varauppbótarþm. Sjálfstfl. Eins og fram kom, situr 1. varauppbótarþm. á Alþ. nú, en 2. varaþm., Hermann Þórarinsson, hefur tilkynnt, að hann geti ekki tekið sæti á Alþ. vegna anna. N. hefur athugað kjörbréfið og mælir með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. maí 1965.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Katrín Smári húsmóðir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eggert G. Þorsteinsson,
12. þm. Reykv.

Til forseta Ed."

Kjörbréf frú Katrínar hefur verið rannsakað áður, og tekur hún því sæti hér í d. sem 12. þm. Reykv. Býð ég hana velkomna til þingstarfa.

Mér hefur enn fremur borizt þannig bréf:

„Reykjavík, 5. maí 1965.

Þar sem ég er á förum til útlanda og mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi, og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. óska ég þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Alfreð Gíslason,
9. þm. Reykv.

Til forseta Ed."

Kjörbréf Bergs hefur einnig verið rannsakað áður, og tekur hann því sæti hér í þessari hv. d. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 48. fundi í Sþ., 7. maí, mælti

forseti (BF): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. maí 1965.

Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, Steingrímur Pálsson stöðvarstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Steingrímur Pálsson, 1. varamaður Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, hefur áður setið á þingi og rannsókn farið fram á kjörbréfi hans. Tekur hann nú sæti á þinginu sem 5. þm. Vestf., og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Á 50. fundi í Sþ., 8. maí, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 7. maí 1965.

Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis óska þess, að þar sem 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, er erlendis, taki 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ."

Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur hefur áður átt sæti á þingi sem varamaður Alþfl., og staðfest er, að 1. varamaður Alþfl., Friðjón Skarphéðinsson, er erlendis. Tekur Unnar Stefánsson því sæti 4. landsk. þm. á þinginu að þessu sinni, og býð ég hann velkominn til starfa.

XV. Kosningar.

1. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning eins manns í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f til 6. febr. 1967 í stað Vilhjálms Þór, er kosinn hefur verið í bankastjórn Alþjóðabankans.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Steingrímur Hermannsson verkfræðingur.

2. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Sigurður Ingimundarson; á B-lista Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Bjarnason alþm.,
Ólafur Jóhannesson alþm.,
Magnús Jónsson alþm.,
Sigurður Ingimundarson alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Helgi Bergs alþm. (B),
Ólafur Björnsson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (B).

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Ó. Ólafsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson safnhúsvörður (A).

4. Stjórn Sementsverksmiðjunnar.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðjunnar, til fjögurra ára, frá 6. febr. 1965 til jafnlengdar 1969, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 6. febr. 1961, um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Ásgeir Pétursson, Pétur Ottesen, Guðmundur Sveinbjörnsson; á B-lista Helgi Þorsteinsson, Daníel Ágústínusson; á C-lista Ingi R. Helgason. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ásgeir Pétursson sýslumaður,
Helgi Þorsteinsson framkvæmdastjóri,
Pétur Ottesen fyrrv. alþm.,
Guðmundur Sveinbjörnsson framkvæmdastj.,
Ingi R. Helgason lögfræðingur.

5. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1967, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 19. maí s. á.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sveinn Benediktsson, Sigurður Ágústsson, Jóhann Möller; á B-lista Eysteinn Jónsson, Jón Kjartansson; á C-lista Þóroddur Guðmundsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri,
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra,
Sigurður Ágústsson alþm.,
Jóhann Möller verkamaður,
Þóroddur Guðmundsson útgerðarmaður.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Jónas G. Rafnar, Eyþór Hallsson, Sveinn Þorsteinsson; á B-lista Jón Kjartansson, Jóhann Þorvaldsson; á C-lista Tryggvi Helgason. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónas G. Rafnar bankastjóri,
Jón Kjartansson forstjóri,
Eyþór Hallsson skipstjóri,
Sveinn Þorsteinsson skipstjóri,
Tryggvi Helgason form. Sjómannafélags Akureyrar.

6. Bankaráð Framkvæmdabankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Framkvæmdabanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 13 29. marz 1961, um breyt. á l. nr. 17 10 febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jóhann Hafstein, Davíð Ólafsson, Gylfi Þ. Gíslason; á B-lista Eysteinn Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson; á C-lista Karl Guðjónsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jóhann Hafstein dómsmrh.,
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra,
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri,
Gylfi Þ. Gíslason menntmrh.,
Karl Guðjónsson fyrrv. alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Gunnlaugur Pétursson, Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson; á B-lista Eiríkur Þorsteinsson, Kristinn Finnbogason; á C-lista Kristján Andrésson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Gunnlaugur Pétursson borgarritari,
Eiríkur Þorsteinsson fyrrv. alþm.,
Jón G. Sólnes bankastjóri,
Eggert G. Þorsteinsson alþm.,
Kristján Andrésson bæjarfulltrúi.

7. Bankaráð Búnaðarbankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. gr. l. nr. 48 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Friðjón Þórðarson, Baldur Eyþórsson; á B-lista Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason; á C-lista Guðmundur Hjartarson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 8 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Pálmason fyrrv. alþm.,
Hermann Jónasson alþm.,
Friðjón Þórðarson sýslumaður,
Baldur Eyþórsson prentsmiðjustjóri,
Ásgeir Bjarnason alþm.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Bjarnason bóndi (A),
Ágúst Þorvaldsson alþm. (B),
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Jón Þorsteinsson alþm. (A),
Jónas Jónsson búfræðingur (B).

8. Endurskoðendur Búnaðarbankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1966, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. l. nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 1941, um Búnaðarbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar Gestsson bóndi (A),
Guðmundur Tryggvason fasteignasali (B).

9. Síldarútvegsnefnd.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára,**

frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1967, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 74 29. des. 1934.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdastj. (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Birgir Finnsson alþm. (A).

10. Bankaráð Seðlabankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 28. gr. l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Birgir Kjaran, Jónas G. Rafnar, Jón Axel Pétursson; á B-lista Sigurjón Guðmundsson, Jón Skaftason; á C-lista Ingi R. Helgason. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Birgir Kjaran hagfræðingur,
Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri,
Jónas G. Rafnar alþm.,
Jón Axel Pétursson bankastjóri,
Ingi R. Helgason lögfræðingur.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ólafur Björnsson, Þorvarður J. Júlíusson, Emil Jónsson; á B-lista Jón Skaftason, Helgi Bergs; á C-lista Alfreð Gíslason. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ólafur Björnsson prófessor,
Jón Skaftason alþm.,
Þorvarður J. Júlíusson framkvæmdastjóri,
Emil Jónsson sjútvmrh.,
Alfreð Gíslason alþm.

11. Bankaráð Landsbankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ólafur Thors, Gunnar Thoroddsen, Baldvin Jónsson; á B-lista Steingrímur Steinþórsson, Tómas Árnason; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ólafur Thors fyrrv. forsrh.,
Steingrímur Steinþórsson fyrrv. forsrh.,
Gunnar Thoroddsen fjmrh.,
Baldvin Jónsson hrl.,
Einar Olgeirsson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Júlíusson, Guðmundur R. Oddsson; á B-lista Skúli Guðmundsson, Tómas Árnason; á C-lista Ragnar Ólafsson. — A-listi hlaut 30 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Matthías Á. Mathiesen alþm.,
Skúli Guðmundsson alþm.,
Sverrir Júlíusson alþm.,
Guðmundur R. Oddsson forstjóri,
Ragnar Ólafsson hrl.

12. Endurskoðendur Landsbankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1965 til jafnlengdar 1967, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B).

13. Bankaráð Útvegsbankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1965 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 12 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Björn Ólafsson, Gunnar Gíslason, Guðmundur Í. Guðmundsson; á B-lista Gísli Guðmundsson, Björgvin Jónsson; á C-lista Lúðvík Jósefsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-

listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Björn Ólafsson fyrrv. ráðherra,
Gísli Guðmundsson alþm.,
Guðlaugur Gíslason alþm.,
Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh.,
Lúðvík Jósefsson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Gísli Gíslason, Valdimar Indriðason, Hálfdán Sveinsson; á B-lista Björgvin Jónsson, Héðinn Finnbogason; á C-lista Halldór Jakobsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Gísli Gíslason stórkaupmaður,
Björgvin Jónsson fyrrv. alþm.,
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri,
Hálfdán Sveinsson kennari,
Halldór Jakobsson forstjóri.

14. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin á dagskrá
kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1965 til jafnlengdar 1967, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 12 1961.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Björn Steffensen endurskoðandi (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B).

15. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning sjö manna nefndar samkv. 14. gr. B. XVI í fjárlögum fyrir árið 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Þórir Kr. Þórðarson prófessor (A),
Andrés Kristjánsson ritstjóri (B),
Einar Laxness kennari (C),
Helgi Sæmundsson form. menntamálaráðs (A).

16. Rannsóknaráð ríkisins.

Á 53. fundi í Sþ., 12. maí, var tekin til meðferðar
kosning 7 alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í Rannsóknaráð ríkisins til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Davíð Ólafsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Jónas Pétursson alþm. (A),
Sveinn Guðmundsson alþm. (A),
Helgi Bergs alþm. (B),
Einar Olgeirsson alþm. (C),
Benedikt Gröndal alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með 7 nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Matthías Bjarnason alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (B),
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Jónas G. Rafnar alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Gils Guðmundsson alþm. (C),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A).

17. Stjórn Landsvirkjunar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar til 6 ára, frá 1. júlí 1965 til 1. júlí 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 20. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi, um Landsvirkjun.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Árni Grétar Finnsson lögfræðingur (A),
Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri (B),
Baldvin Jónsson hrl. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Einar Oddsson sýslumaður (A),
Þorsteinn Sigurðsson bóndi (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirkjameistari (A).

18. Bankaráð Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning tveggja varamanna til ársloka 1968 í bankaráð Landsbanka Íslands í stað Matthíasar Á. Mathiesens, sem varð aðalmaður, er Ólafur Thors andaðist 31. des. 1964, og í stað Sverris Júlíussonar, er verður aðalmaður 23. þ. m., er Gunnar Thoroddsen tekur við embætti sendiherra í Kaupmannahöfn.

Við kosningu varamannanna kom fram einn listi með tveimur nöfnum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Árni Vilhjálmsson prófessor (A),
Eyjólfur K. Jónsson hrl. (A).

XVI. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Bryndís Jónsdóttir (til 18. febr.), Sigrún Siggeirsdóttir, Jónas Kristjánsson, Sigurður H. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann Guðjónsson.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir (15. okt. — 15. nóv.).

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir B. Friðjónsson, Erla E. Ársælsdóttir. Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Guðrún S. Gunnarsdóttir, Þórlaug Jónsdóttir, Bryndís Jónsdóttir (frá 1. marz).

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Eymann, Sigtryggur Jónsson, Albert Guðmannsson, Guðjón Sigurjónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Markús Jónsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson.

Þingsveinsstörf:
Þorvaldur Jónsson (til 30. nóv.), Stefán E. Bjarkason, Steingrímur Steinþórsson (til 31. des.), Eyjólfur Alfreðsson (til 2. maí), Jón G. Ottósson (til 18. nóv.), Ólafur Arnalds (frá 23. febr.), Bogi Ágústsson (til 13. jan.), Guðmundur Kr. Jóhannesson (frá 22. febr.), Guðmundur H. Sigurðsson (til 31. des.), Einar Helgason (25. nóv. — 17. febr.), Guðmundur Ingi Haraldsson, Ólafur Torfason (24. nóv. — 31. marz), Magnús Kjartansson (til 28. apríl), Baldvin Jónsson (frá 24. okt.), Einar Hr. Haraldsson (frá 17. jan.), Finnbogi Finnbogason (frá 4. febr.), Halldór Grönvold (frá 3. apríl), Magnús Ólafsson (frá 29. apríl).

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Ella Guðmundsdóttir.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Margrét Þórðardóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XVII. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 37. fundi í Ed., 19. des., mælti

forseti (SÓÓ): Þar sem þetta verður að öllum líkindum síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir þingfrestun, vil ég leyfa mér að færa hv. þdm. mínar beztu þakkir fyrir ánægjulega samveru og samvinnu, það sem af er þessu þingi. Ég óska öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Sömu óskir færi ég öllu starfsfólki Alþingis. Öllum utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og hittumst svo öll heil að þinghléi loknu.

Karl Kristjánsson: Ég vil sem elzti maður í þessari hv. d. leyfa mér fyrir hönd okkar þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð í garð okkar og þakka honum enn fremur fyrir samstarfið og röggsamlega og prúðmannlega forsetastjórn. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og góðrar heimferðar. Og svo segi ég eins og hann: Hittumst heil að jólahléi loknu. Ég vil biðja ykkur, hv. þdm., að gera svo vel að rísa úr sætum og taka með því undir þessi orð. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og einnig hv. þdm. fyrir að taka undir þau orð hans.

Á 35. fundi í Nd., 21. des., mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. En þar sem þetta verður síðasti fundur hv. deildar, áður en þinghlé verður gert, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og nýárs. Jafnframt þakka ég hv. þdm. ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á þessu ári. Að lokum óska ég utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og læt í ljós þá von, að vér megum hér allir heilir hittast á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil þakka forseta fyrir gott samstarf við okkur og góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég vil óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs og farsæls komandi árs. Ég bið þdm. að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir

að hafa tekið undir þau, endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þm. og segi fundinum slitið.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 85. löggjafarþings, frá 22. des. 1964 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til funda á ný eigi síðar en 1. febrúar 1965.

Gjört að Bessastöðum, 18. desember 1964.
Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis í dag lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 85. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag að telja, og verður það kvatt til fundar á ný eigi síðar en 1. febrúar 1965.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (BF): Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hlýjar óskir í garð okkar þm. Ég óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka þeim öllum samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman á ný. Skrifstofustjóra og öðru starfsfólki þingsins vil ég einnig óska gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka því vel unnin störf.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta árnaðaróskir hans þingheimi til handa. Ég þakka hæstv. forseta góða samvinnu við þm. á því ári, sem nú er að enda. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og vona, að við hittum hann heilan, þegar Alþingi kemur aftur saman snemma á næsta ári. Ég bið þm. að gera þessar þakkir og árnaðaróskir að sínum með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu, og einnig þakka ég hv. þm. fyrir þeirra undirtektir. Þessum fundi er slitið.

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 20. janúar 1965 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi, 85. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 1. febrúar 1965, kl. 14.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1965.
Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis.

Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (BF): Samkvæmt forsetabréfi því, sem hæstv. forseti hefur nú kunngjört, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og hv. þm., og ég óska honum og hv. þingheimi öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

Á 38. fundi í Ed., 2. febr., mælti

forseti (SÓÓ): Ég leyfi mér að bjóða hv. þdm. velkomna til þingstarfa að nýju og óska ykkur öllum ásamt starfsliði þingsins farsældar á hinu nýbyrjaða ári.

XVIII. Þinghlé.

Á 41. fundi í Sþ., 13. apríl, mælti

forseti (BF): Forsetar hafa í samráði við ríkisstj. ákveðið að hafa hlé á fundum Alþ. vegna páskahátíðarinnar frá deginum í dag að telja og væntanlega til þriðjudagsins 20. apríl n. k. Verður næsti fundur að öðru leyti boðaður með dagskrá. Ég óska því öllum hv. þm. gleðilegrar hátíðar og sömuleiðis starfsfólki þingsins. Þeim þm., sem ferðast heim til sín um hátíðina, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og vona, að við hittumst allir heilir aftur að loknu páskaleyfi.

Eysteinn Jónsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir hans í okkar garð. Ég leyfi mér að óska honum góðrar heimferðar og gleðilegrar páskahátíðar og vona, að við sjáum hann aftur heilan að loknu páskahléinu. Ég bið menn að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir hlýlegar óskir í minn garð, og einnig

þakka ég undirtektir hv. alþm. Ég endurtek óskir mínar um gleðilega páskahátíð og að við megum hittast hér allir heilir að loknu páskaleyfi. Verkefni þessa fundar er þá á enda. Fundi er slitið.

Á 69. fundi í Ed., 13. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar. Vegna páskahátíðarinnar, sem í hönd fer, verður nú gert nokkurt hlé á fundum Alþingis. Þetta verður síðasti fundur hv. Ed. fyrir páska. Ég vil leyfa mér að óska utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og ykkur öllum, hv. þdm., fjölskyldum ykkar og öllu starfsliði Alþingis óska ég gleðilegrar páskahátíðar. Megum við svo öll hittast heil að þinghléi loknu.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir hlýleg orð í garð okkar þm. og ég vil leyfa mér, og ég veit, að hv. þdm. taka þar undir, að óska honum og hans fjölskyldu gleðilegra páska og óska þess, að við megum hann heilan sjá hér að páskaleyfi loknu. Bið ég þingmenn um að taka undir þessi orð með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu og endurtek óskir mínar til hv. þm.

Á 69. fundi í Nd., 13. apríl, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. fyrir páskahelgi, leyfi ég mér að óska öllum hv. þm. gleðilegrar páskahátíðar. Utanbæjarþm. árna ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að hv. þdm. megi hér allir heilir hittast að loknu hátíðahaldi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér, og ég vona, að ég geri það í umboði allra hv. þdm., að þakka hæstv. forseta fyrir samstarfið og fyrir góða og réttláta fundarstjórn og árna honum og fjölskyldu hans alls góðs á páskahátíðinni og vona, að við sjáum hann heilan aftur að páskahléinu loknu. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar til hæstv. forseta. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir vinsamleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar í garð hv. þm. og segi fundinum slitið.

XIX. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, mælti

forseti (SÓÓ): Þetta verður síðasti þingfundur hv. Ed. að þessu sinni, þar sem nú er ákveðið, að þingslit fari fram síðar í dag. Nú, þegar fundum deildarinnar lýkur, vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur hv. þdm. fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, samveruna og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir frábæra stundvísi og ágætt starf. Þá þakka ég varaforsetum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis færi ég beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu og einnig fulltrúum hans og öðru starfsliði Alþingis. Nú, þegar leiðir skiljast, óska ég öllum utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðiríks og ánægjulegs sumars, og megum við svo öll hittast heil á komandi hausti, þegar þing hefst að nýju.

Karl Kristjánsson: Sem elzti maður í þessum hópi leyfi ég mér að kveðja mér hljóðs og ganga fram fyrir skjöldu til þess að flytja hæstv. forseta þakkir fyrir hans hlýju kveðjuorð og góðu óskir í garð okkar þingdeildarmanna. Jafnframt vil ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og þakka honum fyrir samstarfið, prúðmannlega forsetastjórn og réttlæta. Einnig vil ég taka undir óskir hans og kveðjur til okkar ágæta skrifstofustjóra og starfsliðs hans. Það fólk allt á skyldar beztu þakkir af okkar hálfu. Og svo vil ég segja: Njótum sumarsins vel og ríkulega og hittumst öll heil á næsta hausti, þegar þing verður kvatt saman. Ég bið ykkur, hv. þingdeildarmenn, að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu, og ég vil einnig þakka hv. þm. fyrir að taka undir þau orð og hans góðu óskir. Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar. — Fundinum er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 90. fundi í Nd., 11. maí, mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á liðnum vetri. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu.

Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að við megum hér allir heilir hittast á nýju þingi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm. á þessu þingi og góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég óska honum og hans fjölskyldu alls hins bezta og bið hv. þdm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum sínum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýleg ummæli í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

XX. Þinglausnir.

Á 54. fundi í Sþ., 12. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 22. des. 1964 og frá 1. febr. til 12. maí 1965, alls 175 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir sem hér segir:

Í neðri deild	90
- efri deild	91
- sameinuðu þingi	54
Alls	235

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	37	
b. — — efri deild	35	
c. — — sameinað þing	2	
		74
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	42	
b. — — í efri deild	18	
		60
		134

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 5 frumvörp, sem nefndir fluttu að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	66	
Þingmannafrumvörp	17	
		83
b. Fellt:		
Þingmannafrumvarp		1
c. Afgreitt með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvarp		1
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		4
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	8	
Þingmannafrumvörp	37	
		45
		134

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi	55
Þar af:	
a. Ályktanir Alþingis	14
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar	3
c. Ekki útræddar	38
	55

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 31, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	16
Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar nema þrjár.	
Mál til meðferðar á þinginu alls	205
Tala prentaðra þingskjala alls	769

Síðan mælti

forseti (BF): Þetta yfirlit sýnir, að mörg mál hafa legið fyrir þessu þingi, og eru sum þeirra stór mál á okkar vísu og umdeild. Kemur nú að því, að á það reyni, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra laga, sem sett hafa verið, og veit ég, að þrátt fyrir skoðanamun um einstök mál, þá er það ósk og von allra þingmanna, að störf þau, sem Alþingi hefur nú innt af hendi, megi verða þjóðinni til gagns og blessunar.

Síðustu vikur þessa þings hafa verið mjög annasamar fyrir alþingismenn, eins og oft vill verða í þinglok, og leyfi ég mér fyrir hönd þingforsetanna að þakka hv. þm. hið ágæta samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt verður að ljúka þinginu á þessum degi. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstjórn og öllum hv. þm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi það umburðarlyndi og þá hjálpsemi, sem ég hef orðið aðnjótandi við störf mín í þessu sæti. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mikið og gott starf og

ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Einnig óska ég þeim og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir. Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hlýjar kveðjur hans til okkar alþingismanna, og ég vil leyfa mér fyrir okkar hönd allra að þakka honum fyrir réttláta fundarstjórn í Sþ. og fyrir mjög gott samstarf við þingvinnuna. Ég vil leyfa mér að óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og láta í ljós þá ósk, að við megum hitta hann heilan á húfi aftur í haust, þegar þingstörf hefjast á nýjan leik. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessar óskir og þakkir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig þakka ég hv. alþingismönnum undirtektir þeirra og endurtek óskir mínar um gæfu og gengi þeim til handa, og ég vona, að við hittumst hér allir heilir að hausti. — Forseti Íslands tekur nú til máls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef í dag gefið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 85. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, miðvikudaginn 12. maí 1965.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson,

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Lengi lifi forseti vor og fósturjörð." Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.